ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 20

20. árgangur

28.3.2013

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2013/EES/20/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1149/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði 1

2013/EES/20/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 frá 16. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhemlunarkerfi 125

2013/EES/20/03 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2012 frá 21. mars 2012 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1883/2006 142

2013/EES/20/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 459/2012 frá 29. maí 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) 164

2013/EES/20/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja 173

2013/EES/20/06 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/5/ESB frá 14. mars 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar bólusetningu gegn blátungu 258

2013/EES/20/07 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 322/2012 frá 16. apríl 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klópýralíð, dímetómorf, fenpýrasamín, fólpet og pendímetalín í eða á tilteknum afurðum 260

2013/EES/20/08 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 300

2013/EES/20/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2012 frá 24. maí 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenasat, bífentrín, boskalíð, kadúsafos, klórantranilípról, klórþalóníl, klóþianidín, sýprókónasól, deltametrín, díkamba, dífenókónasól, dínókap, etoxasól, fenpýroxímat, flúbendíamíð, flúdíoxóníl, glýfosat, metalaxýl-M, meptýldínókap, nóvalúrón, þíametoxam og tríasófos í eða á tilteknum afurðum 340

2013/EES/20/10 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 frá 1. mars 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota 393

2013/EES/20/11 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 frá 10. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota 419

2013/EES/20/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2010 frá 10. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota 429

2013/EES/20/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2011 frá 30. mars 2011 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W og 500 kW. 439

2013/EES/20/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 989/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reese*i (MULC 49755) og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754) sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps (handhafi leyfis er Aveve NV). 453

2013/EES/20/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 990/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir blöndu með *Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 457

2013/EES/20/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 991/2012 frá 25. október 2012 um leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 460

2013/EES/20/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1018/2012 frá 5. nóvember 2012 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 232/2009, (EB) nr. 188/2007, (EB) nr. 186/2007, (EB) nr. 209/2008, (EB) nr. 1447/2006, (EB) nr. 316/2003, (EB) nr. 1811/2005, (EB) nr. 1288/2004, (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 1137/2007, (EB) nr. 1293/2008, (EB) nr. 226/2007, (EB) nr. 1444/2006, (EB) nr. 1876/2006, (EB) nr. 1847/2003, (EB) nr. 2036/2005, (EB) nr. 492/2006, (EB) nr. 1200/2005, og (EB) nr. 1520/2007 að því er varðar hámarksinnihald tiltekinna örvera í heilfóðri. 462

2013/EES/20/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2012 frá 6. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 að því er varðar lágmarksinnihald fóðuraukefnisins endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), í fóðri fyrir eldiskjúklinga og endur (leyfishafi er BASF SE). 466

2013/EES/20/19 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/31/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skrána yfir fisktegundir, sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, og brottfellingu færslunnar fyrir húðsveppadrep 468

2013/EES/20/20 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 744/2012 frá 16. ágúst 2012 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, flúor, blý, kvikasilfur, endósúlfan, díoxín, Ambrosia spp., díklasúríl og lasalósíð-A-natríum og aðgerðamörk fyrir díoxín 471

2013/EES/20/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 840/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis, aðrar en eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aliendur, og allar fuglategundir til varps, aðrar en varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) 479

2013/EES/20/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 841/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir . . 482

2013/EES/20/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir efnablöndunni lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni fyrir hunda (leyfishafi er Bayer Animal Health GmbH) 486

2013/EES/20/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 849/2012 frá 19. september 2012 um leyfi fyrir blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, allar aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus* (leyfishafi er Vetagro SpA) 488

2013/EES/20/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 868/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir asórúbíni sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda 491

2013/EES/20/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir támatíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir . . 495

2013/EES/20/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 269/2012 frá 26. mars 2012 um leyfi fyrir tvíkoparklóríðtríhýdroxíði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 498

2013/EES/20/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1021/2012 frá 6. nóvember 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla aðrar en endur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) 500

2013/EES/20/29 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 562/2012 frá 27. júní 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 234/2011 með tilliti til sértækra gagna sem er krafist vegna áhættumats á matvælaensímum 502

2013/EES/20/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 570/2012 frá 28. júní 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun bensósýru – bensóata (E 210–213) í óáfengum hliðstæðum við vín 505

2013/EES/20/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2012 frá 2. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýsorbata (E 432–436) í kókosmjólk 508

2013/EES/20/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2012 frá 5. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnin okratoxín A, PCB-efni, sem ekki líkjast díoxíni, og melamín í matvælum 510

2013/EES/20/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 675/2012 frá 23. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun talkúms (E 553b) og karnúbavax (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin egg í skurn 513

2013/EES/20/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 516

2013/EES/20/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 436/2012 frá 23. maí 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið asameþífos 519

2013/EES/20/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 466/2012 frá 1. júní 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið klórsúlón 521

2013/EES/20/37 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur 524

2013/EES/20/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 646/2012 frá 16. júlí 2012 um ítarlegar reglur um sektir og févíti samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. 675

2013/EES/20/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 475/2012 frá 5. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 1 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 19. 682

2013/EES/20/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1146/2012 frá 3. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins. 723

2013/EES/20/41 Ákvörðun nr. H3 frá 15. október 2009 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 750

2013/EES/20/42 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vetnisknúinna ökutækja og um breytingu á tilskipun 2007/46/EB. 752

2013/EES/20/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2010 frá 26. apríl 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 um gerðarviðurkenningu vetnisknúinna ökutækja 767

2013/EES/20/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2012 frá 23. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur vegna uppsetningar á akreinavörum í vélknúnum ökutækjum 874

2013/EES/20/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 228/2011 frá 7. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 að því er varðar prófunaraðferð fyrir veggrip hjólbarða í flokki C1 á blautum vegi 887

2013/EES/20/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 frá 3. maí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál og magnið sem er heimilt að nota 903

2013/EES/20/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2012 frá 13. nóvember 2012 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* (DSM 23375, CNCM I-3235, DSM 19457, DSM 16565, DSM 16568, LMG 21295, CNCM MA 18/5U, NCIMB 30094, VTT E-78076, ATCC PTSA-6139, DSM 18112, DSM 18113, DSM 18114, ATCC 55943 og ATCC 55944) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 928

2013/EES/20/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB 936

2013/EES/20/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2012 frá 24. janúar 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 661/2009/EB að því er varðar gírskiptivísa og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB 1097

2013/EES/20/50 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæðna 1112

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1149/2011 **2013/EES/20/01**

frá 21. október 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu er nauðsynlegt að innleiðar breytingar á núgildandi kröfum og verklagsreglum um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði, einkum til þess að uppfæra kröfur um þjálfun, próf, kunnáttu og reynslu er varða útgáfu á skírteini flugvéltæknis og til að aðlaga þessar kröfur að því hve flóknir mismunandi flokkar loftfara eru.

2) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ([2]) til samræmis við það.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti ([3]) Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

4) Nauðsynlegt er að því starfsfólki sem hefur hæfi fyrir nýtt skírteini flugvéltæknis í flokki B3 sem tekið er upp með þessari reglugerð, þjálfunarstöðvum og viðhaldsfyrirtækjum sem og lögbærum yfirvöldum aðildarríkja sé veittur nægur tími til að aðlagast nýjum regluramma.

5) Vegna þess að létt loftför eru síður flókin kann að vera rétt að skilgreina einfalt og hóflegt kerfi fyrir leyfisveitingar til starfsfólks sem kemur að viðhaldi slíkra loftfara. Flugöryggisstofnuninni skal heimilt að vinna áfram að þessu máli og aðildarríkjunum að nota áfram samsvarandi landsskírteini.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 5. gr.:

„3. Afhendingarvottar sem hafa skírteini í tilteknum flokki/undirflokki sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta) teljast hafa réttindin sem lýst er í a-lið 66.A.20 þessa viðauka og samvara þeirri gerð/undirgerð. Grunnkröfur um þekkingu sem samsvarar nýjum réttindum skulu teljast uppfylltar að því er varðar viðbótaráritanir við slík réttindi fyrir nýjan flokk /undirflokk.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 16.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 41.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

([3]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 05/2008 „um tímamörk til að sýna fram á samræmi við kröfur um þekkingu og reynslu“, álit nr. 04/2009 „um skírteini flugvéltæknis fyrir einföld loftför“ og álit nr. 05/2009 „um réttindi handhafa skírteinis flugvéltæknis í flokki B1 og B2“ og „tegundar- og hópréttindi“ og „þjálfun til tegundarréttinda“.

4. Afhendingarvottar sem hafa skírteini, þ.m.t. fyrir loftför sem ekki er gerð krafa um sérstök tegundarréttindi fyrir, mega áfram neyta réttinda sinna þar til kemur að fyrstu endurnýjun eða breytingu en þá skal skírteininu breytt, samkvæmt verklagsreglunni sem lýst er í 66.B.125 í III. viðauka (66. hluta), yfir í réttindin sem skilgreind eru í 66.A.45 í þessum viðauka.

5. Skýrslur um umbreytingar og námsframvindu sem eru í samræmi við kröfurnar sem eiga við áður en þessi reglugerð tekur gildi skulu teljast í samræmi við reglugerðina.

6. Þar til settar verða fram sértækar kröfur í þessari reglugerð um afhendingarvotta:

i. fyrir önnur loftför en flugvélar og þyrlur,

ii. fyrir íhluti,

skulu kröfurnar sem í gildi eru í viðeigandi aðildarríki gilda áfram, nema hvað varðar viðhaldsfyrirtæki sem staðsett eru utan Evrópusambandsins en þar skulu kröfurnar samþykktar af Flugöryggisstofnuninni.“

2) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 6. gr.:

„3. Hefja má grunnþjálfunarnámskeið, sem eru í samræmi við kröfurnar sem eiga við áður en þessi reglugerð tekur gildi, allt að einu ári frá þeim degi sem reglugerðin tekur gildi. Próf í grunnþekkingu sem tekin eru sem hluti af þeim námskeiðum mega vera í samræmi við kröfurnar sem eiga við áður en þessi reglugerð tekur gildi.

4. Allt að einu ári frá þeim degi sem þessi reglugerð tekur gildi má ljúka prófum í grunnþekkingu sem ekki eru hluti af grunnþjálfunarnámskeiði og eru í samræmi við kröfurnar sem eiga við áður en reglugerðin tekur gildi og framkvæmd af lögbæru yfirvaldi eða viðhaldskennslufyrirtæki sem samþykkt er í samræmi við IV. viðauka (147. hluta).

5. Námskeið fyrir tegundarþjálfun sem eru í samræmi við kröfurnar sem eiga við áður en þessi reglugerð tekur gildi skal hefja og ljúka eigi síðar en einu ári frá þeim degi sem reglugerðin tekur gildi.“

3) Eftirfarandi breyting er gerð á 7. gr.:

i. Eftirfarandi h- og i-liður bætist við 3.mgr.:

„h) vegna viðhalds á flugvélum sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir og eru ekki notaðar í flutningaflugi:

i. kröfunum um að lögbært yfirvald gefi út skírteini flugvéltæknis í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem nýtt eða umbreytt skírteini skv. lið 66.A.70 í þeim viðauka, fyrr en 28. september 2012,

ii. kröfunum um að afhendingarvottar hafi réttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluti) í eftirfarandi ákvæðum, fyrr en 28. september 2014:

– g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 við I. viðauka (M-hluta),

– g- og h-lið 145.A.30 við II. viðauka (145. hluta),

i. vegna viðhalds á ELA1-flugvélum sem ekki eru notaðar í flutningarflugi, fyrr en 28. september 2015:

i. kröfunum um að lögbært yfirvald gefi út skírteini flugvéltæknis í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem nýtt eða umbreytt skírteini skv. lið 66.A.70 í þeim viðauka,

ii. kröfunum um að afhendingarvottar hafi réttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluti) í eftirfarandi ákvæðum:

– g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 við I. viðauka (M-hluta),

– g- og h-lið 145.A.30 við II. viðauka (145. hluta).“

ii. Ákvæði e-liðar 7. gr. falli brott.

iii. Eftirfarandi 8. og 9. mgr. er bætt við:

„8. Að því er varðar tímamörk í liðum 66.A.25 og 66.A.30 og í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) varðandi próf í grunnþekkingu, grunnreynslu, bóklega tegundarþjálfun og próf, verklega þjálfun og mat, tegundarpróf og þjálfun á vinnustað sem lokið er áður en þessi reglugerð tekur gildi, skal upphaf tímamarka vera dagurinn sem reglugerðin tekur gildi.

9. Flugöryggisstofnun skal leggja álit fyrir framkvæmdastjórnina sem felur í sér tillögur um einfalt og hóflegt kerfi fyrir leyfisveitingar til afhendingarvotta sem koma að viðhaldi á flugvélum í flokki ELA1 og loftförum öðrum en flugvélum og þyrlum.“

4) Eftirfarandi 8. gr. bætist við:

„8. gr.

Ráðstafanir Flugöryggisstofnunar

1. Flugöryggisstofnun skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem lögbær yfirvöld, stofnanir og starfsfólk geta nýtt til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum viðaukanna við þessa reglugerð.

2. Þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem Flugöryggisstofnun gefur út skulu hvorki innleiða nýjar kröfur né veita tilslakanir á kröfur viðaukanna við þessa reglugerð.

3. Með fyrirvara um 54. og 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu viðeigandi kröfur viðaukanna við þessa reglugerð teljast uppfylltar, án þess að frekar sé sýnt fram á það, ef þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem Flugöryggisstofnun gaf út eru nýttar.“

5) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), III. viðauka (66. hluta) og IV. viðauka (147. hluta) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi tekur gildi fyrsta dag níunda mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, nema i-liður 3. mgr. 1. gr. sem skal taka gildi á fyrsta degi eftir birtingu.

Vottorð sem gefin eru út í samræmi við I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), III. viðauka (66. hluta) eða IV. viðauka (147. hluta) áður en þessi reglugerð tekur gildi skulu gilda áfram þangað til þeim er breytt, þau gerð ógild tímabundið eða afturkölluð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

1. Ákvæði liðar M.B.103 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 falli brott.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003:

1) Í stað efnisyfirlitsins komi eftirfarandi:

„EFNISYFIRLIT

145.1 Almenn ákvæði

A- ÞÁTTUR —TÆKNILEGAR KRÖFUR

145.A.10 Svið

145.A.15 Gildistími

145.A.20 Skilmálar samþykkis

145.A.25 Kröfur um aðstöðu

145.A.30 Kröfur varðandi starfsfólk

145.A.35 Afhendingarvottar og aðstoðarmenn

145.A.40 Búnaður, verkfæri og efni

145.A.42 Viðurkenning íhluta

145.A.45 Viðhaldsgögn

145.A.47 Framkvæmdaáætlun

145.A.50 Viðhaldsvottun

145.A.55 Viðhaldsskrár

145.A.60 Tilkynning atvika

145.A.65 Öryggis- og gæðastefna, verklagsreglur um viðhald og gæðakerfi

145.A.70 Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis

145.A.75 Réttindi fyrirtækisins

145.A.80 Takmarkanir á fyrirtækinu

145.A.85 Breytingar á fyrirtækinu

145.A.90 Áframhaldandi gildi

145.A.95 Frávik

B -ÞÁTTUR —VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

145.B.1 Svið

145.B.10 Lögbært yfirvald

145.B.15 Fyrirtæki með aðsetur í mörgum aðildarríkjum

145.B.20 Fyrsta samþykki

145.B.25 Útgáfa samþykkis

145.B.30 Framlenging samþykkis

145.B.35 Breytingar

145.B.40 Breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis

145.B.45 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis

145.B.50 Frávik

145.B.55 Skráahald

145.B.60 Undanþágur

I. viðbætir – Opinbert afhendingarvottorð eyðublað Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 1

II. viðbætir – Flokka- og réttindakerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta)

III. viðbætir – Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í II. viðauka (145. hluta)

IV. viðbætir – Skilyrði fyrir að nota starfsfólk sem er ekki með starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem um getur í 1. og 2. lið j-liðar 145.A.30.

2) Ákvæðum liðar 145.A.30 er breytt sem hér segir:

i. í f-lið, er „með starfsréttindi í flokki B1 skv. 66. hluta“ skipt út fyrir „með starfsréttindi í flokkum B1 eða B3 í samræmi við III. viðauka (66. hluta)“,

ii. í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) Þegar um er að ræða leiðarviðhald loftfars skal fyrirtæki, sem viðheldur loftfari, hafa á að skipa afhendingarvottum með viðeigandi tegundarréttindi og með starfsréttindi í flokkum B1, B2 og B3, eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35 nema annað sé tekið fram í j-lið.

Að auki geta fyrirtæki notað afhendingarvotta, sem hafa fengið viðeigandi verkefnaþjálfun og starfsréttindi sem lýst er í 1. mgr. a-liðar og ii. lið 3. mgr. a-liðar í lið 66.A.20 og hafa réttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35, til að framkvæma minni háttar reglubundið leiðarviðhald og einfaldar lagfæringar bilana. Enda þótt slíkir afhendingarvottar séu tiltækir vegur það ekki upp á móti þörfinni fyrir afhendingarvotta með starfsréttindi í flokkum B1, B2 og B3, eins og við á.“

iii. í h-lið 1. liðar er tilvísun „með starfsréttindi í flokkum B1 og B2“ skipt út fyrir „með starfsréttindi í flokkum B1, B2, eins og við á“,

iv. eftirfarandi komi í stað h-liðar 2. liðar:

„2. Að því er varðar aðalviðhald á loftförum sem teljast ekki stór hafa annað hvort:

i. afhendingarvottum með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í flokkum B1, B2 og B3, eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og lið 145.A.35 eða

ii. afhendingarvottum með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í C-flokki með aðstoðarmenn eins og tilgreint er í i-lið a-liðar í lið 145.A.35.“

v. í j-lið er „Þrátt fyrir ákvæði g- og h-liðar“ skipt út fyrir „Þrátt fyrir ákvæði g- og h-liðar, í tengslum við þá skyldu að vera í samræmi við III. viðauka (66. hluta)“.

3) Ákvæðum liðar 145.A.35 er breytt sem hér segir:

i. fyrirsögninni er skipt út fyrir „145.A.35 Afhendingarvottar og aðstoðarmenn“,

ii. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Auk þess að uppfylla viðeigandi kröfur samkvæmt g- og h-lið liðar 145.A.30 skal fyrirtækið sjá til þess að afhendingarvottar þess og aðstoðarmenn hafi næga þekkingu á viðkomandi loftfari, sem kemur til viðhalds, og/eða íhlutum þess, ásamt tilheyrandi verklagsreglum fyrirtækisins. Að því er afhendingarvottana varðar skal þetta gert áður en vottunarheimild er gefin út eða endurnýjuð.

i. „Aðstoðarmenn“: það starfsfólk sem hefur skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta í flokkum B1, B2 og/eða B3 með réttindi fyrir viðeigandi loftfar, sem kemur að aðalviðhaldi en hefur ekki endilega vottunarréttindi.

ii. „Viðkomandi loftfar og/eða loftfarsíhlutir“: loftfarið og/eða loftfarsíhlutir sem tilgreindir eru í viðkomandi vottunarheimild.

iii. „Vottunarheimild“: heimild, sem fyrirtækið veitir afhendingarvottum, þar sem tilgreint er að þeim sé heimilt að skrifa undir afhendingarvottorð, með þeim takmörkunum sem koma fram í heimildinni, fyrir hönd samþykkta fyrirtækisins.“

iii. í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Ef frá eru talin tilvikin sem tilgreind eru í j-lið 145.A.30 og ii. lið 3. mgr. a-liðar í 66.A.20 er fyrirtækinu aðeins heimilt að veita afhendingarvottum vottunarheimild viðvíkjandi grunnflokkum eða undirflokkum og tegundarréttindum sem tiltekin eru á skírteini flugvéltæknis eins og krafist er í III. viðauka (66. hluta), að því tilskildu að skírteinið sé í gildi allan gildistíma heimildarinnar og afhendingarvottarnir fullnægi áfram kröfum samkvæmt III. viðauka (66. hluta).“

iv. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Fyrirtækið skal sjá til þess að allir afhendingarvottar og aðstoðarmenn vinni við viðeigandi viðhald loftfara eða íhluta í a.m.k. sex mánuði á hverju samfelldu tveggja ára tímabili.

Í þessum lið er með „vinni við viðeigandi viðhald loftfara eða íhluta“ átt við að viðkomandi hafi unnið við viðhald loftfara eða íhluta og hafi annaðhvort neytt vottunarheimildar sinnar og/eða raunverulega unnið við viðhald á a.m.k. sumum kerfum þeirra tegunda eða hópa loftfara sem tilgreind eru í viðkomandi vottunarheimild.“

v. í d-, e-, j- og m-lið er „aðstoðarmenn í flokkum B1 og B2“ skipt út fyrir „aðstoðarmenn“,

vi. eftirfarandi liðir bætist við:

n) Handhafa skírteinis flugvéltæknis í flokki A er einungis heimilt að neyta vottunarréttinda fyrir tiltekna tegund loftfars að lokinni verkefnaþjálfun með fullnægjandi árangri í flokki A á viðkomandi loftfari sem framkvæmd er af fyrirtæki með viðeigandi samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða IV. viðauka (147. hluta). Þessi þjálfun skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun sé lokið með fullnægjandi árangri, með prófi og/eða með mati sem fer fram á vinnustað og framkvæmt er af fyrirtæki.

o) Handhafa skírteinis flugvéltæknis í flokki B2 er einungis heimilt að neyta vottunarréttindanna sem lýst er í ii. lið 3. mgr. a-liðar í lið 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) þegar hann hefur lokið, með fullnægjandi árangri i. verkefnaþjálfun í flokki A á viðkomandi loftfar og ii. skjalfestri 6 mánaða verklegri reynslu sem nær yfir gildissvið heimildarinnar sem verður veitt. Verkefnaþjálfunin skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun sé lokið með fullnægjandi árangri, með prófi og/eða með mati sem fer fram á vinnustað. Viðhaldsfyrirtækið sem gefur út heimild afhendingarvotta skal sjá um verkefnaþjálfun og próf/mat. Verklega reynslan skal einnig fengin hjá slíku viðhaldsfyrirtæki.“

4) Í 6. mgr. a-liðar 145.A.70 er „aðstoðarmenn í flokkum B1 og B2“ skipt út fyrir „aðstoðarmenn“.

5) Liður 145.B.17 falli niður.

6) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðbæti við 145. hluta:

„IV. viðbætir

Skilyrði fyrir að nota starfsfólk sem ekki er með starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem vísað er til í 1. og 2. mgr. j-liðar 145.A.30

1. Afhendingarvottar sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði teljast hafa uppfyllt kröfur 1. og 2. liðar j-liðar í 145.A.30:

a) Einstaklingurinn skal hafa skírteini eða heimild afhendingarvottar sem gefin er út samkvæmt landsbundnum reglum í fullu samræmi við 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

b) Verksvið einstaklingsins skal ekki vera umfram það verksvið sem er tilgreint í landsbundna skírteininu eða heimild afhendingarvottar, hvort sem er meira takmarkandi.

c) Einstaklingurinn skal sýna fram á að hann hafi fengið þjálfun að því er varðar mannlega þáttinn og löggjöf um flug sem um getur í 9. og 10. viðhengi við I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta).

d) Einstaklingurinn skal sýna fram á fimm ára reynslu, ef um er að ræða afhendingarvott fyrir leiðarviðhald, og átta ára reynslu ef um er að ræða afhendingarvott fyrir aðalviðhald. Þó ber einstaklingum, sem hafa ekki heimild til að sinna verkefnum umfram þau sem afhendingarvottar í A-flokki skv. 66. hluta sinna, einungis að sýna fram á þriggja ára reynslu af viðhaldi.

e) Afhendingarvottar fyrir leiðarviðhald og aðstoðarmenn við aðalviðhald skulu sýna fram á að hafa hlotið tegundarþjálfun og staðist próf í flokkum B1, B2 eða B3, eftir því sem við á, sem um getur í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) fyrir hverja tegund loftfars innan verksviðsins sem um getur í b-lið. Þó geta einstaklingar, sem hafa ekki verksvið sem er umfram verksvið afhendingarvotta í A-flokki, fengið verkefnaþjálfun í stað fullrar tegundarþjálfunar.

f) Afhendingarvottar fyrir aðalviðhald skulu sýna fram á að hafa hlotið tegundarþjálfun og staðist próf í C-flokki sem um getur í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) fyrir hverja tegund loftfars innan verksviðsins sem um getur í b-lið, nema fyrir fyrstu tegund loftfars skal þjálfun og próf vera í flokkum B1, B2 og B3 í III. viðauka.

2. Vernduð réttindi

a) Starfsfólk sem fékk réttindi áður en viðeigandi kröfur III. viðauka (66. hluta) öðluðust gildi getur neytt réttinda sinna án þess að þurfa að fara að ákvæðum c- til f-liðar 1. liðar.

b) Eftir þann dag skulu þó afhendingarvottar, sem vilja víkka heimild sína þannig að hún nái yfir frekari réttindi, fara að ákvæðum 1. liðar.

c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. liðar er þess ekki krafist, ef um er að ræða viðbótartegundarþjálfun, að farið sé að ákvæðum c- og d-liðar 1. liðar.“

3. Í stað III. viðauka (66. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

(66. hluti)

EFNISYFIRLIT

66,1. Lögbært yfirvald

A- ÞÁTTUR —TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS

66.A.1 Svið

66.A.3 Flokkar skírteina

66.A.5 Hópar loftfara

66.A.10 Gildistími

66.A.15 Lágmarkskröfur

66.A.20 Réttindi

66.A.25 Kröfur um grunnþekkingu

66.A.30 Kröfur um grunnreynslu

66.A.40 Áframhaldandi gildi skírteinis flugvéltæknis

66.A.45 Loftfarsréttindaáritun

66.A.50 Takmarkanir

66.A.55 Sönnun á starfsréttindum

66.A.70 Verklagsreglur við umbreytingu starfsréttinda

B -ÞÁTTUR —VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

66.B.1 Svið

66.B.10 Lögbært yfirvald

66.B.20 Skráahald

66.B.25 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

66.B.30 Undanþágur

B-KAFLI — ÚTGÁFA SKÍRTEINIS FLUGVÉLTÆKNIS

66.B.100 Verklagsregla við útgáfu lögbæra yfirvaldsins á skírteini flugvéltæknis

66.B.105 Verklagsregla við útgáfu á skírteini flugvéltæknis fyrir milligöngu viðhaldsfyrirtækis með samþykki skv. 145. hluta

66.B.110 Verklagsregla við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að bæta við grunnflokki eða undirflokki

66.B.115 Verklagsregla við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að það nái yfir loftfarsréttindi eða til að aflétta takmörkunum

66.B.120 Verklagsregla við endurnýjun á gildi skírteinis flugvéltæknis

66.B.125 Verklagsregla vegna umbreytinga skírteina, þ.m.t. hópréttindi

66.B.130 Verklagsregla vegna beins samþykkis á tegundarþjálfun á loftfar

C-KAFLI — PRÓF

66.B.200 Prófahald lögbæra yfirvaldsins

D-KAFLI — UMBREYTING Á STARFSRÉTTINDUM AFHENDINGARVOTTA

66.B.300 Almenn ákvæði

66.B.305 Skýrslur um umbreytingu á landsbundnum starfsréttindum

66.B.310 Skýrslur um umbreytingu heimilda viðurkenndra viðhaldsfyrirtækja

E-KAFLI — MAT Á PRÓFUM

66.B.400 Almenn ákvæði

66.B.405 Skýrsla um námsframvindu

66.B.410 Gildistími námseininga

F-KAFLI — SAMFELLT EFTIRLIT

66.B.500 Afturköllun, tímabundin ógilding eða takmörkun á skírteini flugvéltæknis

VIÐBÆTAR

I. viðbætir – Kröfur um grunnþekkingu

II. viðbætir – Grunnstaðall fyrir próf

III. viðbætir – Tegundarþjálfun á loftfars og prófstaðall Þjálfun á vinnustað

IV. viðbætir – Kröfur um reynslu sem uppfylla þarf til að fá framlengingu á skírteini flugvéltæknis

V. viðbætir – EASA-eyðublað nr. 19 — Umsóknareyðublað

VI. viðbætir – EASA-eyðublað nr. 26 — Skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta)

66.1 Lögbært yfirvald

a) Að því er varðar þennan viðauka (66. hluta) er lögbært yfirvald:

1. yfirvald sem tilnefnt er af aðildarríkinu sem einstaklingur sækir fyrst um útgáfu skírteinis flugvéltæknis hjá eða

2. yfirvald sem tilnefnt er af öðru aðildarríki, ef um annað er að ræða, með fyrirvara um samkomulag við yfirvaldið sem um getur í 1. lið. Í slíku tilfelli skal afturkalla skírteinið sem um getur í 1. lið, allar skrár sem getið er í lið 66.B.20 skulu færðar yfir og nýtt skírteini skal gefið út með þessar skrár til grundvallar.

b) Flugöryggisstofnunin ber ábyrgð á að skilgreina:

1. skrá yfir tegundir loftfara og

2. yfir hvaða flugskrokks- og hreyfilssamsetningar hver tegundarréttindi fyrir loftfar ná.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI

SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS

66.A.1 Svið

Í þessum þætti er skírteini flugvéltæknis skilgreint og kveðið á um kröfur vegna umsókna, útgáfu og skilyrði varðandi gildi þess.

66.A.3 Flokkar skírteina

a) Skírteini flugvéltæknis getur verið í eftirfarandi flokkum:

– Flokki A

– Flokki B1

– Flokki B2

– Flokki B3

– Flokki C

b) Flokkar A og B1 skiptast í undirflokka eftir flugvélum, þyrlum, hverfihreyflum og strokkhreyflum. Þessi undirflokkar eru:

– A1 og B1.1 Flugvélar, hverfihreyfill

– A2 og B1.2 Flugvélar, strokkhreyfill

– A3 og B1.3 Þyrlur, hverfihreyfill

– A4 og B1.4 Þyrlur, strokkhreyfill

c) Flokkur B3 á við um flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir.

66.A.5 Hópar loftfara

Að því er varðar réttindi á skírteinum flugvéltækna skulu loftför flokkuð í eftirfarandi hópa:

1. Hópur 1: flókin vélknúin loftför sem og fjölhreyfla þyrlur, flugvélar með skráða hámarksflughæð yfir fluglagi 290, loftför sem búin eru rafboðastýri og önnur loftför sem gerð er krafa um tegundarréttindi fyrir samkvæmt skilgreiningu Flugöryggisstofnunar.

2. Hópur 2: loftför, önnur en þau í hópi 1, sem tilheyra eftirfarandi undirhópum:

   – undirhópur 2a: einshreyfilsflugvélar með skrúfuhverfihreyfli

   – undirhópur 2b: einshreyfilsþyrlur með hverfihreyfli

   – undirhópur 2c: einshreyfilsþyrlur með strokkhreyfli.

3. Hópur 3: flugvélar með strokkhreyfli, aðrar en þær í hópi 1.

66.A.10 Gildistími

a) Umsókn um skírteini flugvéltæknis eða breytingu á slíku skírteini skal leggja fram á EASA-eyðublaði nr. 19 (sjá V. viðbæti) og á þann hátt, sem lögbæra yfirvaldið ákveður, og senda til þess.

b) Umsókn um breytingu á skírteini flugvéltæknis skal lögð inn hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem gaf út skírteini flugvéltæknis.

c) Auk skjalanna, sem krafist er skv. a- og b-lið í 66.A.10 og 66.B.105, eftir því sem við á, skal umsækjandi um viðbótargrunnflokka eða -undirflokka í skírteini flugvéltæknis senda lögbæra yfirvaldinu frumritið af gildandi skírteini flugvéltæknis ásamt EASA-eyðublaði nr. 19.

d) Þegar umsækjandi um breytingu á grunnflokkunum uppfyllir skilyrðin fyrir slíkri breytingu skv. 66.B.100 í öðru aðildarríki en því aðildarríki sem gaf skírteinið út, skal senda umsóknina til lögbæra yfirvaldsins sem um getur í lið 66.1.

e) Þegar umsækjandi um breytingu á grunnflokkunum uppfyllir skilyrðin fyrir slíkri breytingu skv. 66.B.105 í öðru aðildarríki en því aðildarríki sem gaf skírteinið út skal viðhaldsfyrirtækið, sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta), senda skírteini flugvéltæknis til lögbæra yfirvaldsins sem um getur í lið 66.1 ásamt EASA-eyðublaði nr. 19 svo að aðildarríkið geti stimplað og skrifað undir breytinguna eða gefið skírteinið aftur út, eins og við á.

f) Hver umsókn skal studd af gögnum sem sýna fram á að samræmi sé við viðeigandi fræðilega þekkingu, verklega þjálfun og kröfur um reynslu þegar umsóknin er lögð inn.

66.A.15 Lágmarkskröfur

Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis skal hafa náð 18 ára aldri.

66.A.20 Réttindi

a) Eftirfarandi réttindi skulu gilda:

   1. Skírteini flugvéltæknis í flokki A veitir handhafa leyfi til að gefa út afhendingarvottorð að loknu minni háttar reglubundnu leiðarviðhaldi og einfaldri lagfæringu á bilun innan ramma þeirra verkefna sem eru sérstaklega árituð í vottunarheimildinni sem um getur í lið 145.A.35 í II. viðauka (145. hluta). Vottunarréttindi skulu vera bundin við þau verk sem handhafi skírteinisins hefur sjálfur innt af hendi innan viðhaldsfyrirtækisins sem gaf út vottunarheimildina.

   2. Skírteini flugvéltæknis í flokki B1 veitir handhafa leyfi til að gefa út afhendingarvottorð og til að vera aðstoðarmaður í flokki B1 eftir að:

      – hafa sinnt viðhaldi á burðarvirki loftfars, fullbúnum hreyfilkerfum, vélrænum kerfum og rafkerfum,

– hafa unnið með rafeindabúnað loftfara þannig að aðeins sé krafist einfaldra prófana á til að sýna fram á nothæfi hans og ekki gerð krafa um bilanaleit.

Flokkur B1 nær yfir samsvarandi undirflokk A.

3. Skírteini flugvéltæknis í flokki B2 veitir handhafanum leyfi til að:

i. gefa út afhendingarvottorð og til að vera aðstoðarmaður í flokki B2 við eftirfarandi:

– viðhald sem framkvæmt er á rafeindabúnaði loftfara og rafkerfum og

– verkefni tengd raf- og rafeindabúnaði í fullbúnum hreyfilkerfum og vélrænum kerfum, þar sem aðeins er krafist einfaldra prófana á til að sýna fram á nothæfi þeirra og

ii. til að gefa út afhendingarvottorð að loknu minni háttar reglubundnu leiðarviðhaldi og einfaldri lagfæringu á bilun innan ramma þeirra verkefna sem eru sérstaklega áritуð í vottunarheimildinni sem um getur í lið 145.A.35 í II. viðauka (145. hluta). Þessi vottunarréttindi skulu vera bundin við þau verk sem handhafi skírteinisins hefur sjálfur innt af hendi innan viðhaldsfyrirtækisins sem gaf út vottunarheimildina og takmarkast við þau réttindi sem þegar hefur verið veitt áritun fyrir í skírteini í flokki B2.

Skírteinið í flokki B2 nær ekki yfir neinn af undirflokkum A.

4. Skírteini flugvéltæknis í flokki B3 veitir handhafa leyfi til að gefa út afhendingarvottorð og til að vera aðstoðarmaður í flokki B3 fyrir:

– að hafa sinnt viðhaldi á burðarvirki flugvéla, fullbúnum hreyfilkerfum, vélarænum kerfum og rafkerfum,

– hafa unnið með rafeindabúnað loftfara þannig að aðeins sé krafist einfaldra prófana á til að sýna fram á nothæfi hans og ekki gerð krafa um bilanaleit.

5. Skírteini flugvéltæknis í flokki C veitir handhafa leyfi til að gefa út afhendingarvottorð að loknu aðalviðhaldi loftfars. Réttindin gilda um loftfarið í heild sinni.

b) Handhafa skírteinis flugvéltæknis er ekki heimilt að neyta réttinda þess nema:

1. að uppfylltum viðeigandi kröfum í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta) og

2. hann hafi á undanförnum tveimur árum fengið sex mánaða reynslu af viðhaldi í samræmi við þau réttindi, sem skírteini flugvéltæknis veitir, eða uppfyllt ákvæði um útgáfu viðeigandi réttinda og

3. hann hafi fullnægjandi hæfni til að votta viðhald á samsvarandi loftfari og

4. hann geti lesið, skrifað og tjáð sig svo vel sem nauðsynlegt er á því tungumáli eða tungumálum, sem tækniskjöl og verklagsreglur eru skrifaðar á, til að annast útgáfu afhendingarvottorðs.

66.A.25 Kröfur um grunnþekkingu

a) Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða -undirflokk í slíkt skírteini skal með prófi sýna fram á kunnáttu í viðeigandi námsáföngum í samræmi við I. viðbæti við III. viðauka (66. hluti). Annað hvort kennslufyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki skv. IV. viðauka (147. hluta) eða lögbæra yfirvaldið skal annast prófið.

b) Standast skal þjálfunarnámskeiðin og prófin innan 10 ára áður en sótt er um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða -undirflokk í skírteini flugvéltæknis. Sé það ekki tilfellið er þó hægt að fá próf metið í samræmi við c-lið.

c) Umsækjandi getur sótt um það hjá lögbæru yfirvaldi að fá, að hluta til eða að fullu, próf metið vegna krafna um grunnþekkingu fyrir:

1. próf um grunnþekkingu sem ekki uppfylla kröfuna sem tilgreind er í b-lið að ofan og

2. alla aðra tæknilega menntun sem lögbært yfirvald telur jafngilda þeirri þekkingu sem krafist er skv. III. viðauka (66. hluta).

Mat skal fara fram í samræmi við undirlið E í B-hluta þessa viðauka (66. hluti).

d) Mat rennur út 10 árum eftir að lögbært yfirvald veitir umsækjanda það. Eftir að það rennur út getur umsækjandi sótt um nýtt mat.

66.A.30 Kröfur um grunnreynslu

a) Umsækjandi um skírteini flugvéltæknis skal hafa:

1. fyrir flokk A, undirflokka B1.2 og B1.4 og flokk B3:

i. þriggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari, ef umsækjandi hefur ekki áður hlotið viðeigandi tækniþjálfun eða

ii. tveggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið þjálfun, sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi, sem hæfur starfsmaður á tæknisviði eða

iii. eins árs verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið samþykktu grunnþjálfunarnámskeiði í samræmi við IV. viðauka (147. hluta),

2. fyrir flokk B2 og undirflokka B1.1 og B1.3:

i. fimm ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari, ef umsækjandi hefur ekki áður hlotið viðeigandi tækniþjálfun eða

ii. þriggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið þjálfun, sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi, sem hæfur starfsmaður á tæknisviði eða

iii. tveggja ára verklega reynslu af viðhaldi á starfræktu loftfari og hafa lokið samþykktu grunnþjálfunarnámskeiði í samræmi við IV. viðauka (147. hluta),

3. fyrir C-flokk að því er varðar stór loftför:

i. þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.1, B1.3 eða B2 á stórum loftförum eða sem aðstoðarmaður skv. lið 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja eða

ii. fimm ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.2 eða B1.4 á stórum loftförum eða sem aðstoðarmaður skv. lið 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja,

4. fyrir C-flokk að því er varðar loftför sem teljast ekki stór loftför: þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1 eða B2 á loftförum sem teljast ekki stór loftför eða sem aðstoðarmaður skv. lið 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja,

5. fyrir C-flokk, með háskólapróf: að því er varðar umsækjanda með háskólagráðu í tæknigrein frá háskóla eða annarri kennslustofnun á háskólastigi, sem lögbæra yfirvaldið viðurkennir, þriggja ára starfsreynslu í viðhaldi almenningsloftfara og dæmigerðu úrvali verkefna sem tengjast beint viðhaldi loftfara, þ.m.t. að fylgjast með verkefnum við aðalviðhald um sex mánaða skeið.

b) Umsækjandi, sem sækir um framlengingu skírteinis flugvéltæknis, skal uppfylla lágmarkskröfu um reynslu af viðhaldi á almenningsloftförum sem á við um þá viðbótarflokka eða -undirflokka skírteinisins sem sótt er um eins og skilgreint er í IV. viðbæti þessa viðauka (66. hluta).

c) Reynslan skal vera verkleg og hafa falið í sér það sem teljast má dæmigerður þverskurður af viðhaldsverkefnum við loftför.

d) A.m.k. eitt ár af tilskilinni reynslu sem skal vera nýleg reynsla af viðhaldi loftfara í þeim flokki eða undirflokki sem sótt er um fyrsta skírteini flugvéltæknis fyrir. Að því er varðar næstu flokka/undirflokka sem bætt er við gildandi skírteini flugvéltæknis má nýleg viðbótarreynsla af viðhaldi, sem krafist er, vera minni en eitt ár en skal vera a.m.k. þrír mánuðir. Reynslan, sem er krafist, skal miðast við mismuninn á milli núverandi flokks/undirflokks skírteinis og þess flokks/undirflokks sem sótt er um. Slík viðbótarreynsla skal vera dæmigerð fyrir þann nýja flokk/undirflokk skírteinis sem sótt er um.

e) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skal viðurkenna reynslu af viðhaldi loftfara, sem fengin er utan þess umhverfis sem telst til viðhalds almenningsloftfara, þegar slíkt viðhald er jafngilt því sem krafist er í þessum viðauka (66. hluta) samkvæmt ákvörðun lögbæra yfirvaldsins. Þó skal krefjast viðbótarreynslu af viðhaldi almenningsloftfara til að tryggja fullnægjandi skilning á því umhverfi sem viðhald almenningsloftfara fer fram í.

f) Reynslan skal hafa fengist innan 10 ára áður en sótt er um skírteini flugvéltæknis eða um viðbótarflokk eða -undirflokk í slíkt skírteini.

66.A.40 Áframhaldandi gildi skírteinis flugvéltæknis

a) Skírteini flugvéltæknis fellur úr gildi fimm árum eftir síðasta útgáfudag eða síðustu breytingu á því nema handhafi sendi skírteini sitt lögbæra yfirvaldinu, sem gaf það út, til að það geti fullvissað sig um að upplýsingarnar á því séu þær sömu og eru í skrám lögbæra yfirvaldsins í samræmi við 66.B.120.

b) Handhafi skírteinis flugvéltæknis skal fylla út viðeigandi hluta EASA-eyðublaðs nr. 19 (sjá V. viðbæti) og senda það ásamt eintaki handhafans af skírteininu til lögbæra yfirvaldsins sem gaf út upprunalegt skírteini flugvéltæknis nema tilgreint sé í verklagsreglu í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins, sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta), og þar sem umsækjandi starfar að fyrirtækinu sé heimilt að senda nauðsynleg skjöl fyrir hönd handhafa skírteinis flugvéltæknis.

c) Öll vottunarréttindi, sem grundvallast á skírteini flugvéltæknis, falla úr gildi um leið og skírteinið fellur úr gildi.

d) Skírteini flugvéltæknis er einungis gilt ef i. lögbæra yfirvaldið hefur gefið það út og/eða gert breytingu á því og ii. handhafi þess hefur skrifað undir skjalið.“

66.A.45 Loftfarsréttindaáritun

a) Til að hafa rétt á að neyta vottunarréttinda á tilgreinda tegund loftfars þarf handhafi skírteinis flugvéltæknis að hafa viðeigandi loftfarsréttindaáritun á skírteini sínu.

– Fyrir flokka B1, B2 og C eru viðeigandi loftfarsréttindi eftirfarandi:

1. Fyrir loftfar í hópi 1, viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftfarið.

2. Fyrir loftfar í hópi 2, viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftfarið, undirhópréttindi bundin við framleiðanda eða full undirhópréttindi.

3. Fyrir loftfar í hópi 3, viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftfarið eða full hópréttindi.

– Fyrir flokk B3 eru viðeigandi réttindi „flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir“.

– Fyrir flokk A er ekki gerð krafa um nein réttindi með fyrirvara um að kröfurnar í lið 145.A.35 í II. viðauka (145. hluta) séu uppfylltar.

b) Til að hljóta áritun tegundarréttinda fyrir loftfar er gerð krafa um að viðeigandi tegundarþjálfun á loftfar í flokki B1, B2 eða C sé lokið með fullnægjandi árangri.

c) Til viðbótar við kröfur b-liðar er gerð krafa um að samsvarandi þjálfun á vinnustað, eins og lýst er í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) sé lokið með fullnægjandi hætti vegna fyrstu áritunar tegundarréttinda fyrir loftfar innan tiltekins flokks/undirflokks.

d) Þrátt fyrir b- og c-lið má einnig veita loftfarstegundarréttindi fyrir loftför í hópi 2 og 3 þegar:

– viðeigandi tegundarprófi loftfars í flokki B1, B2 eða C, sem lýst er í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta) hefur verið lokið með fullnægjandi árangri og

– ef um er að ræða flokka B1 og B2, þegar sýnt hefur verið fram á verklega reynslu af viðkomandi loftfarstegund. Í slíku tilfelli skal verkleg reynsla af loftfarstegund ná yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis.

Þegar um er að ræða réttindi í flokki C fyrir einstakling með hæfi sem handhafi háskólagráðu, eins og tilgreint er í 5. lið a-liðar í lið 66.A.30, skal fyrsta tegundarprófið vera á sama stigi og í flokki B1 eða B2.

e) Fyrir loftför í hópi 2:

1. fyrir áritun undirhópréttinda sem bundin eru við framleiðanda fyrir handhafa skírteina í flokkum B1 og C er þess krafist að kröfur vegna tegundaráritunar fyrir loftfar séu uppfylltar fyrir a.m.k. tvær tegundir loftfara frá sama framleiðanda sem saman eru dæmigerðar fyrir viðeigandi undirhóp framleiðanda,

2. fyrir áritun fullra undirhópréttinda fyrir handhafa skírteina í flokkum B1 og C er þess krafist að kröfur vegna tegundaráritunar fyrir loftfar séu uppfylltar fyrir a.m.k. þrjár tegundir loftfara frá ólíkum framleiðendum sem saman eru dæmigerðar fyrir viðeigandi undirhóp,

3. fyrir áritun undirhópréttinda sem bundin eru við framleiðanda og fullra undirhópréttinda fyrir handhafa skírteina í flokki B2 er gerð krafa um að sýnt sé fram á verklega reynslu sem nær yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis og viðkomandi undirhóp loftfars.

f) Fyrir loftför í hópi 3:

1. fyrir áritun fullra réttinda í hópi 3 fyrir handhafa skírteina í flokkum B1, B2 og C er gerð krafa um að sýnt sé fram á verklega reynslu sem nær yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis og fyrir hóp 3.

2. fyrir flokk B1, nema umsækjandi sýni fram á viðeigandi reynslu, skulu réttindi fyrir hóp 3 vera háð eftirfarandi takmörkunum sem skulu ritaðar á skírteinið:

– flugvélar með jafnþrýstibúnaði

– flugvélar með burðarvirki úr málmi

– flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið

– flugvélar með burðarvirki úr viði

– flugvélar með burðarvirki úr málmrörum sem eru klæddar með dúk.

g) Fyrir skírteini í flokki B3:

1. fyrir áritun réttindanna „flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir“ er gerð krafa um að sýnt sé fram á verklega reynslu sem nær yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir flokk skírteinis.

2. nema umsækjandi sýni fram á viðeigandi reynslu, skulu réttindin sem vísað er til í 1. lið vera háð eftirfarandi takmörkunum sem skulu skráðar á skírteinið:

   – flugvélar með burðarvirki úr viði

   – flugvélar með burðarvirki úr málmrörum sem eru klæddar með dúk

   – flugvélar með burðarvirki úr málmi

   – flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið.

66.A.50 Takmarkanir

a) Takmarkanir sem færðar eru inn á skírteini flugvéltæknis eru útilokanir á vottunarréttindum og gilda um loftfarið í heild sinni.

b) Takmörkunum sem um getur í lið 66.A.45 skal aflétt þegar:

   1. sýnt hefur verið fram á viðeigandi reynslu eða

   2. eftir að lögbært yfirvald hefur framkvæmt mat á verklegri kunnáttu með fullnægjandi árangri.

c) Takmörkunum sem um getur í lið 66.A.70 skal aflétt þegar próf hefur verið tekið með fullnægjandi árangri í þeim námsáföngum/námsgreinum sem skilgreindar eru í viðeigandi umbreytingarskýrslu sem vísað er til í lið 66.B.300.

66.A.55 Sönnun á starfsréttindum

Starfsfólk, sem neytir vottunarréttinda, auk aðstoðarfólks skal framvísa skírteini til að færa sönnur á starfsréttindi sín innan 24 klukkustunda frá beiðni viðurkennds aðila.

66.A.70 Verklagsreglur við umbreytingu starfsréttinda

a) Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gefa út skírteini flugvéltæknis til handa handhafa vottunarréttinda, sem giltu í því aðildarríki áður en III. viðauki (66. hluti) öðlast gildi, án frekari prófa, að því tilskildu að skilyrðin, sem tilgreind eru í D-kafla B-þáttar, séu uppfyllt.

b) Einstaklingur, sem gengst undir hæfismat afhendingarvotta sem gildir í aðildarríki, áður en III. viðauki (66. hluti) öðlast gildi, telst áfram hæfur. Lögbært yfirvald aðildarríkis skal gefa út skírteini flugvéltæknis til handa handhafa vottunarréttinda sem fengin eru við slíkt hæfismat, án frekari prófa, að því tilskildu að skilyrðin, sem tilgreind eru í D-kafla B-þáttar, séu uppfyllt.

c) Ef nauðsyn krefur skulu vera takmarkanir í skírteini flugvéltæknis í samræmi við lið 66.A.50 til að endurspegla muninn á i. gildissviði vottunarréttinda sem gilda í aðildarríki áður en þessi reglugerð tekur gildi og ii. kröfum um grunnþekkingu og grunnstöðlum fyrir próf sem mælt er fyrir um í I. og II. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta).

d) Þrátt fyrir c-lið skal skírteini flugvéltæknis, fyrir loftför sem ekki eru notuð í flutningaflug önnur en stór loftför, hafa takmarkanir í samræmi við lið 66.A.50 til að tryggja að starfsréttindi afhendingarvotta, sem gilda í aðildarríki áður en þessi reglugerð tekur gildi, og réttindi skírteinis flugvéltæknis, sem hefur verið umbreytt skv. 66. hluta, haldist óbreytt.

B-ÞÁTTUR

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

66.B.1 Svið

Í þessum þætti eru settar verklagsreglur þ.m.t. stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa viðauka (66. hluta), ber að uppfylla.

66.B.10 Lögbært yfirvald

a) *Almenn ákvæði*

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að gefa út, framlengja, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini flugvéltæknis.

Þetta lögbæra yfirvald skal koma á fullnægjandi stjórnskipulagi til að tryggja að skilyrði þessa viðauka (66. hluta) séu uppfyllt.

b) *Mannafli*

Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks til að tryggja framkvæmd krafna þessa viðauka (66. hluta).

c) *Verklagsreglur*

Lögbæra yfirvaldið skal setja skjalfestar verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli skilyrðin í þessum hluta. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar og þeim breytt til að tryggja óslitið samræmi.

66.B.20 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers skírteinis flugvéltæknis á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Fyrir hvert skírteini skulu þessar skrár innihalda:

1. umsókn um skírteini flugvéltæknis eða breytingu á því, þ.m.t. öll fylgiskjöl,
2. afrit af skírteini flugvéltæknis, þ.m.t. allar breytingar,
3. afrit af öllum bréfaskiptum sem máli skipta,
4. nákvæmar upplýsingar um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,
5. allar tilkynningar frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast handhafa skírteinis flugvéltæknis,
6. skrár yfir próf sem lögbæra yfirvaldið heldur,
7. viðeigandi umbreytingarskýrslu sem notuð er til umbreytingar,
8. viðeigandi skýrsla um námsframvindu sem notuð er við námsmat.

c) Varðveita skal skrárnar, sem um getur í 1. til 5. lið b-liðar, í a.m.k. fimm ár eftir að skírteinið fellur úr gildi.

d) Varðveita skal skrárnar, sem um getur í 6., 7. og 8. lið b-liðar, í ótakmarkaðan tíma.

66.B.25 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

a) Til að kröfur þessarar reglugerðar komist í framkvæmd skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á upplýsingum í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld aðstoða hvert annað við að framkvæma nauðsynlegar eftirlitsaðgerðir þegar um er að ræða hugsanlega ógnun við öryggi sem nær til nokkurra aðildarríkja.

66.B.30 Undanþágur

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við gr. 14.4 í reglugerð (EB) nr. 216/2008.

B-KAFLI

ÚTGÁFA SKÍRTEINIS FLUGVÉLTÆKNIS

Í þessum kafla er kveðið á um þær verklagsreglur sem lögbæra yfirvaldinu ber að fylgja við útgáfu, breytingu eða framlengingu á skírteini flugvéltæknis.

66.B.100 Verklagsregla við útgáfu lögbæra yfirvaldsins á skírteini flugvéltæknis

a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur við EASA-eyðublaði nr. 19 ásamt öllum fylgiskjölum skal það ganga úr skugga um að EASA-eyðublað nr. 19 sé fullfrágengið og sannreyna að tilgreind reynsla uppfylli kröfurnar í þessum viðauka (66. hluta).

b) Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa hvaða próf umsækjandi hafi staðist og/eða staðfesta allt nám sem hann hefur fengið metið til að fullvissa sig um að kröfurnar í öllum tilskildum námsáföngum skv. 1. viðbæti hafi verið uppfylltar eins og krafist er í þessum viðauka (66. hluta).

c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út viðeigandi skírteini flugvéltæknis til handa umsækjanda þegar það hefur staðfest deili á umsækjanda og fæðingardag hans og ár og er sannfært um að umsækjandinn fullnægi kröfum um kunnáttu og reynslu samkvæmt þessum viðauka (66. hluta). Lögbæra yfirvaldið skal hafa þessar sömu upplýsingar á skrá.

d) Lögbært yfirvald skal ganga úr skugga um samræmi við lið 66.B.115 þegar tegunda- eða hópaáritanir loftfara eru veittar við útgáfu fyrsta skírteinis flugvéltæknis.

66.B.105 Verklag við útgáfu skírteinis flugvéltæknis fyrir milligöngu viðhaldsfyrirtækis með samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta)

a) Viðhaldsfyrirtæki með samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) getur, þegar það hefur heimild lögbærs yfirvalds til slíkrar starfsemi, i. útbúið skírteini flugvéltæknis fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins eða ii. lagt fram tilmæli til lögbæra yfirvaldsins varðandi umsókn einstaklings um skírteini flugvéltæknis þannig að lögbæra yfirvaldið geti útbúið og gefið út slíkt skírteini.

b) Viðhaldsfyrirtæki sem vísað er til í a-lið skal tryggja að farið sé að ákvæðum a- og b-liðar í 66.B.100.

c) Í öllum tilfellum getur aðeins lögbært yfirvald gefið út skírteini flugvéltæknis til handa umsækjanda.

66.B.110 Verklagsregla við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að bæta við grunnflokki eða undirflokki

a) Þegar farið hefur verið að verklagsreglunum sem tilgreindar eru í 66.B.100 eða 66.B.105 skal lögbæra yfirvaldið árita viðbótargrunnflokkinn eða -undirflokkinn í skírteini flugvéltæknis með undirskrift og stimpli eða gefa skírteinið aftur út.

b) Breyta skal skráakerfi lögbæra yfirvaldsins til samræmis við það.

66.B.115 Verklagsregla við breytingu á skírteini flugvéltæknis til að það nái yfir loftfarsréttindi eða til að aflétta takmörkunum

a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur við fullnægjandi EASA-eyðublaði nr. 19 ásamt fylgiskjölum, þar sem sýnt er fram á að gildandi kröfur um viðeigandi réttindi séu uppfylltar, og meðfylgjandi skírteini flugvéltæknis, skal það annaðhvort:

1. veita áritun á flugvéltækniskírteini umsækjanda fyrir viðeigandi loftfarsréttindi eða

2. gefa viðkomandi skírteini aftur út þannig að það innihaldi viðeigandi loftfarsréttindi eða

3. aflétta viðeigandi takmörkunum í samræmi við lið 66.A.50.

Breyta skal skráakerfi lögbæra yfirvaldsins til samræmis við það.

b) Ef viðhaldskennslufyrirtæki sem hlýtur viðeigandi samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) framkvæmir ekki fulla tegundarþjálfun skal lögbært yfirvald vera þess fullvisst að allar kröfur varðandi tegundarþjálfun séu uppfylltar áður en tegundarréttindi eru gefin út.

c) Ef ekki eru gerðar kröfur um þjálfun á vinnustað skulu tegundarréttindi fyrir loftfar veitt á grundvelli viðurkenningarvottorðs sem gefið er út af viðhaldskennslufyrirtæki sem samþykkt er í samræmi við IV. viðauka (147. hluta).

d) Ef eitt námskeið nær ekki yfir efni fyrir tegundarþjálfun á loftfar skal lögbært yfirvald vera þess fullvisst, áður en tegundarréttindaáritun er veitt, að innihald og lengd námskeiðanna sé fyllilega fullnægjandi hvað varðar gildissvið skírteinisflokksins og að tekið hafi verið tilhlýðilegt tillit til sviðanna þar sem námskeiðin tengjast.

e) Ef um er að ræða mismunarþjálfun skal lögbært yfirvald þess fullvisst að i. fyrri starfsréttindi umsækjanda, til viðbótar við ii. annað hvort námskeið sem samþykkt er í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) eða námskeið sem lögbært yfirvald samþykkir beint, séu viðunandi fyrir veitingu tegundarréttindaáritunar.

f) Sýna skal fram á samræmi við verklega þætti i. með því að leggja fram ítarleg gögn um verklega þjálfun eða færslubók frá viðhaldsfyrirtæki sem samþykkt er í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða, þar sem það er tiltækt, ii. með þjálfunarvottorði sem nær yfir þætti verklegrar þjálfunar og er gefið út af viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur viðeigandi samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta).

g) Tegundaráritun fyrir loftfar skal nota loftfarstegundaréttindin sem tilgreind eru af Flugöryggisstofnuninni.

66.B.120 Verklagsregla við endurnýjun á gildi skírteinis flugvéltæknis

a) Lögbæra yfirvaldið skal bera saman flugvéltækniskírteini handhafans og skrá lögbæra yfirvaldsins og athuga hvort einhverjar aðgerðir til afturköllunar, ógildingar eða breytingar skv. 66.B.500 standi yfir. Ef skjölin eru nákvæmlega eins og engar aðgerðir skv. 66.B.500 standa yfir skal endurnýja afrit handhafans til fimm ára og færa í skrána til samræmis við það.

b) Ef skrá lögbæra yfirvaldsins ber ekki saman við skírteini flugvéltæknis sem handhafi hefur:

1. skal lögbæra yfirvaldið rannsaka ástæður slíks munar og getur ákveðið að endurnýja ekki skírteini flugvéltæknis.

2. skal lögbæra yfirvaldið tilkynna handhafa skírteinisins um það, sem og sérhverju kunnu viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki samkvæmt F-kafla í I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta) og þetta kann að hafa bein áhrif á,

3. skal lögbæra yfirvaldið, ef þörf krefur, grípa til aðgerða skv. 66.B.500 til að afturkalla, ógilda tímabundið eða breyta viðkomandi skírteini.

66.B.125 Verklagsregla við umbreytingu á skírteini, þ.m.t. hópréttindi

a) Einstök tegundarréttindi á loftför sem þegar hafa verið veitt á skírteini flugvéltæknis sem um getur í 4. lið 5. gr. skulu vera á skírteininu og skal þeim ekki umbreytt nema handhafinn uppfylli að fullu kröfurnar um áritun sem skilgreindar eru í lið 66.A.45 í þessum viðauka (66. hluta) fyrir samsvarandi hóp-/undirhópréttindi.

b) Umbreytingarnar skulu gerðar í samræmi við eftirfarandi töflu:

1. að því er varðar flokk B1 eða C:

– þyrla með strokkhreyfli, full hópréttindi: umbreytt í „full undirhópréttindi 2c“ auk tegundaréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með strokkhreyfli sem eru í hópi 1,

– þyrla með strokkhreyfli, hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í samsvarandi „ hópréttindi 2c bundin við framleiðanda“ auk tegundaréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með strokkhreyfli sem eru frá þeim framleiðanda og í hópi 1,

– þyrla með hverfihreyfli, full hópréttindi: umbreytt í „full undirhópréttindi 2b“ auk tegundaréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með hverfihreyfli sem eru í hópi 1,

– þyrla með hverfihreyfli, hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í samsvarandi „hópréttindi 2b bundin við framleiðanda“ auk tegundaréttinda loftfars fyrir einshreyfilsþyrlur með hverfihreyfli sem eru frá þeim framleiðanda og í hópi 1,

– eins hreyfils flugvél með strokkhreyfli — með burðarvirki úr málmi, annað hvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í „full hópréttindi 3“. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

– fjölhreyfla flugvélar með strokkhreyflum — með burðarvirki úr málmi, annað hvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í „full hópréttindi 3“. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efnivið, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

– eins hreyfils flugvél með strokkhreyfli — með burðarvirki úr viði, annað hvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í „full hópréttindi 3“. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efniviði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

– fjölhreyfla flugvélar með strokkhreyflum — með burðarvirki úr viði, annað hvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í „full hópréttindi 3“. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr blönduðum efniviði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

– eins hreyfils flugvél með strokkhreyfli — með burðarvirki úr blönduðum efniviði, annað hvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í „full hópréttindi 3“. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

– fjölhreyfla flugvélar með strokkhreyflum — með burðarvirki úr blönduðum efniviði, annað hvort full hópréttindi eða hópréttindi bundin við framleiðanda: umbreytt í „full hópréttindi 3“. Eftirfarandi takmarkanir skulu eiga við um B1 skírteini: flugvélar með burðarvirki úr málmi, flugvélar með burðarvirki úr viði og flugvélar úr málmrörum sem eru klæddar með dúk,

– flugvél, hverfihreyfill — eins hreyfils, full hóparéttindi: umbreytt í „full réttindi fyrir undirhóp 2a“ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær einshreyfilsflugvélar með skrúfuhverfihreyflum sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

– flugvél, hverfihreyfill — eins hreyfils, hópréttindi bundin framleiðanda: umbreytt í samsvarandi „undirhópréttindi 2a bundin við framleiðanda“ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær einshreyfilsflugvélar með skrúfuhverfihreyflum sem eru frá þeim framleiðanda og ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

– flugvél, hverfihreyfill — fjölhreyfla, full hópréttindi: umbreytt í tegundarréttindi loftfars fyrir þær fjölhreyflaflugvélar með skrúfuhverfihreyflum sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi,

2. að því er varðar flokk B2:

– flugvél: umbreytt í „full undirhópréttindi 2a“ og „full hópréttindi 3“ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær flugvélar sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

– þyrla: umbreytt í „full undirhópréttindi 2b og 2c“ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær þyrlur sem ekki var gerð krafa um tegundarréttinda fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

3. að því er varðar flokk C:

– flugvél: umbreytt í „full undirhópréttindi 2a“ og „full hópréttindi 3“ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær flugvélar sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1,

– þyrla: umbreytt í „full undirhópréttindi 2b og 2c“ auk tegundarréttinda loftfars fyrir þær þyrlur sem ekki var gerð krafa um tegundarréttindi fyrir í fyrra kerfi og sem eru í hópi 1.

c) Hafi takmarkanir verið á skírteininu í kjölfar umbreytingarferlisins sem um getur í lið 66.A.70 skulu þær takmarkanir vera áfram á skírteininu nema þeim sé aflétt samkvæmt skilyrðunum sem skilgreind eru í viðeigandi umbreytingarskýrslu sem um getur í lið 66.B.300.

66.B.130 Verklagsreglur vegna beins samþykkis á tegundarþjálfun á loftfar

Lögbært yfirvald getur samþykkt tegundarþjálfun á loftfar sem ekki er framkvæmt af viðhaldskennslufyrirtæki sem samþykkt er í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) skv. 1. lið III. viðbætis við þennan viðauka (66. hluta). Í slíkum tilfellum skal lögbært yfirvald hafa verklagsreglur til að tryggja að þjálfun á tegund loftfars sé í samræmi við III. viðbæti þessa viðauka (66. hluti).

C-KAFLI

PRÓF

Í þessum kafla er kveðið á um verklag sem fylgja ber við framkvæmd prófa sem lögbæra yfirvaldið heldur.

66.B.200 Prófahald lögbæra yfirvaldsins

a) Geyma skal allar prófspurningar á öruggan hátt fyrir próf til að tryggja að prófdómendur fái ekki vitneskju um hvaða spurningar verði lagðar fyrir á prófinu.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna:

1. aðila sem velja hvaða spurningar verða notaðar á hverju prófi,

2. prófdómara sem skulu vera til staðar á meðan á öllum prófum stendur til að tryggja áreiðanleika prófanna.

c) Grunnpróf skulu uppfylla staðalinn sem er tilgreindur í I. og II. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta).

d) Próf í tegundarþjálfun og tegundarpróf skulu uppfylla staðalinn sem er tilgreindur í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta).

e) Útbúa skal nýjar ritgerðarspurningar á a.m.k. sex mánaða fresti og spurningar sem þegar hafa verið notaðar skulu teknar úr notkun eða geymdar um tíma. Skrá yfir notaðar spurningar skal varðveitt og notuð til viðmiðunar.

f) Öllum prófverkefnum skal dreift til prófdómenda í upphafi prófsins og skilað til prófdómarans í lok tilgreinds prófatíma. Ekki er heimilt að fara með prófblöð úr prófstofunni á tilgreindum prófatíma.

g) Að frátöldum sérstökum skjölum, sem eru nauðsynleg fyrir tegundarpróf, skulu einungis prófverkefnin vera tiltæk prófdómendunum á meðan á prófinu stendur.

h) Skilja skal prófdómendur að til að þeir geti ekki lesið á prófverkefni hver annars. Þeim er ekki heimilt að tala við aðra en prófdómarann.

i. Verði prófdómendur uppvísir að svindli í prófi skal þeim bannað að taka frekari próf í 12 mánuði frá þeim prófdegi sem þeir urðu uppvísir að svindli.

D-KAFLI

UMBREYTING Á STARFSRÉTTINDUM AFHENDINGARVOTTA

Í þessum kafla er kveðið á um verklagsreglur við umbreytingu á starfsréttindum afhendingarvotta sem um getur í lið 66.A.70 í skírteini flugvéltæknis.

66.B.300 Almenn ákvæði

a) Lögbært yfirvald getur aðeins umbreytt starfsréttindum i. sem fengust í því aðildarríki þar sem það er lögbært, án þess að það hafi áhrif á tvíhliða samninga og ii. sem voru gild áður en viðeigandi kröfur þessa viðauka (66. hluta) öðluðust gildi.

b) Lögbæra yfirvaldinu er einungis heimilt að umbreyta starfsréttindum í samræmi við umbreytingarskýrslu sem er unnin skv. 66.B.305 eða 66.B.310, eftir því sem við á.

c) Umbreytingarskýrslur skulu annað hvort i. vera unnar af lögbæru yfirvaldi eða ii. samþykktar af lögbæra yfirvaldinu til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa viðauka (66. hluta).

d) Lögbært yfirvald skal hafa umbreytingarskýrslur, ásamt öllum breytingum á þeim, á skrá í samræmi við 66.B.20.

66.B.305 Skýrslur um umbreytingu á landsbundnum starfsréttindum

a) Í skýrslunni um umbreytingu á landsbundnum starfsréttindum skal lýsa umfangi hverrar tegundar starfsréttinda, þ.m.t. viðkomandi landsskírteinum, ef um þau er að ræða, viðkomandi réttindi og skal hún innihalda eintak af viðeigandi landsbundnum reglugerðum sem skilgreina þau réttindi.

b) Í umbreytingarskýrslu skal, fyrir hverja tegund starfsréttinda sem um getur í a-lið, sýna:

1. í hvaða skírteini flugvéltæknis þeim verði umbreytt og

2. hvaða takmarkanir bætast við í samræmi við c- eða d-lið liðar 66.A.70, eins og við á, og

3. skilyrðin fyrir því að takmörkunum verði aflétt, þar sem tilgreindir eru þeir námsáfangar/námsgreinar sem ljúka þarf prófi í til að takmörkunum verði aflétt og til að fullt skírteini flugvéltæknis fáist, eða til að bæta við flokki eða undirflokki. Þetta skal ná yfir þá námsáfanga sem skilgreindir eru í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta) en falla ekki undir landsbundin starfsréttindi.

66.B.310 Skýrslur um umbreytingu heimilda viðurkenndra viðhaldsfyrirtækja

a) Í umbreytingarskýrslunni skal, fyrir hvert samþykkt viðhaldsfyrirtæki sem um er að ræða, lýsa gildissviði hverrar tegundar heimildar sem gefin er út af viðhaldsfyrirtækinu og innihalda afrit af viðeigandi verklagsreglum samþykkta viðhaldsfyrirtækisins um starfsréttindi og heimildir afhendingarvotta sem umbreytingarferlið byggist á.

b) Í umbreytingarskýrslu skal, fyrir hverja tegund heimildar sem um getur í a-lið, sýna:

1. í hvaða skírteini flugvéltæknis þeim verði umbreytt og

2. hvaða takmarkanir bætast við í samræmi við c- eða d-lið liðar 66.A.70, eins og við á, og

3. skilyrðin fyrir því að takmörkunum verði aflétt, þar sem tilgreindir eru þeir námsáfangar/námsgreinar sem ljúka þarf prófi í til að takmörkunum verði aflétt og til að fullt skírteini flugvéltæknis fáist, eða til að bæta við flokki eða undirflokki. Þetta skal ná yfir þá námsáfanga sem skilgreindir eru í III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta) en falla ekki undir landsbundin starfsréttindi.

E-KAFLI

MAT Á PRÓFUM

Í þessum hluta er kveðið á um verklagsreglur um mat á prófum í samræmi við c-lið 66.A.25.

66.B.400 Almenn ákvæði

a) Lögbæra yfirvaldið getur einungis gefið mat á grundvelli skýrslu um námsframvindu sem er samin í samræmi við lið 66.B.405.

b) Skýrslan um námsframvindu skal annað hvort i. vera unnar af lögbæru yfirvaldi eða ii. samþykktar af lögbæra yfirvaldinu til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa viðauka (66. hluta).

c) Lögbært yfirvald skal dagsetja allar skýrslur um námsframvindu, ásamt öllum breytingum á þeim, og hafa á skrá í samræmi við 66.B.20.

66.B.405 Skýrsla um námsframvindu

a) Skýrslan um námsframvindu skal innihalda samanburð á:

i. námsáföngum, undiráföngum, námsgreinum og þekkingarkröfum í I. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta), eftir því sem við á, og

ii. námsefni fyrir tæknileg starfsréttindi sem um er að ræða fyrir viðkomandi flokk sem sóst er eftir.

Með samanburðinum skal tilgreina hvort samræmis sé gætt og skal hver slík fullyrðing rökstudd.

b) Mat til annarra prófa en vegna grunnþekkingar, sem fara fram í viðhaldskennslufyrirtækjum sem samþykkt eru í samræmi við IV. viðauka (147. hluta), getur aðeins verið gefið af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem starfsréttindin hafa fengist, án þess að það hafi áhrif á tvíhliða samninga.

c) Ekki er hægt að gefa neitt mat nema yfirlýsing um að skilyrði hafi verið uppfyllt sé til fyrir sérhvern námsáfanga og undiráfanga þar sem fram kemur hvar finna megi sambærilegan staðal í tæknilegu starfsréttindunum.

d) Lögbært yfirvald skal reglulega athuga hvort i. landsbundinn starfsréttindastaðall eða ii. I. viðbætir við þennan viðauka (66. hluta) hafi breyst og leggja mat á hvort þá verði að fara fram á breytingar á skýrslu um námsframvindu. Slíkar breytingar skal skjalfesta, dagsetja og hafa á skrá.

66.B.410 Gildistími námsframvindu

a) Lögbært yfirvald skal tilkynna umsækjanda, skriflega, um allt mat sem veitt er ásamt tilvísun í þá skýrslu um námsframvindu sem notast er við.

b) Mat fellur úr gildi 10 árum eftir að það er veitt.

c) Þegar matið fellur úr gildi getur umsækjandinn sótt um nýtt mat. Hafi kröfur um grunnþekkingu sem skilgreindar eru í I. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta) ekki breyst skal lögbært yfirvald framlengja gildi matsins um 10 ár til viðbótar án frekari athugunar.

F-KAFLI

SAMFELLT EFTIRLIT

Í þessum hluta er lýst verklagsreglum vegna samfellds eftirlits á skírteini flugvéltæknis og einkum vegna afturköllunar, tímabundinnar ógildingar eða takmörkunar á skírteini flugvéltæknis.

66.B.500 Afturköllun, tímabundin ógilding eða takmörkun á skírteini flugvéltæknis

Lögbæra yfirvaldið skal ógilda tímabundið, takmarka eða afturkalla skírteini flugvéltæknis ef það hefur greint öryggisvanda eða hefur ótvíræðar sannanir fyrir því að viðkomandi hafi framkvæmt eða átt þátt í einhverju af því sem hér fer á eftir:

1. fengið skírteini flugvéltæknis og/eða vottunarréttindi með því að falsa skjöl,

2. vanrækt að framkvæma það viðhald sem óskað var eftir ásamt því að tilkynna það ekki til fyrirtækisins eða aðilans sem óskaði eftir viðhaldsvinnunni,

3. vanrækt að framkvæma það viðhald sem skoðun hans leiddi í ljós að var nauðsynlegt ásamt því að tilkynna það ekki til fyrirtækisins eða aðilans sem hann átti að vinna viðhaldið fyrir,

4. sýnt kæruleysi við viðhaldsstörf,

5. falsað viðhaldsskrár,

6. gefið út afhendingarvottorð, vitandi að viðhaldið, sem tilgreint var á vottorðinu, hafði ekki verið framkvæmt eða án þess að ganga úr skugga um að það hefði verið framkvæmt,

7. unnið viðhaldsvinnu eða gefið út afhendingarvottorð undir áhrifum áfengis eða lyfja,

8. gefið út afhendingarvottorð án þess að gæta samræmis við I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða III. viðauka (66. hluta).

_____

I. viðbætir

Kröfur um grunnþekkingu

1. **Þekkingarstig fyrir skírteini flugvéltæknis í flokkum A, B1, B2, B3 og C**

Kröfur um grunnþekkingu fyrir flokka A, B1, B2 og B3 eru auðkenndar með þekkingarstigum (1, 2 eða 3) í hverri viðkomandi námsgrein. Umsækjendur í flokki C skulu annaðhvort uppfylla kröfur um grunnþekkingu fyrir flokk B1 eða B2.

Þekkingarstigin eru skilgreind í 3 stigum með eftirfarandi hætti:

– *1. STIG: Kunnugleiki á helstu þáttum námsgreinarinnar.*

Markmið:

a) Umsækjandi skal kunna skil á grunnþáttum námsgreinarinnar.

b) Umsækjandi skal vera fær um að gefa einfalda lýsingu á námsgreininni í heild í almennum orðum og með dæmum.

c) Umsækjandinn skal vera fær um að nota dæmigerð íðorð.

– *2. STIG: Almenn þekking á fræðilegum og verklegum þáttum námsgreinarinnar og færni til að nota þá þekkingu.*

Markmið:

a) Umsækjandinn skal vera fær um að skilja fræðileg grundvallaratriði námsgreinarinnar.

b) Umsækjandi skal vera fær um að gefa almenna lýsingu á námsgreininni, með dæmum eftir því sem við á.

c) Umsækjandi skal vera fær um að nota stærðfræðiformúlur ásamt eðlisfræðilegum lögmálum sem lýsa námsgreininni.

d) Umsækjandi skal vera fær um að lesa úr og skilja uppdrætti, teikningar og skýringarmyndir sem lýsa viðfangsefninu.

e) Umsækjandi skal vera fær um að nota þekkingu sína á hagnýtan hátt með því að fylgja ítarlegum verklagsreglum.

– *3. STIG: Ítarleg þekking á fræðilegum og verklegum þáttum námsgreinarinnar og færni til að sameina og nota mismunandi þekkingaratriði á rökrænan og heildstæðan hátt.*

Markmið:

a) Umsækjandi skal þekkja kenningar á sviði námsgreinarinnar og innbyrðis tengsl við aðrar námsgreinar.

b) Umsækjandi skal vera fær um að gefa ítarlega lýsingu á námsgreininni í heild með því að nota fræðileg grundvallaratriði og sértæk dæmi.

c) Umsækjandi skal skilja og vera fær um að nota þær stærðfræðiformúlur sem varða námsgreinina.

d) Umsækjandi skal vera fær um að lesa úr, skilja og gera uppdrætti, einfaldar teikningar og skýringarmyndir sem lýsa viðfangsefninu.

e) Umsækjandi skal vera fær um að nota þekkingu sína á hagnýtan hátt með því að fylgja leiðbeiningum framleiðanda.

f) Umsækjandi skal vera fær um að túlka niðurstöður úr mismunandi heimildum og mælingum og gera leiðréttingar ef við á.

2. Áfangaskipting

Nám í grunngreinum fyrir hvern flokk eða undirflokk skírteinis flugvéltæknis skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu þar sem viðeigandi námsgreinar eru auðkenndar með „X“:

Náms-áfangar	Flugvél í flokki A eða B1 með:		Þyrla í flokki A eða B1 með:		B2	B3
	hverfihreyfli eða -hreyflum	strokkhreyfli eða -hreyflum	hverfihreyfli eða -hreyflum	strokkhreyfli eða -hreyflum	Rafeindabúnaður loftfara	Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarks-flugtaksmassa eða þar undir
1	X	X	X	X	X	X
2	X	X	X	X	X	X
3	X	X	X	X	X	X
4	X	X	X	X	X	X
5	X	X	X	X	X	X
6	X	X	X	X	X	X
7A	X	X	X	X	X	
7B						X
8	X	X	X	X	X	X
9A	X	X	X	X	X	
9B						X
10	X	X	X	X	X	X
11A	X					
11B		X				
11C						X
12			X	X		
13					X	
14					X	
15	X		X			
16		X		X		X
17A	X	X				
17B						X

1. ÁFANGI: STÆRÐFRÆÐI

	STIG			
	A	B1	B2	B3
1,1 **Reikningur**	1	2	2	2
Hugtök og tákn í reikningi, aðferðir við margföldun og deilingu, brot og tugabrot, þættir og margfeldi, vægi, mál og umreikningsstuðlar, hlutfall og hlutfallajafna, meðaltal og hundraðshlutar, flatarmál og rúmmál, tvíveldi, þríveldi, önnur og þriðja rót.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
1.2 **Algebra**				
a) Útreikningur á einföldum algebrustæðum, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling, notkun sviga, einföld algebrubrot.	1	2	2	2
b) Línulegar jöfnur og lausnir þeirra. Veldisvísar og veldi, neikvæðir og brotnir veldisvísar. Tvíundakerfið og önnur viðeigandi talnakerfi. Jöfnuhneppi og annars stigs jöfnur með einni óþekktri stærð. Lograr.	—	1	1	1
1.3 **Rúmfræði**				
a) Einfaldar rúmfræðilegar teikningar.	—	1	1	1
b) Myndræn framsetning, eðli og notkun línurita, línurit jafna og falla.	2	2	2	2
c) Einföld hornafræði, hornafræðileg vensl, notkun taflna og rétthyrndra hnita og skauthnita.	—	2	2	2

2. ÁFANGI: EÐLISFRÆÐI

	STIG			
	A	B1	B2	B3
2.1 **Efni**	1	1	1	1
Eðli efnis: frumefni, bygging frumeinda, sameindir.				
Efnasambönd.				
Ástand efnis: fast, fljótandi og loftkennt.				
Breyting úr einu ástandi í annað.				
2.2 Aflfræði				
2.2.1 Stöðufræði	1	2	1	1
Kraftar, kraftvægi og kraftapör, teikning vigra.				
Þyngdarmiðja.				
Þættir spennu-, aflögunar- og fjaðurfræði: tog, þjöppun, skúfun og vindingur.				
Eðli og eiginleikar fastra, fljótandi og loftkenndra efna.				
Þrýstingur og flotkraftur í vökvum (loftvogir)				
2.2.2 Hvarfafræði	1	2	1	1
Línuleg hreyfing: jöfn hreyfing eftir beinni línu, hreyfing með jafnri hröðun (hreyfing í þyngdarsviði).				
Snúningshreyfing, jöfn hringhreyfing (miðflótta- og miðsóknarkraftar).				
Lotubundin hreyfing: sveifluhreyfing.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
Einföld sveiflufræði, hreintóna sveiflur og meðsveiflur.				
Hraðahlutfall, mögnun og aflræn nýting.				
2.2.3 Hreyfifræði				
a) Massi. Kraftur, tregða, vinna, afl, orka (stöðuorka, hreyfiorka og heildarorka), varmi, nýtni.	1	2	1	1
b) Skriðþungi, varðveisla skriðþunga. Atlag. Lögmál snúðu. Núningur: eðli og áhrif, núningsstuðull (veltiviðnám).	1	2	2	1
2.2.4 *Straumfræði*				
a) Eðlisþyngd og eðlismassi.	2	2	2	2
b) Seigja, vökvaviðnám, áhrif straumlínulögunar, áhrif þjappanleika á vökva. Stöðu-, hreyfi- og heildarþrýstingur: Setning Bernoullis, Venturi.	1	2	1	1
2.3 **Varmafræði**				
a) Hitastig: hitamælar og hitakvarðar: Celsíus, Fahrenheit og Kelvín-kvarðar, skilgreining á varma.	2	2	2	2
b) Varmarýmd, eðlisvarmi. Varmaflutningur: streymi, geislun og leiðing. Rúmmálsþensla. Fyrsta og annað lögmál varmafræðinnar. Lofttegundir: lögmál kjörlofttegunda, eðlisvarmi við stöðugan þrýsting og stöðugt rúmmál, vinna sem fer fram þegar lofttegund þenst út. Óvermin jafnhitaþensla og jafnhitaþjöppun, vinnuhringir hreyfils, stöðugt rúmmál og stöðugur þrýstingur, kælar og varmadælur. Bræðsluvarmi og gufunarvarmi, varmaorka, brennsluvarmi.	—	2	2	1
2.4 **Ljósfræði (ljós)**	—	2	2	—
Eðli ljóss, hraði ljóss.				
Lögmál speglunar og ljósbrots: speglun í sléttu yfirborði, speglun með kúluspeglum, ljósbrot, linsur.				
Ljósleiðaratækni.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
2.5 **Bylgjuhreyfing og hljóð**	—	2	2	—
Bylgjuhreyfing: aflrænar bylgjur, sínusbylgjuhreyfing, bylgjuvíxl, staðbylgjur.				
Hljóð: hraði hljóðs, myndun hljóðs, styrkur, tónhæð og tóngæði, Dopplerhrif.				

3. ÁFANGI: GRUNDVALLARATRIÐI RAFMAGNS

	STIG			
	A	B1	B2	B3
3.1 **Rafeindafræði**	1	1	1	1
Bygging og dreifing rafhleðslu í: frumeindum, sameindum, jónum og efnasamböndum.				
Sameindabygging leiðara, hálfleiðara og einangrara.				
3.2 **Stöðurafmagn og leiðing**	1	2	2	1
Stöðurafmagn og dreifing rafstöðuhleðslu.				
Rafstöðulögmál aðdráttar og fráhrindingar.				
Einingar rafhleðslu, lögmál Coulombs.				
Leiðing rafmagns í föstum, fljótandi og loftkenndum efnum og í lofttæmi.				
3.3 **Rafmagnshugtök**	1	2	2	1
Eftirfarandi hugtök, einingar þeirra og þættir sem hafa áhrif á þau: spennumunur, íspenna, spenna, straumur, viðnám, leiðni, rafhleðsla, hefðbundið flæði straums, rafeindaflæði.				
3.4 **Raforkuvinnsla**	1	1	1	1
Framleiðsla rafmagns með eftirfarandi aðferðum: ljósi, varma, núningi, þrýstingi, efnahvarfi, segulmagni og hreyfingu.				
3.5 **Jafnstraumsgjafar**	1	2	2	2
Uppbygging og aðalefnahvörf í: einnota rafhlöðum, endurhlaðanlegum rafhlöðum, blýrafhlöðum, nikkel-kadmíum-rafhlöðum, öðrum basískum rafhlöðum.				
Raðtengdar og hliðtengdar rafhlöður.				
Innra viðnám og áhrif þess á rafhlöður.				
Uppbygging, efniviður og starfsemi tvinna.				
Starfsemi ljósnema.				
3.6 Jafnstraumsrásir	—	2	2	1
Lögmál Ohms, lögmál Kirchoffs um spennu og straum.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
Útreikningar á viðnámi, spennu og straumi með framangreindum lögmálum.				
Þýðing innra viðnáms spennugjafa.				
3.7 **Viðnám**				
a) Viðnám og áhrifaþættir.	—	2	2	1
Eðlisviðnám.				
Litakóðar, gildi og vikmörk viðnáma, valgildi, málafl (e. *wattage rating*).				
Raðtengd og hliðtengd viðnám.				
Útreikningur á heildarviðnámi með raðtengingu, hliðtengingu og rað- og hliðtengingu.				
Starfsemi og notkun spennudeila og renniviðnáms.				
Starfsemi Wheatstone-brúar.				
b) Jákvæður og neikvæður hitastuðull fyrir leiðni.	—	1	1	—
Fast viðnám, stöðugleiki, vikmörk og takmarkanir, aðferðir við smíði.				
Breytilegt viðnám, hitanæmt viðnám (e. *thermistor*), spennuháð viðnám.				
Uppbygging spennudeila (e. *potentiometers*) og renniviðnáms.				
Uppbygging Wheatstone-brúar.				
3.8 **Afl**	—	2	2	1
Afl, vinna og orka (hreyfiorka og stöðuorka).				
Afltap í viðnámi.				
Aflformúla.				
Útreikningar er varða afl, vinnu og orku.				
3.9 **Rýmd/þéttir**	—	2	2	1
Starfsemi og virkni þéttis.				
Þættir sem hafa áhrif á rýmd, plötuyfirborð, fjarlægð milli platna, fjölda platna, rafsvara (e. *dielectric*) og rafsvörunarstuðul, álagsspennu og málspennu (e. *voltage rating*).				
Tegundir þétta, uppbygging og virkni.				
Litakóðar þétta.				
Útreikningur á rýmd og spennu í rað- og hliðtengdum straumrásum.				
Hleðsla og afhleðsla þéttis samkvæmt vísisfalli, tímastuðlar.				
Prófun þétta.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
3.10 **Segulmagn**				
a) Segulfræði.	—	2	2	1
Eiginleikar seguls.				
Verkun seguls sem er hengdur upp í segulsviði jarðar.				
Seglun og afseglun.				
Segulskýling.				
Ýmsar tegundir segulefnis.				
Uppbygging rafsegla og undirstöðuatriði starfsemi þeirra.				
Hægrihandarreglan til að ákvarða segulsvið í kringum leiðara sem straumur fer um.				
b) Segulíspenna, sviðsstyrkur, þéttleiki segulflæðis, segulsvörunarstuðull, segulheldnilykkja (e. *hysteresis loop*), heldnigeta (e. *retentivity*), viðnám gegn afseglun, mettunarmark, iðustraumar.	—	2	2	1
Varúðarráðstafanir við meðhöndlun og geymslu segla.				
3.11 **Spanstuðull/spanald**	—	2	2	1
Faraday-lögmál.				
Spönun spennu í leiðara sem hreyfir sig í segulsviði.				
Spanlögmál.				
Áhrif eftirfarandi á styrk spanaðrar spennu: styrkur segulsviðs, breytingarhraði segulflæðis, fjöldi leiðaravafninga.				
Víxlspan.				
Áhrif breytingarhraða forstraums og víxlspans á spanaða spennu.				
Þættir sem hafa áhrif á víxlspennu: fjöldi vafninga í spólu, stærð sjálfrar spólunnar, segulsvörunarstuðull spólu, innbyrðis afstaða spólna.				
Lenz-lögmál og reglur til að ákvarða skautstefnu.				
Spönuð mótspenna, sjálfspan.				
Mettunarmark.				
Helsta notkun spanalda.				
3.12 **Jafnstraumshreyfilfræði/-rafalafræði**	—	2	2	1
Grunnatriði hreyfil- og rafalafræða.				
Uppbygging og hlutverk íhluta í jafnstraumsrafala.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
Starfsemi jafnstraumsrafala og þættir sem hafa áhrif á afköst þeirra og stefnu rafstraums í þeim.				
Starfsemi jafnstraumshreyfla og þættir sem hafa áhrif á útafl þeirra, snúningsvægi, hraða og snúningsstefnu.				
Raðtengdur rafmótor, affallsmótor og fleirvafinn rafmótor.				
Uppbygging ræsirafala.				
3.13 **Riðstraumsfræði**	1	2	2	1
Sinuslaga bylgjur: fasi, sveiflutími, tíðni, lota.				
Augnabliksgildi, meðalgildi, virkt gildi (rms), toppgildi og millitoppagildi straums og útreikningur á þessum gildum með hliðsjón af spennu, straumi og afli.				
Þríhyrndar bylgjur/ferhyrndar bylgjur.				
Undirstöðuatriði einfasa og þrífasa.				
3.14 **Viðnáms- (R), rýmdar- (C) og span- (L) rásir**	—	2	2	1
Fasasambandið milli spennu og straums í hliðtengdum, raðtengdum og rað- og hliðtengdum L-, C- og R-rásum.				
Afltap í L-, C- og R-rásum.				
Útreikningur á samviðnámi, fasahorni, aflstuðli og rafstraumi.				
Útreikningur á raunafli, sýndarafli og launafli.				
3.15 **Spennubreytar**	—	2	2	1
Undirstöðuatriði uppbyggingar og starfsemi spennubreyta.				
Orkutap í spennubreytum og aðferðir til að ráða bót á því.				
Starfsemi spennubreyta undir álagi og í lausagangi.				
Aflflutningur, nýtni, skautmerkingar.				
Útreikningur á línu- og fasaspennu og línu og fasastraumi.				
Útreikningur á afli í þrífasakerfi.				
For- og bakstraumur, spenna, vafningahlutfall, afl, nýtni.				
Einvafsspennir.				
3.16 **Síur**	—	1	1	—
Starfsemi, beiting og notkun eftirfarandi sía: lághleypisíu, háhleypisíu, bandhleypisíu og bandgirðisíu.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
3.17 **Riðstraumsrafalar** Snúningur lykkju í segulsviði og bylgjuformið sem myndast. Starfsemi og uppbygging riðstraumsrafala, annars vegar með snúðvafi og hins vegar með hverfisviði. Einfasa, tvífasa og þrífasa riðstraumsrafalar. Kostir og notkun þrífasa stjörnu- og þríhyrningstenginga. Rafalar með sísegli.	—	2	2	1
3.18 **Riðstraumshreyflar** Uppbygging, undirstöðuatriði starfsemi og einkenni: samfasa riðstraumshreyfla og riðstraumsspanhreyfla, bæði einfasa og fjölfasa. Aðferðir við hraðastjórn og snúningsstefna. Aðferðir við myndun snúningssviðs: þéttir, spanald, skyggður eða klofinn póll.	—	2	2	1

4. ÁFANGI: GRUNDVALLARATRIÐI RAFEINDATÆKNI

	STIG			
	A	B1	B2	B3
4.1 **Hálfleiðarar** 4.1.1 *Díóður* a) Tvistatákn. Einkenni og eiginleikar tvista. Að- og hliðtengdir tvistar. Helstu einkenni og notkun á kísilstýrðum afriðlum (rofsmárum: e. *thyristor*), ljóstvistum, ljósnæmum tvistum, rafeindaviðnámi (e. *varistor*), afriðlum (e. *rectifier diodes*). Prófun á virkni tvista.	—	2	2	1
b) Efni, rafeindaskipan, rafeiginleikar. Rafleiðandi hálfleiðarar (p- og n-hálfleiðarar): áhrif veilna á leiðingu, ríkjandi (e. *majority*) og víkjandi (e. *minority*) hleðsluberar. pn-samskeyti í hálfleiðara, spennufall yfir pn-samskeyti án forspennu og með framspennu og bakspennu. Kennistærðir tvista: hámarksbakspenna, hámarksstraumgildi við framspennu, hitastig, tíðni, lekastraumur, afltap. Starfsemi og virkni tvista í eftirfarandi straumrásum: klippum (e. *clipper*), klemmum (e. *clamper*), heilbylgju- og hálfbylgjuafriðlum, brúarafriðlum, spennutvöföldurum og spennuþreföldurum. Nákvæm lýsing á starfsemi og einkennum eftirfarandi búnaðar: kísilstýrðra afriðla (rofsmára), ljóstvista, Shottky-skeyta (e. *Shottky diode*), ljósnæmra tvista, gagnvirkra tvista, rafeindaviðnáms, afriðla (e. *rectifier diodes*), Zener-tvista.	—	—	2	—

	STIG			
	A	B1	B2	B3
4.1.2 *Smárar*				
a) Smáratákn. Lýsing íhluta og áttun. Einkenni og eiginleikar smára.	—	1	2	1
b) Uppbygging og starfsemi pnp- og npn-smára. Útfærslur með beini, gleypi og eimi. Prófun smára. Grunnþekking á öðrum tegundum smára og notkun þeirra. Beiting smára: flokkar magnara (A, B og C). Einfaldar straumrásir, þ.m.t.: forspenna, aftengsl, afturverkun og stöðgun. Undirstöðuatriði fjölþrepastraumrása: keðjustraumrásir, tvístefnustraumrásir, sveifluvakar, vippur (e. *multivibrators*) og vippurásir (e. *flip-flop circuits*).	—	—	2	—
4.1.3 *Samrásir*				
a) Lýsing á rökrásum og línulegum rásum/aðgerðamögnurum og starfsemi þeirra.	—	1	—	1
b) Lýsing á rökrásum og línulegum rásum og starfsemi þeirra. Kynning á starfsemi og virkni aðgerðamagnara sem er notaður sem: tegurrás, diffurrás, spennufylgir, samberi. Starfsemi og aðferðir við tengingar magnarastiga: viðnáms-rýmdartenging, spantenging (spennubreytir), span-viðnámstenging (IR), beintenging. Kostir og gallar jákvæðrar og neikvæðrar afturverkunar.	—	—	2	—
4.2 **Prentplötur** Lýsing og notkun prentplatna.	—	1	2	—
4.3 **Stýrikerfi**				
a) Skilningur á eftirfarandi hugtökum: Opin og lokuð stýrikerfi, afturverkun, eftirfylgni, hliðræn ferjöld. Undirstöðuatriði starfsemi og notkun eftirfarandi íhluta samtakta kerfa: mismunar-, stýringar- og snúningsvægishnitgreina (hnitgreinir: e. *resolver*), breyta, span- og rýmdarsenda.	—	1	—	—
b) Skilningur á eftirfarandi hugtökum: Opin og lokuð stýrikerfi, eftirfylgni, stýriþrælar, hliðrænn, ferjald, núll, róun (e. *damping*), afturverkun, deyðubil. Uppbygging, starfsemi og notkun eftirfarandi íhluta samtakta kerfa: mismunar-, stýringar- og snúningsvægishnitgreina, E- og I-breyta, spansenda, rýmdarsenda og samtakta senda. Gallar í stýrikerfum, víxlun á samtöktunarleiðslum, vag.	—	—	2	—

5. ÁFANGI: STAFRÆN TÆKNI OG RAFEINDAMÆLAKERFI

	STIG				
	A	B1-1 B1-3	B1-2 B1-4	B2	B3
5.1 **Rafeindamælakerfi**	1	2	2	3	1
Dæmigerðar kerfislausnir fyrir rafeindamælakerfi og fyrirkomulag rafeindamælakerfa í stjórnklefa.					
5.2 **Talnakerfi**	—	1	—	2	—
Talnakerfi: tvíundakerfið, áttundakerfið og sextándakerfið,					
Kunnátta í umreikningi milli tugakerfis og tvíunda-, áttunda- og sextándakerfisins og öfugt.					
5.3 **Umskráning gagna**	—	1	—	2	—
Hliðræn gögn, stafræn gögn.					
Starfsemi og beiting flaumbreyta (breyta úr hliðrænu yfir í stafrænt) og stafbreyta (breyta úr stafrænu yfir í hliðrænt), ílag og frálag, ýmsar tegundir takmarkana.					
5.4 **Gagnabrautir**	—	2	—	2	—
Starfsemi gagnabrauta í kerfum loftfara, þ.m.t. þekking á ARINC-forskriftum og öðrum forskriftum.					
Netkerfi loftfars/íðnet					
5.5 **Rökrásir**					
a) Tilgreining algengra rökhliðatákna, töflur og jafngildisrásir.	—	2	—	2	1
Forrit sem eru notuð í kerfi loftfara, skýringarmyndir.					
b) Túlkun rökmynda.	—	—	—	2	—
5.6 **Grunnbygging tölvu**					
a) Tölvuíðorð (þ.m.t. biti, bæti, hugbúnaður, vélbúnaður miðverk (CPU), samrás (IC) og ýmiss minnisbúnaður, s.s. vinnsluminni (RAM), lesminni (ROM) og forritanlegt lesminni (PROM)).	1	2	—	—	—
Tölvutækni (eins og henni er beitt í kerfum loftfara).					
b) Tölvutengd íðorð.	—	—	—	2	—
Starfsemi, skipulag og skilfletir helstu íhluta í örtölvu, þ.m.t. gagnabrautakerfin sem þeim tengjast.					
Upplýsingar í skipanaorðum með eitt og mörg vistföng.					
Hugtök sem varða minnið.					
Starfsemi dæmigerðra minnisgeymslna.					
Starfsemi, kostir og gallar mismunandi gagnageymslukerfa.					

	STIG				
	A	B1-1 B1-3	B1-2 B1-4	B2	B3
5.7 **Örgjörvar**	—	—	—	2	—
Aðgerðir, sem örgjörvi framkvæmir, og heildarstarfsemi hans.					
Grunnstarfsemi hverra eftirtalinna örgjörvaeininga: stýriverks og miðverks, klukku, gistis og reikni- og rökverks.					
5.8 **Samrásir**	—	—	—	2	—
Starfsemi og notkun kóðara og afkóðara.					
Virkni mismunandi tegunda kóðara.					
Notkun miðlungssamrásunar og víðtækrar og mjög víðtækrar samrásunar.					
5.9 **Fjölrásun**	—	—	—	2	—
Starfsemi, beiting og auðkenni í rökmyndum fjölrásara og fjölrásagreina.					
5.10 **Ljósleiðaratækni**	—	1	1	2	—
Kostir og gallar þess að flytja gögn um ljósleiðara fremur en rafstrengi.					
Gagnabraut um ljósleiðara.					
Hugtök sem varða ljósleiðaratækni.					
Endabúnaður.					
Tengjöld, stjórnstöðvar, útstöðvar.					
Beiting ljósleiðaratækni í kerfum loftfara.					
5.11 **Rafrænir skjáir**	—	2	1	2	1
Undirstöðuatriði starfsemi algengra tegunda skjáa í nútímaloftförum, þ.m.t.: Myndlampar, ljóstvistar og vökvakristallaskjáir.					
5.12 Rafstöðunæm tæki	1	2	2	2	1
Sérstök meðhöndlun íhluta sem eru næmir fyrir rafstöðuhleðslu.					
Vitneskja um áhættu og hugsanlegar skemmdir, búnaður sem verndar íhluti og starfsfólk fyrir stöðurafmagni.					
5.13 **Eftirlit með hugbúnaðarstjórnun**	—	2	1	2	1
Vitneskja um takmarkanir, lofthæfikröfur og þau slys sem ósamþykktar breytingar á hugbúnaðarforritum geta valdið.					

	STIG				
	A	B1-1 B1-3	B1-2 B1-4	B2	B3
5.14 **Rafsegulumhverfi**	—	2	2	2	1
Áhrif eftirfarandi fyrirbæra á starfsvenjur í viðhaldi rafeindakerfa:					
Rafsegulsviðssamhæfi (EMC).					
Rafsegultruflanir (EMI).					
Kröftugt geislunarsvið (e. *high intensity radiated field*- HIRF).					
Elding/eldingarvari.					
5.15 **Dæmigerð rafeindakerfi/stafræn kerfi loftfara**	—	2	2	2	1
Almennar lausnir fyrir dæmigerð rafeindakerfi/stafræn kerfi loftfara og tilheyrandi innbyggð prófunarkerfi (e. *built in test equipment*- BITE), s.s.:					
a) *Fyrir B1 og B2 eingöngu:*					
ACARS fjarskipta og tilkynningarkerfi ARINC-flugfjarskiptafyrirtækisins.					
EICAS (e. *Engine Indication and Crew Alerting System*): hreyfil- og viðvörunarskjákerfi.					
FBW (e. *Fly by Wire*): rafboðastýri					
FMS (e. *Flight Management System*): flugstýrikerfi					
IRS (e. *Inertial Reference System*): tregðustaðsetningarkerfi.					
b) *Fyrir B1, B2 og B3:*					
ECAM (e. *Electronic Centralised Aircraft Monitoring*): rafrænn, miðlægur vöktunarskjár fyrir loftför (ECAM).					
EFIS (e. *Electronic Flight Instrument System*): flugskjákerfi.					
GPS (e. *Global Positioning System*): GPS-staðsetningarkerfi.					
TCAS (e. *Traffic Alert Collision Avoidance System*): umferðar- og árekstrarvari.					
Samþættur einingarafeindabúnaður loftfars					
Kerfi í farþegarými					
Upplýsingakerfi.					

6. ÁFANGI: EFNI OG VÉLBÚNAÐUR

	STIG			
	A	B1	B2	B3
6.1 Efni í flugvélar – járnblönduð efni				
a) Einkenni, eiginleikar og auðkenni algengra stálblandna sem eru notaðar í loftför.	1	2	1	2
Hitameðhöndlun og beiting stálblandna.				

	STIG			
	A	B1	B2	B3
b) Prófun járnblandaðra efna með tilliti til hörku, togþols, þreytuþols og höggþols.	—	1	1	1
6.2 **Efni í flugvélar – járnlaus efni**				
a) Einkenni, eiginleikar og auðkenni algengra járnlausra efna sem eru notuð í loftför. Hitameðhöndlun og beiting járnlausra efna.	1	2	1	2
b) Prófun járnlausra efna með tilliti til hörku, togþols, þreytuþols og höggþols.	—	1	1	1
6.3 **Efni í flugvélar – samsett efni og málmlaus efni**				
6.3.1 *Samsett efni og málmlaus efni, þó ekki viður og dúkur*				
a) Einkenni, eiginleikar og auðkenni algengra samsettra efna og málmlausra efna, nema viðar, sem eru notuð í loftför. Þéttiefni og límefni.	1	2	2	2
b) Greining galla/skemmda í samsettum efnum og málmlausum efnum. Viðgerð á samsettum efnum og málmlausum efnum.	1	2	—	2
Starfsemi og áhrif ferilstýris, hæðaraflstýris og stýringar mótvægis við snúningsvægi.	
13.2 **Burðarvirki — Almenn hugtök**	
a) Grundvallaratriði burðarvirkiskerfa.	1
b) Svæðis- og reitakennikerfi. Jarðsamband. Ákvæði um eldingavara.	2
13.3 **Sjálfstýrikerfi (ATA 22)**	3
Grundvallaratriði sjálfstýrikerfa, þ.m.t. grunnreglur og gildandi hugtakanotkun.	
Vinnsla boðmerkja.	
Stýrihættir: veltu-, kink og geigunarrásir.	
Geigunardeyfar.	
Stöðugleikaaukning í þyrlum.	
Sjálfvirkur stýrisstillir.	
Skilflötur leiðsögutækja og sjálfstýringar.	
Sjálfvirk eldsneytisgjafarkerfi.	
Sjálfvirk lendingarkerfi: undirstöðuatriði og flokkar, stýrihættir, aðflug, aðflugshalli, lending, hætt við lendingu, kerfiseftirlit og bilanir.	
13.4 **Fjarskipti/leiðsaga (ATA 23/34)**	3
Grundvallaratriði er varða útbreiðslu útvarpsbylgna, loftnet, fæðilínur, fjarskipti, viðtæki og senda.	
Grunnreglur fyrir eftirfarandi kerfi: – metrabylgjufjarskipti (VHF), – stuttbylgjufjarskipti (HF), – hljóðmerki, – neyðarsenda, – hljóðrita, – fjölstefnuvita (VOR), – hringvitavísa (ADF), – blindlendingarkerfi (ILS), – örbylgjulendingarkerfi (MLS), – flugbeinikerfi, fjarlægðarmælivita (DME), – lágtíðni- og gleiðbogaleiðsögu (VLF/Omega), – Doppler-leiðsögu, – svæðisleiðsögu, RNAV-kerfi, – flugstýrikerfi, – GPSstaðsetningarkerfi, GNSSstaðsetningarkerfi, – tregðuleiðsögukerfi, – ratsjárvara flugumferðarstjórnar, kögunarsvarratsjár, – umferðar- og árekstrarvara (TCAS), – veðurratsjár, – ratsjárhæðarmæla, – ACARS fjarskipta og tilkynningarkerfi ARINC-flugfjarskiptafyrirtækisins.	

	STIG
	B2
13.5 **Rafafl (ATA 24)**	3
Ísetning og starfsemi rafgeyma.	
Jafnstraumsframleiðsla.	
Riðstraumsframleiðsla.	
Neyðaraflsframleiðsla.	
Spennustilling.	
Afldreifing.	
Áriðlar, spennubreytar, afriðlar.	
Öryggi rafrása.	
Aflstöð á jörðu niðri.	
13.6 **Búnaður og innréttingar (ATA 25)**	3
Kröfur um rafrænan neyðarbúnað.	
Afþreyingarbúnaður í farþegarými.	
13.7 **Stýri (ATA 27)**	
a) Aðalstýri: hallastýri, hæðarstýri, hliðarstýri, lyftispillir. Stýrisstillir. Virk álagslétting stýra (e. *active controls*). Búnaður til lyftikraftsaukningar. Lyftieyðar, lofthemlar. Starfsemi kerfis: handvirk, vökvaknúin, loftknúin. Skynráður, geigunardeyfir, Mach-stillir, takmarkarar fyrir hliðarstýringu, stýrislásar. Ofrisvarnarkerfi.	2
b) Starfsemi kerfis: rafknúið kerfi, rafboðastýri.	3
13.8 **Mælakerfi (ATA 31)**	3
Flokkun.	
Lofthjúpur.	
Hugtök.	
Þrýstingsmælibúnaður og -kerfi.	
Hraðanemakerfi.	
Hæðarmælar.	
Stig- og fallmælar.	

	STIG
	B2
Hraðamælar.	
Mach-mælar.	
Hæðartilkynningar-/viðvörunarkerfi.	
Loftgagnatölvur.	
Loftþrýstikerfi mælitækja.	
Beinn aflestur af þrýstings- og hitamælum.	
Kerfi til að sýna hitastig.	
Kerfi til að sýna eldsneytismagn.	
Lögmál snúðu.	
Sjónbaugar.	
Skriðmælar.	
Stefnusnúður.	
Jarðvarakerfi.	
Áttavitakerfi.	
Flugritakerfi.	
Rafrænt flugskjákerfi.	
Viðvörunarkerfi fyrir mælitæki, þ.m.t. váviðvörunarkerfi (e. *master warning system*) og miðlæg viðvörunarmælaborð.	
Ofrisviðvörunarkerfi og áfallshornsmælikerfi.	
Titringsmælingar og titringsmælar.	
Skjáklefi.	
13.9 **Ljós (ATA 33)**	3
Ytri ljós: siglingaljós, lendingarljós, akstursljós, ísathugunarljós.	
Inniljós: farþegarými, stjórnklefi, fragtrými.	
Neyðarljós.	
13.10 **Viðhaldskerfi um borð (ATA 45)**	3
Aðalviðhaldstölvur.	
Gagnainnsetningarkerfi.	
Kerfi rafræns skjalasafns.	
Prentun.	
Eftirlit með burðarvirki (eftirlit með skemmdarþoli).	

	STIG
	B2
13.11 **Loftræsting og inniþrýstijöfnun (ATA21)**	
13.11.1 *Loftöflun*	2
Loftgjafar, þ.m.t. afhleypiloft hreyfils, loft frá aukaaflsstöð loftfars eða þjónustuvagns.	
13.11.2 *Loftræsting*	
Loftræstikerfi.	2
Tæknibúnaður fyrir hringrás lofts og gufu.	3
Dreifikerfi.	1
Flæðis-, hita- og rakastjórnkerfi.	3
13.11.3 *Þrýstijöfnun*	3
Þrýstijöfnunarkerfi.	
Stýring og vísbending, þ.m.t. stillilokar og öryggislokar.	
Inniþrýstistillar.	
13.11.4 *Öryggis- og viðvörunarbúnaður*	3
Verndar- og viðvörunarbúnaður.	
13.12 **Eldvarnir (ATA 26)**	
a) Eld- og reykskynjunarkerfi og -viðvörunarkerfi. Slökkvikerfi. Kerfisprófun.	3
b) Handslökkvitæki.	1
13.13 **Eldsneytiskerfi (ATA 28)**	
Skipulag kerfis.	1
Eldsneytisgeymar.	1
Birgðakerfi.	1
Snögglosun, loftun og tæming.	1
Millirennsli og tilfærsla eldsneytis	2
Vísbendingar og viðvaranir.	3
Áfylling og losun eldsneytis,	2
Eldsneytiskerfi sem hefur áhrif á langsumjafnvægi.	3
13.14 **Vökvaafl (ATA 29)**	
Skipulag kerfis.	1

	STIG
	B2
Vökvar fyrir vökvakerfi.	1
Vökvakerfisgeymar og þrýstigeymar.	1
Myndun þrýstings: rafknúin, vélknúin, loftknúin.	3
Myndun neyðarþrýstings.	3
Síur.	1
Þrýstistilling.	3
Afldreifing.	1
Vísbendinga- og viðvörunarkerfi.	3
Tengsl við önnur kerfi.	3
13.15 **Ís- og regnvörn (ATA 30)**	
Ísmyndun, ísflokkun og hvernig á að taka eftir ísmyndun.	2
Ísvarnarkerfi: rafknúið, með heitu lofti og íðefnum.	2
Afísingarkerfi: rafknúið, með heitu lofti og íðefnum.	3
Efni sem hrindir frá sér regnvatni.	1
Hitun á nemum og afrennslum.	3
Rúðuþurrkukerfi.	1
13.16 **Lendingarbúnaður (ATA 32)**	
Uppbygging, höggdeyfing.	1
Kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp: venjulegur búnaður og neyðarbúnaður.	3
Vísbendingar og viðvaranir.	3
Hjól, hemlar, skriðvarnarkerfi og sjálfvirkt hemlakerfi.	3
Hjólbarðar.	1
Stýrisbúnaður.	3
Nemar milli loftfara og jarðstöðva.	3
13.17 **Súrefni (ATA 35)**	
Skipulag kerfis: stjórnklefi, farþegarými.	3
Súrefnisgjafi, geymsla, hleðsla og dreifing.	3
Eftirlit með birgðum.	3
Vísbendingar og viðvaranir.	3

	STIG
	B2
13.18 **Loftþrýstikerfi/sogkerfi (ATA 36)**	
Skipulag kerfis.	2
Loftgjafi: hreyfill/aukaaflsstöð, þjöppur, geymar, loftöflun frá búnaði á jörðu niðri.	2
Þrýstistilling.	3
Dreifing.	1
Vísbendingar og viðvaranir.	3
Tengsl við önnur kerfi.	3
13.19 **Vatn/úrgangur (ATA 38)**	2
Skipulag vatnskerfis, birgðir, dreifing, viðhald og tæming.	
Skipulag salerniskerfis, skolun og viðhald.	
13.20 **Samþættur einingarafeindabúnaður (ATA42)**	3
Aðgerðir sem venjulega geta verið hluti af áfanga um samþættan einingarafeindabúnað loftfars eru m.a.: Afhleypistjórnun, loftþrýstingsstýring, loftræsting og -stýring, stýring loftræstingar rafeindabúnaðar og stjórnklefa, hitastýring, samskipti flugumferðar, samskiptabeinir rafeindabúnaðar, stjórnun rafálags, vöktun varrofa, BITE-rafkerfi, eldsneytisstjórnun, hemlastjórnun, stýrisstjórnun, kerfi til að setja lendingarbúnað niður og draga upp, þrýstimælir hjólbarða, þrýstimælir olíu, vöktun hemlahita, o.s.frv.	
Grunnkerfi.	
Netkerfisíhlutir.	
13.21 **Kerfi í farþegarými (ATA44)**	3
Einingar og íhlutir í kerfi til afþreyingar fyrir farþega og í kerfi til samskipta innan loftfarsins (kall- og gagnakerfi í farþegarými) og á milli farþegarýmis loftfars og landstöðva (netkerfisþjónusta í farþegarými). Nær yfir radd-, gagna- tónlistar- og myndsendingar.	
Kall- og gagnakerfi í farþegarými er skilflötur milli áhafnar í stjórnklefa/öryggis- og þjónustuliða og kerfa í farþegarými. Þessi kerfi styðja við gagnaskipti tækja sem hægt er að skipta út í leiðarviðhaldi (LRU) og þeim er almennt stjórnað af flugþjónum.	
Netkerfisþjónusta í farþegarými samanstendur yfirleitt af netþjóni, sem almennt hefur samskipti við m.a. eftirfarandi kerfi: Gagnaskiptakerfi/þráðlaus fjarskipti, skemmtanakerfi í flugi.	
Netkerfisþjónusta í farþegarými getur m.a. hýst starfsemi á borð við: – aðgang að skýrslum fyrir brottför og brottfararskýrslum. – aðgang að tölvupósti/innra neti eða netaðgang. – farþegagagnagrunn.	
grunnkerfi í farþegarými.	
afþreyingarkerfi í flugi.	
ytra fjarskiptakerfi.	

	STIG
	B2
heildarminniskerfi farþegarýmis.	
vöktunarkerfi farþegarýmis.	
ýmis kerfi í farþegarými.	
13.22 **Upplýsingakerfi (ATA46)**	3
Einingar og íhlutir sem gera það kleift að geyma, uppfæra og sækja stafrænar upplýsingar sem almennt eru veittar á pappír, örfilmu eða fisju. Nær yfir einingar sem eru ætlaðar til að geyma og sækja upplýsingar, svo sem rafræna heildargeymslu ritsafns og stjórnkerfi. Nær ekki yfir einingar og íhluti sem uppsettir eru til annarra nota og samnýttir með öðrum kerfum, svo sem prentara í stjórnklefa eða skjá til almennra nota.	
Lýsandi dæmi eru t.d.: flugumferðar- og upplýsingastjórnunarkerfi og netþjónakerfi.	
almennt upplýsingakerfi loftfars.	
upplýsingakerfi í stjórnklefa.	
Viðhaldsupplýsingakerfi.	
Farþegaupplýsingakerfi í farþegarými.	
ýmis upplýsingakerfi.	

14. ÁFANGI: KNÝING

	STIG
	B2
14.1 **Hverfihreyflar**	
a) Byggingarfyrirkomulag og starfsemi einstreymis-, tvístreymis-, áshverfi- og skrúfuhverfihreyfla.	1
b) Rafræn stjórn hreyfla og eldsneytisgjafakerfa (FADEC).	2
14.2 **Mælakerfi hreyfla**	2
Hitakerfi fyrir hita útblásturslofts/hita lofts í millistigshverfli.	
Snúningshraði hreyfils.	
Hreyfilknýsmælir: kerfi fyrir hreyfilþrýstihlutfall, frástreymisþrýsting hverfilhreyfils eða strókrörsþrýsting.	
Olíuþrýstingur og -hiti.	
Eldsneytisþrýstingur, -hiti og -flæði.	
Soggreinarþrýstingur.	
Snúningsvægi hreyfils.	
Hraði loftskrúfu.	
14.3 **Ræsi og kveikjukerfi**	2
Starfsemi hreyfilræsikerfa og íhlutir þeirra.	

	STIG
	B2
Kveikjukerfi og íhlutir þeirra. Kröfur um viðhaldsöryggi.	

15. ÁFANGI: HVERFIHREYFILL

	STIG	
	A	B1
15.1 **Grundvallaratriði**	1	2
Stöðuorka, hreyfiorka, lögmál Newtons um hreyfingu, Brayton-vinnuferli.		
Sambandið milli krafts, vinnu, afls, orku, hraða og hröðunar.		
Byggingarfyrirkomulag og starfsemi einstreymis-, tvístreymis-, áshverfi- og skrúfuhverfihreyfla.		
15.2 **Hreyfilafköst**	—	2
Hámarksknýr (óleiðréttur), raunknýr, safnstútsknýr, knýsdreifing, heildarknýr, knýsafl, ásaflsjafngildi, eðliseyðsla eldsneytis.		
Hreyfilafköst.		
Hjástreymishlutfall og hreyfilþrýstihlutfall.		
Þrýstingur, hiti og hraði gasstreymis.		
Skráð hreyfilafköst, kyrruknýr, áhrif hraða, hæðar og heits loftslags, takmörkuð hreyfilafköst (flat rating), takmarkanir.		
15.3 **Inntak**	2	2
Þjöppuinntaksgöng.		
Áhrif mismunandi inntakstilhögunar.		
Ísvörn.		
15.4 **Þjöppur**	1	2
Möndulþjöppur og frámiðjuþjöppur.		
Byggingarleg sérkenni, undirstöðuatriði starfsemi og beiting.		
Jafnvægisstilling hverfilblásara.		
Starfsemi:		
Ástæður og áhrif þjöppuofriss og þjöppubakslags.		
Aðferðir við loftstreymisstýringu: afhleypilokar, breytilegt inntak, stýriblöð, breytileg sáturblöð, snúanleg sáturblöð.		
Þjöppuhlutfall.		
15.5 **Brunahólf**	1	2
Byggingarleg sérkenni og undirstöðuatriði starfsemi.		

	STIG	
	A	B1
15.6 **Hverfilhluti hreyfils**	2	2
Starfsemi og einkenni mismunandi tegunda hverfilblaða.		
Blaðfesting.		
Leiðiskóflur.		
Ástæður og áhrif hverfilblaðsspennu og skriðbjögunar hverfilblaðs.		
15.7 **Útblástur**	1	2
Byggingarleg sérkenni og undirstöðuatriði starfsemi.		
Þrengslastútar, útvíkkandi stútar og breytilegir stútar.		
Minnkun hreyfilhávaða.		
Knývendar.		
15.8 **Legur og þéttingar**	—	2
Byggingarleg sérkenni og undirstöðuatriði starfsemi.		
15.9 **Smurefni og eldsneyti**	1	2
Eiginleikar og forskriftir.		
Íblöndunarefni í eldsneyti.		
Öryggisráðstafanir.		
15.10 **Smurkerfi**	1	2
Starfsemi kerfis/skipulag og íhlutir.		
15.11 **Eldsneytiskerfi**	1	2
Starfsemi hreyfilstjórntækja og eldsneytisgjafakerfa, þ.m.t. rafræn stjórn hreyfla (FADEC).		
Skipulag kerfis og íhlutir.		
15.12 **Loftkerfi**	1	2
Starfsemi dreifingarkerfis fyrir hreyfilloft og ísvarnarstýrikerfa, þ.m.t. innikæling, þétting og loftgjafi á jörðu niðri.		
15.13 **Ræsi og kveikjukerfi**	1	2
Starfsemi hreyfilræsikerfa og íhlutir þeirra.		
Kveikjukerfi og íhlutir þeirra.		
Kröfur um viðhaldsöryggi.		
15.14 **Mælakerfi hreyfla**	1	2
Hitakerfi fyrir hita útblásturslofts/hita lofts í millistigshverfli.		

	STIG	
	A	B1
Hreyfilknýsmælir: kerfi fyrir hreyfilþrýstihlutfall, frástreymisþrýsting hverfilhreyfils eða strókrörsþrýsting.		
Olíuþrýstingur og -hiti.		
Eldsneytisþrýstingur og -flæði.		
Snúningshraði hreyfils.		
Titringsmælingar og titringsmælar.		
Snúningsvægi.		
Afl.		
15.15 **Aflaukningarkerfi**	—	1
Starfsemi og beiting.		
Vatnsinnspýting, vatn-metanól.		
Eftirbrennarakerfi.		
15.16 **Skrúfuhverfihreyflar**	1	2
Gastengdur hverfill (frír hverfill) og gírtengdur hverfill.		
Niðurfærslugírar.		
Samþætt stjórntæki hreyfils og loftskrúfu.		
Öryggisbúnaður gegn yfirhraða.		
15.17 **Áshverfihreyflar**	1	2
Fyrirkomulag, drifkerfi, niðurfærsla, tenging, stýrakerfi.		
15.18 **Aukaaflstöðvar (APU)**	1	2
Hlutverk, starfsemi, verndarkerfi.		
15.19 **Ísetning fullbúins hreyfils**	1	2
Fyrirkomulag á eldvarnarþiljum, hreyfilhlífum, hljóðdeyfandi plötum, hreyfilfestingum, titringsvarnarfestingum, slöngum, rörum, veitileiðslum, tengjum, rafleiðsluknippum, stýristaumum og stöngum, lyftipunktum og afrennslum.		
15.20 **Eldvarnarkerfi**	1	2
Starfsemi skynjara- og slökkvikerfa.		
15.21 **Hreyfilvöktun og starfræksla hreyfils á jörðu niðri**	1	3
Verklagsreglur um ræsingu og prófun á jörðu niðri.		
Túlkun á hreyfilafköstum og færibreytum hreyfils.		

	STIG	
	A	B1
Eftirlit með hneigð (þ.m.t. olíugreining, titringur og holsjá). Skoðun á hreyflum og íhlutum með hliðsjón af viðmiðunum, vikmörkum og gögnum sem hreyfilframleiðandi tilgreinir. Þvottur/hreinsun á þjöppum. Skemmdir af völdum aðskotahluta.		
15.22 **Geymsla og varðveisla hreyfla** Að varðveita hreyfla og fylgihluti/kerfi og taka hreyfla og fylgihluti/kerfi í notkun.	—	2

16. ÁFANGI: STROKKHREYFLAR:

	STIG		
	A	B1	B3
16.1 **Grundvallaratriði** Vélræn, varma- og rúmnýtni. Undirstöðuatriði starfsemi tvígengis-, fjórgengis-, bensín- og dísilhreyfla. Slag- og þjöppunarhlutfall strokkhreyfla. Fyrirkomulag hreyfils og kveikiröð.	1	2	2
16.2 **Hreyfilafköst** Aflreikningur og -mælingar. Þættir sem hafa áhrif á hreyfilafl. Blöndur/þynning, forkveiking.	1	2	2
16.3 **Uppbygging hreyfils** Sveifarhús, sveifarás, kambás, olíubiður (sumps). Aukatækjagírar. Strokk- og stimpilsamsetning. Strokkstangir, inntaks- og útblástursgreinar. Gangvirki lokna. Niðurfærslugír loftskrúfu.	1	2	2
16.4 **Eldsneytiskerfi hreyfla**			
16.4.1 *Blöndungar* Tegundir, uppbygging og undirstöðuatriði starfsemi. Ísing og hitun.	1	2	2

	STIG		
	A	B1	B3
16.4.2 *Bein innspýting*	1	2	2
Tegundir, uppbygging og undirstöðuatriði starfsemi.			
16.4.3 *Rafræn stjórn hreyfla*	1	2	2
Starfsemi hreyfilstjórntækja og eldsneytisgjafakerfa, þ.m.t. rafræn stjórn hreyfla (FADEC).			
Skipulag kerfis og íhlutir.			
16.5 **Ræsi og kveikjukerfi**	1	2	2
Ræsikerfi, forhitunarkerfi.			
Tegundir, uppbygging og undirstöðuatriði starfsemi segulkveikja.			
Kveikjuþræðir, kerti.			
Lág- og háspennukerfi.			
16.6 **Sogkerfi, útblásturskerfi og kælikerfi**	1	2	2
Uppbygging og starfsemi: loftinntakskerfi, þ.m.t. varaloftsinntakskerfi.			
Útblásturskerfi, kælikerfi hreyfla — með loft- og vökvakerfum.			
16.7 **Forþjöppun/hverfilforþjöppun**	1	2	2
Undirstöðuatriði og hlutverk forþjöppunar og áhrif hennar á færibreytur hreyfilsins.			
Uppbygging og starfsemi forþjöppunar- og hverfilforþjöppunarkerfa.			
Íðorð kerfisins.			
Stýrikerfi.			
Kerfisvörn.			
16.8 **Smurefni og eldsneyti**	1	2	2
Eiginleikar og forskriftir.			
Íblöndunarefni í eldsneyti.			
Öryggisráðstafanir.			
16.9 **Smurkerfi**	1	2	2
Starfsemi kerfis/skipulag og íhlutir.			
16.10 **Mælakerfi hreyfla**	1	2	2
Snúningshraði hreyfils.			

	STIG		
	A	B1	B3
Strokklokshiti.			
Hiti kælivökva.			
Olíuþrýstingur og -hiti.			
Útblásturshiti.			
Eldsneytisþrýstingur og -flæði.			
Soggreinarþrýstingur.			
16.11 **Ísetning fullbúins hreyfils**	1	2	2
Fyrirkomulag á eldvarnarþiljum, hreyfilhlífum, hljóðdeyfandi plötum, hreyfilfestingum, titringsvarnarfestingum, slöngum, rörum, veitileiðslum, tengjum, rafleiðsluknippum, stýristaumum og stöngum, lyftipunktum og afrennslum.			
16.12 **Hreyfilvöktun og starfræksla hreyfils á jörðu niðri**	1	3	2
Verklagsreglur um ræsingu og prófun á jörðu niðri.			
Túlkun á hreyfilafköstum og færibreytum hreyfils.			
Skoðun á hreyfli og íhlutum: viðmiðanir, vikmörk og gögn sem framleiðandi hreyfilsins tilgreinir.			
16.13 **Geymsla og varðveisla hreyfla**	—	2	1
Að varðveita hreyfla og fylgihluti/kerfi og taka hreyfla og fylgihluti/kerfi í notkun.			

17. ÁFANGI B: LOFTSKRÚFA

Athugasemd: Þessi áfangi á ekki við flokk B3. Viðeigandi viðfangsefni fyrir flokk B3 eru skilgreind í 9. áfanga B.

	STIG	
	A	B1
17.1 Grundvallaratriði	1	2
Blaðfræði.		
Gleitt/hvasst horn blaðs (miðað við snúningsstefnu), öfugt horn, áfallshorn, snúningshraði.		
Sleita loftskrúfu (e. *propeller slip*).		
Lofthreyfikraftur, miðflóttakraftur og knýkraftur.		
Snúningsvægi.		
Aðfallshorn loftstreymis á blað.		
Titringur og eiginsveifla.		
17.2 Uppbygging loftskrúfu	1	2
Aðferðir við smíði og efni sem notað er í viðarloftskrúfur, loftskrúfur úr samsettu efni og málmloftskrúfur.		
Staður á blaði, framhlið blaðs, blaðstöng, bakhlið blaðs og samsetning nafar.		

	STIG	
	A	B1
Loftskrúfa með föstum skurði, stjórnanlegum skurði og jöfnum hraða.		
Ísetning loftskrúfu/nafarhlífar.		
17.3 **Skurðstillir loftskrúfu**	1	2
Aðferðir til að stilla hraða og breyta skurði, vélrænar, rafrænar og með rafeindabúnaði.		
Nauðbeiting og vendiskurður (e. *reverse pitch*).		
Yfirhraðavörn.		
17.4 **Samstilling loftskrúfna**	—	2
Búnaður til samstillingar og samfösunar.		
17.5 **Ísvarnarbúnaður loftskrúfu**	1	2
Vökva- og rafbúnaður til afísingar.		
17.6 **Viðhald loftskrúfu**	1	3
Kyrru- og hreyfijafnvægisstilling.		
Blaðferill.		
Mat á skemmdum á blaði, veðrun, tæringu, höggskemmdum, laglosun.		
Meðferðar- og viðgerðaráætlanir loftskrúfu.		
Hreyfill gangsettur með loftskrúfu.		
17.7 **Geymsla og varðveisla loftskrúfna**	1	2
Að varðveita loftskrúfu og taka loftskrúfu í notkun.		

17. ÁFANGI B: LOFTSKRÚFA

Athugasemd: Umfang þessa áfanga skal endurspegla þá tækniþekkingu á loftskrúfum á flugvélum sem á við um flokk B3.

	STIG
	B3
17.1 **Grundvallaratriði**	2
Blaðfræði.	
Gleitt/hvasst horn blaðs (miðað við snúningsstefnu), öfugt horn, áfallshorn, snúningshraði.	
Sleita loftskrúfu.	
Lofthreyfikraftur, miðflóttakraftur og knýkraftur.	
Snúningsvægi.	
Aðfallshorn loftstreymis á blað.	
Titringur og eiginsveifla.	

	STIG
	B3
17.2 **Uppbygging loftskrúfu**	2
Aðferðir við smíði og efni sem notað er í viðarloftskrúfur, loftskrúfur úr samsettu efni og málm-loftskrúfur.	
Staður á blaði, framhlið blaðs, blaðstöng, bakhlið blaðs og samsetning nafar.	
Loftskrúfa með föstum skurði, stjórnanlegum skurði og jöfnum hraða.	
Ísetning loftskrúfu/nafarhlífar.	
17.3 **Skurðstillir loftskrúfu**	2
Aðferðir til að stilla hraða og breyta skurði, vélrænar, rafrænar og með rafeindabúnaði.	
Nauðbeiting og vendiskurður.	
Yfirhraðavörn.	
17.4 **Samstilling loftskrúfna**	2
Búnaður til samstillingar og samfösunar.	
17.5 **Ísvarnarbúnaður loftskrúfu**	2
Vökva- og rafbúnaður til afísingar.	
17.6 **Viðhald loftskrúfu**	2
Kyrru- og hreyfijafnvægisstilling.	
Blaðferill.	
Mat á skemmdum á blaði, veðrun, tæringu, höggskemmdum, laglosun.	
Meðferðar- og viðgerðaráætlanir loftskrúfu.	
Hreyfill gangsettur með loftskrúfu.	
17.7 **Geymsla og varðveisla loftskrúfna**	2
Að varðveita loftskrúfu og taka loftskrúfu í notkun.	

II. viðbætir

Grunnstaðall fyrir próf

1. Almenn ákvæði

1,1. Í öllum grunnprófum skulu vera fjölvalsspurningar og ritgerðarspurningar eins og tilgreint er hér á eftir. Röng svör verða að sýnast ámóta líkleg þeim sem ekki hafa þekkingu á námsefninu. Allir valkostir skulu vera greinilega tengdir spurningunni, í þeim skal notast við svipaðan orðaforða og málfræðilega uppbyggingu og þeir skulu vera svipaðir að lengd. Í tölulegum spurningum skulu röngu svörin kallast á við mistök á borð við leiðréttingar sem beitt er með röngum formerkjum eða rangan umreikning á einingum, þetta mega ekki vera tilviljanakenndar tölur.

1.2. Hverri fjölvalsspurningu skulu fylgja þrjú möguleg svör og má einungis eitt þeirra vera rétt svar og skal sá tími, sem próftakanda er veittur fyrir hvern námsáfanga, vera 75 sekúndur að meðaltali fyrir hverja spurningu.

1.3. Semja þarf skriflegt svar við hverri ritgerðarspurningu og skal veita próftakanda 20 mínútur til að svara hverri slíkri spurningu.

1.4. Semja skal viðeigandi ritgerðarspurningar og meta þær með hliðsjón af námskránni í námsáföngum 7A, 7B, 9A, 9B og 10 í I. viðbæti.

1.5. Fyrir hverja spurningu skal semja fyrirmynd að svari sem skal einnig fela í sér öll önnur möguleg svör sem eru kunn ef við á.

1.6. Einnig skal sundurliða fyrirmyndina að svari í mikilvæg atriði, svokölluð lykilatriði.

1.7. Til að standast fjölvalsspurningahluta prófsins í hverjum námsáfanga og einstökum hlutum áfangans þarf árangur að vera 75 %.

1.8. Til að standast hverja ritgerðarspurningu verður árangur að vera 75 %, þ.e. í svari próftakenda verða að vera 75 % af tilskildum lykilatriðum sem spurt er um og engar umtalsverðar villur í tengslum við eitthvert lykilatriðanna.

1.9. Ef próftakandi fellur einungis á fjölvalsspurningahlutanum eða einungis á ritgerðarhlutanum þá þarf hann einungis að endurtaka fjölvalsspurningahlutann eða ritgerðarhlutann, eftir því sem við á.

1.10. Ekki skal nota refsieiningar fyrir röng svör þegar tekin er ákvörðun um hvort próftakandi hefur staðist prófið.

1.11. Honum er ekki heimilt að endurtaka próf í áfanga í a.m.k. 90 daga eftir að hann fellur nema þegar um er að ræða viðhaldskennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) sem heldur námskeið sem er sniðið að þeim þáttum viðkomandi námsáfanga sem hann féll í en þá má endurtaka próf í námsáfanganum eftir 30 daga.

1.12. Tímabilin sem tilgreind eru í lið 66.A.25 eiga við um próf í öllum áföngum, nema ef um er að ræða próf í áfanga sem próftakandi hefur þegar staðist vegna skírteinis í öðrum flokki, þar sem skírteinið hefur þegar verið gefið út.

1.13. Að hámarki má gera þrjár tilraunir í röð fyrir hvern áfanga. Frekari hrinur með þremur tilraunum eru leyfilegir með árs biðtíma á milli hrina.

Umsækjandi skal senda skriflega staðfestingu, til samþykkta viðhaldskennslufyrirtækisins eða lögbærs yfirvalds sem sótt er um að taka próf hjá, um fjölda og dagsetningar tilrauna síðasta árs og um fyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið þar sem tilraunirnar fóru fram. Viðhaldskennslufyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið ber ábyrgð á að sannreyna fjölda tilrauna innan viðeigandi tímaramma.

2. **Fjöldi spurninga fyrir hvern áfanga**

2.1. 1. ÁFANGI — STÆRÐFRÆÐI

Flokkur A: 16 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 20 mínútur

Flokkur B1: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

Flokkur B2: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

Flokkur B3: 28 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 35 mínútur

2.2. 2. ÁFANGI — EÐLISFRÆÐI

Flokkur A: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

Flokkur B1: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B2: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B3: 28 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 35 mínútur

2.3. 3. ÁFANGI — GRUNDVALLARATRIÐI RAFMAGNS

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B1: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B2: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B3: 24 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 30 mínútur

2.4. 4. ÁFANGI — GRUNDVALLARATRIÐI RAFEINDATÆKNI

Flokkur B1: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B2: 40 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 50 mínútur

Flokkur B3: 8 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 10 mínútur

2.5. 5. ÁFANGI — STAFRÆN TÆKNI/RAFEINDAMÆLAKERFI

Flokkur A: 16 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 20 mínútur

Flokkar B1.1 og B1.3: 40 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 50 mínútur

Flokkar B1.2 og B1.4: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B2: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B3: 16 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 20 mínútur

2.6. 6. ÁFANGI — EFNI OG VÉLBÚNAÐUR

Flokkur A: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B1: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B2: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

Flokkur B3: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

2.7. 7. ÁFANGI A — VIÐHALDSVENJUR

Flokkur A: 72 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur plús 40 mínútur.

Flokkur B1: 80 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 100 mínútur plús 40 mínútur.

Flokkur B2: 60 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur plús 40 mínútur.

7. ÁFANGI A — VIÐHALDSVENJUR

Flokkur B3: 60 fjölvalsspurningar og 2 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur plús 40 mínútur.

2.8. 8. ÁFANGI — GRUNNATRIÐI LOFTHREYFIFRÆÐI

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B1: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B2: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B3: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

2.9. 9. ÁFANGI A — MANNLEGI ÞÁTTURINN

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 25 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B1: 20 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 25 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B2: 20 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 25 mínútur plús 20 mínútur.

9. ÁFANGI A — MANNLEGI ÞÁTTURINN

Flokkur B3: 16 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 20 mínútur plús 20 mínútur.

2.10. 10. ÁFANGI — LÖG UM LOFTFERÐIR

Flokkur A: 32 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 40 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B1: 40 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 50 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B2: 40 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurning. Leyfilegur tími: 50 mínútur plús 20 mínútur.

Flokkur B3: 32 fjölvalsspurningar og 1 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur plús 20 mínútur.

2.11. 11. ÁFANGI A — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ HVERFIHREYFLUM

Flokkur A: 108 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 135 mínútur

Flokkur B1: 140 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 175 mínútur

11. ÁFANGI B — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ STROKK-HHREYFLUM

Flokkur A: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B1: 100 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 125 mínútur

11. ÁFANGI C — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI FLUGVÉLA MEÐ STROKK-HHREYFLUM

Flokkur B3: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

2.12. 12. ÁFANGI — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI ÞYRLNA

Flokkur A: 100 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 125 mínútur

Flokkur B1: 128 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 160 mínútur

2.13. 13. ÁFANGI — LOFTHREYFIFRÆÐI, BURÐARVIRKI OG KERFI LOFTFARA

Flokkur B2: 180 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 225 mínútur Skipta má spurningum og leyfilegum tíma niður á tvö próf, eins og við á.

2.14. 14. ÁFANGI — KNÝING

Flokkur B2: 24 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 30 mínútur

2.15. 15. ÁFANGI — HVERFIHREYFILL

Flokkur A: 60 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 75 mínútur

Flokkur B1: 92 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 115 mínútur

2.16. 16. ÁFANGI — STROKKHREYFILL

Flokkur A: 52 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 65 mínútur

Flokkur B1: 72 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 90 mínútur

Flokkur B3: 68 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 85 mínútur

2.17. 17. ÁFANGI A — LOFTSKRÚFA

Flokkur A: 20 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 25 mínútur

Flokkur B1: 32 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 40 mínútur

17. ÁFANGI A — LOFTSKRÚFA

Flokkur B3: 28 fjölvalsspurningar og 0 ritgerðarspurningar. Leyfilegur tími: 35 mínútur

———

III. viðbætir

Tegundarþjálfun á loftfar og prófstaðall

Þjálfun á vinnustað

1. Almenn ákvæði

Tegundarþjálfun á loftfar skal samanstanda af bóklegri þjálfun og prófi og, nema fyrir áritanir í flokki C, verklegri þjálfun og mati.

a) Fræðileg þjálfun og próf skulu uppfylla eftirtaldar kröfur:

i. Skulu framkvæmd af viðhaldskennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) eða, ef þau eru framkvæmd af öðrum fyrirtækjum, eins og lögbært yfirvald veitir beint samþykki fyrir.

ii. Skulu vera í samræmi við staðal sem lýst er í málsgreinum 3.1 og 4 í þessum III. viðbæti, nema eins og heimilt er í mismunarþjálfun sem lýst er að neðan.

iii. Þegar um er að ræða einstakling í flokki C með hæfi sem handhafi háskólagráðu, eins og tilgreint er í 5. lið a-liðar 66.A.30, skal hefja fræðilega tegundarþjálfun á sama stigi og í flokki B1 eða B2.

iv. Skal hefjast og henni lokið innan þriggja ára áður en sótt er um áritun tegundarréttinda.

b) Verkleg þjálfun og mat skal uppfylla eftirtaldar kröfur:

i. Skulu framkvæmd af viðhaldskennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) eða, ef þau eru framkvæmd af öðrum fyrirtækjum, eins og lögbært yfirvald veitir beint samþykki fyrir.

ii. Skulu vera í samræmi við staðal sem lýst er í málsgreinum 3.2 og 4 í þessum III. viðbæti, nema eins og heimilt er í mismunarþjálfun sem lýst er að neðan.

iii. Skal ná yfir dæmigerðan þverskurð viðhaldsverka sem eru viðeigandi fyrir tegund loftfars.

iv. Skal innihalda sýnikennslu með notkun búnaðar, íhluta, herma, annars þjálfunarbúnaðar eða loftfars.

v) Skal hefjast og henni lokið innan þriggja ára áður en sótt er um áritun tegundarréttinda.

c) Mismunarþjálfun

i. Mismunarþjálfun en þjálfunin sem gerð er krafa um til að ná yfir mismun milli tveggja ólíkra tegundarréttinda fyrir loftför frá sama framleiðanda eins og Flugöryggisstofnun hefur skilgreint það.

ii. Mismunarþjálfun þarf að skilgreina í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til krafna í þessum viðbæti að því er varðar bæði bóklega og verklega þætti þjálfunar til tegundarréttinda.

iii. Áritun tegundarréttinda skal aðeins veitt á skírteini eftir að mismunarþjálfun hefur farið fram ef umsækjandinn uppfyllir einnig eitt eftirtalinna skilyrða:

– skírteini hans hefur þegar þá tegundaráritun loftfars þar sem mismunurinn er auðkenndur eða

– hann hefur uppfyllt þær kröfur fyrir tegundarþjálfun á því loftfari sem mismunurinn er auðkenndur út frá.

2. Stig tegundarþjálfunar á loftfar

Þau þrjú stig, sem skráð eru hér á eftir, skilgreina markmiðin, það hversu ítarleg þjálfunin skal vera og stig þekkingar sem skal nást með þjálfuninni.

– *1. stig: Stutt yfirlit yfir flugskrokkinn, kerfi og fullbúna hreyfla í samræmi við hlutann um kerfalýsingu í viðhaldshandbók loftfars/Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi.*

Markmið námskeiðsins: Þegar nemandi hefur lokið þjálfun á 1. stigi skal hann vera fær um að:

a) gefa einfalda lýsingu á námsgreininni í heild í almennum orðum og með dæmum og með dæmigerðum íðorðum sem og að tilgreina öryggisráðstafanir varðandi flugskrokkinn, kerfi hans og fullbúna hreyfla,

b) tilgreina handbækur loftfara, viðhaldsvenjur sem eru mikilvægar fyrir flugskrokkinn, kerfi hans og fullbúna hreyfla,

c) skilgreina almennt skipulag aðalkerfa loftfarsins,

d) skilgreina almennt skipulag og einkenni fullbúinna hreyfla,

e) tilgreina sérstök verkfæri og prófunarbúnað sem notaður er við loftfarið.

– *2. stig: Yfirlit yfir grunnkerfi stjórntækja, álestrartækja, helstu íhluta, þ.m.t. staðsetning þeirra og hlutverk, þjónusta og minni háttar bilanaleit. Almenn þekking á fræðilegum og verklegum þáttum námsgreinarinnar.*

Markmið námskeiðsins: Auk upplýsinganna í þjálfun á 1. stigi skal nemandi, að lokinni þjálfun á 2. stigi vera fær um að:

a) skilja fræðileg grundvallaratriði, nota þekkingu á hagnýtan hátt með því að fylgja ítarlegum verklagsreglum,

b) nefna þær öryggisráðstafanir sem grípa skal til þegar unnið er í eða nálægt loftfari, fullbúnum hreyfli og kerfi,

c) lýsa kerfum og meðhöndlun loftfara, einkum aðgangi, tiltæku afli og aflgjöfum,

d) tilgreina staðsetningu helstu íhluta,

e) útskýra venjulega starfsemi hvers aðalkerfis, þ.m.t. íðorð og flokkunarkerfi,

f) fylgja verklagsreglum sem tengjast eftirfarandi kerfum loftfarsins: Eldsneyti, fullbúnum hreyflum, vökvakerfum, lendingarbúnaði, vatni/úrgangi og súrefni,

g) sýna fram á kunnáttu í að nota áhafnarskýrslur og tilkynningakerfi um borð (minni háttar bilanaleit) og ákvarða lofthæfi loftfarsins á grundvelli lista yfir lágmarksbúnað (MEL) og lista yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug (CDL),

h) sýna kunnáttu í notkun, túlkun og beitingu viðeigandi gagna þ.m.t. leiðbeininga varðandi áframhaldandi lofthæfi, viðhaldshandbókar, myndskýrðrar hlutaskráar, o.s.frv.

– *3. stig: Nákvæm lýsing, starfsemi, staðsetning íhluta, úrtaka/ísetning og verklagsreglur um innbyggðan prófunarbúnað (BITE) og bilanaleit á sama stigi og í viðhaldshandbókinni.*

Markmið námskeiðsins: Auk upplýsinganna í þjálfun á 1. og 2. stigi skal nemandi, að lokinni þjálfun á 3. stigi vera fær um að:

a) sýna fram á fræðilega þekkingu á loftfarskerfum og burðarvirkjum og innbyrðis tengslum við önnur kerfi, gefa ítarlega lýsingu á námsgreininni með fræðilegum grundvallaratriðum og sérstökum dæmum og túlka niðurstöður úr mismunandi heimildum og mælingum og gera leiðréttingar ef við á,

b) framkvæma prófanir til að ganga úr skugga um að kerfi, fullbúnir hreyflar og íhlutir virki eins og tilgreint er í viðhaldshandbókinni,

c) sýna kunnáttu í notkun, túlkun og beitingu viðeigandi gagna, þ.m.t. handbókar um viðgerðir á burðarvirki, handbókar um bilanaleit, o.s.frv.,

d) setja upplýsingar í samhengi þegar teknar eru ákvarðanir að því er varðar greiningu og lagfæringu bilana til sama stigs og í viðhaldshandbókinni,

e) lýsa verklagi við að skipta út íhlutum sem einskorðast við viðkomandi loftfarstegund.

3. **Staðall fyrir tegundarþjálfun á loftfar**

Þrátt fyrir að tegundarþjálfun loftfars feli bæði í sér fræðilega og verklega þætti er leyfilegt að samþykkja námskeið fyrir fræðilega þáttinn, verklega þáttinn eða samsetningu af hvoru tveggja.

3.1. *Fræðilegur þáttur*

a) Markmið:

Þegar nemandi hefur lokið fræðilegu þjálfunarnámskeiði skal hann vera fær um að sýna fram á ítarlega fræðilega þekkingu á viðeigandi kerfum loftfarsins, burðarvirki, starfrækslu, viðhaldi og viðgerðum á því, sem og bilanaleit í samræmi við viðhaldsgögn, að því marki sem tilgreint er í námsefni III. viðbætis. Nemandinn skal vera fær um að sýna kunnáttu í notkun handbóka og samþykktra verklagsreglna, þ.m.t. þekkingu á viðeigandi skoðunum og takmörkunum.

b) Þjálfunarstig:

Þjálfunarstig eru þau stig sem tilgreind eru í 2. lið hér að framan.

Eftir að afhendingarvottar í flokki C hafa lokið fyrsta tegundarnámskeiðinu þurfa öll námskeið þar á eftir einungis að vera á 1. stigi.

Á meðan á þjálfun á 3. stigi stendur er heimilt að notast við efni til þjálfunar skv. 1. og 2. stigi, ef þörf krefur, til að kenna allt efni kaflans. Á meðan á þjálfuninni stendur skal þó meirihluti efnis námskeiðsins vera á hærra stiginu.

c) Lengd:

Lágmarksfjöldi kennslustunda fyrir fræðilega þjálfun er í eftirfarandi töflu:

Flokkur	Klukkustundir
Flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er yfir 30 000 kg:	
B1.1	150

Flokkur	Klukkustundir
B1.2	120
B2	100
C	30

Flugvélar með hámarksflugtaksmassa á milli 5 700 kg og 30 000 kg:

B1.1	120
B1.2	100
B2	100
C	25

Flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er að hámarki 5700 kg (*)

B1.1	80
B1.2	60
B2	60
C	15

Þyrlur (**)

B1.3	120
B1.4	100
B2	100
C	25

(*) Fyrir flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2000 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir má draga úr lágmarkslengd um 50%.
(**) Fyrir þyrlur í hópi 2 (eins og það er skilgreint í lið 66.A.42) má draga úr lágmarkslengd um 30%.

Að því er varðar töfluna hér að ofan þýðir kennslustund 60 mínútur af kennslu og inniheldur ekki hlé, próf, upprifjun, undirbúning og heimsóknir í loftför.

Þessar stundir eiga aðeins við um fræðileg námskeið vegna loftfara/hreyfilsamsetninga skv. tegundarréttindum eins og skilgreint er af Flugöryggisstofnun.

d) Réttlæting á lengd námskeiða:

Viðhaldkennslufyrirtæki með samþykki í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) skal sjá um þjálfunarnámskeið og réttlæta skal lengd námskeiða sem hafa beint samþykki lögbærs yfirvalds sem og yfirferð á námsefninu í heild sinni með greiningu á þjálfunarþörf sem byggir á:

– hönnun tegundar loftfars, viðhaldsþörf og tegund starfrækslu,

– ítarlegri greiningu á viðeigandi köflum — sjá töfluna í e-lið í lið 3.1 hér að neðan,

– ítarlegri hæfisgreiningu sem sýnir fram á að markmiðunum sem sett eru fram í a-lið í lið 3.1 hér að ofan sé að fullu náð.

Ef greining á þjálfunarþörf sýnir fram á að þörf sé á lengri tíma skulu námskeið vera lengri en tilgreint lágmark í töflunni segir til um.

Með svipuðum hætti skal réttlæta fyrir lögbæru yfirvaldi kennslustundafjölda ólíkra mismunarnámskeiða eða annarra samsettra þjálfunarnámskeiða (svo sem samsett B1/B2 námskeið), og ef um er að ræða fræðileg þjálfunarnámskeið sem eru styttri en gefið er upp í c-lið í lið 3.1 hér að ofan, með greiningu á þjálfunarþörf eins og lýst er að ofan.

Auk þessa skal námskeiðið lýsa og réttlæta eftirfarandi:

– Lágmarksmætingu sem krafist er af nemanda, til þess að ná markmiðum námskeiðsins.

– Hámarksþjálfunartíma á dag, með tilliti til meginreglna um kennslu og mannlegra þátta.

Ef kröfur um lágmarksmætingu eru ekki uppfylltar skal ekki gefa út viðurkenningarvottorð. Kennslufyrirtæki er heimilt að veita viðbótarþjálfun til að kröfur um lágmarksmætingu verði uppfylltar.

e) Efni:

Að lágmarki skulu þau atriði námskrárinnar hér á eftir, sem eiga sérstaklega við viðkomandi loftfarstegund, vera skyldunámsefni. Viðbótaratriði, sem bætt er við vegna tegundamismunar, tæknilegra breytinga o.s.frv., skulu einnig tekin með.

Þjálfunarnámsskráin skal leggja áherslu á vélræna og rafræna þætti fyrir starfsfólk í flokki B1 og á rafræna þætti og rafeindabúnað loftfars fyrir starfsfólk í flokki B2.

Stig / Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
Flokkur skírteinis.	B1	C	B1	C	B1	C	B1	C	B2
Kynningaráfangi:									
05 Tímamörk/viðhaldseftirlit	1	1	1	1	1	1	1	1	1
06 Stærð/flatarmál (hámarksflugtaksmassi, o.s.frv.)	1	1	1	1	1	1	1	1	1
07 Lyftur og undirstöður	1	1	1	1	1	1	1	1	1
08 Hallastilling og vigtun	1	1	1	1	1	1	1	1	1
09 Dráttur og akstur	1	1	1	1	1	1	1	1	1
10 Stæði/legufæri, geymsla og að taka í starfrækslu á ný	1	1	1	1	1	1	1	1	1
11 Skilti og merkingar	1	1	1	1	1	1	1	1	1
12 Þjónusta	1	1	1	1	1	1	1	1	1
20 Staðlaðar starfsvenjur - eiga einungis við um tiltekna tegund	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Þyrlur									
18 Titrings- og hávaðagreining (Blaðferill)	—	—	—	—	3	1	3	1	—
60 Staðlaðar starfsvenjur þyrill	—	—	—	—	3	1	3	1	—
62 Þyrlar	—	—	—	—	3	1	3	1	1
62A Þyrlar — vöktun og vísun	—	—	—	—	3	1	3	1	3

Stig / Kaflar		Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeindabúnaður loftfara
Flokkur skírteinis.		B1	C	B1	C	B1	C	B1	C	B2
63	Þyrildrif	—	—	—	—	3	1	3	1	1
63A	Þyrildrif — vöktun og vísun	—	—	—	—	3	1	3	1	3
64	Stélþyrill	—	—	—	—	3	1	3	1	1
64A	Stélþyrill — vöktun og vísund	—	—	—	—	3	1	3	1	3
65	Stélþyrildrif	—	—	—	—	3	1	3	1	1
65A	Stélþyrildrif — vöktun og vísun	—	—	—	—	3	1	3	1	3
66	Þyrilblöð sem leggjast saman/stöplar	—	—	—	—	3	1	3	1	—
67	Þyrilstýrakerfi	—	—	—	—	3	1	3	1	—
53	Burðarvirki flugskrokks (þyrla)	—	—	—	—	3	1	3	1	—
25	Neyðarflotbúnaður	—	—	—	—	3	1	3	1	1
Burðarvirki flugskrokks										
51	Staðlaðar starfsvenjur og burðarvirki (flokkun skemmda, mat og viðgerðir)	3	1	3	1	—	—	—	—	1
53	Loftfarsbolur	3	1	3	1	—	—	—	—	1
54	Hreyfilhús/stöplar	3	1	3	1	—	—	—	—	1
55	Stýriskambar	3	1	3	1	—	—	—	—	1
56	Gluggar	3	1	3	1	—	—	—	—	1
57	Vængir	3	1	3	1	—	—	—	—	1
27A	Stýrafletir (allir)	3	1	3	1	—	—	—	—	1
52	Hurðir	3	1	3	1	—	—	—	—	1
Svæðis- og reitakennikerfi.		1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kerfi flugskrokks:										
21	Loftræsting	3	1	3	1	3	1	3	1	3
21A	Loftöflun	3	1	3	1	1	3	3	1	2
21B	Þrýstijöfnun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
21C	Öryggis- og viðvörunarbúnaður	3	1	3	1	3	1	3	1	3
22	Sjálfstýring	2	1	2	1	2	1	2	1	3
23	Samskipti	2	1	2	1	2	1	2	1	3
24	Rafafl	3	1	3	1	3	1	3	1	3

Stig / Kaflar		Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeinda-búnaður loftfara
Flokkur skírteinis.		B1	C	B1	C	B1	C	B1	C	B2
25	Búnaður og innréttingar	3	1	3	1	3	1	3	1	1
25A	Rafeindabúnaður þ.m.t. neyðarbúnaður	1	1	1	1	1	1	1	1	3
26	Eldvarnir	3	1	3	1	3	1	3	1	3
27	Stýri	3	1	3	1	3	1	3	1	2
27A	Kerfi Starfsemi: Rafknúin/rafboðastýri	3	1	—	—	—	—	—	—	3
28	Eldsneytiskerfi	3	1	3	1	3	1	3	1	2
28A	Eldsneytiskerfi — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
29	Vökvaafl	3	1	3	1	3	1	3	1	2
29A	Vökvaafl — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
30	Ís- og regnvörn	3	1	3	1	3	1	3	1	3
31	Vísi-/skráningarbúnaður	3	1	3	1	3	1	3	1	3
31A	Mælakerfi	3	1	3	1	3	1	1	3	3
32	Lendingarbúnaður	3	1	3	1	3	1	3	1	2
32A	Lendingarbúnaður — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
33	Ljós	3	1	3	1	3	1	3	1	3
34	Flugleiðsaga	2	1	2	1	2	1	2	1	3
35	Súrefni	3	1	3	1	—	—	—	—	2
36	Loftþrýstikerfi	3	1	3	1	3	1	3	1	2
36A	Loftþrýstikerfi — vöktun og vísun	3	1	3	1	3	1	3	1	3
37	Sogkerfi	3	1	3	1	3	1	3	1	2
38	Vatn/úrgangur	3	1	3	1	—	—	—	—	2
41	Vatnskjölfesta	3	1	3	1	—	—	—	—	1
42	Samþættur einingarafeindabúnaður loftfars	2	1	2	1	2	1	2	1	3
44	Kerfi í farþegarými	2	1	2	1	2	1	2	1	3
45	Viðhaldskerfi um borð (eða tekið fyrir í 31)	3	1	3	1	3	1	—	—	3
46	Upplýsingakerfi	2	1	2	1	2	1	2	1	3

Stig / Kaflar		Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeindabúnaður loftfara
Flokkur skírteinis.		B1	C	B1	C	B1	C	B1	C	B2
50	Farm- og aukabúnaðarrými	3	1	3	1	3	1	3	1	1
Hverfihreyfill										
70	Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar	3	1	—	—	3	1	—	—	1
70A	Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetningarinntak, þjöppur, brunahólf, hverfilhluti hreyfils, legur og þéttingar, smurkerfi).	3	1	—	—	3	1	—	—	1
70B	Hreyfilafköst	3	1	—	—	3	1	—	—	1
71	Fullbúinn hreyfill	3	1	—	—	3	1	—	—	1
72	Hverfihreyfill/skrúfuhverfihreyfill/kápustreymishreyfill/hreyfill án kápu	3	1	—	—	3	1	—	—	1
73	Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	3	1	—	—	3	1	—	—	1
75	Loft	3	1	—	—	3	1	—	—	1
76	Hreyfilstjórntæki	3	1	—	—	3	1	—	—	1
78	Útblástur	3	1	—	—	3	1	—	—	1
79	Olía	3	1	—	—	3	1	—	—	1
80	Gangsetning	3	1	—	—	3	1	—	—	1
82	Vatnsinnspýting	3	1	—	—	3	1	—	—	1
83	Aukatækjagírar	3	1	—	—	3	1	—	—	1
84	Knýaukning	3	1	—	—	3	1	—	—	1
73A	Rafræn stjórn hreyfla og eldsneytisgjafakerfa (FADEC)	3	1	—	—	3	1	—	—	3
74	Kveikt á hreyfli	3	1	—	—	3	1	—	—	3
77	Mælakerfi hreyfla	3	1	—	—	3	1	—	—	3
49	Aukaaflstöðvar (APU)	3	1	—	—	—	—	—	—	2
Strokkhreyfill										
70	Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar	—	—	3	1	—	—	3	1	1
70A	Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetning, blöndungar, bein innspýting, sogkerfi, útblásturskerfi og kælikerfi, forþjöppun/hverfilforþjöppun, smurkerfi).	—	—	3	1	—	—	3	1	1
70B	Hreyfilafköst	—	—	3	1	—	—	3	1	1
71	Fullbúinn hreyfill	—	—	3	1	—	—	3	1	1
73	Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	—	—	3	1	—	—	3	1	1

Stig / Kaflar	Flugvélar, hverfihreyfill		Flugvélar, strokkhreyfill		Þyrlur, hverfihreyfill		Þyrlur, strokkhreyfill		Rafeindabúnaður loftfara
Flokkur skírteinis.	B1	C	B1	C	B1	C	B1	C	B2
76 Hreyfilstjórn	—	—	3	1	—	—	3	1	1
79 Olía	—	—	3	1	—	—	3	1	1
80 Gangsetning	—	—	3	1	—	—	3	1	1
81 Hverflar	—	—	3	1	—	—	3	1	1
82 Vatnsinnspýting	—	—	3	1	—	—	3	1	1
83 Aukatækjagírar	—	—	3	1	—	—	3	1	1
84 Knýaukning	—	—	3	1	—	—	3	1	1
73A Rafræn stjórn hreyfla og eldsneytisgjafakerfa (FADEC)	—	—	3	1	—	—	3	1	3
74 Kveikt á hreyfli	—	—	3	1	—	—	3	1	3
77 Mælakerfi hreyfla	—	—	3	1	—	—	3	1	3
Loftskrúfur									
60A Staðlaðar starfsvenjur — loftskrúfa	3	1	3	1	—	—	—	—	1
61 Loftskrúfur/knúningsafl	3	1	3	1	—	—	—	—	1
61 Uppbygging loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	—
61B Skurðstillir loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	—
61C Samstilling loftskrúfna	3	1	3	1	—	—	—	—	1
61D Rafeindastýring loftskrúfu	2	1	2	1	—	—	—	—	3
61E Ísvarnarbúnaður loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	—
61F Viðhald loftskrúfu	3	1	3	1	—	—	—	—	1

f) Heimilt er að notast við margmiðlunaraðferðir við þjálfun til þess að uppfylla fræðilega þætti þjálfunar hvort sem um er að ræða í kennslustofu eða í sýndarumhverfi, með fyrirvara um samþykki lögbæra yfirvaldsins sem samþykkir þjálfunarnámskeiðið.

3.2. *Verklegur hluti*

a) Markmið:

Markmið verklegrar þjálfunar er að öðlast hæfni í öruggri framkvæmd viðhalds, skoðana og venjubundinnar vinnu í samræmi við viðhaldshandbókina og aðrar viðeigandi leiðbeiningar og verkefni sem eiga við um viðkomandi tegund loftfars, t.d. bilanaleit, viðgerðir, lagfæringar, útskipti, stillingar og virkniprófanir. Það felur í sér að vera meðvitaður um notkun allra tæknirita og -skjala fyrir loftfarið, notkun sérhæfðra/sérstakra verkfæra og prófunarbúnaðar til að taka úr og skipta út íhlutum og einingum sem einskorðast við viðkomandi tegund, þ.m.t. viðhaldsaðgerðir á vængjum.

b) Efni:

Sem hluti af verklegri þjálfun skal ljúka við a.m.k. 50% þeirra atriða sem merkt er við í töflunni að neðan og eiga við viðkomandi tegund loftfars.

Verkefni sem merkt er við eru mikilvæg viðfangsefni hvað verklega þjálfun varðar til að tryggja að starfræksla, hlutverk, ísetning og öryggissjónarmið helstu viðhaldsverkefna fái nægilega umfjöllun, sérstaklega ef ekki er hægt að útskýra þetta að fullu með fræðilegri þjálfun eingöngu. Þrátt fyrir að listinn taki til þeirra viðfangsefna verklegrar þjálfunar sem að lágmarki þarf að taka fyrir, er heimilt að bæta við atriðum þar sem það er viðeigandi fyrir tiltekna tegund loftfars.

Verkefni sem skal ljúka skulu vera dæmigerð fyrir loftfar og kerfi bæði hvað varðar flækjustig og tæknilega getu sem nauðsynleg er til úrlausnar verkefna. Þó að tiltölulega einföld verkefni megi fylgja skulu önnur og flóknari verkefni einnig tekin fyrir og leyst eins og við á fyrir loftfarstegundina.

Skýringar með töflu: LOC: Staðsetning, FOT: Virkni-/starfræksluprófun. SGH: Þjónusta og flugafgreiðsla, R/I: Úrtaka/ísetning, MEL: Listi yfir lágmarksbúnað, TS: Bilanaleit.

Kaflar		B1/B2	B1	B2								
		LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
Kynningaráfangi:												
5	Tímamörk/viðhaldseftirlit	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
6	Stærð/flatarmál (hámarksflugtaksmassi, o.s.frv.)	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
7	Lyftur og undirstöður	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
8	Hallastilling og vigtun	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
9	Dráttur og akstur	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
10	Stæði/legufæri, geymsla og að taka í starfrækslu á ný	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
11	Skilti og merkingar	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
12	Þjónusta	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
20	Staðlaðar starfsvenjur - eiga einungis við um tiltekna tegund	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
Þyrlur:												
18	Titrings- og hávaðagreining (Blaðferill)	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
60	Staðlaðar starfsvenjur fyrir þyril — eiga einungis við um tiltekna tegund	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
62	Þyrlar	X/—	—	X	X	—	X	—	—	—	—	—
62A	Þyrlar — vöktun og vísun	X/X	X	X	X	X	X	—	—	X	—	X
63	Þyrildrif	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
63A	Þyrildrif — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	—	—	X	—	X
64	Stélþyrill	X/—	—	X	—	—	X	—	—	—	—	—
64A	Stélþyrill — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	—	—	X	—	X
65	Stélþyrildrif	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
65A	Stélþyrildrif — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	—	—	X	—	X

Kaflar		B1/B2	B1	B2								
		LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
66	Þyrilblöð sem leggjast saman/stöplar	X/—	X	X	—	—	X	—	—	—	—	—
67	Þyrilstýrakerfi	X/—	X	X	—	X	X	—	—	—	—	—
53	Burðarvirki flugskrokks (þyrla) Athugasemd: tekið fyrir undir Burðarvirki flugskrokks											
25	Neyðarflotbúnaður	X/X	X	X	X	X	X	X	X	—	—	—
Burðarvirki flugskrokks:												
51	Staðlaðar starfsvenjur og burðarvirki (flokkun skemmda, mat og viðgerðir)											
53	Loftfarsbolur	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
54	Hreyfilhús/stöplar	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
55	Stýriskambar	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
56	Gluggar	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
57	Vængir	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
27A	Stýrafletir	X/—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
52	Hurðir	X/X	X	X	—	—	—	—	X	—	—	—
Kerfi flugskrokks:												
21	Loftræsting	X/X	X	X	—	X	X	X	X	—	X	X
21A	Loftöflun	X/X	X	—	—	—	—	X	—	—	—	—
21B	Þrýstijöfnun	X/X	X	—	—	X	X	X	—	—	X	X
21C	Öryggis- og viðvörunarbúnaður	X/X	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
22	Sjálfstýring	X/X	—	—	—	X	—	X	X	X	X	X
23	Samskipti	X/X	—	X	—	X	—	X	X	X	X	X
24	Rafafl	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
25	Búnaður og innréttingar	X/X	X	X	X	—	—	X	X	X	—	—
25A	Rafeindabúnaður þ.m.t. neyðarbúnaður	X/X	X	X	X	—	—	X	X	X	—	—
26	Eldvarnir	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
27	Stýri	X/X	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
27A	Kerfi Starfsemi: Rafknúin/rafboðastýri	X/X	X	X	X	X	—	X	—	X	—	X

Kaflar		B1/B2	B1	B2								
		LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
28	Eldsneytiskerfi	X/X	X	X	X	X	X	X	X	—	X	—
28A	Eldsneytiskerfi — vöktun og vísun	X/X	X	—	—	—	—	X	—	X	—	X
29	Vökvaafl	X/X	X	X	X	X	X	X	X	—	X	—
29A	Vökvaafl — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
30	Ís- og regnvörn	X/X	X	X	—	X	X	X	X	—	X	X
31	Vísi-/skráningarbúnaður	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
31A	Mælakerfi	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
32	Lendingarbúnaður	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	—
32A	Lendingarbúnaður — vöktun og vísun	X/X	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
33	Ljós	X/X	X	X	—	X	—	X	X	X	X	—
34	Flugleiðsaga	X/X	—	X	—	X	—	X	X	X	X	X
35	Súrefni	X/—	X	X	X	—	—	X	X	—	—	—
36	Loftþrýstikerfi	X/—	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
36A	Loftþrýstikerfi — vöktun og vísun	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
37	Sogkerfi	X/—	X	—	X	X	X	—	—	—	—	—
38	Vatn/úrgangur	X/—	X	X	—	—	—	X	X	—	—	—
41	Vatnskjölfesta	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
42	Samþættur einingarafeindabúnaður loftfars	X/X	—	—	—	—	—	X	X	X	X	X
44	Kerfi í farþegarými	X/X	—	—	—	—	—	X	X	X	X	X
45	Viðhaldskerfi um borð (eða tekið fyrir í 31)	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
46	Upplýsingakerfi	X/X	—	—	—	—	—	X	—	X	X	X
50	Farm- og aukabúnaðarrými	X/X	—	X	—	—	—	—	—	—	—	—
Hverfi-/strokkhreyfilsáfangi												
70	Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar — eiga einungis við um tiltekna tegund	—	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
70A	Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetningarinntak, þjöppur, brunahólf, hverfilhluti hreyfils, legur og þéttingar, smurkerfi).	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Hverfihreyflar:												
70B	Hreyfilafköst	—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—

Kaflar		B1/B2	B1	B2								
		LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
71 P	Fullbúinn hreyfill	X/—	X	X	—	—	—	—	X	—	—	—
72	Hverfihreyfill/skrúfuhverfihreyfill/ kápustreymishreyfill/hreyfill án kápu	X/—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
73	Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	X/X	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
73A	FADEC-kerfi	X/X	X	—	X	X	X	X	—	X	X	X
74	Kveikt á hreyfli	X/X	X	—	—	—	—	X	—	—	—	—
75	Loft	X/—	—	—	X	—	X	—	—	—	—	—
76	Hreyfilstjórntæki	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
77	Hreyfilmælar	X/X	X	—	—	X	X	X	—	—	X	X
78	Útblástur	X/—	X	—	—	X	—	—	—	—	—	—
79	Olía	X/—	—	X	X	—	—	—	—	—	—	—
80	Gangsetning	X/—	X	—	—	X	X	—	—	—	—	—
82	Vatnsinnspýting	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
83	Aukatækjagírar	X/—	—	X	—	—	—	—	—	—	—	—
84	Knýaukning	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Aukaaflstöðvar (APU)												
49	Aukaaflstöðvar (APU)	X/—	X	X	—	—	X	—	—	—	—	—
Strokkhreyflar:												
70	Staðlaðar starfsvenjur — hreyflar — eiga einungis við um tiltekna tegund	—	—	X	—	—	—	—	X	—	—	—
70A	Byggingarfyrirkomulag og starfsemi (ísetningarinntak, þjöppur, brunahólf, hverfilhluti hreyfils, legur og þéttingar, smurkerfi).	X/X	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
70B	Hreyfilafköst	—	—	—	—	—	X	—	—	—	—	—
71	Fullbúinn hreyfill	X/—	X	X	—	—	—	—	X	—	—	—
73	Eldsneyti og stjórntæki hreyfils	X/X	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
73A	FADEC-kerfi	X/X	X	—	X	X	X	X	X	X	X	X
74	Kveikt á hreyfli	X/X	X	—	—	—	—	X	—	—	—	—
76	Hreyfilstjórntæki	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	—	—
77	Hreyfilmælar	X/X	X	—	—	X	X	X	—	—	X	X
78	Útblástur	X/—	X	—	—	X	X	—	—	—	—	—

Kaflar		B1/B2	B1	B2								
		LOC	FOT	SGH	R/I	MEL	TS	FOT	SGH	R/I	MEL	TS
79	Olía	X/—	—	X	X	—	—	—	—	—	—	—
80	Gangsetning	X/—	X	—	—	X	X	—	—	—	—	—
81	Hverflar	X/—	X	X	X	—	X	—	—	—	—	—
82	Vatnsinnspýting	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
83	Aukatækjagírar	X/—	—	X	X	—	—	—	—	—	—	—
84	Knýaukning	X/—	X	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Loftskrúfur:												
60A	Staðlaðar starfsvenjur — loftskrúfa	—	—	—	X	—	—	—	—	—	—	—
61	Loftskrúfur/knúningsafl	X/X	X	X	—	X	X	—	—	—	—	—
61A	Uppbygging loftskrúfu	X/X	—	X	—	—	—	—	—	—	—	—
61B	Skurðstillir loftskrúfu	X/—	X	—	X	X	X	—	—	—	—	—
61C	Samstilling loftskrúfna	X/—	X	—	—	—	X	—	—	—	X	—
61D	Rafeindastýring loftskrúfu	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
61E	Ísvarnarbúnaður loftskrúfu	X/—	X	—	X	X	X	—	—	—	—	—
61F	Viðhald loftskrúfu	X/X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

4. **Próf- og matsstaðall fyrir tegundarþjálfun**

4.1. *Prófstaðall fyrir fræðilegan hluta*

Þegar fræðilegum hluta tegundarþjálfunar á loftfar er lokið skal taka skriflegt próf sem skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Prófið skal vera fjölvalspróf. Hverri fjölvalsspurningu skulu fylgja þrjú möguleg svör og má einungis eitt þeirra vera rétt svar. Heildartími fer eftir heildarfjölda spurninga og svartími skal vera 90 sekúndur að meðaltali fyrir hverja spurningu.

b) Röng svör verða að sýnast ámóta líkleg þeim sem ekki hafa þekkingu á námsefninu. Allir valkostir skulu vera greinilega tengdir spurningunni, í þeim skal notast við svipaðan orðaforða og málfræðilega uppbyggingu og þeir skulu vera svipaðir að lengd.

c) Í tölulegum spurningum skulu röngu svörin kallast á við mistök á borð við notkun á röngum formerkjum (+ eða -) eða röngum mælieiningum. Þetta mega ekki vera tölur valdar af handahófi.

d) Prófstigið fyrir hvern kafla ([4]) skal vera það sem skilgreint er í 2. lið „Stig tegundarþjálfunar á loftfar“. Þó er heimilt að notast við takmarkaðan fjölda spurninga á lægra stigi.

e) Prófin skulu vera án bóka. Engin uppflettirit eru leyfileg. Þetta gildir þó ekki þegar um er að ræða prófun á getu próftakenda í flokki B1 eða B2 til að túlka tæknileg skjöl.

([4]) Að því er varðar þennan 4. lið er „kafli“ sérhver röð sem kemur á eftir tölu í töflunni í e-lið í lið 3.1.

f) Fjöldi spurninga skal vera a.m.k. ein spurning fyrir hverja kennslustund. Fjöldi spurninga fyrir hvern kafla og stig skal vera í réttu hlutfalli við:

– skilvirkar kennslustundir sem varið var við kennslu á viðeigandi kafla og stigi,

– námsmarkmið samkvæmt greiningu á þjálfunarþörf.

Lögbært yfirvald aðildarríkisins mun meta fjölda spurninganna og hversu erfiðar þær eru þegar það veitir námskeiðinu samþykki.

g) Til að standast próf þarf árangur að vera a.m.k. 75 %. Þegar prófi vegna tegundarþjálfunar er skipt upp í fleiri próf þarf að standast hvert próf með 75% árangri. Til að hægt sé að ná nákvæmlega 75% árangri skal fjöldi spurninga vera margfeldi af 4.

h) Ekki skal nota refsieiningar (neikvæð stig fyrir röng svör).

i. Próf í lok kennslu í námsáfanga er ekki hægt að nota sem hluta af lokaprófi nema fjöldi og þyngdarstig spurninganna séu í samræmi við það sem krafist er.

4.2. *Prófstaðall fyrir verklegan hluta*

Þegar verklegum hluta tegundarþjálfunar á loftfar er lokið skal fara fram mat sem skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Tilnefndir matsaðilar með viðeigandi starfsréttindi skulu framkvæma matið.

b) Í matinu skal lagt mat á þekkingu og færni nemanda.

5. **Tegundarprófsstaðall**

Kennslufyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki skv. 147. hluta eða lögbæra yfirvaldið skal halda tegundarprófið.

Prófið skal vera munnlegt, skriflegt eða verklegt eða samsett úr þessum þáttum og skal það uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Munnlegar prófspurningar skulu vera opnar spurningar.

b) Skriflegar prófspurningar skulu vera ritgerðarspurningar eða fjölvalsspurningar.

c) Ákvarða skal hæfni einstaklings til að framkvæma verkefni með mati á verklegri kunnáttu.

d) Prófa skal í völdum köflum ([5]) úr námsskrá á tilgreindu stigi í 3. lið fyrir tegundarþjálfun/-próf.

e) Röng svör verða að sýnast ámóta líkleg þeim sem ekki hafa þekkingu á námsefninu. Allir valkostir skulu vera greinilega tengdir spurningunni, í þeim skal notast við svipaðan orðaforða og málfræðilega uppbyggingu og þeir skulu vera svipaðir að lengd.

f) Í tölulegum spurningum skulu röngu svörin kallast á við mistök á borð við leiðréttingar sem beitt er með röngum formerkjum eða rangan umreikning á einingum, þetta mega ekki vera tilviljanakenndar tölur.

([5]) Að því er varðar þennan 5. lið er „kafli“ sérhver röð sem kemur á eftir tölu í töflunum í e-lið í lið 3.1 og b-lið í lið 3.2.

g) Með prófinu skal tryggja að eftirfarandi markmiðum hafi verið náð:

1. Nemandi skal geta rætt um loftfarið og kerfi þess af öryggi.

2. Nemandi skal geta tryggt örugga framkvæmd viðhalds, skoðana og venjubundinnar vinnu í samræmi við viðhaldshandbókina og aðrar viðeigandi leiðbeiningar og verkefni sem eiga við um viðkomandi tegund loftfars, t.d. bilanaleit, viðgerðir, lagfæringar, útskipti, stillingar og virkniprófanir eins og að láta hreyfil ganga o.s.frv. ef þörf krefur.

3. Nemandi skal geta notað rétt öll tæknirit og tækniskjöl varðandi loftfarið.

4. Nemandi skal geta notað rétt sérhæfð/sérstök verkfæri og prófunarbúnað, tekið úr og skipt út íhlutum og einingum sem einskorðast við viðkomandi tegund, þ.m.t. viðhaldsaðgerðir á vængjum.

h) Eftirfarandi skilyrði eiga við um prófið:

1. Að hámarki má gera þrjár tilraunir í röð. Frekari hrinur með þremur tilraunum eru leyfilegir með árs biðtíma á milli hrina. Eftir fyrsta fall í hrinu er gerð krafa um 30 daga biðtíma og eftir annað fall um 60 daga biðtíma.

Umsækjandi skal senda skriflega staðfestingu, til viðhaldskennslufyrirtækisins eða lögbærra yfirvalda sem sótt er um að taka próf hjá, um fjölda og dagsetningar tilrauna síðasta árs og um viðhaldskennslufyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið þar sem tilraunirnar fóru fram. Viðhaldskennslufyrirtækið eða lögbæra yfirvaldið ber ábyrgð á að sannreyna fjölda tilrauna innan viðeigandi tímaramma.

2. Umsækjandi skal hafa staðist tegundarpróf og hafa lokið verklegri reynslu sem gerð er krafa um innan þriggja ára áður en sótt er um tegundaráritun á skírteini flugvéltæknis.

3. A.m.k. einn prófdómari skal vera viðstaddur þegar tegundarpróf fer fram. Prófdómari skal ekki hafa komið að þjálfun umsækjanda.

i. Prófdómari skal skila skriflegri og undirritaðri skýrslu þar sem tilgreindar eru ástæður þess að próftakandi stóðst prófið eða féll á prófinu.

6. **Þjálfun á vinnustað**

Lögbært yfirvald sem gefur út skírteinið skal samþykkja þjálfun á vinnustað.

Hún skal fara fram hjá og undir umsjón viðhaldsfyrirtækis sem hefur viðeigandi samþykki fyrir viðhald á tiltekinni tegund loftfars og skal metið af tilnefndum matsaðila sem hefur viðeigandi starfsréttindi.

Hún skal hefjast og henni lokið innan þriggja ára áður en sótt er um áritun tegundarréttinda.

a) Markmið:

Markmið þjálfunar á vinnustað er að öðlast þá hæfni og reynslu við örugga framkvæmd viðhalds sem gerð er krafa um.

b) Efni:

Þjálfun á vinnustað skal ná yfir þverskurð þeirra verkefna sem lögbært yfirvald telur viðunandi. Þjálfunarverkefni á vinnustað sem skal ljúka skulu vera dæmigerð fyrir loftfar og kerfi bæði hvað varðar flækjustig og tæknilega getu sem nauðsynleg er til úrlausnar verkefna. Þó að tiltölulega einföld verkefni megi fylgja skulu önnur og flóknari viðhaldsverkefni einnig tekin fyrir og leyst eins og við á fyrir loftfarstegundina.

Nemandi skal skila undirskrift fyrir hvert verkefni og tilnefndur eftirlitsaðili skal meðárita. Verkefnin sem eru skráð skulu vísa til raunverulegra vinnuseðla/verkbókhalds o.þ.h..

Lokamat á þjálfun á vinnustað er skyldubundið og skal það framkvæmt af tilnefndum eftirlitsaðila sem hefur viðeigandi starfsréttindi.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í verkbókhaldi/færslubók:

1. Nafn nemanda.

2. Fæðingardagur og -ár.

3. Samþykkt viðhaldsfyrirtæki.

4. Staðsetning.

5. Nafn eftirlitsaðila og matsaðila (þ.m.t. númer skírteinis, ef við á).

6. Dagsetning verkefnisloka.

7. Lýsing á verkefni og vinnuseðli/verkbeiðni/tækniflugbók, o.s.frv.

8. Tegund loftfars og skráning.

9. Loftfarréttindi sem sótt er um.

Til að greiða fyrir sannprófun lögbæra yfirvaldsins skal sýna fram á þjálfun á vinnustað með i. ítarlegu verkbókhaldi/færslubók og ii. skýrslu sem sýnir hvernig þjálfun á vinnustað uppfyllir kröfur þessa hluta.

———

IV. viðbætir

Kröfur um reynslu sem uppfylla þarf til að fá framlengingu á skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta

Í töflunni hér á eftir eru tilgreindar þær kröfur um reynslu sem uppfylla þarf ef bæta á nýjum flokki eða undirflokki við gildandi skírteini skv. 66. hluta.

Þetta skal vera verkleg reynsla af viðhaldi á starfræktu loftfari í þeim undirflokki sem umsóknin tekur til.

50% minni reynslu er krafist ef umsækjandi hefur lokið samþykktu námskeiði skv. 147. hluta varðandi viðkomandi undirflokk.

Frá \ Til	A1	A2	A3	A4	B1.1	B1.2	B1.3	B1.4	B2	B3
A1	—	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir
A2	6 mánuðir	—	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir
A3	6 mánuðir	6 mánuðir	—	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár
A4	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	—	2 ár	1 ár	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár
B1.1	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	—	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	1 ár	6 mánuðir
B1.2	6 mánuðir	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	—	2 ár	6 mánuðir	2 ár	Ekkert
B1.3	6 mánuðir	6 mánuðir	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	—	6 mánuðir	1 ár	6 mánuðir
B1.4	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	Ekkert	2 ár	6 mánuðir	2 ár	—	2 ár	6 mánuðir
B2	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	1 ár	1 ár	1 ár	1 ár	—	1 ár
B3	6 mánuðir	Ekkert	6 mánuðir	6 mánuðir	2 ár	6 mánuðir	2 ár	1 ár	2 ár	—

V. viðbætir

Umsóknareyðublað — EASA-eyðublað nr. 19

1. Í þessum viðbæti eru sýnishorn af umsóknareyðublaði fyrir skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta).

2. Lögbært yfirvald aðildarríkisins getur aðeins breytt EASA-eyðublaði nr. 19 til að bæta við nauðsynlegum upplýsingum í þeim tilvikum þar sem kröfur þess aðildarríkis leyfa eða krefjast þess að skírteini flugvéltæknis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), sé notað utan ramma þeirrar kröfu, sem sett er fram í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta).

UMSÓKN UM FYRSTA SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS/ BREYTINGU Á SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS/ ENDURNÝJUN Á SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS (AML)

UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA:

Nafn: ……

Heimilisfang: ……

……

Ríkisfang: ……. Fæðingardagur, -mánuður og -ár og fæðingarstaður: …..……

UPPLÝSINGAR UM SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS SKV. 66. HLUTA (ef við á):

Skírteinisnúmer: Útgáfudagur: ……..……...

UPPLÝSINGAR UM VINNUVEITANDA:

Nafn: ……

Heimilisfang: ……

……

Tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækis: ……..

Sími: ……. Bréfasími:……...……

UMSÓKN UM: (Hakið í viðeigandi ramma)

Fyrsta skírteini flugvéltæknis ☐ Breyting á skírteini flugvéltæknis ☐ Endurnýjun á skírteini flugvéltæknis ☐

Réttindi	A	B1	B2	B3	C
Flugvélar, hverfihreyfill	☐	☐			
Flugvélar, strokkhreyfill	☐	☐			
Þyrlur, hverfihreyfill	☐	☐			
Þyrlur, strokkhreyfill	☐	☐			
Rafeindabúnaður loftfara			☐		
Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2 tonna hámarksflugtaksmassa eða þar undir				☐	
Stórt loftfar					☐
Loftför, önnur en stór loftför					☐

Tegundaráritun/Réttindaáritun/Aflétting takmarkana (ef við á):

……

……

……

Ég sæki hér með um fyrsta skírteini flugvéltæknis/breytingu á skírteini flugvéltæknis/endurnýjun á skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta og staðfesti að upplýsingarnar á þessu eyðublaði eru réttar þegar umsóknin er lögð inn.

Ég staðfesti hér með að:

1. ég er ekki handhafi skírteinis flugvéltæknis skv. 66. hluta sem gefið er út í öðru aðildarríki,

2. ég hef ekki sótt um skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta í öðru aðildarríki og

3. ég hef aldrei verið handhafi skírteinis flugvéltæknis sem gefið var út í öðru aðildarríki og sem annað aðildarríki afturkallaði eða ógilti tímabundið.

Ég geri mér einnig grein fyrir að gefi ég rangar upplýsingar geti ég verið sviptur skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta.

Undirskrift: …….. Nafn: ……

Dagsetning: ……..

Ég óska eftir að fá eftirfarandi atriði metin (ef við á):

……

……

……

Metin reynsla á grundvelli þjálfunar skv. 147. hluta

……

……

……

Metið próf á grundvelli samsvarandi prófskírteina

……

……

……

Viðeigandi skírteini skulu fylgja með

Meðmæli (ef við á): Hér með vottast að umsækjandi hefur uppfyllt kröfur 66. hluta um viðeigandi viðhaldskunnáttu og -reynslu og er mælt með því að lögbæra yfirvaldið veiti honum eða áriti skírteini flugvéltæknis skv. 66. hluta.

Undirskrift: …….. Nafn: ……

Staða: …….. Dagsetning: …..……

EASA-eyðublað nr. 19, 3. útgáfa.

VI. viðbætir

Skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta) — EASA-eyðublað nr. 26

1. Á eftirfarandi blaðsíðum má sjá sýnishorn af skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta).

2. Prenta skal skjalið með því staðlaða sniði sem sýnt er en heimilt er að minnka það til að auðvelda gerð þess í tölvu sé þess óskað. Þegar skjalið er minnkað skal gæta þess að tryggja nægilegt rými þar sem krafist er opinberra innsigla/stimpla. Ekki þurfa allir rammarnir að vera á tölvugerðum skjölum ef ekki er merkt við þá svo fremi að skjalið sé auðþekkjanlegt sem skírteini flugvéltæknis, útgefið skv. III. viðauka (66. hluta).

3. Prenta skal skjalið á ensku eða á opinberu tungumáli viðkomandi aðildarríkis en ef opinbert tungumál viðkomandi aðildarríkis er notað verður að hengja við afrit á ensku ef handhafi skírteinisins vinnur utan þess aðildarríkis til að tryggja skilning með gagnkvæma viðurkenningu fyrir augum.

4. Hver skírteinishafi skal hafa sérstakt skírteinisnúmer sem byggist á landsbundnu auðkenni og alstafakennimerki.

5. Blaðsíður skjalsins geta verið í hvaða röð sem er og er ekki þörf fyrir sumar skiptilínurnar eða neinar skiptilínur svo fremi að upplýsingarnar séu staðsettar þannig að uppsetning hverrar blaðsíðu samsvari greinilega sniði meðfylgjandi sýnishorns af skírteini flugvéltæknis.

6. Heimild til að útbúa skjalið hefur i. lögbært yfirvald aðildarríkisins eða ii. sérhvert viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta), að fengnu samþykki lögbæra yfirvaldsins og í samræmi við málsmeðferð sem þróuð er sem hluti af starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sem um getur í 145.A.70 í II. viðauka (145. hluta) en í öllum tilvikum gefur lögbært yfirvald aðildarríkisins skjalið út.

7. Heimild til að útbúa allar breytingar á gildandi skírteini flugvéltæknis hefur i. lögbært yfirvald aðildarríkisins eða ii. sérhvert viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta), að fengnu samþykki lögbæra yfirvaldsins og í samræmi við málsmeðferð sem þróuð er sem hluti af starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sem um getur í 145.A.70 í II. viðauka (145. hluta) en í öllum tilvikum sér lögbært yfirvald aðildarríkisins um að breyta skjalinu.

8. Handhafi skírteinis flugvéltæknis verður að varðveita skírteinið í góðu ásigkomulagi og skal hann bera ábyrgð á því að tryggja að engar óheimilar færslur séu færðar inn í það.

9. Ef ekki er farið að skilyrðunum í 8. lið getur skjalið fallið úr gildi, handhafa getur verið bannað í kjölfarið að hafa vottunarréttindi og það leitt til lögsóknar samkvæmt landslögum.

10. Skírteini flugvéltæknis sem afhent er skv. III. viðauka (66. hluta) er viðurkennt í öllum aðildarríkjunum og er ekki nauðsynlegt að skipta því ef unnið er í öðru aðildarríki.

11. Viðaukinn við EASA-eyðublað nr. 26 er valkvæður og er einungis ætlaður fyrir landsbundin réttindi þegar slík réttindi falla undir landsbundnar reglur sem falla ekki innan gildissviðs III. viðauka (66. hluta).

12. Það skal tekið fram að síðurnar í raunverulegu skírteini flugvéltæknis skv. III. viðauka (66. hluta), sem lögbært yfirvald aðildarríkis gefur út, geta verið í annarri röð og að skírteinið getur verið án skiptilína.

13. Að því er varðar blaðsíðuna fyrir tegundarréttindi á loftför getur lögbært yfirvald aðildarríkisins ákveðið að gefa hana ekki út þar til árita þarf fyrstu tegundarréttindin og gefa þarf út fleiri en eina tegundarréttindasíðu fyrir loftfar eftir því sem áritunum fjölgar.

14. Þrátt fyrir ákvæði 13. liðar skal hver blaðsíða, sem er gefin út, vera með þessu sniði og með þeim upplýsingum sem tilgreindar eru fyrir þá síðu.

15. Á skírteininu skal það koma skýrt fram að takmarkanirnar séu undanþágur frá vottunarréttindum. Ef engar takmarkanir eiga við skal gefa út blaðsíðuna fyrir TAKMARKANIR með yfirskriftinni „Engar takmarkanir“.

16. Þegar notast er við forprentað eyðublað skal merkja í ramma allra flokka, undirflokka og tegundarréttinda þar sem ekki eru færslur þannig að fram komi að viðkomandi hafi ekki þessi réttindi.

17. Sýnishorn af skírteini flugvéltæknis sem um getur í III. viðauka (66. hluta):

I.

EVRÓPUSAMBANDIÐ (*)

[RÍKI]

[NAFN OG KENNIMERKI YFIRVALDS]

II.

66. hluti

SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS
LEYFI

III.

Skírteinisnúmer [KÓÐI AÐILDARRÍKIS]

.66.[XXXX]

EASA-eyðublað nr. 26, 3. útgáfa.

IVa. Full name of holder:

IVb. Date and place of birth:

V. Address of holder:

VI. Nationality of holder:

VII. Signature of holder:

III. Licence No:

VIII. SKILYRÐI:

Handhafi skal undirrita skírteinið og skal því fylgja persónuskilríki með ljósmynd af handhafa skírteinisins.

Ef einungis er áritun fyrir flokk á síðum sem bera yfirskriftina FLOKKAR skv. 66. hluta er handhafa ekki heimilt að gefa út afhendingarvottorð fyrir loftfar.

Þegar veitt hefur verið tegundaráritun fyrir loftfar í þetta skírteini uppfyllir það markmið 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Mælt er fyrir um réttindi handhafa þessa skírteinis í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 þá einkum í III. viðauka (66. hluta)

Þetta skírteini gildir til þess dags sem tilgreindur er á síðunni fyrir takmarkanir nema það sé ógilt tímabundið eða afturkallað.

Handhafa skírteinisins er ekki heimilt að neyta réttinda þess nema hann hafi á undanförnum tveimur árum öðlast sex mánaða reynslu af viðhaldi, í samræmi við þau réttindi sem skírteinið veitir, eða uppfylli ákvæði um útgáfu viðeigandi réttinda.

III. Skírteinisnúmer:

IX. Part-66 CATEGORIES

VALIDITY:	A	B1	B2	B3	C
Aeroplanes Turbine			n/a	n/a	n/a
Aeroplanes Piston			n/a	n/a	n/a
Helicopters Turbine			n/a	n/a	n/a
Helicopters Piston			n/a	n/a	n/a
Avionics	n/a	n/a		n/a	n/a
Large Aircraft	n/a	n/a	n/a	n/a	
Aircraft other than large	n/a	n/a	n/a	n/a	
Piston-engine non pressurised aeroplanes of 2 000 Kg MTOM and below	n/a	n/a	n/a		n/a

X. Signature of issuing officer & date:

XI. Seal or stamp of issuing Authority:

III. Licence No:

XII. RÉTTINDI Á LOFTFAR SKV. 66. HLUTA		
Réttindi á loftfar	Flokkur	Stimpill og dagsetning
III. Skírteinisnúmer:		

XIII. TAKMARKANIR SKV. 66. HLUTA
Gildir til:
III. Skírteinisnúmer:

Viðauki við EASA-EYÐUBLAÐ NR. 26
XIV. LANDSBUNDIN RÉTTINDI sem falla utan gildissviðs 66. hluta í samræmi við [landslöggjöf] (Gildir einungis í [aðildarríki])
Opinber stimpill og dagsetning
III. Skírteinisnúmer:

HÉR Á AÐ VERA EYÐA

„4. Ákvæðum IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins komi eftirfarandi:

„EFNISYFIRLIT

147,1

A- ÞÁTTUR —TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

147.A.05 Svið

147.A.10 Almenn ákvæði

147.A.15 Gildistími

B-KAFLI — SKIPULAGSKRÖFUR

147.A.100 Kröfur um aðstöðu

147.A.105 Kröfur varðandi starfsfólk

147.A.110 Skrá yfir kennara, prófdómara og sérfróða matsmenn

147.A.115 Kennslubúnaður

147.A.120 Námsefni fyrir þjálfun í viðhaldi

147.A.125 Skrár

147.A.130 Verklagsreglur þjálfunar og gæðakerfi

147.A.135 Próf

147.A.140 Starfsemislýsing viðhaldskennslufyrirtækis

147.A.145 Heimildir viðhaldskennslufyrirtækisins

147.A.150 Breytingar á viðhaldskennslufyrirtæki

147.A.155 Áframhaldandi gildi

147.A.160 Frávik

C-KAFLI — SAMÞYKKT GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ

147.A.200 Samþykkt grunnþjálfunarnámskeið

147.A.205 Próf í grunnþekkingu

147.A.210 Mat á verklegri grunnkunnáttu

D-KAFLI — TEGUNDAR- EÐA VERKEFNAÞJÁLFUN Á LOFTFAR

147.A.300 Tegundar- eða verkefnaþjálfun á loftfar

147.A.305 Tegundarpróf á loftfar og verkefnamat

B -ÞÁTTUR —VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

147.B.05 Svið

147.B.10 Lögbært yfirvald

147.B.20 Skráahald

147.B.25 Undanþágur

B-KAFLI — ÚTGÁFA SAMÞYKKIS

147.B.110 Verklagsregla við samþykki og breytingar á samþykki

147.B.120 Verklagsreglur við áframhaldandi gildi

147.B.125 Samþykkisvottorð viðhaldskennslufyrirtækja

147.B.130 Frávik

C-KAFLI — AFTURKÖLLUN, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG TAKMÖRKUN Á SAMÞYKKI FYRIR VIÐHALDSKENNSLUFYRIRTÆKI

147.B.200 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun á samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki.

I. viðbætir — Lengd grunnþjálfunarnámskeiða

II. viðbætir — Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki sem um getur í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublað nr. 11

III. viðbætir — Viðurkenningarvottorð sem vísað er til í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublöð nr. 148 og 149,

2) Í stað fyrirsagnar A-þáttar komi eftirfarandi:

„A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR“

3) Í stað liðar 147.A.125 komi eftirfarandi:

„147.A.125 Skrár

Fyrirtækið skal geyma allar skrár yfir þjálfun, próf og mat á öllum nemendum í ótakmarkaðan tíma.“

4) Ákvæðum liðar 147.A.145 er breytt sem hér segir:

i. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) Fyrirtæki getur ekki hlotið samþykki til að annast próf nema það hafi áður verið samþykkt til að annast samsvarandi þjálfun.“

ii. Eftirfarandi f-liður bætist við:

„f) Þrátt fyrir e-lið getur fyrirtæki sem hefur samþykki til að veita grunnþekkingarþjálfun eða tegundarþjálfun einnig fengið samþykki til að sjá um tegundarpróf í þeim tilfellum þar sem tegundarþjálfunar er ekki krafist.“

5) í stað fyrirsagnar A-þáttar í C-kafla komi eftirfarandi:

„C-KAFLI

***SAMÞYKKT GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ*“**

6) Eftirfarandi komi í stað b-liðar í lið 147.A.200:

„b) Bóklega kennslan skal ná yfir námsefni til skírteinis flugvéltæknis fyrir loftför í flokki eða undirflokki sem tilgreint er í III. viðauka (66. hluta).“

7) í stað fyrirsagnar B-þáttar komi eftirfarandi:

„B- ÞÁTTUR

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD“

8) Liður 147.B.15 falli niður,

9) Í stað a-liðar í lið 147.B.120 komi eftirfarandi:

„a) Hvert fyrirtæki skal sæta fullkominni úttekt á a.m.k. 24 mánaða fresti í samræmi við þennan viðauka (147-hluta). Þetta skal fela í sér vöktun á a.m.k. einu þjálfunarnámskeiði og einu prófi sem viðhaldskennslufyrirtækið heldur.“

10) Í stað I. viðbætis komi eftirfarandi:

„I. viðbætir

Lengd grunnþjálfunarnámskeiða

Lágmarkslengd á heilu grunnþjálfunarnámskeiði skal vera sem hér segir:

Grunnnámskeið	Lengd (í klukkustundum)	Hlutfall fræðilegs náms (í %)
A1	800	30 til 35
A2	650	30 til 35
A3	800	30 til 35
A4	800	30 til 35
B1.1	2400	50 til 60
B1.2	2000	50 til 60
B1.3	2400	50 til 60
B1.4	2400	50 til 60
B2	2400	50 til 60
B3	1000	50 til 60

11) Ákvæðum II. viðbætis er breytt sem hér segir:

„II. viðbætir

Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki sem um getur í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublað nr. 11

Bls. 1 af 2

[AÐILARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. 147.[XXXX]

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldskennslufyrirtæki í samræmi við A-þátt í IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og hefur hlotið samþykki til að veita þá þjálfun og halda þau próf sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og gefa út tilheyrandi viðurkenningarvottorð til handa nemendum með framangreindum tilvísunarnúmerum.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki sem tilgreint er í þættinum um gildissvið samþykkis í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækja með samþykki eins og um getur í A-þætti í IV. viðauka (147. hluta) og

2. forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu samþykktra viðhaldskennslufyrirtækja og

3. þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldskennslufyrirtækið uppfyllir kröfur skv. IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (EB) nr. 2042/2003,

4. svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: ……

Dagsetning endurskoðunar: ……

Númer endurskoðunar: ……

Undirskrift: ……

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 3. útgáfa.

(*) eða Flugöryggisstofnun Evrópu ef hún er lögbæra yfirvaldið
(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða Flugöryggisstofnun Evrópu

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	FLOKKUR SKÍRTEINIS	TAKMÖRKUN	
GRUNNNÁM-SKEIÐ (**)	B1 (**)	TB1.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐP HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TB1.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
	B2 (**)	TB2 (**)	RAFEINDABÚNAÐUR LOFTFARA (**)
	B3 (**)	TB3 (**)	FLUGVÉLAR SEM KNÚNAR ERU MEÐ STROKKHREYFLI EN HAFA EKKI JAFNÞRÝSTIBÚNAÐ OG ERU MEÐ 2000 KG HÁMARKSFLUGTAKSMASSA EÐA ÞAR UNDIR (**)
	A (**)	TA.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐP HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TA.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
TEGUND / VERKEFNI (**)	C (**)	T4 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)
	B1 (**)	T1 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)
	B2 (**)	T2 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)
	A (**)	T3 (**)	[TILGREINIÐ TEGUND LOFTFARS] (***)

Þessi samþykkisskrá takmarkast við þá þjálfun og þau próf sem tilgreind eru í þættinum um gildissvið í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldskennslufyrirtækisins.

Tilvísun í starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækis: …….....

Upphaflegur útgáfudagur: ……..

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: …… Númer endurskoðunar: ……

Undirskrift: …….

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds:[LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 3. útgáfa.

(*) eða Flugöryggisstofnun Evrópu ef hún er lögbæra yfirvaldið
(**) Strikið út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
(***) Hér skal fylla inn viðeigandi réttindi og takmarkanir.

12) Í stað III. viðbætis komi eftirfarandi:

„III. viðbætir

Viðurkenningarvottorð sem vísað er til í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublöð nr. 148 og 149

1. **Grunnþjálfun/Próf**

Nota skal fyrirmynd af vottorði um grunnþjálfuna skv. 147. hluta, eins og tilgreint er hér fyrir neðan, til viðurkenningar á því að grunnþjálfun, grunnþjálfunarprófi eða bæði grunnþjálfun og grunnþjálfunarprófi sé lokið.

Í þjálfunarvottorði skal greina skýrt frá dagsetningum sem viðkomandi stóðst próf í einstökum námsáföngum ásamt samsvarandi útgáfu I. viðbætis við III. viðauka (66. hluta).

Bls. 1 af 1

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX].[YYYYY]

Þetta viðurkenningarvottorð er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR OG ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (EB) nr. 2042/2003.

Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur einstaklingur hafi með fullnægjandi árangri staðist neðangreint viðurkennt þjálfunarnámskeið (**) eða grunnpróf (**) í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

[GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ (**)] og/eða [GRUNNPRÓF (**)]

[SKRÁ YFIR NÁMSGREINAR SKV. 66. HLUTA/DAGSETNING SEM VIÐKOMANDI STÓÐST PRÓF]

Dagsetning: …….

Undirskrift: …….

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 148, 1. útgáfa.

(*) eða Flugöryggisstofnun Evrópu ef hún er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strikið yfir það sem á ekki við.

2. **Tegundarþjálfun/próf**

Nota skal fyrirmynd af vottorði um tegundarþjálfuna skv. 147. hluta, eins og tilgreint er hér fyrir neðan, til viðurkenningar á því að bóklegum þáttum, verklegum þáttum eða bæði bóklegum og verklegum þáttum þjálfunarnámskeiðs til tegundarréttinda sé lokið.

Í vottorðinu skal tilgreina þá samsetningu flugskrokks/hreyfils sem þjálfað var fyrir.

Fella skal burt viðeigandi tilvísunarnúmer eftir því sem við á og skal tekið fram í rammanum fyrir tegund námskeiðsins hvort það nái aðeins yfir fræðilega eða verklega þætti eða bæði fræðilega og verklega þætti.

Í þjálfunarvottorði skal það koma skýrt fram hvor námskeiðið sé heilt námskeið eða hlutanámskeið (svo sem námskeið um flugskrokk eða fullbúinn hreyfil eða rafeinda-/rafkerfi) eða mismunarnámskeið sem byggir á fyrri reynslu umsækjandans, t.d. CFM-námskeið á A340 fyrir tæknimenn á A320. Ef ekki er um heilt námskeið að ræða skal tilgreint í vottorðinu hvort tekið hafi verið til tengsla eða ekki.

Bls. 1 af 1

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX].[YYYYY]

Þetta viðurkenningarvottorð er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR OG ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísunarnúmer: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (EB) nr. 2042/2003.

Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur einstaklingur hafi með fullnægjandi árangri staðist fræðilega (**) og/eða verklega þætti (**) viðurkennda tegundarþjálfunarnámskeiðsins sem tilgreint er að neðan og tengd próf í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ Á TEGUND LOFTFARS (**)]

[UPPHAFS- og LOKADAGSETNINGAR]

[TILGREINIÐ FRÆÐILEGA EÐA VERKLEGA ÞÆTTI]

og/eða

[PRÓF Á TEGUND LOFTFARS (**)]

[LOKADAGSETNING]

Dagsetning: …….

Undirskrift: …….

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 149, 1. útgáfa.

[…]

(*) eða Flugöryggisstofnun Evrópu ef hún er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strikið yfir það sem á ekki við.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 347/2012 2013/EES/20/02

frá 16. apríl 2012

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhemlunarkerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og a-lið 3. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 er sérreglugerð um gerðarviðurkenningaraðferðina sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([2]).

2) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um grunnkröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3 að því er varðar uppsetningu á háþróuðum neyðarhemlunarkerfum. Nauðsynlegt er að setja fram sérstakar verklagsreglur, prófanir og kröfur fyrir slíka gerðarviðurkenningu.

3) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um almenna skyldu til að setja upp háþróuð neyðarhemlunarkerfi í ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3.

4) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin geti samþykkt ráðstafanir sem undanskilja tiltekin ökutæki eða undirflokka ökutækja í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3 frá skyldunni um uppsetningu háþróaðra neyðarhemlunarkerfa við ákveðin skilyrði.

5) Kostnaðar- og ábatagreining og greining á tækni- og öryggisþáttum hefur leitt í ljós að meiri frestur er nauðsynlegur áður en hægt er að gera víðtækar kröfur um háþróuð neyðarhemlunarkerfi fyrir öll ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3. Leggja þarf sérstaka áherslu á hemlatækni og fjöðrunarkerfi afturása sem notuð eru í þessum ökutækjum þegar tilgreindar eru ítarlegar reglur varðandi tilteknar prófanir og tæknilegar kröfur að því er varðar gerðarviðurkenningu þessara ökutækja með tilliti til háþróaðra neyðarhemlunarkerfa. Því er rétt að þessar kröfur komi til framkvæmdar í tveimur áföngum, þar sem byrjað er með viðurkenningarþrep 1, sem felur í sér kröfur um viðeigandi árekstrarvara og neyðarhemlun að því er varðar gerðir ökutækja í flokkum M_3 og N_3 ásamt gerðum ökutækja í flokki N_2 með hámarksmassa yfir 8 tonnum, að því tilskildu að þessu ökutæki séu með lofthemlakerfi eða loft-vökvahemlakerfi og með loftfjöðrunarkerfi á afturásum. Í seinni áfanga skulu þessar kröfur rýmkaðar og bætt við þær, með viðurkenningarþrepi 2, þannig að þær gildi einnig um gerðir ökutækja með vökvahemlakerfi og fjöðrunarkerfi á afturásum sem eru ekki loftknúin og taki einnig til ökutækja í flokki M_2 og N_2 með hámarksmassa sem er ekki meiri en 8 tonn. Tímasetja skal framkvæmd viðurkenningarþreps 2 þannig að nægur frestur fáist til að öðlast frekari reynslu af þessum kerfum og möguleiki sé á frekari tækniþróun á þessu sviði, en einnig til að efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu geti samþykkt alþjóðlegar, samræmdar kröfur um nothæfi og prófun vegna ökutækjagerða í flokkunum sem um er að ræða. Eigi síðar en tveimur árum fyrir gildistökudag framkvæmdar viðurkenningarþreps 2 skal framkvæmdastjórnin því samþykkja prófunarskilyrði fyrir viðvörunarmerki og virkjun hemla að því er varðar gerðir ökutækja í flokkum M_2 og N_2 með hámarksmassa yfir 8 tonnum, að teknu tilliti til frekari þróunar á þessu sviði á vettvangi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

6) Kostnaðar- og ábatagreining hefur einnig leitt í ljós að skyldubeiting háþróaðra neyðarhemlunarkerfa feli í sér meiri kostnað en ábata og er því ekki viðeigandi að því er varðar eftirfarandi undirflokka ökutækja: dráttarbifreiðar fyrir festivagna í flokki N_2 með hámarksmassa yfir 3,5

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 7.

([1]) Stjtíð. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

tonnum, ökutæki í undirflokkum A, I og II í flokkum M_2 og M_3 og liðskiptir strætisvagnar í undirflokkum A, I og II í flokki M_3. Að auki gera tæknilegar og efnislegar takmarkanir það ókleift að setja árekstrarvara í tiltekin ökutæki til sérstakra nota, torfærutæki og ökutæki með fleiri en þrjá ása þannig að það tryggi áreiðanlega virkni þeirra. Ökutæki í þessum flokkum skulu því vera undanþegin skyldunni um uppsetningu á háþróuðu neyðarhemlunarkerfi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um vélknúin ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, með eftirfarandi undantekningum:

1) dráttarbifreiðar fyrir festivagna í flokki N_2 með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum en ekki yfir 8 tonnum,

2) ökutæki í undirflokkum A, I og II í flokkum M_2 og M_3,

3) liðskiptir strætisvagnar í undirflokkum A, I og II í flokki M_3,

4) torfærutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3, eins og um getur í liðum 4.2 og 4.3 í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,

5) ökutæki til sérstakra nota í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3, eins og um getur í liðum 5 og 4.3 í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,

6) ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3 með fleiri en þrjá ása.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2007/46/EB og reglugerð (EB) nr. 661/2009.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gerð ökutækis að því er varðar háþróað neyðarhemlunarkerfi“: flokkur ökutækja sem ekki eru frábrugðin hvert öðru í grundvallaratriðum, þ.m.t.:

   a) viðskiptaheiti eða vörumerki framleiðanda,

   b) eiginleika ökutækis sem hafa veruleg áhrif á nothæfi háþróaða neyðarhemlunarkerfisins,

   c) gerð og hönnun háþróaða neyðarhemlunarkerfisins,

2) „prófunarökutæki“: ökutækið sem er til prófunar,

3) „mark“: fólksbifreið sem er raðframleidd í miklu magni í flokknum M_1 AA stallbakar eins og skilgreint er í lið 1 í C-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB eða, ef um er að ræða mjúkt mark, hlutur sem samsvarar slíku ökutæki hvað varðar eiginleika með tilliti til greiningar sem eiga við skynjarakerfi háþróaða neyðarhemlunarkerfisins sem er til prófunar,

4) „mjúkt mark“: mark sem verður fyrir lágmarkstjóni af og veldur lágmarkstjóni á prófunarökutækinu við árekstur,

5) „hreyfanlegt mark“: mark sem hreyfist á stöðugum hraða í sömu átt og á miðri akreininni sem prófunarökutækinu er ekið eftir,

6) „kyrrstætt mark“: mark sem er í kyrrstöðu, sem snýr í sömu átt og er staðsett á miðri akreininni sem prófunarökutækinu er ekið eftir,

7) „árekstrarviðvörunarfasi“: fasinn, sem er næstur á undan neyðarhemlunarfasanum, þegar háþróaða neyðarhemlunarkerfið varar ökumanninn við hugsanlegri framanákeyrslu,

8) „neyðarhemlunarfasi“: fasinn sem hefst þegar háþróaða neyðarhemlunarkerfið sendir hemlunarbeiðni til akstursheimlakerfis ökutækisins sem felur í sér a.m.k. 4 m/s^2 hraðaminnkun,

9) „sameiginlegt rými“: sameiginlegt svæði þar sem hægt er að birta tvær eða fleiri gerðir upplýsinga, en þó ekki samtímis,

10) „sjálfskoðun“: samþætt aðgerð sem fylgist nokkurn veginn samfellt með kerfisbilunum, a.m.k. á meðan kerfið er virkt,

11) „tími að árekstri“: tímagildi sem fæst með því að deila vegalengdinni á milli prófunarökutækisins og marksins með hlutfallslegum hraða prófunarökutækisins og marksins, á tilteknum tímapunkti.

3. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Frá og með 1. nóvember 2013 skulu landsyfirvöld synja, af ástæðum sem varða háþróuð neyðarhemlunarkerfi, um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka, að undanskildum kröfunum varðandi viðurkenningarþrep 2 í II. viðauka og gildin fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi sem sett eru fram í 2. viðbæti við þann viðauka og að undanskildum ökutækjum sem eru ekki með loftknúin fjöðrunarkerfi á afturásum.

2. Frá og með 1. nóvember 2015 skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða háþróuð neyðarhemlunarkerfi, líta svo á að samræmisvottorð vegna nýrra ökutækja gildi ekki lengur að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og banna að slík ökutæki séu seld, skráð eða tekin í notkun ef þau uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka, að undanskildum kröfunum varðandi viðurkenningarþrep 2 í II. viðauka og gildin fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi sem sett eru fram í 2. viðbæti við þann viðauka og að undanskildum ökutækjum sem eru ekki með loftknúin fjöðrunarkerfi á afturásum.

3. Frá og með 1. nóvember 2016 skulu landsyfirvöld synja, af ástæðum sem varða háþróuð neyðarhemlunarkerfi, um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka, þ.m.t. kröfurnar varðandi viðurkenningarþrep 2 í II. viðauka og gildin fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi sem sett eru fram í 2. viðbæti við þann viðauka.

4. Frá og með 1. nóvember 2018 skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða háþróuð neyðarhemlunarkerfi, líta svo á að samræmisvottorð vegna nýrra ökutækja gildi ekki lengur að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og banna að slík ökutæki séu seld, skráð eða tekin í notkun ef þau uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka, þ.m.t. kröfurnar varðandi viðurkenningarþrep 2 í II. viðauka og gildin fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi sem sett eru fram í 2. viðbæti við þann viðauka.

5. Með fyrirvara um 1.–4. mgr. skulu landsbundin yfirvöld ekki, af ástæðum sem varða háþróuð neyðarhemlunarkerfi:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu á nýrri gerð ökutækis ef ökutækið uppfyllir ákvæði reglugerðar (EB) nr. 661/2009 og þessarar reglugerðar,

b) banna að nýtt ökutæki verði skráð, selt eða tekið í notkun ef ökutækið uppfyllir ákvæði reglugerðar (EB) nr. 661/2009 og þessarar reglugerðar,

c) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu samkvæmt viðurkenningarþrepi 2 á nýrri gerð ökutækis í flokki M_2 og í flokki N_2 með hámarksmassa sem er ekki meiri en 8 tonn fyrr en gildi fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi niðurstöður að því er varðar prófunarkröfur fyrir viðvörunarmerki og virkjun hafa verið tilgreind í samræmi við 5. gr.

4. gr.

EB-gerðarviðurkenning fyrir gerð ökutækis með tilliti til háþróaðs neyðarhemlunarkerfis

1. Framleiðandinn eða fulltrúi hans skal leggja umsókn fyrir viðurkenningaryfirvaldið um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis að því er varðar háþróað neyðarhemlunarkerfi.

2. Umsóknin skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 1. hluta I. viðauka.

3. Ef viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Viðurkenningaryfirvaldi er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

4. Að því er varðar 3. mgr. skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 2. hluta I. viðauka.

5. gr.

Breyting á 2. viðbæti við II. viðauka

Eigi síðar en 31. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin breyta 2. viðbæti við II. viðauka með því að bæta við gildunum fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi niðurstöður að því er varðar prófunarkröfur fyrir viðvörunarmerki og virkjun sem gerðir ökutækja í flokki M_2 og í flokki N_2 með hámarksmassa sem er ekki meiri en 8 tonn verða að uppfylla fyrir viðurkenningarþrep 2.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Staðlað upplýsingaskjal og EB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til háþróaðra neyðarhemlunarkerfa

1. HLUTI

Upplýsingaskjal

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til háþróaðs neyðarhemlunarkerfis.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem um getur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 347/2012 eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð: .....

0.2.0.1. Undirvagn: .....

0.2.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki: .....

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er): .....

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ([b]): .....

0.3.0.1. Undirvagn: .....

0.3.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki: .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.3.1.1. Undirvagn: .....

0.3.1.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki: .....

0.4. Ökutækjaflokkur ([c]): .....

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....

0.6. Staðsetning og aðferð við áfestingu lögboðinna merkjaplatna og verksmiðjunúmer ökutækis: .....

0.6.1. Á undirvagni: .....

0.6.2. Á yfirbyggingu: .....

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....

1.2. Málsett teikning af fullbúnu ökutæki: .....

1.3. Fjöldi ása og hjóla: .....

1.3.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum: .....

1.3.2. Fjöldi og staðsetning stýriása: .....

1.3.3. Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging): .....

2. MASSAR OG MÁL ([f]) ([g])

(í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á)

2.1. Hjólhaf/-höf (með fulla hleðslu) ([g1])

2.1.1. Ökutæki með tvo ása: .....

2.1.1.1. Ökutæki með þrjá eða fleiri ása

2.3. Sporvídd áss eða ása og breidd

2.3.1. Sporvídd hvers stýriáss([g4]): .....

2.3.2. Sporvídd allra annarra ása([g4]): .....

2.3.4. Breidd fremsta áss (mæld við ysta hluta hjólbarðanna að frátalinni bungu á hjólbörðum nærri jörðu): .....

2.4. Stærðarmörk ökutækis (heildarmál)

2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar

2.4.1.1. Lengd([g5]): .....

2.4.1.1.1. Leyfileg hámarkslengd: .....

2.4.1.1.2. Leyfileg lágmarkslengd: .....

2.4.1.2. Breidd([g7]): .....

2.4.1.2.1. Leyfileg hámarksbreidd: .....

2.4.1.2.2. Leyfileg lágmarksbreidd: .....

2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu

2.4.2.1. Lengd([g5]): .....

2.4.2.1.1. Lengd hleðslurýmis: .....

2.4.2.2. Breidd([g7]): .....

2.4.3. Fyrir yfirbyggingu sem er viðurkennd án undirvagns (ökutæki í flokkum M_2 og M_3)

2.4.3.1. Lengd([g5]): .....

2.4.3.2. Breidd([g7]): .....

2.6. Massi ökutækis, tilbúins til aksturs

Massi ökutækisins með yfirbyggingu og, ef um dráttarbifreið er að ræða í öðrum flokki en M_1, með tengibúnaði, sé hann áfestur af framleiðanda, tilbúins til aksturs, eða massi undirvagns, eða undirvagns með stýrishúsi, án yfirbyggingar og/eða tengibúnaðar ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með vökvum, verkfærum, varahjóli, ef það fylgir, og ökumanni og, ef um er að ræða hópbifreiðar og langferðabifreiðar, starfsmanni, sé sæti í ökutækinu fyrir starfsmann) ([h]) (hámark og lágmark fyrir hvort afbrigði): .....

4.7. Hámarkshönnunarhraði ökutækis (í km/klst.) ([q]): .....

8. HEMLAR

(Eftirfarandi atriði skulu koma fram, þar á meðal aðferðir við auðkenningu, þar sem það á við)

8.1. Gerð og eiginleikar hemlanna eins og þeir eru skilgreindir í lið 1.6 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 71/320/EBE ([3]) þ.m.t. upplýsingar og teikningar af skálum, diskum, slöngum, tegund og gerð hemlaskóa/-klossa og/eða hemlaborða, virkt hemlunaryfirborð, radíus skála, skóa eða diska, massi skála, stillingarbúnaður, þeir hlutar áss/ása, sem máli skipta, og fjöðrun: .....

8.2. Skýringarmynd af vinnsluhætti, lýsing og/eða teikning af eftirfarandi hemlakerfum eins og þau eru skilgreind í lið 1.2 í I. viðauka við tilskipun 71/320/EBE, þ.m.t. upplýsingar og teikningar af yfirfærslu og stjórnbúnaði:

([3]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 37.

8.2.1. Akstursheмlakerfi: .....

8.2.2. Neyðarhemlakerfi: .....

8.2.4. Viðbótarhemlakerfi: .....

8.3. Stjórn og yfirfærsla hemlakerfa fyrir eftirvagna í ökutækjum sem hönnuð eru til að draga eftirvagn: .....

8.4. Ökutækið er útbúið til að draga eftirvagn með raf-/loft-/vökvahemlum (*): já/nei (*)

8.5. Læsivarið hemlakerfi

8.5.1. Lýsing á vinnsluhætti kerfisins (að öllum rafeindahlutum meðtöldum), teikning af rafkerfi og vökva- eða lofthringrás: .....

8.6. Útreikningar og ferlar samkvæmt viðbætinum við lið 1.1.4.2 í viðbætinum við II. viðauka við tilskipun 71/320/EBE (eða viðbæti við XI. viðauka, ef við á): .....

8.7. Lýsing og/eða teikning af orkugjafa, þetta skal einnig tilgreina fyrir hemlakerfi með hjálparafli: .....

8.7.1. Ef um lofthemlakerfi er að ræða, vinnuþrýstingur p2 í þrýstigeyminum/-geymunum: .....

8.7.2. Ef um soghemlakerfi er að ræða, upphafsorka í geyminum/geymunum: .....

13. SÉRÁKVÆÐI FYRIR HÓPBIFREIÐAR OG LANGFERÐABIFREIÐAR

13.1. Undirflokkur ökutækis: undirflokkur III/undirflokkur B (*)

Skýringar

(*) Strikið yfir það sem á ekki við (í sumum tilvikum þarf ekki að strika yfir neitt þegar fleiri en ein færsla á við).

(b) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

(c) Flokkað samkvæmt skilgreiningum sem settar eru fram í A-hluta II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

(f) Ef ein útfærsla er með venjulegu stýrishúsi en önnur með stýrishúsi með svefnrými skal tilgreina massa og mál fyrir báðar.

(g) Staðall ISO 612: 1978 – Road vehicles — Dimensions of motor vehicles and towed vehicles — terms and definitions.

(g1) Vélknúið ökutæki og tengivagn: íðorð nr. 6.4.1.
Festivagn og eftirvagn með miðlægum ási: íðorð nr. 6.4.2.
Athugasemd
Ef um er að ræða eftirvagn með miðlægum ási skal ás tengisins teljast vera framásinn.

(g4) Íðorð nr. 6.5.

(g5) Íðorð nr. 6.1 og fyrir önnur ökutæki en þau sem eru í flokki M_1: liður 2.4.1 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB (Stjtíð. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1).Ef um er að ræða eftirvagna skal tilgreina lengdina eins og kveðið er á um í íðorði nr. 6.1.2 í staðli ISO 612: 1978.

(g7) Íðorð nr. 6.2 og fyrir önnur ökutæki en þau sem eru í flokki M_1: liður 2.4.2 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB.

(h) Ökumaður, og starfsmaður ef við á, telst vega 75 kg (sem skiptist í líkamsþyngd 68 kg og farangur 7 kg samkvæmt ISO-staðli 2416:1992), eldsneytisgeymir skal fylltur að 90% og aðrir vökvageymar (að frátöldum geymum fyrir notað vatn) að 100% af því magni sem framleiðandi hefur tilgreint.

(q) Að því er varðar eftirvagna, hámarkshraði sem framleiðandi heimilar.

2. HLUTI

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm)

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

— EB-gerðarviðurkenningu ([4])

— rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

— synjun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

— afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

á gerð ökutækis að því er varðar háþróað neyðarhemlunarkerfi

með tilliti til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 með áorðnum breytingum og í samræmi við viðurkenningarþrep 1([1])/viðurkenningarþrep 2([1])

EB-gerðarviðurkenningarnúmer: _____

Ástæða rýmkunar:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ([5])

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur ([6]):

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Fulltrúi framleiðandans:

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): Sjá viðbót

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

3. Dagsetning prófunarskýrslu:

4. Númer prófunarskýrslu:

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbót

6. Staður:

7. Dagsetning:

8. Undirskrift:

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn.

Prófunarskýrsla.

_____

([4]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([5]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þessar upplýsingar ná til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

([6]) Í samræmi við skilgreininguna í A-þætti II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Viðbót

við vottorð um EB-gerðarviðurkenningu nr. …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Stutt lýsing á háþróaða neyðarhemlunarkerfinu sem ökutækið er útbúið:

4. Niðurstöður úr prófunum skv. II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 347/2012

4.1. Upplýsingar sem gera kleift að auðkenna og endurskapa mörkin sem notuð eru við prófunina.

4.2. Skrá yfir sértækar aðgerðir sem valda því að árekstrarviðvörunarfasinn er rofinn

4.3. Skrá yfir sértækar aðgerðir sem valda því að neyðarhemlunarfasinn er rofinn

4.4. Lýsing á viðvörun og í hvaða röð árekstrarviðvörunarmerkin birtast ökumanninum

4.5. Massi og ástand farms á ökutækinu við prófun

4.6. Upplýsingar sem gera kleift að prófunarmörkin séu auðkennd sérstaklega

4.7. Niðurstöður prófunar á viðvörun og virkjun með kyrrstæðu marki

4.8. Niðurstöður prófunar á viðvörun og virkjun með hreyfanlegu marki

4.9. Niðurstöður prófunar á bilunargreiningu

4.10. Niðurstöður prófunar á afvirkjun (aðeins ef ökutækið er þannig útbúið að hægt sé að gera læsivarða hemlakerfið óvirkt)

4.11. Niðurstöður prófunar á rangri svörun

4.12. Gerð ökutækisins með háþróað neyðarhemlunarkerfi er í samræmi við kröfurnar fyrir viðurkenningarþrep 1 sem settar eru fram í 1. viðbæti II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 347/2012: já/nei ([7])

4.13. Gerð ökutækisins með háþróað neyðarhemlunarkerfi er í samræmi við kröfurnar fyrir viðurkenningarþrep 2 sem settar eru fram í 2. viðbæti II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 347/2012: já/nei ([1])

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):

([7]) Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

Kröfur og prófanir að því er varðar gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til háþróaðra neyðarhemlunarkerfa

1. Kröfur

1.1. Almennar kröfur

1.1.1. Öll ökutæki sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar skulu, að því er varðar háþróað neyðarhemlunarkerfi sem þau eru búin, uppfylla nothæfiskröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.1 til 1.6.2 í þessum viðauka og skulu vera með læsivarða hemla í samræmi við nothæfiskröfurnar í 13. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13 ([8]).

1.1.2. Segul- eða rafsvið skulu ekki hafa neikvæð áhrif á skilvirkni háþróaða neyðarhemlunarkerfisins. Sýna skal fram á þetta með samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 10, röð breytinga 03.

1.1.3. Sýna skal fram á samræmi við öryggisþætti flókinna rafrænna stjórnkerfa með því að uppfylla kröfurnar í III. viðauka.

1.2. Kröfur um nothæfi

1.2.1. Kerfið skal gefa ökumanninum viðeigandi viðvörun eins og lýst er í liðum 1.2.1.1 til 1.2.1.3:

1.2.1.1. Árekstrarviðvörun þegar háþróaða neyðarhemlunarkerfið hefur greint möguleikann á árekstri við ökutæki í flokki M, N eða O sem er fyrir framan í sömu akrein og sem ekið er á minni hraða, hefur verið stöðvað eða er kyrrstætt og hefur ekki verið sanngreint að það sé á ferð. Viðvörunin skal vera eins og tilgreint er í lið 1.5.1.

1.2.1.2. Bilunarviðvörun þegar það verður bilun í háþróaða neyðarhemlunarkerfinu sem kemur í veg fyrir að kröfurnar í þessum viðauka séu uppfylltar. Viðvörunin skal vera eins og tilgreint er í lið 1.5.4.

1.2.1.2.1. Ekki skal líða merkjanlegur tími á milli hverrar sjálfskoðunar háþróaða neyðarhemlunarkerfisins og ekki skal verða merkjanleg töf þegar kveikt er á viðvörunarmerkinu, ef um er að ræða bilun sem hægt er að greina rafrænt.

1.2.1.3. Gefa skal viðvörun um afvirkjun þegar kerfið er gert óvirkt, ef ökutækið er útbúið þannig að hægt sé að gera háþróaða neyðarhemlunarkerfið óvirkt. Hún skal vera eins og tilgreint er í lið 1.4.2.

1.2.2. Í kjölfar viðvörunar sem um getur í lið 1.2.1.1 og með fyrirvara um ákvæði liða 1.3.1, 1.3.2 og 1.3.3 skal fylgja neyðarhemlunarfasi sem hefur það markmið að draga verulega úr hraða prófunarökutækisins. Þetta skal prófað í samræmi við liði 2.4 og 2.5.

1.2.3. Háþróaða neyðarhemlunarkerfið skal að lágmarki vera virkt innan hraðasviðs ökutækisins sem er frá 15 km/klst. og að hámarkshönnunarhraða ökutækisins og við alla hleðslu ökutækisins, nema það hafi verið afvirkjað handvirkt í samræmi við lið 1.4.

1.2.4. Háþróaða neyðarhemlunarkerfið skal hanna með þeim hætti sem lágmarkar myndun árekstrarviðvörunarmerkja og forðast sjálfstæða hemlun í aðstæðum þar sem ökumaðurinn myndi ekki verða var við yfirvofandi árekstur að framanverðu. Sýna skal fram á þetta í samræmi við lið 2.8.

1.3. Inngrip af hálfu ökumanns

1.3.1. Háþróaða neyðarhemlunarkerfið má vera þannig útbúið að ökumaðurinn geti rofið árekstrarviðvörunarfasann. Hins vegar, ef hemlakerfi ökutækisins er notað til að veita snertiskynsviðvörun skal kerfið gera ökumanninum kleift að stöðva viðvörunarhemlunina.

1.3.2. Háþróaða neyðarhemlunarkerfið má vera þannig útbúið að ökumaðurinn geti rofið neyðarhemlunarfasann.

1.3.3. Í þeim tilvikum sem um getur í liðum 1.3.1 og 1.3.2 skal inngripið hefjast með sértækri aðgerð (t.d. niðurskipting með inngjöf (e. *kick-down*), beitingu stjórnrofa stefnuljósa) sem gefur til kynna að ökumaðurinn viti af neyðarástandinu. Framleiðandi ökutækisins skal afhenda tækniþjónustunni skrá yfir þessar sértæku aðgerðir við gerðarviðurkenninguna og skal hún fylgja með í viðauka við prófunarskýrsluna sem um getur í II. þætti 2. hluta I. viðauka.

([8]) Sambandið gerðist aðili að þessari reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu með ákvörðun ráðsins 97/836/EB (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78).

1.4. Ef ökutæki er útbúið þannig að hægt sé að gera háþróaða neyðarhemlunarkerfið óvirkt skulu eftirfarandi skilyrði gilda, eins og við á:

1.4.1. Háþróaða neyðarhemlunarkerfið skal sjálfvirkt gert virkt aftur í upphafi hverrar nýrrar kveikjulotu.

1.4.2. Ökumaðurinn skal varaður við með stöðugu viðvörunarljósmerki þegar háþróaða neyðarhemlunarkerfið hefur verið gert óvirkt. Nota má gula viðvörunarmerkið sem tilgreint er í lið 1.5.4 í þessum tilgangi.

1.5. Viðvörunarmerki

1.5.1. Viðvörunina um árekstur sem um getur í lið 1.2.1.1 skal veita með a.m.k. tveimur af eftirfarandi háttum: snertiskynsviðvörun, sjónrænni eða hljóðrænni viðvörun.

Tímasetja skal viðvörunarmerkin þannig að ökumanninum sé kleift að bregðast við áhættunni á árekstri og ná stjórn á aðstæðum og skal forðast að valda ökumanninum óþægindum með viðvörunarmerkjum sem birtast of snemma eða of oft. Þetta skal prófað í samræmi við liði 2.4.2 og 2.5.2.

1.5.2. Við gerðarviðurkenninguna skal framleiðandi ökutækisins gefa lýsingu á viðvörunarmerkjunum og í hvaða röð árekstrarviðvörunarmerkin birtast ökumanninum og skal þetta skráð í prófunarskýrsluna.

1.5.3. Ef árekstrarviðvörunin felur í sér sjónrænt merki má gefa ljósmerkið með því að láta bilunarviðvörunina, sem tilgreind er í lið 1.2.1.2, blikka.

1.5.4. Bilunarviðvörunin sem um getur í lið 1.2.1.2 skal vera stöðugt, gult viðvörunarljósmerki.

1.5.5. Viðvörunarljósmerki háþróaða neyðarhemlunarkerfisins skal verða virkt annað hvort þegar kveikjurofanum (ræsirofanum) er snúið í stöðuna „á“ (í gangi) eða þegar kveikjurofinn (ræsirofinn) er í stöðu á milli „á“ (í gangi) og „ræsa“ sem framleiðandinn hefur tilgreint sem prófunarstöðu (upphafskerfi (ræsing)). Þessi krafa gildir ekki um viðvörunarmerki sem eru birt í sameiginlegu rými.

1.5.6. Viðvörunarljósmerkin skulu vera sýnileg í dagsbirtu; ökumaðurinn skal geta séð ástand viðvörunarmerkja úr ökumannssætinu með fullnægjandi hætti.

1.5.7. Þegar viðvörunarljósmerki er gefið ökumanninum til að gefa til kynna að háþróaða neyðarhemlunarkerfið er tímabundið óvirkt, t.d. vegna slæmra veðurskilyrða, skal viðvörunarmerkið lýsa stöðugt og með gulum lit. Nota má bilunarviðvörunarmerkið sem tilgreint er í lið 1.5.4 í þessum tilgangi.

1.6. Ákvæði varðandi reglubundna tækniskoðun

1.6.1. Við reglubundna tækniskoðun skal vera hægt að staðfesta að háþróaða neyðarhemlunarkerfið starfi rétt með sjónrænni athugun á stöðu bilunarviðvörunarmerkisins eftir ræsingu og athugun á ljósaperu.

Ef bilunarviðvörunarmerkið er í sameiginlegu rými skal vera hægt að ganga úr skugga um að sameiginlega rýmið sé virkt áður en bilunarviðvörunarmerkið er prófað.

1.6.2. Við gerðarviðurkenningu skal gefa lýsingu sem bundin er trúnaði, sem skýrir í grófum dráttum þau úrræði sem framleiðandinn velur til að verja bilunarviðvörunarmerkið gegn einföldum óheimilum breytingum.

Að öðrum kosti skal þessi krafa um vörn teljast uppfyllt ef hægt er að kanna að háþróaða neyðarhemlunarkerfið starfi rétt með öðrum hætti.

2. Prófunaraðferðir

2.1. Prófunarskilyrði

2.1.1. Prófunin skal framkvæmd á sléttu og þurru malbiki eða steyptu yfirborði með góða viðloðun.

2.1.2. Umhverfishiti skal vera milli 0 °C og 45 °C.

2.1.3. Lárétt skyggni skal vera þannig að hægt sé að fylgjast með markinu í allri prófuninni.

2.1.4. Prófanirnar skulu framkvæmdar þannig að vindur hafi ekki áhrif á niðurstöðurnar.

2.2. Skilyrði að því er varðar ökutækið

2.2.1. Prófunarþyngd

Ökutækið skal prófað við hleðsluskilyrði sem framleiðandinn og tækniþjónustan komast að samkomulagi um. Ekki skal gera neinar breytingar eftir að prófunarferlið hefst.

2.3. Mörk sem eru til prófunar

2.3.1. Markið sem notað er við prófunina skal vera fólksbifreið sem er raðframleidd í miklu magni í flokki M_1 AA stallbakar eða „mjúkt mark“ sem samsvarar slíku ökutæki hvað varðar eiginleika með tilliti til greiningar sem eiga við skynjarakerfi háþróaða neyðarhemlunarkerfisins sem er til prófunar ([9]).

2.3.2. einstök atriði sem gera kleift að mark/mörk séu auðkennd sérstaklega og endursköpuð skulu skráð í gerðarviðurkenningarskjal ökutækisins, eins og um getur í lið 4.6 í viðbótinni við II. þátt 2. hluta I. viðauka.

2.4. Prófun á viðvörun og virkjun með kyrrstæðu marki

2.4.1. Prófunarökutækið skal nálgast kyrrstæða markið í beinni línu í a.m.k. tvær sekúndur áður en starfrænn hluti prófunarinnar hefst og skal frávik prófunarökutækisins frá miðlínu marksins ekki vera meira en 0,5 m.

Starfrænn hluti prófunarinnar skal hefjast þegar prófunarökutækinu er ekið á hraðanum 80 ± 2 km/klst. og fjarlægð þess frá markinu er a.m.k. 120 m.

Frá því að starfrænn hluti prófunarinnar hefst og þar til árekstur á sér stað skal ökumaðurinn ekki gera neinar breytingar á stjórntækjum prófunarökutækisins aðrar en minniháttar leiðréttingar með stýrinu svo að ekki sé vikið frá réttri stefnu.

2.4.2. Tímasetning árekstrarviðvarananna sem um getur í lið 1.5.1 skal vera í samræmi við eftirfarandi:

2.4.2.1. Veita skal a.m.k. eina snertiskynsviðvörun eða hljóðræna viðvörun eigi síðar en tilgreint er í:

Fyrir viðurkenningarþrep 1: B-dálkur í töflunni í 1. viðbæti

Fyrir viðurkenningarþrep 2: B-dálkur í töflunni í 2. viðbæti

Þessum gildum skal náð áður en neyðarhemlunarfasinn hefst.

2.4.2.2. Veita skal a.m.k. tvenns konar viðvörun eigi síðar en tilgreint er í:

Fyrir viðurkenningarþrep 1: C-dálkur í töflunni í 1. viðbæti

Fyrir viðurkenningarþrep 2: C-dálkur í töflunni í 2. viðbæti

Þessum gildum skal náð áður en neyðarhemlunarfasinn hefst.

2.4.2.3. Hraðaminnkun í viðvörunarfasanum skal ekki vera meiri en sem nemur 15 km/klst. eða 30% af heildarhraðaminnkun prófunarökutækisins, hvort heldur er meira.

2.4.3. Á eftir árekstrarviðvörunarfasanum skal fylgja neyðarhemlunarfasinn.

2.4.4. Neyðarhemlunarfasinn skal ekki hefjast fyrr en tími að árekstri er 3,0 sek. eða minni.

Sannprófa má samræmi með raunmælingu við prófunina eða upplýsingaskjölum sem framleiðandinn leggur fram, samkvæmt samkomulagi tækniþjónustunnar og framleiðanda ökutækisins.

2.4.5. Heildarhraðaminnkun prófunarökutækisins á þeim tímapunkti þegar áreksturinn við kyrrstæða markið á sér stað skal ekki vera minni en tilgreint er í:

Fyrir viðurkenningarþrep 1: D-dálkur í töflunni í 1. viðbæti

Fyrir viðurkenningarþrep 2: D-dálkur í töflunni í 2. viðbæti

2.5. Prófun á viðvörun og virkjun með hreyfanlegu marki

([9]) Tækniþjónustan og framleiðandi ökutækisins skulu komast að samkomulagi um að eiginleikar mjúka marksins með tilliti til greiningar séu jafngildir eiginleikum fólksbifreiðar í flokknum M1 AA stallbakar.

2.5.1. Prófunarökutækinu og hreyfanlega markinu skal ekið í beinni línu í a.m.k. tvær sekúndur áður en starfrænn hluti prófunarinnar hefst og skal frávik prófunarökutækisins frá miðlínu marksins ekki vera meira en 0,5 m.

Starfrænn hluti prófunarinnar skal hefjast þegar prófunarökutækinu er ekið á hraðanum 80 ± 2 km/klst. og hreyfanlega markinu er ekið á hraðanum sem tilgreindur er í:

Fyrir viðurkenningarþrep 1: H-dálkur í töflunni í 1. viðbæti

Fyrir viðurkenningarþrep 2: H-dálkur í töflunni í 2. viðbæti

Fjarlægðin á milli prófunarökutækisins og hreyfanlega marksins skal vera a.m.k. 120 m.

Frá því að starfrænn hluti prófunarinnar hefst og þar til prófunarökutækið nær sama hraða og markið skal ökumaðurinn ekki gera neinar breytingar á stjórntækjum prófunarökutækisins aðrar en minniháttar leiðréttingar með stýrinu svo að ekki sé vikið frá réttri stefnu.

2.5.2. Tímasetning árekstrarviðvarananna sem um getur í lið 1.5.1 skal vera í samræmi við eftirfarandi:

2.5.2.1. Veita skal a.m.k. eina snertiskynsviðvörun eða hljóðræna viðvörun eigi síðar en tilgreint er í:

Fyrir viðurkenningarþrep 1: E-dálkur í töflunni í 1. viðbæti

Fyrir viðurkenningarþrep 2: E-dálkur í töflunni í 2. viðbæti

Þessum gildum skal náð áður en neyðarhemlunarfasinn hefst.

2.5.2.2. Veita skal a.m.k. tvenns konar viðvörun eigi síðar en tilgreint er í:

Fyrir viðurkenningarþrep 1: F-dálkur í töflunni í 1. viðbæti

Fyrir viðurkenningarþrep 2: F-dálkur í töflunni í 2. viðbæti

Þessum gildum skal náð áður en neyðarhemlunarfasinn hefst.

2.5.2.3. Hraðaminnkun í viðvörunarfasanum skal ekki vera meiri en sem nemur 15 km/klst. eða 30% af heildarhraðaminnkun prófunarökutækisins, hvort heldur er meira.

2.5.3. Á eftir árekstrarviðvörunarfasanum skal fylgja neyðarhemlunarfasinn, sem skal verða til þess að prófunarökutækið lendi ekki í árekstri við hreyfanlega markið.

2.5.4. Neyðarhemlunarfasinn skal ekki hefjast fyrr en tími að árekstri er 3,0 sek. eða minni.

Sannprófa má samræmi með raunmælingu við prófunina eða upplýsingaskjölum sem framleiðandinn leggur fram, samkvæmt samkomulagi tækniþjónustunnar og framleiðanda ökutækisins.

2.6. Prófun á bilunargreiningu

2.6.1. Líkja skal eftir rafmagnsbilun, t.d. með því að aftengja aflgjafann frá einhverjum hluta háþróaða neyðarhemlunarkerfisins eða aftengja rafmagnstengingu á milli hluta í kerfinu. Þegar líkt er eftir bilun háþróaða neyðarhemlunarkerfisins skal ekki taka úr sambandi rafmagnstengingar viðvörunarmerkisins fyrir ökumanninn sem um getur í lið 1.5.4, né heldur stýringu fyrir handvirka afvirkjun háþróaða neyðarhemlunarkerfisins sem um getur í lið 1.4.

2.6.2. Bilunarviðvörunarmerkið sem um getur í lið 1.5.4 skal verða virkt og halda áfram að vera virkt eigi síðar en 10 sek. eftir að ökutækinu hefur verið ekið á hraða sem er meiri en 15 km/klst. og skal það aftur verða virkt í kjölfar þess að slökkt er á kveikju („af“) og aftur kveikt á henni („á“) með ökutækið kyrrstætt svo lengi sem líkt er eftir biluninni.

2.7. Prófun á afvirkjun

2.7.1. Ef ökutækið er útbúið þannig að hægt sé að gera háþróaða neyðarhemlunarkerfið óvirkt skal snúa kveikjurofanum í stöðuna „á“ (í gangi) og gera háþróaða neyðarhemlunarkerfið óvirkt. Viðvörunarmerkið sem um getur í lið 1.4.2 skal verða virkt. Kveikjurofanum er snúið í stöðuna „af“. Aftur er kveikjurofanum snúið í stöðuna „á“ og skal staðfesta að viðvörunarmerkið, sem áður var virkt, verði ekki aftur virkt og með þeim hætti er gefið til kynna að háþróaða neyðarhemlunarkerfið sé aftur orðið virkt eins og tilgreint er í lið 1.4.1. Ef kveikjukerfið er virkjað með „lykli“ skal þessi krafa uppfyllt án þess að lykillinn sé fjarlægður.

2.8. Prófun á rangri svörun

2.8.1. Staðsetja skal tvö kyrrstæð ökutæki í flokknum M_1 AA stallbakur á eftirfarandi hátt:

a) þau snúi í sömu aksturssstefnu og prófunarökutækið,

b) bilið á milli þeirra sé 4,5 m ([10]),

c) afturhluti beggja ökutækja sé á sömu línu.

2.8.2. Prófunarökutækinu skal ekið a.m.k. 60 m á stöðugum hraða 50 ± 2 km/klst. þannig að það fari mitt á milli kyrrstæðu ökutækjanna.

Á meðan prófunin fer fram skal ekki gera neinar breytingar á stjórntækjum prófunarökutækisins aðrar en minniháttar leiðréttingar með stýrinu svo að ekki sé vikið frá réttri stefnu.

2.8.3. Háþróaða neyðarhemlunarkerfið skal ekki gefa árekstrarviðvörun, né skal það hefja neyðarhemlunarfasann.

_____

10 () Viðmiðunarpunktar kyrrstæðu ökutækjanna sem notaðir eru til að staðfesta fjarlægðina á milli þeirra skulu ákvarðaðir í samræmi við ISO 612: 1978.

1. viðbætir

Viðurkenningarþrep 1: prófunarkröfur fyrir viðvörunarmerki og virkjun – gildi fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi niðurstöður

A	B	C	D	E	F	G	H
Ökutækjaflokkur	Kyrrstætt mark			Hreyfanlegt mark			
	Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis (sjá lið 2.4.5)	Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis (sjá lið 2.5.3)	Hraði marks (sjá lið 2.5.1)
	A.m.k. 1 snertiskyns- eða hljóðræna viðvörun (sjá lið 2.4.2.1)	A.m.k. 2 (sjá lið 2.4.2.2)		A.m.k. 1 snertiskyns- eða hljóðræna viðvörun (sjá lið 2.5.2.1)	A.m.k. 2 (sjá lið 2.5.2.2)		
M_3, N_3 og N_2 > 8 t (lofthemlakerfi eða loftvökvahemlakerfi og með loftfjöðrunarkerfi á afturásum)	Eigi síðar en 1,4 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	A.m.k. 10 km/klst.	Eigi síðar en 1,4 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	Prófunarökutækið skal ekki lenda á hreyfanlega markinu	32 ± 2 km/klst.

2. viðbætir

Viðurkenningarþrep 2: prófunarkröfur fyrir viðvörunarmerki og virkjun – gildi fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi niðurstöður

A	B	C	D	E	F	G	H
Ökutækjaflokkur	Kyrrstætt mark			Hreyfanlegt mark			
	Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis (sjá lið 2.4.5)	Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis (sjá lið 2.5.3)	Hraði marks (sjá lið 2.5.1)
	A.m.k. 1 snertiskyns- eða hljóðræna viðvörun (sjá lið 2.4.2.1)	A.m.k. 2 (sjá lið 2.4.2.2)		A.m.k. 1 snertiskyns- eða hljóðræna viðvörun (sjá lið 2.5.2.1)	A.m.k. 2 (sjá lið 2.5.2.2)		
M_3, N_3 og N_2 > 8 t([1])	Eigi síðar en 1,4 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	A.m.k. 20 km/klst.	Eigi síðar en 1,4 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	Prófunarökutækið skal ekki lenda á hreyfanlega markinu	12 ± 2 km/klst.
$N_2 \leq 8$ t og M_2([2])	(3)	(3)	(3)	(3)	(3)	(3)	(3)

([1]) Ökutæki í flokki M3 með vökvahemlakerfi falla undir kröfurnar í annarri röð.
([2]) Ökutæki með lofthemlakerfi falla undir kröfurnar í fyrstu röð.
([3]) Gildin verða tilgreind í samræmi við ákvæði 5. gr.

III. VIÐAUKI

Sérkröfur sem beita skal að því er varðar öryggisþætti flókinna rafrænna stjórnkerfa ökutækis

1. Almennt

Í þessum viðauka eru skilgreindar sérkröfur varðandi upplýsingaskjöl, aðferðir við bilanaleit og sannprófun að því er tekur til öryggisþátta flókinna rafrænna stjórnkerfa ökutækis að því er þessa reglugerð varðar.

Einnig má beita þessum viðauka varðandi öryggistengd atriði sem lúta stjórn rafrænna kerfa.

Í þessum viðauka eru ekki tilgreindar nothæfiskröfur flókinna rafrænna stjórnkerfa ökutækis, en fjallað er um aðferðir sem beitt er við hönnun og upplýsingarnar sem skal veita tækniþjónustunni vegna gerðarviðurkenningar.

Þessar upplýsingar skulu sýna fram á að flókin rafræn stjórnkerfi ökutækis uppfylli allar viðeigandi nothæfiskröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð, við eðlileg skilyrði og bilanir.

2. Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2.1. „*Öryggisatriði*“: lýsing á ráðstöfunum sem felast í hönnun kerfisins, t.d. í rafeindaeiningunum, sem snúa að heilleika kerfisins og tryggja þannig rekstraröryggi, jafnvel við rafmagnsbilun.

Möguleikinn á varaaðgerð, sem notar hluta kerfis eða jafnvel varakerfi fyrir nauðsynlega virkni ökutækisins, getur verið hluti af öryggisatriði.

2.2. „*Rafeindastjórnkerfi*“: samsetning eininga sem hannaðar eru til að starfa saman við að framkalla tilgreinda stjórnunarvirkni ökutækisins með rafrænni gagnavinnslu.

Þessi kerfi, sem oft er stjórnað með hugbúnaði, eru samsett úr afmörkuðum, virkum íhlutum, t.d. skynjurum, rafstýrieiningum og hreyfum og eru tengd saman með flutningstengjum. Þau geta falið í sér vélræna, rafloftknúna eða raf- og vökvaknúna hluta.

2.3. „*Flókin rafeindastjórnkerfi ökutækis*“: rafeindastjórnkerfi sem falla undir stigskipta stjórnun þar sem stýrð virkni getur vikið fyrir æðra rafeindastjórnkerfi/virkni.

2.4. „*Æðri stjórnkerfi/virkni*“: þau kerfi/aðgerðir sem nota viðbótarvinnslu og/eða skynjunarráðstafanir til að breyta hegðun ökutækis með því að stjórna breytingum á venjulegri virkni stjórnkerfis ökutækisins.

Þetta gerir flóknum kerfum kleift að breyta markmiðum sínum sjálfvirkt með forgangi sem fer eftir skynjuðum aðstæðum.

2.5. „*Einingar*“: minnsta skipting kerfisíhluta sem falla undir þennan viðauka; þessi samsetning íhluta er meðhöndluð sem ein eining að því er varðar auðkenningu, greiningu eða útskipti.

2.6. „*Flutningstengi*“: aðferð sem notuð er til að samtengja dreifðar einingar í þeim tilgangi að miðla merkjum, vinnslugögnum eða orkugjafa.

Þessi búnaður er yfirleitt rafknúinn en getur að hluta til verið vélrænn, loftknúinn, vökvaknúinn eða ljóstæknilegur.

2.7. „*Stjórnunarsvið*“: frálagsbreyta sem samsvarar því sviði þar sem kerfið er líklegt til að beita stjórnun.

2.8. „*Mörk hagnýtrar vinnslu*“: þær afmarkanir ytri efnislegra marka sem kerfi viðheldur stjórn innan.

3. Upplýsingaskjöl

3.1. Kröfur

Framleiðandi skal leggja til upplýsingamöppu með lýsingu á grunnhönnun flókins, rafræns stjórnkerfis ökutækisins sem sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir (hér á eftir nefnt „kerfið“) og með hvaða leiðum þau eru tengd öðrum kerfum í ökutækinu eða hvernig þau hafa beina stjórn á frálagsbreytum.

Útskýra skal virkni „kerfisins“ og öryggisatriði, eins og framleiðandi setur þau fram.

Upplýsingaskjölin skulu vera stuttorð, en þó sýna fram á að hönnunin og þróun hafi notið góðs af sérþekkingu á öllum sviðum kerfisins sem í hlut eiga.

Að því er varðar reglubundnar tækniskoðanir skulu gögnin sýna hvernig hægt er að hafa eftirlit með virkri vinnslustöðu „kerfisins“.

3.1.1. Upplýsingaskjöl skulu lögð fram í eftirfarandi tveimur hlutum:

a) Formlega upplýsingamappan fyrir viðurkenninguna, sem inniheldur efnið sem talið er upp í 3. hluta (að undanskildum atriðunum í lið 3.4.4), sem skal afhent tækniþjónustunni á sama tíma og sótt er um gerðarviðurkenningu. Þetta skal vera grunnviðmiðun fyrir sannprófunarferlið sem sett er fram í 4. lið.

b) Viðbótarefni og greiningargögn sem um getur í lið 3.4.4, sem framleiðandinn skal varðveita en sem má opna fyrir skoðun þegar gerðarviðurkenning á sér stað.

3.2. Lýsing á aðgerðum „kerfisins“

Gefa skal lýsingu með einfaldri útskýringu á allri stjórnunarvirkni „kerfisins“ og aðferðum sem notaðar eru til að ná markmiðunum, ásamt lýsingu á því fyrirkomulagi sem notað er við stjórnunina.

3.2.1. Leggja skal fram skrá yfir allar ílagsbreytur og skynjaðar breytur og skal mælisvið þeirra skilgreint.

3.2.2. Leggja skal fram skrá yfir allar frálagsbreytur sem er stjórnað af „kerfinu“ og upplýsingar í hverju tilviki, um hvort stjórnunin er bein eða í gegnum annað kerfi í ökutækinu. Skilgreina skal stjórnunarsvið fyrir hverja slíka breytu.

3.2.3. Mörk sem skilgreina afmarkanir á hagnýtri vinnslu skulu tilgreindar þar sem það á við m.t.t. virkni kerfisins.

3.3. Skipulag kerfis og teikningar

3.3.1. Skrá yfir íhluti

Leggja skal fram skrá með öllum einingum „kerfisins“ þar sem minnst er á önnur kerfi í ökutækinu sem eru nauðsynleg til að ná fram stjórnunarvirkninni sem um er að ræða.

Útvega skal skýringarmynd sem sýnir þessar einingar samsettar þar sem dreifing og tengingar búnaðarins eru greinilega auðkenndar.

3.3.2. Virkni eininga

Lýsa skal virkni hverrar einingar „kerfisins“ og sýna skal merki sem tengja þær við aðrar einingar eða önnur kerfi í ökutækinu. Þetta má sýna með merktu reitariti eða annarri teikningu eða með lýsingu sem þannig skýringarmynd fylgir.

3.3.3. Samtengingar

Samtengingar innan „kerfisins“ skal sýna á skýringarmynd af rafrásum fyrir rafræn flutningstengi, með skýringarmynd af ljósleiðara fyrir ljóstæknileg tengi, með skýringarmynd af leiðslum fyrir loft- eða vökvaflutningstengi og með einfaldri skýringarmynd fyrir vélræn flutningstengi.

3.3.4. Flæði og forgangsröð merkja

Það skal vera skýrt samræmi á milli þessara flutningstengja og merkjanna sem flutt eru á milli eininga.

Forgangsröð merkja á fjölfléttum gagnaslóðum skal tekin fram hvar sem forgangur hefur áhrif á frammistöðu eða öryggi, að því er þessa reglugerð varðar.

3.3.5. Auðkenning eininga

Hver eining skal vera auðkennd á skýran og ótvíræðan hátt (t.d. með auðkenningu vélbúnaðar og auðkenningu eða hugbúnaðarfrálagi vegna hugbúnaðar) til að samsvörun sé á milli vélbúnaðar og upplýsingaskjalanna.

Ef virkni er sameinuð í eina einingu eða eina tölvu, en sýnd á mörgum reitum á reitariti til glöggvunar og til að auðvelda útskýringar skal aðeins nota eina vélbúnaðarauðkenningu.

Framleiðandi skal, með því að nota þessa auðkenningu, staðfesta að búnaðurinn sem afhentur er sé í samræmi við samsvarandi skjöl.

3.3.5.1. Auðkenningin skilgreinir útgáfu vélbúnaðar og hugbúnaðar og, ef hið síðarnefnda breytist þannig að það breyti virkni einingarinnar með tilliti til þessarar reglugerðar, skal einnig breyta auðkenningunni.

3.4. Öryggisatriði framleiðandans

3.4.1. Framleiðandi skal leggja fram yfirlýsingu sem staðfestir að aðferðin sem notuð er til að ná fram markmiðum „kerfisins“ muni ekki, án bilunartilviks, hafa áhrif á örugga starfrækslu kerfa sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar.

3.4.2. Að því er varðar hugbúnað sem notaður er í „kerfinu“ skal útskýra högunina og auðkenna hönnunaraðferðir og -tæki sem notuð eru. Framleiðandi skal vera tilbúinn, ef þess er krafist, að sýna fram á hvernig rökfræði kerfisins var ákvörðuð í hönnunar- og þróunarferlinu.

3.4.3. Framleiðandi skal láta tækniþjónustunni í té útskýringar á hönnunarákvæðum sem byggð eru inn í „kerfið“ til að koma á öruggri starfrækslu í bilunartilvikum. Hugsanleg hönnunarákvæði vegna bilunar í „kerfinu“ eru t.d.:

a) varaaðgerð sem notar hluta kerfis,

b) skipti yfir í aðskilið varakerfi,

c) fjarlæging virkni á æðra stigi.

Ef bilun verður skal vara ökumann við, t.d. með viðvörunarmerki eða birtingu skilaboða. Ef kerfið hefur ekki verið gert óvirkt af ökumanninum, t.d. með því að snúa kveikjurofa ökutækis „af“ eða með því að slökkva á þeirri tilteknu virkni ef sérstakur rofi er lagður til í þeim tilgangi, skal viðvörunin vera til staðar svo lengi sem bilunartilvikið er fyrir hendi.

3.4.3.1. Ef valið ákvæði velur vinnumáta með hlutaafköstum í tilteknum bilunartilvikum skal taka fram hver þau tilvik eru og skilgreina þá takmörkun á skilvirkni sem leiðir af þeim.

3.4.3.2. Ef valið ákvæði velur varakerfi til að ná fram markmiðum stjórnkerfis ökutækisins skal útskýra meginreglur skiptifyrirkomulagsins, rökfræði og magn umfremdar og alla innbyggða varaathugunareiginleika og skilgreina þær takmarkanir á skilvirkni varakerfis sem leiða af þeim.

3.4.3.3. Ef valið ákvæði velur að fjarlægja æðri virkni skal stöðva öll samsvarandi frálagsstjórnunarmerki sem tengjast þeirri virkni, þannig að truflanir við skiptin séu í lágmarki.

3.4.4. Upplýsingaskjölin skulu studd greiningu sem sýnir almennt hvernig kerfið hagar sér ef einhverjar af þeim tilgreindu bilunum verða sem hafa áhrif á stjórnun eða öryggi ökutækis.

Þetta getur byggt á greiningu á bilunarham og áhrifum (FMEA), greiningu á bilanatré (FTA) eða sambærilegri aðferð sem á við um öryggisþætti kerfisins.

Sú greiningaraðferð sem valin er skal ákveðin og viðhaldið af framleiðandanum og skal gerð tækniþjónustunni aðgengileg til skoðunar þegar gerðarviðurkenning fer fram.

3.4.4.1. Í þessum upplýsingaskjölum skal sundurliða mæliþættina sem á að vakta og skal setja fram, fyrir hvert bilunartilvik sem um getur í lið 3.4.4, viðvörunarmerkið sem skal gefa ökumanninum og/eða starfsfólki í þjónustu/tækniskoðun.

4. Sannprófun og prófun

4.1. Prófa skal hagnýta vinnslu kerfisins, eins og sett er fram í upplýsingaskjölunum sem gerð er krafa um í 3. lið, sem hér segir:

4.1.1. Sannprófun á virkni „kerfisins“

Til að koma á venjulegri notkun, skal sannprófun á frammistöðu kerfis í ökutækinu án bilunartilviks fara fram með grunnviðmiðunarforskrift framleiðanda, nema hún falli undir ákvæði um tilgreinda prófun á afköstum sem hluta af viðurkenningaraðferðinni sem sett er fram í þessari reglugerð.

4.1.2. Sannprófun á öryggisatriðinu sem um getur í lið 3.4.

Svörun „kerfisins“ skal, samkvæmt ákvörðun viðurkenningaryfirvalds, vera yfirfarin undir áhrifum frá bilun í stakri einingu með því að beita samsvarandi frálagsmerkjum á rafrænar einingar eða vélræna hluta til þess að líkja eftir áhrifum innri bilana í einingunni.

Niðurstöður sannprófunar skulu vera í samræmi við skjalfesta samantekt á bilanagreiningu þannig að heildaráhrifin séu þau að öryggisatriði og framkvæmd séu staðfest sem fullnægjandi.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 252/2012 **2013/EES/20/03**

frá 21. mars 2012

um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1883/2006 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ([2]) er kveðið á um hámarksgildi fyrir ódíoxínlík PCB-efni, díoxín og fúrön og fyrir summu díoxína, fúrana og díoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum.

2) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2011/516/ESB frá 23. ágúst 2011 um að draga úr díoxínum, fúrönum og PCB-efnum í fóðri og matvælum ([3]) eru sett aðgerðarmörk í því skyni að hvetja til markvissra aðgerða sem miða að því að draga úr tilvist PCDD-efna (fjölklóraðra díbensó-para-díoxína) og PCDF-efna (fjölklóraðra díbensófúrana) og díoxínlíkra PCB-efna í matvælum. Þessi aðgerðarmörk eru tæki sem gera lögbærum yfirvöldum og rekstraraðilum kleift að draga fram þau tilvik þar sem rétt þykir að greina uppsprettu mengunar og grípa til ráðstafana til þess að minnka umfang hennar eða stemma stigu við henni.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1883/2006 frá 19. desember 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi díoxína og díoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum ([4]) eru sett sértæk ákvæði um sýnatöku- og greiningaraðferðir sem nota skal við opinbert eftirlit.

4) Til að unnt sé að beita nýjum hámarksgildum fyrir ódíoxínlík PCB-efni, sem voru sett eftir að Matvælaöryggisstofnun Evrópu sendi frá sér vísindalegt álit um ódíoxínlík PCB-efni, og einnig til að ná fram samræmingu á vettvangi Sambandsins og uppfæra viðmiðanir fyrir skimunaraðferðir þarf að gera umtalsverðar breytingar á núgildandi löggjöf. Fyrir skýrleika sakir er því rétt að þessi reglugerð komi í stað reglugerðar (EB) nr. 1883/2006.

5) Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, lúta eingöngu að sýnatöku og greiningu á díoxínum, díoxínlíkum PCB-efnum og ódíoxínlíkum PCB-efnum vegna framkvæmdar reglugerðar (EB) nr. 1881/2006. Þau skulu ekki hafa áhrif á aðferðir til sýnatöku eða umfang og tíðni sýnatöku skv. III. og IV. viðauka við tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE ([5]). Þau hafa ekki áhrif á markviðmiðanir fyrir sýnatöku sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/179/EB frá 23. febrúar 1998 um nákvæmar reglur um sýnatöku vegna opinbers eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum ([6]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 18, 21.3.2013, bls. 7.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

([3]) Stjtíð. ESB L 218, 24.8.2011, bls. 23.

([4]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 32.

([5]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

([6]) Stjtíð. EB L 65, 5.3.1998, bls. 31.

6) Við greiningu má nota afkastamikla skimunaraðferð, sem hefur hlotið fullnægjandi og víðtæka fullgildingu, til að sanngreina sýni með umtalsverðu innihaldi PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna (aðferðin skal helst gera kleift að velja sýni yfir aðgerðarmörkum og tryggja að sýni yfir hámarksgildum séu valin). Ákvarða þarf innihald PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna í þessum sýnum með staðfestingargreiningu. Því er rétt að kveða bæði á um viðeigandi kröfur varðandi skimunaraðferðina, svo að tryggt sé að hlutfall niðurstaðna, sem eru í falssamræmi (e. *false-compliant*) við hámarksgildi, haldist undir 5%, og um strangar kröfur varðandi staðfestingargreiningar. Þar að auki gera staðfestingaraðferðir kleift að ákvarða einnig innihald sem er á styrkbili lítils bakgrunnsstyrks. Það skiptir máli til að unnt sé að fylgjast með tímaleitni, meta váhrif og endurmeta hámarksgildi og aðgerðarmörk.

7) Við sýnatöku úr mjög stórum fiski er nauðsynlegt að tilgreina sýnatökuaðferðina til að tryggja samhæfða nálgun í öllu Sambandinu.

8) Innihald díoxína, díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í fiskum sömu tegundar, sem eru upprunnir á sama svæði, getur verið mismunandi eftir stærð og/eða aldri fiskanna. Enn fremur er innihald díoxína og díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna ekki endilega það sama í öllum hlutum fisksins. Því er nauðsynlegt að tilgreina nánar aðferðir við sýnatöku og undirbúning sýna til þess að tryggja samhæfða nálgun í öllu Sambandinu.

9) Mikilvægt er að samræmd aðferð sé viðhöfð þegar skýrt er frá niðurstöðum greiningar og við túlkun þeirra til að tryggja samræmda framkvæmd alls staðar í Sambandinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Við beitingu þessarar reglugerðar gilda skilgreiningarnar og skammstafanirnar í I viðauka.

2. gr.

Taka sýna við opinbert eftirlit með innihaldi díoxína, fúrana, díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í matvælum, sem eru tilgreind í 5. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, skal fara fram í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Undirbúningur sýna og greiningar við opinbert eftirlit með innihaldi díoxína, fúrana og díoxínlíkra PCB-efna í matvælum, sem eru tilgreind í 5. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, skulu fara fram í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Greining vegna opinbers eftirlits með innihaldi ódíoxínlíkra PCB-efna í matvælum, sem eru tilgreind í 5. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, skal fara fram í samræmi við kröfur varðandi greiningarferli sem settar eru fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1883/2006 er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar og skammstafanir

I. SKILGREININGAR

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657 frá 14. ágúst 2002 um framkvæmd á tilskipun ráðsins 96/23/EB varðandi nothæfi greiningaraðferða og túlkun niðurstaðna ([7]).

Þar að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar að því er varðar þessa reglugerð:

1.1. „Aðgerðarmörk“: styrkur tiltekins efnis, eins og mælt er fyrir um í viðauka við tilmæli 2011/516/ESB, sem hrindir af stað rannsóknum í þeim tilgangi að finna upptök efnisins þegar efnið greinist í auknum styrk.

1.2. „Lífgreiningaraðferðir“: aðferðir, s.s. frumumiðaðar greiningar, viðtakagreiningar eða ónæmismælingar, sem byggjast á notkun líffræðilegra meginreglna. Niðurstöður úr slíkum greiningum eru ekki í efnamynd og einungis vísbending ([8]) um TEQ-gildi (gildi fyrir eiturjafngildi), gefið upp sem lífgreiningarjafngildi (BEQ), til að staðfesta að hugsanlega eru það ekki öll efnasamböndin í sýnisútdrætti sem gefa svörun í prófun sem uppfylla forsendur meginreglunnar um eiturjafngildi (e. *TEQ-principle*).

1.3. „Sýndarendurheimt í lífgreiningu“: BEQ-gildi, reiknað út frá kvörðunarferli tetraklórdíbensó-p-díoxíns (TCDD) eða PCB 126 eftir leiðréttingu fyrir blanksýni og síðan er deilt með TEQ-gildi sem er ákvarðað með gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn (GC/HRMS). Með henni er reynt að leiðrétta þætti eins og tap á PCDD-efnum (fjölklóruðum díbensóparadíoxínum) og PCDF-efnum (fjölklóruðum díbensófúrönum) og díoxínlíkum efnasamböndum á útdráttar- og hreinsunarstigi, efnasambönd sem eru dregin út með þeim og auka eða minnka svörun (meðverkandi og mótverkandi áhrif), gæði ferilaðlögunar eða muninn á milli gilda fyrir eiturjafngildisstuðul og fyrir hlutfallslega virkni. Sýndarendurheimt í lífgreiningu er reiknuð út frá viðeigandi viðmiðunarsýnum með dæmigerðum efnamyndamynstrum í kringum þann styrk sem mælingar miðast við.

1.4. „Hálfmegindlegar aðferðir“: aðferðir sem gefa allgóða vísbendingu um styrk meinta greiniefnisins en tölulegar niðurstöður uppfylla ekki kröfur fyrir megindlegar aðferðir.

1.5. „Viðurkennd sértæk magngreiningarmörk einstakra efnamynda“: styrkur greiniefnis í útdráttarlausn sýnis, sem kallar fram mælisvörun fyrir þær tvær mismunandi jónir sem eru til rannsóknar, með hlutfall milli merkis og suðs sem er 3:1 fyrir það merki sem er veikara og sem uppfyllir viðmiðanir um sanngreiningu eins og lýst er t.d. í staðli prEN 16215 (*Dýrafóður – Ákvörðun díoxíns og díoxínlíkra PCB efna með GC/HRMS og PCB vísa með GC/HRMS*) og/eða í aðferð Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) nr. 1613, endurskoðun B.

1.6. „Háreiknigildi“ (e. *upper-bound*): gildi sem er reiknað út frá hlutdeild hverrar ómagngreindrar efnamyndar og svarar til magngreiningarmarkanna

1.7. „Lágreiknigildi“ (e. *lower-bound*): gildi sem er reiknað út frá hlutdeild hverrar ómagngreindrar efnamyndar og er jafnt og núll.

1.8. „Miðreiknigildi“ (e. *medium-bound*): gildi sem er reiknað út frá hlutdeild hverrar ómagngreindrar efnamyndar og er jafnt og helmingur magngreiningarmarkanna.

1.9. „Framleiðslueining“: sanngreinanlegt magn af matvöru, afhent í einu, sem opinber sýnatökumaður staðfestir að hafi sameiginleg einkenni, s.s. að því er varðar uppruna, afbrigði, gerð umbúða, pakkanda, sendanda eða merkingar. Þegar um fisk og fiskafurðir er að ræða skal stærð fiskanna einnig vera sambærileg. Ef stærð og/eða þyngd fiskanna er ekki sambærileg innan sendingar er engu að síður heimilt að telja sendinguna sem framleiðslueiningu en beita skal sérstakri sýnatökuaðferð.

1.10. „Framleiðsluhluti“: tiltekinn hluti stórrar framleiðslueiningar sem valinn er þannig að það samræmist sýnatökuaðferðinni sem notuð er við þennan tiltekna hluta. Hver framleiðsluhluti skal vera skilinn frá öðrum og sanngreinanlegur.

1.11. „Hlutasýni“: magn efnis, tekið á sama stað í framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum.

1.12. „Safnsýni“: sameinuð heild allra hlutasýna sem tekin eru úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum.

1.13. „Rannsóknarsýni“: dæmigerður hluti eða magn safnsýnisins sem nota skal á rannsóknarstofu.

II. Skammstafanir:

BEQ Lífgreiningarjafngildi

GC Gasgreining

([7]) Stjtíð. EB L 221, 17.8.2002, bls. 8.

([8]) Lífgreiningaraðferðir eru ekki sérhæfðar fyrir þær efnamyndir sem falla undir eiturjafngildisstuðlakerfið. Í sýnisútdrættinum geta verið önnur byggingarlega skyld efnasambönd sem virkja arýlvetniskolefnaviðtakann og eiga þátt í heildarsvöruninni. Af þeim sökum geta niðurstöður úr lífgreiningu ekki verið mat á TEQ-gildi í viðkomandi sýni heldur einungis vísbending um það.

HRMS	Massagreining með mikilli upplausn
LRMS	Massagreining með lítilli upplausn
PCB	Fjölklóruð bífenýl
PCDD	Fjölklóruð díbensó-p-díoxín
PCDF	Fjölklóruð díbensófúrön
QC	Gæðastjórnun
REP	Hlutfallsleg virkni
TEF	Eiturjafngildisstuðull
TEQ	Eiturjafngildi
TCDD	Tetraklórdíbensódíoxín
U	Útvíkkuð mælióvissa

II. VIÐAUKI

Sýnatökuaðferðir við opinbert eftirlit með innihaldi díoxína (PCDD-/PCDF-efna), díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum

I. GILDISSVIÐ

Sýni, sem eru ætluð til opinbers eftirlits með innihaldi díoxína (PCDD-/PCDF-efna), díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna í matvælum, hér á eftir nefnd díoxín og PCB-efni, skulu tekin samkvæmt þeim aðferðum sem er lýst í þessum viðauka. Safnsýni, tekin á þann hátt, skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueiningarnar eða framleiðsluhlutana sem þau eru tekin úr. Ákvarðað skal á grundvelli þess innihalds, sem finnst í rannsóknarsýnunum, hvort farið sé að ákvæðum um hámarksgildi sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.

II. ALMENN ÁKVÆÐI

1. **Starfsfólk**

Viðurkenndur aðili, sem aðildarríkin hafa tilnefnt, skal annast sýnatöku.

2. **Efni til sýnatöku**

Taka ber sýni úr hverri framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta, sem á að rannsaka, fyrir sig.

3. **Varúðarráðstafanir**

Gera skal varúðarráðstafanir þegar sýni eru tekin og undirbúin til þess að forðast breytingar sem myndu hafa áhrif á magn díoxína og PCB-efna, villandi áhrif á niðurstöðu greiningarinnar eða gera safnsýnin ódæmigerð.

4. **Hlutasýni**

Hlutasýni skulu, eftir því sem kostur er, tekin sem víðast úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum. Sé þessari aðferð ekki fylgt verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið II.8 í þessum viðauka.

5. **Undirbúningur safnsýnis**

Safnsýnið skal myndað með því að sameina hlutasýnin. Það skal vega a.m.k. 1 kg nema það sé ekki gerlegt, t.d. þegar sýnið er aðeins úr einum pakka eða þegar söluverðmæti vörunnar er hátt.

6. **Samhliða sýni**

Taka ber samhliða sýni úr einsleitu safnsýni, vegna fullnustu ákvæða, vegna ágreinings eða vegna úrskurðarmála, svo fremi að það stangist ekki á við reglur aðildarríkjanna að því er varðar réttindi stjórnanda matvælafyrirtækisins. Rannsóknarsýni vegna fullnustu ákvæða skulu vera nægilega stór til að hægt sé að framkvæma á þeim a.m.k. tvöfalda greiningu.

7. **Pökkun og flutningur á sýnum**

Hvert sýni skal sett í hreint, hvarftregt ílát sem ver það nægilega gegn aðskotaefnum, tapi greiniefna vegna ásogs á innri vegg ílátsins og skemmdum í flutningi. Gera skal allar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir breytingu á samsetningu sýnisins sem gæti átt sér stað við flutning eða geymslu.

8. **Innsiglun og merking sýna**

Hvert sýni, sem tekið er til opinberra nota, skal innsiglað á sýnatökustað og auðkennt samkvæmt reglum aðildarríkjanna.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku þannig að hver framleiðslueining verði ótvírætt sanngreinanleg og tilgreina skal dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

III. SÝNATÖKUÁÆTLUN

Sýnatökuaðferðin, sem notuð er, skal tryggja að safnsýnið sé dæmigert fyrir framleiðslueininguna (framleiðsluhlutann) sem verið er að athuga.

1. **Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta**

Stórum framleiðslueiningum skal skipta upp í framleiðsluhluta svo fremi að hægt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur. Fyrir afurðir, sem seldar eru í stórum sendingum í lausu (t.d. jurtaolíu), gildir tafla 1. Fyrir aðrar afurðir gildir tafla 2. Þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhlutanna mest vera 20% yfir tilgreindri þyngd.

Tafla 1

Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta fyrir afurðir sem seldar eru í stórum sendingum í lausu

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta
≥ 1500	500 tonn
> 300 og < 1500	3 framleiðsluhlutar
≥ 50 og ≤ 300	100 tonn
< 50	—

Tafla 2

Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta fyrir aðrar afurðir

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta
≥ 15	15–30 tonn
< 15	—

2. **Fjöldi hlutasýna**

Safnsýnið, sem til verður úr öllum hlutasýnunum, skal vega a.m.k. 1 kg (sjá lið II.5 í þessum viðauka).

Lágmarksfjöldi hlutasýna, sem taka skal úr framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta, er tilgreindur í töflu 3 og 4.

Þegar um er að ræða fljótandi farm í lausu máli skal blanda framleiðslueininguna eða framleiðsluhlutann, rétt áður sýni er tekið, eins vandlega og unnt er, annaðhvort handvirkt eða vélvirkt og þannig að það hafi ekki áhrif á gæði farmsins. Í slíku tilviki er gert ráð fyrir einsleitri dreifingu aðskotaefna í tiltekinni framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta. Það nægir því að taka þrjú hlutasýni úr framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta til að mynda safnsýni.

Öll hlutasýnin skulu vera af svipaðri þyngd. Þyngd hlutasýnis skal vera a.m.k. 100 grömm.

Sé ekki farið eftir þessari aðferð verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið II.8 í þessum viðauka. Í samræmi við ákvæðin í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/747/EB frá 27. október 1997 um umfang og tíðni sýnatöku sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 96/23/EB um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í tilteknum dýraafurðum ([9]) skal stærð safnsýna með hænueggjum vera a.m.k. 12 egg (töflur 3 og 4 gilda bæði fyrir framleiðslueiningar í lausu og með stökum pakkningum).

Tafla 3

Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta

Þyngd eða rúmmál framleiðslueiningar/framleiðsluhluta (í kg eða lítrum)	Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal
< 50	3
50–500	5
> 500	10

Í töflu 4 er tilgreindur fjöldi þeirra pakkninga eða eininga sem þarf í safnsýnið þegar framleiðslueiningin eða framleiðsluhlutinn samanstendur af einstökum pakkningum eða einingum.

([9]) Stjtíð. EB L 303, 6.11.1997, bls. 12.

Tafla 4

Fjöldi pakkninga eða eininga (hlutasýni) sem þarf í safnsýnið þegar framleiðslueiningin eða framleiðsluhlutinn samanstendur af einstökum pakkningum eða einingum

Fjöldi pakkninga eða eininga í framleiðslueiningunni/ framleiðsluhlutanum	Fjöldi pakkninga eða eininga sem til þarf
1–25	a.m.k. 1 pakki eða eining
26–100	u.þ.b. 5%, a.m.k. 2 pakkningar eða einingar
> 100	u.þ.b. 5%, að hámarki 10 pakkningar eða einingar

3. **Sértæk ákvæði um sýnatöku úr framleiðslueiningum sem innihalda heila fiska af sambærilegri stærð og þyngd**

Stærð og þyngd fiska er talin sambærileg ef frávik í stærð og þyngd er ekki meira en u.þ.b. 50%.

Fjöldi hlutasýna, sem taka ber úr framleiðslueiningunni, er tilgreindur í töflu 3. Safnsýnið, sem til verður úr öllum hlutasýnunum, skal vera a.m.k. 1 kg (sjá lið II.5).

Ef framleiðslueining, sem sýni er tekið úr, inniheldur litla fiska (hver fiskur er < 1 kg að þyngd) telst heill fiskur vera hlutasýni til að mynda safnsýni. Ef safnsýnið verður þyngra en 3 kg geta hlutasýnin, sem mynda safnsýnið, samanstaðið af miðhluta fisksins, sem hver um sig er a.m.k. 100 g að þyngd. Heildarmagnið, sem hámarksgildið á við um, er notað við jafnblöndun á sýninu.

Þyngdarmiðja fisks er í miðhluta hans. Hún er yfirleitt við bakuggann (hjá þeim fiskum sem hafa bakugga) eða mitt á milli tálknaops og raufar.

Ef framleiðslueining, sem sýni er tekið úr, inniheldur stóra fiska (hver fiskur er þyngri en 1 kg) samanstendur hlutasýnið af miðhluta fisksins. Hvert hlutasýni er a.m.k. 100 g að þyngd.

Ef um er að ræða meðalstóra fiska (u.þ.b. 1–6 kg) er hlutasýnið tekið sem sneið úr miðhluta fisksins frá hrygg til kviðar.

Ef um er að ræða mjög stóra fiska (t.d. > 6 kg) er hlutasýnið tekið úr holdi bak- og hliðarvöðvans á hægri hlið (séð að framan) á miðhluta fisksins. Ef verulegt fjárhagstjón hlýst af því að taka slíkan hluta úr miðhluta fisksins getur talist fullnægjandi að taka þrjú hlutasýni sem hvert um sig vegur a.m.k. 350 grömm, óháð stærð framleiðslueiningarinnar, en að öðrum kosti má taka jafnstóran hluta af fiskholdinu nálægt sporðinum og fiskholdinu nálægt höfði sama fisksins til að fá hlutasýni sem er dæmigert fyrir innihald díoxína í öllum fiskinum.

4. **Sýnataka úr framleiðslueiningum sem samanstanda af heilum fiskum af mismunandi stærð og/eða þyngd**

Ákvæði liðar III.3 gilda að því er varðar samsetningu sýna.

Ef tiltekinn (undir)flokkur stærðar eða þyngdar er ríkjandi (u.þ.b. 80% eða meira af framleiðslueiningunni) skal sýnið tekið úr fiskum í ríkjandi stærðar- eða þyngdarflokki. Líta skal á sýnið sem dæmigert fyrir alla framleiðslueininguna.

Ef ekki er um að ræða sérstakan, ríkjandi stærðar- eða þyngdar(undir)flokk skal sjá til þess að þeir fiskar, sem valdir eru til sýnatöku, séu dæmigerðir fyrir framleiðslueininguna. Sérstakar leiðbeiningar varðandi slík tilvik er að finna í leiðbeiningum um töku sýna úr heilum fiskum af mismunandi stærð og þyngd („*Guidance on sampling of whole fishes of different size and/or weight*“)([10]).

5. **Sýnataka á smásölustigi**

Taka sýna úr matvælum á smásölustigi skal fara fram, verði því við komið, í samræmi við ákvæðin um sýnatöku sem eru sett fram í lið III.2 í þessum viðauka.

Verði því ekki við komið má nota aðrar sýnatökuaðferðir á smásölustigi, að því tilskildu að sýnið úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum sé nægilega dæmigert.

([10]) http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/dioxins_en.htm

IV. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLUEININGAR EÐA FRAMLEIÐSLUHLUTA VIÐ FORSKRIFTIR

1. **Að því er varðar ódíoxínlík PCB-efni**

Framleiðslueiningin er viðurkennd ef niðurstöður greiningar eru ekki yfir hámarksgildinu fyrir ódíoxínlík PCB-efni sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006, að teknu tilliti til mælióvissu.

Framleiðslueiningin er ekki í samræmi við hámarksgildið sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 ef háreiknigildi í niðurstöðum greininga, sem er staðfest með tvöfaldri greiningu ([11]), fer án vafa yfir hámarksgildið, að teknu tilliti til mælióvissu.

Taka má tillit til mælióvissu í samræmi við eina eftirfarandi aðferða:

– með því að reikna útvíkkaða mælióvissu og nota þekjustuðulinn 2, sem gefur u.þ.b. 95% öryggisstig. Framleiðslueining eða framleiðsluhluti samræmist ekki kröfum ef mælt gildi, að frádregnu U (útvíkkaðri mælióvissu), er yfir ákvörðuðu, leyfilegu gildi;

– með því að setja ákvörðunarmörk (CCα) í samræmi við ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB (liður 3.1.2.5 í I. viðauka við þá ákvörðun, þegar um er að ræða efni sem leyfilegt hámarksgildi hefur verið fastsett fyrir). Framleiðslueining eða framleiðsluhluti samræmist ekki kröfum ef mælda gildið er jafnt ákvörðunarmörkunum eða yfir þeim.

Framangreindar reglur gilda um niðurstöðu greiningar á sýni sem tekið er við opinbert eftirlit. Landsreglur gilda um greiningu sem er gerð vegna ágreinings eða úrskurðarmála.

2. **Að því er varðar díoxín (PCDD-/PCDF-efni) og díoxínlík PCB-efni**

Framleiðslueiningin er viðurkennd ef niðurstaða einnar greiningar,

– sem er framkvæmd með skimunaraðferð þar sem hlutfall sýna, sem er í falssamræmi við kröfur, er undir 5%, sýnir að innihaldið er ekki yfir viðkomandi hámarksgildi fyrir PCDD-/PCDF-efni eða fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006,

– sem er framkvæmd með staðfestingaraðferð, er ekki yfir viðkomandi hámarksgildi fyrir PCDD-/PCDF-efni eða fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna sem mælt er fyrir um í reglugerð EB nr. 1881/2006, að teknu tilliti til mælióvissu.

Við skimunargreiningar skal fastsetja þröskuldsgildi til að unnt sé að skera úr um hvort gætt sé samræmis við þau gildi og mörk sem mælingar miðast við og hafa verið sett fyrir annaðhvort PCDD-/PCDF-efni eða fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna.

Framleiðslueiningin er ekki í samræmi við það hámarksgildi sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 ef háreiknigildi í niðurstöðu greiningar, sem er fengið með staðfestingaraðferð og staðfest með tvöfaldri greiningu ([11]), fer án vafa yfir hámarksgildið, að teknu tilliti til mælióvissu.

Taka má tillit til mælióvissu í samræmi við eina eftirfarandi aðferða:

– með því að reikna útvíkkaða mælióvissu og nota þekjustuðulinn 2, sem gefur u.þ.b. 95% öryggisstig. Framleiðslueining eða framleiðsluhluti samræmist ekki kröfum ef mælt gildi, að frádregnu U (útvíkkaðri mælióvissu), er yfir ákvörðuðu, leyfilegu gildi. Ef PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni eru ákvörðuð hvert í sínu lagi skal summan af áætlaðri, útvíkkaðri mælióvissu fyrir einstakar niðurstöður þessara greininga á PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum notuð til að reikna áætlaða, útvikkaða mælióvissu fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna;

– með því að setja ákvörðunarmörk (CCα) í samræmi við ákvæði ákvörðunar 2002/657/EB (liður 3.1.2.5 í I. viðauka við þá ákvörðun, þegar um er að ræða efni sem leyfilegt hámarksgildi hefur verið fastsett fyrir) en framleiðslueining eða framleiðsluhluti samræmist ekki kröfum ef mælda gildið er jafnt ákvörðunarmörkunum eða yfir þeim.

Framangreindar reglur gilda um niðurstöðu greiningar á sýni sem tekið er við opinbert eftirlit. Landsreglur gilda um greiningu sem er gerð vegna ágreinings eða úrskurðarmála.

([11]) Tvöföld greining er nauðsynleg til að útiloka innri víxlmengun eða rugling á sýnum fyrir slysni. Fyrsta greiningin, þar sem tillit er tekið til mælióvissu, er notuð til að staðfesta samræmi við kröfur. Ef greining er gerð vegna mengunaratviks má sleppa staðfestingu með tvöfaldri greiningu ef sýnin, sem valin eru til greiningar, hafa rekjanleg tengsl við mengunaratvikið.

V. ÞEGAR FARIÐ ER YFIR AÐGERÐARMÖRK

Nota má aðgerðarmörk sem tæki til að velja sýni í tilvikum þar sem rétt þykir að ákvarða uppsprettu mengunar og grípa til ráðstafana til þess að minnka umfang hennar eða stemma stigu við henni. Viðeigandi þröskuldsgildi fyrir val á þessum sýnum eru ákvörðuð með skimunaraðferðum. Einungis skal nota ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanngreina uppsprettu og draga úr eða stemma stigu við menguninni ef staðfest er með tvöfaldri greiningu með staðfestingaraðferð og að teknu tilliti til mælióvissu að farið hefur verið yfir aðgerðarmörkin ([12]).

———

([12]) Fyrir tvöfalda greiningu til eftirlits með aðgerðarmörkum gildir sama skýring og sömu kröfur og um hámarksinnihald í 3. nmgr.

III. VIÐAUKI

Undirbúningur sýna og kröfur varðandi greiningaraðferðir sem eru notaðar við opinbert eftirlit með innihaldi díoxína (PCDD-/PCDF-efna) og díoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum

1. GILDISSVIÐ

Kröfurnar, sem eru settar fram í þessum viðauka, gilda þegar matvæli eru efnagreind í tengslum við opinbert eftirlit með innihaldi 2,3,7,8-setinna fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDD-/PCDF-efna) og fjölklóraðra bífenýla, sem líkjast díoxíni (díoxínlíkra PCB-efna), og í öðru eftirlitsskyni.

Vakta má tilvist PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna í matvælum með tvö ólík markmið í huga:

a) að velja þau sýni sem innihalda meira af PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum en hámarksgildi eða aðgerðarmörk segja til um. Þessi tilhögun getur falið í sér kostnaðarhagkvæma og afkastamikla aðferð til skimunar og þar með aukið möguleika á að uppgötva ný atvik með miklum váhrifum og heilbrigðisáhættu fyrir neytendur. Skimunaraðferðir eru t.d. lífgreiningar og gas- og massagreiningar. Þær skulu notaðar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir niðurstöður sem eru í falssamræmi við kröfur. Styrk PCDD-/PCDF-efna og summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna í sýnum, þar sem innihaldið er umtalsvert, þarf að ákvarða/staðfesta með staðfestingaraðferð;

b) að ákvarða innihald PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna í matvælasýnum á styrkbili lágra bakgrunnsgilda. Þetta skiptir máli varðandi tímaleitni, mat á váhrifum á menn og til að byggja upp gagnagrunn fyrir hugsanlegt endurmat á aðgerðarmörkum og hámarksgildum. Markmið þetta næst með staðfestingaraðferðum sem gera kleift að sanngreina og magngreina á ótvíræðan hátt PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni í þeim styrk sem mælingar miðast við. Nota má þessar aðferðir til að staðfesta niðurstöður sem eru fengnar með skimunaraðferðum og til að ákvarða lág bakgrunnsgildi við eftirlit með matvælum. Þær skipta einnig máli við ákvörðun efnamyndamynstra svo að unnt sé að ákvarða uppsprettu hugsanlegrar mengunar. Sem stendur er í slíkum aðferðum notast við gasgreiningu og massagreiningu, hvorar tveggju með mikilli upplausn (HRGC/HRMS).

2. FLOKKUN AÐFERÐA EFTIR STIGI MAGNÁKVÖRÐUNAR ([13])

„Eigindlegar aðferðir“ veita svar um tilvist greiniefna sem eru til mælinga en engar magnbundnar upplýsingar um styrk meinta greiniefnisins. Þessar aðferðir kunna að geta gefið hálfmegindlegar niðurstöður en eru eingöngu notaðar til að segja til um hvort innihald sé yfir eða undir tilteknum styrk, t.d. greiningarmörkum, magngreiningarmörkum eða þröskuldsgildum.

Til að hafa eftirlit með hámarksgildum og aðgerðarmörkum fyrir PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík efnasambönd í matvælum má nota skimunaraðferðir sem byggjast á samanburði á greiningarniðurstöðunni og þröskuldsgildi og svara því hvort hugsanlega sé farið yfir þann styrk, sem mælingar miðast við, eða ekki. Í því skyni voru lífgreiningaraðferðir teknar upp. Einnig væri hugsanlegt að þróa eðlisefnafræðilegar aðferðir en engin hagnýt dæmi eru um slíkar aðferðir fyrir hámarksgildi og aðgerðarmörk, sem byggjast á eiturjafngildi (TEQ), né fyrir flóknar greiningar sem útheimta ákvörðun á einstökum efnamyndum sem um er að ræða.

„Hálfmegindlegar aðferðir“ gefa allgóða vísbendingu um styrk, sem getur nýst sem upplýsingar um styrkbil greiniefnisins, hjálpað greinandanum að ákvarða kvörðunarsviðið fyrir þá staðfestingarprófun sem á eftir fer og komið að gagni við gæðaeftirlit. Sem dæmi má nefna:

– lífgreiningaraðferðir, sem geta greint greiniefnin sem eru til mælinga, innihalda kvörðunarferil, veita svar við því hvort e.t.v. sé farið yfir styrkinn, sem mælingar miðast við, eða ekki og gera kleift að tilgreina niðurstöðuna sem lífgreiningarjafngildi (BEQ), sem er vísbending um TEQ-gildið í sýninu,

– eðlisefnafræðilega prófun (t.d. gasgreiningu með tvöfaldri massagreiningu eða gasgreiningu með massagreiningu með lítilli upplausn).

([13]) Lagað að PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum efnasamböndum samkvæmt viðmiðunarreglum um fullgildingu aðferða til að skima leifar dýralyfja (e. *Guidelines for the validation of screening methods for residues of veterinary medicines)* frá tilvísunar-rannsóknarstofum Evrópusambandsins í Fougeres, Berlín og Bilthoven fyrir rannsóknir á leifum dýralyfja og aðskotaefna í matvælum úr dýraríkinu, sjá http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/residues/lab_analysis_en.htm

„Megindlegar aðferðir“ uppfylla sömu kröfur um nákvæmni, styrksvið og samkvæmni eins og staðfestingarprófanir. Þegar þörf er á magnákvörðun skal fullgilda þessar aðferðir sem staðfestingaraðferðir eins og lýst er í þessu skjali fyrir PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni.

3. BAKGRUNNUR

Til að reikna út eiturjafngildisstyrk skal styrkur einstakra efna í tilteknu sýni margfaldaður með eiturjafngildisstuðli (TEF) efnisins, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint og er tilgreindur í viðbætinum við þennan viðauka, og síðan eru gildin lögð saman til að finna heildarstyrk díoxínlíkra efnasambanda sem er gefinn upp sem eiturjafngildi.

Skimunar- og staðfestingaraðferðum má einungis beita til eftirlits með tilteknum sýnaefnivið svo fremi að næmi aðferðanna sé nægilegt til þess að greina með áreiðanlegum hætti innihald með þeim styrk sem mælingar miðast við (aðgerðarmörk eða hámarksgildi).

4. KRÖFUR VARÐANDI GÆÐATRYGGINGU

– Gera verður ráðstafanir til að varna því að víxlmengun eigi sér stað á einhverju stigi við sýnatöku og greiningu.

– Sýnin skulu geymd og flutt í gler-, ál-, pólýpropýlen- eða pólýetýlenílátum sem henta til geymslu og hafa ekki áhrif á styrk PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna í sýnunum. Fjarlægja verður allan vott af pappírsryki úr sýnisílátinu.

– Geymsla og flutningur sýnisins skal vera þannig að matvælasýnið haldist óbreytt.

– Hvert rannsóknarsýni er fínmalað og blandað vandlega saman, eftir því sem við á, með aðferð sem sannað þykir að tryggi fullkomna einsleitni (t.d. malað þannig að það fari í gegnum síu með 1 mm möskva) og þurrka verður sýnin áður en þau eru möluð ef rakainnihaldið er of mikið.

– Ávallt er mikilvægt að hafa eftirlit með prófefnum, glervöru og búnaði sem gætu hugsanlega haft áhrif á niðurstöður sem byggjast á eiturjafngildi og lífgreiningarjafngildi.

– Greining á blanksýni skal gerð með því að láta allt greiningarferlið fara fram en sleppa sýninu einu.

– Þegar um lífgreiningaraðferðir er að ræða er mjög mikilvægt að sannreyna með prófun að öll glervara og allir leysar, sem eru notuð við efnagreiningu, séu laus við efnasambönd sem trufla greiningu markefnasambanda á mælisviðinu. Hreinsa skal glervöru með leysum og/eða hitameðhöndla hana á því hitastigi sem hentar til að fjarlægja snefilmagn PCDD-/PCDF-efna, díoxínlíkra efnasambanda og truflandi efnasambanda af yfirborði hennar.

– Magn sýnisins, sem er notað við útdráttinn, skal nægja til að uppfylla kröfurnar að því er varðar nógu lágt mælisvið, þ.m.t. styrkgildin sem mælingar miðast við.

– Þær sértæku verklagsreglur um undirbúning sýna, sem eru notaðar vegna varanna sem hér er um að ræða, skulu fylgja alþjóðlega viðurkenndum viðmiðunarreglum.

– Þegar um fisk er að ræða verður að roðfletta hann þar eð hámarksgildið á við um fiskhold án roðs. Þó er nauðsynlegt að skafa varlega og vandlega af allt fiskhold og fituvef, sem eftir er á innra borði roðsins, og bæta við sýnið sem á að greina.

5. KRÖFUR SEM VARÐA RANNSÓKNARSTOFUR

– Í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skal viðurkenndur aðili, sem starfar í samræmi við ISO-leiðbeiningar 58, faggilda rannsóknarstofur til að tryggja að þær búi yfir gæðatryggingu við greiningar. Rannsóknarstofur skulu faggiltar samkvæmt staðlinum EN ISO/IEC 17025.

– Hæfni rannsóknarstofa er staðfest hafi þær tekið samfelldan og árangursríkan þátt í fjölsetra rannsóknum við ákvörðun á PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum í viðkomandi sýnaefnivið matvæla og á viðkomandi styrkbilum.

– Rannsóknarstofur, sem nota skimunaraðferðir í reglulegu eftirliti með sýnum, skulu stofna til náinnar samvinnu við rannsóknarstofur sem nota staðfestingaraðferðina, hvorttveggja til gæðaeftirlits og til staðfestingar á niðurstöðum úr greiningu grunsamlegra sýna.

6. GRUNNKRÖFUR, SEM UPPFYLLA SKAL VIÐ EFNAGREININGAR Á DÍOXÍNUM (PCDD-/PCDF-EFNUM) OG DÍOXÍNLÍKUM PCB-EFNUM

6.1. **Lágt mælisvið og magngreiningarmörk**

– Sökum þess að sum þessara efnasambanda eru mjög eitruð skal greinanlegt magn PCDD-/PCDF-efna vera í efra styrkbili á stærðarþrepinu femtógramm (10^{-15} g). Fyrir flestar efnamyndir PCB-efna nægir að magngreiningarmörkin séu á stærðarþrepinu nanógramm (10^{-9} g). Við mælingar á enn eitraðri efnamyndum díoxínlíkra PCB-efna (einkum þeim sem eru með sethóp í annarri stöðu en ortó-stöðu) skal neðri hluti mælisviðsins hins vegar ná lágum styrkbilum á stærðarþrepinu píkógramm (10^{-12} g).

6.2. **Mikil valvísi (sérvirkni)**

– Nauðsynlegt er að greina PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni frá fjölmörgum öðrum efnasamböndum sem eru dregin út með þeim, kunna að hafa truflandi áhrif á mælinguna og eru fyrir hendi í styrk sem getur verið mörgum stærðarþrepum hærri en styrkur greiniefnanna sem eru til mælinga. Fyrir gasgreiningar-/massagreiningaraðferðir er nauðsynlegt að greina milli mismunandi efnamynda, s.s. milli eitraðra efnamynda (t.d. milli hinna sautján PCDD-/PCDF-efna með sethópa í 2,3,7,8-stöðu og tólf díoxínlíkra PCB-efna) og annarra efnamynda.

– Með lífgreiningaraðferðum skal vera unnt að greina markefnasamböndin sem summu PCDD-/PCDF-efna og/eða díoxínlíkra PCB-efna. Hreinsun sýna skal miða að því að fjarlægja efnasambönd, sem gefa niðurstöður sem eru í falsósamræmi við kröfur, eða efnasambönd sem gætu minnkað svörunina og gefið þannig niðurstöður sem eru í falssamræmi við kröfur.

6.3. **Mikil nákvæmni (réttleiki og samkvæmni, sýndarendurheimt í lífgreiningu)**

– Ákvörðunin skal veita fullnægjandi mat á raunverulegum styrk í sýni í gas- og massagreiningum. Mikil nákvæmni (mælinákvæmni: hversu vel niðurstöðu mælingar ber saman við rétt gildi og tilgreint gildi mæliþáttarins) er nauðsynleg til að komast megi hjá því að þurfa að hafna niðurstöðum úr greiningu sýnis á grundvelli þess að ákvarðað TEQ-gildi er óáreiðanlegt. Nákvæmni er gefin upp sem réttleiki (munurinn á mældu meðalgildi fyrir greiniefni í vottuðu efni og staðfestu gildi fyrir það, gefinn upp sem hundraðshluti þessa gildis) og samkvæmni (hlutfallslegt staðalfrávik ($RSDR_R$, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði).

– Sýndarendurheimt í lífgreiningu skal ákvörðuð fyrir lífgreiningaraðferðir.

6.4. **Fullgilding á því styrkbili, sem mælingar miðast við, og almennar gæðaeftirlitsráðstafanir**

– Sýna skal á rannsóknarstofum fram á nothæfi aðferðar, innan ramma fullgildingar og/eða við reglulega greiningu, á því styrkbili sem mælingar miðast við, t.d. 0,5 sinnum, 1 sinni og 2 sinnum styrkurinn sem mælingar miðast við, með viðunandi fráviksstuðli við endurtekna greiningu.

– Það skal vera liður í innra gæðaeftirliti að fram fari regluleg greining á blanksýnum og athuganir á endurheimtum með íbótum eða greining viðmiðunarsýna (einkum ef völ er á vottuðu viðmiðunarefni). Gera skal gæðaeftirlitsskipurit fyrir samanburðarblanka, athuganir á endurheimtum með íbótum eða greiningu viðmiðunarsýna og yfirfara þau til að tryggja að niðurstaðan sé í samræmi við kröfurnar.

6.5. **Magngreiningarmörk**

– Ekki er ófrávíkjanleg krafa að sett séu magngreiningarmörk fyrir lífgreiningaraðferð til skimunar en þó skal sannað að með aðferðinni sé unnt að greina á milli blankgildisins og þröskuldsgildisins. Í tengslum við ákvörðun á BEQ-gildi skal fastsetja tilkynningarstig þegar um er að ræða sýni sem gefa svörun sem er undir því stigi. Staðfesta þarf að tilkynningarstigið greini sig frá blanksýnum aðferðarinnar, a.m.k. með stuðlinum þremur, með svörun sem er fyrir neðan mælisviðið. Því skal reikna það út frá sýnum þar sem innihald markefnasambandanna er í kringum tilskilinn lágmarksstyrk en ekki út frá hlutfalli milli merkis og suðs eða blanksýni greiningarinnar.

– Magngreiningarmörk fyrir staðfestingaraðferð skulu vera u.þ.b. fimmtungur af þeim styrk sem mælingar miðast við.

6.6. ***Greiningarviðmiðanir***

– Til þess að niðurstöður úr staðfestingar- eða skimunargreiningum verði áreiðanlegar þarf að uppfylla eftirfarandi viðmiðanir fyrir TEQ-gildið og BEQ-gildið, eftir því sem við á, hvort sem það er ákvarðað sem samanlögð TEQ-gildi (sem summa PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna) eða fyrir PCDD-/PCDF-efni og fyrir díoxínlík PCB-efni hvert í sínu lagi.

	Skimun með lífgreiningar- eða eðlisefnafræðilegum aðferðum	Staðfestingaraðferðir.
Falssamræmishlutfall ([1])	< 5%	
Réttleiki		– 20% til + 20%
Endurtekningarnákvæmni (RSD_r)	< 20%	
Samanburðarnákvæmni innan stofu (RSD_R)	< 25%	< 15%

([1]) að því er varðar hámarksgildi

6.7. **Sértækar kröfur varðandi aðferðir til skimunar**

– Við skimun er heimilt að nota gas- og massagreiningu og lífgreiningaraðferðir. Fyrir gas- og massagreiningu ber að miða við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 7. lið þessa viðauka. Mælt er fyrir um sértækar kröfur, að því er varðar aðferðir til lífgreiningar á frumum, í 8. lið þessa viðauka.

– Rannsóknarstofur, sem nota skimunaraðferðir í reglulegu eftirliti með sýnum, skulu stofna til náinnar samvinnu við rannsóknarstofur sem nota staðfestingaraðferðina.

– Krafist er sannprófunar á nothæfi skimunaraðferðarinnar, á meðan á reglubundinni greiningu stendur yfir, með gæðaeftirliti og viðvarandi fullgildingu aðferðarinnar. Samfelld áætlun til eftirlits með niðurstöðum, sem sýna að farið sé að ákvæðum, þarf að vera fyrir hendi.

– *Eftirlit með hugsanlegri bælingu á frumusvörun og með frumueiturhrifum*

Við reglubundna skimun skal mæla 20% sýnisútdráttanna, með og án þess að bæta 2,3,7,8-tetraklórdíbensó-p-díoxíni við í þeim styrk sem mælingar miðast við, til að sannreyna hvort truflandi efni í sýnisútdrættinum bæli hugsanlega svörunina. Mældur styrkur íbætta sýnisins er borinn saman við summuna af styrk óíbætta útdráttarins plús styrk íbótarinnar. Ef þessi mældi styrkur er meira en 25% undir reiknaða styrknum (summunni), bendir það til hugsanlegrar bælingar á mælimerki og þá þarf viðkomandi sýni að fá staðfestingargreiningu með gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn. Vakta skal niðurstöður með gæðaeftirlitsskipuritum.

– *Gæðaeftirlit með sýnum sem samræmast kröfum*

Staðfesta skal u.þ.b. 2–10% sýna, sem eru í samræmi við ákvæði, með gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn og fer fjöldi sýnanna eftir sýnaefniviði og reynslu rannsóknarstofu.

– *Greining falssamræmishlutfalls á grundvelli gæðaeftirlitsgagna*

Ákvarða skal falssamræmishlutfall niðurstaðna úr skimun sýna sem eru undir og yfir hámarksgildi eða aðgerðarmörkum. Raunveruleg falssamræmishlutföll skulu vera minni en 5%.

Þegar minnst 20 staðfestar niðurstöður fyrir hvern sýnaefnivið/sýnaefniviðarhóp eru tiltækar úr gæðaeftirliti með sýnum sem eru í samræmi við kröfur skal draga ályktanir um falssamræmishlutfallið á grundvelli þessa gagnasafns. Niðurstöður úr sýnum, sem voru greind í hringprófunum eða við mengunaratvik og ná yfir styrkbil allt að t.d. tvöföldu hámarksgildi, mega einnig vera hluti þeirra minnst 20 niðurstaðna sem lagðar eru til grundvallar mati á falssamræmishlutfallinu. Sýnin skulu ná yfir algengustu efnamyndamynstrin og koma úr mismunandi mengunaruppsprettum.

Þó að tilgangur skimunargreiningar skuli aðallega vera sá að greina sýni sem fara yfir aðgerðarmörk er hámarksgildið viðmiðunin fyrir ákvörðun falssamræmishlutfallsins, að teknu tilliti til mælióvissu staðfestingaraðferðarinnar.

– Ávallt skal sannprófa skimunarniðurstöður, sem eru hugsanlega í falsósamræmi (e. *false-non-compliant*) við kröfur, með staðfestingargreiningu (gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn). Einnig má nota má þessi sýni til að meta hlutfall niðurstaðna sem eru í falsósamræmi við kröfur. Að því er varðar aðferðir til skimunar er hlutfall „niðurstaðna sem eru í falsósamræmi við kröfur“ sá hluti niðurstaðna sem staðfest hefur verið með staðfestingargreiningu (gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn) að sé í samræmi við kröfur þótt úrskurðað hafi verið við fyrri skimun að grunur væri um að sýnið væri í ósamræmi við kröfur. Mat á hagkvæmni skimunaraðferðarinnar skal þó byggjast á samanburði á fjölda sýna, sem eru í falsósamræmi við kröfur, og heildarfjölda rannsakaðra sýna. Þetta hlutfall skal vera nógu lítið til að hagkvæmt verði að nota skimun.

– Með lífgreiningaraðferðum skal, a.m.k. við fullgildingarskilyrði, vera unnt að gefa gilda vísbendingu um TEQ-gildið, reiknað og gefið upp sem lífgreiningarjafngildi.

– Varðandi lífgreiningaraðferðir, sem eru notaðar við endurtekningarnákvæm skilyrði, er hlutfallslegt staðalfrávik við innanstofuskilyrði (RSD_r) almennt minna en hlutfallslegt staðalfrávik við samanburðarnákvæm skilyrði (RSD_R).

7. SÉRKRÖFUR VARÐANDI AÐFERÐIR MEÐ GASGREININGU OG MASSAGREININGU MEÐ MIKILLI UPPLAUSN SEM UPPFYLLA VERÐUR Í TENGSLUM VIÐ SKIMUN OG STAÐFESTINGU

7.1. **Almennar kröfur**

– Mismunurinn á há- og lágreiknigildi skal ekki vera meiri en 20% fyrir matvæli þar sem mengunin er um 1 pg WHO-TEQ/g fitu (á grundvelli summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna). Fyrir matvæli með litlu fituinnihaldi gilda sömu kröfur varðandi mengun sem nemur um 1 pg WHO-TEQ/g afurðar. Ef mengun er minni, t.d. 0,5 pg WHO-TEQ/g afurðar, má munurinn milli há- og lágreiknigilda vera 25–40%.

7.2. **Eftirlit með endurheimtum**

– Bæta verður við innri stöðlum, í formi ^{13}C-merktra PCDD-/PCDF-efna, með klórsethópi í 2,3,7,8-stöðu, og innri stöðlum í formi ^{13}C-merktra díoxínlíkra PCB-efna, strax í upphafi efnagreiningarinnar, þ.e. áður en útdráttur fer fram, til að fullgilda greiningarferlið. Bæta þarf a.m.k. einni efnamynd við fyrir hvern tetra- til oktaklóraðan, samsvarandi hóp PCDD-/PCDF-efna og a.m.k. einni efnamynd fyrir hvern samsvarandi hóp díoxínlíkra PCB-efna (að öðrum kosti má bæta við a.m.k. einni efnamynd fyrir hvern valinn jónmassa sem er notaður við massagreiningu við vöktun á PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum). Þegar um er að ræða staðfestingaraðferðir skal nota öll 17 ^{13}C-merktu PCDD-/PCDF-efnin, með sethópi í 2,3,7,8-stöðu, og öll 12 ^{13}C-merktu díoxínlíku PCB-efnin sem innri staðla.

– Einnig skal, með því að nota viðeigandi kvörðunarlausnir, ákvarða hlutfallslega svörunarstuðla fyrir þær efnamyndir þar sem engu ^{13}C-merktu, hliðstæðu efni er bætt við.

– Fyrir matvæli bæði úr jurta- og dýraríkinu, sem innihalda minna en 10% fitu, er skylt að bæta innri stöðlunum við áður en útdráttur fer fram. Fyrir matvæli úr dýraríkinu, sem innihalda meira en 10% fitu, má bæta innri stöðlunum við, annaðhvort áður eða eftir að fita hefur verið dregin út. Skilvirkni útdráttarins skal staðfest á viðeigandi hátt eftir því á hvaða stigi innri stöðlum er bætt við og eftir því hvort niðurstöðurnar eru gefnar upp í hlutfalli við vöru eða fituinnihald.

– Fyrir gas- eða massagreiningu verður að bæta við einum eða tveimur endurheimtarstöðlum (staðgöngustöðlum).

– Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með endurheimtum. Að því er varðar staðfestingaraðferðir skulu endurheimtur einstakra, innri staðla vera á bilinu 60–120%. Endurheimtur fyrir einstakar efnamyndir mega bæði vera minni og meiri, einkum þegar um er að ræða tiltekin hepta- og oktaklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön, með því skilyrði að hlutdeild þeirra í TEQ-gildinu fari ekki yfir 10% af samanlögðum TEQ-gildum (á grundvelli summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna). Að því er varðar skimunaraðferðir skulu endurheimtur vera á bilinu 30–140%.

7.3. **Fjarlæging truflandi efna**

– Aðgreining PCDD-/PCDF-efna frá klóruðum efnasamböndum sem hafa truflandi áhrif, s.s. ódíoxínlíkum PCB-efnum og klóruðum dífenýleterum, skal gerð með heppilegum skiljunaraðferðum (helst á flórísils-, súrals- og/eða kolefnissúlu).

– Aðgreining hverfna með gasgreiningu skal nægja (< 25% af fjarlægð milli toppa 1,2,3,4,7,8-HxCDF og 1,2,3,6,7,8-HxCDF).

7.4. **Kvörðun með staðalferli**

– Svið kvörðunarferils skal ná yfir viðeigandi styrkbil sem mælingar miðast við.

8. SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI LÍFGREININGARAÐFERÐIR

„Lífgreiningaraðferðir“: aðferðir, s.s. frumumiðaðar greiningar, viðtakagreiningar eða ónæmismælingar, sem byggjast á líffræðilegum meginreglum. Í þessum 8. lið eru settar fram kröfur varðandi lífgreiningaraðferðir.

Með aðferð til skimunar er sýni að jafnaði flokkað eftir því hvort það samræmist kröfum eða hvort grunur sé um að það sé í ósamræmi við kröfur. Til þess er reiknaða lífgreiningarjafngildið borið saman við þröskuldsgildið (sbr. 8.3) Sé sýni undir þröskuldsgildinu telst það í samræmi við kröfur, sé sýni við eða yfir þröskuldsgildinu er grunur um að það sé í ósamræmi við kröfur og þarfnist greiningar með staðfestingaraðferð. Í raun getur lífgreiningarjafngildi, sem samsvarar 2/3 af hámarksgildi, nýst sem hentugasta þröskuldsgildið sem tryggir að falssamræmishlutfall haldist undir 5% og að hlutfall niðurstaðna, sem eru í falsósamræmi við kröfur, sé viðunandi. Þar eð hámarksgildi fyrir PCDD-/PCDF-efni og fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna eru mismunandi þá útheimtir eftirlit, án þættingar, með samræmi sýnanna viðeigandi lífgreiningarþröskuldsgildi fyrir PCDD-/PCDF-efni. Við eftirlit með sýnum, sem fara yfir aðgerðarmörk, hentar að nota viðeigandi hlutfall viðkomandi styrks, sem mælingar miðast við, sem þröskuldsgildi.

Ef um er að ræða tilteknar lífgreiningaraðferðir má þar að auki tilgreina leiðbeinandi gildi, gefið upp sem lífgreiningarjafngildi, fyrir sýni sem eru á mælisviðinu og fara yfir tilkynningarstigið (sbr. 8.1.1 og 8.1.6)

8.1. **Mat á svörun úr prófun**

8.1.1. *Almennar kröfur*

– Þegar styrkgildi eru reiknuð út frá kvörðunarferli tetraklórdíbensó-p-díoxíns sýna gildin á neðri og efri hluta ferilsins mikil frávik frá ferlinum (hár fráviksstuðull (CV)). Mælisviðið er sviðið þar sem þessi fráviksstuðull er undir 15%. Neðri endi mælisviðs (tilkynningarstig) þarf enn fremur að vera fastsettur talsvert yfir blanksýnum aðferðarinnar (a.m.k. með stuðlinum þremur). Efri hluti mælisviðs er venjulega gefinn upp með EC_{70}-gildi (70% hámarkshrifstyrks) en lægra gildi ef fráviksstuðullinn er hærri en 15% á því styrkbili. Mælisviðið skal fastsett við fullgildingu. Þröskuldsgildi (8.3) þurfa að liggja vel innan mælisviðsins.

– Staðallausnir og sýnisútdrætti skal prófa a.m.k. tvisvar. Þegar prófað er tvöfalt skal staðallausn eða viðmiðunarútdráttarlausn, sem er prófuð í 4–6 holum sem eru dreifðar um bakkann, gefa svörun eða styrk (einungis hægt á mælisviðinu) sem grundvallast á fráviksstuðli sem er < 15%.

8.1.2. *Kvörðun*

8.1.2.1. Kvörðun með staðalferli

– Áætla má innihald í sýnum með samanburði á svörun úr prófun við kvörðunarferil fyrir 2,3,7,8-tetraklórdíbensó-p-díoxín (TCDD) (eða PCB 126 eða staðlaða blöndu úr PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum) til að reikna út lífgreiningarjafngildið í útdráttarlausninni og því næst í sýninu.

– Kvörðunarferlar skulu ná yfir 8–12 styrkgildi (a.m.k. í tvöföldum prófunum) og vera með nægilega mörg styrkgildi á neðri hluta ferilsins (mælisvið). Gefa skal sérstakan gaum að gæðum ferilaðlögunar á mælisviðinu. Þegar mátgæði í ólínulegu aðhvarfi eru metin nýtist R^2-gildið sem slíkt lítið sem ekkert. Betri aðlögun næst með því að lágmarka muninn á milli reiknaðra og mældra gilda á mælisviði ferilsins (t.d. með því að lágmarka summu kvaðratsleifa).

– Metinn styrkur í sýnisútdrættinum er því næst leiðréttur fyrir lífgreiningarjafngildið, sem er reiknað fyrir sýnaefniviðar-/leysiblanksýni (til að taka tillit til óhreininda frá leysum og íðefnum sem eru notuð), og sýndarendurheimt (reiknuð út frá lífgreiningarjafngildi í hentugum viðmiðunarsýnum með dæmigerðum efnamyndamynstrum í kringum það styrkbil sem mælingar miðast við). Til að framkvæma leiðréttingu fyrir endurheimt þarf sýndarendurheimt ávallt að vera innan tilskilins sviðs (sjá lið 8.1.4). Viðmiðunarsýni, sem eru notuð til að leiðrétta fyrir endurheimt, skulu vera í samræmi við kröfur sem eru skilgreindar í lið 8.2.

8.1.2.2. Kvörðun með viðmiðunarsýnum

Annar kostur er að nota kvörðunarferil sem er búinn til úr a.m.k. fjórum viðmiðunarsýnum (sbr. lið 8.2: eitt sýnaefniviðarblanksýni plús þrjú viðmiðunarsýni sem eru 0,5 sinnum, 1,0 sinni og 2,0 sinnum styrkurinn sem mælingar miðast við) í kringum styrkinn sem mælingar miðast við og þar með er leiðrétting fyrir blanksýni og endurheimt orðin óþörf. Í því tilviki má reikna prófunarsvörunina, sem samsvarar 2/3 af hámarksgildinu (sbr. 8.3), beint út frá þessum sýnum og nota hana sem þröskuldsgildi. Við eftirlit með sýnum, sem fara yfir aðgerðarmörk, hentar að nota viðeigandi hlutfall þessara aðgerðarmarka sem þröskuldsgildi.

8.1.3. *PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni ákvörðuð hvert í sínu lagi*

Skipta má útdráttum í hluta sem innihalda PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni, sem gerir kleift að tilgreina TEQ-gildi (gefin upp sem lífgreiningarjafngildi) fyrir PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni hvert í sínu lagi. Helst skal nota PCB 126 staðlaðan kvörðunarferil til að meta niðurstöður fyrir þann hluta sem inniheldur díoxínlík PCB-efni.

8.1.4. *Sýndarendurheimtur í lífgreiningu*

„Sýndarendurheimt í lífgreiningu“ skal reiknuð frá viðeigandi viðmiðunarsýnum með dæmigerðum efnamyndamynstrum í kringum þann styrk, sem mælingar miðast við, og gefin upp sem hlutfall BEQ-gildis í samanburði við TEQ-gildið. Eftir því hvaða tegund magngreiningar eða eiturjafngildisstuðla ([14]) er notuð getur munurinn á milli gilda fyrir eiturjafngildisstuðul og hlutfallslegan virknistuðul (e. *REP factor*) fyrir díoxínlík PCB-efni valdið lágum sýndarendurheimtum fyrir díoxínlík PCB-efni í samanburði við PCDD-/PCDF-efni. Ef PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni eru ákvörðuð hvert í sínu lagi skulu því sýndarendurheimtur í lífgreiningu vera: 25–60% fyrir díoxínlík PCB-efni og 50–130% fyrir PCDD-/PCDF-efni (þessi styrkbil gilda fyrir kvörðunarferil 2,3,7,8-tetraklórdíbensó-p-díoxíns). Þar eð hlutdeild díoxínlíkra PCB-efna í summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna getur verið mismunandi eftir sýnaefniviði og sýnum þá endurspegla sýndarendurheimtur í lífgreiningu á summu mæliþáttanna þennan breytileik og skulu vera á bilinu 30–130%.

8.1.5. *Viðmiðanir fyrir eftirlit með endurheimtum eftir hreinsun*

– Á meðan á fullgildingu stendur skal kanna tap á efnasamböndum við hreinsun. Blanksýni, íbætt með blöndu mismunandi efnamynda, skal hreinsað (a.m.k. n = 3) og endurheimtin og breytileikinn prófuð með gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn. Endurheimt skal vera á bilinu 60–120%, sérstaklega fyrir efnamyndir með meira en 10% hlutdeild í TEQ-gildinu í mismunandi blöndum.

8.1.6. *Tilkynningarmörk*

– Þegar tilkynna á lífgreiningarjafngildi skal nota viðeigandi sýnaefnivið með dæmigerðum efnamyndamynstrum til að ákvarða tilkynningarmörk en ekki kvörðunarferil staðlanna þar eð nákvæmni er lítil fyrir neðri hluta ferilsins. Taka þarf tillit til áhrifa útdáttar og hreinsunar. Tilkynningarmörk þurfa að vera fastsett talsvert yfir blanksýnum aðferðarinnar (a.m.k. með stuðlinum þremur).

8.2. **Notkun viðmiðunarsýna**

– Viðmiðunarsýni skulu endurspegla sýnaefnivið, efnamyndamynstur og styrkbil fyrir PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni í kringum þau gildi eða mörk sem mælingar miðast við (hámarksgildi eða aðgerðarmörk).

– Í hverri prófunarröð skulu vera blanksýni aðferðarinnar, eða helst blanksýni sýnaefniviðar, og viðmiðunarsýni í þeim styrk sem mælingar miðast við. Þessi sýni skulu dregin út og prófuð samtímis við sömu skilyrði. Viðmiðunarsýnið verður að sýna greinilega hækkaða svörun í samanburði við blanksýnið og þar með tryggja hæfi prófunarinnar. Nota má þessi sýni fyrir blanksýnis- og endurheimtaleiðréttingu.

– Viðmiðunarsýni, sem hafa verið valin fyrir framkvæmd endurheimtaleiðréttingar, skulu vera dæmigerð fyrir prófunarsýnin, sem þýðir að efnamyndamynstur mega ekki leiða til þess að innihaldið sé vanmetið.

– Bæta skal við viðmiðunarsýnum sem eru t.d. 0,5 sinnum og 2 sinnum styrkurinn, sem mælingarnar miðast við, til að sýna fram á nothæfi prófunarinnar á því styrkbili, sem mælingar miðast við, vegna eftirlits með styrknum sem mælingar miðast við. Þessi sýni má nota í sameiningu til að reikna lífgreiningarjafngildin í prófunarsýnum (8.1.2.2)

8.3. **Ákvörðun þröskuldsgilda**

Ákvarða skal tengslin á milli niðurstaðna úr lífgreiningu, gefnar upp sem lífgreiningarjafngildi (BEQ), og niðurstaðna úr gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn, gefnar upp sem eiturjafngildi (TEQ), (t.d. með kvörðunartilraunum, miðuðum að sýnaefniviði, þar sem íbætt prófunarsýni eru 0, 0,5 sinni, 1 sinni og 2 sinnum hámarksgildið, með sex endurtekningum fyrir hvert gildi (n = 24)). Áætla má leiðréttingarstuðla (blanksýni og endurheimt) út frá þeim tengslum en þeir skulu athugaðir í hverri prófunarsyrpu með því að bæta við blanksýnum aðferðar/sýnaefniviðar og endurheimtusýnum (8.2).

Fastsetja skal þröskuldsgildi til að unnt sé að skera úr um hvort sýni sé í samræmi við hámarksgildi eða ef sannreyna á hvort sýni sé í samræmi við aðgerðarmörk, ef mælingar miðast við þau, og skulu þau taka mið af þeim gildum og mörkum sem sett eru fyrir annaðhvort PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni ein og sér eða fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna. Þau koma fram sem neðri mörkin á dreifingu lífgreiningarniðurstaðna (leiðrétt fyrir blanksýni og endurheimt), sem samsvara ákvörðunarmörkum fyrir gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn, miðað við 95% öryggisstig, sem felur í sér falssamræmishlutfall sem er < 5%, og RSD_R < 25%. Ákvörðunarmörk fyrir gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn eru hámarksgildið, að teknu tilliti til mælióvissu.

Í raun má reikna þröskuldsgildið (gefið upp sem lífgreiningarjafngildi) með eftirfarandi aðferðum (sbr. mynd 1):

([14]) Gildandi kröfur byggjast á eiturjafngildisstuðlunum sem eru birtir í: M. Van den Berg et al, *Toxicol. Sci.* 93(2), 223–241 (2006).

8.3.1. Notkun neðri hluta 95% spábilsins við ákvörðunarmörk fyrir gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn:

$$\text{Þröskuldsgildi} = \mathbf{BEQ_{DL}} - s_{y,x} * t_{\alpha,f=m-2}\sqrt{1/n + 1/m + (x_i - \bar{x})^2/Q_{xx}}$$

þar sem:

BEQ_{DL} lífgreiningarjafngildi sem samsvarar ákvörðunarmörkunum fyrir gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn, sem er hámarksgildið að teknu tilliti til mælióvissu.

$s_{y,x}$ staðalfrávik leifar

$t_{\alpha,f=m-2}$ t-dreifing ($\alpha = 5\%$, f = frítölur, einsíða)

m heildarfjöldi kvörðunarpunkta (stuðull j)

n fjöldi endurtekninga fyrir hvert gildi

$\bar{x}_i$ styrkur sýnis, úr gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn (gefinn upp sem eiturjafngildi), fyrir kvörðunarpunkt i

x meðalstyrkgildi (gefið upp sem eiturjafngildi) allra kvörðunarsýna

$Q_{xx} = \sum_{j=1}^{m}(x_i - \bar{x})^2$ breyta kvaðratsummu, i = stuðull fyrir kvörðunarpunkt i

8.3.2. Reiknað út frá lífgreiningarniðurstöðum (leiðréttum fyrir blanksýni og endurheimt) úr mörgum greiningum á sýnum ($n \geq 6$) sem hafa verið menguð með innihaldi sem samsvarar ákvörðunarmörkunum fyrir gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn, sem eru neðri mörk*in á* gagnadreifingunni við samsvarandi BEQ-meðalgildi:

$$\text{Þröskuldsgildi} = BEQ_{DL} - 1{,}64 \times SD_R$$


þar sem:

SD_R staðalfrávik niðurstaðna úr lífgreiningu við BEQ_{DL}, mælt við samanburðarnákvæm innanstofuskilyrði

8.3.3. Reiknað sem meðalgildi lífgreiningarniðurstaðna (gefið upp sem lífgreiningarjafngildi, leiðrétt fyrir blanksýni og endurheimt) úr mörgum greiningum á sýnum ($n \geq 6$) sem hafa verið menguð með innihaldi sem samsvarar 2/3 af styrknum sem mælingar miðast við. Til grundvallar þessu liggur sú athugun að gildi þetta er oftast í kringum þröskuldsgildi, sem er ákvarðað samkvæmt liðum 8.3.1 og 8.3.2.

Mynd 1

Niðurstöður úr lífgreiningu (BEQ)



Útreikningur á þröskuldsgildum miðað við 95% öryggisstig, sem felur í sér að falssamræmishlutfall sé < 5% og RSD_R < 25%: 1. úr *neðri* hluta 95% spábilsins við ákvörðunarmörkin fyrir gasgreiningu/massagreiningu, hvor tveggja með mikilli upplausn, 2. úr mörgum greiningum á sýnum ($n \geq 6$), sem hafa verið menguð með innihaldi sem samsvarar ákvörðunarmörkunum fyrir gasgreiningu/massagreiningu, hvor tveggja með mikilli upplausn, sem *neðri* mörk gagnadreifingar (sýnd í myndinni með normalferli) við samsvarandi BEQ-meðalgildi.

8.3.4. *Takmarkanir varðandi þröskuldsgildi:*

Þröskuldsgildi, byggð á lífgreiningarjafngildi og reiknuð út frá RSD_R sem fæst við fullgildingu með því að nota takmarkaðan fjölda sýna með mismunandi sýnaefniviðar-/efnamyndamynstrum, geta verið hærri en gildin, sem mælingar miðast við og byggjast á eiturjafngildi, vegna meiri nákvæmni en næst við reglubundnar greiningar við eftirlit með óþekktri breidd hugsanlegra efnamyndamynstra. Í þeim tilvikum skal reikna þröskuldsgildi út frá RSD_R sem samsvarar 25% eða helst tveimur þriðju hlutum þess styrks sem mælingar miðast við.

8.4. **Gæðakröfur**

– Þar eð ekki er unnt að nota innri staðla í lífgreiningaraðferðum skal gera prófanir á endurtekningarnákvæmni svo að fá megi upplýsingar um staðalfrávik innan einnar prófunarsyrpu og á milli prófunarsyrpna. Endurtekningarnákvæmni skal vera undir 20%, samanburðarnákvæmni innan stofu undir 25%. Því til grundvallar skulu liggja gildi, reiknuð sem lífgreiningarjafngildi, eftir leiðréttingu fyrir blanksýni og endurheimt.

– Tilskilinn liður í fullgildingarferlinu er að sýna fram á að með prófuninni sé unnt að greina á milli blanksýnis og styrks við þröskuldsgildi en það gerir kleift að sanngreina sýni fyrir ofan samsvarandi þröskuldsgildi (sbr. 8.1.2).

– Skilgreina skal markefnasambönd, hugsanlegar truflanir og viðunandi hámarksgildi fyrir blanksýni.

– Hundraðshlutfall staðalfráviks í svörun eða styrk, sem reiknast út frá svöruninni (eingöngu hægt á mælisviði) í þrefaldri ákvörðun sýnisútdráttar, skal ekki vera yfir 15%.

– Nota skal óleiðréttar niðurstöður úr viðmiðunarsýninu eða -sýnunum, gefnar upp sem lífgreiningarjafngildi (blanksýni og styrkur sem mælingar miðast við), til að meta nothæfi lífgreiningaraðferðarinnar á föstu tímabili.

– Gera skal gæðaeftirlitsskipurit fyrir blanksýni aðferðarinnar og fyrir hverja gerð viðmiðunarsýnis og yfirfara það til að tryggja að nothæfi greiningarinnar sé í samræmi við kröfur, einkum varðandi blanksýni aðferðarinnar, þegar um er að ræða kröfur um lágmarksmun miðað við neðri hluta mælisviðsins, og fyrir viðmiðunarsýni þegar um er að ræða samanburðarnákvæmni innan stofu. Hafa skal gott eftirlit með blanksýnum aðferðarinnar til að koma í veg fyrir niðurstöður, sem eru í falssamræmi við kröfur, þegar blanksýnin eru dregin frá.

– Niðurstöðum úr gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn á grunsamlegum sýnum og 2–10% sýnanna, sem eru í samræmi við kröfur (lágmark 20 sýni fyrir hvern sýnaefnivið), skal safnað saman og þær notaðar til að meta nothæfi skimunaraðferðarinnar og tengslin á milli BEQ- og TEQ-gilda. Gagnasafn þetta má nota til að endurmeta þröskuldsgildi sem gilda fyrir reglubundin sýni úr fullgiltum sýnaefniviði.

– Einnig má sýna fram á nothæfi aðferðarinnar með hringprófunum. Geti rannsóknarstofa sýnt fram á góðan árangur má, þegar falssamræmishlutfallið er metið, bæta við niðurstöðum úr sýnum sem voru greind í hringprófunum og ná yfir styrkbil sem er allt að t.d. 2 × hámarksgildi. Sýnin skulu ná yfir algengustu efnamyndamynstur úr ólíkum uppsprettum.

– Í mengunaratvikum má endurmeta þröskuldsgildin til að endurspegla tiltekinn sýnaefnivið og efnamyndamynstur viðkomandi atviks.

9. SKÝRSLUR UM NIÐURSTÖÐUR

Staðfestingaraðferðir

– Að því marki sem greiningaraðferðin leyfir skal styrkur einstakra PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efnamynda koma fram í greiningarniðurstöðum sem lágreiknigildi, háreiknigildi og miðreiknigildi til þess að sem mest af upplýsingum sé að finna í skýrslunni um niðurstöður svo að unnt sé að túlka niðurstöðurnar samkvæmt sérstökum kröfum.

– Í skýrslunni skal einnig koma fram aðferðin sem notuð var við útdrátt PCDD-/PCDF-efna, díoxínlíkra PCB-efna og fituefna. Fituefnainnihald sýnisins skal ákvarðað og tilgreint þegar um er að ræða matvælasýni þar sem hámarksgildi eða aðgerðarmörk eru gefin upp í hlutfalli við fituinnihald og þar sem væntur fitustyrkur er á bilinu 0–2% (í samræmi við gildandi löggjöf) en fyrir önnur sýni er ákvörðun fituefnainnihalds valkvæð.

– Gera skal grein fyrir tölum um endurheimtur einstakra innri staðla ef endurheimturnar eru utan þess bils sem um getur í lið 7.2, ef þær eru hærri en hámarksgildið, svo og ef eftir því er leitað.

– Þar eð taka skal tillit til óvissu í mælingum þegar tekin er ákvörðun um hvort sýni uppfylli viðmiðun skal einnig gerð grein fyrir þessum þætti. Þess vegna skal gefa niðurstöður úr greiningum upp sem x +/- U þar sem x er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan, reiknuð með þekjustuðlinum 2, sem gefur u.þ.b. 95% öryggisstig. Ef PCDD-/PCDF-efni og díoxínlík PCB-efni eru ákvörðuð hvert í sínu lagi skal nota summu áætlaðrar, útvíkkaðrar mælióvissu fyrir mismunandi niðurstöður greininga á PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum þegar áætluð, útvíkkuð mælióvissa er tilgreind fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna.

– Ef tekið er tillit til óvissu í mælingum með því að beita ákvörðunarmörkunum (CCα) (eins og lýst er í lið IV.2 í II. viðauka) skal greina frá þessum þætti.

– Niðurstöðurnar skulu gefnar upp í sömu einingum og með (a.m.k.) sama fjölda marktækra tölustafa og hámarksgildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.

Lífgreiningaraðferðir til skimunar

– Þegar niðurstöður skimunar eru gefnar upp skal tilgreina hvort þær séu í samræmi við kröfur eða hvort grunur sé um að þær séu í ósamræmi við kröfur (séu „grunsamlegar“).

– Þar að auki má tilgreina niðurstöðu fyrir PCDD-/PCDF-efni og/eða díoxínlík PCB-efni, gefin upp sem lífgreiningarjafngildi (BEQ) (ekki eiturjafngildi (TEQ)) (sbr. 2. lið III. viðauka).

– Sé mælióvissa varðandi reiknað BEQ-gildi tilgreind, t.d. sem staðalfrávik, þarf að liggja því til grundvallar a.m.k. þreföld greining sýnisins (þ.m.t. útdráttur, hreinsun og ákvörðun prófunarniðurstöðu).

– Sé sýni með svörun undir tilkynningarmörkum skal það gefið upp sem undir tilkynningarmörkunum.

– Fyrir hverja gerð af sýnaefniviði skal koma fram í skýrslunni styrkurinn sem mælingar miðast við (hámarksgildi, aðgerðarmörk) og sem matið grundvallast á.

– Í skýrslunni skal koma fram gerð prófunar sem notuð var, grundvallarregla hennar og tegund kvörðunar.

– Í skýrslunni skal einnig koma fram aðferðin sem notuð var við útdrátt PCDD-/PCDF-efna, díoxínlíkra PCB-efna og fituefna. Fituefnainnihald sýnisins skal ákvarðað og tilgreint þegar um er að ræða matvælasýni þar sem hámarksgildi eða aðgerðarmörk eru gefin upp í hlutfalli við fituinnihald og þar sem væntur fitustyrkur er á bilinu 0–2% (í samræmi við gildandi löggjöf) en fyrir önnur sýni er ákvörðun fituefnainnihalds valkvæð.

VIÐBÆTIR VIÐ III. VIÐAUKA

Eiturjafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO-TEFs), til nota við áhættumat fyrir menn, grundvallast á niðurstöðum fundar sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem var haldinn í Genf í júní 2005, um alþjóðaáætlunina um öryggi íðefna (Martin van den Berg et al., *„The 2005 World Health Organization Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds*.“) *Toxicological Sciences* 93(2), 223–241 (2006)

Efnamynd		Efnamynd	TEF-gildi
Díbensó-p-díoxín („PCDD-efni“)		**„Díoxínlík PCB-efni“, PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni, og einortó-PCB-efni**	
2,3,7,8-TCDD	1		
1,2,3,7,8-PeCDD	1	*PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni*	
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1	PCB 77	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0003
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 126	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	PCB 169	0,03
OCDD	0,0003		
Díbensófúrön („PCDF-efni“)		*Einortó-PCB-efni*	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,00003
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03	PCB 114	0,00003
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3	PCB 118	0,00003
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,00003
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,00003
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,00003
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00003
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,00003
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0003		

Skammstafanir: „T“ = tetra, „Pe“ = penta, „Hx“ = hexa, „Hp“ = hepta, „O“ = okta, „CDD“ = klórdíbensódíoxín, „CDF“ = klórdíbensófúran, „CB“ = klórbífenýl.

IV. VIÐAUKI

Undirbúningur sýna og kröfur varðandi greiningaraðferðir sem eru notaðar við opinbert eftirlit með innihaldi ódíoxínlíkra PCB-efna (PCB # 28, 52, 101, 138, 153, 180) í tilteknum matvælum

1. **Gildandi greiningaraðferðir**

Gasgreining/greining með rafeindahremmingu (GC/ECD), gasgreining/massagreining með lítilli upplausn (GC/LRMS), gasgreining með tvöfaldri massagreiningu (GC/MS-MS), gasgreining/massagreining með mikilli upplausn (GC/HRMS) eða jafngildar aðferðir.

2. **Sanngreining og staðfesting greiniefna sem eru til mælinga**

– Hlutfallslegur endurnýjunartími með tilliti til innri staðla eða viðmiðunarstaðla (leyfilegt frávik sem nemur +/- 0,25%).

– Aðgreining, með gasgreiningu, á öllum PCB-efnavísunum sex (PCB 28, PCB 52, PCB 101, PCB 138, PCB 153 og PCB 180) frá truflandi efnum, sérstaklega PCB-efnum sem skolast út samtímis, einkum þegar innihald sýnanna er í námunda við lögfest mörk og staðfesta verður að þau séu í ósamræmi við mörkin.

Athugasemd: Efnamyndir, sem skolast oft út samtímis, eru t.d. PCB 28/31, PCB 52/69 og PCB 138/163/164. Við gasgreiningu/massagreiningu þarf einnig að taka til athugunar hugsanlegar truflanir frá brotum efnamynda með hærra klórhlutfalli.

– Fyrir aðferðir með gas- og massagreiningu:

– Vöktun a.m.k.:

– tveggja tiltekinna jóna fyrir massagreiningu með mikilli upplausn

– tveggja tiltekinna jóna með m/z > 200 eða þriggja tiltekinna jóna með m/z > 100 fyrir massagreiningu með lítilli upplausn

– einnar móðurjónar og tveggja dótturjóna fyrir tvöfalda massagreiningu

– Hæstu leyfilegu vikmörk fyrir samsætuhlutfallið (e. *abundance ratio*) fyrir valdar niðurbrotsjónir:

Hlutfallslegt frávik fyrir samsætuhlutfallið fyrir valdar niðurbrotsjónir frá tilgetnu samsætuhlutfalli (e. *theoretical abundance*) eða kvörðunarstaðli fyrir markjón (sem er útbreiddasta jónin sem er vöktuð) og staðfestingarjón eða -jónum:

Hlutfallsleg þéttni staðfestingarjón(a) í samanburði við markjón	GC-EI-MS (hlutfallslegt frávik)	GC-CI-MS, GC-MS^n (hlutfallslegt frávik)
> 50%	± 10%	± 20%
> 20% til 50%	± 15%	± 25%
> 10% til 20%	± 20%	± 30%
≤ 10%	± 50% ([1])	± 50% ([1])

([1]) Þar eð nægilegur fjöldi niðurbrotsjóna finnst með hlutfallslegri þéttni sem er > 10%, er ekki ráðlagt að nota staðfestingarjón eða -jónir með hlutfallslegri þéttni sem er minni en 10% í samanburði við markjónina.

– Fyrir gasgreiningu/greiningu með rafeindahremmingu (GC/ECD):

Staðfesting niðurstaðna, sem fara yfir vikmörk, með tveimur GC-súlum með stöðufösum með mismunandi skautun.

3. **Sýnt fram á nothæfi aðferðarinnar**

Fullgilding innan þess styrkbils sem mælingar miðast við (0,5 til 2 sinnum styrkurinn sem mælingar miðast við), með viðunandi fráviksstuðli fyrir endurtekna greiningu (sjá kröfur varðandi samkvæmni innan stofu (e. *intermediate precision*) í 8. lið).

4. **Magngreiningarmörk**

Blankgildin skulu ekki fara yfir 30% þess mengunarstyrks sem samsvarar hámarksgildinu ([15]).

5. **Gæðastjórnun**

Reglulegt eftirlit með blanksýnum, greining íbættra sýna, gæðaeftirlitssýni, þátttaka í fjölsetra rannsóknum á viðkomandi sýnaefniviði.

([15]) Mælt er eindregið með því að hlutdeild prófefnisblanksýnis í innihaldi aðskotaefnis í sýni sé minni en það. Rannsóknarstofunni ber að hafa eftirlit með breytileika í gildum blanksýna, einkum ef gildi blanksýna eru dregin frá.

6. **Eftirlit með endurheimtum**

– Notkun viðeigandi innri staðla með eðlisefnafræðilegum eiginleikum sem eru sambærilegir við greiniefnin sem eru til mælinga.

– Viðbót innri staðla:

  – Viðbót við vörur (á undan útdrætti og hreinsunarferli),

  – Einnig er hægt að bæta innri stöðlum við útdregna fitu (á undan hreinsunarferlinu) ef hámarksgildi er gefið upp í hlutfalli við fituinnihald.

– Kröfur varðandi aðferðir þar sem allir samsætumerktu PCB-efnamyndavísarnir sex eru notaðir:

  – Leiðrétting niðurstaðna fyrir endurheimtur innri staðla,

  – Að jafnaði telst endurheimtuhlutfall á bilinu 50–120% ásættanlegt fyrir samsætumerkta innri staðla.

  – Minni eða meiri endurheimtur fyrir einstakar efnamyndir með minna en 10% hlutdeild í summu PCB-efnavísanna sex eru viðunandi.

– Kröfur varðandi aðferðir sem ekki nota alla sex samsætumerktu innri staðlana eða aðra innri staðla:

  – Eftirlit með endurheimt innri staðals eða staðla fyrir hvert sýni,

  – Ásættanlegar endurheimtur innri staðals eða staðla er á bilinu 60–120%,

  – Leiðrétting niðurstaðna fyrir endurheimtur innri staðla,

– Endurheimtur ómerktra efnamynda skal prófa með íbættum sýnum eða gæðaeftirlitssýnum á styrkbilinu sem mælingar miðast við. Ásættanlegar endurheimtur fyrir þessar efnamyndir eru á bilinu 70–120%.

7. **Kröfur sem varða rannsóknarstofur**

Í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skal viðurkenndur aðili, sem starfar í samræmi við ISO-leiðbeiningar 58, faggilda rannsóknarstofur til að tryggja að þær búi yfir gæðatryggingu við greiningar. Rannsóknarstofur skulu faggiltar samkvæmt staðlinum EN ISO/IEC 17025.

8. **Nothæfiseiginleikar Viðmiðanir fyrir summu PCB-efnavísanna sex í þeim styrk sem mælingar miðast við**

Réttleiki	– 20% til + 30%
Samkvæmni innan stofu (e. *intermediate precision*) (RSD %)	≤ 20%
Munur á milli útreiknings á lág- og háreiknigildi	≤ 20%

9. **Skýrslur um niðurstöður**

– Að því marki sem greiningaraðferðin leyfir skal styrkur einstakra PCB-efnamynda koma fram í greiningarniðurstöðum og skal tilgreindur sem lágreiknigildi, háreiknigildi og miðreiknigildi til þess að sem mest af upplýsingum sé að finna í skýrslunni um niðurstöður svo að unnt sé að túlka niðurstöðurnar samkvæmt sérstökum kröfum.

– Í skýrslunni skal einnig koma fram aðferðin sem notuð var við útdrátt PCB-efna og fituefna. Fituefnainnihald sýnisins skal ákvarðað og tilkynnt þegar um er að ræða matvælasýni þar sem hámarksgildi eru gefin upp í hlutfalli við fituinnihald og þar sem væntur fitustyrkur er á bilinu 0–2% (í samræmi við gildandi löggjöf) en fyrir önnur sýni er ákvörðun fituefnainnihalds valkvæð.

– Gera skal grein fyrir tölum um endurheimtur einstakra innri staðla ef endurheimturnar eru utan þess bils sem um getur í 6. lið, ef þær eru hærri en hámarksgildið, svo og ef eftir því er leitað.

– Þar eð taka skal tillit til óvissu í mælingum þegar tekin er ákvörðun um hvort sýni uppfylli viðmiðun skal einnig gerð grein fyrir þessum þætti. Þess vegna skal gefa niðurstöður úr greiningum upp sem x +/– U þar sem x er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan, reiknuð með þekjustuðlinum 2, sem gefur u.þ.b. 95% öryggisstig.

– Ef tekið er tillit til óvissu í mælingum með því að beita ákvörðunarmörkunum (CCα) (eins og lýst er í lið IV.1 í II. viðauka) skal greina frá þessum þætti.

– Niðurstöðurnar skulu gefnar upp í sömu einingum og með (a.m.k.) sama fjölda marktækra tölustafa og hámarksgildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 459/2012 2013/EES/20/04

frá 29. maí 2012

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ([1]), einkum 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([2]), einkum 2. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ([3]) er mælt fyrir um sameiginlegar tæknikröfur fyrir gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og varahlutum að því er varðar losun, og um reglur um samræmi ökutækja í notkun, endingu mengunarvarnarbúnaðar, innbyggð greiningarkerfi (OBD), mælingu á eldsneytiseyðslu og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007 skal skilgreina staðal fyrir fjölda agna að því er varðar ökutæki með rafkveikjuhreyfla sem skulu samþykkt samkvæmt Euro 6 stöðlum.

3) Agnir sem ökutæki losa geta sest í lungnablöðrurnar í lungum manna og hugsanlega valdið öndunarfæra- og hjarta- og æðasjúkdómum og hækkun dánartíðni. Það er því í þágu almennings að veitt sé öflug vernd gegn þessum ögnum.

4) Til að mæla losun agna frá ökutækjum með rafkveikju er notast við aðferðarlýsingu áætlunarinnar um mælingu agna (e. Particulate Measurement Programme – (PMP)), sem var þróuð fyrir dísilökutæki. Hins vegar liggja fyrir vísbendingar um að agnir sem hreyflar með rafkveikju losa geti verið á öðru stærðarbili og með aðra efnasamsetningu en þær sem koma frá dísilökutækjum. Stærðarbil og efnasamsetning agna og skilvirkni þeirrar mælitækni sem nú er notuð til að hafa hemil á losun skaðlegra agna skal sæta stöðugri endurskoðun. Nauðsynlegt gæti verið að endurskoða aðferðarlýsingu mælinga fyrir ökutæki með rafkveikju í framtíðinni.

5) Samkvæmt þeirri þekkingu sem nú liggur fyrir er lítil losun agna frá hefðbundnum hreyflum með eldsneytisinnsprautun í soggöng þar sem eldsneytinu er sprautað inn í soggrein eða inntaksrás frekan en beint í brunahólfið. Því virðist sem stendur réttlætanlegt að takmarka stjórnvaldsaðgerðir við ökutæki sem búin eru hreyflum með beinni innsprautun, án þess að útiloka frekari rannsóknir og eftirlitsaðgerðir sem snúa að losun agna frá öllum hreyflum með rafkveikju, einkum að því er varðar stærðarbil og efnasamsetningu losaðra agna en einnig losun við raunverulegan akstur, og skal framkvæmdastjórnin leggja fram frekari stjórnvaldsráðstafanir ef þörf er á og að teknu tilliti til framtíðarmarkaðshlutdeildar hreyfla með eldsneytisinnsprautun í soggöng.

6) Með reglugerð (EB) nr. 692/2008 voru mörkin fyrir fjölda losaðra agna sett við 6×10^{11} #/km fyrir dísilökutæki sem falla undir Euro 6. Í samræmi við meginregluna um löggjöf sem er hlutlaus í tæknilegu tilliti ættu losunarmörk fyrir ökutæki með rafkveikju sem falla undir Euro 6 að vera þau sömu, þar sem ekki liggja fyrir neinar vísbendingar sem benda til að agnir sem hreyflar með rafkveikju losa hafi minni sértæk eiturhrif en agnir sem dísilhreyflar losa.

7) Búist er við að bensínagnasíur, sem er skilvirk eftirmeðferðartækni til að minnka losun á ögnum frá ökutækjum með rafkveikju, verði fáanlegar til ísetningar í sum ökutæki sem falla undir Euro 6 á sanngjörnu verði. Þar að auki virðist líklegt að innan þriggja ára frá lögboðnu dagsetningunum fyrir Euro 6, sem settar eru fram í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, verði hægt að ná fram sams konar minnkun á losun agna með breytingum í sjálfum hreyflinum með talsvert lægri kostnaði í mörgum tilvikum. Allar breytingar á hreyfli verða að gilda við

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 142, 1.6.2012, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 18, 21.3.2013, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

öll vinnsluskilyrði hreyfilsins til að tryggja að magn losunar aukist ekki við raunveruleg akstursskilyrði ef eftirmeðferðartæki vantar.

8) Til að það sé kleift að þróa nauðsynlega tækni og til að veita nægan frest skal beita tveggja þrepa aðferð, en þá eru Euro 6 mörkin fyrir fjölda losaðra agna frá dísilhreyflum einnig notuð fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfla með beinni innsprautun í seinni áfanganum.

9) Athygli skal beint að losun agna frá ökutækjum með rafkveikju við raunveruleg akstursskilyrði og þróun viðkomandi prófunaraðferða. Framkvæmdastjórnin skal þróa og taka upp samsvarandi mæliaðferðir eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku Euro 6.

10) Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með áhrifum ráðstafana sem lækka fjölda agna á losun koltvísýrings frá ökutækjum með rafkveikju.

11) Samkvæmt 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 692/2008 skulu ökutæki sem falla undir þá reglugerð aðeins hljóta gerðarviðurkenningu í samræmi við Euro 6 losunarstaðla eftir að viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa hafa verið innleidd. Innbyggð greiningarkerfi eru mikilvæg tæki til að greina bilanir í mengunarvarnarbúnaði.

12) Í orðsendingu sinni 2008/C 182/08 um beitingu og framtíðarþróun löggjafar Bandalagsins varðandi losun frá léttum ökutækjum og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald (Euro 5 og Euro 6) ([4]) hefur framkvæmdastjórnin lagt til röð viðmiðunargilda fyrir innbyggð greiningarkerfi sem í grófum dráttum samsvara viðmiðunargildunum sem gilda um flest létt ökutæki í Bandaríkjunum og Kanada frá og með árinu 2013, þar sem flest innbyggð greiningarkerfi ökutækja eru í samræmi við löggjöf frá Californian Air Resources Board (CARB). Samhæfing á kröfum Sambandsins við kröfur Bandaríkjanna væri í samræmi við markmiðin um alþjóðlega samhæfingu og myndi tryggja öfluga umhverfisvernd.

13) Hins vegar eru bandarískar kröfur varðandi innbyggð greiningarkerfi tæknilega krefjandi fyrir framleiðendur ökutækja sem flytja ekki út til Bandaríkjanna. Þess vegna skal fyrst samþykkja þriggja ára tímabil með vægari kröfum fyrir innbyggð greiningarkerfi svo að iðnaðinum sé veittur meiri frestur.

14) Lokaútgáfa viðmiðunargilda innbyggðra greiningarkerfa samkvæmt Euro 6 fyrir kolsýring (CO), vetniskolefni önnur en metan, og fjölda agna, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 692/2008, skulu vera vægari en gildin sem lögð eru til í orðsendingu 2008/C 182/08 svo að tekið sé tillit til tæknilegra erfiðleika á þessum sviðum. Að auki skulu ekki samþykkt nein Euro 6 viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa fyrir fjölda agna með þessari reglugerð.

15) Á síðari stigum skal meta umhverfistengdar þarfir, tæknilega möguleika og hlutfall kostnaðar og ábata að því er varðar strangari Euro 6 viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa með tilliti til kolsýrings og vetniskolefna annarra en metans og að því er varðar Euro 6 viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa með tilliti til losunar agna. Ef þetta leiðir til breytinga á reglufestum kröfum hvað þetta varðar skulu þær aðeins innleiddar með viðeigandi fresti fyrir iðnaðinn. Með tilliti til þess hversu flókin innbyggð greiningarkerfi eru væri slíkur frestur að jafnaði þrjú til fjögur ár.

16) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 692/2008 til samræmis við það.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 715/2007 er breytt sem hér segir:

1) í lok 17. liðar 3. gr. skal breyta punkti í kommu,

2) eftirfarandi 18. liður bætist við í 3. gr.:

„18. „hreyfill með beinni innsprautun“: hreyfill sem getur starfað þannig að eldsneytinu er sprautað í inntaksloftið eftir að það hefur sogast í gegnum sogventlana.“,

3) eftirfarandi 7. mgr. bætist við 10. gr.:

„7. Mörkin $6{,}0 \times 10^{12}$ #/km fyrir massa losaðra agna skulu gilda fyrir ökutæki með hreyfli með rafkveikju og beinni innsprautun þar til að þremur árum liðnum frá dagsetningunum sem tilgreindar eru í 4. og 5. mgr. að því er varðar nýjar gerðarviðurkenningar og að ný ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun og að vali framleiðandans.“,

4) ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

([4]) Stjtíð. ESB L 182, 19.7.2008, bls. 17.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 4. gr. falli 7. mgr. brott.

2) Ákvæðum I., XI. og XVI. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 715/2007

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007 er breytt sem hér segir:

1) í stað textans í annarri línu í aftasta dálki í töflu 1 (Losunarmörk samkvæmt Euro 5) komi eftirfarandi:

„Fjöldi agna (PN)“,

2) í stað töflu 2 komi eftirfarandi tafla:

„*Tafla 2*

Losunarmörk Euro 6

		Viðmiðunarmassi (RM) (kg)	Viðmiðunarmörk													
			Massi kolsýrings (CO)		Massi heildarmagns vetniskolefna (THC)		Massi vetniskolefna, annarra en metans (NMHC)		Massi köfnunarefnisoxíða (NO_x)		Samanlagður massi vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (THC + NO_x)		Massi efnisagna (PM)([1])		Fjöldi agna (PN)	
			L_1 (mg/km)		L_2 (mg/km)		L_3 (mg/km)		L_4 (mg/km)		$L_2 + L_4$ (mg/km)		L_5 (mg/km)		L_6 (#/km)	
Flokkur	Undir-flokkur		PI	CI	PI	CI	PI	CI	PI	CI	PI	CI	PI([2])	CI	PI([2])([3])	CI
M	—	Allir	1000	500	100	—	68	—	60	80	—	170	4,5	4,5	$6,0 \times 10^{11}$	$6,0 \times 10^{11}$
N_1	I	RM ≤ 1305	1000	500	100	—	68	—	60	80	—	170	4,5	4,5	$6,0 \times 10^{11}$	$6,0 \times 10^{11}$
	II	1305 < RM ≤ 1760	1810	630	130	—	90	—	75	105	—	195	4,5	4,5	$6,0 \times 10^{11}$	$6,0 \times 10^{11}$
	III	1760 < RM	2270	740	160	—	108	—	82	125	—	215	4,5	4,5	$6,0 \times 10^{11}$	$6,0 \times 10^{11}$
N_2	—	Allir	2270	740	160	—	108	—	82	125	—	215	4,5	4,5	$6,0 \times 10^{11}$	$6,0 \times 10^{11}$

Skýringar: PI = rafkveikja (e. *Positive Ignition*), CI = þjöppukveikja (e. *Compression Ignition*)

([1]) Mörkin 5,0 mg/km fyrir massa losaðra agna gilda fyrir gerðir ökutækja sem fengu gerðarviðurkenningu samkvæmt losunarmörkunum í þessari töflu með fyrri aðferðarlýsingunni um mælingu efnisagna, fyrir 1.9.2011.

([2]) Mörkin fyrir massa og fjölda agna fyrir ökutæki með rafkveikju skulu einungis gilda um ökutæki sem hafa hreyfla með beinni innsprautun.

([3]) Mörkin 6,0 × 1012 #/km fyrir massa losaðra agna skulu gilda fyrir Euro 6 ökutæki með rafkveikju og beinni innsprautun að vali framleiðanda, þar til að þremur árum liðnum frá dagsetningunum sem tilgreindar eru í 4. og 5. mgr. 10. gr. fyrir nýjar gerðarviðurkenningar annars vegar og ný ökutæki hins vegar. Eigi síðar en á þessum dagsetningum skal prófunaraðferð fyrir gerðarviðurkenningu, sem tryggir skilvirka minnkun á losun agna við raunveruleg akstursskilyrði, koma til framkvæmdar.“

II. VIÐAUKI

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 692/2008

Reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. viðbæti við I. viðauka:

a) í stað annars málsliðar í lið 1 komi eftirfarandi:

„Á eftir þessu númeri skal fylgja einn eða fleiri bókstafir sem auðkenna flokk í samræmi við töflu 1.“,

b) í stað töflu 1 komi eftirfarandi tafla:

„*Tafla 1*

Bókstafur	Losunar-staðall	Staðall inn-byggðs grein-ingar-kerfis	Ökutækjaflokkur og undirflokkur	Hreyfill	Innleiðingar-dagsetning: nýjar gerðir	Innleiðingar-dagsetning: ný ökutæki	Síðasta dagsetning skráningar
A	Euro 5a	Euro 5	M, N_1 undirflokkur I	PI, CI	1.9.2009	1.1.2011	31.12.2012
B	Euro 5a	Euro 5	M_1 sem uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir (að undanskildum M_1G)	CI	1.9.2009	1.1.2012	31.12.2012
C	Euro 5a	Euro 5	M_1G sem uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir	CI	1.9.2009	1.1.2012	31.8.2012
D	Euro 5a	Euro 5	N_1 undirflokkur II	PI, CI	1.9.2010	1.1.2012	31.12.2012
E	Euro 5a	Euro 5	N_1 undirflokkur III, N_2	PI, CI	1.9.2010	1.1.2012	31.12.2012
F	Euro 5b	Euro 5	M, N_1 undirflokkur I	PI, CI	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
G	Euro 5b	Euro 5	M_1 sem uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir (að undanskildum M_1G)	CI	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
H	Euro 5b	Euro 5	N_1 undirflokkur II	PI, CI	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
I	Euro 5b	Euro 5	N_1 undirflokkur III, N_2	PI, CI	1.9.2011	1.1.2013	31.12.2013
J	Euro 5b	Euro 5+	M, N_1 undirflokkur I	PI, CI	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2015
K	Euro 5b	Euro 5+	M_1 sem uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir (að undanskildum M_1G)	CI	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2015
L	Euro 5b	Euro 5+	N_1 undirflokkur II	PI, CI	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2016

Bókstafur	Losunar-staðall	Staðall inn-byggðs grein-ingar-kerfis	Ökutækjaflokkur og undirflokkur	Hreyfill	Innleiðingar-dagsetning: nýjar gerðir	Innleiðingar-dagsetning: ný ökutæki	Síðasta dagsetning skráningar
M	Euro 5b	Euro 5+	N_1 undirflokkur III, N_2	PI, CI	1.9.2011	1.1.2014	31.8.2016
N	Euro 6a	Euro 6-	M, N_1 undirflokkur I	CI			31.12.2012
O	Euro 6a	Euro 6-	N_1 undirflokkur II	CI			31.12.2012
P	Euro 6a	Euro 6-	N_1 undirflokkur III, N_2	CI			31.12.2012
Q	Euro 6b	Euro 6-	M, N_1 undirflokkur I	CI			31.12.2013
R	Euro 6b	Euro 6-	N_1 undirflokkur II	CI			31.12.2013
S	Euro 6b	Euro 6-	N_1 undirflokkur III, N_2	CI			31.12.2013
T	Euro 6b	Euro 6-plús IUPR	M, N_1 undirflokkur I	CI			31.8.2015
U	Euro 6b	Euro 6-plús IUPR	N_1 undirflokkur II	CI			31.8.2016
V	Euro 6b	Euro 6-plús IUPR	N_1 undirflokkur III, N_2	CI			31.8.2016
W	Euro 6b	Euro 6-1	M, N_1 undirflokkur I	PI, CI	1.9.2014	1.9.2015	31.8.2018
X	Euro 6b	Euro 6-1	N_1 undirflokkur II	PI, CI	1.9.2015	1.9.2016	31.8.2019
Y	Euro 6b	Euro 6-1	N_1 undirflokkur III, N_2	PI, CI	1.9.2015	1.9.2016	31.8.2019
ZA	Euro 6c	Euro 6-2	M, N_1 undirflokkur I	PI, CI	1.9.2017	1.9.2018	
ZB	Euro 6c	Euro 6-2	N_1 undirflokkur II	PI, CI	1.9.2018	1.9.2019	
ZC	Euro 6c	Euro 6-2	N_1 undirflokkur III, N_2	PI, CI	1.9.2018	1.9.2019	

Bókstafur	Losunar-staðall	Staðall inn-byggðs grein-ingar-kerfis	Ökutækjaflokkur og undirflokkur	Hreyfill	Innleiðingar-dagsetning: nýjar gerðir	Innleiðingar-dagsetning: ný ökutæki	Síðasta dagsetning skráningar
ZX	á ekki við	á ekki við	öll ökutæki	Raf-geymir, að fullu rafknúinn	1.9.2009	1.1.2011	
ZY	á ekki við	á ekki við	öll ökutæki	Efnarafall, að fullu rafknúinn	1.9.2009	1.1.2011	
ZZ	á ekki við	á ekki við	Öll ökutæki sem nota vottorð samkvæmt lið 2.1.1 í I. viðauka	PI, CI	1.9.2009	1.1.2011	

Skýringar:
„Euro 5a“ losunarstaðall = að undanskilinni endurskoðaðri aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið um fjölda agna og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig,
„Euro 5b losunarstaðall = allar Euro 5 losunarkröfur, þ.m.t. endurskoðuð aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið fyrir ökutæki með þjöppukveikju um fjölda agna og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig,
„Euro 6a“ losunarstaðall = að undanskilinni endurskoðaðri aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið um fjölda agna og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig,
„Euro 6b losunarstaðall = allar Euro 6 losunarkröfur, þ.m.t. endurskoðuð aðferð við mælingu á efnisögnum, viðmið um fjölda agna (bráðabirgðagildi fyrir ökutæki með rafkveikju) og prófun á losun ökutækis, sem knúið er fjölblöndueldsneyti, við notkun lífeldsneytis við lágt hitastig,
„Euro 6c losunarstaðall = allar Euro 6 losunarkröfur, þ.e. Euro 6b losunarstaðall og lokaútgáfa staðla fyrir fjölda agna fyrir ökutæki með rafkveikju,
„Euro 5“ staðall innbyggðra greiningakerfa = grunnkröfur Euro 5 fyrir innbyggð greiningarkerfi að frátöldu frammistöðuhlutfalli í notkun (e. *in-use performance ratio — IUPR*), NO_x vöktun fyrir bensínhreyfla og hertum viðmiðunargildum fyrir massa agna fyrir dísil,
„Euro 5+“ staðall innbyggðra greiningakerfa = að meðtalinni tilslökun á frammistöðuhlutfalli í notkun (e. *in-use performance ratio — IUPR*), NO_x vöktun fyrir bensínhreyfla og hertum viðmiðunargildum fyrir massa agna fyrir dísil,
„Euro 6-“ staðall innbyggðra greiningakerfa = tilslökun á viðmiðunargildum innbyggðra greiningarkerfa,
„Euro 6- plús IUPR“ staðall innbyggðra greiningakerfa = að meðtalinni tilslökun á viðmiðunargildum innbyggðra greiningarkerfa og frammistöðuhlutfalli í notkun (IUPR),
„Euro 6-1“ staðall innbyggðra greiningakerfa = allar kröfur Euro 6 fyrir innbyggð greiningarkerfi en með bráðabirgðaviðmiðunargildi innbyggðra greiningakerfa eins og skilgreint er í lið 2.3.4 í XI. viðauka og tilslökun á frammistöðuhlutfalli í notkun að hluta til,
„Euro 6-2“ staðall innbyggðra greiningakerfa = allar kröfur Euro 6 fyrir innbyggð greiningarkerfi en með lokaútgáfu viðmiðunargilda innbyggðra greiningakerfa eins og skilgreint er í lið 2.3.3 í XI. viðauka.“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

a) Eftirfarandi liðir 2.3.3 og 2.3.4 bætist við:

„2.3.3. Viðmiðunargildi innbyggðra greiningakerfisins fyrir ökutæki sem fá gerðarviðurkenningu samkvæmt Euro 6 losunarmörkunum, sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007, þremur árum eftir dagsetningarnar sem tilgreindar eru í 4. og 5. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, eru tilgreind í eftirfarandi töflu:

Lokaútgáfa viðmiðunargilda innbyggðra greiningarkerfisins samkvæmt Euro 6

		Viðmiðunar-massi (RM) (kg)	Massi kolsýrings (Kolsýringur) (mg/km)		Massi vetniskolefna, annarra en metans (Önnur vetniskolefni en metan) (mg/km)		Massi köfnunarefnis-oxíða (NO_x) (mg/km)		Massi efnisagna (Massi agna) (mg/km)		Fjöldi agna (Fjöldi agna) (#/km)	
Flokkur	Undir-flokkur		PI	CI	PI	CI	PI	CI	CI	PI	CI	PI
M	—	Allir	1900	1750	170	290	90	140	12	12		
N_1(3)	I	RM ≤ 1305	1900	1750	170	290	90	140	12	12		

		Viðmiðunar-massi (RM) (kg)	Massi kolsýrings (Kolsýringur) (mg/km)		Massi vetniskolefna, annarra en metans (Önnur vetniskolefni en metan) (mg/km)		Massi köfnunarefnis-oxíða (NO_x) (mg/km)		Massi efnisagna (Massi agna) (mg/km)		Fjöldi agna (Fjöldi agna) (#/km)	
Flokkur	Undir-flokkur		PI	CI	PI	CI	PI	CI	CI	PI	CI	PI
	II	1305 < RM ≤ 1760	3400	2200	225	320	110	180	12	12		
	III	1760 < RM	4300	2500	270	350	120	220	12	12		
N_2	—	Allir	4300	2500	270	350	120	220	12	12		

Skýringar: PI = rafkveikja (e. Positive Ignition), CI = þjöppukveikja (e. Compression Ignition).

Til skýringar:

Viðmiðunargildi innbyggðra greiningakerfa sem sett eru fram í töflunni verða tekin til endurskoðunar af framkvæmdastjórninni fyrir 1. september 2014. Ef þessi viðmiðunargildi virðast ekki tæknilega möguleg verður þeim eða lögboðnum gildistökudögum þeirra breytt til samræmis við það, að teknu tilliti til áhrifa af öðrum nýjum kröfum og prófunum sem verða teknar upp fyrir ökutæki sem falla undir Euro 6. Ef endurskoðunin leiðir í ljós umhverfislega þörf ásamt því að það sé framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti og feli í sér fjárhagslegan ávinning þarf að samþykkja strangari viðmið og innleiða viðmiðunargildi innbyggðra greiningakerfa fyrir fjölda agna eða, eftir atvikum, önnur mengunarefni sem reglur gilda um. Ef það er gert þarf að veita iðnaðinum viðeigandi frest til að innleiða þróun í tækni.

2.3.4. Þar til að þremur árum liðnum frá dagsetningunum sem tilgreindar eru í 4. og 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007 fyrir nýjar gerðarviðurkenningar annars vegar og ný ökutæki hins vegar skulu eftirfarandi viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa gilda fyrir ökutæki sem fá gerðarviðurkenningu samkvæmt Euro 6 losunarmörkunum, sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007, að vali framleiðandans:

Bráðabirgðaviðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa samkvæmt Euro 6

		Viðmiðunar-massi (RM) (kg)	Massi kolsýrings (Kolsýringur) (mg/km)		Massi vetniskolefna, annarra en metans (Önnur vetniskolefni en metan) (mg/km)		Massi köfnunarefnisoxíða (NO_x) (mg/km)		Massi efnisagna (Massi agna) (mg/km)	
Flokkur	Undir-flokkur		PI	CI	PI	CI[2]	PI	CI	CI	PI
M	—	Allir	1900	1750	170	290	150	180	25	25
N_1[3]	I	RM ≤ 1305	1900	1750	170	290	150	180	25	25
	II	1305 < RM ≤ 1760	3400	2200	225	320	190	220	25	25
	III	1760 < RM	4300	2500	270	350	210	280	30	30
N_2	—	Allir	4300	2500	270	350	210	280	30	30

Skýringar: PI = rafkveikja (positive ignition), CI = þjöppukveikja (compression ignition).“,

b) í stað liðar 2.14 komi eftirfarandi:

„2.14. Andstætt lið 3.3.5 í 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83 skal vakta eftirfarandi búnað með tilliti til allsherjarbilunar eða hvort hann sé fjarlægður ef hið síðarnefnda veldur því að farið er yfir gildandi losunarmörk:

— frá og með 1. september 2011, agnasíu sem sett er á hreyfla með þjöppukveikju, hvort sem hún er sett upp sem sjálfstæð eining eða samþætt samsettum mengunarvarnarbúnaði,

— fyrir ökutæki sem eru vottuð samkvæmt viðmiðunargildum innbyggðra greiningakerfa sem sett eru fram annað hvort í lið 2.3.3 eða 2.3.4, eftirmeðferðarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð sem sett er á hreyfla með þjöppukveikju, hvort sem það er sett upp sem sjálfstæð eining eða samþætt samsettum mengunarvarnarbúnaði,

— fyrir ökutæki sem eru vottuð samkvæmt viðmiðunargildum innbyggðra greiningakerfa sem sett eru fram annað hvort í lið 2.3.3 eða 2.3.4, dísiloxunarhvati sem settur er á hreyfla með þjöppukveikju, hvort sem hann er settur upp sem sjálfstæð eining eða samþættur samsettum mengunarvarnarbúnaði.

Búnaðurinn sem um getur í fyrstu málsgrein skal einnig vaktaður með tilliti til bilunar sem gæti valdi því að farið er yfir gildandi viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa.“,

c) eftirfarandi málsliður bætist við í lið 3.1.5 í 1. viðbæti:

„Að því er varðar nýjar gerðarviðurkenningar og ný ökutæki skal vaktarinn, sem gerð er krafa um samkvæmt lið 2.9 í þessum viðauka, vera með hlutfall frammistöðu við notkun (IUPR) sem er hærra en eða jafnt og 0,1 þar til að þremur árum liðnum frá dagsetningunum sem tilgreindar eru í 4. og 5. mgr. 10. gr. í reglugerð (EB) nr. 715/2007, eftir því sem við á.“,

3) í stað liðar 6.2 í XVI. viðauka komi eftirfarandi:

„6.2. Framleiðandinn skal sýna fram á að notkun skynjaranna sem um getur í lið 6.1 og annarra skynjara ökutækisins valdi því að viðvörunarkerfið fyrir ökumann, sem um getur í 3. lið, verði virkt, að birt séu skilaboð með viðeigandi viðvörun (t.d. „losun of mikil — athugið þvagefni,“ „losun of mikil — athugið AdBlue,“ „losun of mikil — athugið virkt efni“) og að þvingunarkerfi fyrir ökumann, sem um getur í lið 8.3, verði virkt þegar aðstæðurnar sem vísað er til í liðum 4.2, 5.4 eða 5.5 koma upp.

Að því er varðar þennan lið teljast þessar aðstæður vera fyrir hendi samkvæmt eftirfarandi:

— þegar um er að ræða ökutæki með viðurkenningu í samræmi við losunarmörk samkvæmt Euro 5 í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007, ef farið er yfir gildandi mörk losunar NO_x í þeirri töflu, margfaldað með stuðlinum 1,5,

— þegar um er að ræða ökutæki með viðurkenningu í samræmi við losunarmörk samkvæmt Euro 6 í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007, ef farið er yfir gildandi NO_x-viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfa sem sett eru fram í töflunum í liðum 2.3.2, 2.3.3 eða 2.3.4 í XI. viðauka.

Losun köfnunarefnisoxíða, á meðan á prófun stendur í því skyni að sýna fram á að farið sé að þessum kröfum, skal ekki vera meiri en 20% umfram þau gildi sem um getur í öðrum lið.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 748/2012 **2013/EES/20/05**

frá 3. ágúst 2012

um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(endurútgefin) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 5.gr. og 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 eru settar fram sameiginlegar grunnkröfur þar sem kveðið er á um samræmt öryggi í almenningsflugi og umhverfisvernd á háu stigi. Samkvæmt reglugerðinni skal framkvæmdastjórnin samþykkja nauðsynlegar framkvæmdareglur til að tryggja samræmda beitingu þeirra. Með reglugerðinni er einnig stofnuð „Flugöryggisstofnun Evrópu“ (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) til að aðstoða framkvæmdastjórnina við samningu framkvæmdareglnanna.

3) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð til að tryggja lofthæfi og umhverfissamræmi flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008. Í slíkum kröfum og slíkri meðferð skal tilgreina skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, ógilda tímabundið og afturkalla viðeigandi vottorð.

4) Fyrirtæki, sem vinna við hönnun og framleiðslu á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, skulu uppfylla tilteknar tæknikröfur og sanna getu sína og hæfni til að leysa af hendi þær skyldur sem tengjast réttindum þeirra. Framkvæmdastjórninni ber að mæla fyrir um ráðstafanir þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla vottorð sem staðfesta að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

5) Þegar framkvæmdastjórnin mælir fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um lofthæfi skal hún gæta þess að þær endurspegli nýjustu tækni og bestu starfsvenjur, að tekið sé tillit til reynslunnar af rekstri loftfara um heim allan og til framfara í vísindum og tækni og að gefið sé svigrúm til að bregðast tafarlaust við staðfestum orsökum slysa eða alvarlegra atvika.

6) Ef tryggja á samræmi í beitingu sameiginlegra lofthæfi- og umhverfiskrafna fyrir flugtæknilegar framleiðsluvörur, hluti og búnað verða lögbær yfirvöld og, þar sem við á, Flugöryggisstofnunin að nota sameiginlegar verklagsreglur til að meta hvort þessar kröfur hafi verið uppfylltar. Flugöryggisstofnunin skal semja vottunarforskriftir og leiðbeiningar til að greiða fyrir nauðsynlegri samræmingu reglna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 18, 21.3.2013, bls. 30.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

([3]) Sjá II. viðauka.

7) Það er nauðsynlegt að viðurkenna áframhaldandi gildi vottorða, sem gefin voru út fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1702/2003, í samræmi við 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

8) Til að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu er nauðsynlegt að innleiða breytingar á kröfum og verklagsreglum varðandi vottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar sem og hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, einkum til að útfæra reglurnar til að sýna fram á að samræmi við tegundarvottunargrunninn og kröfur varðandi umhverfisvernd og til að kynna möguleikann á því að velja að uppfylla síðari staðla vegna breytinga á tegundarvottorðum.

9) Undirstaða og margbreytileiki aukaaflstöðva (APU) líkist hreyflum loftfara og í sumum tilfellum er hönnun aukaaflstöðva jafnvel byggð á hreyfilhönnunum. Því er nauðsynlegt að breyta ákvæðum varðandi viðgerðir á aukaaflstöðvum til að ferlið samræmist viðgerðarferli hreyfla á ný.

10) Til að einföld vélknúin loftför, tómstundaloftför og tilheyrandi framleiðsluvörur, hlutar og búnaður falli undir ráðstafanir sem eru í réttu hlutfalli við einfalda hönnun þeirra og tegund starfrækslu, á sama tíma og samræmdu flugöryggi á háu stigi er viðhaldið í Evrópu, er nauðsynlegt að innleiða breytingar á kröfum og verklagsreglum varðandi vottun þessara loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar sem og hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, einkum, hvað varðar eigendur léttra evrópskra loftfara sem eru undir 2000 kg (ELA2) eða undir 1200 kg (ELA1), til að innleiða möguleikann á að samþykkja ísetningu tiltekinna hluta, sem eru ekki mikilvægir með tilliti til öryggis, án EASA-eyðublaðs nr. 1.

11) Flugöryggisstofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram til framkvæmdastjórnarinnar sem álit nr. 01/2009 um „Möguleika á að víkja frá lofthæfireglum ef um er að ræða breytingar á hönnun“, nr. 02/2009 um „Viðgerðir og breytingar á hönnun evrópskra tækniforskrifta“, nr. 01/2010 um „J-kafla, samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki“ og nr. 01/2011 um „ELA-ferlið og staðlaðar breytingar og viðgerðir“, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð fyrir lofthæfi- og umhverfisvottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar er varða:

a) útgáfu tegundarvottorða, takmarkaðra tegundarvottorða, viðbótartegundarvottorða og breytinga á þessum vottorðum,

b) útgáfu lofthæfivottorða, takmarkaðra lofthæfivottorða, flugleyfa, og opinberra afhendingarvottorða (viðhaldsvottorða/framleiðsluvottorða),

c) útgáfu samþykkis fyrir hönnun viðgerða,

d) staðfestingu á að farið sé að umhverfisverndarkröfum,

e) útgáfu hljóðstigsvottorða,

f) auðkenni framleiðsluvara, hluta og búnaðar,

g) vottun tiltekinna hluta og búnaðar,

h) vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja,

i) útgáfu lofthæfifyrirmæla.

2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „JAA“ (Joint Aviation Authorities): Flugöryggissamtök Evrópu,

b) „JAR“ (Joint Aviation Requirements): JAR-reglur, kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu,

c) „21. hluti“: kröfur og verklagsreglur varðandi vottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, sem fylgja með í I. viðauka við þessa reglugerð,

d) „M-hluti“: gildandi ákvæði um áframhaldandi lofthæfi sem samþykkt eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008,

e) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa fyrirtækis þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi, sem um getur í þessari reglugerð, fer fram,

f) „hlutur/búnaður“: sérhver hlutur og búnaður, sem er notaður í almenningsloftför,

g) „ETSO“ (European Technical Standard Order): evrópsk tækniforskrift. Evrópsk tækniforskrift er ítarleg lofthæfiforskrift sem Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) gefur út til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og er hún staðall um lágmarksafkastagetu fyrir tilgreinda hluti/búnað,

h) „EPA“ (European Part Approval): evrópskt hlutasamþykki. Evrópskt hlutasamþykki sem hlut/búnaði er veitt merkir að hluturinn/búnaðurinn er framleiddur í samræmi við samþykkt hönnunargögn, sem tilheyra ekki handhafa tegundarvottorðs viðkomandi framleiðsluvöru nema þegar um er að ræða hluti/búnað sem samræmast evrópskri tækniforskrift,

i) „ELA1-loftfar“: eftirfarandi mönnuð létt evrópsk loftför:

   i. flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 1200 kg eða minni og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,

   ii. sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni,

   iii. loftbelgur sem er hannaður þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m3 í hitaloftbelg, 1050 m3 í gasbelg og 300 m3 í tjóðruðum gasbelg,

   iv. loftskip sem er ætlað fjórum eða færri og er hannað þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m3 fyrir hitaloftskip og 1000 m3 fyrir gasloftskip,

j) „ELA2-loftfar“: eftirfarandi mönnuð létt evrópsk loftför:

   i. flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 2000 kg eða minni og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,

   ii. sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaksmassa sem er 2000 kg eða minni,

   iii. loftbelgur,

   iv. hitaloftskip,

   v. gasloftskip með alla eftirfarandi eiginleika:

      – þyngd í kyrrstöðu sem er að hámarki 3%,

      – enginn stefniknýr (nema vendiknýr),

      – hefðbundna og einfalda hönnun á: burðarvirki, stýrikerfi og loftpokakerfi,

      – stjórntæki sem ekki eru aflstýrð,

   vi. mjög léttar þyrilvængjur.

2. gr.

Vottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar

1. Gefa skal út vottorð fyrir framleiðsluvörur, hluti og búnað eins og tilgreint er í I. viðauka (21. hluta).

2. Þrátt fyrir 1. lið skal veita undanþágu frá ákvæðum H- og I-kafla í I. viðauka (21. hluta) fyrir loftför sem eru ekki skráð í aðildarríki, þ.m.t. ísettar framleiðsluvörur, hlutir og búnaður. Einnig skal veita undanþágu frá ákvæðum P-kafla í I. viðauka (21. hluta), þó ekki þegar aðildarríki mæla fyrir um skráningarmerki loftfars.

3. gr.

Áframhaldandi gildi tegundarvottorða og tengdra lofthæfivottorða

1. Að því er varðar framleiðsluvörur sem höfðu tegundarvottorð, eða skjal sem leyfði útgáfu lofthæfivottorðs, sem aðildarríki gaf út fyrir 28. september 2003, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) framleiðsluvaran telst hafa tegundarvottorð, sem er gefið út í samræmi við þessa reglugerð, þegar eftirfarandi gildir:

   i. tegundarvottunargrunnurinn var:

      – tegundarvottunargrunnur Flugöryggissamtaka Evrópu fyrir framleiðsluvörur sem hafa verið vottaðar samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu, eins og þær eru skilgreindar á upplýsingablaði Flugöryggissamtaka Evrópu eða

      – að því er varðar aðrar framleiðsluvörur, tegundarvottunargrunnur eins og hann er skilgreindur á upplýsingablaði tegundarvottorðs hönnunarríkis, ef það hönnunarríki var:

         – aðildarríki, nema Flugöryggisstofnunin ákvarði, að teknu sérstöku tilliti til lofthæfireglna, sem í gildi eru, og reynslu af notkun, að slíkur tegundarvottunargrunnur veiti ekki öryggi sem jafngildir því sem krafist er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, eða

– ríki sem aðildarríki hefur gert tvíhliða lofthæfisamning við, eða svipað samkomulag, um fyrirkomulag á vottun framleiðsluvara á grundvelli lofthæfireglna þess hönnunarríkis nema Flugöryggisstofnunin ákvarði að þær lofthæfireglur eða reynsla af notkun eða öryggiskerfi hönnunarríkisins veiti ekki öryggi sem jafngildir því sem krafist er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð.

Flugöryggisstofnunin skal gera fyrsta mat á áhrifum ákvæða annars undirliðar með það fyrir augum að skila áliti sínu til framkvæmdastjórnarinnar ásamt hugsanlegum breytingum á þessari reglugerð,

ii. umhverfisverndarkröfurnar voru þær sem mælt var fyrir um í 16. viðauka við Chicago-samninginn, eftir því sem við á um framleiðsluvöruna,

iii. lofthæfifyrirmæli hönnunarríkisins voru í gildi.

b) Hönnun loftfars, sem var á skrá í aðildarríki fyrir 28. september 2003, telst hafa verið samþykkt í samræmi við þessa reglugerð þegar:

i. grunntegundarhönnun þess var hluti tegundarvottorðs sem vísað er til í a-lið,

ii. allar breytingar á þessari grunntegundarhönnun, sem ekki voru á ábyrgð handhafa tegundarvottorðs, höfðu verið samþykktar og

iii. lofthæfitilskipanirnar sem gefnar voru út eða samþykktar af aðildarríkinu, þar sem loftfarið er skráð, fyrir 28. september 2003, að meðtöldum breytingum á lofthæfitilskipunum hönnunarríkisins sem samþykktar voru af aðildarríkinu, þar sem loftfarið er skráð.

2. Að því er varðar framleiðsluvörur, sem voru í tegundarvottun hjá Flugöryggissamtökum Evrópu eða í aðildarríki 28. september 2003, gildir eftirfarandi:

a) taka skal mið af því verki sem lengst er komið ef vottun framleiðsluvörunnar er hafin í nokkrum aðildarríkjum,

b) ákvæði a-, b- og c-liðar 21.A.15 í I. viðauka (21. hluta) skulu ekki gilda,

c) tegundarvottunargrunnur skal vera hinn sami og grunnur Flugöryggissamtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt er um samþykki, þrátt fyrir a-lið 21.A.17 í I. viðauka (21. hluta),

d) staðfesting á samræmi, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, skal talin vera frá Flugöryggisstofnuninni komin í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a- og b-liðar 21.A.20 í I. viðauka (21. hluta).

3. Ef samþykkisferli vegna breytinga á framleiðsluvörum með landsbundin tegundarvottorð eða jafngildi þess, sem fram fer hjá aðildarríki, er ekki lokið þegar ákvarðað er að tegundarvottorðið sé í samræmi við þessa reglugerð skal eftirfarandi gilda:

a) taka skal mið af því verki sem lengst er komið ef samþykkisferli er hafið í nokkrum aðildarríkjum,

b) liður 21.A.93 Í I. viðauka (21. hluta) skal ekki gilda,

c) gildandi tegundarvottunargrunnur skal vera grunnur Flugöryggissamtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt er um samþykki fyrir breytingu,

d) staðfesting á samræmi samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis skal talin vera frá Flugöryggisstofnuninni komin í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði 2. liðar a-liðar 21.A.103 og b-liðar 21.A.103 í I. viðauka (21. hluta).

4. Að því er varðar framleiðsluvörur með landsbundin tegundarvottorð eða jafngildi þess, þar sem samþykkisferli vegna hönnunar meiriháttar viðgerðar, sem fer fram hjá aðildarríki, er ekki lokið þegar ákvarðað er að tegundarvottorðið sé í samræmi við þessa reglugerð, skal staðfesting á samræmi samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis talin vera frá Flugöryggisstofnuninni komin í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a-liðar 21.A.433 í I. viðauka (21. hluta).

5. Lofthæfivottorð, sem gefið er út af aðildarríki, sem staðfestir samræmi við tegundarvottorð sem ákvarðað er í samræmi við 1. lið, skal talið uppfylla kröfur í þessari reglugerð.

4. gr.

Áframhaldandi gildi viðbótartegundarvottorða

1. Að því er varðar viðbótartegundarvottorð, sem aðildarríki gefur út samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða gildandi landsbundnum verklagsreglum, og að því er varðar breytingar á framleiðsluvörum, sem lagðar eru til af öðrum aðila en handhafa tegundarvottorðs framleiðsluvörunnar og sem aðildarríki hefur samþykkt samkvæmt gildandi landsbundnum verklagsreglum, gildir að ef viðbótartegundarvottorðið eða breytingin er í gildi 28. september 2003 telst viðbótartegundarvottorðið eða breytingin gefin út samkvæmt þessari reglugerð.

2. Að því er varðar viðbótartegundarvottorð, sem var í vottunarferli hjá aðildarríki 28. september 2003, samkvæmt gildandi verklagsreglum um viðbótartegundarvottorð Flugöryggissamtaka Evrópu, og að því er varðar meiriháttar breytingar á framleiðsluvörum sem lagðar voru til af öðrum aðila en handhafa tegundarvottorðs framleiðsluvörunnar sem vottunarferli var hafið fyrir í aðildarríki 28. september 2003, samkvæmt viðeigandi landsbundnum verklagsreglum, skal eftirfarandi gilda:

a) tekið skal mið af því verki sem lengst var komið ef vottunarferli var hafið í nokkrum aðildarríkjum,

b) a- og b-liður 21.A.113 í I. viðauka (21. hluta) skulu ekki gilda,

c) gildandi vottunargrunnur skal vera grunnur Flugöryggissamtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt var um viðbótartegundarvottorð eða samþykki fyrir meiriháttar breytingu,

d) staðfesting á samræmi, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, skal talin vera frá Flugöryggisstofnuninni komin í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a-liðar 21.A.115 í I. viðauka (21. hluta).

5. gr.

Áframhaldandi starfsemi tiltekinna loftfara sem eru skráð í aðildarríkjum

Hvað varðar loftfar, sem ekki telst hafa útgefið tegundarvottorð í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar og sem aðildarríki hefur gefið út lofthæfivottorð fyrir áður en reglugerð (EB) nr. 1702/2003 tók gildi í því aðildarríki ([4]) og var á skrá í því ríki þann dag og var enn á skrá aðildarríkis þann 28. mars 2007, skal eftirfarandi samsetning teljast gildandi tilgreindar lofthæfiforskriftir, gefnar út í samræmi við þessa reglugerð:

a) upplýsingablað tegundarvottorðsins og upplýsingablað tegundarvottorðsins að því er varðar hljóðstig, eða samsvarandi skjöl frá hönnunarríkinu, að því tilskildu að hönnunarríkið hafi gert viðeigandi samstarfssamninga í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 við Flugöryggisstofnunina, sem nær yfir áframhaldandi lofthæfi hönnunar slíks loftfars,

b) umhverfisverndarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 16. viðauka við Chicago-samninginn, eftir því sem við á um loftfarið, og

c) lögbundnar upplýsingar um áframhaldandi lofhæfi í hönnunarríkinu.

([4]) Fyrir ESB-15: 28. september 2003, fyrir ESB-10: 1. maí 2004 og fyrir ESB-2: 1. janúar 2007.

6. gr.

Áframhaldandi gildi vottorða hluta og búnaðar

1. Samþykki fyrir hlutum og búnaði, sem aðildarríki gefur út og er gilt 28. september 2003, telst hafa verið gefið út í samræmi við þessa reglugerð.

2. Að því er varðar hluti og búnað, sem samþykkis- eða heimildarferli er hafið fyrir í aðildarríki 28. september 2003, skal eftirfarandi gilda:

a) taka skal mið af því verki sem lengst er komið ef heimildarferli er hafið í nokkrum aðildarríkjum,

b) liður 21.A.603 Í I. viðauka (21. hluta) gildir ekki,

c) gildandi ákvæði um gögn sem mælt er fyrir um í lið 21.A.605 í I. viðauka (21. hluta) skulu vera þau sem viðkomandi aðildarríki setur á þeim tíma þegar sótt er um samþykki eða heimild,

d) staðfesting á samræmi, sem viðkomandi aðildarríki gerir, skal talin vera frá Flugöryggisstofnuninni komin í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði b-liðar 21.A.606 í I. viðauka (21. hluta).

7. gr.

Flugleyfi

Skilyrðin, sem aðildarríkin ákvörðuðu fyrir 28. mars 2007, fyrir flugleyfi eða önnur lofhæfivottorð fyrir loftför sem höfðu ekki lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð útgefið samkvæmt þessari reglugerð, teljast vera í samræmi við þessa reglugerð nema Flugöryggisstofnunin ákvarði fyrir 28. mars 2008 að slík skilyrði veiti ekki öryggi sem jafngildir því sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða þessari reglugerð.

8. gr.

Hönnunarfyrirtæki

1. Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á hönnun framleiðsluvara, hluta og búnaðar eða breytingum eða viðgerðum á þeim, skal sýna fram á getu sína í samræmi við I. viðauka (21. hluta).

2. Þrátt fyrir 1 lið getur fyrirtæki, sem hefur höfuðstöðvar í ríki utan Bandalagsins, sýnt fram á getu sína ef það er handhafi vottorðs sem útgefið er af framleiðsluríki framleiðsluvörunnar, hlutarins og búnaðarins sem vottorðið varðar, að því tilskildu:

a) að það ríki sé hönnunarríkið og

b) að Flugöryggisstofnunin hafi ákvarðað að kerfi þess ríkis feli í sér jafnóháða athugun á samræmi og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, annaðhvort sé þar sambærilegt kerfi varðandi samþykki fyrirtækja eða bein þátttaka af hálfu lögbærs yfirvalds ríkisins.

3. Samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við kröfur og verklagsreglur Flugöryggissamtaka Evrópu og er í gildi fyrir 28. september 2003, skal talið vera í samræmi við þessa reglugerð.

9. gr.

Framleiðslufyrirtæki

1. Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á framleiðslu framleiðsluvara, hluta og búnaðar, skal sýna fram á getu sína í samræmi við ákvæði I. viðauka (21. hluta).

2. Þrátt fyrir 1. lið getur framleiðandi, sem hefur höfuðstöðvar í ríki utan Bandalagsins, sýnt fram á getu sína ef hann er handhafi vottorðs sem útgefið er af því ríki fyrir framleiðsluvöruna, hlutinn og búnaðinn sem vottorðið varðar, að því tilskildu:

a) að ríkið sé framleiðsluríkið og

b) að Flugöryggisstofnunin hafi ákvarðað að kerfi þess ríkis feli í sér jafnóháða athugun á samræmi og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, annaðhvort sé þar sambærilegt kerfi varðandi samþykki fyrirtækja eða bein þátttaka af hálfu lögbærs yfirvalds ríkisins.

3. Samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við kröfur og verklagsreglur Flugöryggissamtaka Evrópu og er í gildi fyrir 28. september 2003, skal talið vera í samræmi við þessa reglugerð.

10. gr.

Ráðstafanir Flugöryggisstofnunar

1. Flugöryggisstofnun skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem lögbær yfirvöld, stofnanir og starfsfólk geta nýtt til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum I. viðauka (21. hluta) við þessa reglugerð.

2. Þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem Flugöryggisstofnun gefur út skulu hvorki innleiða nýjar kröfur né veita tilslakanir á kröfur I. viðauka (21. hluta) við þessa reglugerð.

3. Með fyrirvara um 54. og 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu viðeigandi kröfur I. viðauka (21. hluta) við þessa reglugerð teljast uppfylltar, án þess að frekar sé sýnt fram á það, ef þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem Flugöryggisstofnun gaf út eru nýttar.

11. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. ágúst 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

21. HLUTI

Vottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

Efnisyfirlit

		Bls.
21.1	Almenn ákvæði	14
A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR		14
A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI		14
21.A.1	Gildissvið	14
21.A.2	Verk, unnin af öðrum en umsækjanda um vottorð eða handhafa vottorðs	14
21.A.3A	Bilanir, ólag og gallar	14
21.A.3B	Lofthæfifyrirmæli	15
21.A.4	Samræming hönnunar og framleiðslu	15
B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ		15
21.A.11	**Gildissvið**	15
21.A.13	Gjaldgengi	16
21.A.14	Sýnt fram á getu	16
21.A.15	Umsókn	16
21.A.16A	Lofthæfireglur	16
21.A.16B	Sérstök skilyrði	16
21.A.17	Tegundarvottunargrunnur	17
21.A.18	Tilgreining viðeigandi krafna varðandi umhverfisvernd og viðeigandi vottunarforskrifta	17
21.A.19	Breytingar sem útheimta nýtt tegundarvottorð	18
21.A.20	Samræmi við tegundarvottunargrunn og kröfur varðandi umhverfisvernd	18
21.A.21	Útgáfa tegundarvottorðs	18
21.A.23	Útgáfa takmarkaðs tegundarvottorðs	18
21.A.31	Tegundarhönnun	19
21.A.33	Rannsóknir og prófanir	19
21.A.35	Flugprófun	19
21.A.41	Tegundarvottorð	20
21.A.44	Skyldur handhafa	20
21.A.47	Framsalshæfi	20
21.A.51	Gildistími og áframhaldandi gildi	20
21.A.55	Skráahald	20
21.A.57	Handbækur	21
21.A.61	Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi	21
(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)		21
D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDAR-VOTTORÐUM		21
21.A.90A	**Gildissvið**	21
21.A.90B	Staðlaðar breytingar	21
21.A.91	Flokkun breytinga á tegundarhönnun	21

21.A.92 Gjaldgengi ... 22
21.A.93 Umsókn ... 22
21.A.95 Minni háttar breytingar ... 22
21.A.97 Meiri háttar breytingar ... 22
21.A.101 Tilgreining viðeigandi vottunarforskrifta og krafna varðandi umhverfisvernd ... 22
21.A.103 Útgáfa samþykkis ... 23
21.A.105 Skráahald ... 24
21.A.107 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi ... 24
21.A.109 Skyldur og EPA-merking ... 24
E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ ... 24
21.A.111 Gildissvið ... 24
21.A.112A Gjaldgengi ... 24
21.A.112B Sýnt fram á getu ... 24
21.A.113 Umsókn um viðbótartegundarvottorð ... 25
21.A.114 Sýnt fram á samræmi ... 25
21.A.115 Útgáfa viðbótartegundarvottorðs ... 25
21.A.116 Framsalshæfi ... 25
21.A.117 Breytingar á þeim hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til ... 25
21.A.118A Skyldur og EPA-merking ... 26
21.A.118B Gildistími og áframhaldandi gildi ... 26
21.A.119 Handbækur ... 26
21.A.120 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi ... 26
F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI ... 26
21.A.121 Gildissvið ... 26
21.A.122 Gjaldgengi ... 27
21.A.124 Umsókn ... 27
21.A.125A Útgáfa staðfestingar á samkomulagi ... 27
21.A.125B Frávik ... 27
21.A.125C Gildistími og áframhaldandi gildi ... 28
21.A.126 Framleiðslueftirlitskerfi ... 28
21.A.127 Prófanir: loftför ... 28
21.A.128 Prófanir: hreyflar og loftskrúfur ... 29
21.A.129 Skyldur framleiðanda ... 29
21.A.130 Samræmisyfirlýsing ... 29
G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI ... 30
21.A.131 Gildissvið ... 30
21.A.133 Gjaldgengi ... 30
21.A.134 Umsókn ... 30
21.A.135 Útgáfa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki ... 30
21.A.139 Gæðakerfi ... 30
21.A.143 Starfsemislýsing ... 31
21.A.145 Skilyrði fyrir samþykki ... 32

21.A.147 Breytingar á samþykktu framleiðslufyrirtæki ... 32
21.A.148 Breytingar á staðsetningu ... 33
21.A.149 Framsalshæfi ... 33
21.A.151 Skilmálar samþykkis ... 33
21.A.153 Breytingar á skilmálum samþykkis ... 33
21.A.157 Rannsóknir ... 33
21.A.158 Frávik ... 33
21.A.159 Gildistími og áframhaldandi gildi ... 34
21.A.163 Réttindi ... 34
21.A.165 Skyldur handhafa ... 34
H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ ... 35
21.A.171 Gildissvið ... 35
21.A.172 Gjaldgengi ... 35
21.A.173 Flokkun ... 35
21.A.174 Umsókn ... 35
21.A.175 Tungumál ... 36
21.A.177 Lagfæring eða breyting ... 36
21.A.179 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja ... 36
21.A.180 Skoðanir ... 37
21.A.181 Gildistími og áframhaldandi gildi ... 37
21.A.182 Auðkenning loftfara ... 37
I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ ... 37
21.A.201 Gildissvið ... 37
21.A.203 Gjaldgengi ... 37
21.A.204 Umsókn ... 37
21.A.207 Lagfæring eða breyting ... 38
21.A.209 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja ... 38
21.A.210 Skoðanir ... 38
21.A.211 Gildistími og áframhaldandi gildi ... 38
J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI ... 38
21.A.231 Gildissvið ... 38
21.A.233 Gjaldgengi ... 38
21.A.234 Umsókn ... 39
21.A.235 Útgáfa samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki ... 39
21.A.239 Hönnunartryggingarkerfi ... 39
21.A.243 Gögn ... 39
21.A.245 Skilyrði fyrir samþykki ... 39
21.A.247 Breytingar á hönnunartryggingarkerfi ... 40
21.A.249 Framsalshæfi ... 40
21.A.251 Skilmálar samþykkis ... 40
21.A.253 Breytingar á skilmálum samþykkis ... 40

21.A.257 Rannsóknir ... 40
21.A.258 Frávik ... 40
21.A.259 Gildistími og áframhaldandi gildi ... 41
21.A.263 Réttindi ... 41
21.A.265 Skyldur handhafa ... 42
K-KAFLI — HLUTIR OG BÚNAÐUR ... 42
21.A.301 Gildissvið ... 42
21.A.303 Samræmi við viðeigandi kröfur ... 42
21.A.305 Samþykki hluta og búnaðar ... 42
21.A.307 Afhending hluta og búnaðar til ísetningar ... 42
(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ) ... 43
M-KAFLI — VIÐGERÐIR ... 43
21.A.431A **Gildissvið** ... 43
21.A.431B Staðlaðar viðgerðir ... 43
21.A.432A Gjaldgengi ... 43
21.A.432B Sýnt fram á getu ... 43
21.A.433 Hönnun viðgerðar ... 44
21.A.435 Flokkun viðgerða ... 44
21.A.437 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar ... 44
21.A.439 Framleiðsla hluta til viðgerða ... 44
21.A.441 Framkvæmd viðgerða ... 44
21.A.443 Takmarkanir ... 45
21.A.445 Óviðgerðar skemmdir ... 45
21.A.447 Skráahald ... 45
21.A.449 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi ... 45
21.A.451 Skyldur og EPA-merking ... 45
(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ) ... 46
O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR ... 46
21.A.601 Gildissvið ... 46
21.A.602A Gjaldgengi ... 46
21.A.602B Sýnt fram á getu ... 46
21.A.603 Umsókn ... 46
21.A.604 Evrópsk tækniforskriftarheimild (ETSO-heimild) fyrir aukaaflstöð (APU) ... 46
21.A.605 Kröfur varðandi gögn ... 47
21.A.606 Útgáfa ETSO-heimildar ... 47
21.A.607 Réttindi sem ETSO-heimild veitir ... 47
21.A.608 Hönnunar- og afkastayfirlýsing (DDP) ... 47
21.A.609 Skyldur handhafa ETSO-heimilda ... 47
21.A.610 Samþykki fyrir fráviki ... 48

21.A.611 Hönnunarbreytingar ... 48
21.A.613 Skráahald ... 48
21.A.615 Skoðun af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar ... 48
21.A.619 Gildistími og áframhaldandi gildi ... 48
21.A.621 Framsalshæfi ... 49
P-KAFLI — FLUGLEYFI ... 49
21.A.701 Gildissvið ... 49
21.A.703 Gjaldgengi ... 49
21.A.705 Lögbært yfirvald ... 49
21.A.707 Umsókn um flugleyfi ... 50
21.A.708 Flugskilyrði ... 50
21.A.709 Umsókn um samþykki flugskilyrða ... 50
21.A.710 Samþykki flugskilyrða ... 50
21.A.711 Útgáfa flugleyfis ... 51
21.A.713 Breytingar ... 51
21.A.715 Tungumál ... 51
21.A.719 Framsalshæfi ... 51
21.A.721 Skoðanir ... 52
21.A.723 Gildistími og áframhaldandi gildi ... 52
21.A.725 Endurnýjun flugleyfis ... 52
21.A.727 Skyldur handhafa flugleyfis ... 52
21.A.729 Skráahald ... 52
Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR ... 52
21.A.801 Auðkenning framleiðsluvara ... 52
21.A.803 Meðferð auðkennisgagna ... 53
21.A.804 Auðkenning hluta og búnaðar ... 53
21.A.805 Auðkenning þýðingarmikilla hluta ... 53
21.A.807 Auðkenning hluta/búnaðar sem samræmast evrópskri tækniforskrift ... 53
B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD ... 54
A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI ... 54
21.B.5 Gildissvið ... 54
21.B.20 Skyldur lögbæra yfirvaldsins ... 54
21.B.25 Kröfur varðandi skipulag lögbæra yfirvaldsins ... 54
21.B.30 Skráðar verklagsreglur ... 54
21.B.35 Breytingar á skipulagi og verklagsreglum ... 54
21.B.40 Lausn deilumála ... 55
21.B.45 Tilkynning/samræming ... 55
21.B.55 Skráahald ... 55
21.B.60 Lofthæfifyrirmæli ... 55

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ 55

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ) 55

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDAR-VOTTORÐUM 55

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ 55

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI 55

21.B.120 Rannsókn 55

21.B.125 Frávik 56

21.B.130 Útgáfa staðfestingar á samkomulagi 56

21.B.135 Staðfestingu á samkomulagi viðhaldið 56

21.B.140 Breyting á staðfestingu á samkomulagi 57

21.B.145 Takmörkun, tímabundin ógilding og afturköllun staðfestingar á samkomulagi. 57

21.B.150 Skráahald 57

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI 57

21.B.220 Rannsókn 57

21.B.225 Frávik 58

21.B.230 Útgáfa vottorðs 58

21.B.235 Samfellt eftirlit 58

21.B.240 Breyting á samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki 59

21.B.245 Tímabundin ógilding og afturköllun samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki 59

21.B.260 Skráahald 59

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ 59

21.B.320 Rannsókn 59

21.B.325 Útgáfa lofthæfivottorða 60

21.B.326 Lofthæfivottorð 60

21.B.327 Takmarkað lofthæfivottorð 60

21.B.330 Tímabundin ógilding og afturköllun lofthæfivottorða og takmarkaðra lofthæfivottorða 61

21.B.345 Skráahald 61

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ 61

21.B.420 Rannsókn 61

21.B.425 Útgáfa hljóðstigsvottorða 62

21.B.430 Tímabundin ógilding og afturköllun hljóðstigsvottorðs 62

21.B.445 Skráahald 62

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI 62

K-KAFLI — HLUTIR OG BÚNAÐUR 62

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ) 62

M-KAFLI — VIÐGERÐIR 62

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ) 62

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR 62

P-KAFLI — FLUGLEYFI 63

21.B.520 Rannsókn 63

21.B.525 Útgáfa flugleyfa 63

21.B.530 Afturköllun flugleyfa 63

21.B.545 Skráahald 63

Q-KAFLI —AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR 63

Viðbætar 64

I. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 1 — Opinbert afhendingarvottorð, ... 65

II. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 15a — Lofthæfistaðfestingarvottorð, ... 70

III. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20a — Flugleyfi, ... 71

IV. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20b — Flugleyfi (gefið út af samþykktum fyrirtækjum), ... 72

V. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 24 — Takmarkað lofthæfivottorð, ... 73

VI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 25 — Lofthæfivottorð, ... 74

VII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 45 — Hljóðstigsvottorð, ... 75

VIII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 52 — Samræmisyfirlýsing fyrir loftfar, ... 76

IX. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 53 — Afhendingarvottorð, ... 79

X. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 55 — Vottorð um samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki, ... 81

XI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 65 — Staðfesting á samkomulagi vegna framleiðslu án samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki. 83

21.1 Almenn ákvæði

Í I. viðauka (21. hluta) merkir hugtakið „lögbært yfirvald“:

a) þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki, yfirvald sem það aðildarríki tilnefnir, eða Flugöryggisstofnunin ef aðildarríkið fer fram á það, eða

b) þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í ríki utan Bandalagsins, Flugöryggisstofnunin.

A-ÞÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

21.A.1 Gildissvið

Í þessum þætti eru tilgreind almenn ákvæði um réttindi og skyldur umsækjanda um vottorð og handhafa vottorðs sem er gefið út eða verður gefið út í samræmi við þennan þátt.

21.A.2. Verk, unnin af öðrum en umsækjanda um vottorð eða handhafa vottorðs

Öllum einstaklingum eða lögaðilum er heimilt, fyrir hönd handhafa vottorðs eða umsækjanda um vottorð fyrir framleiðsluvöru, hlut eða búnað, að framkvæma þær aðgerðir og uppfylla þær skyldur sem handhafanum eða umsækjandanum ber að framkvæma samkvæmt þessum lið, að því tilskildu að handhafi eða umsækjandi geti sýnt fram á að hann hafi gert samning við þennan einstakling eða lögaðila um að tryggja að skyldur handhafans séu og verði framkvæmdar á tilhlýðilegan hátt.

21.A.3A Bilanir, ólag og gallar

a) Kerfi til öflunar, rannsóknar og greiningar gagna.

Handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, ETSO-heimildar, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annars viðeigandi samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, skal hafa kerfi til öflunar, rannsóknar og greiningar á skýrslum og upplýsingum sem tengjast bilunum, ólagi, göllum eða öðrum atvikum sem hafa eða gætu haft neikvæð áhrif á áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, hlutarins og búnaðarins sem fellur undir tegundarvottorðið, takmarkaða tegundarvottorðið, viðbótartegundarvottorðið, ETSO-heimildina, samþykkið fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annað viðeigandi samþykki sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð. Allir þekktir notendur framleiðsluvörunnar, hlutarins og búnaðarins skulu hafa aðgang að upplýsingum um þetta kerfi svo og allir aðrir sem þess óska og hafa heimild til þess samkvæmt öðrum tilheyrandi framkvæmdarreglugerðum.

b) Tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar

1. Handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, ETSO-heimildar, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annars viðeigandi samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um allar bilanir, ólag, galla eða önnur atvik sem hann veit af og tengjast framleiðsluvöru, hlut eða búnaði, sem fellur undir tegundarvottorðið, takmarkaða tegundarvottorðið, viðbótartegundarvottorðið, ETSO-heimildina, samþykkið fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annað viðeigandi samþykki, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, enda hafi eða geti þessar bilanir, ólag, gallar eða önnur atvik leitt til ótryggs ástands.

2. Þessar tilkynningar skulu gerðar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður svo fljótt sem auðið er og sendar eigi síðar en 72 klukkustundum eftir greiningu hugsanlegs ótryggs ástands nema sérstakar aðstæður hamli því.

c) Rannsókn á tilkynntum atvikum

1. Þegar atvik, sem hefur verið tilkynnt samkvæmt b-lið eða 2. lið f-liðar 21.A.129 eða 2. lið f-liðar 21.A.165, verður vegna hönnunar- eða framleiðsluannmarka skal handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, ETSO-heimildar eða annars viðeigandi samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, eða framleiðandinn, eftir því sem við á, rannsaka ástæðu annmarkans og tilkynna Flugöryggisstofnuninni um niðurstöður rannsóknarinnar og þær aðgerðir sem hann hefur gripið til eða hyggst grípa til í því skyni að lagfæra annmarkann.

2. Ef Flugöryggisstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að aðgerðar sé þörf til að lagfæra annmarkann skal handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, ETSO-heimildar eða annars viðkomandi samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð, eða framleiðandinn, eftir því sem við á, leggja viðeigandi gögn fyrir Flugöryggisstofnunina.

21.A.3B Lofthæfifyrirmæli

a) Lofthæfifyrirmæli merkir skjal, sem Flugöryggisstofnunin gefur út eða samþykkir, þar sem mælt er fyrir um aðgerðir sem framkvæma þarf á loftfari til að koma aftur á viðunandi öryggi þegar ljóst er að annars kunni öryggi loftfarsins að vera stefnt í hættu.

b) Flugöryggisstofnunin skal gefa út lofthæfifyrirmæli:

1. þegar Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað að ástand loftfars sé ótryggt vegna annmarka á loftfarinu eða hreyfli, loftskrúfu, hlut eða búnaði, sem settur hefur verið í loftfarið, og

2. þegar líklegt er að ástandið sé fyrir hendi eða muni þróast í öðrum loftförum.

c) Þegar Flugöryggisstofnunin þarf að gefa út lofthæfifyrirmæli til að lagfæra ótryggt ástand, sem um getur í b-lið, eða til að krefjast þess að skoðun sé framkvæmd skal handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, ETSO-heimildar eða annars viðeigandi samþykkis, sem telst gefið út samkvæmt þessari reglugerð:

1. koma með tillögur um viðeigandi úrbætur eða nauðsynlegar skoðanir eða hvort tveggja og leggja nánari upplýsingar um þessar tillögur fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykktar,

2. veita, að fengnu samþykki Flugöryggisstofnunarinnar fyrir tillögunum, sem um getur í 1. lið, öllum þekktum notendum eða eigendum framleiðsluvöru, hlutar eða búnaðar aðgang að viðeigandi, lýsandi gögnum og leiðbeiningum um framkvæmdina sem og öllum öðrum sem þess óska og þurfa að fara að lofthæfifyrirmælunum.

d) Í lofthæfifyrirmælum skal a.m.k. tilgreina eftirfarandi atriði:

1. hvert hið ótrygga ástand er,

2. loftfarið sem um er að ræða,

3. þá aðgerð eða aðgerðir sem krafist er,

4. frestinn til að framkvæma þá aðgerð eða aðgerðir sem krafist er,

5. gildistökudag.

21.A.4. Samræming hönnunar og framleiðslu

Handhafi tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, ETSO-heimildar, samþykkis fyrir breytingu á tegundarhönnun eða samþykkis fyrir hönnun viðgerðar skal starfa með framleiðslufyrirtækinu, eftir því sem nauðsyn krefur, til að tryggja:

a) fullnægjandi samræmingu hönnunar og framleiðslu eins og krafist er í 21.A.122 eða í 21.A.133 eða 2. lið c-liðar 21.A.165, eftir því sem við á, og

b) tilhlýðilegan stuðning við áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, hlutarins eða búnaðarins.

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

21.A.11 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um útgáfu tegundarvottorða fyrir framleiðsluvörur og takmarkaðra tegundarvottorða fyrir loftför og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um þessi vottorð og handhafa þessara vottorða.

21.A.13 Gjaldgengi

Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á getu sína í samræmi við 21.A.14, telst gjaldgengur sem umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21.A.14 Sýnt fram á getu

a) Fyrirtæki, sem sækir um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, skal sýna fram á getu sína með því að vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur umsækjandi sýnt fram á getu sína á annan hátt með því að fá leyfi Flugöryggisstofnunarinnar til að nota verklagsreglur, þar sem tilgreindar eru þær tilteknu hönnunarvenjur, úrræði og röð aðgerða, sem eru nauðsynlegar til að uppfylla kröfur skv. I. viðauka (21. hluta), þegar framleiðsluvaran er eitt af eftirfarandi:

   1. ELA2-loftfar,

   2. hreyfill eða loftskrúfa sem hefur verið sett í ELA2-loftfar,

   3. strokkhreyfill,

   4. loftskrúfa með föstum skurði eða skiptiskrúfa.

c) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur umsækjandi valið að sýna fram á getu sína með því að afhenda Flugöryggisstofnuninni vottunaráætlunina sem gerð er krafa um í b-lið 21.A.20, þegar framleiðsluvaran er eitt af eftirfarandi:

   1. ELA1-loftfar,

   2. hreyfill eða loftskrúfa sem sett er í ELA1-loftfar.

21.A.15 Umsókn

a) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

b) Umsókn um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð fyrir loftfar skal fylgja þriggja hliða teikning af loftfarinu og bráðabirgðagrunngögn, þ.m.t. um fyrirhugaða eiginleika og takmarkanir við starfrækslu.

c) Umsókn um tegundarvottorð fyrir hreyfil eða loftskrúfu skal fylgja, fyrir hreyfilinn eða loftskrúfuna, almenn yfirlitsteikning, lýsing á hönnunareinkennum, eiginleikum við starfrækslu og fyrirhuguðum starfrækslumörkum.

21.A.16A Lofthæfireglur

Flugöryggisstofnunin skal gefa út lofthæfireglur í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 til að sýna á staðlaðan hátt fram á að framleiðsluvörur, hlutar og búnaður uppfylli grunnkröfurnar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Slíkar reglur skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa umsækjendum til kynna skilyrðin fyrir útgáfu vottorðanna.

21.A.16B Sérstök skilyrði

a) Flugöryggisstofnunin skal mæla fyrir um sérstakar, ítarlegar tækniforskriftir, sem nefnast sérstök skilyrði, fyrir framleiðsluvöru ef í tilheyrandi lofthæfireglum eru ekki settir viðunandi eða viðeigandi öryggisstaðlar fyrir framleiðsluvöruna vegna þess að:

   1. framleiðsluvaran hefur hönnunareinkenni sem eru ný eða óvenjuleg, miðað við þær hönnunarvenjur sem viðeigandi lofthæfireglur byggjast á, eða

   2. fyrirhuguð notkun framleiðsluvörunnar er óhefðbundin eða

   3. reynsla af notkun á svipuðum framleiðsluvörum eða framleiðsluvörum, sem hafa svipuð hönnunareinkenni, hefur sýnt að ótryggt ástand kunni að skapast.

b) Með sérstöku skilyrðunum eru settir öryggisstaðlar sem Flugöryggisstofnunin telur nauðsynlega til að koma á öryggi sem er sambærilegt við það sem er kveðið er á um í viðeigandi lofthæfireglum.

21.A.17 Tegundarvottunargrunnur

a) Tegundarvottunargrunnur, sem tilkynna skal um fyrir útgáfu tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs, er samsettur af:

1. viðeigandi lofthæfireglum, sem Flugöryggisstofnunin setur og eru í gildi daginn sem sótt er um vottorðið, nema:

i. Flugöryggisstofnunin tilgreini annað eða

ii. umsækjandi kjósi að hlíta breytingum, sem öðlast gildi síðar, eða þess sé krafist samkvæmt c- og d-lið,

2. sérstökum skilyrðum sem mælt er fyrir um í samræmi við a-lið 21.A.16B.

b) Umsókn um tegundarvottun stórra flugvéla og stórra þyrilvængja gildir í fimm ár og umsókn um annars konar tegundarvottorð gildir í þrjú ár nema umsækjandi sýni fram á, þegar hann sækir um, að þörf sé á lengri fresti til að hanna, þróa og prófa framleiðsluvöruna og Flugöryggisstofnunin samþykki lengri frest.

c) Þegar tegundarvottorð hefur ekki verið gefið út eða það er ljóst að tegundarvottorð verður ekki gefið út innan þess frests sem settur er samkvæmt b-lið er umsækjanda heimilt:

1. að leggja inn nýja umsókn um tegundarvottorð og fara að öllum ákvæðum a-liðar sem eiga við um upphaflega umsókn eða

2. að sækja um framlengingu á upphaflegu umsókninni og fara að viðeigandi lofthæfireglum sem í gildi voru á degi sem umsækjandi velur en má þó ekki vera lengra á undan útgáfudegi tegundarvottorðs en sem nemur frestinum sem var settur samkvæmt b-lið fyrir upphaflegu umsóknina.

d) Ef umsækjandi kýs að fara að vottunarforskrift fyrir breytingu á lofthæfireglum sem eru í gildi eftir að sótt hefur verið um tegundarvottorð skal umsækjandi einnig hlíta sérhverri annarri breytingu sem Flugöryggisstofnunin telur að sé í beinu samhengi við hana.

21.A.18 Tilgreining viðeigandi krafna varðandi umhverfisvernd og vottunarforskrifta

a) Mælt er fyrir um viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig, vegna útgáfu tegundarvottorðs fyrir loftfar, í samræmi við ákvæði í 1. kafla II. hluta I. bindis 16. viðauka við Chicago-samninginn og:

1. að því er varðar þotur sem fljúga undir hljóðhraða, í 2., 3. og 4. kafla II. hluta I. bindis eftir því sem við á,

2. að því er varðar flugvélar, knúnar skrúfuhreyflum, í 3., 4., 5., 6. og 10. kafla II. hluta I. bindis eftir því sem við á,

3. að því er varðar þyrlur, í 8. og 11. kafla II. hluta I. bindis eftir því sem við á,

4. að því er varðar hljóðfráar flugvélar, í 12. kafla II. hluta I. bindis eftir því sem við á.

b) Í 16. viðauka við Chicago-samninginn er mælt fyrir um gildandi kröfur varðandi losun mengunarefna sem uppfylla þarf til að fá útgefið tegundarvottorð fyrir loftfar og hreyfil:

1. að því er varðar forvarnir gegn loftun eldsneytistanka af ásettu ráði, í 2. kafla II. hluta II. bindis,

2. að því er varðar losun mengunarefna frá þotuhreyflum og tvístreymishreyflum sem einungis eru ætlaðir til notkunar undir hljóðhraða, í 2. kafla III. hluta II bindis og

3. að því er varðar losun mengunarefna frá þotuhreyflum og tvístreymishreyflum sem einungis eru ætlaðir til notkunar yfir hljóðhraða, í 3. kafla III. hluta II bindis.

c) Flugöryggisstofnunin skal gefa út vottunarforskriftir, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, sem kveða á um viðurkenndar aðferðir til að sýna fram á að kröfur varðandi hljóðstig og losun mengunarefna, sem mælt er fyrir um í a-lið annars vegar og b-lið hins vegar, hafi verið uppfylltar.

21.A.19 Breytingar sem útheimta nýtt tegundarvottorð

Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem hyggst breyta framleiðsluvöru, skal sækja um nýtt tegundarvottorð ef Flugöryggisstofnunin telur að breytingin á hönnun, afli, kný eða massa sé svo mikil að þörf sé á heildarrannsókn á samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn.

21.A.20 Samræmi við tegundarvottunargrunn og kröfur varðandi umhverfisvernd

a) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð skal sýna fram á samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn og kröfur varðandi umhverfisvernd og skal láta Flugöryggisstofnuninni í té upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru til að sýna fram á slíkt samræmi.

b) Umsækjandi skal láta Flugöryggisstofnuninni í té vottunaráætlun með ítarlegum upplýsingum um aðferðirnar til að staðfesta samræmi. Þetta skjal skal uppfært eftir þörfum á meðan á vottunarferlinu stendur.

c) Umsækjandi skal skrá rök fyrir því að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmisgögnum samkvæmt vottunaráætluninni sem komið er á samkvæmt b-lið.

d) Umsækjandi skal lýsa því yfir að hann hafi sýnt fram á samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn og kröfur varðandi umhverfisvernd, í samræmi við vottunaráætlunina sem komið var samkvæmt b-lið.

e) Þegar umsækjandi er handhafi gildandi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal yfirlýsingin í d-lið gerð í samræmi við ákvæði J-kafla.

21.A.21 Útgáfa tegundarvottorðs

Umsækjandi skal eiga rétt á að fá tegundarvottorð, sem Flugöryggisstofnunin gefur út fyrir framleiðsluvöru, eftir að:

a) hann hefur sýnt fram á getu sína í samræmi við 21.A.14,

b) hann hefur lagt fram yfirlýsinguna sem um getur í d-lið 21.A.20 og

c) sýnt hefur verið fram á:

1. að framleiðsluvaran, sem votta á, standist kröfur samkvæmt viðeigandi tegundarvottunargrunni og kröfur varðandi umhverfisvernd sem tilgreindar eru í samræmi við 21.A.17 og 21.A.18,

2. að sérhvert lofthæfiákvæði, sem ekki er farið að, sé bætt upp með þáttum sem veita sambærilegt öryggi

3. að ekkert einkenni eða eiginleiki geri framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar, sem óskað er vottunar fyrir, og

4. að umsækjandi um tegundarvottorð hafi sérstaklega lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að fara að ákvæðum 21.A.44.

d) Þegar um er að ræða tegundarvottorð fyrir loftfar skal hreyfillinn eða loftskrúfan, eða hvort tveggja, sem hefur verið sett í loftfarið hafa tegundarvottorð sem gefið er út eða ákvarðað í samræmi við þessa reglugerð.

21.A.23 Útgáfa takmarkaðs tegundarvottorðs

a) Fyrir loftfar, sem uppfyllir ekki ákvæðin í c-lið 21.A.21, skal umsækjandi eiga rétt á að Flugöryggisstofnunin gefi út takmarkað tegundarvottorð eftir að:

1. hann hefur farið að kröfum samkvæmt viðeigandi tegundarvottunargrunni, sem Flugöryggisstofnunin kvað á um til að tryggja fullnægjandi öryggi með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar loftfarsins, og að viðeigandi kröfum um umhverfisvernd,

2. hann hefur sérstaklega lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að fara að ákvæðum 21.A.44.

b) Að því er varðar hreyfil eða loftskrúfu, eða hvort tveggja, sem hefur verið sett í loftfar:

1. skal fylgja hreyflinum og/eða loftskrúfunni tegundarvottorð sem gefið er út eða ákvarðað í samræmi við þessa reglugerð eða

2. skal hafa verið sýnt fram á að hreyfillinn og/eða loftskrúfan séu í samræmi við vottunarforskriftir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öruggt flug loftfarsins.

21.A.31 Tegundarhönnun

a) Undir tegundarhönnun fellur:

1. teikningar og forskriftir og skrá yfir þessar teikningar og forskriftir sem nauðsynlegar eru til að skilgreina útfærslu og hönnunareinkenni framleiðsluvöru sem sýnt hefur verið fram á að samræmist viðeigandi tegundarvottunargrunni og kröfum varðandi umhverfisvernd,

2. upplýsingar um efni og vinnsluferli og framleiðsluaðferðir og samsetningu framleiðsluvörunnar sem nauðsynlegar eru til að tryggja samræmi framleiðsluvörunnar,

3. samþykkti hlutinn um lofthæfitakmarkanir í leiðbeiningunum varðandi áframhaldandi lofthæfi, eins og það er skilgreint í viðeigandi lofthæfireglum, og

4. önnur gögn sem nauðsynleg eru til að ákvarða, með samanburði, lofthæfi og einkenni síðari framleiðsluvara af sömu gerð að því er varðar hljóðstig, loftun eldsneytistanka og losun mengunarefna með útblæstri (þar sem við á).

b) Sérhver tegundarhönnun skal auðkennd á viðunandi hátt.

21.A.33 Rannsóknir og prófanir

a) Umsækjandi skal framkvæma allar rannsóknir og prófanir sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn og kröfur varðandi umhverfisvernd.

b) Áður en prófun, sem krafist er í a-lið, er framkvæmd skal umsækjandi hafa staðfest:

1. að því er varðar prófunareintakið:

i. að efnin og vinnsluferlin samræmist á viðunandi hátt forskriftum að fyrirhugaðri tegundarhönnun,

ii. að hlutir framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í fyrirhugaðri tegundarhönnun.

iii. að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samræmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í fyrirhugaðri tegundarhönnun og

2. að prófunarbúnaðurinn og allur mælibúnaður, sem notaður er við prófanir, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður.

c) Umsækjandi skal leyfa Flugöryggisstofnuninni að gera allar skoðanir sem nauðsynlegar eru til að kanna samræmi við b-lið.

d) Umsækjandi skal leyfa Flugöryggisstofnuninni að endurskoða sérhverja tilkynningu og gera sérhverja skoðun og framkvæma eða vera vitni að sérhverju flugi og prófun á jörðu sem þörf er á til að kanna gildi samræmisyfirlýsingar, sem umsækjandi leggur fram samkvæmt d-lið 21.A.20, og til að ákvarða að ekkert einkenni eða eiginleiki geri framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er vottunar fyrir.

e) Að því er varðar prófanir sem Flugöryggisstofnunin framkvæmir eða hún er vitni að samkvæmt d-lið:

1. skal umsækjandi leggja yfirlýsingu um samræmi við b-lið fyrir Flugöryggisstofnunina og

2. er ekki heimilt að breyta framleiðsluvöru, hlut eða búnaði frá því að sýnt er fram á samræmi við b-lið og þar til framleiðsluvaran, hluturinn eða búnaðurinn er lagður fyrir Flugöryggisstofnunina til prófunar ef breytingin tengist prófuninni og hefur áhrif á yfirlýsinguna um samræmi.

21.A.35 Flugprófun

a) Flugprófun til að afla tegundarvottorðs skal framkvæma í samræmi við skilyrði fyrir slíkri flugprófun sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

b) Umsækjandi skal gera allar flugprófanir sem Flugöryggisstofnunin álítur nauðsynlegar:

1. til að staðfesta samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn og kröfur varðandi umhverfisvernd og

2. til að ákvarða hvort hæfileg trygging sé fyrir því að loftfar, hlutir þess og búnaður séu áreiðanleg og starfi rétt ef um er að ræða loftfar sem vottast skv. I. viðauka (21. hluta), að undanskildum:

i. svifflugum og vélsvifflugum,

ii. loftbelgjum og loftskipum, eins og þau eru skilgreind eru í ELA1 eða ELA2,

iii. flugvélar sem hafa 2722 kg eða minni hámarksflugtaksmassa (MTOM).

c) (Frátekið til notkunar síðar)

d) (Frátekið til notkunar síðar)

e) (Frátekið til notkunar síðar)

f) Flugprófanirnar, sem mælt er fyrir um í 2. lið b-liðar, skulu fela í sér:

1. að því er varðar loftfar með hverfihreyflum af tegund sem hefur ekki verið notuð áður í tegundarvottuðu loftfari, a.m.k. 300 klukkustunda starfrækslu í loftfari fullbúnu þeim hreyflum og skulu þeir samræmast tegundarvottorði og

2. að því er varðar öll önnur loftför, a.m.k. 150 klukkustunda starfrækslu.

21.A.41 Tegundarvottorð

Bæði tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð eru talin ná yfir tegundarhönnun, starfrækslumörk, gagnablað tegundarvottorðs fyrir lofthæfi og losun mengunarefna, viðeigandi tegundarvottunargrunn og þær kröfur varðandi umhverfisvernd, sem Flugöryggisstofnunin skráir samræmi við, og önnur skilyrði eða takmarkanir sem mælt er fyrir um fyrir framleiðsluvöruna í viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd. Bæði tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð loftfars ná þar að auki yfir gagnablað tegundarvottorðs fyrir hljóðstig. Gagnablað tegundarvottorðs fyrir hreyfil nær yfir skrá um samræmi við kröfur varðandi losun mengunarefna.

21.A.44 Skyldur handhafa

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal:

a) takast á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.55, 21.A.57 og 21.A.61 og skal í þeim tilgangi uppfylla áfram hæfiskröfur til að vera gjaldgengur skv. 21.A.14 og

b) tilgreina merkingar í samræmi við Q-kafla.

21.A.47 Framsalshæfi

Einungis er heimilt að framselja tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð einstaklingi eða lögaðila sem getur tekist á hendur skyldurnar skv. 21.A.44 og hefur í þeim tilgangi sýnt fram á að hann er hæfur samkvæmt viðmiðunum í 21.A.14.

21.A.51 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð með ótakmörkuðum gildistíma. Þau skulu halda gilda sínu, að því tilskildu:

1. að handhafi fullnægi áfram ákvæðum þessa hluta og

2. að vottorðið sé ekki lagt inn eða afturkallað samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð sem Flugöryggisstofnunin kveður á um.

b) Þegar tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.

21.A.55 Skráahald

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal hafa allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar og prófunarskýrslur, að meðtöldum skoðunarskrám fyrir framleiðsluvöruna sem prófuð er, tiltækar Flugöryggisstofnuninni og varðveita þær í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar og samræmi við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd er varða framleiðsluvöruna.

21.A.57 Handbækur

Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja fram, viðhalda og uppfæra frumeintök af öllum handbókum, sem krafist er í viðeigandi tegundarvottunargrunni og kröfum varðandi umhverfisvernd er varða framleiðsluvöruna, og afhenda Flugöryggisstofnuninni afrit fari hún þess á leit.

21.A.61 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal láta sérhverjum þekktum eiganda eins eða fleiri loftfara, hreyfla eða loftskrúfna í té, við afhendingu þeirra eða við útgáfu fyrsta lofthæfivottorðs fyrir viðkomandi loftfar, eftir því hvort gerist síðar, a.m.k. eitt eintak af heildstæðum leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi, sem samanstanda af lýsandi gögnum og leiðbeiningum um framkvæmd, sem útbúnar hafa verið í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, og eftir það gera þessar leiðbeiningar tiltækar öllum öðrum sem þess óska og þurfa að hlíta einhverjum skilmálum leiðbeiningarnna. Heimilt er að fresta því að gera handbækur eða hluta leiðbeininga varðandi áframhaldandi lofthæfi, sem fjalla um grannskoðun eða annað verulegt viðhald, tiltækar þar til eftir að framleiðsluvaran hefur verið tekin í notkun en þær skulu þó vera tiltækar áður en einhver framleiðsluvaranna nær leyfilegum hámarksaldri eða hámarksfjölda flugstunda/notkunarskipta í flugi.

b) Allir þekktir notendur framleiðsluvörunnar skulu auk þess hafa aðgang að breytingum á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi sem og allir aðrir sem þess óska og þurfa að fylgja einhverjum þessara leiðbeininga. Framkvæmdaáætlun, sem sýnir hvernig breytingum á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi er dreift, skal lögð fyrir Flugöryggisstofnunina.

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

21.A.90A Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki fyrir breytingum á tegundarhönnun og tegundarvottorðum og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis. Í þessum kafli eru einnig skilgreindar staðlaðar breytingar sem ekki falla undir samþykkisferli samkvæmt þessum kafla. Þegar vísað er til tegundarvottorðs í þessum kafla er átt við tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð.

21.A.90B Staðlaðar breytingar

a) Staðlaðar breytingar eru breytingar á tegundarhönnun:

1. í tengslum við:

   i. flugvélar með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 5700 kg eða minni,

   ii. þyrilvængjur með hámarksflugtaksmassa sem er 3175 kg eða minni,

   iii. svifflugur, vélflugur, loftbelgi og loftskip, eins og þau eru skilgreind í ELA1 eða ELA2,

2. sem fylgir hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út, sem innihalda ásættanlegar aðferðir, tækni og venjur sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum breytingum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, og

3. sem stangast ekki á við gögn handhafa tegundarvottorðs.

b) Liðir 21.A.91 til 21.A.109 eiga ekki við um staðlaðar breytingar.

21.A.91 Flokkun breytinga á tegundarhönnun

Breytingar á tegundarhönnun eru flokkaðar sem minni háttar og meiri háttar. „Minni háttar breyting“ hefur engin veruleg áhrif á massa, jafnvægi, burðarþol, áreiðanleika, rekstrareiginleika, hljóðstig, loftun eldsneytistanka, losun mengunarefna með útblæstri eða aðra eiginleika sem hafa áhrif á lofthæfi framleiðsluvörunnar. Með fyrirvara um ákvæði 21.A.19 eru allar aðrar breytingar „meiri háttar breytingar“ samkvæmt þessum kafla. Meiri háttar og minni háttar breytingar skulu samþykktar í samræmi við 21.A.95 eða 21.A.97, eftir því sem við á, og auðkenndar á viðunandi hátt.

21.A.92 Gjaldgengi

a) Aðeins handhafi tegundarvottorðs má sækja um samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarhönnun samkvæmt þessum kafla en allir aðrir umsækjendur um meiri háttar breytingu á tegundarhönnun skulu sækja um samkvæmt E-kafla.

b) Sérhver einstaklingur eða lögaðili má sækja um samþykki fyrir minni háttar breytingu á tegundarhönnun samkvæmt þessum kafla.

21.A.93 Umsókn

Umsókn um samþykki fyrir breytingu á tegundarhönnun skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður og skal innihalda:

a) lýsingu á breytingunni með tilgreiningu á:

1. öllum hlutum tegundarhönnunarinnar og samþykktu handbókanna, sem breytingin hefur áhrif á, og

2. vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd sem breytingin hefur verið hönnuð til að uppfylla í samræmi við 21.A.101,

b) tilgreiningu rannsókna sem nauðsynlegt er að endurtaka til að sýna samræmi breyttu framleiðsluvörunnar við viðeigandi vottunarforskriftir og kröfur varðandi umhverfisvernd.

21.A.95 Minni háttar breytingar

Minni háttar breytingar á tegundarhönnun skulu flokkaðar og samþykktar, annaðhvort:

a) af Flugöryggisstofnuninni eða

b) af tilhlýðilega samþykktu hönnunarfyrirtæki samkvæmt verklagsreglu sem samið hefur verið um við Flugöryggisstofnunina.

21.A.97 Meiri háttar breytingar

a) Umsækjandi um samþykki fyrir meiri háttar breytingu skal:

1. leggja fyrir Flugöryggisstofnunina gögn til rökstuðnings ásamt nauðsynlegum lýsandi gögnum sem hafa skal með í tegundarhönnuninni,

2. sýna að breytta framleiðsluvaran samræmist viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd eins og tilgreint er í 21.A.101,

3. fara að ákvæðum b-, c- og d-liðar í 21.A.20, og

4. þegar umsækjandi er handhafi viðeigandi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki, leggja fram yfirlýsinguna sem um getur í d-lið 21.A.20 í samræmi við ákvæði J-kafla,

5. fara að ákvæðum 21.A.33 og, þar sem við á, 21.A.35.

b) Samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarhönnun takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarhönnuninni sem skal breyta.

21.A.101 Tilgreining viðeigandi vottunarforskrifta og krafna varðandi umhverfisvernd

a) Umsækjandi um breytingu á tegundarvottorði skal sýna fram á að breytta framleiðsluvaran sé í samræmi við lofthæfireglurnar, sem eiga við um breyttu framleiðsluvöruna og sem eru í gildi þegar sótt er um breytinguna, nema umsækjandi kjósi að fara að vottunarforskriftunum með breytingum, sem öðlast gildi síðar, eða þess sé krafist samkvæmt e- og f-lið, og við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem mælt er fyrir um í 21.A.18.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar er umsækjanda heimilt að sýna fram á að breytta framleiðsluvaran sé í samræmi við fyrri breytingu á lofthæfireglunum, sem er tilgreind í a-lið, og breytingu á annarri vottunarforskrift sem Flugöryggisstofnunin telur að tengist henni beint. Samsvarandi lofthæfireglur, sem vísað er til í tegundarvottorðinu, skulu þó vera ráðandi miðað við þessar fyrri breyttu lofthæfireglur. Umsækjanda er heimilt að sýna fram á að hann uppfylli ákvæði fyrri breytingar á lofthæfireglum að því er varðar eftirfarandi atriði:

1. breytingu sem Flugöryggisstofnunin telur að sé ekki veruleg. Við ákvörðun á því hvort tiltekin breyting sé veruleg skoðar Flugöryggisstofnunin breytinguna í samhengi við allar viðkomandi, fyrri hönnunarbreytingar og alla tilheyrandi endurskoðun á viðeigandi vottunarforskriftum sem um getur í tegundarvottorði framleiðsluvörunnar. Breytingar, sem flokkast undir eina af eftirfarandi viðmiðunum, teljast sjálfkrafa verulegar:

   i. breytingar sem varða heildarútfærslu eða meginreglur um smíði,

   ii. þær forsendur, sem notaðar eru við vottun framleiðsluvörunnar sem breyta skal, gilda ekki áfram,

2. sérhvert svæði, kerfi, hlutur eða búnaður sem Flugöryggisstofnunin telur að verði ekki fyrir áhrifum af breytingunni,

3. sérhvert svæði, kerfi, hlutur eða búnaður, sem verður fyrir áhrifum af breytingunni, þar sem Flugöryggisstofnunin telur að uppfylling ákvæða lofthæfireglna, sem tilgreindar eru í a-lið, myndi ekki hafa veruleg áhrif á öryggi breyttu framleiðsluvörunnar eða væri óhagkvæm.

c) Umsækjanda um breytingu á loftfari (öðru en þyrilvængju) með 2722 kg eða minni hámarksþyngd eða breytingu á þyrilvængju án hverfihreyfils með 1361 kg eða minni hámarksþyngd er heimilt að sýna fram á að breytta framleiðsluvaran uppfylli ákvæði tegundarvottunargrunnsins sem vísað er til í tegundarvottorðinu. Telji Flugöryggisstofnunin hins vegar að breytingin sé veruleg á tilteknu svæði getur hún ákveðið að uppfylla skuli kröfur samkvæmt breytingu á tegundarvottunargrunni, sem vísað er til í tegundarvottorðinu sem var í gildi daginn sem sótt var um, og samkvæmt öðrum vottunarforskriftum, sem Flugöryggisstofnunin telur að tengist þessu beint, nema Flugöryggisstofnunin telji einnig að samræmi við þá breytingu eða vottunarforskrift myndi ekki hafa veruleg áhrif á öryggi breyttu framleiðsluvörunnar eða væri óhagkvæm.

d) Ef Flugöryggisstofnunin telur að í lofthæfireglum, sem eru í gildi daginn sem sótt er um breytinguna, séu ekki gerðar viðunandi kröfur að því er varðar fyrirhuguðu breytinguna skal umsækjandi einnig fullnægja sérstökum skilyrðum og breytingum á þessum sérstöku skilyrðum, sem mælt er fyrir um samkvæmt ákvæðum 21.A.16B, til að veita öryggi sem er sambærilegt því sem kveðið er á um í lofthæfireglum sem í gildi eru þegar sótt er um breytinguna

e) Umsókn um breytingu á tegundarvottorði fyrir stórar flugvélar og stórar þyrilvængjur gildir í fimm ár og umsókn um breytingu á öðru tegundarvottorði gildir í þrjú ár. Þegar breytingin hefur ekki verið samþykkt eða það er ljóst að hún verður ekki samþykkt innan þess frests sem settur er samkvæmt þessum lið er umsækjanda heimilt:

1. að leggja inn nýja umsókn um breytingu á tegundarvottorði og uppfylla öll ákvæði a-liðar sem eiga við upphaflega umsókn um breytingu eða

2. að sækja um framlengingu á upphaflegu umsókninni og uppfylla ákvæði a-liðar um gildistökudag umsóknar og skal umsækjandi velja gildistökudaginn sem má þó ekki vera lengra á undan deginum, sem breytingin er samþykkt, en sem nemur frestinum sem er settur samkvæmt þessum undirlið fyrir upphaflegu umsóknina um breytingu.

f) Ef umsækjandi kýs að fara að vottunarforskrift fyrir breytingu á lofthæfireglum sem eru í gildi eftir að sótt hefur verið um breytingu á tegund skal umsækjandi einnig hlíta sérhverri annarri breytingu sem Flugöryggisstofnunin telur að sé í beinu samhengi við hana.

21.A.103 Útgáfa samþykkis

a) Umsækjandi skal eiga rétt á að Flugöryggisstofnunin samþykki meiri háttar breytingu á tegundarhönnun eftir að:

1. hann hefur lagt fram yfirlýsinguna sem um getur í d-lið 21.A.20 og

2. sýnt hefur verið fram á:

   i. að breytta framleiðsluvaran samræmist viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd eins og tilgreint er í 21.A.101,

   ii. að sérhvert lofthæfiákvæði, sem ekki er farið að, sé bætt upp með þáttum sem veita sambærilegt öryggi og

   iii. að ekkert einkenni eða eiginleiki geri framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er vottunar fyrir.

b) Minni háttar breyting á tegundarhönnun skal aðeins samþykkt í samræmi við 21.A.95 ef sýnt hefur verið fram á að breytta framleiðsluvaran uppfylli viðeigandi vottunarforskriftir eins og tilgreint er í 21.A.101.

21.A.105 Skráahald

Umsækjandi skal, að því er varðar hverja breytingu, hafa allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar og prófunarskýrslur, að meðtöldum skoðunarskrám fyrir breyttu framleiðsluvöruna sem prófuð er, tiltækar Flugöryggisstofnuninni og varðveita þær í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi breyttu framleiðsluvörunnar og samræmi við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd er varða breyttu framleiðsluvöruna.

21.A.107 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

a) Handhafi samþykkis fyrir minni háttar breytingu á tegundarhönnun skal, við afhendingu eða við útgáfu fyrsta lofthæfivottorðs fyrir viðkomandi loftfar, eftir því hvort gerist síðar, láta sérhverjum þekktum eiganda eins eða fleiri loftfara, hreyfla eða loftskrúfna, sem minni háttar breytingin er gerð á, í té a.m.k. eitt eintak af tilheyrandi breytingum, ef einhverjar eru, á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar, sem minni háttar breytingin er gerð á og sem útbúnar hafa verið í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, og eftir að veita öllum öðrum sem þess óska og þurfa að hlíta skilmálum leiðbeininganna, aðgang að þessum breytingum á leiðbeiningum.

b) Þar að auki skulu allir þekktir notendur framleiðsluvörunnar, sem minni háttar breytingin er gerð á, hafa aðgang að breytingum á þessum breytingum á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi sem og allir aðrir sem þess óska og þurfa að fylgja einhverjum þessara leiðbeininga.

21.A.109 Skyldur og EPA-merking

Handhafi samþykkis fyrir minni háttar breytingu á tegundarhönnun skal:

a) takast á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21.A.4, 21.A.105 og 21.A.107 og

b) tilgreina merkinguna (þ.m.t. stafirnir „EPA“ („evrópskt hlutasamþykki“), í samræmi við a-lið 21.A.804.

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21.A.111 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki meiri háttar breytinga á tegundarhönnun samkvæmt verklagsreglum fyrir viðbótartegundarvottorð og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um þessi vottorð og handhafa þessara vottorða.

21.A.112A Gjaldgengi

Einstaklingur eða lögaðili („fyrirtæki“), sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á getu sína í samræmi við 21.A.112B, telst gjaldgengur sem umsækjandi um viðbótartegundarvottorð samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21.A.112B Sýnt fram á getu

a) Fyrirtæki, sem sækir um viðbótartegundarvottorð, skal sýna fram á getu sína með því að vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur umsækjandi sýnt fram á getu sína á annan hátt með því að fá leyfi Flugöryggisstofnunarinnar til að nota verklagsreglur þar sem tilgreindar eru þær tilteknu hönnunarvenjur, úrræði og röð aðgerða sem eru nauðsynlegar til að uppfylla ákvæði þessa kafla.

c) Þrátt fyrir a- og b-lið getur umsækjandi kosið að sýna fram á getu með því að Flugöryggisstofnunin samþykki vottunaráætlun þar sem tilgreindar eru þær aðferðir sem nota má til að sýna fram á að farið sé að tilskildum ákvæðum vegna viðbótartegundarvottorðs fyrir loftfar, hreyfil og skrúfu sem skilgreint er í c-lið 21.A.14.

21.A.113 Umsókn um viðbótartegundarvottorð

a) Umsókn um viðbótartegundarvottorð skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

b) Umsókn um viðbótartegundarvottorð skal innihalda þær lýsingar, sem krafist er í 21.A.93, og tilgreina það sem þar er krafist Að auki skal slíkri umsókn fylgja rökstuðningur fyrir því að upplýsingarnar um það sem tilgreint er séu fullnægjandi, hvort sem þær eru fengnar með úrræðum umsækjanda eða með samkomulagi við handhafa tegundarvottorðsins.

21A.114 Sýnt fram á samræmi

Umsækjandi um viðbótartegundarvottorð skal uppfylla ákvæði 21.A.97.

21.A.115 Útgáfa viðbótartegundarvottorðs

Umsækjandi skal eiga rétt á að fá viðbótartegundarvottorð, sem Flugöryggisstofnunin gefur út:

a) eftir að hann hefur lagt fram yfirlýsinguna sem um getur í d-lið 21.A.20 og

b) eftir að sýnt hefur verið fram á:

1. að breytta framleiðsluvaran samræmist viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd eins og tilgreint er í 21.A.101,

2. að sérhvert lofthæfiákvæði, sem ekki er farið að, sé bætt upp með þáttum sem veita sambærilegt öryggi og

3. að ekkert einkenni eða eiginleiki geri framleiðsluvöruna ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er vottunar fyrir.

c) hann hefur sýnt fram á getu sína í samræmi við 21.A.112B,

d) ef umsækjandi hefur gert samkomulag samkvæmt b-lið 21.A.113 við handhafa tegundarvottorðs,

1. eftir að handhafi tegundarvottorðs hefur skýrt frá því að hann hafi engin tæknileg andmæli gegn upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 21.A.93 og

2. eftir að handhafi tegundarvottorðs hefur samþykkt að starfa með handhafa viðbótartegundarvottorðs til að tryggja, með því að uppfylla ákvæði 21.A.44 og 21.A.118A, að allar skyldur vegna áframhaldandi lofthæfi breyttu framleiðsluvörunnar séu inntar af hendi.

21.A.116 Framsalshæfi

Einungis skal framselja viðbótartegundarvottorð einstaklingi eða lögaðila sem getur tekist á hendur skyldurnar skv. 21.A.118A og hefur í þeim tilgangi sýnt fram á að hann er hæfur samkvæmt viðmiðunum í 21.A.112B, nema þegar um er að ræða ELA1-loftför, sem einstaklingur eða lögaðili hefur sótt eftir leyfi frá Flugöryggisstofnun til að nota verklagsreglur, þar sem tilgreindar eru aðgerðir til að takast á hendur þessar skyldur.

21.A.117 Breytingar á þeim hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til

a) Minni háttar breytingar á þeim hluta framleiðsluvöru, sem viðbótartegundarvottorð nær til, skulu flokkaðar og samþykktar í samræmi við D-kafla.

b) Meiri háttar breyting á þeim hluta framleiðsluvöru, sem viðbótartegundarvottorð nær til, skal samþykkt sem sérstakt viðbótartegundarvottorð í samræmi við þennan kafla.

c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar er heimilt að samþykkja meiri háttar breytingu á þeim hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til og handhafi viðbótartegundarvottorðsins leggur fram sjálfur sem breytingu á gildandi viðbótartegundarvottorði.

21.A.118A Skyldur og EPA-merking

Handhafi viðbótartegundarvottorðs skal:

a) takast á hendur skyldurnar:

1. sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.105, 21.A.119 og 21.A.120,

2. sem skilyrðislaust felast í samstarfinu við handhafa tegundarvottorðsins skv. 2. lið c-liðar 21.A.115,

og í þeim tilgangi halda áfram að uppfylla viðmiðin í 21.A.112B,

b) tilgreina merkinguna, þ.m.t. stafina „EPA“, í samræmi við a-lið 21.A.804.

21.A.118B Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út viðbótartegundarvottorð með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

1. að handhafi fullnægi áfram ákvæðum I. viðauka (21. hluta) og

2. að vottorðið sé ekki lagt inn eða afturkallað samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð sem Flugöryggisstofnunin kveður á um.

b) Þegar viðbótartegundarvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.

21.A.119 Handbækur

Handhafi viðbótartegundarvottorðs skal leggja fram, viðhalda og uppfæra frumeintök af breytingum á þeim handbókum, sem krafist er í viðeigandi tegundarvottunargrunni og kröfum varðandi umhverfisvernd er varða framleiðsluvöruna, til að ná yfir breytingar, sem gerðar eru samkvæmt viðbótartegundarvottorði, og afhenda Flugöryggisstofnuninni afrit af þessum handbókum fari hún þess á leit.

21.A.120 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

a) Handhafi viðbótartegundarvottorðs fyrir loftfar, hreyfil eða loftskrúfu skal láta sérhverjum þekktum eiganda eins eða fleiri loftfara, hreyfla eða loftskrúfna, sem hafa þau einkenni sem eru tilgreind í viðbótartegundarvottorðinu, í té, við afhendingu eða við útgáfu fyrsta lofthæfivottorðs fyrir viðkomandi loftfar, eftir því hvort gerist síðar, a.m.k. eitt eintak af tilheyrandi breytingum á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi, sem útbúnar hafa verið í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, og eftir það veita öllum öðrum, sem þess óska og þurfa að hlíta skilmálum leiðbeininganna, aðgang að þessum breytingum á leiðbeiningum. Heimilt er að fresta því að gera handbækur eða hluta breytinga á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi, sem fjalla um grannskoðun eða annað verulegt viðhald, tiltækar þar til eftir að framleiðsluvaran hefur verið tekin í notkun en þær skulu þó vera tiltækar áður en einhver framleiðsluvaranna nær leyfilegum hámarksaldri eða hámarksfjölda flugstunda/notkunarskipta í flugi.

b) Allir þekktir notendur framleiðsluvörunnar, sem viðbótartegundarvottorðið hefur verið gefið út fyrir, skulu auk þess hafa aðgang að breytingum á þessum breytingum á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi sem og allir aðrir sem þess óska og þurfa að fylgja einhverjum þessara leiðbeininga. Framkvæmdaáætlun, sem sýnir hvernig breytingum á breytingum á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi er dreift, skal lögð fyrir Flugöryggisstofnunina.

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.121 Gildissvið

a) Í þessum kafla eru settar verklagsreglur um hvernig skuli sýna fram á að framleiðsluvara, hlutur og búnaður, sem fyrirhugað er að framleiða án þess að framleiðslufyrirtækið hafi hlotið samþykki samkvæmt G-kafla, sé í samræmi við viðeigandi hönnunargögn.

b) Í þessum kafla eru settar reglur um skyldur framleiðanda framleiðsluvöru, hlutar eða búnaðar sem er framleiddur samkvæmt þessum kafla.

21.A.122 Gjaldgengi

Sérhverjum einstaklingi eða lögaðila er heimilt að sækja um að fá að sýna fram á samræmi einstakra framleiðsluvara, hluta eða búnaðar samkvæmt þessum kafla:

a) ef hann er handhafi samþykkis eða hefur sótt um samþykki, sem nær til hönnunar framleiðsluvörunnar, hlutarins eða búnaðarins, eða

b) ef hann hefur tryggt fullnægjandi samræmingu milli framleiðslu og hönnunar með viðeigandi samkomulagi við umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir slíkri hönnun.

21.A.124 Umsókn

a) Umsókn um leyfi til að sýna fram á samræmi einstakra framleiðsluvara, hluta og búnaðar samkvæmt þessum kafla skal lögð fram á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

b) Slík umsókn skal innihalda:

1. gögn sem sýna fram á, þar sem við á:

i. að útgáfa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki samkvæmt G-kafla væri ekki við hæfi eða

ii. að þörf sé á vottun eða samþykki fyrir framleiðsluvöru, hlut eða búnaði samkvæmt þessum kafla þar til samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki er gefið út samkvæmt G-kafla,

2. yfirlit yfir þær upplýsingar sem krafist er í b-lið 21.A.125A.

21.A.125 Útgáfa staðfestingar á samkomulagi

Umsækjandi skal eiga rétt á að lögbæra yfirvaldið gefi út staðfestingu á samkomulagi sem veitir leyfi til að sýna fram á samræmi einstakra framleiðsluvara, hluta og búnaðar samkvæmt þessum kafla:

a) eftir að hann hefur komið á framleiðslueftirlitskerfi sem tryggir að hver framleiðsluvara, hlutur eða búnaður samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi,

b) eftir að hann hefur lagt fram handbók sem hefur að geyma eftirfarandi:

1. lýsingu á framleiðslueftirlitskerfinu sem krafist er samkvæmt a-lið,

2. lýsingu á aðferðunum við ákvarðanatöku í framleiðslueftirlitskerfinu,

3. lýsingu á prófunum í 21.A.127 og 21.A.128 og nöfn þeirra sem hafa heimild að því er varðar a-lið 21.A.130,

c) eftir að hann hefur sýnt fram á að hann geti veitt aðstoð í samræmi við 21.A.3A og d-lið 21.A.129.

21.A.125B Frávik

a) Þegar hlutlæg sönnunargögn sýna að handhafi samþykkisbréfs uppfyllir ekki viðeigandi kröfur í I. viðauka (21. hluta) skal flokka frávikið sem hér segir:

1. Fyrsta stigs frávik er sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur samkvæmt I. viðauka (21. hluta), er gæti leitt til þess að ekki væri hægt að hafa eftirlit með atriðum, sem eru ekki í samræmi við viðeigandi hönnunargögn, og er gæti haft áhrif á öryggi loftfarsins,

2. Annars stigs frávik er sérhvert atriði sem er ekki í samræmi við kröfur samkvæmt I. viðauka (21. hluta) og er ekki flokkað sem fyrsta stigs frávik.

b) Þriðja stigs frávik er sérhvert atriði sem samkvæmt hlutlægum sönnunargögnum felur í sér hugsanleg vandamál sem gætu leitt til þess að ákvæði a-liðar verði ekki uppfyllt.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik skv. 21.B.125:

1. Þegar um fyrsta stigs frávik er að ræða skal handhafi samþykkisbréfs sýna fram á að gerðar hafi verið leiðréttingar, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, innan frests sem er ekki lengri en 21 virkur dagur frá skriflegri staðfestingu fráviksins,

2. Þegar um annars stigs frávik er að ræða skal fresturinn, sem lögbæra yfirvaldið veitir til leiðréttingar frávika, vera í samræmi við eðli fráviksins en þó aldrei lengri í upphafi en þrír mánuðir. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi leiðréttingaráætlun sem lögbæra yfirvaldið fellst á,

3. Þriðja stigs frávik krefst ekki tafarlausra aðgerða af hálfu handhafa samþykkisbréfs.

d) Þegar um fyrsta eða annars stigs frávik er að ræða getur það gefið tilefni til að takmarka samþykkisbréfið, ógilda það tímabundið og afturkalla það skv. 21.B.145, í heild eða að hluta. Handhafi samþykkisbréfs skal staðfesta tímanlega móttöku tilkynningar um takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkisbréfsins.

21.A.125C Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út samþykkisbréf með takmörkuðum gildistíma sem er ekki lengri en eitt ár. Það gildir áfram nema:

1. handhafi samþykkisbréfsins geti ekki sýnt fram á samræmi við viðeigandi kröfur í þessum kafla eða

2. sannanir séu fyrir því að framleiðandi geti ekki viðhaldið fullnægjandi eftirliti með framleiðslu framleiðsluvara, hluta eða búnaðar samkvæmt samþykkinu eða

3. framleiðandi uppfylli ekki lengur kröfur í 21.A.122 eða

4. samþykkisbréfið hafi verið lagt inn, afturkallað skv. 21.B.145 eða sé fallið úr gildi.

b) Þegar samþykkisbréf er lagt inn, afturkallað eða fellur úr gildi skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

21.A.126 Framleiðslueftirlitskerfi

a) Með framleiðslueftirlitskerfinu, sem krafist er í a-lið 21.A.125A, skal vera hægt að staðfesta:

1. að efni, sem kemur inn, og hlutir, sem eru keyptir eða framleiddir af undirverktaka og eru notaðir í endanlegu framleiðsluvöruna, séu eins og tilgreint er í viðeigandi hönnunargögnum,

2. að efni, sem kemur inn, og hlutir, sem eru keyptir eða framleiddir af undirverktaka, séu rétt auðkenndir,

3. að vinnsluferli, framleiðslutækni og aðferðir við samsetningu, sem hafa áhrif á gæði og öryggi endanlegu framleiðsluvörunnar, séu í samræmi við forskriftir sem lögbæra yfirvaldið viðurkennir,

4. að hönnunarbreytingar, þ.m.t. þegar ný efni eru tekin í notkun í stað annarra, hafi verið samþykktar samkvæmt D- og E-kafla og yfirfarnar áður en þær voru felldar inn í endanlegu framleiðsluvöruna.

b) Með framleiðslueftirlitskerfinu, sem krafist er í a-lið 21.A.125, skal einnig vera hægt að tryggja:

1. að hlutir í vinnslu séu skoðaðir með tilliti til samræmis við viðeigandi hönnunargögn á þeim stöðum í framleiðsluferlinu þar sem hægt er að ákvarða slíkt af nákvæmni,

2. að efni, sem geta skemmst og spillst, séu rétt geymd og varin á viðunandi hátt,

3. að starfsfólk við framleiðslu og skoðun hafi greiðan aðgang að gildandi hönnunarteikningum og noti þær þegar þörf krefur,

4. að efni og hlutir, sem er hafnað, séu aðskilin og auðkennd á þann hátt sem kemur í veg fyrir ísetningu þeirra í endanlegu framleiðsluvöruna,

5. að efni og hlutir, sem haldið er eftir vegna þess að þau víkja frá hönnunargögnum eða forskriftum og sem koma til greina til ísetningar í endanlegu framleiðsluvöruna, séu háð samþykktri verklagsreglu um endurskoðun á tækni og framleiðslu. Þau efni og hlutir, sem eru nothæf samkvæmt þessari verklagsreglu, skulu rétt auðkennd og skoðuð á ný ef þörf er á viðgerð eða endurgerð. Merkja skal efni og hluti, sem hafnað er samkvæmt þessari verklagsreglu, og skal þeim fargað til að tryggja að þau séu ekki notuð í endanlegu framleiðsluvöruna,

6. að framleiðandi viðhaldi skrám, sem eru unnar samkvæmt framleiðslueftirlitskerfinu, tengi þær fullgerðri framleiðsluvöru eða hlut, ef unnt er, og geymi til að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar.

21.A.127 Prófanir: loftför

a) Sérhver framleiðandi loftfars, sem framleitt er samkvæmt þessum kafla, skal koma sér upp samþykktum verklagsreglum vegna framleiðsluprófana á jörðu niðri og í flugi og gátlistum og prófa hvert loftfar, sem framleitt er, í samræmi við þessa lista í því skyni að staðfesta viðeigandi þætti samræmis við a-lið 21.A.125A.

b) Sérhver verklagsregla í framleiðsluprófun skal a.m.k. taka til:

1. prófunar á stjórnunareiginleikum,

2. prófunar á afkastagetu í flugi (með venjulegum mælitækjum),

3. prófunar á réttri virkni alls búnaðar og allra kerfa loftfars,

4. staðfestingar á að öll mælitæki séu rétt merkt og að öllum skiltum og flughandbókum, sem krafist er, sé komið fyrir eftir flugprófun,

5. prófunar á starfrækslueiginleikum loftfars á jörðu niðri,

6. prófunar á öðrum atriðum sem einkenna loftfarið sem verið er að prófa.

21.A.128 Prófanir: hreyflar og loftskrúfur

Sérhver framleiðandi hreyfla eða loftskrúfna, sem framleiddar eru samkvæmt þessum kafla, skal gera viðunandi virkniprófun, eins og tilgreint er í skjölum handhafa tegundarvottorðs, á sérhverjum hreyfli eða skiptiskrúfu til að ákvarða hvort virknin sé rétt, innan þess starfrækslusviðs sem tegundarvottorðið gildir fyrir, í því skyni að staðfesta að viðeigandi þættir samræmist a-lið 21A.125A.

21.A.129 Skyldur framleiðanda

Sérhver framleiðandi framleiðsluvöru, hlutar eða búnaðar, sem framleiddur er samkvæmt þessum kafla, skal:

a) sjá til þess að hver framleiðsluvara, hlutur eða búnaður sé til reiðu fyrir lögbæra yfirvaldið til skoðunar,

b) varðveita á framleiðslustað þau tæknigögn og teikningar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hvort framleiðsluvaran samræmist viðeigandi hönnunargögnum,

c) starfrækja framleiðslueftirlitskerfi sem tryggir að hver framleiðsluvara samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi,

d) veita handhafa tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir hönnun aðstoð við aðgerðir vegna áframhaldandi lofthæfi í tengslum við framleiðsluvörurnar, hlutina eða búnaðinn sem hefur verið framleiddur,

e) koma á og viðhalda innra tilkynningakerfi um atvik, í öryggisskyni, svo að unnt sé að safna slíkum tilkynningum saman og meta þær til að bera kennsl á óæskilega þróun eða til að bæta úr ágöllum, og vinna úr upplýsingum um atvik sem ber að tilkynna. Þetta kerfi skal fela í sér mat á því hvaða upplýsingar um atvik eru áríðandi og dreifingu tilheyrandi upplýsinga,

f) 1. tilkynna til handhafa tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir hönnun öll tilvik, þar sem framleiðandi hefur afhent framleiðsluvörur, hluti eða búnað og síðan hefur komið í ljós að vikið hefur verið frá viðeigandi hönnunargögnum, og rannsaka þau tilvik ásamt handhafa tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir hönnun til að sanngreina þau frávik sem gætu skapað ótryggt ástand,

2. tilkynna Flugöryggisstofnuninni og lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins um frávik sem gætu skapað ótryggt ástand og hafa verið sanngreind í samræmi við 1. lið. Slíkar tilkynningar skulu gerðar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.3A eða sem lögbært yfirvald aðildarríkisins samþykkir,

3. þegar framleiðandi er birgir annars framleiðslufyrirtækis, tilkynna því fyrirtæki einnig um öll tilvik þar sem hann hefur afhent framleiðsluvörur, hluti eða búnað til þess fyrirtækis og síðan hefur komið í ljós að þau víkja hugsanlega frá viðeigandi hönnunargögnum.

21.A.130 Samræmisyfirlýsing

a) Sérhver framleiðandi framleiðsluvöru, hlutar eða búnaðar, sem framleiddur er samkvæmt þessum kafla, skal útbúa samræmisyfirlýsingu, EASA-eyðublað nr. 52 (sjá VIII. viðbæti) fyrir fullgerð loftför eða EASA-eyðublað nr. 1 (sjá I. viðbæti) fyrir aðrar framleiðsluvörur, hluti eða búnað. Viðurkenndur aðili, sem er í ábyrgðarstöðu hjá framleiðslufyrirtækinu, skal undirrita þessa yfirlýsingu.

b) Í samræmisyfirlýsingu skal vera:

1. fyrir hverja framleiðsluvöru, hlut eða búnað, yfirlýsing um að framleiðsluvaran, hluturinn eða búnaðurinn samræmist samþykktum hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi,

2. fyrir hvert loftfar, yfirlýsing um að loftfarið hafi verið prófað á jörðu niðri og í flugi í samræmi við a-lið 21.A.127 og

3. fyrir hvern hreyfil eða skiptiskrúfu, yfirlýsing um að framleiðandi hafi gert lokaprófun á virkni hreyfilsins eða skiptiskrúfunnar í samræmi við 21.A.128 og auk þess, þegar um er að ræða hreyfla, staðfestingu, samkvæmt gögnum sem handhafi tegundarvottorðs hreyfilsins leggur fram, á því að hver fullgerður hreyfill uppfylli allar viðeigandi kröfur varðandi losun mengunarefna sem í gildi eru á framleiðsludegi hreyfilsins.

c) Sérhver framleiðandi slíkrar framleiðsluvöru, hlutar eða búnaðar skal:

1. við fyrstu yfirfærslu sína á eignarhaldi slíkrar framleiðsluvöru, hlutar eða búnaðar eða

2. þegar sótt er um fyrstu útgáfu lofthæfivottorðs loftfars eða

3. þegar sótt er um fyrstu útgáfu afhendingarskjals vegna lofthæfi hreyfils, loftskrúfu, hlutar eða búnaðar,

leggja fram gildandi samræmisyfirlýsingu til fullgildingar hjá lögbæra yfirvaldinu.

d) Ef lögbæra yfirvaldið telur eftir skoðun að framleiðsluvaran, hluturinn eða búnaðurinn samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi skal það fullgilda samræmisyfirlýsinguna með meðáritun.

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.A.131 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar:

a) verklagsreglur um útgáfu samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki til handa framleiðslufyrirtæki sem sýnir fram á að framleiðsluvörur, hlutir og búnaður samræmist viðeigandi hönnunargögnum,

b) reglur um réttindi og skyldur umsækjanda um slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis.

21.A.133 Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili („fyrirtæki“) telst gjaldgengur sem umsækjandi um samþykki samkvæmt þessum kafla. Umsækjandi skal:

a) rökstyðja að fyrir tilgreint verksvið sé samþykki samkvæmt þessum kafla viðeigandi til að sýna samræmi við tiltekna hönnun og

b) vera handhafi samþykkis eða hafa sótt um samþykki fyrir þeirri tilteknu hönnun eða

c) hafa tryggt fullnægjandi samræmingu milli framleiðslu og hönnunar með viðeigandi samkomulagi við umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir þeirri tilteknu hönnun.

21.A.134 Umsókn

Umsókn um samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki skal lögð inn hjá lögbæra yfirvaldinu á því formi og á þann hátt, sem yfirvaldið ákveður, og skal innihalda yfirlit yfir þær upplýsingar sem krafist er í 21.A.143 og þá skilmála fyrir samþykki sem krafist er að gefnir séu út skv. 21.A.151.

21.A.135 Útgáfa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

Fyrirtæki skal eiga rétt á að fá samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið gefur út, þegar það hefur sýnt fram á að það uppfylli viðeigandi kröfur í þessum kafla.

21.A139 Gæðakerfi

a) Framleiðslufyrirtæki skal sýna fram á að það hafi komið á og geti viðhaldið gæðakerfi. Skjalfesta skal gæðakerfið. Gæðakerfið skal vera þannig að það geri fyrirtækinu kleift að tryggja að hver framleiðsluvara, hlutur eða búnaður, sem fyrirtækið eða samstarfsaðilar þess framleiða, utanaðkomandi aðili útvegar eða er framleiddur hjá undirverktökum, samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi, og neyta þannig réttindanna sem sett eru fram í 21.A.163.

b) Gæðakerfið skal taka til:

1. á gildissviði samþykkisins, eftir því sem við á, eftirlitsaðferða fyrir:

i. útgáfu, samþykki eða breytingu skjala,

ii. úttekt á og eftirlit með mati á seljanda og undirverktaka,

iii. sannprófun á því að framleiðsluvörur, hlutir, efni og búnaður sem kemur inn, þ.m.t. einingar sem koma nýjar eða notaðar frá kaupendum framleiðsluvara, séu eins og tilgreint er í viðeigandi hönnunargögnum,

iv. auðkenningu og rekjanleika,

v. framleiðsluferli,

vi. skoðun og prófun, þ.m.t. flugprófanir á framleiðslustigi,

vii. kvörðun verkfæra, sniðmáta og prófunarbúnaðar,

viii. eftirlit með einingum sem samræmast ekki ákvæðum,

ix. samræmingu lofthæfi með umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir hönnun,

x. vinnslu og varðveislu skráa,

xi. hæfni og starfsréttindi starfsfólks,

xii. útgáfu afhendingarskjala vegna lofthæfi,

xiii. meðhöndlun, geymslu og pökkun,

xiv. innri gæðaúttektir og úrbætur sem þær leiða til,

xv. vinnu samkvæmt skilmálum samþykkis sem fer ekki fram í samþykktri aðstöðu,

xvi. vinnu eftir að framleiðslu er lokið en áður en afhending fer fram til að halda loftfarinu í öruggu rekstrarástandi.

xvii. útgáfu flugleyfa og samþykki tengdra skilyrða til flugs.

Eftirlitsaðferðirnar þurfa að fela í sér sértæk ákvæði fyrir alla þýðingarmikla hluti,

2. óháðs gæðatryggingarþáttar til að eftirlit sé haft með því að skráðar verklagsreglur gæðakerfisins séu viðhafðar. Fólgið í þessu eftirliti skal vera kerfi upplýsingastreymis til baka til þess einstaklings eða hóps einstaklinga, sem um getur í 2. lið c-liðar 21.A.145, og að lokum til ábyrgðarmannsins, sem um getur í 1. lið c-liðar 21.A.145, til að tryggja úrbætur eins og þörf krefur.

21A.143 Starfsemislýsing

a) Fyrirtækið skal afhenda lögbæra yfirvaldinu starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins þar sem eftirfarandi atriði koma fram:

1. Yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanni þar sem staðfest er að starfsemislýsing framleiðslufyrirtækisins og allar handbækur, sem því tengjast, lýsi hvernig samþykkta fyrirtækið fari að kröfum í þessum kafla og muni gera framvegis.

2. Starfsheiti og nöfn ábyrgðarmanna sem lögbæra yfirvaldið samþykkir í samræmi við 2. lið c-liðar 21.A.145.

3. Skyldur og ábyrgð ábyrgðarmanns eða ábyrgðarmanna eins og krafist er í 2. lið c-liðar 21.A.145, þ.m.t. málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til lögbæra yfirvaldsins fyrir hönd fyrirtækisins.

4. Skipurit sem sýnir hvernig ábyrgð ábyrgðarmanna, eins og krafist er í 1. og 2. lið c-liðar 21.A.145, er tengd.

5. Skrá yfir viðhaldsvotta eins og um getur í d-lið 21.A.145.

6. Almenn lýsing á mannafla.

7. Almenn lýsing á þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi á hverjum stað sem tilgreindur er með heimilisfangi í vottorðinu um samþykki fyrir framleiðslufyrirtækinu.

8. Almenn lýsing á verksviði framleiðslufyrirtækisins sem skilmálar samþykkisins taka til.

9. Verklagsreglur um tilkynningu skipulagsbreytinga til lögbæra yfirvaldsins.

10. Verklagsreglur um breytingar á starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins.

11. Lýsing á gæðakerfinu og verklagsreglunum eins og krafist er í 1. lið b-liðar 21.A.139.

12. Skrá yfir utanaðkomandi aðila eins og um getur í a-lið 21.A.139.

b) Breyta skal starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins eftir þörfum til að hún sé jafnan uppfærð lýsing á fyrirtækinu og skal lögbært yfirvald fá afrit af öllum breytingum.

21.A.145 Skilyrði fyrir samþykki

Framleiðslufyrirtækið skal, á grundvelli þeirra upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 21.A.143, sýna fram á:

a) að því er varðar almenn skilyrði fyrir samþykki, að aðstaða, vinnuskilyrði, búnaður og verkfæri, vinnsluferli og tilheyrandi efni, fjöldi og hæfi starfsfólks og almennt skipulag nægi til að inna af hendi skyldur skv. 21.A.165,

b) að því er varðar öll nauðsynleg gögn um lofthæfi, hljóðstig, loftun eldsneytistanka og losun mengunarefna með útblæstri:

1. að framleiðslufyrirtækið hafi móttekið slík gögn frá Flugöryggisstofnuninni og frá handhafa eða umsækjanda um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð eða samþykki fyrir hönnun til að ákvarða samræmi við viðeigandi hönnunargögn,

2. að tekin hafi verið upp tiltekin verklagsregla hjá framleiðslufyrirtækinu til að tryggja að gögn um lofthæfi, hljóðstig, loftun eldsneytistanka og losun mengunarefna með útblæstri séu rétt tekin inn í framleiðslugögn þess,

3. að slík gögn séu jafnan uppfærð og tiltæk öllu starfsfólki sem þarf aðgang að slíkum gögnum til að sinna skyldustörfum sínum,

c) að því er varðar stjórnendur og starfsfólk:

1. að framleiðslufyrirtækið hafi tilnefnt ábyrgðarmann sem sé ábyrgur gagnvart lögbæra yfirvaldinu. Ábyrgð hans eða hennar innan fyrirtækisins skal felast í því að tryggja að öll framleiðsla sé framkvæmd í samræmi við tilskilda staðla og að framleiðslufyrirtækið fylgi stöðugt þeim gögnum og verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni sem um getur í 21.A.143,

2. að framleiðslufyrirtækið hafi tilnefnt einstakling eða hóp einstaklinga til að tryggja að fyrirtækið uppfylli kröfur samkvæmt I. viðauka (21. hluta) og að þeir séu nafngreindir og umfang heimilda þeirra tilgreint. Slíkur einstaklingur eða einstaklingar skulu starfa undir beinni stjórn ábyrgðarmannsins sem um getur í 1. lið. Einstaklingarnir, sem tilnefndir eru, skulu geta sýnt fram á viðeigandi kunnáttu, feril og reynslu til að inna af hendi skyldustörf sín,

3. að starfsfólki á öllum stigum hafi verið gefið viðeigandi heimild til að sinna þeirri ábyrgð, sem þeim er falin, og að það sé full og skilvirk samræming innan framleiðslufyrirtækisins að því er varðar mál sem tengjast gögnum um lofthæfi, hljóðstig, loftun eldsneytistanka og losun mengunarefna með útblæstri,

d) að því er varðar viðhaldsvotta, sem hafa heimild frá framleiðslufyrirtækinu til að undirrita skjöl sem gefin eru út skv. 21.A.163 og heyra undir gildissvið eða skilmála samþykkis:

1. að kunnátta, ferill (þ.m.t. önnur hlutverk hjá fyrirtækinu) og reynsla afhendingarvottanna sé með þeim hætti að þeir geti innt af hendi skyldustörf sín,

2. að framleiðslufyrirtækið haldi skrá yfir alla afhendingarvotta sem innihaldi upplýsingar um gildissvið heimildar þeirra,

3. að afhendingarvottar fái í hendur gögn sem sýna fram á gildissvið heimildar þeirra.

21.A.147 Breytingar á samþykktu framleiðslufyrirtæki

a) Eftir útgáfu samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki verður sérhver breyting á samþykkta framleiðslufyrirtækinu, sem er þýðingarmikil þegar kemur að því að sýna fram á samræmi, eða breyting á lofthæfi og hljóðstigseiginleikum og loftun eldsneytistanka framleiðsluvörunnar, hlutarins eða búnaðarins og losun mengunarefna með útblæstri, einkum breytingar á gæðakerfinu, að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds. Skrifleg umsókn um samþykki skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið og fyrirtækið skal sýna lögbæra yfirvaldinu fram á, áður en breytingin er framkvæmd, að það muni áfram uppfylla ákvæði þessa kafla.

b) Lögbæra yfirvaldið skal ákveða með hvaða skilyrðum framleiðslufyrirtæki, sem samþykkt er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, er heimilt að starfa á meðan slíkar breytingar standa yfir nema lögbæra yfirvaldið ákveði að samþykkið skuli ógilt tímabundið.

21.A.148 Breytingar á staðsetningu

Breyting á staðsetningu framleiðsluaðstöðu samþykkta framleiðslufyrirtækisins skal talin þýðingarmikil og skal því uppfylla ákvæði 21.A.147.

21.A.149 Framsalshæfi

Samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki er ekki framseljanlegt nema í kjölfar breytingar á eignarhaldi sem telst þýðingarmikil að því er varðar 21.A.147.

21.A.151 Skilmálar samþykkis

Í skilmálum samþykkis skal tilgreint verksvið, framleiðsluvörur eða flokkar hluta og búnaðar, eða hvort tveggja, sem handhafi hefur rétt á að neyta réttinda fyrir skv. 21.A.163.

Þessir skilmálar skulu gefnir út sem hluti af samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki.

21.A.153 Breytingar á skilmálum samþykkis

Sérhver breyting á skilmálum samþykkis verður að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds. Umsókn um breytingu á skilmálum samþykkis skal lögð inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður. Umsækjandi skal uppfylla allar viðeigandi kröfur í þessum kafla.

21.A.157 Rannsóknir

Framleiðslufyrirtæki skal gera ráðstafanir sem gera lögbæra yfirvaldinu kleift að framkvæma rannsóknir, þ.m.t. rannsóknir á samstarfsaðilum og undirverktökum, sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur í þessum kafla séu og muni verða uppfylltar.

21.A.158 Frávik

a) Þegar hlutlæg sönnunargögn sýna að handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki uppfyllir ekki viðeigandi kröfur í I. viðauka (21. hluta) skal flokka frávikið sem hér segir:

   1. Fyrsta stigs frávik er sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur skv. I. viðauka (21. hluta), er gæti leitt til þess að ekki væri hægt að hafa eftirlit með atriðum, sem eru ekki í samræmi við viðeigandi hönnunargögn, og er gæti haft áhrif á öryggi loftfarsins.

   2. Annars stigs frávik er sérhvert atriði sem er ekki í samræmi við kröfur skv. I. viðauka (21. hluta) og er ekki flokkað sem fyrsta stigs frávik.

b) Þriðja stigs frávik er sérhvert atriði sem samkvæmt hlutlægum sönnunargögnum felur í sér hugsanleg vandamál sem gætu leitt til þess að ákvæði a-liðar verði ekki uppfyllt.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik skv. 21.B.225:

   1. Þegar um fyrsta stigs frávik er að ræða skal handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki sýna fram á að gerðar hafi verið leiðréttingar, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, innan frests sem er ekki lengri en 21 virkur dagur frá skriflegri staðfestingu fráviksins.

   2. Þegar um annars stigs frávik er að ræða skal fresturinn, sem lögbæra yfirvaldið veitir til leiðréttingar frávika, vera í samræmi við eðli fráviksins en þó aldrei lengri í upphafi en þrír mánuðir. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi leiðréttingaráætlun sem lögbæra yfirvaldið fellst á.

   3. Þriðja stigs frávik krefst ekki tafarlausra aðgerða af hálfu handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki.

d) Þegar um fyrsta eða annars stigs frávik er að ræða getur það gefið tilefni til að takmarka samþykkið fyrir framleiðslufyrirtækinu, ógilda það tímabundið eða afturkalla það skv. 21.B.145, í heild eða að hluta. Handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki skal staðfesta tímanlega móttöku tilkynningar um takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki.

21.A.159 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu nema:

1. framleiðslufyrirtækið geti ekki sýnt fram á samræmi við viðeigandi kröfur í þessum kafla eða

2. handhafi samþykkisins eða samstarfsaðilar eða undirverktakar hans hindri lögbæra yfirvaldið í að framkvæma rannsóknir í samræmi við 21.A.157 eða

3. sannanir séu fyrir því að framleiðslufyrirtækið geti ekki viðhaldið fullnægjandi eftirliti með framleiðslu framleiðsluvara, hluta eða búnaðar samkvæmt samþykkinu eða

4. framleiðslufyrirtækið uppfylli ekki lengur kröfur í 21.A.133 eða

5. vottorðið hafi verið lagt inn eða afturkallað skv. 21.B.245.

b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

21.A.163 Réttindi

Samkvæmt skilmálum fyrir samþykki, sem gefnir eru út skv. 21.A.135, er handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki heimilt:

a) að annast framleiðslustarfsemi skv. I. viðauka (21 hluta),

b) að því er varðar fullgerð loftför og eftir að hafa lagt fram samræmisyfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52) skv. 21.A.174, að afla lofthæfivottorðs fyrir loftfar og hljóðstigsvottorðs án þess að leggja fram frekari gögn,

c) að því er varðar aðrar framleiðsluvörur, hluti eða búnað, að gefa út opinber afhendingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) án þess að leggja fram frekari gögn,

d) að viðhalda nýju loftfari, sem hann hefur framleitt, og gefa út afhendingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 53) að því er varðar það viðhald.

e) að gefa út flugleyfi í samræmi við c-lið 21.A.711, þ.m.t. samþykki fyrir skilyrðum til flugs í samræmi við b-lið 21.A.710, samkvæmt verklagsreglum, sem lögbært yfirvald samþykkir fyrir framleiðslu, vegna loftfars sem það hefur framleitt og þegar framleiðslufyrirtækið sjálft stýrir útfærslu loftfarsins og staðfestir samræmi við samþykkt hönnunarskilyrði flugsins samkvæmt samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki.

21.A.165 Skyldur handhafa

Handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki:

a) skal tryggja að starfsemislýsing framleiðslufyrirtækisins, sem lögð er fram í samræmi við 21.A.143, og skjölin, sem hún vísar í, séu notuð sem grundvallarvinnuskjöl innan fyrirtækisins,

b) skal viðhalda framleiðslufyrirtækinu í samræmi við þau gögn og verklagsreglur sem voru samþykkt í tengslum við samþykkið fyrir framleiðslufyrirtækinu,

c) 1. skal staðfesta að sérhvert fullgert loftfar samræmist tegundarhönnun og sé í öruggu rekstrarástandi áður en hann leggur samræmisyfirlýsingar fyrir lögbæra yfirvaldið eða

2. skal staðfesta að aðrar framleiðsluvörur, hlutir eða búnaður séu fullgerð og samræmist samþykktum hönnunargögnum og séu í öruggu rekstrarástandi, áður en hann gefur út EASA-eyðublað nr. 1 til að votta samræmi við samþykkt hönnunargögn og séu í öruggu rekstrarástandi, og auk þess, þegar um er að ræða hreyfla, staðfesta samkvæmt gögnum, sem handhafi tegundarvottorðs hreyfilsins leggur fram, að hver fullgerður hreyfill uppfylli allar viðeigandi losunarkröfur, sem eru tilgreindar í b-lið 21.A.18 og eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins, til að geta vottað samræmi við losunarkröfur eða

3. skal staðfesta að aðrar framleiðsluvörur, hlutir eða búnaður samræmist viðeigandi gögnum áður en hann gefur út EASA-eyðublað nr. 1 sem samræmisvottorð,

d) skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru,

e) skal koma á og viðhalda innra tilkynningakerfi um atvik, í öryggisskyni, svo að unnt sé að safna slíkum tilkynningum saman og meta þær til að bera kennsl á óæskilega þróun eða til að bæta úr ágöllum, og vinna úr upplýsingum um atvik sem ber að tilkynna. Þetta kerfi skal taka til mats á því hvaða upplýsingar um atvik eru áríðandi og dreifingu tilheyrandi upplýsinga,

f) 1. skal tilkynna handhafa tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir hönnun um öll tilvik, þar sem framleiðslufyrirtæki hefur afhent framleiðsluvörur, hluti eða búnað og síðan hefur komið í ljós að vikið hefur verið frá viðeigandi hönnunargögnum, og rannsaka þau tilvik ásamt handhafa tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir hönnun til að bera kennsl á þau frávik sem gætu skapað ótryggt ástand,

2. skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni og lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins um frávik sem gætu skapað ótryggt ástand og hafa verið sanngreind í samræmi við 1. lið. Slíkar tilkynningar skulu gerðar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.3A eða sem lögbært yfirvald aðildarríkisins samþykkir,

3. ef handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki er jafnframt birgir annars framleiðslufyrirtækis, skal einnig tilkynna því fyrirtæki um öll tilvik þar sem hann hefur afhent framleiðsluvörur, hluti eða búnað til þess fyrirtækis og síðan hefur komið í ljós að þau víkja hugsanlega frá viðeigandi hönnunargögnum,

g) skal veita handhafa tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir hönnun aðstoð við aðgerðir vegna áframhaldandi lofthæfi í tengslum við framleiðsluvörurnar, hlutina eða búnaðinn sem hefur verið framleiddur,

h) skal koma á fót skjalavörslukerfi sem tekur til krafna, sem gerðar eru til samstarfsaðila, birgja og undirverktaka, og tryggir að gögn, sem notuð eru til að færa rök fyrir samræmi framleiðsluvara, hluta eða búnaðar, séu varðveitt. Slík gögn skulu vera tiltæk lögbæra yfirvaldinu og varðveitt í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvaranna, hlutanna og búnaðarins,

i) þegar handhafi gefur út afhendingarvottorð samkvæmt skilmálum samþykkis síns, skal, áður en vottorðið er gefið út, ganga úr skugga um að nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á viðkomandi fullgerðu loftfari og að það sé í öruggu rekstrarástandi.

j) skal, þar sem við á, samkvæmt réttindum e-liðar 21.A.163, ákvarða skilyrðin fyrir útgáfu flugleyfa.

k) skal, þar sem við á, samkvæmt réttindum e-liðar 21.A.163, tryggja samræmi við c- og e-lið 21.A.711 áður en flugleyfi er gefið út fyrir loftfar.

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21.A.171 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um útgáfu lofthæfivottorða.

21.A.172 Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem loftfar er skráð á eða verður skráð á í aðildarríki („aðildarríki þar sem loftfarið er skráð“), eða fulltrúi hans telst gjaldgengur sem umsækjandi um lofthæfivottorð fyrir það loftfar samkvæmt þessum kafla.

21.A.173 Flokkun

Lofthæfivottorð skal flokka sem hér segir:

a) Lofthæfivottorð skulu gefin út fyrir loftför sem samræmast tegundarvottorði sem hefur verið gefið út í samræmi við kröfur skv. I. viðauka (21. hluta).

b) Takmörkuð lofthæfivottorð skulu gefin út fyrir loftför:

1. sem samræmast takmörkuðu tegundarvottorði, sem hefur verið gefið út í samræmi við kröfur skv. I. viðauka (21. hluta), eða

2. sem Flugöryggisstofnuninni hefur verið sýnt fram á að uppfylli ákvæði tilgreindra lofthæfisforskrifta sem tryggja fullnægjandi öryggi.

21.A.174 Umsókn

a) Samkvæmt 21.A.172 skal umsókn um lofthæfivottorð lögð inn á því formi og á þann hátt sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, ákveður.

b) Sérhver umsókn um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð skal innihalda:

1. flokk lofthæfivottorðs sem sótt er um,

2. að því er varðar ný loftför:

i. samræmisyfirlýsingu:

– sem gefin er út samkvæmt b-lið 21.A.163 eða

– sem gefin er út skv. 21.A.130 og fullgilt af lögbæra yfirvaldinu, eða

– fyrir innflutt loftför, yfirlýsingu, sem útflutningsyfirvaldið undirritar, um að loftfarið samræmist hönnun sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,

ii. massa- og jafnvægisskýrslu með hleðsluáætlun,

iii. flughandbók þegar þess er krafist í viðeigandi lofthæfireglum fyrir tiltekið loftfar,

3. að því er varðar notuð loftför:

i. sem eru upprunnin í aðildarríki, lofthæfistaðfestingarvottorð sem er gefið út í samræmi við M-hluta,

ii. sem eru upprunnin í ríki utan Bandalagsins:

– yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi ríkisins, þar sem loftfarið er eða var skráð, sem endurspeglar lofthæfistöðu loftfarsins í loftfaraskrá þess við yfirfærslu,

– massa- og jafnvægisskýrslu með hleðsluáætlun,

– flughandbók þegar slíkra gagna er krafist í viðeigandi lofthæfireglum fyrir tiltekið loftfar,

– fyrri skrár til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldsstaðla loftfarsins, þ.m.t. allar takmarkanir sem tengjast takmörkuðu lofthæfivottorði samkvæmt c-lið 21.B.327,

– tilmæli um að gefa út lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð og lofthæfistaðfestingarvottorð eftir endurskoðun á lofthæfi í samræmi við M-hluta.

c) Yfirlýsingarnar, sem um getur í i. lið 2. liðar b-liðar og ii. lið 3. liðar b-liðar, skulu gefnar út í mesta lagi 60 dögum fyrir formlega kynningu loftfarsins hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð nema samið sé um annað.

21.A.175 Tungumál

Handbækur, skilti, skráningar, merkingar á mælitækjum og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er í viðeigandi vottunarforskriftum, skulu vera á einu eða fleiri af opinberu tungumálum Evrópubandalagsins sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, getur fallist á.

21A.177 Lagfæring eða breyting

Aðeins lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, má lagfæra eða breyta lofthæfivottorði.

21A.179 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja

a) Þegar eignarhald á loftfari hefur breyst:

1. ef loftfarið er áfram í sömu loftfaraskrá skal framselja lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð, sem samræmist aðeins takmörkuðu tegundarvottorði, ásamt loftfarinu,

2. ef loftfarið er skráð í öðru aðildarríki skal gefa út lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð, sem samræmist aðeins takmörkuðu tegundarvottorði:

i. við framvísun fyrra lofthæfivottorðs og gildandi lofthæfistaðfestingarvottorðs, sem gefið er út samkvæmt M-hluta, og

ii. þegar ákvæðum 21.A.175 hefur verið fullnægt.

b) Þegar eignarhald á loftfari hefur breyst og loftfarið hefur takmarkað lofthæfivottorð, sem samræmist ekki takmörkuðu tegundarvottorði skal framselja lofthæfivottorð ásamt loftfarinu, að því tilskildu að loftfarið sé áfram í sömu loftfaraskrá, eða að öðrum kosti gefa þau einungis út með formlegu samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem loftfarið er fært á skrá.

21.A.180 Skoðanir

Handhafi lofthæfivottorðs skal veita aðgang að loftfarinu, sem lofthæfivottorðið er gefið út fyrir, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð.

21.A.181 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út lofthæfivottorð með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

1. að viðeigandi kröfur varðandi tegundarhönnun og áframhaldandi lofthæfi séu uppfylltar og

2. að loftfarið sé áfram í sömu loftfaraskrá og

3. að tegundarvottorðið eða takmarkaða tegundarvottorðið, sem liggja til grundvallar útgáfu þess, hafi ekki áður verið ógilt skv. 21.A.51,

4. að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað skv. 21.B.330.

b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð.

21A.182 Auðkenning loftfara

Sérhver umsækjandi um lofthæfivottorð samkvæmt þessum kafla skal sýna fram á að loftfarið sé auðkennt í samræmi við Q-kafla.

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21.A.201 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um útgáfu hljóðstigsvottorða.

21.A.203 Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem loftfar er skráð á eða verður skráð á í aðildarríki (aðildarríki þar sem loftfarið er skráð) eða hjá fulltrúa þess, telst gjaldgengur sem umsækjandi um hljóðstigsvottorð fyrir það loftfar samkvæmt þessum kafla.

21.A.204 Umsókn

a) Samkvæmt 21.A.203 skal umsókn um hljóðstigsvottorð lögð inn á því formi og á þann hátt sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, ákveður.

b) Sérhver umsókn skal innihalda:

1. að því er varðar ný loftför:

i. samræmisyfirlýsingu:

– sem gefin er út samkvæmt b-lið 21.A.163 eða

– sem gefin er út skv. 21.A.130 og fullgilt af lögbæra yfirvaldinu, eða

– fyrir innflutt loftför, yfirlýsingu sem útflutningsyfirvaldið undirritar um að loftfarið samræmist hönnun sem Flugöryggisstofnunin samþykkir og

ii. hljóðstigsupplýsingar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig,

2. að því er varðar notuð loftför

i. hljóðstigsupplýsingar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig, og

ii. fyrri skrár, til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldsstaðla loftfarsins.

c) Yfirlýsingarnar, sem um getur í 1.°lið b-liðar, skulu gefnar út í mesta lagi 60 dögum fyrir formlega kynningu loftfarsins hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð nema annað sé samþykkt.

21.A.207 Lagfæring eða breyting

Aðeins lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, má lagfæra eða breyta hljóðstigsvottorði.

21.A.209 Framsalshæfi og endurútgáfa innan aðildarríkja

Þegar eignarhald á loftfari hefur breyst:

a) skal afhenda hljóðstigsvottorðið ásamt loftfarinu, ef loftfarið er áfram í sömu loftfaraskrá, eða

b) skal gefa út hljóðstigsvottorðið við framvísun fyrra hljóðstigsvottorðs ef loftfarið er flutt í loftfaraskrá annars aðildarríkis.

21.A.210 Skoðanir

Handhafi hljóðstigsvottorðsins skal veita aðgang að loftfarinu, sem hljóðstigsvottorðið á við um, til skoðunar að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, eða Flugöryggisstofnunarinnar.

21.A.211 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út hljóðstigsvottorð með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu, að því tilskildu:

1. að viðeigandi kröfur varðandi tegundarhönnun, umhverfisvernd og áframhaldandi lofthæfi séu uppfylltar og

2. að loftfarið sé áfram í sömu loftfaraskrá og

3. að tegundarvottorðið eða takmarkaða tegundarvottorðið, sem liggur til grundvallar útgáfu hljóðstigsvottorðsins, hafi ekki áður verið ógilt skv. 21.A.51,

4. að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað skv. 21.B.430.

b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð.

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21.A.231 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki fyrir hönnunarfyrirtækjum og reglur um réttindi og skyldur umsækjenda um slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis.

21.A.233 Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili („fyrirtæki“) telst gjaldgengur sem umsækjandi um samþykki samkvæmt þessum kafla

a) í samræmi við 21.A.14, 21.A.112B, 21.A.432B eða 21.A.602B eða

b) fyrir samþykki fyrir minni háttar breytingum eða hönnun minni háttar viðgerða þegar óskað er eftir því til að öðlast réttindi skv. 21.A.263.

21.A.234 Umsókn

Umsókn um samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki skal lögð fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður og skal innihalda yfirlit yfir þær upplýsingar, sem krafist er í 21.A.243, og þá skilmála fyrir samþykki sem krafist er að gefnir séu út skv. 21.A.251.

21.A235 Útgáfa samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki

Fyrirtæki skal eiga rétt á að fá samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, þegar það hefur sýnt fram á að það uppfylli viðeigandi kröfur í þessum kafla.

21.A.239 Hönnunartryggingarkerfi

a) Hönnunarfyrirtækið skal sýna fram á að það hafi komið á og geti viðhaldið hönnunartryggingarkerfi til að stjórna og hafa eftirlit með hönnun og breytingum á hönnun framleiðsluvara, hluta og búnaðar sem umsóknin nær til. Þetta hönnunartryggingarkerfi skal vera þannig að það geri fyrirtækinu kleift:

   1. að tryggja að hönnun framleiðsluvara, hluta og búnaðar eða breyting á hönnun uppfylli ákvæði viðeigandi tegundarvottunargrunns og kröfur varðandi umhverfisvernd og

   2. að tryggja að ábyrgð, sem það ber, sé vel sinnt í samræmi við:

      i. viðeigandi ákvæði þessa hluta og

      ii. skilmála fyrir samþykki, sem gefnir eru út skv. 21.A.251,

   3. að hafa óháð eftirlit með því að farið sé að skráðum verklagsreglum kerfisins og að þær séu fullnægjandi. Fólgið í þessu eftirliti skal vera kerfi sem tryggir upplýsingar til þess einstaklings eða hóps einstaklinga sem ber ábyrgð á að tryggja úrbætur.

b) Í hönnunartryggingarkerfinu skal felast óháð eftirlit með þeim atriðum sem sýna að farið sé að ákvæðum og sem fyrirtækið leggur til grundvallar samræmisyfirlýsingum og tilheyrandi gögnum sem það leggur fyrir Flugöryggisstofnunina.

c) Hönnunarfyrirtækið skal tilgreina á hvern hátt hönnunartryggingarkerfið tryggir að unnt sé að samþykkja þá hluti eða búnað, sem hannaðir eru, eða þau verkefni, sem samstarfsaðilar eða undirverktakar vinna, og skulu um það gilda aðferðir sem byggjast á skriflegum verklagsreglum.

21.A.243 Gögn

a) Hönnunarfyrirtækið skal fá Flugöryggisstofnuninni handbók þar sem viðeigandi verklagsreglum og framleiðsluvörunum eða breytingunum á framleiðsluvörunum, sem á að hanna, er lýst beint eða með millivísunum.

b) Þegar samstarfsfyrirtæki eða undirverktaki hannar hluti, búnað eða breytingar á framleiðsluvörum skal vera í handbókinni yfirlýsing um hvernig hönnunarfyrirtækið getur gefið þá tryggingu fyrir samræmi, sem krafist er í b-lið 21.A.239, fyrir alla hluti og búnað og skal hún innihalda lýsingar og upplýsingar, beinar eða með millivísunum, um hönnunarstarfsemi og skipulagningu þessara samstarfsaðila eða undirverktaka eftir því sem nauðsynlegt er til að staðfesta þessa yfirlýsingu.

c) Breyta skal handbókinni eftir þörfum til að hún sé jafnan uppfærð lýsing á fyrirtækinu og skal Flugöryggisstofnunin fá afrit af öllum breytingum.

d) Hönnunarfyrirtækið skal leggja fram yfirlýsingu um menntun og hæfi og reynslu starfsfólks í stjórnunarstöðum og annarra sem bera ábyrgð á töku ákvarðana í fyrirtækinu sem hafa áhrif á lofthæfi og umhverfisvernd.

21.A.245 Skilyrði fyrir samþykki

Hönnunarfyrirtækið skal, á grundvelli þeirra upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 21.A.243, sýna fram á, auk þess að uppfylla ákvæði 21.A.239:

a) að starfsfólk í öllum tæknideildum sé nægilega margt og hafi nægilega reynslu og hafi viðeigandi heimildir til að sinna þeirri ábyrgð, sem því er falin, og að þessi skilyrði, ásamt húsnæði, aðstöðu og búnaði, geri starfsfólki kleift að ná þeim markmiðum um lofthæfi og umhverfisvernd sem sett hafa verið fyrir framleiðsluvöruna,

b) að full og skilvirk samræming sé milli deilda og innan deilda að því er varðar lofthæfi- og umhverfisverndarmál.

21.A.247 Breytingar á hönnunartryggingarkerfi

Eftir útgáfu samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki verður sérhver breyting á hönnunartryggingarkerfinu, sem er þýðingarmikil þegar kemur að því að sýna fram á samræmi eða lofthæfi og umhverfisvernd er varðar framleiðsluvöruna, að hljóta samþykki Flugöryggisstofnunarinnar. Skrifleg umsókn um samþykki skal lögð fyrir Flugöryggisstofnunina og hönnunarfyrirtækið skal sýna Flugöryggisstofnuninni fram á, á grundvelli fyrirhugaðra breytinga á handbókinni og áður en breytingin er framkvæmd, að það muni áfram uppfylla ákvæði þessa kafla eftir breytinguna.

21.A.249 Framsalshæfi

Samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki er ekki framseljanlegt nema í kjölfar breytingar á eignarhaldi sem telst þýðingarmikil að því er varðar 21.A.247.

21.A.251 Skilmálar samþykkis

Í skilmálum samþykkis skulu tilgreindar tegundir hönnunar, flokkar framleiðsluvara, hluta og búnaðar, sem samþykki fyrir hönnunarfyrirtækinu nær yfir, og þau störf og skyldur sem fyrirtækinu er heimilt að inna af hendi að því er varðar lofthæfi framleiðsluvara og einkenni þeirra með tilliti til hljóðstigs, loftunar eldsneytistanka og losunar mengunarefna með útblæstri. Þegar um er að ræða samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki, sem nær til tegundarvottunar eða ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöðvar, skulu skilmálar samþykkis innihalda að auki skrá yfir framleiðsluvörur eða aukaaflstöðvar. Þessir skilmálar skulu gefnir út sem hluti af samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki.

21.A.253 Breytingar á skilmálum samþykkis

Sérhver breyting á skilmálum samþykkisins verður að hljóta samþykki Flugöryggisstofnunarinnar. Umsókn um breytingu á skilmálum samþykkis skal lögð inn á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður. Hönnunarfyrirtækið skal uppfylla allar viðeigandi kröfur í þessum kafla.

21.A.257 Rannsóknir

a) Hönnunarfyrirtækið skal gera ráðstafanir sem gera Flugöryggisstofnuninni kleift að framkvæma rannsóknir, þ.m.t. rannsóknir á samstarfsaðilum og undirverktökum, sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur í þessum kafla séu og muni verða uppfylltar.

b) Hönnunarfyrirtækið skal leyfa Flugöryggisstofnuninni að endurskoða sérhverja tilkynningu og gera sérhverja rannsókn og framkvæma eða vera vitni að sérhverju flugi og prófun á jörðu sem nauðsynleg er til að kanna gildi samræmisyfirlýsinga sem umsækjandi leggur fram samkvæmt b-lið 21.A.239.

21.A.258 Frávik

a) Þegar hlutlæg sönnunargögn sýna að handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki uppfyllir ekki viðeigandi kröfur í I. viðauka (21. hluta) skal flokka frávikið sem hér segir:

1. Fyrsta stigs frávik er sérhvert atriði, sem er ekki í samræmi við kröfur skv. I. viðauka (21. hluta), er gæti leitt til þess að ekki væri hægt að hafa eftirlit með atriðum, sem eru ekki í samræmi við viðeigandi kröfur, og er gæti haft áhrif á öryggi loftfarsins.

2. Annars stigs frávik er sérhvert atriði sem er ekki í samræmi við kröfur samkvæmt I. viðauka (21. hluta) og er ekki flokkað sem fyrsta stigs frávik.

b) Þriðja stigs frávik er sérhvert atriði sem samkvæmt hlutlægum sönnunargögnum felur í sér hugsanleg vandamál sem gætu leitt til þess að ákvæði a-liðar verði ekki uppfyllt.

c) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður:

1. þegar um fyrsta stigs frávik er að ræða skal handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sýna fram á að gerðar hafi verið leiðréttingar, sem Flugöryggisstofnunin telur fullnægjandi, innan frests sem er ekki lengri en 21 virkur dagur frá skriflegri staðfestingu fráviksins,

2. þegar um annars stigs frávik er að ræða skal fresturinn, sem Flugöryggisstofnunin veitir til leiðréttingar frávika, vera í samræmi við eðli fráviksins en þó aldrei lengri í upphafi en þrír mánuðir. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi leiðréttingaráætlun sem Flugöryggisstofnunin fellst á,

3. þriðja stigs frávik krefst ekki tafarlausra aðgerða af hálfu handhafa samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki.

d) Þegar um fyrsta eða annars stigs frávik er að ræða getur það gefið tilefni til að ógilda samþykkið fyrir hönnunarfyrirtækinu tímabundið eða afturkalla það, í heild eða að hluta, samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð sem Flugöryggisstofnunin ákveður. Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal staðfesta tímanlega móttöku tilkynningar um tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki.

21.A.259 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki með ótakmörkuðum gildistíma. Það skal halda gildi sínu nema:

1. hönnunarfyrirtækið geti ekki sýnt fram á samræmi við viðeigandi kröfur í þessum kafla eða

2. handhafi eða samstarfsaðilar eða undirverktakar hans hindri Flugöryggisstofnunina í að framkvæma rannsóknir í samræmi við 21.A.257 eða

3. sannanir séu fyrir því að hönnunartryggingarkerfið geti ekki viðhaldið fullnægjandi stjórn á og eftirliti með hönnun framleiðsluvara eða breytingum á þeim samkvæmt samþykkinu eða

4. vottorðið hafi verið lagt inn eða afturkallað samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð sem Flugöryggisstofnunin kveður á um.

b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.

21.A.263 Réttindi

a) Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal hafa rétt á að sinna hönnunarstarfsemi skv. I. viðauka (21. hluta) og á gildissviði samþykkisins.

b) Með fyrirvara um b-lið 21.A.257 skal stofnunin samþykkja án frekari sannprófana eftirfarandi samræmisgögn sem umsækjandi leggur fram til að afla:

1. samþykki skilyrða til flugs sem krafist er fyrir flugleyfi eða

2. tegundarvottorðs eða samþykkis fyrir meiri háttar breytingu á tegundarhönnun eða

3. viðbótartegundarvottorðs eða

4. ETSO-heimildar skv. 1. lið b-liðar 21.A.602B eða

5. samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar.

c) Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal, innan gildissviðs samþykkisins og samkvæmt viðeigandi verklagsreglum hönnunartryggingarkerfisins, hafa rétt til:

1. að flokka breytingar á tegundarhönnun og viðgerðum sem „meiri háttar“ eða „minni háttar“,

2. að samþykkja minni háttar breytingar á tegundarhönnun og minni háttar viðgerðir,

3. að gefa út upplýsingar eða leiðbeiningar sem innihalda eftirfarandi yfirlýsingu: „Tæknilegt inntak þessa skjals er samþykkt samkvæmt heimild samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki nr. [EASA].21J.[XXXX].“,

4. að samþykkja minni háttar leiðréttingar á flughandbók loftfarsins og viðbótum við hana og gefa út slíkar leiðréttingar með eftirfarandi yfirlýsingu: „Leiðrétting nr.[YY] á flughandbók loftfars (eða viðbótum) með tilvísunarnúmer [ZZ] er samþykkt samkvæmt heimild samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki nr. [EASA].21J.[XXXX].“,

5. að samþykkja hönnun meiri háttar viðgerða á framleiðsluvörum eða aukaaflstöðvum sem hann hefur tegundarvottorð eða viðbótartegundarvottorð eða ETSO-heimild fyrir,

6. að samþykkja skilyrðin fyrir útgáfu flugleyfa í samræmi við 2. lið a-liðar 21.A.710, þó ekki fyrir flugleyfi sem á að gefa út að því er varðar 15. lið a-liðar 21.A.701,

7. að gefa út flugleyfi í samræmi við b-lið 21A.711 fyrir loftfar sem hann hefur hannað eða breytt, eða þar sem hann hefur samþykkt skilyrðin fyrir útgáfu flugleyfis skv. 6. lið c-liðar 21A.263 og þegar hönnunarfyrirtækið sjálft stýrir útfærslu loftfarsins og staðfestir samræmi við hönnunarskilyrði flugsins samkvæmt samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki.

21.A.265 Skyldur handhafa

Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal:

a) viðhalda handbókinni í samræmi við hönnunartryggingarkerfið,

b) tryggja að handbókin sé notuð sem grundvallarvinnuskjal innan fyrirtækisins,

c) ákvarða hvort hönnun framleiðsluvara eða breytingar eða viðgerðir á þeim, eftir því sem við á, uppfylli viðeigandi kröfur og séu á engan hátt óöruggar,

d) afhenda Flugöryggisstofnuninni yfirlýsingar og tilheyrandi gögn, sem staðfesta samræmi við c-lið, nema um sé að ræða minni háttar breytingar og viðgerðir sem samþykktar eru samkvæmt réttindunum sem 21.A.263 veitir,

e) afhenda Flugöryggisstofnuninni upplýsingar eða leiðbeiningar sem tengjast aðgerðum sem krafist er skv. 21.A.3B.

f) ákvarða skilyrðin fyrir útgáfu flugleyfa, eftir því sem við á, samkvæmt réttindum 6. liðar c-liðar 21A.263.

g) tryggja samræmi við b- og e-lið 21.A.711, eftir því sem við á, samkvæmt réttindum 7. liðar c-liðar 21.A.263, áður en flugleyfi er gefið út fyrir loftfar.

K-KAFLI — HLUTIR OG BÚNAÐUR

21.A.301 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur sem varða samþykki hluta og búnaðar.

21.A303 Samræmi við viðeigandi kröfur

Sýna skal fram á samræmi hluta og búnaðar, sem setja á í tegundarvottaða framleiðsluvöru:

a) í samhengi við verklagsreglur um tegundarvottun í B-, D- eða E-kafla fyrir þá framleiðsluvöru, sem setja á hlutinn eða búnaðinn í, eða

b) samkvæmt verklagsreglum um ETSO-heimildir í O-kafla, þar sem við á, eða

c) í samræmi við opinberlega viðurkennda staðla þegar um staðlaða hluti er að ræða.

21.A.305 Samþykki hluta og búnaðar

Í öllum tilvikum, þar sem samþykkis hluta og búnaðar er sérstaklega krafist í lögum Bandalagsins eða með ráðstöfunum Flugöryggisstofnunarinnar, skal hlutur eða búnaður uppfylla ákvæði viðeigandi evrópskrar tækniforskriftarheimildar (ETSO-heimildar) eða forskrifta sem Flugöryggisstofnunin viðurkennir sem jafngildar í hverju einstöku tilviki.

21.A.307 Afhending hluta og búnaðar til ísetningar

Hlutur eða búnaður skal teljast hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru þegar hann er í öruggu rekstrarástandi, og:

a) honum fylgir afhendingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) til vottunar þess að hluturinn hafi verið framleiddur í samræmi við samþykkt hönnunargögn og sé merktur í samræmi við Q-kafla, eða

b) sé staðlaður hlutur, eða

c) ef um er að ræða ELA1-loftför eða ELA2-loftför, hlutur eða búnaður sem er:

   1. ekki með tiltekinn endingartíma og er hvorki hluti af aðalburðarvirkinu eða stýrisbúnaðinum,

   2. framleiddur í samræmi við viðeigandi hönnun,

3. merktur í samræmi við Q-kafla,

4. tilgreindur til ísetningar í tiltekið loftfar,

5. ætlaður til ísetningar í loftfar, sem eigandinn staðfestir að samræmist skilyrðum 1 til 4 og tekur hann á sig ábyrgð á að farið sé að þessum skilyrðum.

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

21.A.431 A Gildissvið

a) Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um samþykki fyrir hönnun viðgerðar og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis.

b) Í þessum kafli eru skilgreindar staðlaðar viðgerðir sem ekki falla undir samþykktarferli samkvæmt þessum kafla.

c) „Viðgerð“ merkir það að lagfæra skemmdir og/eða koma framleiðsluvöru, hlut eða búnaði aftur í lofthæft ástand eftir frumafhendingu framleiðanda á framleiðsluvöru, hlut eða búnaði.

d) Lagfæring skemmda með því að skipta út hlut eða búnaði, án þess að þörf sé á hönnunarvinnu, skal teljast viðhaldsverkefni og þarfnast því ekki samþykkis skv. I. viðauka (21. hluta).

e) Viðgerð á hlut/búnaði, sem samræmist evrópskri tækniforskrift, að undanskilinni aukaaflstöð, skal meðhöndluð sem breyting á þeirri hönnun, sem evrópska tækniforskriftin segir til um, og skal unnin í samræmi við 21.A.611.

21.A.431B Staðlaðar viðgerðir

a) Staðlaðar viðgerðir eru viðgerðir:

1) í tengslum við:

i. flugvélar með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 5700 kg eða minni,

ii. þyrilvængjur með hámarksflugtaksmassa sem er 3175 kg eða minni,

iii. sviffflugur og vélflugur, loftbelgi og loftskip, eins og skilgreint er í ELA1 eða ELA2,

2) sem fara að hönnunargögnum sem vottunarforskriftirnar sem gefnar voru út af Flugöryggisstofnuninni fela í sér og ná yfir ásættanlegar aðferðir, tækni og starfshætti við að framkvæma og bera kennsl á staðlaðar viðgerðir, þ.m.t. tengdar leiðbeiningar vegna áframhaldandi lofthæfi, og

3) sem stangast ekki á við gögn handhafa tegundarvottorðs.

b) Liðir 21.A.432A til 21.A.451 eiga ekki við um staðlaðar viðgerðir.

21.A.432A Gjaldgengi

a) Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á getu sína í samræmi við 21.A.432B, telst gjaldgengur sem umsækjandi um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

b) Sérhver einstaklingur eða lögaðili telst gjaldgengur til að sækja um samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerðar.

21.A.432B Sýnt fram á getu

a) Umsækjandi um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal sýna fram á getu sína með því að vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur umsækjandi sýnt fram á getu sína á annan hátt með því að fá leyfi Flugöryggisstofnunarinnar til að nota verklagsreglur þar sem tilgreindar eru þær tilteknu hönnunarvenjur, úrræði og röð aðgerða sem eru nauðsynlegar til að uppfylla ákvæði þessa kafla.

c) Þrátt fyrir a- og b-lið getur umsækjandi sóst eftir samþykki Flugöryggisstofnunar á vottunaráætlun þar sem tilgreindar eru þær tilteknu hönnunarvenjur, úrræði og röð aðgerða sem eru nauðsynlegar til að uppfylla ákvæði I. viðauka (21. hluta) vegna viðgerða á framleiðsluvöru sem skilgreind er í c-lið 21.A.14.

21.A.433 Hönnun viðgerðar

a) Umsækjandi um samþykki fyrir hönnun viðgerðar skal:

1. sýna fram á samræmi við þau ákvæði í tegundarvottunargrunni og þær kröfur varðandi umhverfisvernd sem vísað er til í tegundarvottorðinu, viðbótartegundarvottorðinu eða í ETSO-heimildinni fyrir aukaaflstöð, eftir því sem við á, eða sem eru í gildi daginn sem sótt er um (samþykki fyrir hönnun viðgerðar), auk breytinga á þessum vottunarforskriftum eða sérstökum skilyrðum sem Flugöryggisstofnunin telur nauðsynlegar til að koma á öryggi sem er sambærilegt við það sem veitt er í tegundarvottunargrunninum sem vísað var til í tegundarvottorðinu, viðbótartegundarvottorðinu eða ETSO-heimildinni fyrir aukaaflstöð,

2. leggja fram öll nauðsynleg gögn til rökstuðnings þegar Flugöryggisstofnunin óskar þess,

3. lýsa því yfir að farið sé að vottunarforskriftum og kröfum varðandi umhverfisvernd í 1. lið a-liðar.

b) Þegar umsækjandi er ekki handhafi tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöð, eftir því sem við á, er honum heimilt að uppfylla kröfur í a-lið með því að nota eigin úrræði eða með samkomulagi við handhafa tegundarvottorðs eða viðbótartegundarvottorðs eða ETSO-heimildarinnar fyrir aukaaflstöð, eftir því sem við á.

21.A.435 Flokkun viðgerða

a) Viðgerð getur verið „meiri háttar“ eða „minni háttar“. Flokkunin skal gerð í samræmi við viðmiðanirnar í 21.A.91 um breytingu á tegundarhönnun.

b) Viðgerð skal flokkuð sem „meiri háttar“ eða „minni háttar“ samkvæmt a-lið, annaðhvort:

1. af Flugöryggisstofnuninni eða

2. af tilhlýðilega samþykktu hönnunarfyrirtæki samkvæmt verklagsreglu sem samið hefur verið um við Flugöryggisstofnunina.

21.A.437 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar

Þegar því hefur verið lýst yfir og sýnt hefur verið fram á að hönnun viðgerðar uppfylli viðeigandi vottunarforskriftir og kröfur varðandi umhverfisvernd í 1. lið a-liðar 21.A.433 verður hún að hljóta samþykki:

a) Flugöryggisstofnunarinnar eða

b) tilhlýðilega samþykkts fyrirtækis, sem er einnig handhafi tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, eða ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöð samkvæmt verklagsreglu sem samið er um við Flugöryggisstofnunina eða

c) tilhlýðilega samþykkts hönnunarfyrirtækis, samkvæmt verklagsreglu sem samið hefur verið um við Flugöryggisstofnunina, ef aðeins er um að ræða minni háttar viðgerðir.

21.A.439 Framleiðsla hluta til viðgerða

Hlutir og búnaður, sem nota á við viðgerðir, skulu framleiddir í samræmi við framleiðslugögn, sem byggjast á öllum nauðsynlegum hönnunargögnum sem lögð eru fram af handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar:

a) samkvæmt F-kafla eða

b) af fyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki samkvæmt G-kafla eða

c) af tilhlýðilega samþykktu viðhaldsfyrirtæki.

21.A.441 Framkvæmd viðgerða

a) Viðgerðir skulu framkvæmdar í samræmi M-kafla eða 145. hluta, eftir því sem við á, eða af framleiðslufyrirtæki, sem hefur tilhlýðilegt samþykki í samræmi við G-kafla, samkvæmt réttindum í d-lið 21.A.163.

b) Hönnunarfyrirtækið skal senda fyrirtækinu, sem framkvæmir viðgerðina, allar nauðsynlegar leiðbeiningar um ísetningu.

21.A.443 Takmarkanir

Hönnun viðgerðar má samþykkja með fyrirvara um takmarkanir en þá skal samþykkið fyrir hönnun viðgerðar innihalda allar nauðsynlegar leiðbeiningar og takmarkanir. Handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar skal senda þessar leiðbeiningar og takmarkanir til flugrekandans í samræmi við verklagsreglu sem samið er um við Flugöryggisstofnunina.

21.A.445 Óviðgerðar skemmdir

a) Þegar ekki er gert við skemmda framleiðsluvöru, hlut eða búnað, sem heyrir ekki undir áður samþykkt gögn, er einungis heimilt að meta afleiðingar skemmda, að því er varðar lofthæfi:

   1. hjá Flugöryggisstofnuninni eða

   2. hjá tilhlýðilega samþykktu hönnunarfyrirtæki samkvæmt verklagsreglu sem samið hefur verið um við Flugöryggisstofnunina.

   Allar nauðsynlegar takmarkanir skulu meðhöndlaðar í samræmi við verklagsreglurnar í 21.A.443.

b) Þegar fyrirtækið, sem metur skemmdirnar samkvæmt a-lið, er hvorki Flugöryggisstofnunin né handhafi tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöð skal fyrirtækið rökstyðja að upplýsingarnar, sem matið byggist á, séu fullnægjandi, annaðhvort með úrræðum fyrirtækisins eða með samkomulagi við handhafa tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöð eða framleiðanda, eftir því sem við á.

21.A.447 Skráahald

Fyrir hverja viðgerð skulu allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar, prófunarskýrslur, leiðbeiningar og takmarkanir, sem hugsanlega eru gefnar út í samræmi við 21.A.443, rökstuðningur flokkunar og sönnun á samþykki fyrir hönnun:

a) hafðar tiltækar Flugöryggisstofnuninni hjá handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar og

b) varðveittar hjá handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar til að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvaranna, hlutanna eða búnaðarins sem gert er við.

21.A.449 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

a) Handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar skal láta sérhverjum flugrekanda loftfars, sem viðgerðin tekur til, í té a.m.k. eitt eintak af þeim breytingum á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi sem eru til komnar vegna hönnunar viðgerðarinnar og samanstanda af lýsandi gögnum og leiðbeiningum um framkvæmd sem útbúnar hafa verið í samræmi við viðeigandi kröfur. Heimilt er að gefa út afhendingarvottorð fyrir viðgerðu framleiðsluvöruna, hlutinn eða búnaðinn áður en breytingarnar á leiðbeiningunum hafa verið fullfrágengnar en í takmarkaðan tíma og í samráði við Flugöryggisstofnunina. Sérhver annar aðili, sem þarf að uppfylla einhverja skilmála í þessum breytingum á leiðbeiningunum, skal hafa aðgang að þessum leiðbeiningum, óski hann þess. Heimilt er að fresta því að gera handbækur eða hluta breytinga á leiðbeiningum varðandi áframhaldandi lofthæfi, sem fjalla um grannskoðun eða verulegt viðhald, tiltækar þar til eftir að framleiðsluvaran hefur verið tekin í notkun en þær skulu þó vera tiltækar áður en einhver framleiðsluvaranna nær leyfilegum hámarksaldri eða hámarksfjölda flugstunda/notkunarskipta í flugi.

b) Gefi handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar út uppfærslur á breytingum á leiðbeiningum eftir að viðgerðin hefur fyrst verið samþykkt skulu þessar uppfærslur látnar sérhverjum flugrekanda í té og skulu allir aðrir, sem þess óska og þurfa að uppfylla einhverja skilmála breytinganna á leiðbeiningunum, hafa aðgang að þeim. Framkvæmdaáætlun, sem sýnir hvernig uppfærslum á breytingum á leiðbeiningunum varðandi áframhaldandi lofthæfi er dreift, skal lögð fyrir Flugöryggisstofnunina.

21.A.451 Skyldur og EPA-merking

a) Sérhver handhafi samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal:

   1. takast á hendur skyldurnar:

      i. sem mælt er fyrir um í 21.A.3A, 21.A.3B, 21.A.4, 21.A.439, 21.A.441, 21.A.443, 21.A.447 og 21.A.449,

      ii. sem skilyrðislaust felast í samstarfinu við handhafa tegundarvottorðs viðbótartegundarvottorðs og ETSO-heimildar fyrir aukaaflstöð samkvæmt b-lið 21.A.433 eftir því sem við á.

   2. tilgreina merkinguna, þ.m.t. stafina „EPA“, í samræmi við a-lið 21.A.804.

b) Handhafi samþykkis fyrir hönnun minni háttar viðgerðar, að undanskildum handhafa tegundarvottorðs eða evrópskrar tækniforskriftaheimildar fyrir aukaaflstöð sem 21.A.44 á við, skal:

1. takast á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21.A.4, 21.A447 og 21.A.449 og

2. tilgreina merkinguna, þ.m.t. stafina „EPA“, í samræmi við a-lið 21.A.804.

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

21.A.601 Gildissvið

Í þessum kafla er tilgreind verklagsregla um útgáfu ETSO-heimilda og reglur um réttindi og skyldur umsækjenda um slíkar heimildir og handhafa slíkra heimilda.

21.A.602A Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem framleiðir eða undirbýr framleiðslu hlutar/búnaðar, sem samræmist evrópskri tækniforskrift, og sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á getu sína skv. 21.A.602B, telst gjaldgengur sem umsækjandi um ETSO-heimild.

21.A.602B Sýnt fram á getu

Sérhver umsækjandi um ETSO-heimild skal sýna fram á getu sína á eftirfarandi hátt:

a) þegar um er að ræða framleiðslu, með því að vera handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki, sem gefið er út í samræmi við G-kafla, eða með því að fylgja verklagsreglum F-kafla, og

b) þegar um er að ræða hönnun:

1. að því er varðar aukaaflstöð, með því að vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla,

2. að því er varðar alla aðra hluti/búnað, með því að nota verklagsreglur þar sem settar eru fram þær tilteknu hönnunarvenjur, úrræði og röð aðgerða sem eru nauðsynlegar til að uppfylla kröfur samkvæmt I. viðauka (21. hluta):

21.A.603 Umsókn

a) Umsókn um ETSO-heimild skal lögð fram á því formi og á þann hátt, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, og skal innihalda yfirlit yfir þær upplýsingar sem krafist er í 21.A.605.

b) Þegar búist er við röð minni háttar breytinga í samræmi við 21.A.611 skal umsækjandi taka fram í umsókninni grunngerðarnúmer hlutarins/búnaðarins og tilheyrandi hlutanúmer með opnum hornklofa á eftir til að gefa til kynna að bókstöfum eða tölum (eða samblandi af þessu tvennu) verði bætt við öðru hvoru til að breyta viðskeytinu.

21.A.604 ETSO-heimild fyrir aukaaflstöð

Að því er varðar ETSO-heimild fyrir aukaaflstöð:

a) gilda 21.A.15, 21.A.16B, 21.A.17, 21.A.20, 21.A.21, 21.A.31, 21.A.33, 21.A.44, þrátt fyrir 21.A.603, c-lið 21.A.606, 21.A.610 og 21.A.615, nema að því leyti að gefa skal út ETSO-heimild í samræmi við 21.A.606 í stað tegundarvottorðsins,

b) gilda D- eða E-kafli að því er varðar samþykki fyrir hönnunarbreytingum, þrátt fyrir 21.A.611. Þegar E-kafli er notaður skal gefa út sérstaka ETSO-heimild í stað viðbótartegundarvottorðs.

c) M-kafli gildir um samþykki fyrir hönnun viðgerðar.

21.A.605 Kröfur varðandi gögn

Umsækjandi skal leggja eftirfarandi skjöl fyrir Flugöryggisstofnunina:

a) yfirlýsingu um samræmi þar sem vottað er að umsækjandi hafi uppfyllt kröfurnar í þessum kafla,

b) hönnunar- og afkastayfirlýsingu (DDP),

c) eitt eintak af þeim tæknigögnum, sem krafist er í viðeigandi evrópskri tækniforskrift,

d) starfsemislýsinguna (eða tilvísun í starfsemislýsinguna), sem um getur í 21.A.143, til að afla viðeigandi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki samkvæmt G-kafla, eða handbókina (eða tilvísun í handbókina), sem um getur í b-lið 21.A.125A, til að framleiða samkvæmt F-kafla án þess að framleiðslufyrirtækið hafi hlotið samþykki,

e) að því er varðar aukaaflstöð, handbókina (eða tilvísun í handbókina), sem um getur í 21.A.243, til að afla viðeigandi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki samkvæmt J-kafla,

f) að því er varðar alla aðra hluti/búnað, verklagsreglurnar sem um getur í 2. lið b-liðar 21.A.602B.

21.A.606 Útgáfa ETSO-heimildar

Umsækjandi skal eiga rétt á að Flugöryggisstofnunin gefi út ETSO-heimild eftir að:

a) hann hefur sýnt fram á getu sína í samræmi við 21.A.602B og

b) hann hefur sýnt fram á að hluturinn/búnaðurinn uppfyllir tæknileg skilyrði viðeigandi evrópskrar tækniforskriftar og lagt fram samsvarandi yfirlýsingu um samræmi,

c) hann hefur lýst því yfir með skýrum hætti að hann sé reiðubúinn að uppfylla ákvæði 21.A.609.

21.A.607 Réttindi sem ETSO-heimild veitir

Handhafi ETSO-heimildar hefur rétt á að framleiða og merkja hlutinn/búnaðinn með viðeigandi ETSO-merkingu.

21.A.608 Hönnunar- og afkastayfirlýsing (DDP)

a) Hönnunar- og afkastayfirlýsing skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

   1. upplýsingar, sem svara til a- og b-liðar 21.A.31, þar sem hluturinn/búnaðurinn og hönnunar- og prófunarstaðall hans eru auðkenndir,

   2. málafköst hlutarins/búnaðarins, þar sem við á, annaðhvort beint eða með tilvísun í önnur viðbótarskjöl,

   3. yfirlýsingu um samræmi sem vottar að hluturinn/búnaðurinn uppfyllir kröfur samkvæmt viðeigandi evrópskri tækniforskrift,

   4. tilvísun í viðeigandi prófunarskýrslur,

   5. tilvísun í viðeigandi viðhalds-, grannskoðunar- og viðgerðarhandbækur,

   6. samræmisstig, þegar nokkur samræmisstig eru leyfð í evrópsku tækniforskriftinni,

   7. lista yfir frávik sem samþykktur hefur verið í samræmi við 21.A.610.

b) Í hönnunar- og afkastayfirlýsingunni skal vera dagsetning og undirskrift handhafa ETSO-heimildarinnar eða viðurkennds fulltrúa hans.

21.A.609 Skyldur handhafa ETSO-heimilda

Handhafi evrópskrar tækniforskriftarheimildar samkvæmt þessum kafla skal:

a) framleiða sérhvern hlut/búnað í samræmi við ákvæði G- eða F-kafla sem tryggir að hver fullgerður hlutur/búnaður samræmist hönnunargögnum og sé öruggur til ísetningar,

b) útbúa og viðhalda gildandi skrá með heildstæðum tæknigögnum og skrám í samræmi við 21.A 613 fyrir sérhverja gerð sérhvers hlutar/búnaðar sem ETSO-heimild hefur verið gefin út fyrir,

c) útbúa, viðhalda og uppfæra frumeintök allra handbóka, sem krafist er fyrir hlutinn/búnaðinn í viðeigandi lofthæfiforskriftum,

d) veita notendum hlutarins/búnaðarins og Flugöryggisstofnuninni aðgang að viðhalds-, grannskoðunar- og viðgerðarhandbókum, sem nauðsynlegar eru fyrir notkun og viðhald hlutarins/búnaðarins, og breytingum á þeim handbókum sé óskað eftir því,

e) merkja sérhvern hlut/búnað í samræmi við 21.A.807 og

f) uppfylla ákvæði 21.A.3A, 21.A.3B og 21.A.4,

g) uppfylla áfram hæfiskröfurnar í 21.A.602B.

21.A.610 Samþykki fyrir fráviki

a) Sérhver framleiðandi, sem óskar eftir samþykki til að víkja frá ETSO-afkastastaðli, skal sýna fram á að þau frávik frá stöðlum, sem beðið er um, séu bætt upp með þáttum eða hönnunareinkennum sem veita sambærilegt öryggi.

b) Beiðni um samþykki fyrir fráviki skal lögð fyrir Flugöryggisstofnunina ásamt öllum viðeigandi gögnum.

21.A.611 Hönnunarbreytingar

a) Handhafa ETSO-heimildar er heimilt að gera minni háttar breytingar (allar breytingar aðrar en meiri háttar breytingar) án frekari heimildar frá Flugöryggisstofnuninni. Í því tilviki heldur breytti hluturinn/búnaðurinn upphaflegu gerðarnúmeri (nota skal skipti eða breytingu á hlutanúmeri til að auðkenna minni háttar breytingar) og skal handhafi senda Flugöryggisstofnuninni öll endurskoðuð gögn sem nauðsynleg eru til að uppfylla ákvæði b-liðar 21.A.603.

b) Sérhver hönnunarbreyting af hálfu handhafa ETSO-heimildar, sem er nógu viðamikil til að þörf sé á heildarrannsókn til að ákvarða hvort hún samræmist evrópskri tækniforskrift, er meiri háttar breyting. Áður en slík breyting er gerð skal handhafi ákveða nýja tegundar- eða gerðartáknun fyrir hlutinn/búnaðinn og sækja um nýja heimild skv. 21.A.603.

c) Engin hönnunarbreyting einstaklings eða lögaðila, annars en handhafa ETSO-heimildar sem lagði fram samræmisyfirlýsingu fyrir hlutinn/búnaðinn, getur hlotið samþykki samkvæmt þessum O-kafla nema einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem leitar samþykkis, sæki um sérstaka ETSO-heimild skv. 21.A.603.

21.A.613 Skráahald

Auk þeirra krafna um skráahald, sem eiga við um eða tengjast gæðakerfinu, skulu allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar og prófunarskýrslur, að meðtöldum skoðunarskrám fyrir hlutinn/búnaðinn sem prófaður er, tiltækar Flugöryggisstofnuninni og skal varðveita þær í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi hlutarins/búnaðarins og tegundarvottuðu framleiðsluvörunnar sem hann er settur í.

21.A.615 Skoðun af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar

Sérhver umsækjandi um eða handhafi ETSO-heimildar fyrir hlut/búnað skal leyfa Flugöryggisstofnuninni, að beiðni hennar:

a) að vera viðstaddur prófanir,

b) að skoða skrár með tæknigögnum um hlutinn/búnaðinn.

21.A.619 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út ETSO-heimild með ótakmörkuðum gildistíma. Hún skal halda gildi sínu nema:

1. skilyrðunum, sem uppfylla þurfti þegar ETSO-heimild var veitt, sé ekki lengur fullnægt eða

2. handhafi standi ekki við skuldbindingar, sem tilgreindar eru í 21.A.609, eða

3. hluturinn/búnaðurinn hafi reynst skapa óviðunandi hættu við notkun eða

4. heimildin hafi verið lögð inn eða afturkölluð samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð sem Flugöryggisstofnunin kveður á um.

b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.

21.A.621 Framsalshæfi

ETSO-heimild, sem fellur undir I. viðauka (21. hluta) er ekki framseljanleg nema breyting á eignarhaldi handhafa eigi sér stað sem telst þá þýðingarmikil breyting og skal þess vegna uppfylla ákvæði 21.A.147 og 21.A.247 eftir því sem við á.

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.A.701 Gildissvið

a) Gefa skal út flugleyfi í samræmi við þennan kafla, fyrir loftför sem standast ekki, eða sem ekki hefur verið sýnt fram á að standist viðeigandi kröfur um lofthæfi en eru fær um öruggt flug samkvæmt skilgreindum skilyrðum og í eftirfarandi tilgangi:

1. þróun,
2. að sýna samræmi við reglur eða vottunarforskriftir,
3. þjálfun starfsmanna hönnunarfyrirtækis eða framleiðslufyrirtækis,
4. flugprófanir á framleiðslustigi á nýjum loftförum,
5. flug loftfara, sem eru í framleiðslu, milli framleiðslustaða,
6. flug loftfara með tilliti til samþykkis viðskiptavina,
7. afhending eða útflutningur á loftfarinu,
8. flug loftfara með tilliti til samþykkis yfirvaldsins,
9. markaðskönnun, þ.m.t. þjálfun á áhöfn viðskiptavinarins,
10. sýningar og flugsýningar,
11. flug loftfarsins á stað þar sem viðhald eða staðfesting á lofthæfi á að fara fram, eða geymslustað,
12. flug loftfars sem vegur meira en leyfileg hámarksflugtaksþyngd fyrir flug umfram venjulegt drægi yfir vatni eða yfir landssvæði þar sem ekki eru fullnægjandi aðstæður til lendingar eða viðeigandi eldsneyti er ekki til staðar,
13. að slá met, flugkeppni eða svipaðar keppnir,
14. flug loftfars sem uppfyllir gildandi kröfur um lofthæfi áður en samræmi við umhverfiskröfur hefur náðst,
15. fyrir flugstarfsemi sem ekki er í atvinnuskyni á einstöku loftfari sem eru einföld eða tegundum þar sem lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð á ekki við.

b) Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur fyrir útgáfu flugleyfa og samþykki tengdra flugskilyrða og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda og handhafa leyfa og samþykkis fyrir flugskilyrðum.

21.A.703 Gjaldgengi

a) Hver einstaklingur eða lögaðili skal teljast gjaldgengur umsækjandi fyrir flugleyfi nema flugleyfi sem sótt er um að því er varðar 15. lið a-liðar 21.A.701 þar sem umsækjandinn skal vera eigandinn.

b) Hver einstaklingur eða lögaðili skal teljast gjaldgengur til að sækja um samþykki flugskilyrða.

21.A.705 Lögbært yfirvald

Þrátt fyrir 21.1 í I. viðauka (21. hluta) skal merking „lögbærs yfirvalds“ í þessum kafla vera eftirfarandi:

a) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem loftfarið er skráð, tilnefnir,

b) vegna óskráðra loftfara, yfirvald tilnefnt af aðildarríkinu sem mælti fyrir um auðkennismerkin.

21.A.707 Umsókn um flugleyfi

a) Samkvæmt 21.A.703 og þegar umsækjanda hefur ekki verið veittur réttur til að gefa út flugleyfi skal leggja umsókn um flugleyfi fyrir lögbært yfirvald á þann hátt sem það yfirvald ákveður.

b) Hver umsókn um flugleyfi skal innihalda:

1. tilgang með fluginu, í samræmi við 21.A.701,

2. að hvaða leyti loftfarið samræmist ekki viðeigandi kröfum um lofthæfi,

3. skilyrði til flugs sem hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710.

c) Þegar skilyrði til flugs eru ekki samþykkt á þeim tíma sem umsóknin um flugleyfi er lögð fram, skal leggja fram umsókn um samþykki skilyrða til flugs í samræmi við 21.A.709.

21.A.708 Flugskilyrði

Skilyrði til flugs fela í sér:

a) flughaminn eða flughamina sem sótt er um flugleyfi fyrir,

b) hvers kyns skilyrði eða takmörkun sem er nauðsynleg fyrir örugga starfrækslu loftfarsins, þ.m.t.:

1. skilyrði eða takmarkanir, sem settar eru á leiðarlýsingar eða loftrými, eða hvort tveggja, sem eru nauðsynlegar fyrir flug,

2. skilyrði eða takmarkanir sem settar eru á flugliðana sem eiga að fljúga loftfarinu,

3. takmarkanir varðandi flutning annarra einstaklinga en flugliða,

4. rekstrartakmarkanir, sérstakar verklagsreglur eða tækniskilyrði sem á að uppfylla,

5. sérstök flugprófunaráætlun (ef við á),

6. sérstakir verksamningar um áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. viðhaldsleiðbeiningar og fyrirkomulag framkvæmdar þeirra,

c) rökstuðning fyrir því að loftfarið sé fært um að stunda öruggt flug samkvæmt skilyrðunum eða takmörkunum í b-lið,

d) aðferðina sem notuð er til að stjórna flugham loftfarsins til þess að hann sé áfram innan settra skilyrða.

21.A.709 Umsókn um samþykki flugskilyrða

a) Samkvæmt c-lið 21.A.707 og þegar umsækjanda hefur ekki verið veittur réttur til að samþykkja skilyrði til flugs skal leggja fram umsókn um samþykki skilyrða til flugs:

1. til stofnunarinnar með þeim hætti sem hún hefur sett, þar sem samþykki skilyrða til flugs er tengt öryggi hönnunarinnar eða

2. til lögbærs yfirvalds, með þeim hætti sem það yfirvald hefur sett, þar sem samþykki skilyrða til flugs er ekki tengt öryggi hönnunarinnar.

b) Hver umsókn um samþykki skilyrða til flugs skal innihalda:

1. fyrirhuguð skilyrði til flugs,

2. gögn sem styðja við þessi skilyrði og

3. yfirlýsingu að loftfarið sé fært um að stunda öruggt flug samkvæmt skilyrðunum eða takmörkunum í b-lið 21.A.708.

21.A.710 Samþykki flugskilyrða

a) Þar sem samþykki skilyrða til flugs er tengt öryggi hönnunarinnar skulu skilyrðin til flugs vera samþykkt af:

1. stofnuninni eða

2. tilhlýðilega samþykktu hönnunarfyrirtæki, samkvæmt réttindum 6. undirliðar c-liðar 21.A.263.

b) Þar sem samþykki skilyrða til flugs er ekki tengt öryggi hönnunarinnar skulu skilyrðin til flugs vera samþykkt af lögbæru yfirvaldi eða tilhlýðilega samþykktu fyrirtæki sem mun einnig gefa út flugleyfið.

c) Áður en flugskilyrði eru samþykkt verða stofnunin, lögbæra yfirvaldið eða samþykkta fyrirtækið að ganga úr skugga um að loftfarið sé fært um að stunda öruggt flug samkvæmt sérstökum skilyrðum og takmörkunum. Stofnunin eða lögbæra yfirvaldið geta framkvæmt eða krafist þess að umsækjandi framkvæmi nauðsynlegar skoðanir eða prófanir í þeim tilgangi.

21.A.711 Útgáfa flugleyfis

a) Lögbært yfirvald getur gefið út flugleyfi (EASA-eyðublað nr. 20a, sjá III. viðbæti) samkvæmt skilyrðunum sem tilgreind eru í 21.B.525.

b) Tilhlýðilega samþykkt hönnunarfyrirtæki getur gefið út flugleyfi (EASA-eyðublað nr. 20b, sjá IV. viðbæti) samkvæmt veittum réttindum í 7. lið c-liðar 21.A.263, þegar flugskilyrðin sem um getur í 21.A.708 hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710.

c) Tilhlýðilega samþykkt framleiðslufyrirtæki getur gefið út flugleyfi (EASA-eyðublað nr. 20b, sjá IV. viðbæti) samkvæmt veittum réttindum í e-lið 21.A.163, þegar flugskilyrðin sem um getur í 21.A.708 hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710.

d) Tilhlýðilega samþykkt fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi getur gefið út flugleyfi (EASA-eyðublað nr. 20b, sjá IV. viðbæti) samkvæmt veittum réttindum í M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ([5]), þegar flugskilyrðin sem um getur í 21.A.708 hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710.

e) Í flugleyfinu skal tilgreina tilgang og hvers kyns skilyrði og takmarkanir sem hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710.

f) Að því er varðar leyfi, sem gefin eru út samkvæmt b-, c- eða d-lið, skal leggja afrit af flugleyfinu og tengdum flugskilyrðum fyrir lögbæra yfirvaldið við fyrsta tækifæri en eigi síðar en eftir þrjá daga.

g) Þegar sannað þykir að skilyrðin, sem tilgreind eru í a-lið 21.A.723, eru ekki uppfyllt vegna flugleyfis, sem fyrirtæki hefur gefið út samkvæmt b-, c- eða d-lið, skal fyrirtækið afturkalla flugleyfið tafarlaust og tilkynna lögbæra yfirvaldinu það án tafar.

21.A.713 Breytingar

a) Hvers kyns breyting, sem ógildir skilyrði til flugs eða tengdan rökstuðning fyrir flugleyfi, skal samþykkt í samræmi við 21.A.710. Gera skal umsókn í samræmi við 21.A.709, þar sem við á.

b) Breyting sem hefur áhrif á innihald flugleyfis krefst þess að nýtt leyfi sé gefið út í samræmi við 21.A.711.

21.A.715 Tungumál

Handbækur, veggspjöld, skrár og merkingar á tækjum og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er samkvæmt gildandi vottunarforskriftum, skulu settar fram á einu eða fleiri opinberum tungumálum Evrópusambandsins sem lögbært yfirvald samþykkir.

21.A.719 Framsalshæfi

a) Flugleyfi eru ekki framseljanleg.

b) Þegar eignarhald á loftfari hefur breyst skal framselja flugleyfið ásamt loftfarinu, þrátt fyrir a-lið, vegna flugleyfis sem gefið er út að því er varðar 15. lið a-liðar 21.A.701, að því tilskildu að loftfarið sé áfram á sömu loftfaraskrá, eða að öðrum kosti gefa það einungis út með samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem loftfarið er fært á skrá.

([5]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

21.A.721 Skoðun

Handhafi eða umsækjandi flugleyfis skal veita aðgang að viðkomandi loftfari óski lögbæra yfirvaldið eftir því.

21.A.723 Gildistími og áframhaldandi gildi

a) Gefa skal út flugleyfi með 12 mánaða gildistíma að hámarki og skal það halda gildi sínu að því tilskildu:

1. að það samræmist skilyrðunum og takmörkunum sem tengjast flugleyfinu í e-lið 21.A.711,

2. að flugleyfi sé ekki lagt inn eða afturkallað,

3. að loftfarið sé áfram á sömu skrá.

b) Þrátt fyrir a-lið, má gefa út flugleyfi að því er varðar 15. lið a-liðar 21.A.701 með ótakmarkaðan gildistíma.

c) Þegar flugleyfið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

21.A.725 Endurnýjun flugleyfis

Endurnýjun flugleyfis skal unnin sem breyting í samræmi við lið 21.A.713.

21.A.727 Skyldur handhafa flugleyfis

Handhafi flugleyfis skal tryggja að farið sé að öllum skilyrðum og takmörkunum sem tengjast flugleyfinu og að þeim sé fullnægt.

21.A.729 Skráahald

a) Öll skjöl, sem eru útbúin til að ákvarða og réttlæta skilyrði til flugs, skulu vera í umsjá handhafa samþykkis skilyrða til flugs og aðgengileg stofnuninni og lögbærum yfirvöldum og skulu þau varðveitt svo veita megi nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.

b) Öll skjöl sem tengjast útgáfu flugleyfa, samkvæmt réttindum samþykktra fyrirtækja, þ.m.t. skoðunarskýrslur, skjöl til stuðnings samþykkis á skilyrðum til flugs og flugleyfið sjálft, skulu vera í umsjá tengds samþykkts fyrirtækis og aðgengileg stofnuninni og lögbærum yfirvöldum og skulu þau varðveitt svo veita megi nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

21.A.801 Auðkenning framleiðsluvara

a) Auðkenning framleiðsluvara skal fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn framleiðanda,

2. tilgreiningu framleiðsluvöru,

3. raðnúmer framleiðanda,

4. aðrar upplýsingar sem Flugöryggisstofnunin telur viðeigandi.

b) Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem framleiðir loftfar eða hreyfil samkvæmt G- eða F-kafla, skal auðkenna loftfarið eða hreyfilinn með eldtraustri plötu sem upplýsingarnar hafa verið settar á með ætingu, stönsun, málmristu eða með annarri samþykktri aðferð við eldtrausta merkingu. Auðkenniplötunni skal komið fyrir þannig að hún sé aðgengileg og læsileg og litlar líkur séu á að hún verði ólæsileg eða hún verði fjarlægð við venjulega notkun eða hún týnist eða eyðileggist í slysi.

c) Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem framleiðir loftskrúfu, skrúfublað eða skrúfunöf samkvæmt G- eða F-kafla, skal auðkenna vöruna með plötu, með stönsun, málmristu, ætingu eða annarri samþykktri aðferð við eldtrausta merkingu sem er ekki sett á mikilvægan flöt, inniheldur upplýsingarnar sem tilgreindar eru í a-lið og litlar líkur eru á að hún verði ólæsileg eða hún verði fjarlægð við venjulega notkun eða hún týnist eða eyðileggist í slysi.

d) Fyrir mannaða loftbelgi skal auðkenniplatan, sem mælt er fyrir um í b-lið, fest á sjálfan belginn og skal staðsetja hana þar sem hún er læsileg stjórnanda loftbelgsins þegar hann er uppblásinn ef því verður við komið. Að auki skal merkja körfuna, burðargrindina og allar hitarasamstæður á varanlegan og læsilegan hátt með heiti framleiðanda, hlutanúmeri (eða jafngildi þess) og raðnúmeri (eða jafngildi þess).

21.A.803 Meðferð auðkennisgagna

a) Enginn má fjarlægja, breyta eða setja auðkenniupplýsingarnar, sem um getur í a-lið 21.A.801, á loftfar, hreyfil, loftskrúfu, skrúfublað eða skrúfunöf eða setja auðkenniupplýsingarnar, sem um getur í a-lið 21.A.807, á aukaaflstöð, án samþykkis Flugöryggisstofnunarinnar.

b) Enginn má fjarlægja eða setja upp auðkenniplötuna, sem um getur í 21.A.801, eða í 21.A.807 fyrir aukaaflstöð, án samþykkis Flugöryggisstofnunarinnar.

c) Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liðar er einstaklingi eða lögaðila, sem annast viðhaldsvinnu samkvæmt tilheyrandi reglum um framkvæmd, heimilt, í samræmi við aðferðir, tækni og venjur sem Flugöryggisstofnunin kveður á um:

1. að fjarlægja, breyta eða setja auðkenniupplýsingarnar, sem um getur í a-lið 21.A.801, á loftfar, hreyfil, loftskrúfu, skrúfublað eða skrúfunöf eða setja auðkenniupplýsingarnar, sem um getur í a-lið 21.A.807, á aukaaflstöð eða

2. að fjarlægja auðkenniplötuna, sem um getur í 21.A.801, eða í 21.A.807 fyrir aukaaflstöð, þegar þörf krefur við viðhaldsaðgerðir.

d) Enginn má setja auðkenniplötu, sem hefur verið fjarlægð í samræmi við 2. lið c-liðar, á annað loftfar, hreyfil, loftskrúfu, skrúfublað eða skrúfunöf en þá sem hún var fjarlægð af.

21.A.804 Auðkenning hluta og búnaðar

a) Sérhvern hluta eða búnað skal merkja á varanlegan og læsilegan hátt:

1. með heiti, vörumerki eða tákni, sem auðkennir framleiðandann, eins og tilgreint er í viðeigandi hönnunargögnum, og

2. með hlutanúmeri, eins og það er skilgreint í viðeigandi hönnunargögnum, og

3. með stöfunum „EPA“ (evrópskt hlutasamþykki) þegar um er að ræða hlut eða búnað sem er framleiddur í samræmi við samþykkt hönnunargögn, sem tilheyra ekki handhafa tegundarvottorðs viðkomandi framleiðsluvöru nema þegar um er að ræða hluti/búnað sem samræmast evrópskri tækniforskrift.

b) Ef Flugöryggisstofnunin samþykkir að hluturinn eða búnaðurinn sé of lítill eða að óhagkvæmt sé að merkja hlutinn eða búnaðinn með þeim upplýsingum sem krafist er í a-lið skulu upplýsingarnar, sem ekki var hægt að setja á hlutinn, koma fram í opinberu afhendingarvottorði, sem fylgir hlutnum eða búnaðinum, eða á umbúðum hans, þrátt fyrir ákvæði a-liðar.

21.A.805 Auðkenning þýðingarmikilla hluta

Auk þess að uppfylla kröfur í 21.A.804 skal sérhver framleiðandi hlutar, sem hefur verið tilgreindur sem þýðingarmikill og setja á í tegundarvottaða framleiðsluvöru, merkja hlutinn á varanlegan og læsilegan hátt með hlutanúmeri og raðnúmeri.

21.A.807 Auðkenning hluta/búnaðar sem samræmast evrópskri tækniforskrift

a) Sérhver handhafi evrópskrar tækniforskriftarheimildar samkvæmt O-kafla skal merkja sérhvern hlut/búnað á varanlegan og læsilegan hátt með eftirfarandi upplýsingum:

1. nafni og heimilisfangi framleiðanda,

2. nafni, tegund, hlutanúmeri eða gerðartáknun hlutarins/búnaðarins,

3. raðnúmeri eða framleiðsludegi hlutarins/búnaðarins eða hvort tveggja og

4. viðeigandi ETSO-númeri.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skulu upplýsingarnar, sem ekki var hægt að setja á hlutinn, koma fram í opinberu afhendingarvottorði sem fylgir hlutnum eða umbúðum hans ef Flugöryggisstofnunin samþykkir að hluturinn sé of lítill eða að óhagkvæmt sé að merkja hlutinn með þeim upplýsingum sem krafist er í a-lið.

c) Sá sem framleiðir aukaaflstöð samkvæmt G- eða F-kafla skal auðkenna aukaaflstöðina með eldtraustri plötu sem upplýsingarnar í a-lið hafa verið settar á með ætingu, stönsun, málmristu eða með annarri aðferð sem samþykkt er til eldtraustrar merkingar. Auðkenniplötunni skal komið fyrir þannig að hún sé aðgengileg og læsileg og muni líklegast ekki vera gerð ólæsileg eða fjarlægð við venjulega notkun eða týnast eða eyðileggjast í slysi.

B-ÞÁTTUR

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

21.B.5 Gildissvið

a) Í þessum þætti er kveðið á um þær verklagsreglur sem lögbæru yfirvaldi aðildarríkis ber að fylgja þegar það sinnir verkefnum sínum og skyldum varðandi útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu og afturköllun vottorðs, samþykkis og heimildar sem um getur í I. viðauka (21. hluta).

b) Flugöryggisstofnunin skal semja, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, vottunarforskriftir og leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríki við framkvæmd þessa þáttar.

21.B.20 Skyldur lögbæra yfirvaldsins

Hvert lögbært yfirvald aðildarríkis ber aðeins ábyrgð á framkvæmd ákvæða F-, G-, H-, I- og P-kafla A-þáttar þegar um er að ræða umsækjendur eða handhafa sem eru með höfuðstöðvar á yfirráðasvæði þess.

21.B.25 Kröfur varðandi skipulag lögbæra yfirvaldsins

a) Almennt:

Aðildarríkið skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að framkvæma ákvæði F-, G-, H-, I- og P-kafla A-þáttar með skráðum verklagsreglum, stjórnskipulagi og starfsfólki.

b) Mannafli:

1. Fjöldi starfsfólks skal vera nægilegur til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað.

2. Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal tilnefna ábyrgðarmann eða ábyrgðarmenn sem bera ábyrgð á framkvæmd tilheyrandi verkefnis eða verkefna hjá embætti yfirvaldsins, þ.m.t. samskipti við Flugöryggisstofnunina og önnur innlend yfirvöld eftir því sem við á.

c) Starfsréttindi og þjálfun:

Allt starfsfólk skal hafa viðeigandi starfsréttindi og búa yfir nægilegri kunnáttu, reynslu og þjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað.

21.B.30 Skráðar verklagsreglur

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal setja skráðar verklagsreglur til að lýsa skipulagi sínu, úrræðum og aðferðum við að uppfylla kröfurnar í I. viðauka (21. hluta). Verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá embætti yfirvaldsins fyrir alla tilheyrandi starfsemi.

b) Flugöryggisstofnunin skal hafa aðgang að afriti af verklagsreglunum og breytingum á þeim.

21.B.35 Breytingar á skipulagi og verklagsreglum

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um allar verulegar breytingar á skipulagi sínu og skráðum verklagsreglum.

b) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal uppfæra tímanlega skráðar verklagsreglur, sem breytingar á reglum hafa áhrif á, til að tryggja skilvirka framkvæmd.

21.B.40 Lausn deilumála

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal koma á föstu ferli til að leysa deilumál innan embættisins samkvæmt skráðum verklagsreglum.

b) Þegar upp kemur deilumál sem ekki er hægt að leysa milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna er það á ábyrgð ábyrgðarmannanna, sem eru skilgreindir í 2. lið b-liðar 21.B.25, að taka málið upp við Flugöryggisstofnunina og leita sátta.

21.B.45 Tilkynning/samræming

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal tryggja samræmingu, eftir því sem við á, við aðra tilheyrandi vottunar-, rannsóknar-, samþykkis- eða heimildarteymi yfirvaldsins, önnur aðildarríki og Flugöryggisstofnunina til að tryggja skilvirk skipti á upplýsingum sem eru mikilvægar fyrir öryggi framleiðsluvara, hluta og búnaðar.

b) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um öll vandkvæði við framkvæmd þessa hluta.

21.B.55 Skráahald

Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal varðveita eða hafa aðgang að viðeigandi skrám sem varða vottorð, samþykki og heimildir sem það hefur veitt í samræmi við viðkomandi innlendar reglur og þar sem ábyrgð hefur verið flutt til Flugöryggisstofnunarinnar, svo fremi skrárnar hafi ekki verið afhentar Flugöryggisstofnuninni.

21.B.60 Lofthæfifyrirmæli

Þegar lögbært yfirvald aðildarríkis fær lofthæfifyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi ríkis utan Bandalagsins skal afhenda lofthæfifyrirmælin Flugöryggisstofnuninni til dreifingar í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARVOTTORÐ

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

(C-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARVOTTORÐUM

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

F-KAFLI — FRAMLEIÐSLA ÁN SAMÞYKKIS FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.120 Rannsókn

a) Lögbæra yfirvaldið skal skipa rannsóknarteymi fyrir sérhvern umsækjanda um samþykkisbréf eða handhafa samþykkisbréfs til að annast öll verkefni sem varða þetta samþykkisbréf en í hópnum skal vera teymisstjóri, sem stjórnar og leiðir rannsóknarteymið, og einn eða fleiri þátttakendur, eftir því sem þörf er á. Teymisstjórinn gefur skýrslu til ábyrgðarmannsins sem ber ábyrgð á starfseminni eins og skilgreint er í 2. lið b-liðar 21.B.25.

b) Lögbæra yfirvaldið skal gera rannsókn varðandi umsækjanda um samþykkisbréf eða handhafa samþykkisbréfs sem er nægilega ítarleg til að rökstyðja tilmæli um útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkisbréfsins.

c) Lögbæra yfirvaldið skal útbúa verklagsreglur um rannsókn á umsækjendum um samþykkisbréf eða handhöfum samþykkisbréfs sem skulu vera hluti af skráðum verklagsreglum og taka a.m.k. til eftirfarandi þátta:

1. mats á umsóknum sem hafa borist,

2. skipan rannsóknarteymis,

3. undirbúnings og skipulags rannsóknar,

4. mats á skjölum (handbók, verklagsreglum o.s.frv.),

5. úttektar og skoðunar,

6. eftirfylgni úrbóta og

7. tilmæla um útgáfu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkisbréfs.

21.B.125 Frávik

a) Ef lögbært yfirvald kemst að því, við úttektir eða með öðrum hætti, að hlutlæg sönnunargögn, sem sýna að handhafi staðfestingar á samkomulagi uppfyllir ekki viðeigandi kröfur A-þáttar þessa viðauka, skal flokka frávikið í samræmi við a-lið 21.A.125B.

b) Lögbært yfirvald skal grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa til tafarlausra aðgerða til að takmarka staðfestingu á samkomulagi, fella hana tímabundið úr gildi eða afturkalla hana, í heild eða að hluta, eftir umfangi fráviksins, þar til fyrirtækið hefur lokið aðgerðum til úrbóta með viðunandi hætti.

2. Við annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið veita frest til aðgerða til úrbóta sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrír mánuðir. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt, við lok frestsins, að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að stofnunin hafi lagt fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta.

c) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að fella staðfestinguna á samkomulaginu tímabundið úr gildi, í heild eða að hluta, ef ekki eru gerðar aðgerðir til úrbóta innan frestsins sem lögbæra yfirvaldið veitti.

21.B.130 Útgáfa staðfestingar á samkomulagi

a) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur fullvissu fyrir því að framleiðandi uppfylli viðeigandi kröfur í F-kafla A-þáttar skal það gefa út staðfestingu á samkomulagi sem veitir leyfi til að sýna fram á samræmi einstakra framleiðsluvara, hluta eða búnaðar (EASA-eyðublað nr. 65, sjá XI. viðbæti) án ótilhlýðilegrar tafar.

b) Í staðfestingu á samkomulagi skal koma fram gildissvið staðfestingarinnar, lok gildistíma og, þar sem við á, viðeigandi takmarkanir á heimildinni.

c) Gildistími staðfestingar á samkomulagi skal ekki vera lengri en eitt ár.

21.B.135 Staðfestingu á samkomulagi viðhaldið

Lögbæra yfirvaldið skal viðhalda staðfestingu á samkomulagi svo fremi:

a) að framleiðandi noti EASA-eyðublað nr. 52 rétt (sjá VIII. viðbæti) sem samræmisyfirlýsingu, þegar um er að ræða fullgerð loftför, og EASA-eyðublað nr. 1 (sjá I. viðbæti), þegar um er að ræða aðrar framleiðsluvörur en fullgerð loftför, hluti og búnað, og

b) að skoðanir, sem lögbært yfirvald aðildarríkisins framkvæmdi fyrir fullgildingu EASA-eyðublaðs nr. 52 (sjá VIII. viðbæti) eða EASA-eyðublaðs nr. 1 (sjá I. viðbæti), sbr. c-lið 21.A.130, leiddu hvorki í ljós frávik frá kröfum eða verklagsreglum handbókarinnar, sem framleiðandi lagði fram, né frávik frá samræmi viðkomandi framleiðsluvara, hluta eða búnaðar. Í þessum skoðunum skal a.m.k. athugað:

1. hvort staðfestingin taki til framleiðsluvörunnar, hlutarins eða búnaðarins, sem verið er að fullgilda, og sé áfram í gildi,

2. hvort framleiðandi noti handbókina, sem lýst er í b-lið 21.A.125, og gildandi breytingar á henni samkvæmt staðfestingu á samkomulagi, sem grundvallarvinnuskjal. Að öðrum kosti skal ekki halda skoðuninni áfram og skal því ekki fullgilda afhendingarvottorðin,

3. hvort framleiðsla hafi farið fram við þær aðstæður, sem mælt er fyrir um í staðfestingunni á samkomulagi, og á fullnægjandi hátt,

4. hvort skoðanir og prófanir (þ.m.t. flugprófanir ef við á), sbr. 2. lið b-liðar 21.A.130 og/eða 3. lið b-liðar, hafi farið fram við þær aðstæður, sem mælt er fyrir um í staðfestingunni á samkomulagi, og á fullnægjandi hátt,

5. hvort skoðanir lögbæra yfirvaldsins, sem lýst er eða fjallað er um í staðfestingunni á samkomulagi, hafi verið framkvæmdar og gefið fullnægjandi niðurstöður,

6. hvort samræmisyfirlýsingin uppfylli ákvæði 21.A.130 og upplýsingarnar, sem þar koma fram, hindri ekki fullgildingu hennar og

c) að gildistími staðfestingarinnar á samkomulagi sé ekki útrunninn.

21.B.140 Breyting á staðfestingu á samkomulagi

a) Lögbæra yfirvaldið skal rannsaka, í samræmi við ákvæði 21.B.120, allar breytingar á staðfestingu á samkomulagi, eftir því sem við á.

b) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að kröfur í F-kafla A-þáttar séu áfram uppfylltar skal það breyta staðfestingu á samkomulagi í samræmi við það.

21.B.145 Takmörkun, tímabundin ógilding og afturköllun staðfestingar á samkomulagi

a) Tilkynna skal handhafa staðfestingar á samkomulagi skriflega um takmörkun þess, tímabundna ógildingu eða afturköllun. Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina ástæður takmörkunarinnar, tímabundnu ógildingarinnar eða afturköllunarinnar og upplýsa handhafa staðfestingarinnar á samkomulaginu um rétt hans til áfrýjunar.

b) Þegar staðfesting á samkomulagi hefur verið ógilt tímabundið skal hún ekki öðlast gildi á ný fyrr en samræmi hefur verið komið á aftur við F-kafla A-þáttar.

21.B.150 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hverrar staðfestingar á samkomulagi á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Skrárnar skulu a.m.k. innihalda:

1. skjölin sem umsækjandi um eða handhafi staðfestingar á samkomulagi leggur fram,

2. skjöl sem unnin hafa verið meðan á rannsóknum og skoðunum stendur og þar sem starfsemi og lokaniðurstöður þáttanna, sem skilgreindir eru í 21.B.120, koma fram,

3. samþykkisbréfið, að meðtöldum breytingum á því, og

4. fundargerðir funda með framleiðandanum.

c) Varðveita skal skrárnar í a.m.k. sex ár eftir að gildistími staðfestingar á samkomulagi rennur út.

d) Lögbæra yfirvaldið skal einnig halda skrár yfir allar samræmisyfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52, sjá VIII. viðbæti) og opinber afhendingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 1, sjá I. viðbæti) sem það hefur fullgilt.

G-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21.B.220 Rannsókn

a) Lögbæra yfirvaldið skal skipa, fyrir sérhvern umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki, samþykkisteymi fyrir framleiðslufyrirtækið til að annast öll verkefni sem varða þetta samþykki fyrir framleiðslufyrirtækinu en í samþykkisteyminu skal vera teymisstjóri, sem stjórnar og leiðir samþykkisteymið, og einn eða fleiri þátttakendur, eftir því sem þörf er á. Teymisstjórinn gefur skýrslu til ábyrgðarmannsins sem ber ábyrgð á starfseminni eins og skilgreint er í 2. lið b-liðar 21.B.25.

b) Lögbæra yfirvaldið skal gera rannsókn varðandi umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki sem er nægilega ítarleg til að rökstyðja tilmæli um útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkisins.

c) Lögbæra yfirvaldið skal útbúa verklagsreglur um rannsókn á samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki sem skulu vera hluti af skráðum verklagsreglum og taka a.m.k. til eftirfarandi þátta:

1. mats á umsóknum sem hafa borist,

2. skipan samþykkisteymis fyrir framleiðslufyrirtæki,

3. undirbúnings og skipulags rannsóknar,

4. mats á skjölum (starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækis, verklagsreglum o.s.frv.),

5. úttektar,

6. eftirfylgni úrbóta,

7. tilmæla um útgáfu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki,

8. samfellds eftirlits.

21.B.225 Frávik

a) Ef lögbært yfirvald kemst að því, við úttektir eða með öðrum hætti, að hlutlæg sönnunargögn, sem sýna að handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki uppfyllir ekki viðeigandi kröfur A-þáttar skal flokka frávikið í samræmi við a-lið 21.A.158.

b) Lögbært yfirvald skal grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa til tafarlausra aðgerða til að afturkalla, takmarka eða ógilda samþykkið fyrir framleiðslufyrirtækið tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækið hefur lokið aðgerðum til úrbóta með viðunandi hætti.

2. Við annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið veita frest til aðgerða til úrbóta sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrír mánuðir. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt, við lok frestsins, að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins, að því tilskildu að stofnunin hafi lagt fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta.

c) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að fella staðfestinguna á samkomulaginu tímabundið úr gildi, í heild eða að hluta, ef ekki eru gerðar aðgerðir til úrbóta innan frestsins sem lögbæra yfirvaldið veitti.

21.B.230 Útgáfa vottorðs

a) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur fullvissu fyrir því að framleiðslufyrirtæki uppfylli viðeigandi kröfur í G-kafla A-þáttar skal það gefa út samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki (EASA-eyðublað nr. 55, sjá X. viðbæti) án ótilhlýðilegrar tafar.

b) Tilvísunarnúmerið skal koma fram á EASA-eyðublaði nr. 55 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.

21.B.235 Samfellt eftirlit

a) Til að rökstyðja að samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki sé viðhaldið skal lögbæra yfirvaldið koma í framkvæmd samfelldu eftirliti:

1. til að sannreyna að gæðakerfi handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki samræmist enn ákvæðum G-kafla A-þáttar,

2. til að sannreyna að fyrirtæki handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki sé starfrækt í samræmi við starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins,

3. til að sannreyna skilvirkni verklagsreglna í starfsemislýsingu framleiðslufyrirtækisins og

4. til að fylgjast með gæðum framleiðsluvöru, hluta eða búnaðar með úrtakskönnun.

b) Samfellt eftirlit skal fara fram í samræmi við 21.B.220.

c) Lögbæra yfirvaldið skal sjá til þess með samfelldu eftirliti að samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki sé endurskoðað í heild, með tilliti til samræmis við ákvæði I. viðauka (21. hluta), á 24 mánaða tímabili. Samfellt eftirlit getur falist í margvíslegri rannsóknarstarfsemi á þessu tímabili. Fjöldi úttekta getur verið mismunandi eftir því hversu margþætt fyrirtækið er og eftir fjölda athafnasvæða og því hversu þýðingarmikil framleiðslan er. Handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki skal sæta samfelldu eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds a.m.k. einu sinni á ári.

21.B.240 Breyting á samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki

a) Lögbæra yfirvaldið skal fylgjast með minni háttar breytingum með samfelldri eftirlitsstarfsemi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal rannsaka, í samræmi við 21.B.220, allar verulegar breytingar á samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki eða umsókn handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki um breytingu á gildissviði og skilmálum samþykkis eftir því sem við á.

c) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að kröfur í G-kafla A-þáttar séu áfram uppfylltar skal það breyta samþykkinu fyrir framleiðslufyrirtækinu í samræmi við það.

21.B.245 Tímabundin ógilding og afturköllun samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

a) Þegar um fyrsta eða annars stigs frávik er að ræða skal lögbæra yfirvaldið takmarka, ógilda tímabundið eða afturkalla samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki, að hluta eða í heild, sem hér segir:

1. Þegar um fyrsta stigs frávik er að ræða skal tafarlaust takmarka eða afturkalla samþykki fyrir framleiðslufyrirtækinu. Ef handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki uppfyllir ekki ákvæði 1. liðar c-liðar 21.A.158 skal afturkalla samþykkið fyrir framleiðslufyrirtækinu.

2. Þegar um annars stigs frávik er að ræða skal lögbæra yfirvaldið ákveða takmarkanir á gildissviði samþykkisins með því að ógilda um tíma samþykkið fyrir framleiðslufyrirtækinu eða einstaka hluta samþykkisins. Ef handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki uppfyllir ekki ákvæði 2. liðar c-liðar 21.A.158 skal afturkalla samþykkið fyrir framleiðslufyrirtækinu.

b) Tilkynna skal handhafa samþykkisins fyrir framleiðslufyrirtækinu skriflega um takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun samþykkis. Lögbæra yfirvaldið skal taka fram ástæður tímabundnu ógildingarinnar eða afturköllunarinnar og upplýsa handhafa samþykkisins fyrir framleiðslufyrirtækinu um rétt hans til áfrýjunar.

c) Þegar samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki hefur verið ógilt tímabundið skal það ekki öðlast gildi á ný fyrr en samræmi hefur verið komið á aftur við G-kafla A-þáttar.

21.B.260 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Skrárnar skulu a.m.k. innihalda:

1. skjölin, sem umsækjandi um vottorð eða handhafi vottorðs um samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki, leggur fram,

2. skjöl sem unnin hafa verið meðan á rannsókn stendur og þar sem starfsemi og lokaniðurstöður þáttanna, sem skilgreindir eru í 21.B.220, koma fram, þ.m.t. frávik sem staðfest hafa verið í samræmi við 21.B.225,

3. áætlunina um samfellt eftirlit, þ.m.t. skrár yfir rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið,

4. vottorð um samþykki fyrir framleiðslufyrirtækinu ásamt breytingum,

5. fundargerðir funda með handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtækinu.

c) Þessar skrár skal varðveita í a.m.k. sex ár.

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21.B.320 Rannsókn

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, skal framkvæma rannsókn varðandi umsækjanda um lofthæfivottorð eða handhafa lofthæfivottorðs sem er nægilega ítarleg til að rökstyðja tilmæli um útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun vottorðsins eða leyfisins.

b) Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, skal koma upp matsaðferðum sem taka a.m.k. til eftirfarandi þátta:

1. mats á gjaldgengi umsækjanda,

2. mats á gjaldgengi umsóknar,

3. flokkunar lofthæfivottorða,

4. mats á skjölum sem berast með umsókninni,

5. skoðunar á loftförum.

6. ákvörðunar nauðsynlegra skilyrða eða takmarkana á lofthæfivottorðum.

21.B.325 Útgáfa lofthæfivottorða

a) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út eða breyta lofthæfivottorði (EASA-eyðublað nr. 25, sjá VI. viðbæti), án ótilhlýðilegrar tafar þegar það hefur gengið úr skugga um að kröfur í 21.B.326 og viðeigandi kröfur H-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) séu uppfylltar.

b) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út eða breyta takmörkuðu lofthæfivottorði (EASA-eyðublað nr. 24, sjá V. viðbæti), án ótilhlýðilegrar tafar þegar það hefur gengið úr skugga um að kröfur í 21.B.327 og viðeigandi kröfur H-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) séu uppfylltar.

c) Auk viðeigandi lofthæfivottorðs, sem vísað er til í a- eða b-lið, fyrir nýtt loftfar eða notað loftfar sem upprunnið er í ríki utan Bandalagsins, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkis gefa út fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15a, sjá II. viðbæti).

21.B.326 Lofthæfivottorð

Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út lofthæfivottorð:

a) fyrir ný loftför:

1. við framvísun þeirra gagna sem krafist er í 2. lið b-liðar 21.A.174,

2. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið samræmist samþykktri hönnun og sé í öruggu rekstrarástandi. Þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,

b) fyrir notuð loftför:

1. við framvísun þeirra gagna sem krafist er í 3. lið b-liðar 21.A.174 og sýna fram á:

i. að loftfarið samræmist tegundarhönnun, sem er samþykkt samkvæmt tegundarvottorði og viðbótartegundarvottorði, breytingu eða viðgerð, sem samþykkt er samkvæmt I. viðauka (21. hluta) og

ii. að farið hafi verið að viðeigandi lofthæfifyrirmælum og

iii. að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við viðeigandi ákvæði I. viðauka (M-hluta) í [reglugerð (EB) nr. 2042/2003],

2. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið samræmist samþykktri hönnun og sé í öruggu rekstrarástandi. Þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,

21.B.327 Takmarkað lofthæfivottorð

a) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út takmarkað lofthæfivottorð:

1. fyrir ný loftför:

i. við framvísun þeirra gagna sem krafist er í 2. lið b-liðar 21.A.174,

ii. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið samræmist hönnun sem stofnunin hefur samþykkt samkvæmt takmörkuðu tegundarvottorði eða í samræmi við tilgreindar lofthæfiforskriftir og sé í öruggu rekstrarástandi. Þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,

2. fyrir notuð loftför:

i. við framvísun þeirra gagna sem krafist er í 3. lið b-liðar 21.A.174 og sýna fram á:

A) að loftfarið samræmist hönnun sem stofnunin hefur samþykkt samkvæmt takmörkuðu tegundarvottorði eða í samræmi við tilgreindar lofthæfiforskriftir og viðbótartegundarvottorði, breytingu eða viðgerð sem samþykkt er í samræmi við I. viðauka (21. hluta) og

B) að farið hafi verið að viðeigandi lofthæfifyrirmælum og

C) að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við viðeigandi ákvæði I. viðauka (M-hluta) í [reglugerð (EB) nr. 2042/2003],

ii. þegar lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hefur gengið úr skugga um að loftfarið samræmist samþykktri hönnun og sé í öruggu rekstrarástandi. Þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins.

b) Stofnunin skal taka tillit til frávika frá grunnkröfunum, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 216/2008, eftir því sem þurfa þykir, vegna loftfars sem uppfyllir ekki þessar grunnkröfur og sem uppfyllir ekki skilyrðin fyrir útgáfu takmarkaðs tegundarvottorðs:

1. með því að gefa út og hafa eftirlit með því að fylgt sé tilgreindum lofthæfiforskriftum sem tryggja fullnægjandi öryggi, að því er varðar fyrirhugaða notkun og

2. með því að tilgreina takmarkanir á notkun loftfarsins.

c) Takmarkanir á notkun tengjast takmörkuðum lofthæfivottorðum, að meðtöldum takmörkunum á notkun loftrýmis, eftir því sem þurfa þykir, til að taka tillit til frávika frá grunnkröfum um lofthæfi sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 216/2008.

21.B.330 Tímabundin ógilding og afturköllun lofthæfivottorða og takmarkaðra lofthæfivottorða

a) Þegar sannað þykir að skilyrðin, sem tilgreind eru í a-lið 21.A.181, eru ekki uppfyllt skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, ógilda lofthæfivottorðið tímabundið eða afturkalla það.

b) Við útgáfu tilkynningar um tímabundna ógildingu og afturköllun lofthæfivottorðs eða takmarkaðs lofthæfivottorðs skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, taka fram ástæðurnar fyrir tímabundnu ógildingunni eða afturkölluninni og upplýsa handhafa vottorðsins um rétt hans til áfrýjunar.

21.B.345 Skráahald

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers lofthæfivottorðs á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Skrárnar skulu a.m.k. innihalda:

1. skjölin sem umsækjandi leggur fram,

2. skjöl sem útbúin eru meðan á rannsókn stendur, þar sem starfsemi og lokaniðurstöður þáttanna, sem skilgreindir eru í b-lið 21.B.320, koma fram og

3. afrit af vottorðinu eða leyfinu, þ.m.t. allar breytingar.

c) Þessar skrár skal varðveita í a.m.k. sex ár eftir að þær hafa verið fjarlægðar úr loftfaraskrá aðildarríkisins.

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21.B.420 Rannsókn

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, skal framkvæma rannsókn varðandi umsækjanda um hljóðstigsvottorð eða handhafa hljóðstigsvottorðs sem er nægilega ítarleg til að rökstyðja tilmæli um útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun vottorðsins.

b) Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, skal útbúa verklagsreglur um mat sem skulu vera hluti af skráðum verklagsreglum og taka a.m.k. til eftirfarandi þátta:

1. mats á gjaldgengi,

2. mats á skjölum sem berast með umsókninni,

3. skoðunar á loftförum.

21.B.425 Útgáfa hljóðstigsvottorða

Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, skal, eftir því sem við á, gefa út eða breyta hljóðstigsvottorði (EASA-eyðublað nr. 45, sjá VII. viðbæti) án ótilhlýðilegrar tafar þegar það hefur gengið úr skugga um að viðeigandi kröfur í I-kafla A-þáttar séu uppfylltar.

21.B.430 Tímabundin ógilding og afturköllun hljóðstigsvottorðs

a) Þegar sannað þykir að skilyrðin, sem tilgreind eru í a-lið 21.A.211, séu ekki uppfyllt skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, ógilda hljóðstigsvottorð tímabundið eða afturkalla það.

b) Við útgáfu tilkynningar um tímabundna ógildingu og við afturköllun hljóðstigsvottorðs skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins taka fram ástæðurnar fyrir tímabundnu ógildingunni eða afturkölluninni og upplýsa handhafa vottorðsins um rétt hans til áfrýjunar.

21.B.445 Skráahald

a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er skráð, skal koma á kerfisbundnu skráahaldi með skilyrðum um lágmarkstíma varðveislu sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers hljóðstigsvottorðs á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.

b) Skrárnar skulu a.m.k. innihalda:

1. skjölin sem umsækjandi leggur fram,

2. skjöl sem útbúin eru meðan á rannsókn stendur, þar sem starfsemi og lokaniðurstöður þáttanna, sem skilgreindir eru í b-lið 21.B.420, koma fram og

3. afrit af vottorðinu, ásamt breytingum.

c) Þessar skrár skal varðveita í a.m.k. sex ár eftir að þær hafa verið fjarlægðar úr loftfaraskrá aðildarríkisins.

J-KAFLI — SAMÞYKKI FYRIR HÖNNUNARFYRIRTÆKI

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

K-KAFLI — HLUTIR OG BÚNAÐUR

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

(L-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

M-KAFLI — VIÐGERÐIR

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

(N-KAFLI — Á EKKI VIÐ)

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21.B.520 Rannsókn

a) Lögbært yfirvald skal framkvæma rannsókn sem er nægilega ítarleg til að rökstyðja tilmæli um útgáfu eða afturköllun flugleyfisins.

b) Lögbært yfirvald skal koma upp matsaðferðum sem taka a.m.k. til eftirfarandi þátta:

1. mats á gjaldgengi umsækjanda,

2. mats á gjaldgengi umsóknar,

3. mats á skjölum sem berast með umsókninni,

4. skoðunar á loftfari,

5. samþykkis skilyrða til flugs í samræmi við b-lið 21.A.710.

21.B.525 Útgáfa flugleyfa

Lögbært yfirvald skal gefa út flugleyfi (EASA-eyðublað nr. 20a, sjá III. viðbæti) án ótilhlýðilegrar tafar:

a) þegar gögnin, sem krafist er í 21.A.707, eru lögð fram, og

b) þegar flugskilyrðin, sem um getur í 21.A.708, hafa verið samþykkt í samræmi við 21.A.710 og

c) þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um, með eigin rannsóknum, sem geta falið í sér skoðanir, eða samkvæmt verklagsreglum, sem samþykktar eru af hálfu umsækjanda, að loftfarið samræmist hönnuninni sem skilgreind er í 21.A.708 áður en því er flogið.

21.B.530 Afturköllun flugleyfa

a) Þegar sannað þykir að skilyrðin, sem tilgreind eru í a-lið 21.A.723 hafi ekki verið uppfyllt vegna flugleyfis sem lögbært yfirvald hefur gefið út skal það afturkalla flugleyfið.

b) Við útgáfu tilkynningar á afturköllun flugleyfis skal lögbært yfirvald taka fram ástæðurnar fyrir afturkölluninni og upplýsa handhafa flugleyfisins um rétt hans til áfrýjunar.

21.B.545 Skráahald

a) Lögbært yfirvald skal starfrækja kerfisbundið skráahald sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers flugleyfis á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu og afturköllun.

b) Skrárnar skulu a.m.k. innihalda:

1. skjölin sem umsækjandi leggur fram,

2. skjöl sem útbúin eru meðan á rannsókn stendur, þar sem starfsemi og lokaniðurstöður þáttanna, sem skilgreindir eru í b-lið 21.B.520, koma fram og

3. afrit af flugleyfinu.

c) Þessar skrár skulu varðveittar í a.m.k. sex ár eftir að flugleyfið fellur úr gildi.

Q-KAFLI —AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA, HLUTA OG BÚNAÐAR

Stjórnsýslumeðferð, sem Flugöryggisstofnunin ákveður, gildir.

———

Viðbætar

EASA-EYÐUBLÖÐ

Þegar eyðublöð þessa viðauka eru gefin út á öðru tungumáli en ensku skal þeim fylgja ensk þýðing.

Á EASA-eyðublöðunum, sem um getur í viðbætunum við þennan hluta, skulu koma fram eftirfarandi skyldubundnar upplýsingar Aðildarríki skulu tryggja að EASA-eyðublöðin, sem þau gefa út, séu þekkjanleg sem slík og skulu bera ábyrgð á prentun þessara eyðublaða.

I. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 1, Opinbert afhendingarvottorð

II. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 15a, Lofthæfistaðfestingarvottorð

III. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20a, Flugleyfi

IV. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 20b, Flugleyfi (gefið út af samþykktum fyrirtækjum)

V. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 24, Takmarkað lofthæfivottorð

VI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 25, Lofthæfivottorð

VII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 45, Hljóðstigsvottorð

VIII. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 52, Samræmisyfirlýsing fyrir loftfar

IX. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 53, Afhendingarvottorð

X. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 55, Vottorð um samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki

XI. viðbætir — EASA-eyðublað nr. 65 — Staðfesting á samkomulagi fyrir framleiðslu án samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki

I. viðbætir

Afhendingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 1 sem um getur í I. viðauka (21. hluta)

1. Lögbært yfirvald/land sem veitir samþykki	2. **OPINBERT AFHENDINGARVOTTORÐ** EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1				3. Rakningarnúmer eyðublaðs
4. Heiti og heimilisfang fyrirtækis:					5. Verkbeiðni/verksamningur/reikningur
6. Eining	7. Lýsing	8. Hlutanúmer	9. Magn	10. Raðnúmer	11. Staða/unnin verk
12. Athugasemdir					
13a. Hér með vottast að framangreindar einingar voru framleiddar í samræmi við: ☐ samþykkt hönnunargögn og eru í öruggu rekstrarástandi ☐ ósamþykkt hönnunargögn sem eru tilgreind í 12. reit			14a. ☐ Afhendingarvottorð samkvæmt A.50 í 145. hluta ☐ Aðrar reglur tilgreindar í 12. reit Hér með vottast að verkið, sem tilgreint er í 11. reit og lýst í 12. reit, hefur verið framkvæmt í samræmi við 145. hluta og að hægt er að gefa út afhendingarvottorð fyrir einingarnar, að því er varðar það verk, nema annað sé tekið fram í 12. reit.		
13b. Viðurkennd undirskrift	13c. Númer samþykkis/heimildar		14b. Viðurkennd undirskrift		14c. Tilvísunarnúmer vottorðs/samþykkis
13d. Nafn	13e. Dagsetning (dagur/mánuður/ár)		14d. Nafn		14e. Dagsetning (dagur/mánuður/ár)
ÁBYRGÐ NOTANDA/ÞESS SEM ANNAST ÍSETNINGU Þetta vottorð jafngildir ekki sjálfkrafa heimild til ísetningar einingarinnar eða eininganna. Vinni notandinn eða sá sem annast ísetningu samkvæmt reglum annars lofthæfiyfirvalds en tilgreint er í 1. reit er nauðsynlegt að notandinn eða sá sem annast ísetningu gangi úr skugga um að það lofthæfiyfirvald viðurkenni einingar frá lofthæfiyfirvaldinu sem er tilgreint í 1. reit. Yfirlýsingarnar í reitum 13a og 14a jafngilda ekki ísetningarvottorði. Í öllum tilvikum er óheimilt að fljúga loftfarinu nema viðhaldsgögnunum fylgi ísetningarvottorð sem notandinn eða sá sem annast ísetningu hefur gefið út í samræmi við landsbundnar reglur.					

EASA-eyðublað nr. 1-21, 2. útgáfa.

Notkunarleiðbeiningar fyrir EASA-eyðublað nr. 1

Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við um notkun EASA-eyðublaðs nr. 1 vegna framleiðslu. Athygli er vakin á II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) í [reglugerð (EB) nr. 2042/2003] sem tekur til notkunar EASA-eyðublaðs nr. 1 vegna viðhalds.

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

1.1. Meginmarkmiðið með vottorðinu er að lýsa yfir lofthæfi nýrra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til notkunar í flugi (hér á eftir nefnt „eining“ eða „einingar“).

1.2. Samsvörun skal vera á milli vottorðsins og einingarinnar eða eininganna. Sá sem útbýr vottorðið skal geyma vottorðið á formi sem gerir kleift að sannreyna upphaflegu gögnin.

1.3. Mörg lofthæfiyfirvöld viðurkenna vottorðið, en það kann að vera háð tvíhliða samningum og/eða stefnu lofthæfiyfirvaldsins.

1.4. Vottorðið er ekki afhendingarseðill eða fylgiseðill.

1.5. Vottorðið skal ekki notast sem afhendingarvottorð fyrir loftfar.

1.6. Þetta vottorð jafngildir ekki heimild til ísetningar einingarinnar í tiltekið loftfar, hreyfil eða skrúfu en hjálpar notanda að ákvarða stöðu samþykkis á lofthæfi hennar.

1.7. Ekki er heimilt að setja einingar með framleiðsluvottorð og viðhaldsvottorð á sama vottorð.

1.8. Ekki er heimilt að setja einingar, sem eru vottaðar í samræmi við „samþykkt gögn“ og einingar sem eru vottaðar í samræmi við „ósamþykkt gögn“, á sama vottorðið.

2. ALMENNT SNIÐ

2.1. Vottorðið skal vera í samræmi við meðfylgjandi eyðublað, þ.m.t. númer reitanna og staðsetning. Þó má breyta stærð hvers reits eftir því sem hentar fyrir viðkomandi umsókn en ekki að því marki að vottorðið verði óþekkjanlegt.

2.2. Vottorðið skal vera með langsniði en heimilt er að stækka eða minnka vottorðið töluvert svo fremi að það sé áfram þekkjanlegt og læsilegt. Hafa skal samráð við lögbæra yfirvaldið í vafatilvikum.

2.3. Yfirlýsing um ábyrgð notanda/þess sem annast uppsetningu má vera á hvorri hlið eyðublaðsins sem er.

2.4. Allur texti skal prentaður skýrt og læsilega til að auðvelt sé að lesa hann.

2.5. Vottorðið skal annaðhvort vera forprentað eða tölvugert en hvort heldur er skal prentun lína og stafa vera skýr og læsileg og í samræmi við skilgreinda sniðið.

2.6. Vottorðið skal vera á ensku og, ef við á, á einu eða fleiri tungumálum til viðbótar.

2.7. Upplýsingarnar, sem færa skal á vottorðið, skulu prentaðar í vél eða tölvu eða handskrifaðar með hástöfum og vera auðlæsilegar.

2.8. Fyrir skýrleika sakir skal nota sem minnst af skammstöfunum.

2.9. Sá sem útbýr vottorðið getur notað auða svæðið á bakhlið vottorðsins undir viðbótarupplýsingar en ekki undir vottunaryfirlýsingar. Vísa verður til notkunar á bakhlið vottorðsins í viðeigandi reit á framhlið þess.

3. AFRIT

3.1. Engin takmörk eru sett á fjölda vottorðsafrita sem send eru til viðskiptavina eða varðveitt hjá þeim sem útbýr vottorðið.

4. SKEKKJA EÐA SKEKKJUR Á VOTTORÐI

4.1. Ef notandi finnur skekkju eða skekkjur á vottorði verður hann að tilkynna hana eða þær skriflega til þess sem útbjó vottorðið. Sá sem útbýr vottorðið má gefa út nýtt vottorð ef unnt er að staðfesta og leiðrétta skekkjuna eða skekkjurnar.

4.2. Nýja vottorðið verður að hafa nýtt rakningarnúmer, undirskrift og dagsetningu.

4.3. Uppfylla má beiðni um nýtt vottorð án þess að sannprófa á ný ástand einingarinnar eða eininganna. Nýja vottorðið er ekki yfirlýsing um núverandi ástand og skal vísa til fyrra vottorðsins í 12. reit með eftirfarandi yfirlýsingu: „Þetta vottorð leiðréttir skekkjuna/skekkjurnar í reit/reitum [númer reita sem hafa verið leiðréttir] í vottorði [upphaflegt rakningarnúmer] dagsettu [upphaflegur útgáfudagur] og tekur ekki til samræmis/ástands/afhendingar.“ Bæði vottorðin skulu geymd í samræmi við þann varðveislutíma sem tengdur er fyrra vottorðinu.

5. HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR VOTTORÐIÐ BER AÐ FYLLA ÞAÐ ÚT

1. reitur Lögbært yfirvald/land sem veitir samþykki

Hér skal tilgreina heiti og land lögbæra yfirvaldsins sem veitti samþykki fyrir útgáfu vottorðsins. Þegar lögbæra yfirvaldið er Flugöryggisstofnunin skal aðeins standa „EASA“.

2. reitur EASA-eyðublað nr. 1

„AFHENDINGARVOTTORÐ EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1“.

3. reitur Rakningarnúmer eyðublaðs

Hér skal færa inn einstakt númer sem myndað er samkvæmt númerakerfi/verklagsreglu fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit. Þetta númer má innihalda bæði tölustafi og bókstafi.

4. reitur Heiti og heimilisfang fyrirtækis

Hér skal færa fullt heiti og heimilisfang framleiðslufyrirtækisins (sjá EASA-eyðublað nr. 55, blað A) sem gefur út afhendingarvottorð fyrir einingunа eða einingarnar sem falla undir þetta vottorð. Kennimerki fyrirtækisins o.s.frv. er leyft ef það rúmast innan reitsins.

5. reitur Verkbeiðni/verksamningur/reikningur

Hér skal færa númer verkbeiðni, samnings, reiknings eða annað tilvísunarnúmer til að auðvelda viðskiptavini að rekja einingunа eða einingarnar.

6. reitur Eining

Hér skal færa inn eininganúmer ef um fleiri en eina einingu er að ræða. Þessi reitur auðveldar millivísun í liðinn „Athugasemdir“ í 12. reit.

7. reitur Lýsing

Tilgreina skal heiti einingar eða lýsa henni. Helst skal nota hugtakið sem notað er í leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi eða viðhaldsgögnum (t.d. myndskýrðu hlutaskránni, viðhaldshandbók loftfarsins, þjónustuleiðbeiningum, viðhaldshandbók íhlutar).

8. reitur Hlutanúmer:

Hér skal tilgreina hlutanúmer eins og það birtist á einingunni eða merki og umbúðum. Ef um er að ræða hreyfil eða skrúfu má nota tegundarheiti.

9. reitur Magn

Hér skal tilgreina fjölda eininga.

10. reitur Raðnúmer

Hér skal tilgreina raðnúmer ef þess er krafist, samkvæmt reglugerð, að einingin sé auðkennd með raðnúmeri. Hér má að auki tilgreina raðnúmer sem ekki er krafist samkvæmt reglugerð. Ef ekkert raðnúmer er að finna á einingunni skal skrifa „Á ekki við“.

11. reitur Staða/unnin verk

Hér skal færa annaðhvort „FRUMGERÐ“ eða „NÝ“.

Færa skal „FRUMGERÐ“:

i. fyrir framleiðslu nýrrar einingar í samræmi við ósamþykkt hönnunargögn,

ii. fyrir endurvottun fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit á fyrra vottorði eftir breytingu eða lagfæringu einingar áður en hún er tekin í notkun (t.d. eftir aðlögun að hönnunarbreytingu, lagfæringu galla, skoðun, prófun eða endurnýjun geymsluþols). Upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið sem og breytingar og lagfæringar skulu færðar í 12. reit.

Færa skal „NÝ“:

i. fyrir framleiðslu nýrrar einingar í samræmi við samþykkt hönnunargögn,

ii. fyrir endurvottun fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit á fyrra vottorði eftir breytingu eða lagfæringu einingar áður en hún er tekin í notkun (t.d. eftir aðlögun að hönnunarbreytingu, lagfæringu galla, skoðun, prófun eða endurnýjun geymsluþols). Upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið sem og breytingar og lagfæringar skulu færðar í 12. reit,

iii. fyrir endurvottun vöruframleiðandans eða fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit á fyrra vottorði eininga frá „frumgerð“ (aðeins í samræmi við ósamþykkt gögn) og í „ný“ (í samræmi við samþykkt gögn og í öruggu rekstrarástandi) að fengnu samþykki fyrir viðeigandi hönnunargögnum og að því tilskildu að hönnunargögnin hafi ekki breyst. Eftirfarandi yfirlýsingu skal færa í 12. reit:

ENDURVOTTUN EININGA FRÁ „FRUMGERÐ“ OG Í „NÝ“: ÞETTA SKJAL VOTTAR SAMÞYKKI HÖNNUNARGAGNA [HÉR SKAL FÆRA INN NÚMER TEGUNDARVOTTORÐS/VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐS, ENDURSKOÐUNARSTIG], DAGSETT [HÉR SKAL FÆRA INN DAGSETNINGU EF NAUÐSYN KREFUR TIL AÐ AUÐKENNA STÖÐU ENDURSKOÐUNARINNAR], SEM ÞESSI EINING EÐA EININGAR VORU FRAMLEIDDAR SAMKVÆMT.

Haka skal í rammann „samþykkt hönnunargögn og eru í öruggu rekstrarástandi“ í reit 13a,

iv. fyrir skoðun nýrrar einingar sem afhendingarvottorð hefur verið gefið út fyrir áður en hún er tekin í notkun í samræmi við staðal eða forskrift sem tilgreind er af viðskiptavini (þær upplýsingar og upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið skulu færðar í 12. reit) eða til að ákvarða lofthæfi (skýringu á grundvelli afhendingarvottorðsins og upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið skal færa í 12. reit).

12. reitur Athugasemdir

Hér skal lýsa því verki sem tilgreint er í 11. reit, annaðhvort beint eða með tilvísun til fylgiskjala, enda þurfi notandinn eða sá sem annast ísetningu á þessum upplýsingum að halda til að geta tekið lokaákvörðun um lofthæfi einingarinnar að því er varðar það verk sem verið er að votta. Ef nauðsyn krefur má nota sérstakt blað og vísa í það á EASA-eyðublaði nr. 1. Í hverri yfirlýsingu skal koma skýrt fram til hvaða einingar eða eininga í 6. reit hún vísar. Ef engin yfirlýsing er gefin skal skrifa „Ekkert“.

Hér skal færa inn rökstuðning fyrir útgáfu afhendingarvottorðs í samræmi við ósamþykkt hönnunargögn í 12. reit (t.d. tegundarvottorðs beðið, aðeins til prófunar, samþykkis gagna beðið).

Ef upplýsingarnar eru prentaðar úr rafrænni útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1 skal færa hvers konar upplýsingar í þennan reit sem eiga ekki heima í öðrum reitum.

Reitur 13a Aðeins skal haka í annan rammann:

1. Haka skal við rammann „samþykkt hönnunargögn og eru í öruggu rekstrarástandi“ ef einingin eða einingarnar voru framleiddar samkvæmt samþykktum hönnunargögnum og eru í öruggu rekstrarástandi.

2. Haka skal við „ósamþykkt hönnunargögn sem eru tilgreind í 12. reit“ ef einingin eða einingarnar var/voru framleiddar samkvæmt viðeigandi ósamþykktum hönnunargögnum. Hér skal tilgreina gögnin í 12. reit (t.d. tegundarvottorðs beðið, aðeins til prófunar, samþykkis gagna beðið).

Ekki er heimilt að setja einingar sem afhendingarvottorð hefur verið gefið út fyrir í samræmi við samþykkt gögn og ósamþykkt gögn á sama vottorðið.

Reitur 13b Viðurkennd undirskrift

Í þennan reit skal koma undirskrift viðurkennds aðila. Aðeins aðilar, sem hafa til þess sérstaka heimild samkvæmt reglum og stefnu lögbæra yfirvaldsins, hafa leyfi til að færa nafn sitt í þennan reit. Til að auðvelda auðkenningu má bæta við einstöku númeri sem staðfestir deili á viðurkennda aðilanum.

Reitur 13c Númer samþykkis/heimildar

Hér skal færa inn númer/tilvísun samþykkis/heimildar. Númerið eða tilvísunin er gefin út af hálfu lögbæra yfirvaldsins.

Reitur 13d Nafn

Hér skal færa inn nafn aðilans, sem undirritar í reit 13b, á læsilegan hátt.

Reitur 13e Dagsetning

Færa skal dagsetningu undirritunar í reit 13b á forminu dd = dagsetning tilgreind með dd, mmm = mánuður tilgreindur með fyrstu 3 bókstöfum mánaðar, áááá = ár tilgreint með fjórum tölustöfum.

Reitur14a-14e Almennar kröfur varðandi reiti 14a-14e:

Ekki notaðir fyrir vottun framleiðsluvara. Skyggja skal, dekkja eða merkja reitina á annan hátt til að koma í veg fyrir notkun fyrir slysni eða óheimilaða notkun.

Ábyrgð notanda eða þess sem annast ísetningu

Eftirfarandi yfirlýsingu skal koma fyrir á vottorðinu til að tilkynna notendum að vottorðið leysi þá ekki undan ábyrgð þegar kemur að ísetningu og notkun þeirra eininga sem fylgja vottorðinu:

„ÞETTA VOTTORÐ JAFNGILDIR EKKI SJÁLFKRAFA HEIMILD TIL ÍSETNINGAR.

VINNI NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU SAMKVÆMT REGLUM ANNARS LOFTHÆFIYFIRVALDS EN TILGREINT ER Í 1. REIT ER NAUÐSYNLEGT AÐ NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU GANGI ÚR SKUGGA UM AÐ ÞAÐ LOFTHÆFIYFIRVALD VIÐURKENNI EININGAR FRÁ LOFTHÆFIYFIRVALDINU SEM ER TILGREINT Í 1. REIT.

YFIRLÝSINGARNAR Í REITUM 13A OG 14A JAFNGILDA EKKI ÍSETNINGARVOTTORÐI. Í ÖLLUM TILVIKUM ER ÓHEIMILT AÐ FLJÚGA LOFTFARINU NEMA VIÐHALDSGÖGNUNUM FYLGI ÍSETNINGARVOTTORÐ SEM NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU HEFUR GEFIÐ ÚT Í SAMRÆMI VIÐ LANDSBUNDNAR REGLUR.“

———

II. viðbætir

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15a

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs: ……

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars: ……..

Einkenni framleiðanda fyrir loftfarið: …… ……

Skráning loftfars: …….

Raðnúmer loftfars: …….

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: …… Síðasti gildisdagur: …….

Undirskrift: …….. Númer heimildar: ……

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [(EB) nr. 2042/2003]. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: …… Síðasti gildisdagur: ……

Undirskrift: …….. Númer heimildar ……

Heiti fyrirtækis: ……... Tilvísunarnúmer samþykkis: ……

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [(EB) nr. 2042/2003]. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: …… Síðasti gildisdagur: ……

Undirskrift: …….. Númer heimildar ……

Heiti fyrirtækis: ……... Tilvísunarnúmer samþykkis: ……

EASA-eyðublað nr. 15 a, 3. útgáfa.

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

III. viðbætir

Kennimerki lögbærs yfirvalds

FLUGLEYFI

(*)	
Þetta flugleyfi er gefið út samkvæmt a-lið 4. mgr. 5. gr. í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og vottar að loftfarið er fært um að stunda öruggt flug í þeim tilgangi og samkvæmt skilyrðunum, sem talin eru upp hér á eftir, og er gilt í öllum aðildarríkjum Þetta leyfi gildir einnig fyrir flug til ríkja utan Evrópusambandsins og innan þeirra, að því tilskildu að lögbær yfirvöld þeirra ríkja veiti sérstakt samþykki:	1. Ríkisfang og skráningarmerki:
2. Framleiðandi/gerð loftfars:	3. Raðnúmer:
4. Leyfið nær til: [markmið í samræmi við a-lið 21.A.701]	
5. Handhafi: [ef um er að ræða flugleyfi, sem gefið er út að því er varðar 15. lið a-liðar 21.A.701, skal standa hér: „skráður eigandi“]	
6. Skilyrði/athugasemdir:	
7. Gildistími:	
8. Útgáfustaður og dagsetning:	9. Undirskrift fulltrúa lögbæra yfirvaldsins:

EASA-eyðublað nr. 20a

(*) Útfyllist af skráningarríki.

IV. viðbætir

Lögbært yfirvald aðildarríkisins sem hefur gefið út samþykki fyrirtækisins fyrir flugleyfi eða „EASA“ þegar Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) gefur út samþykki	**FLUGLEYFI**

Nafn og heimilisfang fyrirtækisins sem gefur út flugleyfið	(*)
Þetta flugleyfi er gefið út samkvæmt a-lið 4. mgr. 5. gr. í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og vottar að loftfarið er fært um að stunda öruggt flug í þeim tilgangi og samkvæmt skilyrðunum, sem talin eru upp hér á eftir, og er gilt í öllum aðildarríkjum Þetta leyfi gildir einnig fyrir flug til ríkja utan Evrópusambandsins og innan þeirra, að því tilskildu að lögbær yfirvöld þeirra ríkja veiti sérstakt samþykki:	1. Ríkisfang og skráningarmerki:
2. Framleiðandi/gerð loftfars:	3. Raðnúmer:
4. Leyfið nær til: *[markmið í samræmi við a-lið 21.A.701]*	
5. Handhafi: *[Fyrirtæki sem gefur út flugleyfið]*	
6. Skilyrði/athugasemdir:	
7. Gildistími:	
8. Útgáfustaður og dagsetning:	9. Viðurkennd undirskrift: Nafn: Tilvísunarnúmer samþykkis:

EASA-eyðublað nr. 20b

(*) Útfyllist af handhafa samþykkis fyrirtækis.

V. viðbætir

Takmarkað lofthæfivottorð — EASA-eyðublað nr. 24

Kennimerki lögbærs yfirvalds

TAKMARKAÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

([1])	[Skráningaraðildarríki] [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS]	([2])
1. Ríkisfang og skrásetningarmerki	2. Framleiðandi og táknun framleiðanda loftfars	3. Raðnúmer loftfars
4. Flokkar		
5. Þetta lofthæfivottorð er gefið út samkvæmt (3) [Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, dagsettum 7. desember 1944] og b-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 að því er varðar framangreint loftfar sem telst lofthæft þegar því er viðhaldið og það er starfrækt í samræmi við fyrrgreind viðeigandi starfrækslumörk. Auk framangreinds skulu eftirfarandi takmarkanir gilda: ([4]) ([5]) [Heimilt er að nota loftfarið í flugi sem fer fram undir alþjóðlegri flugleiðsögu þrátt fyrir framangreindar takmarkanir].		
Útgáfudagur:	Undirskrift:	
6. Þetta takmarkaða lofthæfivottorð gildir nema lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins afturkalli það. Festa skal gilt lofthæfistaðfestingarvottorð við þetta vottorð.		

EASA-eyðublað nr. 24, 2. útgáfa.

Þetta vottorð skal ætíð vera um borð meðan á flugi stendur.

([1]) Útfyllist af skráningarríki.
([2]) Útfyllist af skráningarríki.
([3]) Strikið yfir þar sem við á.
([4]) Útfyllist af skráningarríki.
([5]) Strikið yfir þar sem við á.

VI. viðbætir

Lofthæfivottorð — EASA-eyðublað nr. 25

Kennimerki lögbærs yfirvalds

LOFTHÆFIVOTTORÐ

(1)	[Skráningaraðildarríki] [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS]	(2)
1. Ríkisfang og skrásetningarmerki	2. Framleiðandi og táknun framleiðanda loftfars	3. Raðnúmer loftfars
4. Flokkar		
5. Þetta lofthæfivottorð er gefið út samkvæmt Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, dagsettum 7. desember 1944, og c-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 að því er varðar framangreint loftfar sem telst lofthæft þegar því er viðhaldið og það er starfrækt í samræmi við fyrrgreind og viðeigandi starfrækslumörk. Takmarkanir/athugasemd: (3) Útgáfudagur: Undirskrift:		
6. Þetta lofthæfivottorð gildir nema lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins afturkalli það. Festa skal gilt lofthæfistaðfestingarvottorð við þetta vottorð.		

EASA-eyðublað nr. 25, 2. útgáfa.

Þetta vottorð skal ætíð vera um borð meðan á flugi stendur.

(1) Útfyllist af skráningarríki.
(2) Útfyllist af skráningarríki.
(3) Útfyllist af skráningarríki.

VII. viðbætir

Útfyllist af skráningarríki	**1. Skráningarríki** **2. HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ**	3. Númer skjals:
4. Skrásetningarmerki: …….....	5. Framleiðandi og táknun framleiðanda loftfars: ..……	6. Raðnúmer loftfars: …….....
7. Hreyfill: ……	8. Loftskrúfa: (*) ……	
9. Hámarksflugtaksmassi (kg) ……..	10. Hámarkslendingarmassi (kg) (*) …….	11. Hljóðstigsvottunarstaðall: ...……
12. Aðrar breytingar sem gerðar hafa verið til að uppfylla ákvæði viðeigandi hljóðstigsvottunarstaðla ……		

13. Hliðarmæling hljóðstigs við fullt afl (*) (*) ……	14. Hljóðstig í aðflugi (*) ……	15. Hljóðstig við yfirflug í flugtaki (Flyover) (*) ……	16. Hljóðstig við yfirflug á brottflugsleið (*) ……	17. Hljóðstig í flugtaki (*) ……
Athugasemdir				

18. Þetta hljóðstigsvottorð er gefið út skv. I. bindi 16. viðauka við samþykktina um alþjóðaflugmál, dagsettri 7. desember 1944, og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 að því er varðar ofangreint loftfar sem telst uppfylla framangreindan hljóðstigsstaðal þegar því er viðhaldið og það er starfrækt í samræmi við viðeigandi kröfur og starfrækslumörk.

19. Útgáfudagur …… 20. Undirskrift ……

EASA-eyðublað nr. 45

(*) Þessum reitum má sleppa eftir því um hvaða vottunarkafla er að ræða.

VIII. viðbætir

Samræmisyfirlýsing fyrir loftfar — EASA-eyðublað nr. 52

SAMRÆMISYFIRLÝSING FYRIR LOFTFAR			
1. Framleiðsluríki	2. [AÐILDARRÍKI] ([1]) Aðildarríki Evrópusambandsins ([2])		3. Tilvísunarnúmer yfirlýsingar:
4. Fyrirtæki			
5. Tegund loftfars		6. Tilvísunarnúmer tegundarvottorðs:	
7. Skráning eða merki loftfars		8. Auðkenninúmer framleiðanda	
9. Nákvæmar upplýsingar um hreyfil/skrúfu (3)			
10. Breytingar og/eða þjónustuleiðbeiningar (4)			
11. Lofthæfifyrirmæli			
12. Sérleyfi			
13. Undanþágur, eftirgjöf eða frávik frá reglum (5)			
14. Athugasemdir			
15. Lofthæfivottorð			
16. Viðbótarkröfur			
17. Samræmisyfirlýsing Hér með vottast að þetta loftfar er í fullu samræmi við tegundarvottuðu hönnunina og framangreindu atriðin í 9., 10., 11., 12., og 13. reit. Loftfarið er í öruggu rekstrarástandi. Loftfarið hefur staðist flugprófun.			
18. Undirskrift	19. Nafn		20. Dagsetning (dagur/mánuður/ár)
21. Tilvísunarnúmer samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki			

EASA-eyðublað nr. 52, 2. útgáfa.

([1]) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
([2]) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.
([3]) Strikið yfir þar sem við á.
([4]) Strikið yfir þar sem við á.
([5]) Strikið yfir þar sem við á.

Notkunarleiðbeiningar fyrir samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar, EASA-eyðublað nr. 52

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

1.1. Notkun samræmisyfirlýsingar fyrir loftfar, sem framleiðandi, sem framleiðir samkvæmt F-kafla A-þáttar 21. hluta, gefur út, er lýst í 21.A.130 ásamt tilheyrandi, ásættanlegum aðferðum til að uppfylla kröfur.

1.2. Tilgangurinn með yfirlýsingu um samræmi loftfars (EASA-eyðublað nr. 52), sem gefin er út samkvæmt Gkafla A-þáttar 21. hluta, er að gera handhafa viðeigandi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki kleift að neyta þeirra réttinda að afla sérstaks lofthæfivottorðs fyrir loftfar hjá lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins.

2. ALMENNT

2.1. Form samræmisyfirlýsingarinnar skal vera í samræmi við meðfylgjandi eyðublað, þ.m.t. númer reitanna og staðsetning. Þó má breyta stærð hvers reits eftir því sem hentar fyrir viðkomandi umsókn en ekki að því marki að samræmisyfirlýsingin verði óþekkjanleg. Hafa skal samráð við lögbæra yfirvaldið í vafatilvikum.

2.2. Samræmisyfirlýsingin skal annaðhvort vera forprentuð eða tölvugerð en hvort heldur er skal prentun lína og stafa vera skýr og læsileg. Leyfilegt er að forprenta texta í samræmi við meðfylgjandi fyrirmynd en engar aðrar vottunaryfirlýsingar eru leyfðar.

2.3. Fylla má eyðublaðið út með því að prenta það í vél eða tölvu eða handskrifa það með hástöfum til að auðvelt sé að lesa það. Nota má ensku og, eftir því sem við á, eitt eða fleiri opinber tungumál þess aðildarríkis sem gefur það út.

2.4. Samþykkta framleiðslufyrirtækið skal varðveita afrit af yfirlýsingunni og öllum fylgiskjölum sem vísað er til.

3. HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR SAMRÆMISYFIRLÝSINGU BER AÐ FYLLA HANA ÚT

3.1. Hver reitur skal fylltur út til að skjalið verði gilt sem yfirlýsing.

3.2. Samræmisyfirlýsingu má ekki gefa út til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkis nema hönnun loftfarsins og framleiðsluvaranna, sem settar eru í það, hafi verið samþykkt.

3.3. Upplýsingarnar, sem krafist er í 9., 10., 11., 12., 13. og 14. reit, mega vera í formi tilvísana í sérstök, auðkennd skjöl, sem framleiðslufyrirtækið varðveitir, nema lögbæra yfirvaldið samþykki annað.

3.4. Þessari samræmisyfirlýsingu er ekki ætlað að ná yfir þær einingar búnaðar sem kann að vera krafist að sé settur í til að fullnægja viðeigandi rekstrarreglum. Hins vegar er heimilt að færa sumar þessara eininga í 10. reit eða í samþykkta tegundarhönnun. Flugrekendur eru því minntir á að þeir bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé að viðeigandi rekstrarreglum að því er varðar þeirra eigin rekstur.

1017000	g) *Önnur húsdýr (kanínur, kengúrur)*	
1017010	Kjöt	
1017020	Fita	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur	
1017990	Annað	
1020000	ii. **Mjólk og rjómi, þó ekki þykkt eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, smjör og önnur fita framleidd úr mjólk, ostur og ystingur**	
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað	
1030000	iii. **Fuglsegg, ný, rotvarin eða soðin, skurnlaus egg og eggjarauður; nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða rotvarið með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni**	
1030010	Kjúklingar	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað	
1040000	iv. **Hunang (drottningarhunang, frjókorn)**	
1050000	v. **Froskdýr og skriðdýr (froskalappir, krókódílar)**	
1060000	vi. **Sniglar**	
1070000	vii. **Aðrar afurðir landdýra**“	

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(*) Neðri greiningarmörk

b) Í stað dálkanna fyrir bífenasat, bífentrín, klórþalóníl, deltametrín, etoxasól, glýfosat, metalaxýl-M og tríasófos í B-hluta komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um [a]	Bífenasat	Bífentrín (F)	Klórþalóníl (R)	Deltametrín (cis-deltametrín) (F)	Etoxasól	Glýfosat	Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna))	Tríasófos (F)
(1)	(2)	[3]	(4)	(5)	(6)	[7]	[8]	(9)	[10]
0130040	Trjámispilsaldin	0,01(*)	0,3	1	0,1	0,02(*)	0,1(*)	1	0,01(*)
0130050	Dúnepli	0,01(*)	0,3	1	0,1	0,02(*)	0,1(*)	1	0,01(*)
0154050	Rósaldin	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0154060	Mórber (aldin jarðarberjatrés)	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0154070	Eplaþyrniber (kívíber (*Actinidia arguta*))	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0154080	Ylliber (logalaufsber, reyniber, hafþyrnisber (strandþyrnisber), snæþyrnisber, amalber og önnur ber af trjákenndum plöntum)	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0161050	Stjörnualdin (bilimbi)	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0161060	Gallaldin	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0161070	Jövuplómur (jövuepli, malajaepli, rósaepli, brasilíukirsuber, surinamkirsuber (grumichama, *Eugenia uniflora*))	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0162040	Kaktusfíkjur	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0162050	Stjörnuepli	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0162060	Persimónur (Virginíu-kakí) (svartaldin, mexíkóperur, grænaldin, gulaldin og mjúkaldin)	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0163060	Morgunberkjur, (kvöldberkjur, sykurepli (sólberkjur), flosberkjur og önnur miðlungsstór aldin af berkjuviðarætt)	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
0163070	Gvava (drekaávextir (*Hylocereus undatus*))	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0163090	Brauðaldin (saðningaraldin)	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0163100	Dáraaldin	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0163110	Nónberkjur	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0212040	Örvarrót	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0251050	Vetrarkarsi	0,01(*)	2	5	0,5	0,02(*)	0,1(*)	**3**	0,01(*)
0251070	Sinnepskál	0,01(*)	2	0,01(*)	0,5	0,02(*)	0,1(*)	**3**	0,01(*)
0252020	Súpugull (diskgrýta, garðaportúlakki, portúlakki, súrsmæra, strandstjaki, sódaurt (*Salsola soda)*)	0,01(*)	2	5	0,5	0,02(*)	0,1(*)	1	0,01(*)
0253000	c) *Vínviðarlauf*	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,5	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0256050	Salvía (vetrarsar, sumarsar)	0,01(*)	0,05(*)	5	0,5	0,02(*)	0,1(*)	2	0,01(*)
0256060	Rósmarín	0,01(*)	0,05(*)	5	0,5	0,02(*)	0,1(*)	2	0,01(*)
0256070	Garðablóðberg (meiran, kjarrminta)	0,01(*)	0,05(*)	5	0,5	0,02(*)	0,1(*)	2	0,01(*)
0256080	Basilíka (blöð af hjartafró, minta, piparminta)	0,01(*)	0,05(*)	5	0,5	**15**	0,1(*)	2	0,01(*)
0256090	Lárviðarlauf	0,01(*)	0,05(*)	5	0,5	0,02(*)	0,1(*)	2	0,01(*)
0256100	Fáfnisgras (ísópur)	0,01(*)	0,05(*)	5	0,5	0,02(*)	0,1(*)	2	0,01(*)
0270080	Bambussprotar	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0270090	Pálmakjarnar	0,01(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0290000	ix. **Þang og þari**			0,01(*)	0,05(*)				0,01(*)
0401110	Litunarþistill	0,02(*)	0,1(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,01(*)
0401120	Hjólkróna	0,02(*)	0,1(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1	0,1(*)	0,01(*)
0401130	Akurdoðra	0,02(*)	0,1(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1	0,1(*)	0,01(*)
0401150	Kristpálmafræ	0,02(*)	0,1(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1	0,1(*)	0,01(*)
0402020	Pálmahnetur (olíupálmakjarnar)	0,01(*)	0,1(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1	0,1(*)	0,01(*)
0402030	Pálmaaldin	0,01(*)	0,1(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1	0,1(*)	0,01(*)

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
0402040	Dúnviðaraldin	0,01(*)	0,1(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1	0,1(*)	0,01(*)
0620000	ii. **Kaffibaunir**	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	2	0,05(*)	0,1	0,1(*)	0,02(*)
0630000	iii. **Jurtate (þurrkuð)**	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0631000	a) *Blóm*	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0631010	Kamillublóm	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0631020	Blóm af læknakólfi	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0631030	Rósablöð	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0631040	Jasmínublóm (ylliblóm (*Sambucus nigra*))	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0631050	Lindiblóm	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0631990	Annað	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0632000	b) *Lauf*	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0632010	Jarðarberjalauf	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0632020	Rauðrunnalauf (laufblöð af musteristré)	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**2**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0632030	Indíánaþyrnislauf (Maté)	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	2(*)	0,1(*)	0,02(*)
0632990	Annað	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	2(*)	0,1(*)	0,02(*)
0633000	c) *Rætur*	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	2(*)	0,1(*)	0,02(*)
0633010	Garðabrúðurót	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	2(*)	0,1(*)	0,02(*)
0633020	Ginsengrót	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	2(*)	0,1(*)	0,02(*)
0633990	Annað	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	2(*)	0,1(*)	0,02(*)
0639000	d) *Önnur jurtate*	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	2(*)	0,1(*)	0,02(*)
0640000	iv. **Kakóbaunir (gerjaðar baunir)**	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0650000	v. **Karób (Jóhannesarbrauð)**	0,02(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0800000	8. **KRYDD**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)		0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	
0810000	i. **Fræ**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810010	Anís	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810020	Ilmfrú	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
0810030	Sellerífræ (skessujurtarfræ)	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810040	Kóríanderfræ	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810050	Kúmínfræ	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810060	Dillfræ	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810070	Fennikufræ	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810080	Grikkjasmári	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810090	Múskat	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0810990	Annað	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0820000	ii. **Aldin og ber**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820010	Allrahanda	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820020	Aníspipar (kínapipar)	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820030	Kúmen	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820040	Kardimommur	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820050	Einiber	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820060	Pipar, svartur og hvítur (langpipar, rósapipar)	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820070	Vanillustangir	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820080	Tamarind	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0820990	Annað	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,07**
0830000	iii. **Börkur**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0830010	Kanill (kassíukanill)	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0830990	Annað	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0840000	iv. **Rætur eða jarðstönglar**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,5**	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,1**
0840010	Lakkrísrót	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,5**	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,1**
0840020	Engifer	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,5**	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,1**
0840030	Gullinrót (kúrkúmín)	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,5**	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,1**

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
0840040	Piparrót	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,5**	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,1**
0840990	Annað	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,5**	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	**0,1**
0850000	v. **Blómknappar**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0850010	Negull	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0850020	Kapers	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0850990	Annað	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**0,1**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0860000	vi. **Fræni**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	**0,1**(*)	0,1(*)	0,02(*)
0860010	Saffran	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0860990	Annað	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0870000	vii. **Frækápur**	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0870010	Múskatblóm	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0870990	Annað	**0,01**(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,1(*)	0,1(*)	0,02(*)
0900000	9. **SYKURPLÖNTUR**	**0,01**(*)	0,05(*)			0,02(*)			0,01(*)
0900010	Sykurrófur (rætur)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,5	0,5	0,02(*)	1(*)	0,1	0,01(*)
0900020	Sykurreyr	**0,01**(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0900030	Kaffifífilsrætur	**0,01**(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
0900990	Annað	**0,01**(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,02(*)	0,1(*)	0,05(*)	0,01(*)
1015000	e) *Hestar, asnar, múldýr eða múlasnar*	**0,01**(*)				**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1015010	Kjöt	**0,01**(*)	**3**	**0,02**	0,5	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1015020	Fita	**0,01**(*)	**3**	**0,07**	0,5	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1015030	Lifur	**0,01**(*)	**0,2**	**0,2**	0,03(*)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1015040	Nýru	**0,01**(*)	**0,2**	**0,2**	0,03(*)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1015050	Ætur sláturmatur	**0,01**(*)	**0,2**	**0,2**	0,5	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1015990	Annað	**0,01**(*)	0,05(*)	**0,01**(*)	0,5	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1017000	g) *Önnur húsdýr (kanínur, kengúrur)*	**0,01**(*)				**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1017010	Kjöt	**0,01**(*)	**3**	**0,02**	0,5	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1017020	Fita	**0,01**(*)	**3**	**0,07**	0,5	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1017030	Lifur	**0,01**(*)	**0,2**	**0,2**	0,03(*)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1017040	Nýru	**0,01**(*)	**0,2**	**0,2**	0,03(*)	**0,01**(*)	**0,05**(*)	0,05(*)	0,01(*)
1017050	Ætur sláturmatur	**0,01**(*)	**0,2**	**0,2**	0,5	**0,01**(*)	**0,05**(*)	0,05(*)	0,01(*)
1017990	Annað	**0,01**(*)	0,05(*)	**0,01**(*)	0,5	**0,01**(*)	**0,05**(*)	0,05(*)	0,01(*)
1030020	Endur	**0,01**(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1030030	Gæsir	**0,01**(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1030040	Kornhænur	**0,01**(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1030990	Annað	**0,01**(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	**0,01**(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)
1040000	iv. **Hunang (drottningarhunang, frjókorn)**	**0,01**(*)	**0,01**(*)	**0,01**(*)	0,03(*)	**0,01**(*)	**0,05**(*)	**0,05**(*)	**0,01**(*)
1050000	v. **Froskdýr og skriðdýr (froskalappir, krókódílar)**	**0,01**(*)	**0,01**(*)	**0,01**(*)	0,03(*)	**0,01**(*)	**0,05**(*)	**0,05**(*)	**0,01**(*)
1060000	vi. **Sniglar**	**0,01**(*)	**0,01**(*)	**0,01**(*)	0,03(*)	**0,01**(*)	**0,05**(*)	**0,05**(*)	**0,01**(*)
1070000	vii. **Aðrar afurðir landdýra**	**0,01**(*)	**0,01**(*)	**0,01**(*)	0,03(*)	**0,01**(*)	**0,05**(*)	**0,05**(*)	**0,01**(*)

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(*) Neðri greiningarmörk
(F) = Fituleysanlegt
(R) = Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum:
Klórþalóníl - kóði 1011000: gildandi skilgreining á efnaleifum: eingöngu klórþalóníl
Klórþalóníl - kóði 1012000: gildandi skilgreining á efnaleifum: SDS-3701
Klórþalóníl - kóði 1013000: gildandi skilgreining á efnaleifum: SDS-3701
Klórþalóníl - kóði 1014000: gildandi skilgreining á efnaleifum: SDS-3701
Klórþalóníl - kóði 1015000: gildandi skilgreining á efnaleifum: eingöngu klórþalóníl
Klórþalóníl - kóði 1016000: gildandi skilgreining á efnaleifum: eingöngu klórþalóníl
Klórþalóníl - kóði 1017000: gildandi skilgreining á efnaleifum: eingöngu klórþalóníl“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 392/2012 **2013/EES/20/10**

frá 1. mars 2012

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara með sambærilega virkni sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir varðandi nothæfisstig.

2) Ákvæði um orkumerkingar þurrkara til heimilisnota voru ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/13/EB frá 23. maí 1995 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota([2]).

3) Orkunotkun þurrkara til heimilisnota er verulegur hluti af heildarorkuþörf til heimilisnota í Sambandinu. Til viðbótar við umbætur í orkunýtni sem þegar hafa náðst, eru möguleikar á að draga frekar úr orkunotkun þurrkara til heimilisnota talsverðir.

4) Tilskipun 95/13/EB skal felld úr gildi og mæla skal fyrir um ný ákvæði í þessari reglugerð í því skyni að tryggja að orkumerkimiðinn veiti birgjum virka hvata til að bæta frekar orkunýtni þurrkara til heimilisnota og að flýta fyrir umbreytingu markaðarins í átt að orkunýtinni tækni.

5) Fjallað er um sambyggðar þvottavélar og þurrkara til heimilisnota í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB frá 19. september 1996 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar sambyggðra þvottavéla og þurrkara til heimilisnota([3]). Þau hafa sérstaka eiginleika og skulu því undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar.

6) Upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum skulu vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu([4]).

7) Í þessari reglugerð skal tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir þurrkara til heimilisnota, þ.m.t. gaskyntir þurrkarar.

8) Auk þess skal í þessari reglugerð tilgreina kröfur um „tæknigögn“ og „vöruupplýsingablað“ um þurrkara til heimilisnota.

9) Enn fremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og hvers kyns tæknilegs kynningarefnis um þurrkara til heimilisnota.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 136, 21.6.1995, bls. 28.

([3]) Stjtíð. EB L 266, 18.10.1996, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

10) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á þessari reglugerð með tilliti til tækniframfara.

11) Til þess að auðvelda umskiptin frá tilskipun 95/13/EB til þessarar reglugerðar skulu þurrkarar til heimilisnota sem eru merktir í samræmi við þessa reglugerð teljast samrýmast ákvæðum tilskipunar 95/13/EB.

12) Því ber að fella tilskipun 95/13/EB úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um þurrkara til heimilisnota sem nota rafmagn, gaskynta þurrkara og innbyggða þurrkara, þ.m.t. þurrkarar sem eru seldir til annarra nota en heimilisnota.

2. Þessi reglugerð gildir hvorki um sambyggðar þvottavélar og þurrkara til heimilisnota né þeytivindur til heimilisnota.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „þurrkari til heimilisnota“: tæki sem textílefni eru þurrkuð í með því að láta þau snúast í tromlu og hitað loft streyma í gegnum og er hannað fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,

2) „innbyggður þurrkari til heimilisnota“: þurrkari til heimilisnota ætlaður til uppsetningar í skáp, tilbúnu skoti í vegg eða svipuðum stað þar sem ganga þarf frá innréttingunni,

3) „sambyggð þvottavél og þurrkari til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota sem er búin útdrætti með þeytivindu og getur þurrkað textílefni, venjulega með hitun og snúningi,

4) „þeytivinda til heimilisnota (e.spin-exractor)“, einnig þekkt sem „þeytivinda (e. spin-drier)“: búnaður þar sem vatn er fjarlægt úr textílefnum með miðflóttaafli í snúningstromlu og losað með sjálfvirkri dælu, sem er hönnuð fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,

5) „loftræstur þurrkari“: þurrkari sem tekur inn ferskt loft, flytur það um textílefnin og hleypir raka loftinu því næst út í herbergið eða út,

6) „þurrkari með gufuþétti“: þurrkari sem inniheldur búnað (sem notast við þéttingu eða annars konar aðferð) til að fjarlægja raka úr loftinu sem notað er í þurrkunarferlinu,

7) „sjálfvirkur þurrkari“: þurrkari sem slekkur á þurrkunarferlinu þegar tiltekið rakainnihald þvotts er numið, t.d. með því að skynja eðlisleiðni eða hitastig,

8) „þurrkari sem er ekki sjálfvirkur“: þurrkari sem slekkur á þurrkunarferlinu eftir fyrirfram skilgreindan tíma, venjulega stillt með tímamæli, en sem einnig er hægt að slökkva á handvirkt,

9) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrirfram og birgirinn hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir þurrkun á tilteknum tegundum textílefna,

10) „lota“: heilt þurrkunarferli, eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi,

11) „tímalengd kerfis“: tíminn sem líður frá því að kerfið er sett af stað þar til kerfinu lýkur, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda,

12) „nafnafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem birgir gefur upp, með 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í þurrkara til heimilisnota á völdu kerfi, þegar hann er hlaðinn í samræmi við leiðbeiningar birgis,

13) „hlutahleðsla“: helmingur nafnafkasta þurrkara til heimilisnota á tilteknu kerfi,

14) „þéttingarafköst“: hlutfall rakamassa sem þéttist í þurrkara með gufuþétti og massa rakans sem er fjarlægður úr þvottinum við lok lotunnar,

15) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem slökkt er á þurrkara til heimilisnota með stjórntækjum búnaðarins eða rofum sem eru aðgengilegir og ætlaðir til notkunar fyrir endanlegan notanda við venjulega notkun til þess að ná lægstu aflþörf í óákveðinn tíma á meðan þurrkari til heimilisnota er tengdur við aflgjafa og notaður í samræmi við leiðbeiningar birgis; ef engin stjórntæki eða rofi eru aðgengileg fyrir endanlegan notanda, er „slökkt á búnaði“ ástand þurrkara til heimilisnota þegar hann fer sjálfkrafa aftur í stöðugt ástand aflþarfar,

16) „reiðuhamur eftir notkun“: hamur með minnstu aflþörf sem getur varað í ótiltekinn tíma eftir að kerfi lýkur án nokkurra frekari afskipta endanlegs notanda annarra en losun þurrkara til heimilisnota,

17) „sambærilegur þurrkari til heimilisnota“: tegund þurrkara til heimilisnota sem settur er á markað með sömu nafnafköst, tækni- og nothæfiseiginleika, orkunotkun, þéttingarafköst eftir því sem við á, tímalengd staðalbaðmullarkerfis og hávaðamengun sem berst í lofti við þurrkun og önnur tegund þurrkara til heimilisnota sem sami birgir setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri,

18) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að þurrkara til heimilisnota,

19) „sölustaður“: staður þar sem þurrkarar til heimilisnota eru til sýnis eða sölu, leigu eða kaupleigu.

20) „staðalbaðmullarkerfi“: lota þar sem baðmullarþvottur með upphaflegt 60% rakainnihald er þurrkaður þar til rakainnihald sem eftir er verður 0%.

3. gr.

Ábyrgð birgja

Birgjar skulu sjá til þess að:

a) hver þurrkari til heimilisnota sé afhentur með prentuðum miða á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í I. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og segir í II. viðauka, sé gert aðgengilegt,

c) tæknigögn, eins og þau eru sett fram í III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

d) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund þurrkara til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund þurrkara til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að:

a) hver þurrkari til heimilisnota beri á sölustað orkumerkið sem birgirinn hefur afhent í samræmi við a-lið 3. gr., á utanverðri framhliðinni eða ofan á tækinu, þannig að það sjáist greinilega,

b) þurrkarar til heimilisnota sem boðnir eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð vöruna, eins og tilgreint er í 7. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við IV. viðauka þessarar reglugerðar,

c) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund þurrkara til heimilisnota innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund þurrkara til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Mæliaðferðir

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríki skulu beita málsmeðferðinni sem sett er fram í V. viðauka við mat á samræmi tilgreinds orkunýtniflokks, orkunotkun á lotu, þéttingarafkastaflokki eftir atvikum, nafnafköstum, afþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun, tímalengd reiðuhams eftir notkun, tímalengd kerfis og hávaðamengun sem berst í lofti.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fimm árum eftir að hún öðlast gildi. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í V. viðauka.

8. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 95/13/EB falli úr gildi frá og með 29. maí 2012.

9. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda ekki um prentað auglýsingaefni og prentað tæknilegt kynningarefni sem birt er fyrir 29. september 2012.

2. Þurrkarar til heimilisnota sem settir eru á markað fyrir 29. maí 2012 skulu vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 95/13/EB.

3. Þurrkarar til heimilisnota, sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og settir eru á markað eða boðnir til sölu, leigu eða kaupleigu fyrir 29. maí 2012, skulu teljast uppfylla kröfur tilskipunar 95/13/EBE.

10. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. maí 2012. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda hinsvegar frá 29. september 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,


forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Merkimiði

1. MERKIMIÐI FYRIR LOFTRÆSTA ÞURRKARA TIL HEIMILISNOTA



1.1. Eftirfarandi upplýsingar skulu vera á merkimiða fyrir loftræsta þurrkara til heimilisnota:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis, þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund þurrkara til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

III. orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í 1. lið VI. viðauka, örvaroddurinn með orkunýtniflokk þurrkarans til heimilisnota skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

IV. vegin árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við VII. viðauka,

V. upplýsingar um tegund þurrkara til heimilisnota,

VI. tímalengd lotu sem svarar til staðalbaðmullarkerfis miðað við fulla hleðslu í mínútum og námundað að næstu mínútu,


VII. nafnafköst gefin upp í kg, miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

VIII. hljóðaflsstig (vegið meðalgildi — L_{WA}), í þurrkunarfasa, miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, gefið upp í dB, námundað að næstu heilu tölu.

1.2. Hönnun merkimiðans fyrir loftræsta þurrkara til heimilisnota skal vera í samræmi við 4. lið þessa viðauka. Hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010([5]), má bæta afriti af umhverfismerki ESB við.

([5]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

2. MERKIMIÐI FYRIR ÞURRKARA MEÐ GUFUÞÉTTI TIL HEIMILISNOTA




2.1. Til viðbótar við upplýsingarnar sem eru tilgreindar í lið 1.1 skal eftirfarandi koma fram á merkimiða fyrir þurrkara með gufuþétti til heimilisnota:

IX. þéttingarafkastaflokkur í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

2.2. Hönnun merkimiðans fyrir þurrkara með gufuþétti til heimilisnota skal vera í samræmi við 4. lið þessa viðauka. Hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, má bæta afriti af umhverfismerkinu við.

3. MERKIMIÐI FYRIR GASKYNTA ÞURRKARA TIL HEIMILISNOTA




I
II
III
IV
V
VI
VII
VIII

3.1. Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í lið 1.1 skulu koma fram á merkimiða fyrir gaskynta þurrkara til heimilisnota.

3.2. Hönnun merkimiðans fyrir gaskynta þurrkara til heimilisnota skal vera í samræmi við lið 4 í þessum viðauka. Hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, má bæta afriti af umhverfismerkinu við.

4. HÖNNUN MERKIMIÐA

4.1. Hönnun merkimiðans fyrir loftræsta þurrkara til heimilisnota skal vera eins og á myndinni hér á eftir.


5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
3
4 mm
4 mm
1
2
ENERG
енергия · ενεργεια
Y
IJA
IE
IA
16
14
I
II
15
4
A+++
A++
A+
A
B
C
D
7 mm
A+
6
14 mm
5
ENERGIA · ЕНЕРГИЯ · ΕΝΕΡΓΕΙΑ
ENERGIJA · ENERGY · ENERGIE
ENERGI
7
XYZ
kWh/annum
8
kg
12
9
XYZ
min/cycle*
Y,Z
kg
XX
dB
*цикъл · cyklus · portion · zyklus · πρόγραμμα · ciclo · tsükkel · ohjelma · ciklus
ciklas · cikls · ċiklu · cyclus · cykl · ciclu · program · torkomgång
13
17
392/2012
5 mm
5 mm
10
11
5 mm
5 mm
220 mm
110 mm

Þar sem

a) Merkimiðinn verður að vera minnst 110 mm á breidd og 220 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði verður efni hans eftir sem áður að vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammi merkimiða ESB: strik:** 5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB — litir:** X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði: litur:** X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er, kennimerki ESB og orkukennimerki (sameinað): breidd: 92 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% — lengd: 92,5 mm.

❺ **A-G kvarði**

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 0,75 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00.

— **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit, ‘+’ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❻ **Orkunýtniflokkur**

— **Ör: breidd: 26 mm, hæð: 14 mm, 100% svört.**

— **Texti:** Feitt, 29 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit, ‘+’ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❼ **Orka**

— **Texti:** Hefðbundið 11 pt Calibri-letur með hástöfum, 100% svart.

❽ **Vegin árleg orkunotkun**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 30 pt Calibri-letur, 100% svart.

— **Önnur lína:** Hefðbundið 14 pt Calibri-letur 100% svart.

❾ **Tegund þurrkara til heimilisnota:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

❿ **Tímalengd lotu:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓫ **Nafnafköst:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓬ **Hljóðaflsstig:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓭ **Stjarna:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur 100% svart.


⓮ **Nafn eða vörumerki birgis**

⓯ **Tegundarauðkenni birgis**

⓰ Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 92 x 15 mm rými.

⓱ **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 9 pt Calibri-letur, 100% svart.

4.2. Hönnun merkimiða fyrir þurrkara með gufuþétti til heimilisnota skal vera eins og á myndinni hér á eftir.


5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
4 mm
4 mm
ENERG
Y
IJA
IE
IA
енергия · ενεργεια
I
II
A+++
A++
A+
A
B
C
D
7 mm
A+
14 mm
ENERGIA · ЕНЕРГИЯ · ΕΝΕΡΓΕΙΑ
ENERGIJA · ENERGY · ENERGIE
ENERGI
XYZ
kWh/annum
XYZ
min/cycle*
kg
Y,Z
kg
XX
dB
ABCDEFG
392/2012
*цикъл · cyklus · portion · zyklus
πρόγραμμα · ciclo · tsükkel
ohjelma · ciklus · ciklas · cikls
ciklu · cyclus · cykl · ciclu
program · torkomgång
220 mm
110 mm
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18

Þar sem

a) Merkimiðinn verður að vera minnst 110 mm á breidd og 220 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði verður efni hans eftir sem áður að vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammi merkimiða ESB: strik:** 5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB — litir:** X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði: litur:** X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB og orkumerki (sameinað): breidd: 92 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% — lengd: 92,5 mm.

❺ **A-G kvarði**

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 0,75 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00.

— **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit, ‘+’ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❻ **Orkunýtniflokkur**

— **Ör: breidd: 26 mm, hæð: 14 mm, 100% svört,**

— **Texti:** Feitt, 29 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit, ‘+’ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❼ **Orka**

— **Texti:** Hefðbundið 11 pt Calibri-letur með hástöfum, 100% svart.

❽ **Vegin árleg orkunotkun**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 30 pt Calibri-letur, 100% svart.

— **Önnur lína:** Hefðbundið 14 pt Calibri-letur 100% svart.

❾ **Tegund þurrkara til heimilisnota:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

❿ **Tímalengd lotu:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓫ **Nafnafköst:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓬ **Hljóðaflsstig:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓭ **Stjarna:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur 100% svart.

⓮ **Nafn eða vörumerki birgis**

⓯ **Tegundarauðkenni birgis**

⓰ Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 92 x 15 mm rými.

⓱ **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 9 pt Calibri-letur, 100% svart.


⓲ **Þéttingarafkastaflokkur:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Hefðbundið 16 pt Calibri-letur, láréttur kvarði 75%, 100% svart og feitt 22 pt Calibri-letur, láréttur kvarði 75%, 100% svart.

4.3. Hönnun merkimiða fyrir gaskynta þurrkara til heimilisnota skal vera eins og á myndinni hér á eftir.


5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
4 mm
4 mm
ENERG
енергия · ενεργεια
Y
IJA
IE
IA
A+++
A++
A+
A
B
C
D
7 mm
A+
14 mm
ENERGIA · ЕНЕРГИЯ · ENEPΓEIA
ENERGIJA · ENERGY · ENERGIE
ENERGI
XYZ
kWh/annum
kg
XYZ
min/cycle*
Y,Z
kg
XX
dB
*цикъл · cyklus · portion · zyklus · πρόγραμμα · ciclo · tsükkel · ohjelma · ciklus
ciklas · cikls · ċiklu · cyclus · cykl · ciclu · program · torkomgång
392/2012
220 mm
110 mm
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17

Þar sem

a) Merkimiðinn verður að vera minnst 110 mm á breidd og 220 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði verður efni hans eftir sem áður að vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

❶ **Rammi merkimiða ESB: strik:** 5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

❷ **Kennimerki ESB — litir:** X-80-00-00 og 00-00-X-00.

❸ **Orkumerkimiði: litur:** X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er, kennimerki ESB og orkukennimerki (sameinað): breidd: 92 mm, hæð: 17 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% — lengd: 92,5 mm.

❺ **A-G kvarði**

— **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 0,75 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00.

— **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit, ‘+’ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❻ **Orkunýtniflokkur**

— **Ör: breidd: 26 mm, hæð: 14 mm, 100% svört.**

— **Texti:** Feitt, 29 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit, ‘+’ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

❼ **Orka**

— **Texti:** Hefðbundið 11 pt Calibri-letur með hástöfum, 100% svart.

❽ **Vegin árleg orkunotkun**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 30 pt Calibri-letur, 100% svart.

— **Önnur lína:** Hefðbundið 14 pt Calibri-letur 100% svart.

❾ **Tegund þurrkara til heimilisnota:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

❿ **Tímalengd lotu:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓫ **Nafnafköst:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓬ **Hljóðaflsstig:**

— **Skýringarmynd eins og sýnd er**

— **Rammi:** 2 pt — litur: Blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

— **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

⓭ **Stjarna:** Calibri hefðbundið 6 pt, 100% svartur

⓮ **Nafn eða vörumerki birgis**

⓯ **Tegundarauðkenni birgis**

⓰ Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 92 x 15 mm rými.

⓱ **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 9 pt Calibri-letur, 100% svart.

II. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaði þurrkara til heimilisnota skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

a) nafn eða vörumerki birgis,

b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund þurrkara til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

c) nafnafköst gefin upp í kg af baðmullarþvotti, miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

d) hvort þurrkari til heimilisnota er loftræstur, með gufuþétti eða gaskyntur,

e) orkunýtniflokkur í samræmi við 1. lið VI. viðauka,

f) hvað varðar þurrkara til heimilisnota sem notar rafmagn:

vegin, árleg orkunotkun (AE_c) námunduð með einum aukastaf, henni skal lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu, og orkunotkun í ham sem notar lítið afl. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

hvað varðar gaskyntan þurrkara til heimilisnota:

vegin, árleg orkunotkun (AE_c) námunduð með einum aukastaf, henni skal lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh-gas á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

og

veginni, árlegri orkunotkun (AEc(Gas)el) námundaðri að næsta tugasæti; henni skal lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu, og orkunotkun í ham sem notar lítið afl. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

g) hvort þurrkari til heimilisnota er „sjálfvirkur þurrkari“ eða „ekki sjálfvirkur þurrkari“,

h) hafi þurrkara til heimilisnota verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, mega eftirfarandi upplýsingar koma fram,

i) orkunotkun (E_{dry}, $E_{dry½}$, Eg_{dry}, $Eg_{dry½}$, $Eg_{dry,a}$, $Eg_{dry½,a}$) miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu,

j) aflþörf þegar slökkt er á búnaði (P_o) og í reiðuham eftir notkun ($P°_l$) á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu,

k) ef þurrkari til heimilisnota er búinn orkustjórnunarkerfi, tímalengd „reiðuhams eftir notkun“,

l) upplýsingar um að „staðalbaðmullarkerfi“ við fulla hleðslu og hlutahleðslu sé staðalþurrkunarkerfi sem upplýsingarnar á merkimiðanum og upplýsingablaðinu eiga við, að þetta kerfi henti til að þurrka eðlilega blautan baðmullarþvott, og að það sé nýtnasta kerfið m.t.t. orkunotkunar að því er varðar baðmull,

m) vegin tímalengd kerfis (T_t) miðað við „staðalbaðmullarkerfi við fulla hleðslu og hlutahleðslu“ í mínútum og námundað að næstu mínútu ásamt tímalengd „staðalbaðmullarkerfis miðað við fulla hleðslu“ ($T°_{dry}$) og tímalengd „staðalbaðmullarkerfis við hlutahleðslu“ ($T°_{dry½}$) í mínútum og námundað að næstu mínútu,

n) ef þurrkari til heimilisnota er þurrkari með gufuþétti, er þéttingarafkastaflokkur sem er í samræmi við 2. lið VI. viðauka gefinn upp sem „þéttingarafkastaflokkur „X“ á kvarða frá G (lökustu afköst) til A (hámarksafköst)“; þetta má gefa upp með öðrum hætti að því tilskildu að ljóst sé að það sé á kvarðanum G (lökustu afköst) til A (hámarksafköst),

o) ef þurrkari til heimilisnota er þurrkari með gufuþétti, eru meðalþéttingararafköst C_{dry} og $C°_{dry½}$ staðalbaðmullarkerfis miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu og vegin þéttingarafköst (C_t) miðað við „staðalbaðmullarkerfi við fulla hleðslu og hlutahleðslu“, sem hundraðshlutfall og námundað að næsta heila hundraðshluta,

p) hljóðaflsstigið (vegið meðalgildi — L_{WA}) gefið upp sem dB og námundað að næstu heilu tölu miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

q) ef þurrkara til heimilisnota er ætlað að vera innbyggður, skal tilgreina það.

2. Eitt vöruupplýsingablað getur náð yfir margar tegundir þurrkara til heimilisnota frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. lið og koma ekki fram á merkimiða.

III. VIÐAUKI

Tæknigögn

1. Tæknigögnin sem um getur í c-lið 3. gr. skulu innihalda:

   a) nafn og heimilisfang birgis,

   b) almenna lýsingu á tegund þurrkara til heimilisnota þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,

   c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

   d) ef við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

   e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

   f) tæknilega mæliþætti við mælingar svo sem:

      i. hvað varðar þurrkara til heimilisnota sem notar rafmagn:

         orkunotkun (E_{dry}, $E_{dry½}$, Eg_{dry}, $Eg_{dry½}$, $Eg_{dry,a}$, $Eg_{dry½,a}$) miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu,

         hvað varðar gaskyntan þurrkara til heimilisnota:

         skal veginni, árlegri orkunotkun ($AE_{c(Gas)}$) námundaðri að næsta tugasæti, lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh-gas á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

         og

         veginni, árlegri orkunotkun (AEc(Gas)el) námundaðri að næsta tugasæti; henni skal lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu, og orkunotkun í ham sem notar lítið afl. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

      ii. aflþörf þegar slökkt er á tæki og aflþörf í reiðuham eftir notkun,

      iii. tímalengd „staðalbaðmullarkerfis miðað við fulla hleðslu“ (T_{dry}) og tímalengd „staðalbaðmullarkerfis miðað við hlutahleðslu“ ($T_{dry½}$), í mínútum og námundað að næstu mínútu,

      iv. ef þurrkari til heimilisnota er búinn orkustjórnunarkerfi, tímalengd „reiðuhams eftir notkun“,

      v. ef þurrkari til heimilisnota er þurrkari með gufuþétti, meðalþéttingarafköst C_{dry} staðalbaðmullarkerfis miðað við fulla hleðslu og meðalþéttingarafköst staðalbaðmullarkerfis miðað við hlutahleðslu $C_{dry½}$,

      vi. hljóðaflsstig,

   g) niðurstöður útreikninga í samræmi við VII. viðauka.

2. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af þurrkara til heimilisnota hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum þurrkurum til heimilisnota, eða hvort tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Upplýsingarnar skulu einnig innihalda skrá yfir alla aðra sambærilega þurrkara til heimilisnota þar sem upplýsinganna hefur verið aflað á sama grunni.

IV. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) nafnafköst gefin upp í kg af baðmull, miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

   b) hvort þurrkari til heimilisnota er loftræstur, með gufuþétti eða gaskyntur,

   c) orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í 1. lið VI. viðauka,

   d) hvað varðar þurrkara til heimilisnota sem notar rafmagn:

   vegin, árleg orkunotkun (AE_c) námunduð að næstu heilu tölu, henni skal lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfum miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu, og orkunotkun í ham sem notar lítið afl. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   hvað varðar gaskyntan þurrkara til heimilisnota:

   skal veginni, árlegri orkunotkun ($AE_{c(Gas)}$) námundaðri að næsta tugasæti, lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh-gas á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   og

   veginni, árlegri orkunotkun (AEc(Gas)el) námundaðri að næsta tugasæti; henni skal lýst sem: „Orkunotkun „X“ kWh á ári, miðað við 160 þurrkunarlotur á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu, og orkunotkun í ham sem notar lítið afl. Raunorkunotkun á lotu fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   e) hvort þurrkari til heimilisnota er „sjálfvirkur þurrkari“ eða „ekki sjálfvirkur þurrkari“,

   f) orkunotkun (E_{dry}, $E_{dry½}$, Eg_{dry}, $Eg_{dry½}$, $Eg_{dry,a}$, $Eg_{dry½,a}$) miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu, námundað að öðru tugasæti og reiknað út í samræmi við VII. viðauka,

   g) orkunotkun þegar slökkt er á búnaði (P_o) og í reiðuham eftir notkun (P_l) miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

   h) tímalengd kerfis miðað við „staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu“ (T_{dry}) og tímalengd kerfis miðað við „staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu“ ($T_{dry½}$), í mínútum og námundað að næstu mínútu, reiknað út í samræmi við VII. viðauka,

   i) ef þurrkari til heimilisnota er þurrkari með gufuþétti, þéttingarafkastaflokkur í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

   j) hljóðaflsstig (vegið meðalgildi — L_{WA}) á staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu, gefið upp í dB og námundað að næstu heilu tölu,

   k) ef þurrkara til heimilisnota er ætlað að vera innbyggður, skal tilgreina það.

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er fyrir II. viðauka.

3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera læsileg.

V. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vegna uppfyllingar, og sannprófunar á uppfyllingu, á kröfum þessarar reglugerðar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr., prófa stakan þurrkara til heimilisnota. Ef þættirnir sem mældir eru samræmast ekki gildunum sem birgir gefur upp innan þeirra sviða sem sett eru fram í töflu 1, skal framkvæma mælingarnar á þremur þurrkurum til heimilisnota til viðbótar. Meðaltal mæligilda fyrir þessa þrjá þurrkara til heimilisnota skal samræmast gildunum sem birgir gefur upp innan þeirra sviða sem skilgreind eru í töflu 1.

Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir þurrkara til heimilisnota ekki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr.

Tafla 1

Mældur þáttur	Vikmörk við sannprófun
Vegin árleg orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið (*) AE_C en sem nemur 6%.
Vegin árleg orkunotkun,	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið E_t en sem nemur 6%.
Vegin þéttingarafköst	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið C_t en sem nemur 6%.
Vegin tímalengd lotu	Mæligildið skal ekki vera lengra en málgildið T_t en sem nemur 6%.
Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun	Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er yfir 1,00 W skal ekki vera meira en 6% hærra en málgildið. Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er undir eða jafnt og 1,00 W skal ekki vera meira en 0,10°W hærra en málgildið.
Tímalengd reiðuhams eftir notkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið T_l en sem nemur 6 %.
Hljóðaflsstig L_{WA}	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið.

(*) „Málgildi“ er gildi sem birgir gefur upp. Óvissan í mælingunni, sem nemur 6% sýnir núverandi viðunandi skekkju á prófunarstofu við mælingu á tilgreindum þáttum með nýju mæliaðferðinni að því er varðar nýju merkingar-/visthönnunarkröfurnar, þ.m.t. lotur miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu.

VI. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar og þéttingarafkastaflokkar

1. ORKUNÝTNIFLOKKAR

Orkunýtniflokkur þurrkara til heimilisnota skal ákvarðaður á grunni orkunýtnistuðuls (EEI) eins og fram kemur í töflu 1.

Orkunýtnistuðull þurrkara til heimilisnota skal ákvarðaður í samræmi við 1. lið VII. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull
A+++ (hámarksnýtni)	EEI < 24
A++	$24 \leq EEI < 32$
A+	$32 \leq EEI < 42$
A	$42 \leq EEI < 65$
B	$65 \leq EEI < 76$
C	$76 \leq EEI < 85$
D (lakasta nýtni)	$85 \leq EEI$

2. ÞÉTTINGARAFKASTAFLOKKAR

Þéttingarafkastaflokkur þurrkara til heimilisnota með gufuþétti skal ákvarðaður á grunni veginna þéttingarafkasta (C_t) eins og fram kemur í töflu 2.

Reikna skal út þéttingarafköst (C_t) þurrkara til heimilisnota með gufuþétti í samræmi við 2. lið VII. viðauka.

Tafla 2

Þéttingarafkastaflokkar

Þéttingarafkastaflokkur	Vegin þéttingarafköst
A (hámarksafköst)	$C_t > 90$
B	$80 < C_t \leq 90$
C	$70 < C_t \leq 80$
D	$60 < C_t \leq 70$
E	$50 < C_t \leq 60$
F	$40 < C_t \leq 50$
G (lökustu afköst)	$C_t \leq 40$

VII. VIÐAUKI

Aðferð til að reikna út orkunýtnistuðul og vegin þéttingarafköst

1. ÚTREIKNINGUR ORKUNÝTNISTUÐULS

Við útreikning á orkunýtnistuðli (EEI) tegundar þurrkara til heimilisnota er vegin árleg orkunotkun þurrkara til heimilisnota miðuð við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu borin saman við árlega staðalorkunotkun hennar.

a) Orkunýtnistuðullinn (*EEI*) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = \frac{AE_C}{SAE_C} \times 100$$

þar sem:

AE_C = vegin, árleg orkunotkun þurrkara til heimilisnota.

SAE_C = vegin, árleg orkunotkun þurrkara til heimilisnota.

b) Stöðluð, árleg orkunotkun (SAE_C) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

– fyrir alla þurrkara til heimilisnota sem eru ekki loftræstir:

$$SAE_C = 140 \times c^{0,8}$$

– fyrir loftræsta þurrkara til heimilisnota:

$$SAE_C = 140 \times c^{0,8} - \left(30 \times \frac{T_t}{60} \right)$$

þar sem:

c eru málafköst þurrkara til heimilisnota miðað við staðalbaðmullarkerfi.

T_t vegin tímalengd kerfis miðað við staðalbaðmullarkerfi.

c) Vegin, árleg orkunotkun (AEC) er reiknuð í kWh/ári og er námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

i.

$$AE_C = E_t \times 160 + \frac{\left[P_o \times \frac{525600 - (T_t \times 160)}{2} + P_l \times \frac{525600 - (T_t \times 160)}{2} \right]}{60 \times 1000}$$

þar sem:

E_t = vegin orkunotkun, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.

P_o = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í W og námundað með tveimur aukastöfum,

P_l = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í W og námundað með tveimur aukastöfum,

T_t = vegin tímalengd kerfis, í mínútum og námundað að næstu mínútu.

160 = heildarfjöldi þurrkunarlotna á ári.

ii. Ef þurrkari til heimilisnota er búinn orkustjórnunarkerfi og slekkur sjálfkrafa á sér við lok kerfis, er vegin, árleg orkunotkun °(°$AE_{C°}$) reiknuð með tilliti til rauntíma í „reiðuham eftir notkun“, samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$AE_C = E_t \times 160 + \frac{\{(P_l \times T_l \times 160) + P_o \times [525600 - (T_t \times 160) - (T_l \times 160)]\}}{60 \times 1000}$$

þar sem:

T_l = tímalengd „reiðuhams eftir notkun“ miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í mínútum og námundað að næstu mínútu.

d) Vegin tímalengd kerfis (T_t) miðað við staðalbaðmullarkerfi er reiknuð út í mínútum á eftirfarandi hátt og námunduð að næstu mínútu:

$$T_t = (3 \times T_{dry} + 4 \times T_{dry½})/7$$

þar sem:

T_{dry} = tímalengd kerfis miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í mínútum og námundað að næstu mínútu.

$T_{dry½}$ = tímalengd kerfis miðað við staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu í mínútum og námundað að næstu mínútu.

e) Vegin orkunotkun (E_t) er reiknuð í kWh sem hér segir og gefin upp með tveimur aukastöfum:

$$T_t = (3 \times T_{dry} + 4 \times T_{dry½})/7$$

þar sem:

E_{dry} = orkunotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum,

$E_{dry½}$ = orkunotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.

f) Hvað varðar gaskynta þurrkara til heimilisnota er orkunotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu reiknuð út í kWh og námundað með tveimur aukastöfum, sem:

$$E_{dry} = \frac{Eg_{dry}}{f_g} + Eg_{dry,a}$$

$$E_{dry½} = \frac{Eg_{dry½}}{f_g} + Eg_{dry½,a}$$

þar sem:

Eg_{dry} = gasnotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.

$Eg_{dry½}$ = gasnotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum,

$Eg_{dry,a}$ = aukaraforkunotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.

$Eg_{dry½,a}$ = aukaraforkunotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.

f_g = 2,5.

2. ÚTREIKNINGUR FYRIR VÖRUUPPLÝSINGAR SEM LÝST ER Í „II. VIÐAUKI UPPLÝSINGABLAÐ“, „III. VIÐAUKI TÆKNIGÖGN“ OG „IV. VIÐAUKI UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL ÞAR SEM EKKI ER VIÐ ÞVÍ AÐ BÚAST AÐ ENDANLEGIR NOTENDUR GETI SÉÐ VÖRUNA“

Hvað varðar gaskynta þurrkara til heimilisnota er gasnotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu reiknuð út í kWh_{Gas} til upplýsingar í II., III. og IV. viðauka og námundað með tveimur aukastöfum, sem:

$$AE_{C(Gas)} = 160 \times (3 \times Eg_{dry} + 4 \times Eg_{dry1/2})/7$$

Hvað varðar gaskynta þurrkara til heimilisnota er gasnotkun miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu reiknuð út í kWh til upplýsinga í II., III. og IV. viðauka og námundað með tveimur aukastöfum, sem:

$$AE_{C(Gas)el} = 160 \times (3 \times Eg_{dry,a} + 4 \times Eg_{dry1/2,a})/7 + ((P_l \times T_l \times 160) + P_o \times [525600 - (T_t \times 160) - (T_l \times 160)])/60 \times 1000$$

3. ÚTREIKNINGUR VEGINNA ÞÉTTINGARAFKASTA

Þéttingarafköst kerfis er hlutfall massa þess raka sem þéttist og safnast saman í hólfi þurrkara til heimilisnota með gufuþétti og massi rakans sem kerfið fjarlægir úr þvottinum, þar sem hið síðarnefnda er mismunurinn á massa blautu prófunarhleðslunnar fyrir þurrkun og massi prófunarhleðslunnar eftir þurrkun. Við útreikning á vegnum þéttingarafköstum er tekið tillit til meðalþéttingarafkasta staðalbaðmullarkerfis bæði við fulla hleðslu og hlutahleðslu.

Vegin þéttingarafköst (C_t) kerfis eru reiknuð í hundraðshlutum og námundað að næsta heila hundraðshluta sem:

$$C_t = (3 \times C_{dry} + 4 \times C_{dry½})/7$$

þar sem:

C_{dry} = meðalþéttingarafköst miðað við staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu.

$C_{dry½}$ = meðalþéttingarafköst miðað við staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

Meðalþéttingarafköst C eru reiknuð út frá þéttingarafköstum við prófanir og gefin upp sem hlutfall:

$$C = \frac{1}{n-1} \sum_{j=2}^{n} \left(\frac{W_{wj}}{W_i - W_f} \times 100 \right)$$

þar sem:

n er fjöldi prófana, miðað við a.m.k. fjórar gildar prófanir fyrir valið kerfi.

j er fjöldi prófana.

W_{wj} er massi vatnsins sem safnast í geymi gufuþéttisins við prófun *j*.

W_i er massi votrar prófunarhleðslu fyrir þurrkun.

W_f er massi prófunarhleðslu eftir þurrkun.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1015/2010 **2013/EES/20/11**

frá 10. nóvember 2010

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur, ([1]) einkum 1. gr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB skal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur, sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta, að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í fyrsta undirlið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr,. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun, innleiða framkvæmdarráðstöfun fyrir heimilistæki, þ.m.t. þvottavélar til heimilisnota.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á þvottavélum til heimilisnota sem venjulega eru notaðar á heimilum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Undir reglugerð þessa falla vörur sem hannaðar eru til að þvo þvott á heimilum.

5) Sambyggðar þvottavélar og þurrkarar til heimilisnota hafa sérstaka eiginleika og skulu því undanþegnar gildissviði þessarar reglugerðar. Þar sem vélarnar hafa svipaða virkni og þvottavélar til heimilisnota ber þó að taka þær til umfjöllunar eins fljótt og unnt er í annarri framkvæmdarráðstöfum tilskipunar 2009/125/EB.

6) Sá umhverfisþáttur þvottavéla til heimilisnota, sem talinn er mikilvægur hvað varðar þessa reglugerð er orku- og vatnsnotkun á notkunartíma. Árleg raforku- og vatnsnotkun vara sem falla undir þessa reglugerð var áætluð 35 milljón TWh annars vegar og 2213 milljón m^3 hins vegar í Sambandinu á árinu 2005. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er því spáð að raforku- og vatnsnotkunin verði 37,7 TWh og 2051 milljón m^3 árið 2020. Undirbúningsrannsóknin sýnir að draga má umtalsvert úr raforku- og vatnsnotkun vara sem falla undir þessa reglugerð.

7) Undirbúningsrannsóknin sýnir að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB eru ekki nauðsynlegar þar sem raforku- og vatnsnotkun þvottavéla til heimilisnota á notkunartímanum er langmikilvægasti umhverfisþátturinn.

8) Bæta skal raforku- og vatnsnotkun vara sem falla undir þessa reglugerð með því að beita fyrirliggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

9) Kröfur varðandi visthönnun skulu ekki hafa áhrif á virkni frá sjónarhóli endanlegs notanda og skulu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi og umhverfi. Einkum skal ávinningurinn af því að draga úr raforku- og vatnsnotkun á notkunartíma vera meiri en öll viðbótarumhverfisáhrif á framleiðslustiginu.

10) Kröfur varðandi visthönnun skulu innleiddar í áföngum til að veita framleiðendum hæfilegan tímaramma til að endurhanna vörur sem falla undir þessa reglugerð. Tímasetningin skal miða að því að forðast neikvæð áhrif á virkni búnaðar á markaði og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á endanlega notendur og framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

11) Mælingar á viðeigandi mæliþáttum vara skulu gerðar með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar mæliaðferðir sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu([2]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

12) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal í þessari reglugerð tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

13) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skulu framleiðendur veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í V. og VI. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

14) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal tilgreina viðmiðanir fyrir bestu fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika vara sem falla undir þessa reglugerð á vistferlinum.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað þvottavélar til heimilisnota sem nota rafmagn og þvottavélar sem nota rafmagn og geta einnig gengið fyrir rafhlöðum, þ.m.t. þvottavélar sem eru seldar til notkunar utan heimilis, ásamt innbyggðum þvottavélum til heimilisnota.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um sambyggðar þvottavélar og þurrkara til heimilisnota.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „þvottavél til heimilisnota“: sjálfvirk þvottavél sem þvær og skolar textílefni með vatni og er einnig búin útdrætti með þeytivindu og er hönnuð fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,

2) „innbyggð þvottavél til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota ætluð til uppsetningar í skáp, tilbúnu skoti í vegg eða svipuðum stað þar sem ganga þarf frá innréttingunni,

3) „sjálfvirk þvottavél“ : þvottavél þar sem þvotturinn er meðhöndlaður að fullu í vélinni án þess að þörf sé fyrir íhlutun notanda á meðan kerfi er í gangi,

4) „sambyggð þvottavél og þurrkari til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota sem er búin útdrætti með þeytivindu og getur þurrkað textílefni, venjulega með hitun og snúningi,

5) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrirfram og framleiðandinn hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir þvott á tilteknum tegundum textílefna,

6) „lota“: heilt hreinsi-, skol- og þeytivindingarferli, eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi,

7) „tímalengd kerfis“: tíminn sem líður frá því að kerfið er sett af stað þar til kerfinu lýkur, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda,

8) „nafnafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem framleiðandi gefur upp, á 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í þvottavél til heimilisnota á völdu kerfi, þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

9) „hlutahleðsla“: helmingur nafnafkasta þvottavélar til heimilisnota á tilteknu kerfi,

10) „rakainnihald sem eftir er“: rakamagn í þvotti við lok þeytivindingar,

11) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem slökkt er á þvottavél til heimilisnota með stjórntækjum búnaðarins eða rofum sem eru aðgengilegir og ætlaðir til notkunar fyrir endanlegan notanda við venjulega notkun til þess að ná lægstu aflþörf í óákveðinn tíma á meðan þvottavél til heimilisnota er tengd við aflgjafa og notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Ef engin stjórntæki eða rofi eru aðgengileg fyrir endanlegan notanda, er „slökkt á búnaði“ ástand þvottavélar til heimilisnota þegar hún fer sjálfkrafa aftur í stöðugt ástand aflþarfar,

12) „reiðuhamur eftir notkun (left-on mode)“: hamur með minnstu aflþörf sem getur varað í ótiltekinn tíma eftir að kerfi lýkur án nokkurra frekari afskipta endanlegs notanda annarra en losun þvottavélar til heimilisnota,

13) „sambærileg þvottavél“: tegund þvottavélar til heimilisnota sem sett er á markað með sömu nafnafköst, tækni- og nothæfiseiginleika, orku- og vatnsnotkun og hávaðamengun sem berst í lofti við þvott og þeytivindingu og önnur tegund þvottavélar til heimilisnota sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Almennu kröfurnar varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota eru settar fram í lið 1. í I. viðauka.

Sértæku kröfurnar varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota eru settar fram í lið 2. í I. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda afrit af útreikningunum sem settir eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af þvottavél til heimilisnota hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum þvottavélum, eða hvoru tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Í slíkum tilvikum skulu tæknigögnin einnig innihalda skrá yfir allar sambærilegar tegundir þvottavéla til heimilisnota þar sem upplýsinganna í tækniskjölunum var aflað á sama grundvelli.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferðinni sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu þvottavélarnar til heimilisnota sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í IV. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fjórum árum eftir að hún öðlast gildi og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í III. viðauka, tækifæri til að ákvarða kröfur um orkunýtni við skolun og þeytivindingu og möguleika á inntaki á heitu vatni.

8. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2011.

Kröfur varðandi visthönnun, sem taldar eru upp hér að neðan, gilda þó í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) almennu kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 1. lið 1. liðar í I. viðauka gilda frá 1. desember 2012,

b) almennu kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 1. lið 2. liðar í I. viðauka gilda frá 1. júní 2012,

c) almennu kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 1. lið 3. liðar í I. viðauka gilda frá 1. desember 2013,

d) sértæku kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 2. lið 2. liðar í I. viðauka gilda frá 1. desember 2013,

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. ALMENNAR KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN

1) Við útreikning á orkunotkun og öðrum kennistærðum þvottavéla til heimilisnota skal nota lotu fyrir eðlilega óhreinan baðmullarþvott (hér á eftir staðalbaðmullarkerfi) við 40 °C og 60 °C. Loturnar skulu auðgreinanlegar á búnaði til að velja þvottakerfi þvottavéla til heimilisnota eða á skjá þvottavéla til heimilisnota ef hann er fyrir hendi, eða á hvoru tveggja og tilgreindar sem „60° staðalbaðmullarkerfi“ og „40° staðalbaðmullarkerfi“.

2) Bæklingur með leiðbeiningum framleiðanda skal innihalda upplýsingar um:

a) 60°og 40°C staðalbaðmullarkerfin, sem vísað er til sem „60° staðalbaðmullarkerfi“ og „40° staðalbaðmullarkerfi“, og skal tilgreina að þau hæfi fyrir eðlilega óhreinan baðmullarþvott og að þau séu nýtnustu þvottakerfin hvað varðar samanlagða orku- og vatnsnotkun til að þvo þess konar baðmullarþvott; auk þess skal tilgreina að raunverulegt hitastig vatnsins kann að vera frábrugðið því hitastigi sem gefið er upp fyrir þvottalotuna,

b) aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun,

c) leiðbeinandi upplýsingar um tímalengd kerfis, rakainnihald sem eftir er, orku- og vatnsnotkun helstu þvottakerfa miðað við fulla hleðslu eða hlutahleðslu, eða hvort tveggja;

d) ráðleggingar um gerð þvottaefnis miðað við mismunandi hitastig.

3) Þvottavélar til heimilisnota skulu hafa 20°C þvottalotu í boði fyrir endanlega notendur. Kerfið skal auðgreinanlegt á búnaði til að velja þvottakerfi þvottavéla til heimilisnota eða á skjá þvottavéla til heimilisnota, ef hann er fyrir hendi, eða á hvoru tveggja.

2. SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN

Þvottavélar til heimilisnota skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) Frá 1. desember 2011:

— orkunýtnistuðull (EEI) allra þvottavéla til heimilisnota skal vera lægri en 68,

— þvottavirknistuðull (I_w) þvottavéla til heimilisnota með nafnafköst yfir 3 kg skal vera hærri en 1,03,

— þvottavirknistuðull (I_w) þvottavéla til heimilisnota með nafnafköst 3 kg eða minna skal vera hærri en 1,00,

— vatnsnotkun (W_t) allra þvottavéla til heimilisnota skal vera:

$$W_t \leq 5 \times c + 35$$

þar sem c táknar nafnafköst þvottavélar til heimilisnota, miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu eða 40 ° baðmullarkerfi og fulla hleðslu, hvort sem er lægra.

2) Frá 1. desember 2013:

— orkunýtnistuðull (EEI) þvottavéla til heimilisnota með nafnafköst 4 kg eða yfir skal vera lægri en 59,

— vatnsnotkun allra þvottavéla til heimilisnota skal vera

$$W_t \leq 5 \times c_{½} + 35$$

þar sem $c_{½}$ táknar nafnafköst þvottavélar til heimilisnota, miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu eða 40 ° staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu, hvort sem er lægra.

orkunýtnistuðullinn (EEI), þvottavirknistuðullinn (I_w) og vatnsnotkunin (W_t) eru reiknuð út í samræmi við II. viðauka.

II. VIÐAUKI

Aðferð til útreiknings orkunýtnistuðuls, þvottavirknistuðuls, vatnsnotkunar og rakainnihalds sem eftir er

1. ÚTREIKNINGUR ORKUNÝTNISTUÐULS

Við útreikning á orkunýtnistuðli (EEI) tegundar þvottavélar til heimilisnota er vegin árleg orkunotkun þvottavélar til heimilisnota miðuð við annars vegar 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu og hins vegar við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu borin saman við árlega staðalorkunotkun hennar.

a) Orkunýtnistuðullinn (*EEI*) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = \frac{AE_C}{SAE_C} \times 100$$

þar sem:

AE_C = vegin, árleg orkunotkun þvottavélar til heimilisnota.

SAE_C = stöðluð, árleg orkunotkun þvottavélar til heimilisnota.

b) Stöðluð, árleg orkunotkun (SAE_C) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

$$SAE_C = 47{,}0 \times c + 51{,}7$$

þar sem:

c = nafnafköst þvottavélar til heimilisnota, miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu eða 40 ° staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, hvort sem er lægra.

c) Vegin, árleg orkunotkun (AEC) er reiknuð í kWh/ári og er námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

i.

$$AE_C = E_t \times 220 + \frac{\left[P_o \times \frac{525600 - (T_t \times 220)}{2} + P_l \times \frac{525600 - (T_t \times 220)}{2} \right]}{60 \times 1000}$$

þar sem:

E_t = vegin árleg orkunotkun,

P_o = vegin orkunotkun „þegar slökkt er á búnaði“,

P_l = vegin orkunotkun í „reiðuham eftir notkun“,

T_t = tímalengd kerfis,

220 = heildarfjöldi staðalþvottalotna á ári.

ii Ef þvottavél til heimilisnota er búin orkustjórnunarkerfi og slekkur sjálfkrafa á sér við lok kerfis, er vegin, árleg orkunotkun °($°AE_C$°) reiknuð með tilliti til rauntíma í „reiðuham eftir notkun“, samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$AE_C = E_t \times 220 + \frac{\{(P_l \times T_l \times 220) + P_o \times [525600 - (T_t \times 220) - (T_l \times 220)]\}}{60 \times 1000}$$

þar sem:

T_l = tími í „reiðuham eftir notkun“.

d) Vegin árleg orkunotkun (E_t) er reiknuð í kWh sem hér segir og gefin upp með þremur aukastöfum:

$$E_t = [3 \times E_{t,60} + 2 \times E_{t,60½} + 2 \times E_{t,40½}]/7$$

þar sem:

$E_{t,60}$ = orkunotkun miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi,

$E_{t,60½}$ = orkunotkun miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$E_{t,40½}$ = orkunotkun miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

e) Vegið afl „þegar slökkt er á búnaði“ (P_o) er reiknað í W á eftirfarandi hátt og námundað með tveimur aukastöfum:

$$P_o = (3 \times P_{o,60} + 2 \times P_{o,60½} + 2 \times P_{o,40½})/7$$

þar sem:

$P_{o,60}$ = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$P_{o,60½}$ = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$P_{o,40½}$ = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

f) Vegið afl í „reiðuham eftir notkun“ (P_l) er reiknað í W á eftirfarandi hátt og námundað með tveimur aukastöfum:

$$P_l = (3 \times P_{l,60} + 2 \times P_{l,60½} + 2 \times P_{l,40½})/7$$

þar sem:

$P_{l,60}$ = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$P_{l,60½}$ = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$P_{l,40½}$ = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

g) Vegin tímalengd kerfis (T_t) er reiknuð út í mínútum á eftirfarandi hátt og námunduð að næstu mínútu:

$$T_t = (3 \times T_{t,60} + 2 \times T_{t,60½} + 2 \times T_{t,40½})/7$$

þar sem:

$T_{t,60}$ = tímalengd kerfis miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$T_{t,60½}$ = tímalengd kerfis miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$T_{t,40½}$ = tímalengd kerfis miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

h) Veginn tími í reiðuham eftir notkun (T_l) er reiknaður út í mínútum á eftirfarandi hátt og námundaður að næstu mínútu:

$$T_l = (3 \times T_{l,60} + 2 \times T_{l,60½} + 2 \times T_{l,40½})/7$$

þar sem:

$T_{l,60}$ = tíminn í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$T_{l,60½}$ = tíminn í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$T_{l,40½}$ = tíminn í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

2. ÚTREIKNINGUR ÞVOTTAVIRKNISTUÐULS

Við útreikning á þvottavirknistuðli (I_w) er þvottavirkni þvottavélar til heimilisnota miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu og 40 ° staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu borin saman við þvottavirkni viðmiðunarþvottavélar, þar sem viðmiðunarþvottavélin skal hafa þá eiginleika sem fram koma í almennt viðurkenndum mæliaðferðum sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðum sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

a) Þvottavirknistuðullinn (I_w) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með þremur aukastöfum

$$I_W = \frac{(3 \times I_{W,60} + 2 \times I_{W,60½} + 2 \times I_{W,40½})}{7}$$

þar sem:

$I_{W,60}$ = Þvottavirknistuðull miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$I_{W,60½}$ = Þvottavirknistuðull miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$I_{W,40½}$ = Þvottavirknistuðull miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

b) Þvottavirknistuðull eins staðalbaðmullarkerfis (p) er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

$$I_{W,p} = \frac{1}{n} \times \sum_{i=1}^{n} \left(\frac{W_{T,i}}{W_{R,a}} \right)$$

þar sem:

$W_{T,i}$ = þvottavirkni þvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i),

$W_{R,a}$ = Meðalþvottavirkni viðmiðunarþvottavélar,

n = fjöldi prófunarlotna, $n \geq 3$ miðað við 60° staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, n ≥° 2 miðað við 60° staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu og $n \geq 2$ miðað við 40° staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

c) Þvottavirkni *(W)* er meðaltal endurvarpsgilda hverrar prófunarræmu eftir að prófunarlotu lýkur.

3. ÚTREIKNINGUR Á VATNSNOTKUN

Vatnsnotkunin (W_t) er reiknuð út á eftirfarandi hátt og námunduð með einum aukastaf:

$$W_t = W_{t,60}$$

þar sem:

$W_{t,60}$ = vatnsnotkun miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu.

4. ÚTREIKNINGUR RAKAINNIHALDS SEM EFTIR ER

Rakainnihald kerfis sem eftir er (D) er reiknað í hundraðshlutum og námundað að næsta heila prósenti.

III. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka, prófa staka þvottavél til heimilisnota. Ef þættirnir sem mældir eru samræmast ekki gildunum sem framleiðandi gefur upp í tækniskjölunum í skilningi 2. mgr. 4. gr. innan þeirra sviða sem sett eru fram í töflu 1, skal framkvæma mælingarnar á þremur þvottavélum til heimilisnota til viðbótar. Meðaltal mæligilda þessara þriggja þvottavéla til heimilisnota skal vera í samræmi við kröfur innan þess sviðs sem sett er fram í töflu 1, að undanskilinni orkunotkun, þar sem mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið $E°_t$ en sem nemur 6 %.

Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir þvottavéla til heimilisnota ekki uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferða sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Tafla 1

Mældur þáttur	Viðmörk við sannprófun
Árleg orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið ($^{(*)}$)AE_C en sem nemur 10%.
Þvottavirknistuðull	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið I_W en sem nemur 4 %.
Orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið E_t en sem nemur 10 %.
Tímalengd kerfis	Mæligildið skal ekki vera lengra en málgildið T_t en sem nemur 10%.
Vatnsnotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið W_t en sem nemur 10 %.
Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun	Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er yfir 1,00 W skal ekki vera meira en 10% hærra en málgildið. Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er undir eða jafnt og 1,00 W skal ekki vera meira en 0,10°W hærra en málgildið.
Tímalengd reiðuhams eftir notkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið T_l en sem nemur 10%.

([1]) „málgildi“ er gildi sem framleiðandi gefur upp.

IV. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Þegar þessi reglugerð öðlast gildi er besta fáanlegu tækni á markaði fyrir þvottavélar til heimilisnota hvað varðar vatns- og orkunotkun, þvottavirkni og hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/þeytivindingu miðað við 60 °C staðalbaðmullarlotu og fulla hleðslu tilgreind á eftirfarandi hátt ([3]):

1) Þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst 3 kg:

   a) orkunotkun: 0,57 kWh/lotu (eða 0,19 kWh/kg), sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 117,84 kWh/ári, þar af 105,34 kWh/ári fyrir 220 lotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 39 lítrar/lotu, sem samsvarar 8580 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

   c) þvottavirknistuðull: $1,03 \geq I_w > 1,00$,

   d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (900 snúningar á mínútu): ekki fyrir hendi,

2) Þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst 3,5 kg:

   a) orkunotkun: 0,66 kWh/lotu (eða 0,19 kWh/kg), sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 134,50 kWh/ári, þar af 122,00 kWh/ári fyrir 220 lotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 39 lítrar/lotu, sem samsvarar 8580 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

   c) þvottavirknistuðull: I_w af 1,03,

   d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1100 snúningar á mínútu): ekki fyrir hendi,

3) Þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst 4,5 kg:

   a) orkunotkun: 0,76 kWh/lotu (eða 0,17 kWh/kg), sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 152,95 kWh/ári, þar af 140,45 kWh/ári fyrir 220 lotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 40 lítrar/lotu, sem samsvarar 8800 lítrum/ári miðað við 220 lotur,

   c) þvottavirknistuðull: I_w af 1,03,

   d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1000 snúningar á mínútu): 55/70 dB(A) re 1 pW,

4) Þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst 5 kg:

   a) orkunotkun: 0,850 kWh/lotu (eða 0,17 kWh/kg), sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 169,60 kWh/ári, þar af 157,08 kWh/ári fyrir 220 lotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 39 lítrar/lotu, sem samsvarar árlegri 8580 lítra vatnsnotkun miðað við 220 lotur,

   c) þvottavirknistuðull: I_w af 1,03,

   d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1200 snúningar á mínútu): 53/73 dB(A) re 1 pW,

5) Þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst 6 kg:

   a) orkunotkun: 0,90 kWh/lotu (eða 0,15 kWh/kg), sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 178,82 kWh/ári, þar af 166,32 kWh/ári fyrir 220 lotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 37 lítrar/lotu, sem samsvarar árlegri 8140 lítra vatnsnotkun miðað við 220 lotur,

([3]) Við mat á árlegri orkunotkun var reikniaðferðin sem sett er fram í II. viðauka notuð fyrir 90 mín. tímalengd kerfis ásamt 1W afli þegar slökkt er á búnaði og 2 W afli í reiðuham eftir notkun.

c) þvottavirknistuðull: I_w af 1,03,

d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1600 snúningar á mínútu): ekki fyrir hendi,

6) Þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst 7 kg:

a) orkunotkun: 1,05 kWh/lotu (eða 0,15 kWh/kg), sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 201,00 kWh/ári, þar af 188,50 kWh/ári fyrir 220 lotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

b) vatnsnotkun: 43 lítrar/lotu, sem samsvarar árlegri 9460 lítra vatnsnotkun miðað við 220 lotur,

c) þvottavirknistuðull: I_w af 1,03,

d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1000 snúningar á mínútu): 57/73 dB(A) re 1 pW,

e) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1400 snúningar á mínútu): 59/76 dB(A) re 1 pW,

f) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1200 snúningar á mínútu): 48/62 dB(A) re 1pW (miðað við innbyggðar þvottavélar til heimilisnota),

7) Þvottavélar til heimilisnota með nafnafköst 8 kg:

a) orkunotkun: 1,200 kWh/lotu (eða 0,15 kWh/kg), sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 234,26 kWh/ári, þar af 221,76 kWh/ári fyrir 220 lotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

b) vatnsnotkun: 56 lítrar/lotu, sem samsvarar árlegri 12 320 lítra vatnsnotkun miðað við 220 lotur,

c) þvottavirknistuðull: I_w af 1,03,

d) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1400 snúningar á mínútu): 54/71 dB(A) re 1 pW,

e) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott/ þeytivindingu (1600 snúningar á mínútu): 54/74 dB(A) re 1 pW,

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1016/2010 2013/EES/20/12

frá 10. nóvember 2010

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. gr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB skal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur, sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta, að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í fyrsta undirlið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun, innleiða framkvæmdarráðstöfun fyrir heimilistæki, eftir því sem við á, þ.m.t. uppþvottavélar til heimilisnota.

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á uppþvottavélum til heimilisnota, sem venjulega eru notaðar á heimilum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

4) Undir reglugerð þessa falla vörur sem hannaðar eru til að þvo borðbúnað á heimilum.

5) Sá umhverfisþáttur uppþvottavéla til heimilisnota sem talinn er mikilvægur hvað varðar þessa reglugerð er orkunotkun á notkunartíma. Árleg raforkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð var áætluð 24,7 TWh í Bandalaginu á árinu 2005, sem samsvarar losun á 13 milljónum tonna af koltvísýringi. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er því spáð að raforkunotkunin aukist í 35 TWh árið 2020. Undirbúningsrannsóknin sýnir að draga má umtalsvert úr raforku- og vatnsnotkun vara sem falla undir þessa reglugerð.

6) Undirbúningsrannsóknin sýnir að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB eru ekki nauðsynlegar þar sem raforkunotkun uppþvottavéla til heimilisnota á notkunartímanum er langmikilvægasti umhverfisþátturinn.

7) Bæta skal raforkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð með því að beita fyrirliggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

8) Kröfur varðandi visthönnun skulu ekki hafa áhrif á virkni frá sjónarhóli endanlegs notanda og skulu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi og umhverfi. Einkum skal ávinningurinn af því að draga úr raforkunotkun á notkunartíma vera meiri en öll viðbótarumhverfisáhrif á framleiðslustiginu.

9) Kröfur varðandi visthönnun skulu innleiddar í áföngum til að veita framleiðendum hæfilegan tímaramma til að endurhanna vörur sem falla undir þessa reglugerð. Tímasetningin skal miða að því að forðast neikvæð áhrif á virkni búnaðar, sem er á markaði, og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á endanlega notendur og framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

10) Mælingar á viðeigandi mæliþáttum vara skulu gerðar með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar mæliaðferðir sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðla-

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

stofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([2]).

11) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal í þessari reglugerð tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

12) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skulu framleiðendur veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í V. og VI. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

13) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal tilgreina viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika vara sem falla undir þessa reglugerð á vistferlinum.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað uppþvottavélar til heimilisnota sem nota rafmagn og uppþvottavél til heimilisnota sem nota rafmagn og geta einnig gengið fyrir rafhlöðum, þ.m.t. uppþvottavélar sem eru seldar til notkunar utan heimilis, ásamt innbyggðum uppþvottavélum til heimilisnota.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „uppþvottavél til heimilisnota“: vél sem hreinsar, skolar og þurrkar leirtau, glervöru, hnífapör og eldunaráhöld með efnafræðilegum eða vélrænum aðferðum, varma eða rafmagni og er hönnuð fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,

2) „innbyggð uppþvottavél til heimilisnota“: uppþvottavél til heimilisnota ætluð til uppsetningar í skáp, tilbúnu skoti í vegg eða svipuðum stað þar sem ganga þarf frá innréttingunni,

3) „borðbúnaður“: skilgreind samstæða af leir- og glervörum og hnífapörum fyrir einn,

4) „nafnafköst“: hámarksfjöldi borðbúnaðareininga ásamt áhöldum sem hægt er að meðhöndla í uppþvottavél til heimilisnota á völdu kerfi, sem framleiðandi gefur upp, þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

5) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrirfram og framleiðandinn hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir tiltekið magn óhreininda eða tegundir uppþvottar, eða hvort tveggja, og sem saman mynda heila þvottalotu,

6) „tímalengd kerfis“: tíminn sem líður frá því að kerfið er sett af stað þar til kerfinu lýkur, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af notanda,

7) „lota“: heilt hreinsi-, skol- og þurrkunarferli, eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi,

8) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem slökkt er á uppþvottavél til heimilisnota með stjórntækjum búnaðarins eða rofum sem eru aðgengilegir og ætlaðir til notkunar fyrir endanlegan notanda við venjulega notkun til þess að ná lægstu aflþörf í óákveðinn tíma á meðan uppþvottavél til heimilisnota er tengd við aflgjafa og notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Ef engin stjórntæki eða rofi eru aðgengileg fyrir endanlegan notanda, er „slökkt á búnaði“ ástand uppþvottavélar til heimilisnota þegar hún fer sjálfkrafa aftur í stöðuga aflþörf,

9) „reiðuhamur eftir notkun (left-on mode)“: hamur með minnstu aflþörf sem getur varað í ótiltekinn tíma eftir að kerfi og losun vélarinnar lýkur án nokkurra frekari afskipta endanlegs notanda,

10) „sambærileg uppþvottavél til heimilisnota“: tegund uppþvottavélar til heimilisnota sem sett er á markað með sömu nafnafköst, tækni- og nothæfiseiginleika, orku- og vatnsnotkun og hávaðamengun sem berst í lofti og önnur tegund uppþvottavélar til heimilisnota sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Almennu kröfurnar varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota eru settar fram í lið 1. í I. viðauka.

Sértæku kröfurnar varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota eru settar fram í lið 2 í I. viðauka.

([2]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tækniskjölin innihalda niðurstöður útreiknings sem settur er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af uppþvottavél til heimilisnota hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum uppþvottavélum til heimilisnota, eða hvoru tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Í slíkum tilvikum skulu tæknigögnin einnig innihalda skrá yfir allar sambærilegar tegundir uppþvottavéla til heimilisnota þar sem upplýsinganna í tæknigögnunum hefur verið aflað á sama grundvelli.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannprófunaraðferð sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð við framkvæmd markaðseftirlits sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu uppþvottavélarnar til heimilisnota sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í IV. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fjórum árum eftir að hún öðlast gildi og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í III. viðauka, möguleikana til að ákvarða kröfur að því er varðar vatnsnotkun uppþvottavéla til heimilisnota og möguleika á inntaki á heitu vatni.

8. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2011.

Kröfur varðandi visthönnun, sem taldar eru upp hér að neðan, gilda þó í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) almennu kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 1. lið 1. liðar í I. viðauka gilda frá 1. desember 2012,

b) almennu kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 1. lið 2. liðar í I. viðauka gilda frá 1. júní 2012,

c) sértæku kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 2. lið 2. liðar í I. viðauka gilda frá 1. desember 2013,

d) sértæku kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í 2. lið 3. liðar í I. viðauka gilda frá 1. desember 2016;

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. ALMENNAR KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN

1) Við útreikning á orkunotkun og öðrum kennistærðum uppþvottavéla til heimilisnota skal nota lotu fyrir eðlilega óhreinan borðbúnað (hér á eftir staðalhreinsunarlota). Lotan skal vera auðgreinanleg á búnaði til að velja uppþvottakerfi uppþvottavélar til heimilisnota, eða á skjá uppþvottavéla til heimilisnota ef hann er fyrir hendi, eða á hvoru tveggja og kallað „staðalkerfi“ og skal vera sjálfgefin lota uppþvottavéla til heimilisnota sem eru búnar sjálfvirku kerfisvali eða hvers konar sjálfvirku vali á hreinsunarkerfi eða viðhaldi kerfi sem valið er.

2) Bæklingur með leiðbeiningum framleiðanda skal innihalda upplýsingar um:

a) staðhreinsunarlotu sem nefnist „staðalkerfi“ og skal tilgreina að það hæfi til að hreinsa eðlilega óhreinan borðbúnað, og að það sé nýtnasta kerfið fyrir þá gerð borðbúnaðar að því er varðar bæði orku- og vatnsnotkun,

b) aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun,

c) leiðbeinandi upplýsingar um tímalengd kerfis, orku- og vatnsnotkun helstu hreinsunarkerfa.

2. SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN

Uppþvottavélar til heimilisnota skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) Frá 1. desember 2011:

a) orkunýtnistuðull (EEI) allra uppþvottavéla til heimilisnota, nema uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 10 og sem eru 45 cm að breidd eða minna skal vera lægri en 71,

b) orkunýtnistuðull (EEI) uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 10 og sem eru 45 cm að breidd eða minna skal vera lægri en 80,

c) hreinsunarafkastastuðull (I_C) allra uppþvottavéla til heimilisnota skal vera hærri en 1,12.

2) Frá 1. desember 2013:

a) orkunýtnistuðull (*EEI*) uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 11 eða fleiri og uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 10, og sem eru meira en 45 cm að breidd, skal vera lægri en 63,

b) orkunýtnistuðull (EEI) uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 10 og sem eru 45 cm að breidd eða minna skal vera lægri en 71,

c) þurrkunarafkastastuðull (I_D) uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 8 eða fleiri skal vera hærri en 1,08,

d) þurrkunarafkastastuðull (I_D) uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 7 eða færri skal vera hærri en 0,86.

3) Frá 1. desember 2016:

a) orkunýtnistuðull (*EEI*) uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 8 og 9 og uppþvottavéla til heimilisnota með nafnafköst sem nema borðbúnaði fyrir 10 og sem eru 45 cm að breidd eða meira skal vera lægri en 63.

Orkunýtnistuðull (EEI), hreinsunarafkastastuðull (I_C) og þurrkunarafkastastuðull (I_D) uppþvottavéla til heimilisnota eru reiknaðir út í samræmi við II. viðauka.

II. VIÐAUKI

Aðferð til útreiknings orkunýtnistuðuls, hreinsunarafkastastuðuls og þurrkunarafkastastuðuls

1. ÚTREIKNINGUR ORKUNÝTNISTUÐULS

Við útreikning á orkunýtnistuðli (*EEI*) tegundar uppþvottavélar til heimilisnota er árleg orkunotkun uppþvottavélar til heimilisnota borin saman við staðlaða orkunotkun hennar.

a) Orkunýtnistuðullinn (EEI) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = \frac{AE_C}{SAE_C} \times 100$$

þar sem:

AE_C = Árleg orkunotkun uppþvottavélar til heimilisnota,

SAE_C = Stöðluð, árleg orkunotkun uppþvottavélar til heimilisnota.

b) Árleg orkunotkun (AE_c) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

i.

$$AE_C = E_t \times 280 + \frac{\left[P_o \times \frac{525600 - (T_t \times 280)}{2} + P_l \times \frac{525600 - (T_t \times 280)}{2} \right]}{60 \times 1000}$$

þar sem:

E_t = orkunotkun miðað við staðallotu, í kWh og námunduð með þremur aukastöfum,

P_l = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við staðalhreinsunarlotu, í W og námundað með tveimur aukastöfum,

P_o = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við staðalhreinsunarlotu, í W og námundað með tveimur aukastöfum,

T_t = tímalengd staðalhreinsunarlotu, í mínútum og námunduð að næstu mínútu,

ii. Ef uppþvottavél til heimilisnota er búin orkusparandi kerfi og slekkur sjálfkrafa á sér við lok kerfis, er AE_C reiknað með tilliti til rauntíma í „reiðuham eftir notkun“ í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$AE_C = E_t \times 280 + \frac{\{(P_l \times T_l \times 280) + P_o \times [525600 - (T_t \times 280) - (T_l \times 280)]\}}{60 \times 1000}$$

þar sem:

T_l = mældur tími í „reiðuham eftir notkun“ miðað við staðalhreinsunarlotu, í mínútum og námundaður að næstu mínútu,

280 = heildarfjöldi staðalhreinsunarlotna á ári.

c) Stöðluð, árleg orkunotkun (SAE_C) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

i. fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin $ps \geq 10$ og breidd > 50 cm:

$$SAE_C = 7{,}0 \times ps + 378$$

ii. fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin ps ≤ 9 og uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin *ps > 9 og breidd ≤ 50 cm*:

$$SAE_C = 25{,}2 \times ps + 126$$

þar sem:

ps = fjöldi borðbúnaðareininga.

2. ÚTREIKNINGUR HREINSUNARAFKASTASTUÐULS

Til útreiknings á hreinsunarafkastastuðli (I_C) tegundar uppþvottavélar til heimilisnota er hreinsunarafkastageta uppþvottavélar til heimilisnota borin saman við hreinsunarafkastagetu viðmiðunaruppþvottavélar, þar sem viðmiðunaruppþvottavélin skal hafa þá eiginleika sem fram koma í almennt viðurkenndum aðferðum sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðum sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

a) Hreinsunarafkastastuðullinn (I_C) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með tveimur aukastöfum

$$\ln I_C = \frac{1}{n} \times \sum_{i=1}^{n} \ln\left(\frac{C_{T,i}}{C_{R,i}}\right)$$

$$I_C = \exp(\ln I_C)$$

þar sem:

$C_{T,i}$ = hreinsunarafköst uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i)

$C_{R,i}$ = hreinsunarafköst viðmiðunaruppþvottavélar í eina prófunarlotu (i)

n = fjöldi prófunarlotna, n ≥ 5

b) Hreinsunarafköst *(C)* er meðaltal óhreinindastigs allra hluta í vélinni eftir að staðalhreinsunarlotu lýkur. Óhreinindastigið er reiknað eins og sýnt er í Töflu 1:

Tafla 1

Fjöldi lítilla, punktlaga óhreinindaagna (n)	Heildarumfang óhreinindasvæðis (A_S) í mm^2	Óhreinindastig
n = 0	$A_S = 0$	5 (hámarksafköst)
$0 < n \leq 4$	$0 < A_S \leq 4$	4
$4 < n \leq 10$	$0 < A_S \leq 4$	3
$10 < n$	$4 < A_S \leq 50$	2
Á ekki við	$50 < A_S \leq 200$	1
Á ekki við	$200 < A_S$	0 (lökustu afköstin)

3. ÚTREIKNINGUR ÞURRKUNARAFKASTASTUÐULS

Til útreiknings á þurrkunarafkastastuðli (I_D) tegundar uppþvottavélar til heimilisnota er þurrkunarafkastageta uppþvottavélar til heimilisnota borin saman við þurrkunarafkastagetu viðmiðunaruppþvottavélar, þar sem viðmiðunaruppþvottavélin skal hafa þá eiginleika sem fram koma í almennt viðurkenndum mæliaðferðum sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðum sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

a) Þurrkunarafkastastuðullinn (I_D) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með tveimur aukastöfum:

$$\ln I_D = \frac{1}{n} \times \sum_{i=1}^{n} \ln \left(\frac{D_{T,i}}{D_{R,i}} \right)$$

$I_D = \exp(\ln I_D)$

þar sem:

$D_{T,i}$ = þurrkunarafköst uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i),

$D_{R,i}$ = þurrkunarafköst viðmiðunaruppþvottavélar í eina prófunarlotu (i)

n = fjöldi prófunarlotna, $n \geq 5$

b) Þurrkunarafköst *(D)* er meðaltal rakastigs allra hluta í vélinni eftir að staðalhreinsunarlotu lýkur. Rakastigið er reiknað eins og sýnt er í Töflu 2:

Tafla 2

Fjöldi vatnsráka (W_T) eða rakaráka (W_S)	Heildarrakasvæði (Aw) í mm^2	Rakastig
$W_T = 0$ og $W_S = 0$	Á ekki við	2 (hámarksafköst)
$1 < W_T \leq 2$ eða $W_S = 1$	$Aw < 50$	1
$2 < W_T$ eða $W_S = 2$ eða $W_S = 1$ og $W_T = 1$	$Aw > 50$	0 (lökustu afköstin)

III. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka, prófa staka uppþvottavél til heimilisnota Ef þættirnir sem mældir eru samræmast ekki gildunum sem framleiðandi gefur upp í tæknigögnum í samræmi við 2. mgr. 4. gr. innan þess sviðs sem sett er fram í töflu 1, skal framkvæma mælingarnar á þremur uppþvottavélum til heimilisnota til viðbótar. Meðaltal mæligilda þessara þriggja uppþvottavéla til heimilisnota skal vera í samræmi við kröfur innan þeirra sviða sem skilgreind eru í töflu 1, að undanskilinni orkunotkun, þar sem mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið E_t en sem nemur 6%.

Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir uppþvottavéla til heimilisnota ekki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferða sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Tafla 1

Mældur þáttur	Vikmörk við sannprófun
Árleg orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið ([*])AE_C en sem nemur 10%.
Hreinsunarafkastastuðull	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið I_C en sem nemur 10 %.
Þurrkunarafkastastuðull	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið I_D en sem nemur 19 %.
Orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið E_t en sem nemur 10 %.
Tímalengd kerfis	Mæligildið skal ekki vera lengra en málgildin T_t en sem nemur 10%.
Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun	Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er yfir 1,00 W skal ekki vera meira en 10% hærra en málgildið. Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er undir eða jafnt og 1,00 W skal ekki vera meira en 0,10 W hærra en málgildið.
Tímalengd í reiðuham eftir notkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið T_l en sem nemur 10%.

([1]) „Málgildi“ er gildi sem framleiðandi gefur upp.

IV. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta fáanlega tækni á markaðinum hvað varðar orkunýtni, orku- og vatnsnotkun, hreinsunar- og þurrkunarafköst uppþvottavéla til heimilisnota ásamt hávaðamengun sem berst í lofti skilgreind sem hér segir:

1) Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 15 (tegund sem er innbyggð):

   a) orkunotkun: 0,88 kWh/lotu, sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 268,9 kWh/ári, þar af 246,4 kWh/ári miðað við 280 uppþvottalotur og 12,5 kWh á ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 10 lítrar/lotu, sem samsvarar 2800 lítrum/ári miðað við 280 lotur,

   c) hreinsunarafkastastuðull: $I_C > 1,12$,

   d) þurrkunarafkastastuðull: $I_D > 1,08$,

   e) hávaðamengun sem berst í lofti: 45 dB(A) re 1 pW,

2) Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir14 (tegund sem er undir borði):

   a) orkunotkun: 0,83 kWh/lotu, sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 244,9 kWh/ári, þar af 232,4 kWh/ári miðað við 280 uppþvottalotur og 12,5 kWh á ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 10 lítrar/lotu, sem samsvarar 2800 lítrum/ári miðað við 280 lotur,

   c) hreinsunarafkastastuðull: $I_C > 1,12$,

   d) þurrkunarafkastastuðull: $I_D > 1,08$

   e) hávaðamengun sem berst í lofti: 41 dB(A) re 1 pW,

3) Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 13 (tegund sem er undir borði):

   a) orkunotkun: 0,83 kWh/lotu, sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 244,9 kWh/ári, þar af 232,4 kWh/ári miðað við 280 uppþvottalotur og 12,5 kWh á ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 10 lítrar/lotu, sem samsvarar 2800 lítrum/ári miðað við 280 lotur,

   c) hreinsunarafkastastuðull: $I_C > 1,12$,

   d) þurrkunarafkastastuðull: $I_D > 1,08$,

   e) hávaðamengun sem berst í lofti: 42 dB(A) re 1 pW,

4) Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 12 (tegund sem er frístandandi):

   a) orkunotkun: 0,950 kWh/lotu, sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 278,5 kWh/ári, þar af 266 kWh/ári miðað við 280 uppþvottalotur og 12,5 kWh á ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 9 lítrar/lotu, sem samsvarar 2520 lítrum/ári miðað við 280 lotur,

   c) hreinsunarafkastastuðull: $I_C > 1,12$,

   d) þurrkunarafkastastuðull: $I_D > 1,08$

   e) hávaðamengun sem berst í lofti: 41 dB(A) re 1 pW,

5) Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 9 (tegund sem er innbyggð):

   a) orkunotkun: 0,800 kWh/lotu, sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 236,5 kWh/ári, þar af 224 kWh/ári miðað við 280 uppþvottalotur og 12,5 kWh á ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 9 lítrar/lotu, sem samsvarar 2520 lítrum/ári miðað við 280 lotur,

   c) hreinsunarafkastastuðull: $I_C > 1,12$,

   d) þurrkunarafkastastuðull: $I_D > 1,08$

   e) hávaðamengun sem berst í lofti: 44 dB(A) re 1 pW,

6) Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 6 (tegund sem er innbyggð):

   a) orkunotkun: 0,63 kWh/lotu, sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 208,5 kWh/ári, þar af 196 kWh/ári miðað við 280 uppþvottalotur og 12,5 kWh á ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 7 lítrar/lotu, sem samsvarar 1960 lítrum/ári miðað við 280 lotur,

   c) hreinsunarafkastastuðull: $I_C > 1{,}12$,

   d) þurrkunarafkastastuðull: $1{,}08 \geq I_D > 0{,}86$,

   e) hávaðamengun sem berst í lofti: 45 dB(A) re 1 pW,

7) Uppþvottavélar til heimilisnota með borðbúnað fyrir 4 (tegund sem er frístandandi):

   a) orkunotkun: 0,51 kWh/lotu, sem samsvarar samanlagðri árlegri orkunotkun 155,3 kWh/ári, þar af 142,8 kWh/ári miðað við 280 uppþvottalotur og 12,5 kWh/ári í ham sem notar lítið afl,

   b) vatnsnotkun: 9,5 lítrar/lotu, sem samsvarar 2660 lítrum/ári miðað við 280 lotur,

   c) hreinsunarafkastastuðull: $I_C > 1{,}12$,

   d) þurrkunarafkastastuðull: $1{,}08 \geq I_D > 0{,}86$,

   e) hávaðamengun sem berst í lofti: 53 dB(A) re 1 pW.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 327/2011 2013/EES/20/13

frá 30. mars 2011

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W og 500 kW (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]) einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB skal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta að því er varðar umhverfisáhrif þeirra án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin muni, eftir því sem við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, innleiða framkvæmdarráðstöfun fyrir vörur sem nota rafmagnshreyflakerfi.

3) Viftur sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW eru mikilvægur hluti ýmiss konar loftmeðhöndlunarvara. Settar hafa verið lágmarkskröfur um orkunýtni rafhreyfla með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 frá 22. júlí 2009 til framkvæmdar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/ESB með tilliti til krafna varðandi visthönnun rafmagnshreyfla([2]), þ.m.t. rafmagnshreyfla búnum snúningshraðastýringu. Þær eiga einnig við um þá hreyfla sem eru hluti af viftukerfi hreyfils. Margar viftur sem þessi reglugerð tekur til eru þó notaðar með hreyflum sem falla ekki undir reglugerð (EB) nr. 640/2009.

4) Heildarraforkunotkun viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW er 344 TWh á ári, og mun hækka í 560 TWh á árinu 2020 fari sem nú horfir á markaði Sambandsins. Kostnaðarhagkvæmir möguleikar á umbótum með hönnun nema u.þ.b. 34 TWh á ári árið 2020, sem jafngildir losun 16 milljóna tonna af koltvísýringi. Af þessum sökum eru viftur með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW dæmi um vöru sem setja skal kröfur varðandi visthönnun um.

5) Margar viftur eru felldar inn í aðrar vörur án þess að vera settar sérstaklega á markað eða teknar í notkun í skilningi 5. gr. tilskipunar 2009/125/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað, og um breytingu á tilskipun 95/16/EB([3]). Til þess að ná sem mestum af þeim kostnaðarhagkvæma orkusparnaði sem er mögulegur og auðvelda framkvæmd ráðstöfunarinnar, skulu viftur með afl á bilinu 125 W til 500 kW sem eru felldar inn í aðrar framleiðsluvörur einnig falla undir ákvæði þessarar reglugerðar.

6) Margar viftur eru hluti af loftræstikerfum sem eru sett upp í byggingum. Í landslöggjöf sem byggist á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga ([4]) er heimilt að setja nýjar og strangari kröfur um orkunýtni þessara loftræstikerfa og nota til þess útreikninga- og mæliaðferðir sem skilgreindar eru í þessari reglugerð hvað varðar orkunýtni viftunnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 26.

([3]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

([4]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13.

7) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á viftum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum. Frekari vinna og samráð sýndu að hægt væri að víkka gildissviðið frekar, með fyrirvara um undanþágur vegna sérstaks búnaðar, ef kröfurnar ættu ekki við.

8) Undirbúningsrannsóknin sýndi að viftur sem ganga fyrir hreyflum sem hafa innafl á bilinu 125 W til 500 kW eru settar á markað Sambandsins í miklu magni, og að orkunotkun þeirra á notkunartímanum er mikilvægasti umhverfisþáttur vistferils þeirra.

9) Undirbúningsrannsóknin sýnir að raforkunotkun við notkun er eini mikilvægi mæliþáttur visthönnunar sem tengist vöruhönnun eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2009/125/EB.

10) Bæta skal orkunýtni viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW með því að beita fyrirliggjandi kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þær.

11) Kröfur varðandi visthönnun skulu samræma kröfur um orkunýtni viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW í gervöllu Sambandinu, og styðja starfsemi innri markaðarins og stuðla að umbótum á vistvænleika þessara vara.

12) Litlar viftur sem ganga (óbeint) fyrir rafhreyfli á bilinu 125W og 3 kW sem þjóna fyrst og fremst öðrum tilgangi falla ekki undir gildissviðið. Lítil vifta til að kæla rafhreyfil í keðjusög fellur t.d. ekki undir gildissviðið, jafnvel þótt hreyfill keðjusagarinnar (sem knýr einnig viftuna) sé yfir 125 W.

13) Framleiðendum skal gefinn viðeigandi tímarammi til að endurhanna vörur og til að aðlaga framleiðslulínur. Tímasetningin skal miða að því að forðast neikvæð áhrif á afhendingu rafdrifinna viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW, og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

14) Endurskoðun þessarar reglugerðar er fyrirhuguð eigi síðar en 4 árum eftir að hún öðlast gildi. Hefja má endurskoðunarferlið fyrr ef framkvæmdastjórninni berast gögn sem kalla á það. Við endurskoðunina skal einkum meta setningu krafna sem eru óháðar tiltekinni tækni, möguleikana sem felast í notkun snúningshraðastýringar (VSD) og nauðsyn á fjölda og umfangi undanþága ásamt því að gera ráð fyrir viftum með rafinnafl undir 125 W.

15) Orkunýtni viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125W til 500 kW skal ákvörðuð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum, sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópsku staðlastofnununum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu([5]).

16) Reglugerð þessari er ætlað að auka útbreiðslu á markaði á tækni sem takmarkar umhverfisáhrif viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW á endingartíma þeirra, sem leiðir til 34 TWh áætlaðs árlegs raforkusparnaðar til ársins 2020, miðað við aðstæður þar sem ekki er gripið til ráðstafana.

17) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal í þessari reglugerð tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.

18) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skal þess krafist af framleiðendum að þeir veiti upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tæknigögnunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.

19) Til að takmarka enn frekar umhverfisáhrif viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW skulu framleiðendur veita viðeigandi upplýsingar um sundurhlutun, endurnýtingu eða förgun þegar slíkar viftur eru úr sér gengnar.

20) Setja skal viðmiðanir fyrir fyrirliggjandi tegundir viftna með góða orkunýtni. Þetta mun hjálpa til við að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og mjög lítil fyrirtæki, sem auðveldar enn frekar samþættingu bestu hönnunartækni og auðveldar þróun orkunýtnari vara til að draga úr orkunotkun.

([5]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja viftur á markað eða taka þær í notkun, einnig þær viftur sem eru felldar inn í aðrar orkutengdar vörur og falla undir tilskipun 2009/125/EB.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um viftur sem eru felldar inn í:

i. vörur með einum rafmagnshreyfli 3 kW eða minni þar sem viftan er fest á sama ás og notaður er til að knýja aðalvirkni vörunnar,

ii. þurrkara og þvottavélar með þurrkara með ≤ 3 kW hámarks-rafinnafl,

iii. eldhúsháfa með < 280 W hámarks heildarrafinnafl sem rekja má til viftu/-na.

3. Reglugerð þessi gildir ekki um viftur sem eru:

a) hannaðar sérstaklega fyrir sprengihættustað eins og hann er skilgreindur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB([6]),

b) hannaðar eingöngu fyrir skammtímavinnu í neyðartilvikum, m.t.t. krafna um öryggiskröfur við bruna sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 89/106/EB([7]),

c) hannaðar sérstaklega til notkunar:

i. a) þar sem ganghiti lofttegundarinnar sem flutt er fer yfir 100°C,

b) þar sem gangumhverfishiti hreyfilsins sem knýr viftuna, ef hann er staðsettur utan streymis lofttegundarinnar, fer yfir 65°C,

ii. þar sem árlegur meðalhiti lofttegundarinnar sem flutt er og/eða gangumhverfishiti hreyfilsins, ef hann er staðsettur utan streymis lofttegundarinnar, er lægri en – 40 °C,

iii. með afhendingarspennu > 1000 V riðstraumur (AC) eða > 1500 V jafnstraumur (DC),

iv. í eitruðu, mjög ætandi eða eldfimu umhverfi eða í umhverfi með slípiefnum,

d) settar á markað fyrir 1. janúar 2015 í stað sams konar viftna sem voru felldar inn í vörur sem voru settar á markað fyrir 1. janúar 2013, nema að því leyti að á umbúðum, í vöruupplýsingum og í tæknigögnum skal skýrt tekið fram, hvað varðar a-, b- og c-lið, að viftan er eingöngu ætluð til þeirrar notkunar sem hún er hönnuð fyrir og hvað varðar d-lið fyrir hvaða vöru eða vörur hún er ætluð.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna sem settar eru fram í tilskipun 2009/125/EB er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Vifta“: vél með þyrilblöðum sem er notuð til að viðhalda stöðugu flæði lofttegundar, einkum andrúmslofti, í gegnum sig og sem er með afköst á massaeiningu ekki umfram 25 kJ/kg, og sem:

— er hönnuð til notkunar með eða búin rafhreyfli með rafinnafl á bilinu 125 W til 500 kW (≥ 125 W og ≤ 500 kW) til að knýja dæluhjólið við bestu orkunýtni þess,

— er áslæg vifta, miðflóttaaflsvifta, krossflæðisvifta eða vifta með blönduðu flæði,

— með eða án hreyfils þegar hún er sett á markað eða tekin í notkun,

2. „Dæluhjól“: sá hluti viftunnar sem miðlar orku í flæði lofttegundar og er einnig þekkt sem viftuhjólið,

3. „Áslæg vifta“: vifta sem dælir lofttegund í þá átt sem er áslæg við snúningsás eins eða fleiri dæluhjóla með hringsnúningi snertihreyfingar sem snúningsdæluhjólið/-hjólin mynda. Áslæga viftan getur verið búin sívölu hlífðarhúsi, stýriblöðum fyrir inntak eða úttak eða festiplötu eða -hring með opi,

([6]) Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

4. „Stýriblöð fyrir inntak“: blöð sem eru staðsett fyrir framan dæluhjólið til að leiða streymi lofttegundar í átt að dæluhjólinu og eru ýmist stillanleg eða ekki,

5. „Stýriblöð fyrir úttak“: blöð sem eru staðsett fyrir aftan dæluhjólið til að leiða streymi lofttegundar frá dæluhjólinu og eru ýmist stillanleg eða ekki,

6. „Festiplata með opi“: plata með opi sem viftan er í og sem gerir kleift að festa viftuna við aðra hluta,

7. „Festihringur með opi“: hringur með opi sem viftan er í og sem gerir kleift að festa viftuna við aðra hluta,

8. „Miðflóttaaflsvifta“: vifta þar sem lofttegundin fer inn í dæluhjólið/-hjólin í nánast áslæga átt og út úr því í átt sem er hornrétt á þann ás. Dæluhjólið getur haft eitt eða tvö inntök og er ýmist með eða án hlífðarhúss,

9. „Miðflóttaaflsvifta með geislalægum blöðum“: miðflóttaaflsvifta þar sem dæluhjólsblöðin sem vísa út á við á brúninni eru geislalæg miðað við snúningsásinn,

10. „Miðflóttaaflsvifta með framsveigðum blöðum“: miðflóttaaflsvifta þar sem dæluhjólsblöðin sem vísa út á við á brúninni vísa fram miðað við snúningsásinn,

11. „Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum án hlífðarhúss“: miðflóttaaflsvifta, þar sem dæluhjólsblöðin sem vísa út á við á brúninni vísa aftur miðað við snúningsásinn, og sem hefur ekki hlífðarhús,

12. „Hlífðarhús“: hlíf utan um dæluhjólið sem leiðir streymi lofttegundar að, í gegnum og frá dæluhjólinu,

13. „Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum með hlífðarhúsi“: miðflóttaaflsvifta með dæluhjóli þar sem dæluhjólsblöðin sem vísa út á við á brúninni vísa aftur miðað við snúningsásinn, og sem er með hlífðarhúsi,

14. „Krossflæðisvifta“: vifta, þar sem lofttegundin streymir í gegnum dæluhjólið í átt sem er að mestu hornrétt á öxul þess, bæði þegar lofttegundin streymir inn í það og út úr því við jaðar þess,

15. „Vifta með blönduðu flæði“: vifta þar sem leið lofttegundarinnar í gegnum dæluhjólið er mitt á milli leiðar lofttegundarinnar í miðflóttaaflsviftum og áslægum viftum,

16. „Skammtímavinna“: vinna hreyfils við stöðugt álag, sem varir ekki nógu lengi til að hitajafnvægi komist á,

17. „Loftræstivifta“: vifta sem er ekki notuð í eftirfarandi orkutengdum vörum:

— þurrkurum og þvottavélum með þurrkara með > 3 kW hámarksrafinnafl,

— innieiningum loftjöfnunarvara til heimilisnota og loftræstisamstæðum til heimilisnota innandyra, ≤ 12 kW hámarksloftræstiafköst,

— vörum á sviði upplýsingatækni,

18. „sértækt hlutfall“: stöðvunarþrýstingur mældur við úttak viftu deilt með stöðvunarþrýstingi við inntak viftu við bestu orkunýtni viftunnar.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

1. Kröfurnar varðandi visthönnun viftna eru settar fram í I. viðauka.

2. Hver krafa um orkunýtni viftna í 2. hluta I. viðauka gildir í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) fyrsta þrep: frá 1. janúar 2013 skulu loftræstiviftur ekki hafa lægri markorkunýtni en skilgreint er í töflu 1 í 2. hluta 1. viðauka,

b) annað þrep: frá 1. janúar 2015 skulu loftræstiviftur ekki hafa lægri markorkunýtni en skilgreint er í töflu 2 í 2. hluta 1. viðauka.

3. Kröfur um vöruupplýsingar um viftur og hvernig ber að sýna þær eru eins og segir í 3. lið I. viðauka, Þessar kröfur gilda frá og með 1. janúar 2013.

4. Kröfur um orkunýtni viftna í 2. hluta I. viðauka gilda ekki um viftur sem eru hannaðar til notkunar:

a) með bestu orkunýtni við 8000 eða fleiri snúninga á mínútu,

b) í tækjum þar sem „sértækt hlutfall“ er yfir 1,11,

c) sem viftur notaðar til flutnings á efnum sem ekki eru loftkennd til notkunar í iðnaðarferlum.

5. Hvað varðar viftur með tvíþætt notagildi sem hannaðar eru bæði til loftræstingar við eðlilegar aðstæður og notkunar í neyðartilvikum, miðað við skammtímavinnu, m.t.t. krafna um eldvarnir sem settar eru fram í tilskipun 89/106/EB, verða gildin fyrir viðeigandi orkunýtnistig sem sett eru fram í 2. hluta I. viðauka lækkuð um 10% hvað varðar töflu 1 og um 5% hvað varðar töflu 2.

6. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt og reiknað í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið til að meta samræmi, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita sannprófunaraðferðinni sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vifturnar sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í IV. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð eigi síðar en fjórum árum eftir að hún öðlast gildi og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun. Við endurskoðunina skal einkum meta hagkvæmni þess að fækka viftutegundum til þess að styrkja samkeppni á forsendum orkunýtni viftna með sambærilega virkni. Við endurskoðunina skal einnig meta hvort draga megi úr gildissviði undanþága, þ.m.t. frávik vegna viftna með tvíþætt notagildi.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI VISTHÖNNUN VIFTNA

1. **Skilgreiningar að því er varðar I. viðauka**

1) „Mæliflokkur“: prófun, mæling eða fyrirkomulag við notkun sem skilgreinir skilyrðin við inn- og úttak viftunnar sem verið er að prófa.

2) „Mæliflokkur A“: fyrirkomulag þar sem viftan er mæld við óheft skilyrði við inn- og úttak.

3) „Mæliflokkur B“: fyrirkomulag þar sem viftan er mæld við óheft skilyrði við inntak og með rás tengda við úttakið.

4) „Mælilokkur C“: fyrirkomulag þar sem viftan er mæld með rás tengda við inntakið og við óheft skilyrði við úttakið.

5) „Mæliflokkur D“: fyrirkomulag þar sem viftan er mæld með rás tengda við inn- og úttakið.

6) „Orkunýtniflokkur“: orkuform lofttegundar sem fer frá viftunni og notað er til að ákvarða orkunýtni viftunnar, annaðhvort stöðu- eða heildarnýtni, þar sem:

a) „stöðuþrýstingur viftu“ (p_{sf}) hefur verið notaður til að ákvarða afl í lofttegund frá viftu í orkunýtnijöfnu fyrir stöðunýtni viftu, og

b) „heildarþrýstingur viftu“ (p_f) hefur verið notaður til að ákvarða afl í lofttegund viftu í orkunýtnijöfnu fyrir heildarnýtni.

7) „stöðunýtni“: orkunýtni viftu, byggð á mælingu á „stöðuþrýstingi viftu“ (p_{sf}).

8) „Stöðuþrýstingur viftu“ (p_{sf}): heildarþrýstingur viftu (p_f) að frádregnum hreyfiþrýstingi viftunnar leiðréttum með Mach-stuðlinum.

9) „Stöðvunarþrýstingur“: þrýstingur mældur á mælipunkti í streymandi lofttegund ef streymið væri stöðvað með ferli þar sem óreiðan helst óbreytt.

10) „Hreyfiþrýstingur“: þrýstingurinn sem er reiknaður út frá massastreymi, og meðaleðlismassa lofttegundar við úttak og úttakssvæði viftunnar.

11) „Mach-stuðull“: leiðréttingarstuðull, sem er notaður á hreyfiþrýsting í punkti, skilgreindur sem stöðvunarþrýstingur að frádregnum þrýstingnum miðað við algildan núllþrýsting, sem verkar á punkt sem er kyrr miðað við lofttegundina umhverfis hann deilt með hreyfiþrýstingnum.

12) „Heildarorkunýtni“: orkunýtni viftu, byggð á mælingu á „heildarþrýstingi viftu“ (p_f).

13) „Heildarþrýstingur viftu“ (p_f): mismunur stöðvunarþrýstings við úttak viftu og stöðvunarþrýstings við inntak viftu.

14) „Orkunýtnistig“: kennistærð í útreikningi markorkunýtni viftu með sértækt rafinnafl við bestu orkunýtni (gefið upp sem kennistærðin „N“ í útreikningi á orkunýtni viftunnar).

15) „Markorkunýtni“ (η_{target}): lágmarksorkunýtni sem vifta þarf að ná til að uppfylla kröfurnar og byggist á rafinnafli hennar við bestu orkunýtni, þar sem η_{target} er frálagsgildið úr viðeigandi jöfnu í 3. hluta II. viðauka, með viðeigandi heiltöluna N fyrir orkunýtnistigið N (töflur 1 og 2 í 2. hluta í I. viðauka) og rafinnafl $P_{e(d)}$ viftunnar gefið upp í kW við bestu orkunýtni í viðeigandi orkunýtniformúlu.

16) „Snúningshraðastýring (VSD)“: rafrænn aflbreytir sem er felldur inn í - eða rekinn sem eitt kerfi - hreyfil og viftu, sem breytir samfellt rafafli til rafmagnshreyfils til að stjórna vélrænu útafli hreyfilsins í samræmi við snúningsvægið sem fylgir álaginu sem hreyfillinn verður fyrir, fyrir utan breytilega spennustilla þar sem eingöngu afhendingarspenna fyrir hreyfilinn er breytileg.

17) „Allsherjarnýtni“: ýmist „stöðunýtni“ eða „heildarnýtni“, eftir því sem við á.

2. **Kröfur um orkunýtni viftna**

Kveðið er á um lágmarkskröfur varðandi orkunýtni viftna í töflum 1 og 2.

Tafla 1

Lágmarkskröfur um orkunýtni viftna á fyrsta þrepi frá 1. janúar 2013

Viftutegundir	Mæliflokkur (A-D)	Orkunýtni-flokkur (stöðu- eða heildar-)	Aflbilið P í kW	Markorkunýtni	Orkunýtni-stig (N)
Áslæg vifta	A, C	stöðu-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	36
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	
	B, D	heildar-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	50
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	
Miðflóttaaflsvifta með framsveigðum blöðum og miðflóttaaflsvifta með geislalægum blöðum	A, C	stöðu-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	37
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	
	B, D	heildar-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	42
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	
Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum án hlífðarhúss	A, C	stöðu-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	58
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum með hlífðarhúsi	A, C	stöðu-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	58
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
	B, D	heildar-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	61
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
Vifta með blönduðu flæði	A, C	stöðu-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	47
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
	B, D	heildar-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	58
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
Krossflæðisvifta	B, D	heildar-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 1{,}14 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	13
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = N$	

Tafla 2

Lágmarkskröfur um orkunýtni viftna á öðru þrepi frá 1. janúar 2015

Viftutegundir	Mæliflokkur (A-D)	Orkunýtni-flokkur (stöðu- eða heildar-)	Aflbilið P í kW	Markorkunýtni	Orkunýtni-stig (N)
Áslæg vifta	A, C	stöðu-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	40
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	
	B, D	heildar-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	58
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	

Viftutegundir	Mæliflokkur (A-D)	Orkunýtni-flokkur (stöðu- eða heildar-)	Aflbilið P í kW	Markorkunýtni	Orkunýtni-stig (N)
Miðflóttaaflsvifta með framsveigðum blöðum og miðflóttaaflsvifta með geislalægum blöðum	A, C	stöðu-	$0{,}125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	44
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	
	B, D	heildar-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	49
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$	
Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum án hlífðarhúss	A, C	stöðu-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	62
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum með hlífðarhúsi	A, C	stöðu-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	61
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
	B, D	heildar-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	64
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
Vifta með blönduðu flæði	A, C	stöðu-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	50
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
	B, D	heildar-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	62
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	
Krossflæðisvifta	B, D	heildar-	$0.125 \leq P \leq 10$	$\eta_{target} = 1{,}14 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	21
			$10 < P \leq 500$	$\eta_{target} = N$	

3. **Kröfur um vöruupplýsingar um viftur**

1. Upplýsingar um viftur sem tilgreindar eru í 1. - 14. liðar 2. liðar skulu vera sýnilegar í:

a) tæknigögnum um viftur,

b) á vefsetrum með opnum aðgangi sem framleiðendur viftna halda úti.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

1) heildaorkunýtni (η), námunduð með einum aukastaf,

2) mæliflokkur sem notaður er til að ákvarða orkunýtni (A-D),

3) orkunýtniflokkur (stöðu- eða heildar-),

4) orkunýtnistig við bestu orkunýtni,

5) hvort gert hefur verið ráð fyrir notkun snúningshraðastýringar við útreikning á orkunýtni viftu og ef svo er, hvort snúningshraðastýringin er felld inn í viftuna eða hvort setja þarf hana upp með viftunni,

6) framleiðsluár,

7) heiti eða vörumerki framleiðanda, skráningarnúmer fyrirtækis og staðsetning framleiðanda,

8) tegundarnúmer vörunnar,

9) málinnafl hreyfils (kW), streymi og þrýstingur við bestu orkunýtni,

10) snúningar á mínútu við bestu orkunýtni,

11) „sértækt hlutfall“,

12) upplýsingar sem auðvelda sundurhlutun, endurvinnslu eða förgun þegar varan er úr sér gengin,

13) upplýsingar sem skipta máli við að lágmarka áhrif á umhverfið og til að tryggja hámarksendingartíma hvað varðar uppsetningu, notkun og viðhald viftunnar,

14) lýsing á viðbótaratriðum sem notuð eru til að ákvarða orkunýtni viftunnar, s.s. rásum, sem er ekki lýst í mæliflokknum og fylgja ekki með viftunni.

3. Upplýsingarnar í tæknigögnunum skulu settar fram í sömu röð og í lið 1. - 14. í 2. lið. Ekki er nauðsynlegt að nota nákvæmlega sama orðalag og í upptalningunni. Setja má upplýsingarnar fram í línuritum, myndum eða táknum í stað texta.

4. Upplýsingarnar sem um getur í 1., 2., 3., 4. og 5. lið 2. liðar skulu merktar varanlega á eða nálægt merkiplötu viftunnar, þar sem nota skal eitthvert eftirfarandi orðalag til að tilgreina hvað við á að því er varðar 5. lið 2. liðar:

— „Setja skal upp snúningshraðastýringu með þessari viftu“,

— „Snúningshraðastýring er innbyggð í viftuna“.

5. Framleiðendur skulu veita upplýsingar í handbókinni með leiðbeiningum um sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar viftur eru settar saman, settar upp eða þeim haldið við. Ef tilgreint er í ákvæðum 5. liðar 2. liðar í kröfunum um vöruupplýsingar að setja skuli upp snúningshraðastýringu með viftunni, skulu framleiðendur veita nánari upplýsingar um eiginleika snúningshraðastýringarinnar til að tryggja bestu notkun eftir samsetningu.

_____

II. VIÐAUKI

MÆLINGAR OG ÚTREIKNINGAR

1. **Skilgreiningar að því er varðar II. viðauka**

1) „Rúmmálsstreymi við inntak miðað stöðvunarþrýsting“ (q): rúmmál tiltekinnar lofttegundar sem fer í gegnum viftuna á tímaeiningu (í m^3/s) og er reiknað út frá massa lofttegundarinnar sem viftan flytur (í kg/s) deilt með eðlismassa þessarar lofttegundar við inntak viftunnar (í kg/m^3).

2) „Þjöppunarstuðull“: víddarlaus tala sem gefur til kynna hversu mikil þjöppunin er sem streymi lofttegundarinnar verður fyrir í prófuninni og er reiknaður sem hlutfall áhrifa vélrænnar vinnu viftunnar á lofttegundina og þeirrar vinnu sem færi fram á óþjappanlegan vökva með sama massastreymi, eðlismassa við inntak og þrýstihlutfall, að teknu tilliti til viftuþrýstingsins sem „heildarþrýstings“ (k_p) eða „stöðuþrýstings“ (k_{ps}).

3) k_{ps}: reiknistuðull fyrir þjappanleika við útreikninga á stöðugu afli í lofttegund frá viftu.

4) k_p: reiknistuðull fyrir þjappanleika við útreikninga á heildarafli í lofttegund frá viftu.

5) „Lokasamsetning“: vifta sem er tilbúin eða sett saman á staðnum og hefur allt sem til þarf til að breyta raforku í afl í lofttegund frá viftu án þess að bæta þurfi við hlutum eða íhlutum.

6) „Ósamsett vifta“: samsetning viftuhluta, sem saman stendur af a.m.k. dæluhjólinu, þar sem einn eða fleiri utanaðkomandi hluta vantar til að geta breytt raforku í afl í lofttegund frá viftu.

7) „Beintenging“: driffyrirkomulag viftu þar sem dæluhjólið er fest við hreyfilásinn, annaðhvort beint eða með samása tengi, og þar sem hraði dæluhjólsins er sá sami og snúningshraði hreyfilsins.

8) „Gírskipting“: driffyrirkomulag viftu sem er ekki „beintenging“ eins og skilgreint er hér að framan. Slíkt driffyrirkomulag getur falið í sér gírskiptingu með drifreim, gírkassa eða sveigjanlegu tengi.

9) „Drif með litla orkunýtni“: gírskipting með reim sem er minna en þrisvar sinnum breiðari en hún er há, eða sem notar annars konar gírskiptingu en „drif með mikla orkunýtni“.

10) „Drif með mikla orkunýtni“: gírskipting með reim sem er a.m.k. þrisvar sinnum breiðari en hún er há, tenntri reim eða með tenntum gírum.

2. **Mæliaðferð**

Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar og útreikningar gerð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum aðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

3. **Reikniaðferð**

Aðferðafræðin við að reikna út orkunýtni tiltekinnar viftu byggist á hlutfalli afls í lofttegund frá viftu og rafinnafls til hreyfilsins, þar sem afl í lofttegund frá viftu er margfeldi rúmmálsflæðis lofttegundar og þrýstingsmunar innan viftunnar. Þrýstingurinn er annaðhvort stöðuþrýstingur eða heildarþrýstingur, sem er summa stöðu- og hreyfiþrýstings sem fer eftir mæliflokki og orkunýtniflokki.

3.1. Ef viftan er afhent sem „lokasamsetning“ skal mæla afl í lofttegund frá viftu og rafinnafl viftunnar við bestu orkunýtni hennar:

a) sé viftan ekki búin snúningshraðastýringu skal reikna heildarnýtni hennar með eftirfarandi jöfnu:

$$\eta_e = P_{u(s)} / P_e$$

þar sem:

η_e: heildarnýtni,

$P_{u(s)}$: afl í lofttegund frá viftu, ákvarðað í samræmi við lið 3.3, þegar hún gengur við bestu orkunýtni,

P_e: aflið mælt við inngangstengi rafkerfisins við hreyfilinn í viftunni þegar viftan gengur við bestu orkunýtni,

b) sé viftan búin snúningshraðastýringu skal reikna heildarnýtni hennar með eftirfarandi jöfnu:

$\eta_e = (P_{u(s)} / P_{ed}) \cdot C_c$

þar sem:

η_e: heildarnýtni,

$P_{u(s)}$: afl í lofttegund frá viftu, ákvarðað í samræmi við lið 3.3, þegar hún gengur við bestu orkunýtni,

P_{ed}: aflið mælt við inngangstengi rafkerfisins við snúningshraðastýringuna í viftunni þegar viftan gengur við hámarksorkunýtni,

C_c: jöfnunarstuðull vegna hlutaálags sem hér segir:

— fyrir hreyfil með snúningshraðastýringu og $P_{ed} \geq 5$ kW, þá er $C_c = 1{,}04$,

— fyrir hreyfil með snúningshraðastýringu og $P_{ed} < 5$ kW, þá er $C_c = -0{,}03 \ln(P_{ed}) + 1{,}088$.

3.2. Þar sem viftan er afhent sem „ekki lokasamsetning“ er heildarnýtni hennar reiknuð við bestu orkunýtni dæluhjólsins með eftirfarandi jöfnu:

$$\eta_e = \eta_r \cdot \eta_m \cdot \eta_T \cdot C_m \cdot C_c$$

þar sem:

η_e: heildarnýtni,

η_r: nýtni dæluhjóls viftunnar samkvæmt $P_{u(s)} / P_a$

þar sem:

$P_{u(s)}$: afl í lofttegund frá viftu ákvarðað við bestu orkunýtni dæluhjólsins og samkvæmt lið 3.3 að neðan,

P_a: afl viftuássins við bestu orkunýtni dæluhjólsins,

η_m: nafnmálnýtni hreyfils í samræmi við reglugerð (EB) nr. 640/2009 eftir því sem við á. Ef hreyfillinn fellur ekki undir reglugerð (EB) nr. 640/2009 eða ef engin hreyfill er afhentur er reiknað út sjálfgefið gildi η_m fyrir hreyfilinn með eftirfarandi gildum:

— ef rafinnaflið „Pe“ sem mælt er með er $\geq 0{,}75$ kW,

$\eta_m = 0{,}000278*(x^3) - 0{,}019247*(x^2) + 0{,}104395*x + 0{,}809761$,

þar sem $x = Lg(P_e)$,

og P_e er eins og skilgreint er í a-lið liðar 3.1,

— ef hreyfilinnaflið „Pe“ sem mælt er með er $< 0{,}75$ kW,

$\eta_m = 0{,}1462*\ln(P_e) + 0{,}8381$,

og P_e er eins og skilgreint er í a-lið liðar 3.1, þar sem rafinnaflið Pe sem framleiðandi viftunnar mælir með skal nægja til að viftan nái bestu orkunýtni, að teknu tilliti til taps á flutningskerfum, ef við á.

η_T: nýtni driffyrirkomulags þar sem eftirfarandi sjálfgildi skulu notuð:

— fyrir beintengingu $\eta_T = 1{,}0$,

— ef gírskiptingin er drif með litla orkunýtni eins og skilgreint er í 9. lið 1. liðar, og

— $P_a \geq 5$ kW, $\eta_T = 0{,}96$, eða

— 1 kW $< P_a < 5$ kW, $\eta_T = 0{,}0175 * Pa + 0{,}8725$, eða

— $P_a \geq 1$ kW, $\eta_T = 0{,}89$,

— ef gírskiptingin er drif með mikla orkunýtni eins og skilgreint er í 10. lið 1. liðar, og

— $P_a \geq 5$ kW, $\eta_T = 0{,}98$,

— eða 1 kW $< P_a < 5$ kW, $\eta_T = 0{,}01 * Pa + 0{,}93$, eða

— $P_a \geq 1$ kW, $\eta_T = 0{,}94$.

C_m: jöfnunarstuðull til að gera ráð fyrir samsvörun íhluta = 0,9,

C_c: jöfnunarstuðull hlutahleðslu:

— fyrir hreyfil án snúningshraðastýringar $C_c = 1{,}0$,

— fyrir hreyfil með snúningshraðastýringu og $P_{ed} \geq 5$ kW, þá er $C_c = 1{,}04$,

— fyrir hreyfil með snúningshraðastýringu og $P_{ed} < 5$ kW, þá er $C_c = -0{,}03 \ln(P_{ed}) + 1{,}088$.

3.3. Afl í lofttegund frá viftu, $P_{u(s)}$ (kW), er reiknað út samkvæmt prófunaraðferð fyrir mæliflokkinn sem birgir viftunnar hefur valið:

a) ef viftan hefur verið mæld í samræmi við mæliflokk A er miðað við stöðugt afl í lofttegund frá viftu P_{us} úr jöfnunni $P_{us} = q \cdot p_{sf} \cdot k_{ps}$,

b) ef viftan hefur verið mæld í samræmi við mæliflokk B er miðað við afl í lofttegund frá viftu P_u úr jöfnunni $P_u = q \cdot p_f \cdot k_{p,}$

c) ef viftan hefur verið mæld í samræmi við mæliflokk C er miðað við stöðugt afl í lofttegund frá viftu P_{us} úr jöfnunni $P_{us} = q \cdot p_{sf} \cdot k_{ps}$,

d) ef viftan hefur verið mæld í samræmi við mæliflokk D er miðað við afl í lofttegund frá viftu P_u úr jöfnunni $P_u = q \cdot p_f \cdot k_p$

4. **Aðferðafræði við útreikning á markorkunýtni**

Markorkunýtnin er sú orkunýtni sem vifta af tiltekinni gerð þarf að ná til að vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð (gefin upp í heilum prósentustigum). Markorkunýtnin er reiknuð út með nýtniformúlum sem ná yfir rafinnafl $P_{e(d)}$ og lágmarksorkunýtnistig eins og skilgreint er í I. viðauka. Tvær formúlur ná yfir aflbilið í heild: önnur fyrir viftur með rafinnafl frá 0,125 kW til og með 10 kW og hin fyrir viftur yfir 10 kW til og með 500 kW.

Til eru þrjár raðir af viftugerðum sem verið er að þróa orkunýtniformúlur fyrir í því skyni að endurspegla ólíka eiginleika mismunandi viftugerða:

4.1. Markorkunýtni áslægra viftna, miðflóttaaflsviftna með framsveigðum blöðum, miðflóttaaflsviftna með geislalægum blöðum (áslæg vifta að innan) er reiknuð með eftirfarandi jöfnum:

Aflbilið P frá 0,125 kW til 10 kW	Aflbilið P frá 10 kW til 500 kW
$\eta_{target} = 2{,}74 \cdot \ln(P) - 6{,}33 + N$	$\eta_{target} = 0{,}78 \cdot \ln(P) - 1{,}88 + N$

ef innaflið P er rafinnaflið $P_{e(d)}$ og N er orkunýtnistig sem krafist er, í heilum tölum.

4.2. Markorkunýtni miðflóttaaflsviftna með aftursveigðum blöðum án hlífðarhúss, miðflóttaaflsviftna með aftursveigðum blöðum með hlífðarhúsi og viftna með blönduðu flæði er reiknuð út með eftirfarandi jöfnum:

Aflbilið P frá 0,125 kW til 10 kW	Aflbilið P frá 10 kW til 500 kW
$\eta_{target} = 4{,}56 \cdot \ln(P) - 10{,}5 + N$	$\eta_{target} = 1{,}1 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$

ef innaflið P er rafinnaflið $P_{e(d)}$ og N er orkunýtnistig sem krafist er, í heilum tölum.

4.3. Markorkunýtni krossflæðisviftna er reiknuð út með því að nota eftirfarandi jöfnur:

Aflbilið P frá 0,125 kW til 10 kW	Aflbilið P frá 10 kW til 500 kW
$\eta_{target} = 1{,}14 \cdot \ln(P) - 2{,}6 + N$	$\eta_{target} = N$

ef innaflið P er rafinnaflið $P_{e(d)}$ og N er orkunýtnistig sem krafist er, í heilum tölum.

5. **Beiting markorkunýtni**

Heildarnýtni viftu η_e reiknuð samkvæmt viðeigandi aðferð í 3. lið II. viðauka skal vera jöfn eða meiri en markgildið η_{target} sem miðast við orkunýtnistig til að uppfylla lágmarkskröfur um orkunýtni.

III. VIÐAUKI

SANNPRÓFUNARAÐFERÐ VEGNA MARKAÐSEFTIRLITS

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í I. viðauka.

1. Yfirvöld í aðildarríkinu skulu prófa staka einingu.

2. Tegundin skal teljast vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í þessari reglugerð ef heildarnýtni viftunnar (η_e) er a.m.k. markorkunýtni*0,9 reiknuð út með því að nota formúlurnar í II. viðauka (3. lið) og viðeigandi orkunýtnistig úr I. viðauka.

3. Ef niðurstaðan sem um getur í 2. lið næst ekki:

   — hvað varðar tegundir sem eru framleiddar í færri en fimm eintökum á ári, skal tegundin ekki teljast samræmast ákvæðum þessarar reglugerðar,

   — hvað varðar tegundir sem eru framleiddar í fimm eintökum eða fleiri á ári, skal markaðseftirlitsyfirvaldið prófa þrjár einingar til viðbótar, sem valdar eru af handahófi.

4. Tegundin skal teljast vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í þessari reglugerð ef meðaltal heildarnýtni (η_e) þeirra þriggja eininga sem vísað er til í 3. lið er a.m.k. markorkunýtni*0,9 reiknuð út með því að nota formúlurnar í II. viðauka (3. lið) og viðeigandi orkunýtnistig úr I. viðauka.

5. Ef niðurstöðurnar sem um getur í lið 4 fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

IV. VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 6. GR.

Þegar þessi reglugerð er samþykkt er besta fáanlega tækni á markaðinum fyrir viftur eins og tilgreint er í töflu 1. Komið getur fyrir að ekki sé hægt að ná þessum viðmiðunum við alla notkun eða allt aflbilið sem fellur undir þessa reglugerð.

Tafla 1

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir viftur

Viftutegundir	Mæliflokkur (A-D)	Orkunýtniflokkur (stöðu- eða heildar-)	Orkunýtnistig
Áslæg vifta	A, C	stöðu-	65
	B, D	heildar-	75
Miðflóttaaflsvifta með framsveigðum blöðum og miðflóttaaflsvifta með geislalægum blöðum	A, C	stöðu-	62
	B, D	heildar-	65
Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum án hlífðarhúss	A, C	stöðu-	70
Miðflóttaaflsvifta með aftursveigðum blöðum með hlífðarhúsi	A, C	stöðu-	72
	B, D	heildar-	75
Vifta með blönduðu flæði	A, C	stöðu-	61
	B, D	heildar-	65
Krossflæðisvifta	B, D	heildar-	32

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 989/2012 **2013/EES/20/14**

frá 25. október 2012

um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755) og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754) sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps (handhafi leyfis er Aveve NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755) og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps.

4) Notkun þessara ensíma var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009 ([2]) og til 10 ára fyrir fráfærugrísi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1088/2011 ([3]).

5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754), fyrir varphænur og aukategundir alifugla til eldis og varps. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. maí 2012 ([4]) að notkun endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754), hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að með notkun blöndunnar fáist talsverð aukning á eggjamassa og hún geti bætt hlutfallið á milli fóðurs og eggjamassa í varphænum og aukategundum alifugla til varps og bætt dýraræktartengda þætti í aukategundum alifugla til eldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endó-1,4-betaxýlanasi og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem tilheyra aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 6.

([3]) Stjtíð. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 14.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012* 10(6), 2728.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a9	Aveve NV	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754), með virkni að lágmarki: 40 000 XU ([1]) og 9 000 BGU ([2])/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MULC 49754) *Greiningaraðferð*([3]) Lýsing á eiginleikum virka efnisins í aukefninu: – litmæling sem byggist á efnahvarfi dínítrósalisýlsýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlani, – litmæling sem byggist á efnahvarfi dínítrósalisýlsýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,3(4)-betaglúkanasa á hvarfefni sem í er β-glúkani. Lýsing á eiginleikum virku efnanna í fóðrinu – litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum,	Varphænur og aukategundir alifugla til varps Aukategundir alifugla til eldis	—	4 000 XU 900 BGU 3 000 XU 675 BGU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Til notkunar í fóður, auðugt af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum betaglúkönum og arabínoxýlönum). 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	15. nóvember 2022

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
			– litmæling sem mælir vatnsleysanlegan lit (litarefni) sem endó-1,3(4)-betaglúkanasi leysir úr hvarfefni byggs, betaglúkanasa, sem er víxltengdur litnum.						

([1]) XU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH-gildið 4,8 og 50 °C.
([2]) 1 BGU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (sellóbíósajafngildi) á mínútu úr ß-glúkani úr byggi við pH-gildið 5,0 og 50 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 990/2012 **2013/EES/20/15**

frá 25. október 2012

um leyfi fyrir blöndu með *Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.

2) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var blanda með *Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U), hér á eftir nefnd „blandan“, færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara, sem tilheyrir virka hópnum aukefni í votfóður, fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. apríl 2012 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blandan ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun blöndunnar geti bætt loftháðan stöðugleika í meðhöndluðu votfóðri. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun blöndunnar eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausra beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 15. maí 2013 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. nóvember 2012, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2673.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k2111	—	*Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U)	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U) sem inniheldur að lágmarki 1×10^8 CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Propionibacterium acidipropionici* (CNCM MA 26/4U) *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu með dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	15. nóvember 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 991/2012 **2013/EES/20/16**

frá 25. október 2012

um leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. apríl 2012 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að notkun þess geti talist áhrifaríkur gjafi sinks fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á sinkklóríðhýdroxíðmónóhýdrati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2672.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Zn) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b609	—	Sinkklóríðhýdroxíð-mónóhýdrat	*Lýsing á eiginleikum aukefnisins* Efnaformúla: $Zn_5 (OH)_8 Cl_2 \cdot (H_2O)$ CAS-númer: 12167-79-2 Hreinleiki: að lágmarki 84% Sinkoxíð: að hámarki 9% Sinkinnihald: að lágmarki 54% Agnir < 50 µm: undir 1% *Greiningaraðferð*(1) Sanngreining á sinkklóríðhýdroxíði í kristölluðu formi í fóðuraukefninu: – Röntgengreining (XRD). Ákvörðun á heildarinnihaldi sinks í aukefninu og forblöndum: – EN 15510: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða – CEN/TS 15621: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi. Ákvörðun á heildarinnihaldi sinks í fóðurefnum og forblöndum: – Frumeindagleypnimæling (AAS) eða – EN 15510 eða CEN/TS 15621.	Allar dýrategundir	—	—	Gæludýr: 250 (samtals) Fiskur: 200 (samtals) Aðrar tegundir: 150 (samtals) Staðgöngumjólk sem heilfóður eða sem fóðurbætir: 200 (samtals)	1. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 2. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fóður.	15. nóvember 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1018/2012 **2013/EES/20/17**

frá 5. nóvember 2012

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 232/2009, (EB) nr. 188/2007, (EB) nr. 186/2007, (EB) nr. 209/2008, (EB) nr. 1447/2006, (EB) nr. 316/2003, (EB) nr. 1811/2005, (EB) nr. 1288/2004, (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 1137/2007, (EB) nr. 1293/2008, (EB) nr. 226/2007, (EB) nr. 1444/2006, (EB) nr. 1876/2006, (EB) nr. 1847/2003, (EB) nr. 2036/2005, (EB) nr. 492/2006, (EB) nr. 1200/2005, og (EB) nr. 1520/2007 að því er varðar hámarksinnihald tiltekinna örvera í heilfóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 1., 2. og 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“, var leyfð til 10 ára fyrir mjólkandi buffla með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 232/2009([2]), fyrir eldislömb með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1447/2006([3]), fyrir mjólkurgeitur og mjólkurær með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 188/2007([4]), fyrir hesta með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 186/2007([5]) og fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 209/2008([6]). Notkun þess var leyfð án tímamarka fyrir eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2004([7]), fyrir mjólkurkýr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005([8]), fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004([9]) og fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004([10]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47, eins og sett er fram í reglugerðunum sem um getur í 1. forsendu.

3) Notkun *Bacillus subtilis* DSM 17299, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka flokknum „þarmaflórustöðgarar“, var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1137/2007([11]).

4) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir *Bacillus subtilis* DSM 17299, eins og sett er fram í reglugerðinni sem um getur í 3. forsendu.

5) Álitin sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) samþykkti um notkun tiltekinna örvera í fóður voru byggð á fyrirvarabundnu áliti um öryggi (QPS) að því er varðar stöðu viðkomandi örvera („Scientific Opinion on the maintenance of the list of QPS biological agents intentionally added to food and feed (2011, uppfærsla)“([12])). Leyfishafar hafa lagt til að takmörkunin varðandi hámarksinnihald örveranna *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47 og *Bacillus subtilis* DSM 17299 í heilfóðri verði felld brott á grundvelli þess að hámarksskammtar voru ekki í samræmi við nálgunina í fyrirvarabundnu áliti um öryggi.

6) Til að forðast röskun á markaðnum þykir rétt að fella takmörkunina sem varðar hámarksinnihald einnig brott að því er varðar leyfi fyrir öðrum örverum sem hafa sömu stöðu varðandi fyrirvarabundið álit um öryggi.

7) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. var óskað eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði fram álit um þann möguleika að fella brott hámarksinnihald fyrir aðrar örverur sem hafa sömu stöðu varðandi fyrirvarabundið álit um öryggi: *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem var leyft til 10 ára fyrir lömb með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008([13]), fyrir mjólkurgeitur og mjólkurær með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 226/2007([14]) og án tímamarka fyrir mjólkurkýr og eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005([15]), *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem var leyft án tímamarka fyrir smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1847/2003([16]) og fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005([17]), *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem var leyft án tímamarka fyrir eldisnautgripi

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.
([2]) Stjtíð. ESB L 74, 20.3.2009, bls. 14.
([3]) Stjtíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 28.
([4]) Stjtíð. ESB L 57, 24.2.2007, bls. 3.
([5]) Stjtíð. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 6.
([6]) Stjtíð. ESB L 63, 7.3.2008, bls. 3.
([7]) Stjtíð. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 15.
([8]) Stjtíð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 12.
([9]) Stjtíð. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10.
([10]) Stjtíð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24.
([11]) Stjtíð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 5.
([12]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011* 9(12), 2497.
([13]) Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 38.
([14]) Stjtíð. ESB L 64, 2.3.2007, bls. 26.
([15]) Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.
([16]) Stjtíð. ESB L 269, 21.10.2003, bls. 3.
([17]) Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2005, bls. 13.

og kálfa með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004 og fyrir mjólkurkýr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005([18]), *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem var leyft án tímamarka fyrir eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006([19]), *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sem var leyft til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008([20]), *Lactobacillus farciminis* CNCM MA 67/4R sem var leyft til fjögurra ára fyrir kjúklinga og eldiskalkúna og varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006([21]) og án tímamarka fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006, *Pediococcus acidilactici* CNCM MA18/5M sem var leyft án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 og fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005, *Lactobacillus acidophilus* D2/CSL CECT4529 sem var leyft án tímamarka fyrir varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007([22]) og *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem var leyft til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2006([23]).

8) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. apríl 2012([24]) að það að fastsetja hámarksinnihald *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47, *Bacillus subtilis* DSM 17299, *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077, *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079, *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94, *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885, *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940, *Lactobacillus farciminis* CNCM MA 67/4R, *Pediococcus acidilactici* CNCM MA18/5M, *Lactobacillus acidophilus* D2/CSL CECT4529, og *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) í heilfóðri hafi ekki í för með sér neitt viðbótaröryggi fyrir marktegundir og neytendur. Því er engin ástæða fyrir því að viðhalda hámarksinnihaldinu fyrir þær.

9) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

10) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 232/2009, (EB) nr. 188/2007, (EB) nr. 186/2007, (EB) nr. 209/2008, (EB) nr. 1447/2006, (EB) nr. 316/2003, (EB) nr. 1811/2005, (EB) nr. 1288/2004, (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 1137/2007, (EB) nr. 1293/2008, (EB) nr. 226/2007, (EB) nr. 1444/2006, (EB) nr. 1876/2006, (EC) nr. 1847/2003, (EB) nr. 2036/2005, (EB) nr. 492/2006, (EB) nr. 1200/2005, og (EB) nr. 1520/2007 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

([18]) Stjtíð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 12.
([19]) Stjtíð. ESB L 89, 28.3.2006, bls. 6.
([20]) Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 36.
([21]) Stjtíð. ESB L 360, 19.12.2006, bls. 126.
([22]) Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 17.
([23]) Stjtíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 19.
([24]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012* 10(5), 2680.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 232/2009

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 232/2009 falli orðin „$1{,}4 \times 10^{9}$“ brott.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 188/2007

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 188/2007 falli orðin „$7{,}5 \times 10^{9}$“ brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 186/2007

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 186/2007 falli orðin „7×10^{9}“ brott.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 209/2008

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 209/2008 falli orðin „$1{,}00 \times 10^{10}$“ brott.

5. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1447/2006

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1447/2006 falli orðin „$1{,}4 \times 10^{10}$“ brott.

6. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 316/2003

Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 316/2003 falli orðin „8×10^{9}“ brott.

7. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1811/2005

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1811/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 falli orðin „2×10^{9}“ brott.

2) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1704 *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 falli orðin „$3{,}5 \times 10^{8}$“ brott.

8. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1288/2004

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1288/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 falli orðin „1 × 10^{10}“ brott.

2) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1704 *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 falli orðin „2 × 10^{9}“ og „1,7 x 10^{8}“ brott.

9. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2148/2004

Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1702 *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2148/2004 falli orðin „1 × 10^{10}“ brott.

10. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1137/2007

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1821 *Bacillus subtilis* DSM 17299 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1137/2007 falli orðin „1,6 × 10^{9}“ brott.

11. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1293/2008

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1711 *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1293/2008 falli orðin „7,3 × 10^{9}“ brott.

12. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 226/2007

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1711 *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 226/2007 falli orðin „3 × 10^{9}“ og „1,2 × 10^{9}“ brott.

13. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1444/2006

Í 8. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 4b1820 *Bacillus subtilis* DSM 17299 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1444/2006 falli orðin „1 × 10^{9}“ brott.

14. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1876/2006

Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir 12 *Lactobacillus farciminis* CNCM MA 67/4R í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1876/2006 falli orðin „1 × 10^{9}“ brott.

15. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1847/2003

Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1703 *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1847/2003 falli orðin „6 × 10^{9}“ brott.

16. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2036/2005

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2036/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1703 *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 falli orðin „6 × 10^{9}“ brott.

2) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1712 *Pediococcus acidilactici* CNCM MA18/5M falli orðin „1 × 10^{9}“ brott.

17. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 492/2006

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 492/2006 er breytt sem hér segir

1) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1710 *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 falli orðin „9 × 10^{9}“ brott.

2) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1714 *Lactobacillus farciminis* CNCM MA 67/4R falli orðin „1 × 10^{10}“ brott.

18. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1200/2005

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1200/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1711 *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 falli orðin „2 × 10^{9}“ og „1,6 × 10^{9}“ brott.

2) Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1712 *Pediococcus acidilactici* CNCM MA18/5M falli orðin „1 × 10^{10}“ brott.

19. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1520/2007

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1520/2007 er breytt sem hér segir:

Í 7. dálki, hámarksinnihald, í færslunni fyrir E 1715 *Lactobacillus acidophilus* D2/CSL CECT4529 falli orðin „1 × 10^{9}“ brott.

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2012 **2013/EES/20/18**

frá 6. nóvember 2012

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 að því er varðar lágmarksinnihald fóðuraukefnisins endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), í fóðri fyrir eldiskjúklinga og endur (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ensímið endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleitt með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og endur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009([2]) og til notkunar fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007([3]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir ensímið sem um er að ræða með því að minnka lágmarksinnihald þess úr 560 TXU/kg í 280 TXU/kg, að því er varðar eldiskjúklinga og endur. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. febrúar 2012([4]) að við ný, tillögð notkunarskilyrði sé ensímið, sem um er að ræða, áhrifaríkt í þeim lágmarksskammti sem óskað er eftir sem er 280 TXU/kg. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað.

4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

5) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1096/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2575.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1096/2009 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a62	BASF SE	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 600 TXU([1])/g Vökvaform: 5 600 TXU/ml *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) *Greiningaraðferð*([2]) Seigjumælingaraðferð sem byggist á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínoxýlan úr hveiti) við pH-gildið 3,5 og 55 °C	Eldis-kjúklingar Endur	—	280 TXU 280 TXU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur á hvert kíló heilfóðurs fyrir eldiskjúklinga og endur: 800 TXU. 3. Til notkunar í fóður, auðugt af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum betaglúkönum og arabínoxýlönum).	7.12.2019

([1]) 1 TXU er magn þess ensíms sem leysir 5 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr hveiti við pH-gildið 3,5 og 55 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx“

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/31/ESB **2013/EES/20/19**

frá 25. október 2012

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skrána yfir fisktegundir, sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, og brottfellingu færslunnar fyrir húðsveppadrep (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 2. mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2006/88/EB er m.a. mælt fyrir um tilteknar reglur um dýraheilbrigði sem gilda um lagareldisdýr og afurðir þeirra, þ.m.t. sértæk ákvæði varðandi framandi sjúkdóma og sjúkdóma sem ekki eru framandi og tegundir sem eru smitnæmar fyrir þeim sem eru skráð í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina.

2) Í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er húðsveppadrep í skránni yfir framandi sjúkdóma.

3) Í I. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB eru settar fram viðmiðanir fyrir skráningu framandi sjúkdóma og sjúkdóma sem ekki eru framandi í II. hluta þess viðauka. Samkvæmt þeim viðmiðunum geta framandi sjúkdómar haft veruleg efnahagsleg áhrif ef þeir berast til Sambandsins, annaðhvort vegna framleiðslutaps í lagareldi í Sambandinu eða með því að takmarka möguleika á viðskiptum með lagareldisdýr og afurðir þeirra. Ef sjúkdómarnir berast til Sambandsins geta þeir, að öðrum kosti, haft skaðleg umhverfisáhrif á villta lagardýrastofna af tegundum sem eru þess virði að vernda með lögum Sambandsins eða alþjóðlegum ákvæðum.

4) Hinn 15. september 2011 samþykkti vísindanefnd Matvælaöryggisstofnununar Evrópu um heilbrigði og velferð dýra vísindalegt álit um húðsveppadrep (Scientific Opinion on Epizootic Ulcerative Syndrome) ([2]) (álit Matvælaöryggisstofnunarinnar). Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að húðsveppadrep hefði engin eða lítil áhrif á lagareldi innan Sambandsins.

5) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar kemur þar að auki fram að líklegt sé að húðsveppadrep hafi ítrekað borist inn í Sambandið með innflutningi á skrautfiskum frá þriðju löndum og að slíkum fiskum gæti hafa verið sleppt í vötn í Sambandinu. Við þær aðstæður og að teknu tilliti til þess að engar uppkomur húðsveppadreps hafa verið tilkynntar innan Sambandsins er ekkert sem bendir til þess að húðsveppadrep sé líklegt til að hafa skaðleg umhverfisáhrif.

6) Í ljósi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og fyrirliggjandi vísindaþekkingar uppfyllir húðsveppadrep ekki lengur viðmiðanirnar sem settar eru fram í I. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB til að vera á skrá í II. hluta sama viðauka.

7) Því er rétt að fella færsluna fyrir húðsveppadrep brott úr skránni yfir framandi sjúkdóma sem sett er fram í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

8) Þar að auki inniheldur II. hluti IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB skrá yfir tegundir sem teljast smitnæmar fyrir veirublæði.

9) Japanshverfa (*Paralichthys olivaceus*) er smitnæm fyrir veirublæði, sem er sjúkdómur sem er ekki framandi. Klínísk uppkoma sjúkdómsins var staðfest á tilteknum svæðum í Asíu.

10) Því er rétt að færa japanshverfu (Paralichthys olivaceus) á skrána yfir tegundir sem teljast smitnæmar fyrir veirublæði sem sett er fram í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

11) Því ber að breyta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2387.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

2. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2013.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB komi eftirfarandi:

„II. HLUTI

Skráðir sjúkdómar

Framandi sjúkdómar		
	Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
Fiskur	Blóðmyndandi drep, EHN-veiki (Epizootic haematopoietic necrosis)	Regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*) og aborri (*Perca fluviatilis*)
Lindýr	Sýking af völdum *Bonamia exitiosa*	*Ostrea angasi* og *O. chilensis*
	Sýking af völdum *Perkinsus marinus*	Risaostra (*Crassostrea gigas*) og meyjarostra (*C. virginica*)
	Sýking af völdum *Microcytos mackini*	Risaostra (*Crassostrea gigas*), meyjarostra (*C. virginica*), *Ostrea conchaphila* og *O. edulis*
Krabbadýr	Rauðhali (e. *Taura syndrome*)	*Penaeus setiferus*, *P. stylirostris* og *P. vannamei*
	Gulhöfðaveiki (e. *Yellowhead disease*)	Indíánarækja (*Penaeus aztecus*), *P. duorarum*, japansrækja (*P. japonicus*), tígrisrækja (*P. monodon*), *P. setiferus*, *P. stylirostris* og *P. vannamei*

SJÚKDÓMAR SEM ERU EKKI FRAMANDI		
	Sjúkdómar	Smitnæmar tegundir
Fiskur	Veirublæði (VHS)	Síld (*Clupea* spp.), tjarnasíld (*Coregonus* sp.), gedda (*Esox lucius*), ýsa (*Gadus aeglefinus*), kyrrahafsþorskur (*G. macrocephalus*), þorskur (*G. morhua*), kyrrahafslax (*Oncorhynchus* spp.), regnbogasilungur (*O. mykiss*), keilubróðir (*Onos mustelus*), urriði (*Salmo trutta*), sandhverfa (*Scophthalmus maximus*), tannsíld (*Sprattus sprattus*), harri (*Thymallus thymallus*) og japanshverfa (*Paralichthys olivaceus*)
	Iðradrep (IHN)	Hundlax (*Oncorhynchus keta*), silfurlax (*O. kisutch*), *O. masou*, regnbogasilungur (*O. mykiss*), rauðlax (*O. nerka*), hnúðlax (*O. rhodurus*) kóngalax (*O. tshawytscha*) og lax (*Salmo salar*)
	Skjónakarpaherpesveiki (e. *Koi herpes virus disease*)	Vatnakarpi og skjónakarpi (*Cyprinus carpio*)
	Blóðþorri (ISA)	Regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*), lax (*Salmo salar*) og urriði (*S. trutta*)
Lindýr	Sýking af völdum *Marteilia refringens*	*Ostrea angasi*, *O. chilensis*, *O. edulis*, *O. puelchana*, kræklingur (*Mytilus edulis*) og miðjarðarhafskræklingur (*M. galloprovincialis*)
	Sýking af völdum *Bonamia ostreae*	*Ostrea angasi*, *O. chilensis*, *O. conchaphila*, *O. denselammellosa*, *O. edulis* og *O. puelchana*
Krabbadýr	Hvítblettaveiki	Öll tífætt krabbadýr (ættbálkurinn *Decapoda*)

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 744/2012 **2013/EES/20/20**

frá 16. ágúst 2012

um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, flúor, blý, kvikasilfur, endósúlfan, díoxín, *Ambrosia* spp., díklasúríl og lasalósíð-A-natríum og aðgerðamörk fyrir díoxín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri, ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun. Í II. viðauka hennar eru sett fram aðgerðamörk til að hrinda af stað rannsóknum þegar um er að ræða aukinn styrk slíkra efna.

2) Ákvörðuð hafa verið hærri hámarksgildi fyrir arsen, flúor, blý og kvikasilfur fyrir fóðurefnið kalsíumkarbónat og hærri hámarksgildi fyrir arsen og flúor fyrir fóðurefnið magnesíumoxíð en ekki fyrir fóðurefnið kalsíum- og magnesíumkarbónat, sem er náttúruleg blanda kalsíumkarbónats og magnesíumkarbónats. Til að tryggja samræmi er rétt að hámarksgildin fyrir arsen, flúor, blý og kvikasilfur í fóðurefninu kalsíum- og magnesíumkarbónati samræmist núverandi hámarksgildum í kalsíumkarbónati.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu um öryggi og virkni díkoparklóríðtríhýdroxíðs (þríbasískt koparklórið, TBCC) sem fóðuraukefnis([2]) að rétt væri að setja sömu hámarksgildi fyrir arsen í þessu aukefni og fyrir arsen í fimmvötnuðu kúprísúlfati og kúpríkarbónati. Rétt er að breyta hámarksgildum fyrir arsen í díkoparklóríðtríhýdroxíði.

4) Tilteknar fóðurblöndur fyrir gæludýr innihalda fóðurefnin fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl í umtalsverðum hlutföllum. Þessi fóðurefni innihalda mikið heildarmagn af arseni. Arsen kemur þó aðallega fyrir í þessum fóðurefnum sem lífrænt arsen, sem er minna eitraða formið. Því er rétt að breyta hámarksgildum arsens að því er varðar fóðurbæti og heilfóður fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl.

5) Seólítsteinefnin tvö, natrólít og klínoptílólít, eru virku efni natrólítfónólíts (E566) og klínoptílólíts úr gosmyndunum (E567). Því er rétt að hafa sömu hámarksgildi fyrir blý í natrólítfónólíti (E566) og í klínoptílólíti úr gosmyndunum (E567).

6) Í því markmiði að auka sjálfbærni í eldi laxfiska (*Salmonids*) skal í áföngum skipta út fisklýsi fyrir jurtaolíu. Þessi útskipting, sem hefði afar góð áhrif á sjálfbærni sjávarumhverfisins, er þó í sumum tilvikum ekki möguleg vegna mjög lágra hámarksgilda fyrir endósúlfan í heilfóðri fyrir fisk. Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði fram vísindalegt álit að beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Í álit sínu um eiturhrif við inngjöf endósúlfans í fiski([3]) tilgreindi Matvælaöryggisstofnun Evrópu að engin skaðleg áhrif komu fram í fiski (atlantshafslaxi), sem komst í snertingu við allt að 0,1 mg/kg af endósúlfani í fóðri í búrum úti á opnu hafi og aðeins varð vart við minni háttar skaðleg áhrif í laxi, sem komst í snertingu við meira magn en sem nemur núverandi hámarksgildum fyrir fóður sem er gefið í kerjum. Takmörkuð rannsókn leiddi í ljós ákveðnar vísbendingar um að skaðleg áhrif kæmu fram hjá beitarfiski sem varð fyrir váhrifum af endósúlfani fyrir tilstilli fóðurs í kerjum. Því er rétt að leggja til hærri hámarksgildi fyrir endósúlfan í heilfóðri fyrir laxfiska (*Salmonids*), til að stuðla að þróun aukinnar sjálfbærni fiskeldis án þess að af hljótist skaðleg áhrif fyrir heilbrigði fiska og manna.

7) Nýleg gögn benda til þess að magn díoxíns í mjöli úr krabbadýrum, sem er aukaafurð matvælaframleiðslu og aðallega notað í fóðri fyrir skrautfiska í magni sem nemur 1% til 3% af fóðrinu, sé meira en núverandi hámarksgildi segja til um. Því er rétt að hækka hámarksgildin fyrir díoxín í mjöli úr krabbadýrum lítillega, til að hægt sé að nota þetta mjöl í fóðri og draga úr matarúrgangi án þess að stofna heilbrigði dýra og lýðheilsu í hættu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 219, 17.8.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

([2]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður, Scientific Opinion on safety and efficacy of di copper chloride tri hydroxide (tribasic copper chloride, TBCC) as feed additive for all species. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2355. [18 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2011.2355. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(4), 2131. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

8) Markmiðið með tilskipun 2002/32/EB er að komast hjá útbreiðslu lífvænlegra fræja *Ambrosia* spp. í umhverfinu. Þar eð mölun eða mulningur eyðileggur spírunarhæfni fræjanna er óþarfi að hreinsa korn og fræ sem innihalda fræ *Ambrosia* spp. í magni umfram hámarksmörkin fyrir mölun eða mulning, að því tilskildu að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fræ *Ambrosia* spp. berist út í umhverfið við flutning, geymslu eða vinnslu.

9) Að því er varðar hníslalyfin díklasúríl og lasalósíð-A-natríum skal gera breytingar til að taka tillit til nýlega veittra leyfa fyrir þessum efnum, sem kveðið er á um með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 169/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir perluhænsni (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica N.V.)([4]), framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 888/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica N.V.) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999([5]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 900/2011 frá 7. september 2011 um leyfi fyrir lasalósíð-A-natríum sem fóðuraukefni fyrir fasana, perluhænsn, kornhænur og akurhænur sem ekki eru varpfuglar (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA)([6]).

10) Í ljósi þess að lagt er til að hækka hámarksgildin fyrir díoxín í mjöli úr krabbadýrum er rétt að aðgerðamörkin sem gilda um mjöl úr krabbadýrum, sem kveðið er á um í II. viðauka við tilskipun 2003/32/EB, séu einnig hækkuð á samsvarandi hátt.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. ágúst 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

([4]) Stjtíð. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 6.
([5]) Stjtíð. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 9.
([6]) Stjtíð. ESB L 231, 8.9.2011, bls. 15.

VIÐAUKI

1) Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. línu, arsen, í I. hluta komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„1. Arsen ([1])	Fóðurefni	2
	að undanskildu:	
	— grasmjöli, úr þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykurrófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykurrófumauki,	4
	— pálmakjarnaköku,	4 ([2])
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	10
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]),	15
	— magnesíumoxíði, magnesíumkarbónati,	20
	— fiski, öðrum lagardýrum og afurðum unnum úr þeim,	25 ([2])
	— þang- og þaramjöli og fóðurefnum úr þangi og þara.	40 ([2])
	Járnagnir notaðar sem sporefni.	50
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	30
	að undanskildu:	
	— fimmvötnuðu kúprísúlfati, kúpríkarbónati, díkoparklóríðtríhýdroxíði,	50
	— sinkoxíði, manganoxíði, kúpríoxíði.	100
	Fóðurbætir	4
	að undanskildum:	
	— steinefnafóðri,	12
	— fóðurbæti fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara.	10 ([2])
	Heilfóður	2
	að undanskildu:	
	— heilfóðri fyrir fisk og loðdýr.	10 ([2])
	— heilfóðri fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara.	10 ([2])“

b) Í stað 3. línu, flúor, í I. hluta, 4. línu, blý, í I. hluta og 5. línu, kvikasilfur, í I. hluta komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„3. Flúor ([7])	Fóðurefni	150
	að undanskildu:	
	— fóðurefni úr dýraríkinu að undanskildum sjávarkrabbadýrum s.s. ljósátu,	500
	— sjávarkrabbadýrum, s.s. ljósátu,	3000
	— fosfötum,	2000
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]),	350
	— magnesíumoxíði,	600
	— kalkkenndum sjávarþörungum.	1000
	Vermikúlít (E 561).	3000
	Fóðurbætir:	
	— sem inniheldur ≤ 4% fosfór ([8]),	500
	— sem inniheldur > 4% fosfór ([8]).	125 fyrir hvert 1% af fosfór ([8])
	Heilfóður	150
	að undanskildu:	
	— heilfóðri fyrir svín,	100
	— heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum ungum) og fisk,	350
	— heilfóðri fyrir unga,	250
	— heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	
	- - á mjólkurskeiði,	30
	- - annað	50
4. Blý	Fóðurefni	10
	að undanskildu:	
	— fóðurjurtum ([3]),	30
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	15
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]),	20
	— geri.	5
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	100
	að undanskildu:	
	— sinkoxíði,	400
	— manganoxíði, ferrókarbónati, kúpríkarbónati.	200
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.	30

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
	að undanskildu:	
	— klínoptílólíti úr gosmyndunum, natrólítfónólíti,	60
	forblöndur ([6])	200
	Fóðurbætir	10
	að undanskildum:	
	— steinefnafóðri.	15
	Heilfóður.	5
5. Kvikasilfur ([4])	Fóðurefni	0,1
	að undanskildu:	
	— fiski, öðrum lagardýrum og afurðum unnum úr þeim,	0,5
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]).	0,3
	Fóðurblanda	0,1
	að undanskilinni:	
	— steinefnafóðri,	0,2
	— fóðurblöndu fyrir fisk,	0,2
	— fóðurblöndu fyrir hunda, ketti og loðdýr.	0,3“

c) Í lið I. hluta bætist eftirfarandi neðanmálsgrein við:

„[10]) Kalsíum- og magnesíumkarbónat á við um náttúrulega blöndu kalsíumkarbónats og magnesíumkarbónats eins og lýst er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 575/2011 frá 16. júní 2011 um skrána yfir fóðurefni (Stjtíð. ESB L 159, 17.6.2011, bls. 25).“

d) Í stað 6. línu, endósúlfan (summa alfa- og beta hverfna og endósúlfansúlfats gefin upp sem endósúlfan), í IV. hluta komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„6. Endósúlfan (summa alfa- og beta hverfna og endósúlfansúlfats gefin upp sem endósúlfan)	Fóðurefni og fóðurblanda	0,1
	að undanskildum:	
	— maís og maísafurðum úr vinnslu hans,	0,2
	— olíufræjum og afurðum úr vinnslu þeirra, að undanskilinni óhreinsaðri jurtaolíu,	0,5
	— óhreinsaðri jurtaolíu,	1,0
	— heilfóður fyrir fisk, að undanskildum laxfiski (*Salmonids*)	0,005
	— heilfóðri fyrir laxfisk (*Salmonids*)	0,05“

e) Í stað 1. línu, díoxín [summa fjölklóraðra díbensó-*para*-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 2005)] í V. hluta komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (prómill) ([1]) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„1. Díoxín (summa fjölklóraðra díbensó-*para*-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóða-heilbrigðismála-stofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildis-stuðla frá 2005([2]))	Fóðurefni úr jurtaríkinu	0,75
	að undanskildu:	
	— jurtaolíu og aukaafurðum úr henni.	0,75
	Fóðurefni úr steinaríkinu	0,75
	Fóðurefni úr dýraríkinu:	
	— Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum,	1,50
	— Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkur-afurðir, egg og eggjaafurðir.	0,75
	— Fisklýsi,	5,0
	— Fiskur, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofnum fiskprótínum sem innihalda meira en 20% fitu ([3]) og mjöli úr krabbadýrum,	1,25
	— Vatnsrofin fiskprótín sem innihalda meira en 20% fitu, mjöl úr krabbadýrum.	1,75
	Fóðuraukefnin kaólínleir, vermikúlít, natrólítfónólít, tilbúin kalsíumalöt og klínoptílólít sem eru upprunnin úr seti og tilheyra virkum hópi bindi- og kekkjavarnarefna	0,75
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna.	1,0
	Forblöndur	1,0
	Fóðurblanda	0,75
	að undanskilinni:	
	— fóðurblöndu fyrir gæludýr og fisk,	1,75
	— fóðurblöndu fyrir loðdýr.	—“

f) Í stað 11. línu, fræ tegunda af ættkvíslinni *Ambrosia* í VI. hluta komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„11. Fræ tegunda af ættkvíslinni *Ambrosia*.	Fóðurefni ([3])	50
	að undanskildu	
	— Hirsi (korn af tegundinni *Panicum miliaceum* L.) og dúrru (korn af tegundinni *Sorghum bicolor* (L) Moench s.l.) sem ekki eru gefin dýrum beint ([3]).	200
	Fóðurblanda sem inniheldur ómalað korn og fræ	50“

g) Í VI. hluta bætist eftirfarandi neðanmálsgrein við:

„[3]) Ef lögð verða fram ótvíræð sönnunargögn um að kornin og fræin séu ætluð til mölunar eða mulnings er ekki nauðsynlegt að hreinsa kornin og fræin sem innihalda fræ tegunda af ættkvíslinni *Ambrosia* í magni umfram hámarksmörkin fyrir mölun eða mulning. Gera skal ráðstafanir til að forðast útbreiðslu fræja tegunda af ættkvíslinni *Ambrosia* í umhverfinu við flutning, geymslu eða vinnslu þessara fræja og korna.“

h) Í stað 2. línu, díklasúríl, í VII. hluta komi eftirfarandi:

Hnislalyf	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður ([1])	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„2. Díklasúríl	Fóðurefni	0,01
	Fóðurblanda fyrir	
	— varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,01
	— eldis- og kynbótakanínur fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á díklasúríli er bönnuð (biðtímafóður),	0,01
	— aðrar dýrategundir, aðrar en kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur), eldiskjúklinga, perluhænsn og eldiskalkúna.	0,03
	Forblöndur til notkunar í fóður sem ekki er leyft að nota díklasúríl í.	([2])“

i) Í stað 4. línu, lasalósíð-A-natríum, í VII. hluta komi eftirfarandi:

Hnislalyf	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður ([1])	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„4. Lasalósíð-A-natríum	Fóðurefni	1,25
	Fóðurblanda fyrir	
	— hunda, kálfa, kanínur, dýr af hestaætt, mjólkandi dýr, varpfugla, kalkúna (> 16 vikur) og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	1,25
	— eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (< 16 vikur) og kalkúna (< 16 vikur) fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á lasalósíð-A-natríumi er bönnuð (biðtímafóður),	1,25
	— fasana, perluhænsn, kornhænur og akurhænur (að undanskildum varpfuglum) fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á lasalósíð-A-natríumi er bönnuð (biðtímafóður),	1,25
	— aðrar dýrategundir.	3,75
	Forblöndur til notkunar í fóður sem ekki er leyft að nota lasalósíð-A-natríum í.	([2])“‘

2) Í stað 1. línu, díoxín [summa fjölklóraðra díbensó-*para*-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 2005)] í hlutanum Díoxín og PCB-efni í II. viðauka við tilskipun 2003/32/EB komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Aðgerðamörk í ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (prómill)([2]) fyrir fóður með 12% rakainnihald	Athugasemdir og frekari upplýsingar (t.d. eðli rannsókna sem gerðar verða)
„1. Díoxín [summa fjölklóraðra díbensó-*para*-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 2005([1])]	Fóðurefni úr jurtaríkinu	0,5	([3])
	að undanskildu:		
	— jurtaolíu og aukaafurðum úr henni.	0,5	([3])
	Fóðurefni úr steinaríkinu	0,5	([3])
	Fóðurefni úr dýraríkinu:		
	— Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum,	0,75	([3])
	— Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir, egg og eggjaafurðir	0,5	([3])
	— Fisklýsi,	4,0	([4])
	— Fiskur, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim, að undanskildu fisklýsi, vatnsrofnum fiskprótínum sem innihalda meira en 20% fitu og mjöli úr krabbadýrum,	0,75	([4])
	— Vatnsrofin fiskprótín sem innihalda meira en 20% fitu, mjöl úr krabbadýrum.	1,25	([4])
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.	0,5	([3])
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	0,5	([3])
	Forblöndur	0,5	([3])
	Fóðurblanda að undanskilinni:	0,5	([3])
	— fóðurblöndu fyrir gæludýr og fisk,	1,25	([4])“
	— fóðurblöndu fyrir loðdýr.	—“	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 840/2012 **2013/EES/20/21**

frá 18. september 2012

um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis, aðrar en eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aliendur, og allar fuglategundir til varps, aðrar en varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis, aðrar en eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aliendur, og allar fuglategundir til varps, aðrar en varphænur.

4) Notkun á blöndum með 6-fýtasa EC 3.1.3.26 var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, fráfærugrísi, aliendur, eldissvín og gyltur með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 785/2007([2]) og (EB) nr. 379/2009([3]).

5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókninni um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), til notkunar sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis, aðrar en eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aliendur, og allar fuglategundir til varps, aðrar en varphænur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 7. mars 2012([4]) að 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hans geti bætt nýtingu allra marktegunda á fosfór. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 5.

([3]) Stjtíð. ESB L 116, 9.5.2009, bls. 6.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2012) 10(3), 2619.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12 % rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1640	Danisco Animal Nutrition (lögaðili Danisco (UK) Limited)	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), með virkni að lágmarki: Fljótandi og fast form: 5 000 FTU([1])/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233) *Greiningaraðferð*([2]) Ákvörðun á 6-fýtasa EC 3.1.3.26 í fóðuraukefni: litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati. Ákvörðun á 6-fýtasa EC 3.1.3.26 í forblöndum og fóðri: EN ISO 30024: litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati (eftir þynningu með hitameðhöndluðu mjöli úr heilu korni).	Allar fuglategundir til eldis aðrar en eldiskjúklingar, eldiskalkúnar og aliendur	—	250 FTU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda yfir 0,23% fýtínbundinn fosfór. 3. Ráðlagður hámarksskammtur: 1 000 FTU/kg heilfóðurs. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	9. október 2022
				Allar fuglategundir til varps, aðrar en varphænur		150 FTU			

([1]) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 841/2012 **2013/EES/20/22**

frá 18. september 2012

um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.

2) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru örverurnar *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) færðar inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur, sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður, fyrir allar dýrategundir.

3) í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir örverurnar *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að þessi aukefni yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Umsóknirnar varða leyfi fyrir örverurnar *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. desember 2011 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi örverurnar *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að þessar örverur geti mögulega bætt framleiðslu á votfóðri úr öllum fóðurjurtum með því að auka geymsluþol þurrefna og draga úr tapi á prótíni. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á örverunum *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara örvera eins og tilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.

7) Þar eð teknar eru upp breytingar á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir örverurnar *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) og þar eð ekki er um að ræða bein og tafarlaus áhrif á öryggi skal veita hæfilegan frest áður en leyfið er veitt svo að hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja leyfinu. Því til viðbótar þykir rétt að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af þessum örverum og fóðri sem inniheldur örverurnar.

8) Það er afar flókið fyrir rekstraraðila að laga sig hvað eftir annað og frá degi til dags að merkimiðum á fóðri sem inniheldur mismunandi aukefni, sem hafa verið leyfð hvert á fætur öðru samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, og sem nýjar reglur um merkingar gilda um sem þarf að fara að. Því er rétt að draga úr rekstrarlegu álagi á rekstraraðila með því að veita frest til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Örveran, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í I. viðauka, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(1), 2529.

2. gr.

Örveran, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í II. viðauka, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Kröfur um merkingar

Fóður, sem inniheldur örverurnar sem um getur í 1. og 2. gr., skal merkt í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 19. maí 2013.

Þó er heimilt að setja á markað fóður, sem inniheldur örverurnar sem um getur í 1. og 2. gr. og hefur verið merkt fyrir 19. maí 2013 í samræmi við fyrri skilyrði fyrir leyfi, þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Heimilt er að nota áfram og setja á markað fyrirliggjandi birgðir af örverunum, sem um getur í 1. og 2. gr., og af fóðri sem inniheldur örverurnar á gildistökudegi þessarar reglugerðar, samkvæmt fyrri skilyrðum fyrir leyfi, þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 19. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k20713	—	*Lacto-bacillus plantarum* (NCIMB 41028)	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactoballicus plantarum* NCIMB 41028 sem inniheldur að lágmarki 7×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Lactobacillus plantarum* NCIMB 41028 *Greiningaraðferð*([1]) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu með dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	19. nóvember 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

II. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k20714	—	*Lacto-bacillus plantarum* (NCIMB 30148)	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactoballicus plantarum* NCIMB 30148 sem inniheldur að lágmarki 7×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30148 *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu með dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^9 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	19. nóvember 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 842/2012 **2013/EES/20/23**

frá 18. september 2012

um leyfi fyrir efnablöndunni lantankarbónatoktahýdrati sem fóðuraukefni fyrir hunda (leyfishafi er Bayer Animal Health GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni lantankarbónatoktahýdrati, CAS-númer 6487-39-4. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir efnablöndunni lantankarbónatoktahýdrati, CAS-númer 6487-39-4, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir hunda.

4) Notkun efnablöndunnar var leyfð til tíu ára fyrir ketti með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 163/2008([2]).

5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókninni um leyfi fyrir lantankarbónatoktahýdrati, CAS-númer 6487-39-4, fyrir hunda. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. mars 2012 að við tillögð notkunarskilyrði hafi lantankarbónatoktahýdrat ekki skaðleg áhrif á marktegundir([3]). Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að lantankarbónatoktahýdrat geti mögulega dregið úr lífaðgengi fosfórs í fullorðnum hundum. Hún gat þó ekki tjáð sig um langtímaáhrif þess. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á lantankarbónatoktahýdrati, CAS-númer 6487-39-4, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Rétt þykir að kveða á um vöktun að lokinni setningu á markað að því er varðar skaðleg langtímaáhrif.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 3.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(3), 2618.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð.	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (minni útskilnaður fosfórs með þvagi)									
4d1	Bayer Animal Health GmbH	Lantan-karbónat-oktahýdrat	*Samsetning aukefnis* Efnablanda lantankarbónatoktahýdrats. A.m.k. 85% lantankarbónatoktahýdrats sem virkt efni *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lantankarbónatoktahýdrat $La_2(CO_3)_3 \cdot 8H_2O$ CAS-númer 6487-39-4 *Greiningaraðferð*([1]) Magnákvörðun á kalíumi í fóðuraukefninu: Aðferð Bandalagsins (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009)([2]) Magnákvörðun á lantani í fóðuraukefni og fóðri: rafgasgeislunargreining (ICP-AES).	Hundar	—	1500	7500	Þörf er á vöktun varðandi langvinn, skaðleg áhrif að lokinni setningu á markað. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu: „— fyrir fullorðna hunda — ráðlagður skammtur í blautfóður með 20–25% þurrefnisinnihald: 340 til 2100 mg á hvert kg — óráðlegt að nota samtímis fóðri með miklu fosfórinnihaldi.“	9. október 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraukefni: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx
([2]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 849/2012 **2013/EES/20/24**

frá 19. september 2012

um leyfi fyrir blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, allar aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus* (leyfishafi er Vetagro SpA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu af sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu af sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, allar aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps og allar aukategundir svína (eftir fráfærur).

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1117/2010([2]) var notkun blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. maí 2012 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda af sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni, sem tilgreind er í viðaukanum, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega bætt afurðasemi hjá marktegundunum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður eins og tilgreint er í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 3.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2670.

Viðauki

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d 3	Vetagro SpA	Blanda úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni	*Samsetning aukefnis* Blanda úr vörðum örperlum, sem innihalda sítrónusýru, sorbínsýru, þýmól og vanillín, sem inniheldur að lágmarki: Sítrónusýra: 25 g/100 g Sorbínsýra: 16,7 g/100 g Þýmól: 1,7 g/100 g Vanillín: 1 g/100 g *Lýsing á eiginleikum virkra efna* Sítrónusýra $C_6H_8O_7$ (hreinleiki ≥ 99,5%) 2-hýdroxý-1,2,3-própantríkarboxýlsýra, CAS-nr. 77-92-9 vatnsfrí Sorbínsýra $C_6H_8O_2$ (hreinleiki ≥ 99,5%) 2,4-hexadíensýra, CAS-nr. 110-44-1 Þýmól (hreinleiki ≥ 98%) 5-metýl-2-(1-metýletýl)fenól, CAS-nr. 89-83-8) Vanillín (hreinleiki ≥ 99,5%) 4-hýdroxý-3-metoxýbensaldehýð, CAS-nr. 121-33-5) *Greiningaraðferðir*([1]) Ákvörðun á sorbínsýru og þýmóli í fóðri: háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa	Eldiskjúklingar og kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukafuglategundir til eldis og sem aldar eru til varps	—	200	—	Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	10. október 2022
				Dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus*		1000			

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
			með greiningu á útfjólubláu sviði/með díóðufjölnema (RP-HPLC-UV/DAD) Ákvörðun á sítrónusýru í aukefninu og forblöndunni: (RP-HPLC-UV/ DAD). Ákvörðun á sítrónusýru í fóðri: ensímákvörðun á innihaldi sítrónusýru – litrófsgreining með NADH (sem afoxað form af nikótínamíðadenínúkleótíði).						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 868/2012 **2013/EES/20/25**

frá 24. september 2012

um leyfi fyrir asórúbíni sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE([2]).

2) Asórúbín (samheiti karmósín) var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður fyrir ketti og hunda, í flokknum „litunarefni“ og undir fyrirsögninni „litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins, önnur en patentblátt V, súrskærgrænt BS og kantaxantín“. Notkun efnisins var síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurmat á asórúbíni sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 31. janúar 2012 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi asórúbín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða á umhverfið og að aukefnið sé áhrifaríkt sem litgjafi. Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á asórúbíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð teknar eru upp breytingar á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir asórúbíni og þar eð ekki er um að ræða bein og tafarlaus áhrif á öryggi skal veita hæfilegan frest áður en leyfið er veitt svo að hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja leyfinu. Því til viðbótar þykir rétt að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af asórúbíni, eins og leyfilegt er í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, og af fóðri sem inniheldur asórúbín.

7) Það er afar flókið fyrir rekstraraðila að laga sig hvað eftir annað og frá degi til dags að merkimiðum á fóðri sem inniheldur mismunandi aukefni, sem hafa verið leyfð hvert á fætur öðru samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, og sem nýjar reglur um merkingar gilda um sem þarf að fara að. Því er rétt að draga úr rekstrarlegu álagi á rekstraraðila með því að veita frest til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið asórúbín, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“, i) efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit, og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Kröfur um merkingar

Fóður sem inniheldur asórúbín skal merkt í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 25. maí 2013.

Fóður, sem inniheldur asórúbín og hefur verið merkt í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir 25. maí 2013, má þó áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.1..2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012; 10(2):2570.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Heimilt er að nota áfram og setja á markað fyrirliggjandi birgðir af asórúbíni og fóðri sem inniheldur asórúbín á gildistökudegi þessarar reglugerðar, samkvæmt skilyrðum tilskipunar 70/524/EBE, þar til birgðirnar eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 25. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: litgjafar									
2a122	—	Asórúbín eða karmósín	*Samsetning aukefnis* Asórúbín 1. Efnaheiti: Dínatríum-4-hýdroxý-3-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-1-súlfónat 2. Samheiti: karmósín, litaskrárheiti: matarrautt 3 3. EINECS-númer: 222-657-4 4. Efnaformúla: C20H12N2Na2O7S2 5. Hreinleiki: 5.1. Magngreining: lágmarksinnihald 85% af litunarefnum, reiknað sem natríumsalt 5.2. 4-amínónaftalín-1-súlfónsýra og 4-hýdroxýnaftalín-1-súlfónsýra: ekki yfir 0,5% 5.3. Önnur litunarefni: ekki yfir 2,0% 5.4. Vatnsóleysanlegt efni: ekki yfir 0,2% 5.5. Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín: ekki meira en 0,01% (reiknað sem anilín) 5.6. Efni sem er útdraganlegt í eter: ekki meira en 0,2% í hlutlausum miðli	Kettir og hundar	—	—	176	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunar-, augn- og húðvörn.	25. nóvember 2022

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
			Greiningaraðferð ([1]) Til að sanngreina asórúbín í fóðuraukefninu: litrófsgreining við 516 nm í vatni og þunnlagsskiljun (TLC) (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA), gæðalýsing efnis nr. 1 (4. bindi), samsett yfirlit um nákvæmar skilgreiningar fyrir aukefni í matvælum (Combined compendium for food additive specifications)). Til að ákvarða asórúbín í fóðuraukefninu: litrófsgreining við 516 nm í vatnslausn (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/128/EB ([2]))						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx
([2]) Stjtíð. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 20.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 869/2012 **2013/EES/20/26**

frá 24. september 2012

um leyfi fyrir támatíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Támatín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Fóðuraukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á támatíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. september 2011 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi támatín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að aukefnið sé áhrifaríkt sem bragðefni. Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á támatíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð teknar eru upp breytingar á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir támatíni og þar eð ekki er um að ræða bein og tafarlaus áhrif á öryggi skal veita hæfilegan frest áður en leyfið er veitt svo að hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja leyfinu. Því til viðbótar þykir rétt að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af támatíni, eins og leyfilegt er í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, og af fóðri sem inniheldur támatín.

7) Það er afar flókið fyrir rekstraraðila að laga sig hvað eftir annað og frá degi til dags að merkimiðum á fóðri sem inniheldur mismunandi aukefni, sem hafa verið leyfð hvert á fætur öðru samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, og sem nýjar reglur um merkingar gilda um sem þarf að fara að. Því er rétt að draga úr rekstrarlegu álagi á rekstraraðila með því að veita frest til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið támatín, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Kröfur um merkingar

Fóður sem inniheldur támatín skal merkt í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 25. maí 2013.

Fóður, sem inniheldur támatín og hefur verið merkt í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir 25. maí 2013, má þó áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(9), 2354.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Heimilt er að nota áfram og setja á markað fyrirliggjandi birgðir af támatíni og fóðri sem inniheldur támatín á gildistökudegi þessarar reglugerðar samkvæmt skilyrðum tilskipunar 70/524/EBE, þar til birgðirnar eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 25. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: bragðefni									
2b957	—	Támatín	*Samsetning aukefnis* Támatín *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Prótínin támatín I og támatín II sem dregin eru úr frækápum fræs náttúrulegs stofns *Thaumatococcus daniellii* (Benth) 1. EINECS-númer: 258-822-2 2. Efnaformúla: Fjölpeptíð með 207 amínósýrum 3. Hlutfallslegur mólmassi: Támatín I: 22209, Támatín II: 22293 4. Magngreining: Ekki minna en 16% köfnunarefni, miðað við þurrefni sem jafngildir minnst 94% af prótínum 5. Hreinleiki: 5.1. Sykrur: Ekki meira en 3%, gefið upp sem þurrefni 5.2. Súlfataska: Ekki meira en 2 %, gefið upp sem þurrefni 5.3. Ál: Ekki meira en 100 mg/kg, gefið upp sem þurrefni *Greiningaraðferð*([1]) Sanngreining á támatíni í fóðuraukefninu: Köfnunarefnisinnihald í matvælaaukefninu metið með Kjeldahls-aðferðinni (sameiginlega sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing fyrir támatín (Monograph on Thaumatin), 2006. Támatín. Tæmandi gæðalýsing efnis).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður skammtur er allt að 5 mg/kg heilfóðurs. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunar-, augn og húðvörn.	25. nóvember 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 269/2012 **2013/EES/20/27**

frá 26. mars 2012

um leyfi fyrir tvíkoparklóríðtríhýdroxíði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir tvíkoparklóríðtríhýdroxíði. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir tvíkoparklóríðtríhýdroxíði, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. september 2011([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi tvíkoparklóríðtríhýdroxíð ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að notkun þess geti talist áhrifaríkur gjafi kopars fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á tvíkoparklóríðtríhýdroxíði sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 89, 27.3.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2355.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Cu) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b409	—	Tvíkopar-klóríðtrí-hýdroxíð	*Lýsing á eiginleikum aukefnisins:* Efnaformúla: $Cu_2(OH)_3Cl$ CAS-númer 1332-65-6 Atakamít/paratakamít í kristölluðu formi í hlutfallinu 1:1 til 1:1,5 Hreinleiki: að lágmarki 90% Alfa-kristall: að lágmarki 95% í kristallaðri framleiðslu Koparinnihald: að lágmarki 53% Agnir < 50 μm: undir 1% *Greiningaraðferð* (1)*:* Sanngreining á tvíkoparklóríðtríhýdroxíðatakamíti/paratakamíti í kristölluðu formi í fóðuraukefninu: Röntgengreining (XRD). Ákvörðun á heildarinnihaldi kopars í aukefninu og forblöndum: — EN 15510: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða — CEN/TS 15621: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi (e. *pressure digestion*). Ákvörðun á heildarinnihaldi kopars í fóðurefnum og fóðurblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) eða — EN 15510 eða — CEN/TS 15621.	Allar dýrategundir	—	—	Nautgripir — Nautgripir áður en jórtur hefst: 15 (samtals) — Aðrir nautgripir: 35 (samtals) Sauðfé: 15 (samtals) Smágrísir, allt að 12 vikum: 170 (samtals) Krabbadýr: 50 (samtals) Önnur dýr: 25 (samtals)	1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fóður. 2. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 3. Eftirfarandi orð skulu koma fram á merkimiðanum: — Fyrir fóður handa sauðfé ef styrkur kopars í fóðrinu fer yfir 10 mg/kg: „Styrkur kopars í þessu fóðri kann að valda eitrun í sumu sauðfjárkyni.“ — Fyrir fóður handa nautgripum eftir að jórtur hefst, ef styrkur kopars í fóðrinu er minni en 20 mg/kg: — „Styrkur kopars í þessu fóðri kann að valda koparskorti í nautgripum sem eru hafðir í bithögum með miklu magni mólýbdens eða brennisteins.“	16. apríl 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1021/2012 **2013/EES/20/28**

frá 6. nóvember 2012

um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla aðrar en endur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun á endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588) var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga, varphænur, endur og eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 9/2010([2]) og fyrir fráfærugrísi og eldissvín með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2011([3]).

3) Í samræmi við 7. mgr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á 1,4-endó-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), fyrir aðrar aukategundir alifugla en endur, og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“.

4) Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ásamt viðeigandi gögnum til stuðnings beiðninni.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) lagði í mati sínu áherslu á öryggi og skilvirkni varðandi nýju marktegundirnar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. maí 2012([4]) að við tillögð notkunarskilyrði, geti þessi niðurstaða átt við um allar tegundir alifugla sem beiðnin náði til þar eð öryggi endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), hafi verið staðfest með víðtækum öryggismörkum fyrir aðaltegundirnar alifugla. Matvælaöryggisstofnunin greindi frá því að framreikna mætti sambærilegar niðurstöður um virkni af aðaltegundum alifugla yfir á allar aukategundir þeirra. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ensímið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 10.

([3]) Stjtíð. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 10.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2739.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a11	Danisco Animal Nutrition (lögaðili Danisco (UK) Limited)	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), með lágmarksvirkni 40 000 U/g([1]) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588) *Greiningaraðferð*([2]) Fyrir magnákvörðun á virkni endó-1,4-betaxýlanasa: litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun endó-1,4-betaxýlanasa á asúrín-víxltengd hveitiarabínoxýlanefni við pH-gildið 4,25 og 50 °C.	Auka-tegundir ali-fugla, aðrar en endur	—	625 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Til nota í fóður, auðugt af sterkju og fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-arabínoxýlönum).	27. nóvember 2022

([1]) 1 U er magn ensíms sem leysir 0,5 míkrómól afoxandi sykra (gefið upp sem xýlósajafngildi) á mínútu úr víxltengdu arabínoxýlanhvarfefni úr hafrahismi við pH-gildið 5,3 og 50 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 562/2012 **2013/EES/20/29**

frá 27. júní 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 234/2011 með tilliti til sértækra gagna sem er krafist vegna áhættumats á matvælaensímum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 234/2011 frá 10. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]) skulu umsóknarmálsskjölin innihalda öll fyrirliggjandi gögn sem skipta máli fyrir áhættumatið.

2) Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 234/2011 varðandi sértæk gögn sem krafist er fyrir áhættumat á matvælaensímum skal veita upplýsingar um líffræðileg og eiturefnafræðileg gögn.

3) Fjölmörg matvælaensím, sem eru sem stendur sett á markað í Sambandinu, hafa verið metin og gefið leyfi fyrir þeim samkvæmt ákvæðum landslaga í Frakklandi og Danmörku í samræmi við leiðbeiningar um framsetningu gagna um matvælaensím sem vísindanefndin um matvæli setti fram í áliti sínu 11. apríl 1991 (birt 1992)([3]). Vísindanefndin um matvæli ([4]) hefur einnig metið nokkur matvælaensím (t.d. kýmósínhleypi, invertasa og úreasia).

4) Að því er varðar eiturefnafræðilega eiginleika ensímblandna kemur fram í leiðbeiningum vísindanefndarinnar um matvæli að matvælaensím, sem eru fengin úr ætum hlutum plantna og dýra (sem eru ekki erfðabreytt), eru almennt ekki talin valda heilbrigðisvandamálum. Samkvæmt leiðbeiningunum þarf ekki að leggja fram sérstök gögn vegna öryggis þeirra að því tilskildu að möguleg neysla við eðlilega notkun hafi ekki í för með sér að inntekið magn einhverra efnisþátta sé meira en gera má ráð fyrir við eðlilega neyslu á grunnefninu sem slíku og að því tilskildu að hægt sé að ákvarða nákvæmar efnafræðilegar og örverufræðilegar skilgreiningar á fullnægjandi hátt.

5) Í leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) um kröfur um gögn til að meta umsóknir um ensím í matvælum([5]) kemur fram að meðal þess sem réttlætir að leggja ekki fram eiturefnafræðileg gögn vegna matvælaensíma úr ætum hlutum dýra og plantna, sem eru ekki erfðabreytt, geti verið skjalfest forsaga um öryggi að því er varðar grunnefni matvælaensímanna, samsetningu og eiginleika matvælaensíms sem og notkun þess í matvælum, sem sýni fram á að það hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna þegar þess er neytt á sambærilegan hátt, studd öllum fyrirliggjandi eiturefnafræðilegum rannsóknum. Þess er því ekki krafist að eiturefnafræðileg gögn fylgi umsóknum vegna matvælaensíma úr ætu grunnefni af þessum toga.

6) Hugtakið „fyrirvarabundið álit um öryggi“ (e. *Qualified Presumption of Safety*)([6]) var innleitt af Matvælaöryggisstofnuninni sem tæki til að meta öryggi örvera sem eru teknar upp í fæðukeðjuna, annaðhvort beint eða sem grunnefni fyrir aukefni eða matvælaensím. Þetta hugtak merkir að ef örverustofn er settur í flokk með stöðuna fyrirvarabundið álit um öryggi og uppfyllir tilteknar forsendur þarf Matvælaöryggisstofnunin ekki að framkvæma frekara öryggismat á framleiðslustofninum. Ef örveran, sem er notuð við framleiðslu á matvælaensími, hefur þá stöðu að hafa fengið fyrirvarabundið álit um öryggi, samkvæmt nýjustu samþykktu skrá Matvælaöryggisstofnunarinnar yfir líffræðilega áhrifavalda sem hafa fengið fyrirvarabundið álit um öryggi, er þar af leiðandi ekki gerð sú krafa að ensímumsóknin innihaldi eiturefnafræðileg gögn. Ef leifar, óhreinindi eða niðurbrotsefni sem tengjast heildarferli ensímframleiðslunnar (framleiðsla, endurheimt og hreinsun) geta valdið áhyggjum er Matvælaöryggisstofnuninni þó heimilt skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 að krefjast viðbótargagna vegna áhættumats, þ.m.t. eiturefnafræðilegra gagna.

7) Samkvæmt ákvæðum a-liðar 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 um ensím í matvælum([7]) má einungis færa matvælaensím á skrá Sambandsins ef það hefur ekki í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda miðað við tillagða notkun, á grundvelli fyrirliggjandi vísindaþekkingar. Minni gagnakröfur vegna áhættumats í tengslum við matvæla-

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 168, 28.6.2012, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 15.

([3]) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_27.pdf

([4]) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports_en.html

([5]) http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/1305.htm

([6]) http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/587.pdf

([7]) (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7)

ensím, sem eru fengin úr ætum hlutum plantna og dýra sem eru ekki erfðabreytt og úr örverum sem hafa þá stöðu að hafa fengið fyrirvarabundið álit um öryggi, hafa ekki neikvæð áhrif á gæði áhættumatsins sem byggt er á leiðbeiningum vísindanefndarinnar um matvæli og Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Að því er varðar að setja tiltekin matvælaensím í hóp undir eina umsókn hefur þegar komið fram í leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunarinnar um gagnakröfur vegna mats á umsóknum um matvælaensím að heimilt er að sækja um fyrir flokk tiltekinna matvælaensíma sem hafa sömu hvatavirkni, eru framleidd af sama örverustofni og að mestu leyti með sama framleiðsluferli, með einni umsókn, þó að almennt gildi að meta þurfi hvert einstakt matvælaensím.

9) Rétt þykir að heimilt sé að sækja um fyrir hóp matvælaensíma með einni umsókn ef þau eru fengin úr ætum hlutum planta eða dýra, sem hafa sömu hvatavirkni og sem eru unnin úr sama grunnefni (t.d. tegund) og að mestu leyti með sama framleiðsluferli.

10) Einnig þykir rétt að heimilt sé að sækja um fyrir hóp matvælaensíma með einni umsókn samkvæmt sömu skilyrðum ef þau eru fengin úr örverum, sem hafa þá stöðu að hafa fengið fyrirvarabundið álit um öryggi, eða úr örverum sem hafa verið notaðar við framleiðslu matvælaensíma sem lögbær yfirvöld í Frakklandi eða Danmörku hafa metið og veitt leyfi fyrir í samræmi við leiðbeiningar vísindanefndarinnar um matvæli frá 1992.

11) Meðan á áhættumatinu stendur er Matvælaöryggisstofnuninni heimilt að krefjast viðbótarupplýsinga í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

12) Samantekt á skrá Sambandsins yfir matvælaensím skal ganga snurðulaust fyrir sig og skal ekki raska núverandi markaði fyrir matvælaensím. Undanþágan frá því að leggja fram eiturefnafræðileg gögn og möguleikinn á sameiginlegum málsskjölum fyrir hópa matvælaensíma mun draga úr álaginu á umsækjendur og sér í lagi á lítil og meðalstór fyrirtæki.

13) Undanþágan frá því að leggja fram eiturefnafræðileg gögn og möguleikinn á sameiginlegum málsskjölum fyrir hópa matvælaensíma skal ekki gilda um matvælaensím sem eru framleidd úr erfðabreyttum plöntum eða dýrum, eins og skilgreint er í 5. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 um erfðabreytt matvæli og fóður([8]) né heldur um matvælaensím sem eru framleidd úr eða framleidd með erfðabreyttum örverum eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/41/EB frá 6. maí 2009 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera([9]. Undanþágan frá því að leggja fram eiturefnafræðileg gögn skal þó gilda að því er varðar matvælaensím sem eru fengin úr erfðabreyttum örverum með notkun tækni sem skráð er í 4. lið A-hluta II. viðauka tilskipunar 2009/41/EB, ef móðurstofn örveranna hefur þá stöðu að hafa fengið fyrirvarabundið álit um öryggi([10]).

14) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 234/2011 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 234/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 1. gr. a bætist við:

„1. gr. a

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „fyrirvarabundið álit um öryggi“: öryggisstaða sem Matvælaöryggisstofnun veitir völdum hópum örvera á grunni þess að mat sýni ekki fram á nein áhyggjuefni.

b) „leiðbeiningar vísindanefndarinnar um matvæli frá 1992“: leiðbeiningar um framsetningu gagna um matvælaensím sem eru settar fram í áliti vísindanefndarinnar um matvæli frá 11. apríl 1991([11]).“

2) Eftirfarandi 3., 4., 5. og 6. liður bætist við í 8. gr.:

„3. Þrátt fyrir 1. lið 1. mgr. er ekki þörf á að hafa eiturefnafræðileg gögn í málsskjölunum, sem lögð eru fram til stuðnings umsókn um öryggismat á matvælaensími, ef matvælaensímið sem um ræðir er fengið úr:

a) ætum hlutum plantna eða dýra sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti eða

b) örverum sem hafa þá stöðu að hafa fengið fyrirvarabundið álit um öryggi.

([8]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.

([9]) Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2009, bls. 75.

([10]) http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/587.pdf. Sjá bls. 13

([11]) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_27.pdf.

4. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki gilda ef plönturnar eða dýrin sem um ræðir eru erfðabreyttar lífverur, eins og skilgreint er í 5. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1829/2003, eða ef örveran sem um ræðir er erfðabreytt örvera eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 2009/41/EB([12]). Ákvæði b-liðar 3. mgr. skulu þó gilda um örverur sem er erfðafræðilega breytt með tækninni/aðferðunum sem eru skráðar í 4. lið A-hluta II. viðauka tilskipunar 2009/41/EB.

5. Heimilt er að sækja um fyrir hóp matvælaensíma með einni umsókn að því tilskildu að þau hafi sömu hvatavirkni, séu unnin úr sama grunnefni (t.d. tegund) og að mestu leyti með sama framleiðsluferli og hafi verið fengin úr:

a) ætum hlutum plantna eða dýra sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti eða

b) örverum sem hafa þá stöðu að hafa fengið fyrirvarabundið álit um öryggi eða

c) örverum sem hafa verið notaðar við framleiðslu matvælaensíma sem lögbær yfirvöld í Frakklandi eða Danmörku hafa metið og veitt leyfi fyrir í samræmi við leiðbeiningar vísindanefndarinnar um matvæli frá 1992.

6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki gilda ef plönturnar eða dýrin sem um ræðir eru erfðabreyttar lífverur, eins og skilgreint er í 5. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1829/2003, eða ef örveran sem um ræðir er erfðabreytt örvera eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 2009/41/EB.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([12]) Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2009, bls. 75.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 570/2012 2013/EES/20/30

frá 28. júní 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun bensósýru – bensóata (E 210–213) í óáfengum hliðstæðum við vín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]).

3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á bensósýru – bensóötum (E 210–213) sem rotvarnarefnis í óáfengum hliðstæðum við vín var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

5) Þessar óáfengu hliðstæður við vín eru framleiddar með því að fjarlægja alkóhólið úr víninu eftir gerjun. Til að koma í veg fyrir seinni gerjun í flöskunni eru notuð sorbínsýra – sorböt (E 200–203) og síðan er gerilsneyðing nauðsynleg. Gerilsneyðing breytir hins vegar og brýtur niður náttúrulegan aldinkeim og -ilm afurðarinnar. Ef bensóötum er bætt er við hafa þau samverkandi áhrif með sorbötum og bæta geymsluþol og draga úr þörf fyrir gerilsneyðingu.

6) Óáfengar hliðstæður við vín eru kynntar og markaðssettar sem valkostur í stað víns fyrir fullorðna sem kjósa að drekka ekki áfenga drykki. Neysla á þessum hliðstæðum kemur ekki í staðinn fyrir neyslu gosdrykkja. Aukin váhrif af völdum bensósýru – bensóata (E 210–213) á grundvelli þessarar nýju notkunar verða því áfram takmörkuð og munu ekki leiða til þess að farið verði yfir viðtekinn dagskammt sem vísindanefndin um matvæli([3]) ákvarðar. Því er rétt að leyfa notkun bensósýru – bensóata (E 210–213) til að rotverja óáfengar hliðstæður við vín.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á bensósýru — bensóötum (E 210–213) sem rotvarnarefni í óáfengum hliðstæðum við vín telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum([4]), gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun bensósýru - bensóata (E 210–213) í óáfengum hliðstæðum við vín fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þessa notkun matvælaaukefnisins.

9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2012, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_35.pd

([4]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 14.2.2 „Vín og aðrar afurðir sem skilgreindar eru í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 ásamt óáfengum hliðstæðum [áður hliðstæðir, óáfengir drykkir]“ á eftir færslunni fyrir E 200–203:

	„E 210–213	Bensósýra — bensóöt	200	(1) (2)	Einungis óáfengar vörur	Gildistími: Frá 19. júlí 2012“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 583/2012 2013/EES/20/31

frá 2. júlí 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýsorbata (E 432–436) í kókosmjólk (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]).

3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á pólýoxýetýlensorbítanmónóóleati (pólýsorbat 80, E 433) sem ýruefni í kókosmjólk var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

5) Kókosmjólk, sem er aldinsafi úr innra lagi kókoshnetunnar sem er undir skurninni, blandaður vatni og gerður einsleitur, getur ekki haldist í formi ýrulausnar nema notað sé ýruefni. Pólýoxýetýlensorbítanmónóóleat (pólýsorbat 80, E 433) og pólýsorböt (E 432–436) hafa almennt verið samþykkt sem áhrifaríkustu ýruefnin sem eru notuð í þessum tilgangi í þriðju löndum.

6) Vísindanefndin um matvæli ákvarðaði í áliti sínu frá 8. júlí 1983([3]) að gildi ásættanlegrar, daglegrar inntöku fyrir flokk pólýsorbata (E 432–436) væri 10 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Í skýrslu frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu([4]) er komist að þeirri niðurstöðu að þörf gæti verið á raunhæfara mati á innteknu magni pólýsorbata (E 432–436) sem byggist á raunverulegri notkun matvælaaukefnanna. Þess er vænst að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) framkvæmi þetta mat á innteknu magni meðan endurmat fyrir pólýsorböt (E 432–436) stendur yfir, fyrir árslok 2016 eins og gert er ráð fyrir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010([5]). Þangað til skal möguleg rýmkun á notkun einungis skoðuð þegar um er að ræða vörur með óverulegt framlag til inntekins heildarmagns af þessum efnum. Inntekið magn pólýsorbata (E 432–436), sem búist er við vegna notkunar í kókosmjólk, eins og það er metið á grundvelli gagna sem umsækjendur leggja fram um heildardreifingu kókosmjólkur á markaði, er mun minna en ásættanleg, dagleg inntaka og mun því ekki leiða til umtalsverðrar aukningar á váhrifum. Kókosmjólkur er ekki neytt víða og varan er aðallega notuð við tilreiðslu á asískum matvælum og eftirréttum. Inntekið magn er metið sem óverulegt og mun minna en 1% af ásættanlegri, daglegri inntöku svo framlag þess er ekki talið umtalsvert. Rýmkun á þeirri tilteknu notkun er því ekki talin hafa áhættu í för með sér.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á pólýsorbötum (E 432–436) sem ýruefnum í kókosmjólk telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er veitt leyfi fyrir pólýsorbötum (E 432–436) sem flokki þar eð þau tilheyra sama flokki efna sem eru skilgreind sem blöndur hlutestera af sorbítóli og mónó- og díanhýdríðum þess ásamt fitusýrum. Því er rétt að heimila notkun allra pólýsorbata (E 432–436) í kókosmjólk og ekki einungis notkun matvælaaukefnisins pólýoxýetýlensorbítanmónóóleats (pólýsorbat 80, E 433).

9) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 3.7.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli varðandi ýruefni, bindiefni, þykkingarefni og hleypiefni (15. ritröð, 1985).

([4]) COM(2001) 542, lokagerð.

([5]) Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 19.

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum([6]) gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013**.** Til að unnt sé að leyfa notkun pólýsorbata (E 432–436) í kókosmjólk fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þetta matvælaaukefni.

10) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([6]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 04.2.4.1 „Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki“ á eftir færslunni fyrir E 405:

	„E 432–436	Pólýsorböt	500	(1)	Einungis kókosmjólk	Gildistími: Frá 23. júlí 2012“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 594/2012 **2013/EES/20/32**

frá 5. júlí 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aðskotaefnin okratoxín A, PCB-efni, sem ekki líkjast díoxíni, og melamín í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([2]) voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1259/2011 ([3]) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 voru fastsett ný hámarksgildi fyrir PCB-efni, sem ekki líkjast díoxíni, sem gilda frá og með 1. janúar 2012. Rétt þykir að kveða á um að þau hámarksgildi gildi ekki fyrir matvæli sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir þann dag.

3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2010 ([4]) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 voru fastsett endanleg, lægri hámarksgildi fyrir okratoxín A í kryddi, sem á að vera unnt að ná með því að beita góðum starfsvenjum. Til þess að gera kryddframleiðslulöndum kleift að koma á fyrirbyggjandi ráðstöfunum og til að raska ekki viðskiptum í óviðunandi mæli var í þeirri reglugerð enn fremur kveðið á um hærra hámarksgildi sem átti að gilda í takmarkaðan tíma. Í reglugerðinni var enn fremur kveðið á um að fara skuli fram mat á því hvort unnt sé að ná þessum lægri gildum fyrir okratoxín A á mismunandi framleiðslusvæðum í heiminum með því að beita góðum starfsvenjum. Mat þetta varð að fara fram áður en lægri hámarksgildi fyrir okratoxín A tækju gildi. Þó að umtalsverðar framfarir hafi komið í ljós varðandi beitingu á góðum starfsvenjum á mismunandi framleiðslusvæðum í heiminum er enn ekki unnt að ná áformuðu lægra hámarksgildi fyrir okratoxín A í *Capsicum*-tegundum á samræmdan hátt. Því er rétt að fresta beitingu lægra hámarksgildis fyrir *Capsicum* spp.

4) Hveitiglúten er framleitt sem aukaafurð við framleiðslu á sterkju. Færðar hafa verið sönnur á að ekki sé lengur unnt, mögulega vegna breytinga á veðurfarsskilyrðum, að fara að núverandi hámarksgildi fyrir okratoxín A í hveitiglúteni, einkum við lok geymslutímabilsins, þrátt fyrir stranga beitingu góðra starfsvenja að því er varðar geymslu. Því er rétt að breyta núverandi hámarksgildi í gildi sem unnt er að ná með því að beita góðum starfsvenjum en sem veitir samt heilbrigði manna öfluga vernd.

5) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu samþykkti 4. apríl 2006, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, uppfært vísindalegt álit í tengslum við okratoxín A í matvælum ([5]), þar sem tekið er tillit til nýrra vísindalegra upplýsinga, og ákvarðaði þolanlegan vikuskammt (TWI) sem nemur 120 ng/kg líkamsþyngdar. Í samræmi við niðurstöður úr álitinu, sem Matvælaöryggisstofnunin samþykkti, veita breytingarnar, sem gert er ráð fyrir að því er varðar okratoxín A í þessari reglugerð, áfram öfluga vernd fyrir heilbrigði manna.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 18. mars 2010, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, vísindalegt álit í tengslum við melamín í fóðri og matvælum ([6]). Niðurstöður úr því áliti sýna að váhrif af völdum melamíns geti leitt til myndunar kristalla í þvagfærum. Kristallarnir valda nærpípluskemmdum í nýrum (e. *proximal tubular damage*), sem hafa komið fram í dýrum og börnum vegna atvika þar sem fóður og ungbarnablanda hafa verið menguð með melamíni, sem leitt hefur til dauðsfalla í nokkrum tilfellum. Alþjóðamatvælaskrárráðið hefur fastsett hámarksgildi fyrir melamín í matvælum og fóðri ([7]). Rétt þykir að taka þessi hámarksgildi upp í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til að vernda lýðheilsu þar eð þessi gildi eru í samræmi við niðurstöðurnar í áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 6.6.2012, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

([3]) Stjtíð. ESB L 320, 3.12.2011, bls. 18.

([4]) Stjtíð. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 7.

([5]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM); vísindalegt álit um okratoxín A í matvælum (Scientific Opinion on Ochratoxin A in Food). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2006, 365, bls. 1–56. Aðgengilegt á Netinu: http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/365.pdf

([6]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (CONTAM) um aðskotaefni í matvælaferlinu og sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu (CEF); Vísindalegt álit um melamín í matvælum og fóðri. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(4), 1573. [145 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2011.1573. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Skýrsla um 33. fund sameiginlegrar áætlunar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, alþjóðamatvælaskrárráðið, Genf, Sviss, 5.–9. júlí 2010 (ALINORM 10/33/REP).

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingaákvæði

Reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Fyrstu málsgrein 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðar komi eftirfarandi:

„Reglugerð þessi gildir ekki um vörur sem voru settar á markað fyrir þær dagsetningar sem um getur í a- til f-lið, í samræmi við þau ákvæði sem voru þá í gildi, eftir því sem við á.“

b) Eftirfarandi e- og f-liður bætist við:

„e) hinn 1. janúar 2012 að því er varðar hámarksgildi fyrir PCB-efni sem ekki líkjast díoxíni, sem mælt er fyrir um í 5. þætti viðaukans,

f) hinn 1. janúar 2015 að því er varðar hámarksgildi fyrir okratoxín A í *Capsicum* spp., sem mælt er fyrir um í lið 2.2.11 í viðaukanum.“

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi, að undanskildum þeim ákvæðum, sem mælt er fyrir um í lið 2.2.11 í viðaukanum, sem koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum liðar 2.2., okratoxín A, er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 2.2.2 komi eftirfarandi:

„2.2.2.	Allar afurðir úr óunnu korni, þ.m.t. unnar kornafurðir og kornvörur sem eru ætlaðar til beinnar neyslu, að undanskildum matvælum sem eru tilgreind í liðum 2.2.9, 2.2.10 og 2.2.13	3,0“

b) Í stað liðar 2.2.11 komi eftirfarandi:

„2.2.11.	Krydd, þ.m.t. þurrkuð krydd	
	Piper spp. (aldin, þ.m.t. hvítur og svartur pipar) *Myristica fragrans* (múskat) *Zingiber officinale* (engifer) *Curcuma longa* (túrmerik)	15 µg/kg
	Capsicum spp. (þurrkuð aldin, heil eða möluð, þ.m.t. eldpipar (chilli), eldpiparduft, kajennpipar og paprika)	30 µg/kg til 31.12.2014 15 µg/kg frá og með 1.1.2015
	Kryddblöndur sem innihalda eina framangreindra krydd-tegunda	15 µg/kg“

c) Á eftir lið 2.2.12 bætist við eftirfarandi liður 2.2.13:

„2.2.2013.	Hveitiglúten sem er ekki selt beint til neytenda	8,0“

2) Eftirfarandi 7. þáttur: Melamín og hlíðstæð efni að byggingu, bætist við:

„7. þáttur: Melamín og hliðstæð efni að byggingu

Matvæli		Hámarksgildi (mg/kg)
7.1.	Melamín	
7.1.1.	Matvæli, að undanskildum ungbarnablöndum og stoð-blöndum (*)	2,5
7.1.2.	Ungbarnablöndur í duftformi og stoðblöndur	1“

(*) Hámarksgildið gildir ekki um matvæli þar sem hægt er að sanna að meira magn af melamíni en 2,5 mg/kg er afleiðing af viðurkenndri notkun á sýrómasíni sem skordýraeitri. Innihald melamíns skal ekki vera meira en innihald sýrómasíns.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 675/2012 **2013/EES/20/33**

frá 23. júlí 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun talkúms (E 553b) og karnúbavax (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin egg í skurn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]).

3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á talkúmi (E 553b) og karnúbavaxi (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin eggi í skurn var lögð fram og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

5) Ef matvælaaukefnin talkúm (E 553b), karnúbavax (E 903) og skellakk (E 904) eru notuð á yfirborð litaðra, soðinna eggja geta þau þjónað hlutverki skreytingar með því að veita meiri eða minni gljáa. Auk þess getur skellakk (E 904) stuðlað að auknu geymsluþoli allra soðinna eggja í skurn þegar það er notað á yfirborð þeirra.

6) Ekki er búist við að þessi matvælaaukefni flæði inn í ætan innri hluta eggjanna þar eð þau leysast ekki upp og hafa mikla mólþyngd. Ólíklegt er að notkun þessara matvælaaukefna hafi áhrif á heilbrigði manna þar eð vaxið í þeim er áfram á eggjaskurninni. Því er rétt að veita leyfi fyrir notkun á talkúmi (E 553b) og karnúbavaxi (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun á skellakki (E 904) á öll soðin egg í skurn, lituð sem ólituð.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á talkúmi (E 553b), karnúbavaxi (E 903) og skellakki (E 904) á soðin egg í skurn telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum ([3]), gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun á talkúmi (E 553b) og karnúbavaxi (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin egg í skurn fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þessi matvælaaukefni.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 196, 24.7.2012, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 10.2 „Unnin egg og eggjaafurðir“ á eftir færslunni fyrir E 520–523:

	„E 553b	Talkúm	5400		Einungis á yfirborði litaðra, soðinna eggja í skurn	Gildistími: Frá 13. ágúst 2012
	E 903	Karnúbavax	3600		Einungis á yfirborði litaðra, soðinna eggja í skurn	Gildistími: Frá 13. ágúst 2012
	E 904	Skellakk	*eftir þörfum*		Einungis á yfirborði soðinna eggja í skurn	Gildistími: Frá 13. ágúst 2012“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 873/2012 **2013/EES/20/34**

frá 1. október 2012

um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB([1]), einkum 3. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 er mælt fyrir um þær tegundir bragðefna og grunnefna sem nauðsynlegt er að meta og samþykkja.

2) Af þeim bragðefnum og grunnefnum sem um getur í 9. gr. má, skv. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, einungis setja á markað í óbreyttri mynd þau sem eru í skrá Sambandsins og nota þau í eða á matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind, eftir því sem við á.

3) Samkvæmt 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 tekur 10. gr. gildi 18 mánuðum eftir gildistökudag skrár Sambandsins.

4) Því er rétt að fastsetja gildistökudag fyrir skrá Sambandsins að því er varðar 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008.

5) Í fyrsta áfanga var skrá Sambandsins yfir bragðefni, sem um getur í a-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, komið á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([2]) á þann hátt að skráin yfir bragðefni, sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96([3]), var felld inn í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 og gildistökudagur þeirrar skrár var fastsettur.

6) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1334/2008 má setja bragðefni, sem ekki eru í skrá Sambandsins, á markað sem slík og nota í eða á matvælum þar til 18 mánuðir eru liðnir frá því að skrá Sambandsins öðlaðist gildi. Þar eð bragðefni eru þegar á markaði í aðildarríkjunum skal gera ráðstafanir til að tryggja snurðulausa umbreytingu yfir í málsmeðferð Sambandsins við leyfisveitingu. Til að auka réttarvissu skal einnig kveða á um umbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda þessi bragðefni.

7) Í öðrum áfanga skal meta bragðefnin og grunnefnin sem um getur í b- til f-lið 9. gr. Ef hagsmunaaðilar vilja bæta efni við skrá Sambandsins skulu þeir leggja fram umsóknir um uppfærslu hennar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1331/2008 og uppfylla kröfurnar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 234/2011 frá 10. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([4]) að því er varðar gögnin sem krafist er og innihald, samningu og framlagningu umsóknanna um leyfisveitingu fyrir bragðefni og grunnefni sem skráð eru í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008.

8) Í samræmi við markmiðin í reglugerð (EB) nr. 1334/2008 og til að auka réttarvissu og koma í veg fyrir mismunun er rétt að samþykkja umbreytingarráðstafanir svo að tími gefist til að meta þessi bragð- og grunnefni og veita leyfi fyrir þeim.

9) Fresta skal gildistöku B- til F-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 varðandi bragðefni og grunnefni sem skráð eru í b- til f-lið 9. gr. þeirrar reglugerðar svo að tími gefist til að meta þessi bragð- og grunnefni og veita leyfi fyrir þeim.

10) Hagsmunaaðilarnir skulu leggja fram umsókn um leyfi innan tilskilins frests að því er varðar bragðefni og grunnefni sem skráð eru í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 sem þegar hafa verið sett á markað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 15.

11) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1334/2008 má setja bragðefni og grunnefni sem skráð eru í b- til f-lið 9. gr., sem ekki eru í skrá Sambandsins, á markað sem slík og nota í eða á matvælum þar til 18 mánuðir eru liðnir frá því að skrá Sambandsins öðlaðist gildi. Þar eð bragðefni og grunnefni sem skráð eru í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 eru þegar á markaði í aðildarríkjunum skal gera ráðstafanir til að tryggja snurðulausa umbreytingu yfir í málsmeðferð Sambandsins við leyfisveitingu. Til að auka réttarvissu skal einnig kveða á um umbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda þessi bragð- og grunnefni.

12) Í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 er tilgreint að 26. og 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, sem varða breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum ([5]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ([6]), gildi frá gildistökudegi skrár Sambandsins. Því er rétt að fastsetja þann gildistökudag að því er varðar 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

BRAGÐEFNI SEM UM GETUR Í a-LIÐ 9. GR. REGLUGERÐAR (EB) nr. 1334/2008

1. gr.

Umbreytingarráðstafanir varðandi matvæli sem innihalda bragðefni

Matvæli sem innihalda bragðefni og eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. október 2014 en uppfylla ekki kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

([5]) Stjtíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

II. KAFLI

BRAGÐEFNI OG GRUNNEFNI SEM UM GETUR Í b-TIL f-LIÐ 9. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 1334/2008

2. gr.

Gildistökudagur B- til F-hluta í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni

Að því er varðar 3. mgr. 30. gr., í tengslum við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, gilda B- til F-hlutar í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni, sem sett er fram í I. viðauka við þá reglugerð, frá og með 22. október 2016.

3. gr.

Frestur til framlagningar umsókna

Hagsmunaaðilar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina umsóknir um leyfi fyrir bragðefnum og grunnefnum, sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, sem sett hafa verið á markað þegar þessi reglugerð tekur gildi, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1331/2008 eigi síðar en 22. október 2015.

4. gr.

Umbreytingarráðstöfun varðandi matvæli sem innihalda bragðefni og grunnefni sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008

Matvæli sem innihalda bragðefni og grunnefni sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 og eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. apríl 2018 en uppfylla ekki kröfurnar í B- til F-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

5. gr.

Breytingar á reglugerðum (EBE) nr. 1601/91 og (EB) nr. 110/2008

Að því er varðar 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 varðandi breytingar á reglugerðum (EBE) nr. 1601/91 og (EB) nr. 110/2008 skal gildistökudagur skrár Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni vera 22. apríl 2013.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 436/2012 **2013/EES/20/35**

frá 23. maí 2012

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið asameþífos (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur (e. *biocidal products*, áður sæfiefni) sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Asameþífos er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir laxfiska (*salmonidae*).

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir asameþífos, sem gildir fyrir fiska, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Dýralyfjanefndin mælti með því að viðkomandi færsla yrði rýmkuð og að ekki væri nauðsynlegt að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir asameþífos í fiski.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir asameþífos í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 134, 24.5.2012, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar sem varðar asameþífos í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði *(skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)*	Meðferðarfræðileg flokkun
„Asameþífos	Á EKKI VIÐ	Fiskar	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	ENGIN FÆRSLA	Sníklalyf/útsníklalyf“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 466/2012 **2013/EES/20/36**

frá 1. júní 2012

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið klórsúlón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur (e. *biocidal products*, áður sæfiefni) sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Klórsúlón er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi og sauðfé, sem gildir um vöðva, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

4) Írland lagði beiðni fyrir Lyfjastofnun Evrópu um álit hennar á framreikningi gildandi færslu fyrir klórsúlón sem gildir fyrir kúamjólk.

5) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klórsúlón í kúamjólk og fella brott ákvæðið sem bannar notkun efnisins fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir klórsúlón í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir þau hámarksgildi leifa sem mælt er með fyrir kúamjólk og afnema núgildandi bann.

7) Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klórsúlón, sem er sett fram í þeirri töflu, fellur úr gildi 1. janúar 2014. Dýralyfjanefndin mælti með tveggja ára tímabili til að ljúka þeim vísindalegu rannsóknum sem eru nauðsynlegar til að svara þeim spurningum sem nefndin leggur fyrir Írland.

8) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 2.6.2012, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar sem varðar klórsúlón í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Klórsúlón	Klórsúlón	Nautgripir	35 µg/kg 100 µg/kg 200 µg/kg	Vöðvi Lifur Nýru		Sníklalyf/innsníklalyf“
			16 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgðahámarksgildi leifa fellur úr gildi 1. janúar 2014.	

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1223/2009 2013/EES/20/37

frá 30. nóvember 2009(*)

um snyrtivörur

(endurútgefin)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er í þessu tiltekna tilviki rétt að endurútgefa hana til glöggvunar í einum texta.

2) Reglugerð er viðeigandi lagagerningurinn hér því að þar eru settar skýrar og ítarlegar reglur sem veita aðildarríkjum ekki svigrúm til frávika. Þar að auki er með reglugerð tryggt að lagaskilyrði séu uppfyllt á sama tíma í öllu Bandalaginu.

3) Með þessari reglugerð er stefnt að því að einfalda málsmeðferðarreglur og samræma hugtakanotkun og draga þannig úr stjórnsýsluálagi og tvíræðni. Með henni eru tilteknir þættir í reglurammanum um snyrtivörur styrktir, s.s. eftirlit með markaðnum, í því skyni að tryggja öfluga heilsuvernd manna.

4) Með þessari reglugerð verða reglur Sambandsins í heild samhæfðar til að skapa innri markað fyrir snyrtivörur og tryggja um leið öfluga heilsuvernd manna.

5) Tekið er tillit til umhverfisvandamála, sem efni í snyrtivörum kunna að skapa, með beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), og um stofnun Efnastofnunar Evrópu ([4]) sem gerir kleift að meta umhverfisöryggi þvert á atvinnugreinar.

6) Reglugerð þessi á aðeins við um snyrtivörur en ekki lyf, lækningatæki eða sæfiefni. Sú afmörkun byggist einkum á hinni nákvæmu skilgreiningu á snyrtivörum sem varðar bæði notkunarsvið þeirra og hlutverk.

7) Meta skal í hverju tilviki fyrir sig hvort vara sé snyrtivara, að teknu tilliti til allra eiginleika vörunnar. Til snyrtivara geta talist krem, fleyti, húðmjólk, hlaup og olíur fyrir húð, andlitsmaskar, lituð dagkrem (fljótandi, föst og púður), förðunarpúður, baðpúður, hreinlætispúður, handsápa, ilmsápa, ilmvatn, steinkvatn, kölnarvatn, að- og steypibaðsvörur (sölt, froða, olía, hlaup), háreyðingarvörur, lykteyðir, svitalyktareyðir, litgjafar fyrir hár, hárliðunar-, afliðunar- og festingarvörur, hárlagningarvörur, hárhreinsivörur (vökvi, þurrhárþvottalögur, hárþvottalögur), hárnæringarvörur (vökvi, krem, olía), hárgreiðsluvörur (vökvi, hárlakk, hárgljái), rakstursvörur (sápa, froða, vökvi o.s.frv.), förðunarvörur og viðeigandi hreinsiefni, varaáburður, vörur til tann- og munnhirðu, naglasnyrtivörur og naglalakk, vörur til hreinlætis á viðkvæmum stöðum, sólbaðsvörur, brúnkukrem án sólar, húðhvítir og vörur gegn hrukkumyndun.

8) Framkvæmdastjórnin skal skilgreina þá flokka snyrtivara sem skipta máli fyrir beitingu þessarar reglugerðar.

9) Snyrtivörur skulu vera öruggar við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði. Einkum skal ekki vera unnt að réttlæta áhættu fyrir heilbrigði manna með rökstuðningi sem byggist á sambandi áhættu og ávinnings.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 27, 3.2 2009, bls. 34.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 24. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 20. nóvember 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

([4]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

10) Í samræmi við tilskipun ráðsins 87/357/EBE frá 25. júní 1987 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörur sem geta reynst hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru ([1]) má söluumbúnaður snyrtivöru, og einkum form hennar, lykt, litur, útlit, umbúðir, merkingar, rúmmál eða stærð, ekki stofna heilsu og öryggi neytenda í hættu vegna þess að hægt er að rugla snyrtivörunni saman við matvæli.

11) Til þess að ljóst sé hvar ábyrgðin hvílir skal hver snyrtivara vera tengd ábyrgðaraðila með staðfestu innan Bandalagsins.

12) Ef rekjanleiki snyrtivöru er tryggður í allri aðfangakeðjunni stuðlar það að einfaldara og skilvirkara markaðseftirliti. Skilvirkt rekjanleikakerfi auðveldar markaðseftirlitsyfirvöldum það verk að rekja sig til rekstraraðilans.

13) Nauðsynlegt er að ákvarða hvaða skilyrði dreifingaraðili þarf að uppfylla til að geta talist ábyrgðaraðili.

14) Litið skal á alla lögaðila eða einstaklinga í heildsöluviðskiptum, sem og smásala sem selja beint til neytenda, sem dreifingaraðila. Því skulu þær skyldur, sem hvíla á dreifingaraðila, lagaðar að viðeigandi hlutverki og starfssviði hvers og eins þessara rekstraraðila.

15) Snyrtivörugeirinn í Evrópu er dæmi um iðnrekstur sem verður fyrir barðinu á eftirlíkingum og það getur aukið áhættuna fyrir heilbrigði manna. Aðildarríki skulu huga sérstaklega að framkvæmd láréttrar löggjafar Bandalagsins og ráðstafana varðandi eftirlíkingar á sviði snyrtivara, t.d. reglugerð ráðsins (EB) nr. 1383/2003 frá 22. júlí 2003 um aðgerðir tollyfirvalda gegn vörum sem grunur leikur á að brjóti í bága við tiltekinn hugverkarétt og þær ráðstafanir sem heimilt er að grípa til gegn vörum sem ljóst þykir að brjóti í bága við þann rétt ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB frá 29. apríl 2004 um framfylgd hugverkaréttinda ([3]). Eftirlit með markaðnum er öflugt tæki til að sanngreina vörur sem fullnægja ekki kröfunum í þessari reglugerð.

16) Snyrtivörur, sem eru settar á markað, skulu framleiddar samkvæmt góðum framleiðsluháttum til að tryggja öryggi þeirra.

17) Til að markaðseftirlit verði skilvirkt skal lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem tiltekið vöruupplýsingaskjal er varðveitt, veittur greiður aðgangur að skjalinu á einu heimilisfangi í Bandalaginu.

18) Til að niðurstöður úr óklíniskum öryggisrannsóknum, sem eru gerðar í þeim tilgangi að meta öryggi snyrtivara, séu samanburðarhæfar og af háum gæðum skulu þær vera í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins.

19) Það skal koma skýrt fram hvaða upplýsingum lögbær yfirvöld skuli hafa aðgang að. Þessar upplýsingar skulu ná yfir öll nauðsynleg atriði sem varða auðkenni, gæði, öryggi fyrir heilbrigði manna og áhrifin sem fullyrt er að snyrtivaran hafi. Þessar vöruupplýsingar skulu m.a. innihalda öryggisskýrslu um snyrtivöruna sem skjalfestir að öryggismat hafi farið fram.

20) Til að tryggja samræmda beitingu og eftirlit með takmörkunum varðandi efni skal sýnataka og greining fara fram á samanburðarnákvæman og staðlaðan hátt.

21) Hugtakið „blanda“, eins og það er skilgreint í þessari reglugerð, skal hafa sömu merkingu og hugtakið „efnablanda“ sem áður var notað í löggjöf Bandalagsins.

22) Til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit skal miðla tilteknum upplýsingum um snyrtivöruna, sem sett er á markað, til lögbærra yfirvalda.

23) Svo unnt sé að veita skjóta og viðeigandi læknismeðferð ef upp koma vandamál skal miðla nauðsynlegum upplýsingum um efnasamsetningu vörunnar til eitrunarmiðstöðva og sambærilegra stofnana þar sem aðildarríkin hafa stofnað slíkar miðstöðvar í því skyni.

24) Til að halda stjórnsýsluálagi í lágmarki skulu upplýsingarnar, sem er miðlað til lögbærra yfirvalda, eitrunarmiðstöðva og sambærilegra stofnana, sendar miðlægt til Bandalagsins í gegnum rafrænt viðmót.

25) Til að tryggja snurðulaus umskipti yfir í nýja rafræna viðmótið skal rekstraraðilum gert kleift að miðla nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við þessa reglugerð fyrir gildistökudag hennar.

26) Til viðbótar við almennu meginregluna um ábyrgð framleiðandans eða innflytjandans á öryggi vörunnar skulu koma takmarkanir fyrir tiltekin efni í II. og III. viðauka. Þar að auki skulu efni, sem fyrirhugað er að nota sem litgjafa, rotvarnarefni og útblámasíur, skráð í IV., V. og VI. viðauka, eftir því sem við á, svo unnt sé að leyfa þau til þeirra notkunar.

([1]) Stjtíð. EB L 192, 11.7.1987, bls. 49.
([2]) Stjtíð. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 7.
([3]) Stjtíð. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 45.

27) Til að forðast tvíræðni skal taka skýrt fram að skráin yfir leyfða litgjafa í IV. viðauka inniheldur eingöngu efni sem lita með gleypni og endurvarpi en ekki efni sem lita með ljósljómun, samliðun eða efnahvarfi.

28) Til að takast á við öryggisvanda sem upp hefur komið skal IV. viðauki, sem nú nær eingöngu yfir litgjafa fyrir húð, einnig ná yfir litgjafa fyrir hár um leið og vísindanefndin um öryggi neytenda, sem sett var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. ágúst 2008 um að koma á ráðgjafarkerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál ([1]), hefur lokið áhættumati á þessum efnum. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórninni gert kleift, með málsmeðferð í nefndum, að bæta litgjöfum fyrir hár í gildissvið þess viðauka.

29) Notkun nanóefna í snyrtivörur kann að aukast með frekari tækniþróun. Til að tryggja öfluga neytendavernd, frjálsa vöruflutninga og réttarvissu fyrir framleiðendur er nauðsynlegt að þróa samræmda skilgreiningu á nanóefnum á alþjóðavettvangi. Bandalagið skal leitast við að ná samkomulagi um skilgreiningu á viðeigandi alþjóðlegum vettvangi. Náist slíkt samkomulag skal skilgreiningin á nanóefnum í þessari reglugerð breytt til samræmis við það.

30) Sem stendur eru upplýsingar varðandi áhættu, sem tengist nanóefnum, ófullnægjandi. Til að unnt sé að meta betur öryggi nanóefna skal vísindanefndin um öryggi neytenda, í samvinnu við viðeigandi stofnanir, gefa leiðbeiningar um prófunaraðferðir sem taka tillit til sértækra eiginleika nanóefna.

31) Framkvæmdastjórn skal endurskoða reglulega ákvæði um nanóefni í ljósi framfara í vísindum.

32) Vegna hættulegra eiginleika efna, sem eru flokkuð í undirflokk 1A, 1B og 2. undirflokk sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun (e. CMR) samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([2]), skal banna notkun þeirra í snyrtivörur. Þar eð hættulegur eiginleiki efnis hefur ekki endilega í för með sér áhættu skal gefa kost á að leyfa notkun efna sem eru flokkuð í 2. undirflokk sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun ef vísindanefndin um öryggi neytenda hefur úrskurðað að þau séu örugg til notkunar í snyrtivörur, að því er varðar váhrif og styrk, og ef framkvæmdastjórnin hefur sett reglur um þau í viðaukunum við þessa reglugerð. Þegar um er að ræða efni sem eru flokkuð í undirflokk 1A eða 1B sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun skal gefa kost á notkun þessara efna í snyrtivörur í því undantekningartilviki að þessi efni fullnægi öryggiskröfum um öryggi matvæla, m.a. vegna þess að þau finnast í matvælum af náttúrunnar hendi og engin heppileg staðgönguefni eru til, og að því tilskildu að vísindanefndin um öryggi neytenda hafi úrskurðað að þessi notkun sé örugg. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt skal framkvæmdastjórnin breyta viðkomandi viðaukum við þessa reglugerð innan 15 mánaða frá flokkun efnanna í undirflokk 1A eða 1B sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Vísindanefnd um öryggi neytenda skal stöðugt endurskoða slík efni.

33) Við öryggismat á efnum, einkum þeim sem eru flokkuð í undirflokk 1A eða 1B sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, skal taka tillit til heildarváhrifanna frá slíkum efnum frá öllum uppsprettum. Að sama skapi er nauðsynlegt, fyrir þá sem koma að vinnslu öryggismats, að til sé samræmd aðferð við þróun og notkun slíkra útreikninga á heildarváhrifum. Þar af leiðandi skal framkvæmdastjórnin, í náinni samvinnu við vísindanefndina um öryggi neytenda, Efnastofnun Evrópu, Matvælaöryggisstofnun Evrópu og aðra viðeigandi hagsmunaaðila og eins fljótt og auðið er, framkvæma endurskoðun og þróa leiðbeiningar varðandi vinnslu og notkun útreikninga á heildarváhrifum af þessum efnum.

34) Þegar vísindanefndin um öryggi neytenda metur notkun í snyrtivörur á efnum sem eru flokkuð í undirflokk 1A eða 1B sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun skal hún einnig taka tillit til váhrifa frá þessum efnum á viðkvæma þjóðfélagshópa, eins og börn undir þriggja ára aldri, eldra fólk, þungaðar konur, konur með barn á brjósti og einstaklinga með skerta ónæmissvörun.

35) Vísindanefndin um öryggi neytenda skal gefa álit eftir því sem við á um öryggi notkunar á nanóefnum í snyrtivörur. Þessi álit skulu byggjast á fullnaðarupplýsingum sem ábyrgðaraðilinn lætur í té.

36) Aðgerðir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja varðandi heilsuvernd manna skulu grundvallast á varúðarreglunni.

37) Til að tryggja vöruöryggi skal einungis samþykkja bönnuð efni í snefilmagni ef tæknilega óhjákvæmilegt er að nota þau í réttum framleiðsluferlum og að því tilskildu að varan sé örugg.

38) Í bókuninni um vernd og velferð dýra, sem fylgir sem viðauki við sáttmálann, er kveðið á um að Bandalagið og aðildarríkin skuli taka fullt tillit til krafna um velferð dýra við framkvæmd stefnu Bandalagsins, einkum með tilliti til innri markaðarins.

([1]) Stjtíð. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21.
([2]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12. 2008, bls. 1.

39) Með tilskipun ráðsins 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni ([1]) voru settar sameiginlegar reglur um notkun tilraunadýra í Bandalaginu og mælt fyrir um skilyrði fyrir framkvæmd slíkra tilrauna á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Í 7. gr. þeirrar tilskipunar er m.a. sett fram krafa um að staðgönguaðferðir (e. alternative methods) komi í stað tilrauna á dýrum enda liggi þær fyrir og séu vísindalega fullnægjandi.

40) Hægt er að tryggja öryggi snyrtivara og innihaldsefna þeirra með því að nota staðgönguaðferðir sem gilda ekki endilega fyrir alla notkun íðefnanna sem snyrtivörurnar innihalda. Þess vegna ber að stuðla að því að aðferðir af því tagi séu notaðar í öllum snyrtivöruiðnaðinum og sjá til þess að þær verði samþykktar á vettvangi Bandalagsins þegar öruggt er að slíkar aðferðir tryggi notendum varanna sambærilega vernd.

41) Nú þegar er hægt að tryggja öryggi fullunninna snyrtivara á grundvelli vitneskju um öryggi innihaldsefna þeirra. Því skal mæla fyrir um ákvæði sem banna prófanir á dýrum með fullunnum snyrtivörum. Með því að setja viðmiðunarreglur gæti framkvæmdastjórnin gert það auðveldara, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, að beita bæði prófunaraðferðum og matsaðferðum á viðeigandi, fyrirliggjandi gögn, þ.m.t. aðferðum með ályktunum út frá byggingarlega hliðstæðum efnum og út frá vægi rökstuddra vísbendinga, sem útheimta ekki notkun dýra við mat á öryggi fullunninna snyrtivara.

42) Smám saman verður unnt að tryggja öryggi innihaldsefna í snyrtivörum með því að nota staðgönguaðferðir án dýra, sem Evrópumiðstöð um fullgildingu staðgönguaðferða (ECVAM) hefur fullgilt á vettvangi Bandalagsins eða samþykkt sem vísindalega fullgiltar, og með tilhlýðilegu tilliti til þess hvernig fullgilding þróast innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda, að því er varðar notkun fullgiltra staðgönguaðferða á sviði snyrtivara, skal framkvæmdastjórnin þegar í stað birta fullgiltu eða samþykktu aðferðirnar sem viðurkennt er að megi beita þegar um innihaldsefni af því tagi er að ræða. Til að tryggja dýrum sem mesta vernd ber að ákveða eindaga fyrir innleiðingu endanlegs banns.

43) Framkvæmdastjórnin hefur gert tímaáætlanir yfir eindaga fram að 11. mars 2009 til að banna setningu snyrtivara á markað, ef endanleg efnasamsetning þeirra eða innihaldsefni eða samsetning innihaldsefna hafa verið prófuð á dýrum, og til að banna sérhverja yfirstandandi prófun þar sem dýr eru notuð. Þegar um er að ræða prófanir varðandi eiturhrif við endurtekna skammta, eiturhrif á æxlun og eiturefnahvörf þykir þó rétt að síðasti eindagi til að banna setningu snyrtivara, sem eru notaðar í þessum prófunum, verði 11. mars 2013. Framkvæmdastjórninni skal vera heimilt að aðlaga tímaáætlanirnar, á grundvelli árlegra skýrslna, innan áðurnefnds hámarksfrests.

44) Betri samræming hjálpargagna á vettvangi Bandalagsins stuðlar að aukinni, vísindalegri þekkingu sem er nauðsynleg fyrir þróun staðgönguaðferða. Þess vegna er nauðsynlegt að Bandalagið haldi áfram átaki sínu og efli það og geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að rannsóknum og þróun staðgönguaðferða án dýra, einkum innan rammaáætlana sinna um rannsóknir.

45) Hvetja skal ríki utan Bandalagsins til að viðurkenna staðgönguaðferðir sem eru þróaðar í Bandalaginu. Til að ná þessu markmiði skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir því að Efnahags- og framfarastofnunin staðfesti slíkar aðferðir. Framkvæmdastjórnin skal einnig leitast við, innan ramma samstarfssamninga Evrópusambandsins, að fá viðurkenningu á niðurstöðum öryggisprófana, sem eru framkvæmdar innan Bandalagins með staðgönguaðferðum, til að tryggja að útflutningur snyrtivara, sem hafa verið prófaðar með slíkum aðferðum, sé ekki hindraður og til að koma í veg fyrir eða aftra því að þriðju lönd krefjist þess að slíkar prófanir séu endurteknar með notkun dýra.

46) Gagnsæis er þörf að því er varðar innihaldsefni sem notuð eru í snyrtivörur. Með því að tilgreina innihaldsefni, sem eru notuð í snyrtivöru, á umbúðum hennar er unnt að ná slíku gagnsæi. Ef því verður ekki við komið í reynd að tilgreina innihaldsefni á umbúðunum skulu slíkar upplýsingar fylgja með svo að neytandi hafi aðgang að þeim.

47) Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir almenn heiti innihaldsefna (e. glossary of common ingredient names) til að tryggja samræmi í merkingum og til að auðveldara sé að sanngreina innihaldsefni snyrtivara. Þessi skrá skal ekki hugsuð sem takmarkandi skrá yfir efni sem eru notuð í snyrtivörur.

48) Til að upplýsa neytendur skal tilgreina geymsluþol á snyrtivörum á nákvæman og auðskiljanlegan hátt. Þar eð neytendur skulu upplýstir um til hvaða dags snyrtivaran heldur áfram að þjóna sínu upphaflega hlutverki og heldur áfram að vera örugg er nauðsynlegt að þekkja lágmarksgeymsluþol hennar, þ.e. fyrir hvaða dag sé best að nota vöruna. Þegar lágmarksgeymsluþol er lengra en 30 mánuðir skal upplýsa neytandann um hversu lengi megi nota snyrtivöruna eftir opnun án þess að það skaði hann. Þessi krafa gildir þó ekki þegar hugtakið geymsluþol eftir opnun á ekki við, þ.e.a.s. fyrir einnota vörur, vörur sem spillast ekki eða vörur sem eru ekki opnaðar.

([1]) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.

49) Vísindanefndin um öryggi neytenda hefur tilgreint allmörg efni sem eru líkleg til að valda ofnæmisviðbrögðum og nauðsynlegt verður að takmarka notkun þeirra og/eða setja tiltekin skilyrði varðandi þau. Til að tryggja að notendur séu nægilega vel upplýstir skal tilvist þessara efna getið í skránni yfir innihaldsefni og athygli neytenda beint að þeim innihaldsefnum. Þær upplýsingar ættu að bæta greiningu á snertiofnæmi hjá neytendum og gera þeim kleift að sneiða hjá notkun snyrtivara sem þeir þola ekki. Íhuga skal aðrar takmarkandi ráðstafanir eins og bann eða takmörkun á styrk þegar um er að ræða efni sem líklegt er að valdi ofnæmi hjá umtalsverðum hluta fólks.

50) Við framkvæmd öryggismats á snyrtivöru skal vera unnt að taka tillit til niðurstaðna úr öðru öryggismati sem hefur verið unnið á öðrum viðeigandi sviðum. Notkun slíkra gagna skal rökstudd og réttlætt á tilhlýðilegan hátt.

51) Neytandi skjal njóta verndar gegn villandi fullyrðingum varðandi verkun og aðra eiginleika snyrtivara. Hér gildir einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum ([1]). Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, skilgreina sameiginlegar viðmiðanir með tilliti til sértækra fullyrðinga um snyrtivörur.

52) Hægt á að vera að fullyrða að við þróun snyrtivöru hafi engar prófanir á dýrum farið fram. Framkvæmdastjórnin hefur samið viðmiðunarreglur í samráði við aðildarríkin til að tryggja að sameiginlegum viðmiðunum sé beitt við notkun fullyrðinga, að fullyrðingar séu túlkaðar á sama hátt og einkum að slíkar fullyrðingar villi ekki um fyrir neytendum. Við samningu slíkra viðmiðunarreglna hefur framkvæmdastjórnin einnig tekið tillit til sjónarmiða hinna mörgu litlu og meðalstóru fyrirtækja, sem eru meirihluti þeirra framleiðenda sem gera prófanir án tilrauna á dýrum, og sjónarmiða viðeigandi frjálsra félagasamtaka og tillit til þess að notendur þurfa að geta greint í reynd á milli vara á grundvelli viðmiðana um prófanir á dýrum.

53) Til viðbótar upplýsingunum í merkingum skulu neytendur eiga þess kost að óska eftir tilteknum vöruupplýsingum frá ábyrgðaraðilanum svo að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun varðandi vöruval.

54) Skilvirkt markaðseftirlit er nauðsynlegt til að tryggja að ákvæði þessarar reglugerðar séu virt. Í þessu skyni skal tilkynna óæskileg áhrif og lögbær yfirvöld skulu eiga þess kost að óska eftir skrá hjá ábyrgðaraðilanum yfir snyrtivörur sem innihalda efni sem hafa vakið alvarlegar efasemdir með tilliti til öryggis.

([1]) Stjtíð. ESB L 149,11.6.2005, bls. 22.

55) Þessi reglugerð er með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkjanna að setja reglur, í samræmi við lög Bandalagsins, varðandi tilkynningar til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna frá fagfólki í heilbrigðisþjónustu eða neytendum um alvarleg, óæskileg áhrif.

56) Þessi reglugerð er með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkjanna að setja reglur, í samræmi við lög Bandalagsins, varðandi stofnsetningu rekstraraðila á sviði snyrtivara.

57) Þegar ekki er farið að ákvæðum þessarar reglugerðar getur verið þörf á skilvirkri málsmeðferð um töku vara af markaði og innköllun á vörum. Þessi málsmeðferð skal byggjast á núverandi reglum Bandalagsins um vörur sem eru ekki öruggar.

58) Til að fjalla um snyrtivörur, sem geta stefnt heilbrigði manna í hættu þótt þær samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar, skal taka upp verndarráðstafanameðferð.

59) Framkvæmdastjórnin skal leiðbeina um samræmda túlkun og beitingu hugtaksins alvarlegrar áhættu svo að auðvelt verði að samræma framkvæmd þessarar reglugerðar.

60) Í samræmi við meginreglurnar um góðar stjórnsýsluvenjur skal hver ákvörðun, sem lögbært yfirvaldi tekur varðandi markaðseftirlit, rökstudd á tilhlýðilegan hátt.

61) Til að tryggja skilvirkt eftirlit með markaðnum er öflug samvinna á sviði stjórnsýslu á milli lögbærra yfirvalda nauðsynleg. Þetta varðar einkum gagnkvæma aðstoð við sannprófun vöruupplýsingaskjala sem eru varðveitt í öðru aðildarríki.

62) Vísindanefndin um öryggi neytenda, sem er óháð áhættumatsstofnun, skal aðstoða framkvæmdastjórnina.

63) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

64) Framkvæmdastjórninni skal einkum falið umboð til að laga viðaukana við þessa reglugerð að tækniframförum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

65) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að standa við hefðbundinn frest í tengslum við reglunefndarmeðferð með grannskoðun skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykkt tiltekinna ráðstafana varðandi efni, sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun, og nanóefni og varðandi hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna.

66) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

67) Rekstraraðilar sem og aðildarríkin og framkvæmdastjórnin þurfa fullnægjandi tíma til að laga sig að breytingum sem eru teknar upp með þessari reglugerð. Því er rétt að veita fullnægjandi umbreytingartímabil fyrir þessa aðlögun. Til að tryggja snurðulausa umbreytingu skal rekstraraðilum þó heimilt að setja snyrtivörur á markað fyrir lok þessa umbreytingartímabils ef þær eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

68) Til að auka öryggi snyrtivara og styrkja markaðseftirlit skulu snyrtivörur, sem eru settar á markað eftir gildistökudag þessarar reglugerðar, vera í samræmi við skyldur samkvæmt henni varðandi öryggismat, vöruupplýsingaskjalið og tilkynningu jafnvel þótt svipaðar skyldur hafi þegar verið uppfylltar samkvæmt tilskipun 76/768/EBE.

69) Tilskipun 76/768/EBE ber að fella úr gildi. Til að tryggja viðeigandi læknismeðferð ef upp koma vandamál og til að tryggja markaðseftirlit skulu lögbær yfirvöld varðveita upplýsingar, sem þeim berast skv. 3. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 7. gr. a í tilskipun 76/768/EBE varðandi snyrtivörur, í tiltekinn tíma og upplýsingar, sem ábyrgðaraðili varðveitir, skulu vera aðgengilegar í jafnlangan tíma.

70) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta IX. viðauka.

71) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á innri markaði og öflugri heilsuvernd manna með því að sjá til þess að snyrtivörur uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og því markmiði verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið og markmið

Í þessari reglugerð eru settar reglur, sem hver snyrtivara, sem er boðin fram á markaði, skal uppfylla, til að tryggja starfsemi innri markaðarins og öfluga heilsuvernd manna.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „snyrtivara“: efni eða blanda sem ætlað er að komast í snertingu við ytri hluta mannslíkamans (húð, hár á höfði og annað líkamshár, neglur, varir og ytri kynfæri) eða við tennur og slímhúð í munni, eingöngu eða einkum í því skyni að hreinsa þessa líkamshluta, veita þeim ilm, breyta útliti þeirra, vernda þá og halda þeim í góðu ástandi eða til að bæta líkamslykt,

b) „efni“: frumefni og efnasambönd þess, náttúruleg eða unnin með framleiðsluferlum, þ.m.t. öll aukefni, sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika þess, og öll óhreinindi, sem stafa frá vinnslunni, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðuleika efnisins eða breyti samsetningu þess,

c) „blanda“: blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna,

d) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir snyrtivöru eða lætur framleiða eða hanna slíka vöru og setur snyrtivöruna á markað undir sínu nafni eða vörumerki,

e) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður snyrtivöru fram á markaði,

f) „endanlegur notandi“: annaðhvort neytandi eða fagmaður sem notar snyrtivöruna,

g) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending snyrtivöru til dreifingar, neyslu eða notkunar á markaði Bandalagsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

h) „setning á markað“: það að bjóða tiltekna snyrtivöru fram í fyrsta sinn á markaði Bandalagsins,

i) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Bandalagsins sem setur vöru frá þriðja landi á markað Bandalagsins,

j) „samhæfður staðall“: staðall sem ein af evrópsku staðlastofnununum, sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([1]), hefur tekið upp á grundvelli beiðni frá framkvæmdastjórninni í samræmi við 6. gr. þeirrar tilskipunar,

k) „nanóefni“: óleysanlegt eða lífvaranlegt efni sem er framleitt af ásettu ráði og hefur eitt eða fleiri ytri mál, eða innri byggingu, á stærðarbilinu 1 til 100 mm.

l) „rotvarnarefni“: efni sem eru eingöngu eða aðallega ætluð til að koma í veg fyrir vöxt örvera í snyrtivörunni,

m) „litgjafi“: efni sem eru eingöngu eða aðallega ætluð til að lita snyrtivöruna, allan líkamann eða tiltekna hluta hans með því að gleypa eða endurvarpa sýnilegu ljósi en einnig skulu forefni oxandi litgjafa fyrir hár teljast litgjafar,

n) „útblámasíur“: efni sem eru eingöngu eða aðallega ætluð til að verja húðina fyrir útfjólublárri geislun með því að gleypa, endurvarpa eða dreifa útfjólublárri geislun,

o) „óæskileg áhrif“: aukaverkun á heilsu manna sem tengist eðlilegri eða sæmilega fyrirsjáanlegri notkun snyrtivöru,

p) „alvarleg óæskileg áhrif“: óæskileg áhrif sem hafa í för með sér tímabundna eða varanlega skerðingu á starfrænni getu, tímabundna eða varanlega fötlun, sjúkrahússinnlögn, meðfædd frávik eða bráða lífshættu eða dauða,

q) „það að taka af markaði“: hver sú ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að snyrtivara í aðfangakeðjunni verði boðin fram á markaði,

r) „innköllun“: hver sú ráðstöfun sem miðar að því að snyrtivöru, sem hefur þegar verið boðin endanlegum notenda, sé skilað til baka,

s) „rammasamsetning“: samsetning sem er gefin upp sem flokkar eða hlutverk innihaldsefna og hámarksstyrkur þeirra í snyrtivörunni en viðeigandi megindlegar eða eigindlegar upplýsingar ef snyrtivaran fellur ekki, eða aðeins að hluta til, undir slíka samsetningu. Framkvæmdastjórnin skal gefa ábendingar um gerð rammasamsetninga og laga þær reglulega að framförum í tækni og vísindum.

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. telst efni eða blanda, sem er ætluð til inntöku, innöndunar, inndælingar eða ígræðslu í mannslíkamann, ekki til snyrtivara.

3. Með tilliti til hinna ýmsu skilgreininga á nanóefnum, sem ýmsar stofnanir hafa birt, og til stöðugrar þróunar í tækni og vísindum á sviði nanótækni skal framkvæmdastjórnin laga k-lið 1. mgr. að framförum í tækni og vísindum og að skilgreiningum sem síðar verða samþykktar á alþjóðavettvangi. Þessi ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 32. gr.

II. KAFLI

ÖRYGGI, ÁBYRGÐ, FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

3. gr.

Öryggi.

Snyrtivara, sem er boðin fram á markaði, skal vera örugg fyrir heilbrigði manna við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, einkum með tilliti til eftirfarandi:

a) söluumbúnaðar, þ.m.t. samræmi við tilskipun 87/357/EBE,

b) merkinga,

c) leiðbeininga um notkun og förgun,

d) allra annarra vísbendinga eða upplýsinga frá ábyrgðaraðilanum sem er skilgreindur í 4. gr.

Notkun viðvarana veitir einstaklingum, sem eru skilgreindir í 2. og 4. gr., ekki undanþágu frá því að uppfylla aðrar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. gr.

Ábyrgðaraðili

1. Einungis er heimilt að setja snyrtivörur á markað hafi lögaðili eða einstaklingur innan Bandalagsins verið tilnefndur sem „ábyrgðaraðili“ fyrir þær.

2. Ábyrgðaraðilinn skal sjá til þess, fyrir hverja snyrtivöru sem sett er á markað, að viðeigandi skyldur, sem eru settar fram í þessari reglugerð, séu uppfylltar.

3. Þegar um er að ræða snyrtivöru, sem er framleidd innan Bandalagsins en er síðan ekki flutt út úr Bandalaginu og aftur inn til þess, skal framleiðandinn með staðfestu innan Bandalagsins vera ábyrgðaraðilinn.

Framleiðandinn getur tilnefnt, með skriflegu umboði, aðila með staðfestu innan Bandalagsins sem ábyrgðaraðila og skal sá aðili samþykkja það skriflega.

4. Þegar um er að ræða snyrtivöru sem er framleidd innan Bandalagsins en er síðan ekki flutt út úr Bandalaginu og aftur inn til þess og framleiðandinn er með staðfestu utan Bandalagsins skal hann tilnefna, með skriflegu umboði, aðila með staðfestu innan Bandalagsins sem ábyrgðaraðila og skal sá aðili samþykkja það skriflega.

5. Þegar um er að ræða innflutta snyrtivöru skal hver innflytjandi vera ábyrgðaraðili fyrir þá tilteknu snyrtivöru sem hann setur á markað.

Innflytjandinn getur tilnefnt, með skriflegu umboði, aðila með staðfestu innan Bandalagsins sem ábyrgðaraðila og skal sá aðili samþykkja það skriflega.

6. Dreifingaraðilinn skal vera ábyrgðaraðili fyrir því hvar hann setur snyrtivöru á markað undir sínu nafni eða vörumerki eða breytir vöru, sem hefur þegar verið sett á markað, á þann hátt sem getur haft áhrif á það hvort varan uppfylli viðeigandi kröfur.

Þýðing á upplýsingum varðandi snyrtivöru, sem þegar hefur verið sett á markað, telst ekki slík breyting á þeirri vöru sem hefur áhrif á það hvort varan uppfylli viðeigandi kröfur í þessari reglugerð.

5. gr.

Skyldur ábyrgðaraðila

1. Ábyrgðaraðilar skulu sjá til þess að farið sé að ákvæðum 3., 8., 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17. og 18. gr., 19. gr. (1., 2. og 5. mgr.) sem og 20., 21., 23. og 24. gr.

2. Ábyrgðaraðilar, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að snyrtivara, sem þeir hafa sett á markað, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð, skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta, sem eru nauðsynlegar til að færa vöruna til samræmis við reglugerðina, taka hana af markaði eða innkalla hana, eins og við á.

Skapi snyrtivaran áhættu að því er varðar heilbrigði manna skulu ábyrgðaraðilar enn fremur tafarlaust tilkynna um það til lögbærra landsyfirvalda aðildarríkjanna, þar sem þeir buðu vöruna fram, og aðildarríkisins þar sem auðvelt er að nálgast vöruupplýsingaskjalið, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

3. Ábyrgðaraðilar skulu hafa samvinnu við þessi yfirvöld, að beiðni þeirra síðarnefndu, um allar aðgerðir til að útiloka áhættu sem stafar af snyrtivörum sem þeir hafa boðið fram á markaði. Einkum skulu ábyrgðaraðilar, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi tiltekinna þátta vörunnar, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu.

6. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Þegar dreifingaraðilar bjóða snyrtivöru fram á markaði innan ramma starfsemi sinnar skulu þeir gæta þess á tilhlýðilegan hátt að snyrtivaran sé í samræmi við gildandi kröfur.

2. Áður en dreifingaraðilar bjóða snyrtivöru fram á markaði skulu þeir ganga úr skugga um:

— að merkingarupplýsingarnar, sem kveðið er á um í a-, e- og g-lið 1. mgr. 19. gr. og 3. og 4. mgr. 19. gr., séu fyrir hendi,

— að tungumálakröfurnar, sem kveðið er á um í 5. mgr. 19. gr., séu uppfylltar,

— að tilgreindur dagur lágmarksgeymsluþols skv. 1. mgr. 19. gr. sé ekki liðinn.

3. Ef dreifingaraðilar telja eða hafa ástæðu til að ætla:

— að snyrtivara uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu þeir ekki bjóða vöruna fram á markaði fyrr en hún hefur verið færð til samræmis við gildandi kröfur,

— að snyrtivara, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu þeir fullvissa sig um að gerðar séu þær ráðstafanir til úrbóta, sem eru nauðsynlegar til að færa vörunar til samræmis við reglugerðina, taka hana af markaði eða innkalla hana, eins og við á.

Skapi snyrtivaran áhættu fyrir heilbrigði manna skulu dreifingaraðilar enn fremur tafarlaust tilkynna um það til ábyrgðaraðilans og lögbærra landsyfirvalda aðildarríkjanna þar sem þeir buðu vöruna fram, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

4. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess að á meðan tiltekin vara er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hennar við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

5. Dreifingaraðilar skulu hafa samvinnu við lögbær yfirvöld, að beiðni þeirra síðarnefndu, um allar aðgerðir til að útiloka áhættu sem stafar af vörum sem þeir hafa boðið fram á markaði. Einkum skulu dreifingaraðilar, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi vörunnar við kröfur skv. 2. mgr., á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu.

7. gr.

Tilgreining innan aðfangakeðjunnar

Að beiðni lögbærs yfirvalds:

— skulu ábyrgðaraðilar tilgreina dreifingaraðilana sem þeir afhenda snyrtivöruna,

— skal dreifingaraðilinn tilgreina dreifingaraðilann eða ábyrgðaraðilann sem afhenti honum snyrtivöruna og dreifingaraðilana sem hann afhenti snyrtivöruna.

Þessi skylda gildir í þrjú ár frá þeim degi þegar framleiðslulota snyrtivörunnar var boðin dreifingaraðilanum.

8. gr.

Góðir framleiðsluhættir

1. Framleiðsla snyrtivara skal vera í samræmi við góða framleiðsluhætti í því skyni að tryggja að markmiðin skv. 1. gr. náist.

2. Gengið skal út frá að snyrtivara sé framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti ef hún er í samræmi við viðeigandi samhæfða staðla og tilvísanir í staðlana hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Frjáls flutningur

Aðildarríkin skulu ekki, með skírskotun til krafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, synja þess að snyrtivörur séu boðnar fram á markaði né banna það eða takmarka.

III. KAFLI

ÖRYGGISMAT, VÖRUUPPLÝSINGASKJAL, TILKYNNING

10. gr.

Öryggismat

1. Til að sýna fram á að snyrtivara sé í samræmi við ákvæði 3. gr. skal ábyrgðaraðilinn sjá til þess, áður en snyrtivaran er sett á markað, að hún hafi verið öryggismetin á grundvelli viðeigandi upplýsinga og að búin sé til öryggisskýrsla um snyrtivöruna í samræmi við I. viðauka.

Ábyrgðaraðilinn skal sjá til þess:

a) að í öryggismatinu sé tekið tillit til fyrirhugaðrar notkunar snyrtivörunnar og þeirra altæku váhrifa sem búist er við frá einstökum innihaldsefnum í endanlegri samsetningu,

b) að í öryggismatinu sé notuð viðeigandi aðferð með vægi rökstuddra vísbendinga til að rýna gögn frá öllum fyrirliggjandi heimildum,

c) að öryggisskýrslunni um snyrtivöruna sé haldið uppfærðri með tilliti til viðbótarupplýsinga sem skipta máli og koma fram eftir að varan er sett á markað.

Fyrsta undirgrein gildir einnig um snyrtivörur sem hafa verið tilkynntar samkvæmt tilskipun 76/768/EBE.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðeigandi viðmiðunarreglur, í náinni samvinnu við alla hagsmunaaðila, til að gera fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum, kleift að verða við kröfunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka. Þessar viðmiðunarreglur skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 32. gr.

2. Öryggismatið fyrir snyrtivöru, sem sett er fram í B-hluta I. viðauka, skal vera í höndum aðila sem getur framvísað prófskírteini eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem veittur er að loknu bóklegu og verklegu háskólanámi í lyfjafræði, eiturefnafræði, læknisfræði eða sambærilegu fagi eða öðru námi sem jafngildir því að mati viðkomandi aðildarríkis.

3. Óklíniskar öryggisrannsóknir, sem um getur í öryggismati skv. 1. mgr. og voru gerðar eftir 30. júní 1988 til að meta öryggi snyrtivöru, skulu vera í samræmi við löggjöf Bandalagsins varðandi meginreglurnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir, sem voru í gildi þegar rannsóknin fór fram, eða við aðra alþjóðlega staðla sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnun Evrópu viðurkenna sem jafngilda.

11. gr.

VÖRUUPPLÝSINGASKJAL

1. Þegar snyrtivara er sett á markað skal ábyrgðaraðilinn halda vöruupplýsingaskjal um hana. Vöruupplýsingaskjalið skal varðveitt í tíu ár frá þeim degi þegar síðasta framleiðslulota snyrtivörunnar er sett á markað.

2. Vöruupplýsingaskjalið skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn sem skulu uppfærð eftir þörfum:

a) lýsingu á snyrtivörunni sem gerir kleift að tengja vöruupplýsingaskjalið með skýrum hætti við snyrtivöruna,

b) öryggisskýrsluna um snyrtivöruna sem um getur í 1. mgr. 10. gr.,

c) lýsingu á framleiðsluaðferðinni og yfirlýsingu um að snyrtivaran sé framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti sem um getur í 8. gr.,

d) sönnun á fullyrtum áhrifum snyrtivörunnar ef grundvöllur er fyrir því með tilliti til eðlis og áhrifa hennar,

e) gögn um allar prófanir á dýrum sem framleiðandi, fulltrúar hans eða birgjar framkvæma í tengslum við þróun snyrtivörunnar, eða öryggismat á henni eða innihaldsefnum hennar, þ.m.t. allar prófanir á dýrum sem eru gerðar til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum eða reglum þriðju landa.

3. Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem vöruupplýsingaskjalið er varðveitt, hafi greiðan aðgang að henni, annaðhvort í rafrænu formi eða öðru formi, á heimilisfangi hans sem er tilgreint á merkimiðanum.

Upplýsingarnar, sem koma fram í vöruupplýsingaskjalinu, skulu vera tiltækar á tungumáli sem lögbær yfirvöld aðildarríkisins hafa á valdi sínu.

4. Kröfur, sem mælt er fyrir um í 1.–3. mgr. þessarar greinar, gilda einnig fyrir snyrtivörur sem hafa verið tilkynntar samkvæmt tilskipun 76/768/EBE.

12. gr.

Sýnataka og greining

1. Sýnataka og greining snyrtivara skal fara fram með áreiðanlegum og samanburðarnákvæmum hætti.

2. Liggi viðeigandi löggjöf Bandalagsins ekki fyrir skal gengið út frá áreiðanleika og samanburðarnákvæmni ef aðferðin, sem er notuð, er í samræmi við viðeigandi, samhæfða staðla og tilvísanir til staðlanna hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

Tilkynning

1. Áður en snyrtivaran er sett á markað skal ábyrgðaraðilinn senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirfarandi með rafrænum hætti:

a) flokk snyrtivörunnar og heiti hennar eða heitin svo hægt sé að sanngreina hana sérstaklega,

b) nafn og heimilisfang ábyrgðaraðilans þar sem veittur er greiður aðgangur að vöruupplýsingaskjalinu.

c) upprunaland ef um er að ræða innflutning,

d) aðildarríkið þar sem setja á snyrtivöruna á markað,

e) samskiptaupplýsingar um einstakling sem hægt er að hafa samband við ef nauðsyn krefur,

f) tilvist efna í formi nanóefna og:

i. auðkenningu þeirra, þ.m.t. efnaheiti (IUPAC-heiti (IUPAC: Alþjóðasamtök um hreina og hagnýta efnafræði)) og aðrar lýsingar sem eru tilgreindar í 2. lið inngangsorða II.–VI. viðauka við þessa reglugerð.

ii. sæmilega fyrirsjáanleg váhrifaskilyrði,

g) heiti og CAS-númer (númer samkvæmt Upplýsingaþjónustu um íðefni) eða EB-númer efna sem eru flokkuð í undirflokk 1A eða 1B sem krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

h) rammasamsetninguna sem gerir kleift að veita skjóta og viðeigandi læknismeðferð ef upp koma vandamál.

Fyrsta undirgrein gildir einnig um snyrtivörur sem hafa verið tilkynntar samkvæmt tilskipun 76/768/EBE.

2. Þegar snyrtivara er sett á markað skal ábyrgðaraðili tilkynna framkvæmdastjórninni um upprunalegu merkingarnar og senda ljósmynd af tilheyrandi umbúðum ef textinn er sæmilega læsilegur.

3. Frá og með 11. júlí 2013 gildir að hver dreifingaraðili, sem býður fram snyrtivöru á markaði í aðildarríki sem hefur þegar verið sett á markað í öðru aðildarríki og þýðir, að eigin frumkvæði, einhvern hluta af merkingum þeirrar vöru í því skyni að fara að innlendum lögum, skal senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirfarandi með rafrænum hætti:

a) flokk snyrtivörunnar, heiti hennar í sendingaraðildarríkinu og heiti hennar í aðildarríkinu, þar sem hún er boðin fram á markaði, svo unnt sé að sanngreina hana sérstaklega,

b) aðildarríkið þar sem snyrtivaran er boðin fram á markaði,

c) nafn og heimilisfang,

d) nafn og heimilisfang ábyrgðaraðilans þar sem veittur er greiður aðgangur að vöruupplýsingaskjalinu.

4. Sé snyrtivara sett á markað fyrir 11. júlí 2013 en verði frá þeim degi ekki lengur sett á markað skal dreifingaraðilinn, sem flytur þá vöru til aðildarríkis eftir þann dag, tilkynna ábyrgðaraðilanum um eftirfarandi:

a) flokk snyrtivörunnar, heiti hennar í sendingaraðildarríkinu og heiti hennar í aðildarríkinu, þar sem hún er boðin fram á markaði, svo unnt sé að sanngreina hana sérstaklega,

b) aðildarríkið þar sem snyrtivaran er boðin fram á markaði,

c) nafn og heimilisfang.

Ábyrgðaraðilinn skal, á grundvelli þessara upplýsinga, senda framkvæmdastjórninni upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, með rafrænum hætti ef tilkynningar skv. 3. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 7. gr. a í tilskipun 76/768/EBE hafa ekki verið sendar í aðildarríkinu þar sem snyrtivaran er boðin fram.

5. Framkvæmdastjórnin skal án tafar gera upplýsingarnar, sem um getur í a- til g-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr., tiltækar öllum lögbærum yfirvöldum með rafrænum hætti.

Lögbærum yfirvöldum er einungis heimilt að nota þessar upplýsingar fyrir markaðseftirlit, markaðsgreiningu, mat og upplýsingar til neytenda innan ramma 25., 26. og 27. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal án tafar gera upplýsingarnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., tiltækar eitrunarmiðstöðvum eða sambærilegum stofnunum með rafrænum hætti þar sem aðildarríki hafa komið á fót slíkum miðstöðvum eða stofnunum.

Þeim stofnunum er einungis heimilt að nota þessar upplýsingar í þeim tilgangi að veita læknismeðferð.

7. Verði breyting á upplýsingum, sem settar eru fram í 1., 3. og 4. mgr., skal ábyrgðaraðili eða dreifingaraðili uppfæra þær án tafar.

8. Framkvæmdastjórninni er heimilt, með hliðsjón af framförum í tækni og vísindum og sértækum þörfum í tengslum við markaðseftirlit, að breyta 1.-7. mgr. með því að bæta við kröfum.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 32. gr.

IV. KAFLI

TAKMARKANIR VEGNA TILTEKINNA EFNA

14. gr.

Takmarkanir vegna efna sem eru skráð í viðaukunum

1. Með fyrirvara um 3. gr. skulu snyrtivörur ekki innihalda nein eftirfarandi efna:

a) bönnuð efni

— bönnuð efni sem eru skráð í II. viðauka,

b) efni sem eru háð takmörkunum

— efni sem eru háð takmörkunum og eru ekki notuð í samræmi við takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka,

c) litgjafa:

i) litgjafa, aðra en þá sem eru skráðir í IV. viðauka, og litgjafa sem eru skráðir þar en ekki notaðir í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim viðauka, að undanskildum hárlitunarefnum sem um getur í 2. mgr.,

ii. með fyrirvara um b-lið, i. lið d-liðar og i. lið e-liðar: efni sem eru skráð í IV. viðauka en eru ekki ætluð til notkunar sem litgjafar og eru ekki notuð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim viðauka,

d) rotvarnarefni:

i. rotvarnarefni, önnur en þau sem eru skráð í V. viðauka, og rotvarnarefni sem eru skráð þar en ekki notuð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim viðauka,

ii. með fyrirvara um b-lið, i. lið c-liðar og i. lið e-liðar: efni sem eru skráð í V. viðauka en eru ekki ætluð til notkunar sem rotvarnarefni og eru ekki notuð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim viðauka,

e) útblámasíur:

i. útblámasíur, aðrar en þær sem eru skráðar í VI. viðauka, og útblámasíur sem eru skráðar þar en ekki notaðar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim viðauka,

ii. með fyrirvara um b-lið, i. lið c-liðar og i. lið d-liðar: efni sem eru skráð í VI. viðauka en eru ekki ætluð til notkunar sem útblámasíur og eru ekki notuð í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim viðauka,

2. Með fyrirvara um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að rýmka gildissvið IV. viðauka til að ná yfir hárlitunarvörur skulu slíkar vörur ekki innihalda litgjafa til að lita hárið, aðra en þá sem eru skráðir í IV. viðauka, og litgjafa til að lita hárið sem eru skráðir þar en ekki notaðir í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Sú ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í fyrstu undirgrein og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 32. gr.

15. gr.

Efni sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun

1. Banna skal að nota efni í snyrtivörur sem eru flokkuð í 2. undirflokk sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun skv. 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Þó má nota efni, sem flokkast í 2. undirflokk, í snyrtivörur ef vísindanefndin um öryggi neytenda hefur metið efnið og úrskurðað það öruggt til notkunar í snyrtivörur. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 32. gr.

2. Banna skal að nota efni í snyrtivörur sem eru flokkuð í undirflokk 1A eða 1B sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun skv. 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Í undantekningartilvikum er þó heimilt að nota slík efni í snyrtivörur, þó að þau hafi verið flokkuð í undirflokk 1A eða 1B sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun skv. 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, svo fremi að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þau eru í samræmi við kröfur um öryggi matvæla eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla([1]).

b) í greiningu á valkostum kemur fram að engin heppileg staðgönguefni standa til boða,

c) umsóknin varðar tiltekna notkun vöruflokksins með þekktum váhrifum og

d) vísindanefndin um öryggi neytenda hefur metið efnin og úrskurðað þau örugg til notkunar í snyrtivörur, einkum að því er varðar váhrif frá þessum vörum og með hliðsjón af heildarváhrifum frá öðrum uppsprettum, einkum með tilliti til viðkvæmra þjóðfélagshópa.

Í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar skal vera til sérstök merking til að koma í veg fyrir rangnotkun snyrtivörunnar, að teknu tilliti til hugsanlegrar áhættu í tengslum við tilvist hættulegra efna og váhrifaleiðir.

Til að koma ákvæðum þessarar málsgreinar í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin breyta viðaukunum við þessa reglugerð í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 32. gr. þessarar reglugerðar, innan 15 mánaða frá því að viðkomandi efni eru færð á skrá í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að beita flýtimeðferðinni sem um getur í 4. mgr. 32. gr. þessarar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin skal veita vísindanefndinni um öryggi neytenda umboð til að endurmeta þessi efni um leið og öryggisvandi kemur upp, og eigi síðar en fimm árum eftir þau voru færð á skrá í III.–VI. viðauka við þessa reglugerð og a.m.k. á fimm ára fresti eftir það.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að þróaðar verði viðeigandi leiðbeiningar fyrir 11. janúar 2013 svo að unnt verði að beita samhæfðri aðferð við þróun og notkun útreikninga á heildarváhrifum við mat á öruggri notkun efna sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun. Þessar leiðbeiningar skulu þróaðar í samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda, Efnastofnun Evrópu, Matvælaöryggisstofnun Evrópu og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila á grundvelli bestu viðeigandi starfsvenja, eftir því sem við á.

4. Þegar viðmiðanir Bandalagsins eða alþjóðlega samþykktar viðmiðanir til að unnt sé að sanngreina efni með innkirtlatruflandi eiginleika liggja fyrir, eða eigi síðar en 11. janúar 2015, skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð með tilliti til efna með innkirtlatruflandi eiginleika.

16. gr.

Nanóefni

1. Tryggja skal öfluga heilsuvernd manna fyrir hverja snyrtivöru sem inniheldur nanóefni.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um nanóefni sem eru notuð sem litgjafar, útblámasíur eða rotvarnarefni sem heyra undir reglur skv. 14. gr. nema það sé tilgreint sérstaklega.

3. Til viðbótar tilkynningu skv. 13. gr. skal ábyrgðaraðili tilkynna framkvæmdastjórninni með rafrænum hætti um snyrtivörur, sem innihalda nanóefni, sex mánuðum fyrir setningu þeirra á markað nema sami ábyrgðaraðili hafi þegar sett þær á markað fyrir 11. janúar 2013.

Í síðara tilvikinu skal ábyrgðaraðili tilkynna framkvæmdastjórninni með rafrænum hætti, milli 11. janúar 2013 og 11. júlí 2013, um snyrtivörur sem innihalda nanóefni og hafa verið settar á markað, til viðbótar tilkynningunni í 13. gr.

Fyrsta og önnur undirgrein gilda ekki um snyrtivörur sem innihalda nanóefni og eru í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í III. viðauka.

Í tilkynningunni til framkvæmdastjórnarinnar skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) auðkenning nanóefnisins, þ.m.t. efnaheiti þess (IUPAC-heiti) og önnur lýsiorð sem eru tilgreind í 2. lið inngangsorða II.–VI. viðauka,

b) nákvæm skilgreining á nanóefninu, þ.m.t. stærð agna og eðlis- og efnafræðilegar eiginleikar,

c) útreikningur á magni nanóefnis í snyrtivörum sem fyrirhugað er að setja á markað á hverju ári,

d) eiturefnafræðileg samantekt um nanóefnið,

e) gögn um öryggi nanóefnisins sem varða flokk snyrtivörunnar sem það er notað í,

f) sæmilega fyrirsjáanleg váhrifaskilyrði.

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

Ábyrgðaraðila er heimilt að tilnefna með skriflegu umboði annan einstakling eða lögaðila til að tilkynna um nanóefni og skal greina framkvæmdastjórninni frá því.

Framkvæmdastjórnin skal gefa eiturefnafræðilegu samantektinni tilvísunarnúmer sem getur komið í stað upplýsinganna sem tilkynna skal samkvæmt d-lið.

4. Vakni áhyggjur hjá framkvæmdastjórninni af öryggi nanóefnis skal hún tafarlaust óska eftir því að vísindanefndin um öryggi neytenda skili áliti varðandi öryggi þessa nanóefnis við notkun í viðkomandi snyrtivöruflokkum og varðandi hin sæmilega fyrirsjáanlegu váhrifaskilyrði. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum. Vísindanefndin um öryggi neytenda skal skila áliti innan sex mánaða frá viðtöku beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Komist vísindanefndin um öryggi neytenda að þeirri niðurstöðu að nauðsynleg gögn vanti skal framkvæmdastjórnin óska eftir því að ábyrgðaraðilinn útvegi þau gögn innan skýrt tilgreinds og hæfilegs frests sem skal ekki framlengdur. Vísindanefndin um öryggi neytenda skal skila lokaáliti innan sex mánaða frá afhendingu viðbótargagna. Álit vísindanefndarinnar um öryggi neytenda skal vera aðgengilegt öllum.

5. Framkvæmdastjórninni er ávallt heimilt, þegar upp kemur öryggisvandi, að grípa til málsmeðferðarinnar í 4. mgr., t.d. vegna nýrra upplýsinga frá þriðja aðila.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta II. og III. viðauka með hliðsjón af áliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda og ef hugsanleg áhætta steðjar að heilbrigði manna, þ.m.t. þegar gögn eru ófullnægjandi.

7. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta 3. gr., með hliðsjón af framförum í tækni og vísindum, með því að bæta við kröfum.

8. Ráðstafanirnar, sem um getur í 6. og 7. mgr. og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 32. gr.

9. Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að beita málsmeðferðinni sem um getur í 4. mgr. 32. gr.

10. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirfarandi upplýsingarnar tiltækar:

a) Eigi síðar en 11. janúar 2014 skal framkvæmdastjórnin hafa tiltæka skrá yfir öll nanóefni, sem eru notuð í snyrtivörur sem eru settar á markað, þ.m.t., í sérstökum lið, nanóefni sem eru notuð sem litgjafar, útblámasíur og rotvarnarefni, og tilgreina þar flokka snyrtivara og sæmilega fyrirsjáanleg váhrifaskilyrði. Þessi skrá skal síðan uppfærð reglulega og gerð öllum aðgengileg.

b) Framkvæmdastjórnin skal leggja árlega stöðuskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem veittar eru upplýsingar um þróunina í notkun á nanóefnum í snyrtivörur innan Bandalagsins, þ.m.t., í sérstökum lið, nanóefni sem eru notuð sem litgjafar, útblámasíur og rotvarnarefni. Fyrsta skýrslan skal lögð fram eigi síðar en 11. júlí 2014. Í skýrsluuppfærslunni skal einkum gefa yfirlit yfir ný nanóefni í nýjum flokkum snyrtivara, fjölda tilkynninga, framfarir í nanósértækum matsaðferðum og leiðbeiningar fyrir öryggismat og upplýsingar um alþjóðlegar samvinnuáætlanir.

11. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega ákvæði þessarar reglugerðar varðandi nanóefni í ljósi framfara í vísindum og skal leggja til viðeigandi breytingar á þeim ákvæðum ef nauðsyn krefur.

Fyrsta endurskoðunin skal unnin eigi síðar en 11. júlí 2018.

17. gr.

Snefilmagn af bönnuðum efnum:

Leyfa skal ótilætlaða tilvist bannaðs efnis í snefilmagni sem stafar frá óhreinindum í náttúrulegum eða tilbúnum innihaldsefnum, framleiðsluferli, geymslu eða flæði úr umbúðum og er tæknilega óhjákvæmilegt þrátt fyrir góða framleiðsluhætti, að því tilskildu að slík tilvist sé í samræmi við 3. gr.

V. KAFLI

PRÓFANIR Á DÝRUM

18. gr.

Prófanir á dýrum

1. Með fyrirvara um almennar skyldur skv. 3. gr. skal banna eftirfarandi:

a) að setja á markað snyrtivörur sem hafa verið prófaðar á dýrum í endanlegri samsetningu til að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð og notuð til þess önnur aðferð en staðgönguaðferð eftir að slík staðgönguaðferð hefur verið fullgilt og samþykkt á vettvangi Bandalagsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar fullgildingar hjá Efnahags- og framfarastofnuninni,

b) að setja á markað snyrtivörur sem í eru innihaldsefni eða samsetningar innihaldsefna sem hafa verið prófuð á dýrum til að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð og notuð til þess önnur aðferð en staðgönguaðferð eftir að slík staðgönguaðferð hefur verið fullgilt og samþykkt á vettvangi Bandalagsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar fullgildingar innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar,

c) að gera prófanir á dýrum með fullunnum snyrtivörum í Bandalaginu til að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð,

d) að gera prófanir á dýrum með innihaldsefnum eða samsetningum innihaldsefna í Bandalaginu til að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð eftir að þess hefur verið krafist að í stað slíkra prófana komi ein eða fleiri fullgiltar staðgönguaðferðir sem eru tilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ([1]) eða í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

2. Framkvæmdastjórnin hefur, að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda og Evrópumiðstöð um fullgildingu staðgönguaðferða og að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar fullgildingar hjá Efnahags- og framfarastofnuninni, fastsett tímaáætlanir um framkvæmd ákvæða a-, b- og d-liðar 1. mgr., þ.m.t. eindaga fyrir niðurfellingu hinna ýmsu prófana í áföngum. Tímaáætlanirnar voru gerðar aðgengilegar almenningi 1. október 2004 og sendar til Evrópuþingsins og ráðsins. Tímabilið fyrir framkvæmd var takmarkað við 11. mars 2009 varðandi a-, b- og d-lið 1. mgr.

Í tengslum við prófanir á eiturhrifum við endurtekna skammta, eiturhrifum á æxlun og eiturefnahvörfum, sem ekki hefur enn verið hugað að staðgönguaðferðum fyrir, skal tímabilið fyrir framkvæmd a- og b-liðar 1. mgr. takmarkað við 11. mars 2013.

Framkvæmdastjórnin skal athuga hugsanlega, tæknilega erfiðleika á að hlíta banninu í tengslum við prófanir, einkum varðandi eiturhrif við endurtekna skammta, eiturhrif á æxlun og eiturefnahvörf sem ekki hefur enn verið hugað að staðgönguaðferðum fyrir. Upplýsingar um bráðabirgðaniðurstöður og endanlegar niðurstöður þessara athugana eru hluti af árlegum skýrslum sem eru lagðar fram skv. 35. gr.

Á grundvelli þessara árlegu skýrslna var hægt að aðlaga tímaáætlanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, fram til 11. mars 2009 með tilliti til fyrstu undirgreinar og hægt verður að aðlaga þær fram til 11. mars 2013 með tilliti til annarrar undirgreinar og að höfðu samráði við aðilana sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórnin skal athuga framvinduna og hvort eindagar séu virtir svo og hugsanlega tæknilega erfiðleika á að hlíta banninu. Upplýsingar um bráðabirgðaniðurstöður og endanlegar niðurstöður athugana framkvæmdastjórnarinnar eru hluti af árlegum skýrslum sem eru lagðar fram skv. 35. gr. Ef niðurstöður þessara athugana sýna, í síðasta lagi tveimur árum fyrir lok hámarksfrestsins sem um getur í annarri undirgrein, að af tæknilegum ástæðum verði ekki búið að þróa og fullgilda eina eða fleiri af þeim prófunum, sem um getur í þeirri undirgrein, fyrir lok frestsins sem um getur þar skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það og leggja fram tillögu að lagasetningu í samræmi við 251. gr. sáttmálans.

Í undantekningartilvikum, þegar innihaldsefni í snyrtivöru veldur alvarlegum áhyggjum m.t.t. öryggis, getur aðildarríki krafist þess að framkvæmdastjórnin veiti undanþágu frá 1. mgr. Beiðninni skal fylgja mat á ástandinu og þar skal tilgreina nauðsynlegar ráðstafanir. Á grundvelli þessa getur framkvæmdastjórnin heimilað undanþáguna að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda og með rökstuddri ákvörðun. Í þeirri heimild skal mæla fyrir um skilyrðin sem tengjast þessari undanþágu að því er varðar sértæk markmið, tímalengd og skýrslugjöf um niðurstöðurnar.

Aðeins skal veita undanþágu:

a) ef innihaldsefnið er mikið notað og ekki er hægt að nota annað efni í staðinn sem hefur svipaða virkni,

b) ef færðar eru sönnur á að um sé að ræða sértækan vanda sem varðar heilbrigði manna og þörfin á því að gera prófanir á dýrum er rökstudd og studd nákvæmri rannsóknarlýsingu sem lagt er til að verði grundvöllurinn að matinu.

Ákvörðun um heimildina, skilyrðin í tengslum við hana og lokaniðurstöðurnar sem fást skulu vera hluti af árlegu skýrslunni sem framkvæmdastjórnin leggur fram í samræmi við 35. gr.

Ráðstafanirnar, sem um getur í sjöttu undirgrein og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 32. gr.

3. Að því er varðar þessa grein og 20. grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

a) „fullunnin snyrtivara“: endanleg samsetning snyrtivöru, eins og hún er sett á markað og boðin endanlegum notanda, eða frumgerð hennar;

b) „frumgerð“: fyrsta gerð eða hönnun sem hefur ekki verið framleidd í vinnslulotu og sem fullunna snyrtivaran er síðan gerð eftir eða þróuð endanlega eftir.

VI. KAFLI

NEYTENDAUPPLÝSINGAR

19. gr.

Merkingar

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar greinar skal því aðeins bjóða snyrtivörur fram á markaði að upplýsingar um eftirfarandi komi fram á ílátum og umbúðum þeirra með óafmáanlegu, auðlæsilegu og sýnilegu letri:

a) heiti eða skráð heiti og heimilisfang ábyrgðaraðilans. Heimilt er að nota stytta útgáfu þessara upplýsinga svo fremi að hún geri kleift að sjá hver er ábyrgðaraðilinn og hvert er heimilisfang hans. Þegar tilgreind eru fleiri heimilisföng skal merkja það heimilisfang sérstaklega þar sem ábyrgðaraðili veitir greiðan aðgang að vöruupplýsingaskjalinu. Upprunalandið skal tilgreint fyrir innfluttar snyrtivörur,

([1]) Stjtíð. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1.

b) nafninnihald við pökkun, gefið upp sem þyngd eða rúmmál nema þegar um er að ræða umbúðir sem innihalda minna en 5 grömm eða 5 millilítra, ókeypis sýnishorn og stakskammtapakkningar en ekki er nauðsynlegt að gefa upp innihald forpakkaðrar vöru sem venjulega er seld í pakkningum sem innihalda fleiri en eitt eintak af vörunni þar sem upplýsingar um þyngd eða rúmmál eru ekki mikilvægar, að því tilskildu að stykkjafjöldi sé tilgreindur á umbúðunum. Þessar upplýsingar eru óþarfar ef stykkjafjöldinn sést auðveldlega utan frá eða ef varan er venjulega aðeins seld í stykkjatali;

c) til hvaða dags snyrtivaran, þegar hún er geymd við viðeigandi aðstæður, heldur áfram að þjóna sínu upphaflega hlutverki og, einkum, heldur áfram að vera í samræmi við 3. gr. („dagsetning fyrir lágmarksgeymsluþol“).

Dagsetningin sjálf, eða upplýsingar um hvar hún er á umbúðunum, skal koma á eftir tákninu, sem er sýnt í 3. lið VII. viðauka, eða á eftir þessum orðum: „best fyrir“.

Dagsetning fyrir lágmarksgeymsluþol skal vera greinileg og skal tilgreina annaðhvort mánuðinn og árið eða daginn, mánuðinn og árið, í þeirri röð. Ef nauðsynlegt er skal bæta við þessar upplýsingar ábendingu um skilyrðin sem þarf að uppfylla til að hægt sé að ábyrgjast tilgreint geymsluþol.

Upplýsingar um dagsetningu fyrir lágmarksgeymsluþol eru ekki skyldubundnar fyrir snyrtivörur sem hafa meira lágmarksgeymsluþol en 30 mánuði. Þegar um er að ræða vörur af því tagi skal tilgreina tímabilið sem varan er örugg og notandinn getur notað hana sér að skaðlausu eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar. Þessar upplýsingar skulu tilgreindar, nema þegar hugtakið geymsluþol eftir opnun á ekki við, með tákninu sem er sýnt í 2. lið VII. og á eftir því skal tilgreina tímabilið (í mánuðum og/eða árum),

d) sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal við notkun, einkum þær sem eru skráðar í III.–VI. viðauka, og upplýsingar um sérstakar varúðarráðstafanir varðandi snyrtivörur til nota í atvinnuskyni,

e) númer framleiðslulotu eða tilvísun sem gerir kleift að sanngreina vöruna. Ef það er ekki unnt vegna þess hve pakkningin er lítil nægir að þessar upplýsingar standi einungis á umbúðum þessara vara.

f) hlutverk snyrtivörunnar, nema það skýrist út frá söluumbúnaði hennar,

g) skrá yfir innihaldsefni. Þessar upplýsingar má tilgreina á umbúðunum eingöngu. Skráin skal bera yfirskriftina „innihaldsefni“.

Að því er varðar þessa grein er innihaldsefni hvers kyns efni eða blanda sem er notuð af ásetningi í snyrtivöruna á framleiðsluferlinu. Eftirfarandi skal þó ekki teljast til innihaldsefna:

i. óhreinindi í hráefnunum sem eru notuð,

ii. tæknileg viðbótarefni sem eru notuð í blönduna en eru ekki í fullunninni vöru.

Ilmefni og arómatískar samsetningar og hráefni þeirra skulu nefnd „ilmefni“ eða „lyktarefni“. Í skránni yfir innihaldsefni skal, til viðbótar við heitin ilmefni og lyktarefni, geta um tilvist efna sem tilgreina skal í dálkinum „Annað“ í III. viðauka.

Skráin yfir innihaldsefni skal sett upp í lækkandi röð eftir þyngd innihaldsefna á þeim tíma þegar þeim var bætt í snyrtivöruna. Skrá má innihaldsefni með minni styrkleika en 1% í hvaða röð sem er á eftir þeim efnum eru yfir 1% að styrkleika.

Öll innihaldsefni í formi nanóefna skulu tilgreind skýrt í skránni yfir innihaldsefni. Á eftir heitum slíkra efna skal setja orðið „nanó“ innan sviga.

Heimilt er að skrá litgjafa, aðra en þá sem ætlaðir eru til hárlitunar, í hvaða röð sem er á eftir öðrum innihaldsefnum snyrtivara. Þegar um er að ræða förðunarvörur sem eru settar á markað í mörgum litbrigðum er heimilt að skrá alla litgjafa, sem eru notaðir í þessum mismunandi litbrigðum, nema þá sem eru ætlaðir til hárlitunar, að því tilskildu að orðunum „getur innihaldið“ eða tákninu „+/-“ sé bætt við. Notast skal við flokkunarkerfið samkvæmt litaskránni (e. Colour Index) eftir atvikum.

2. Ef því verður ekki við komið í reynd að tilgreina upplýsingarnar, sem um getur í d- og g-lið 1. mgr., í merkingunum, eins og mælt er fyrir um, gildir eftirfarandi:

— upplýsingarnar skulu koma fram á meðfylgjandi fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti,

— nema ógerlegt sé skal vísa til þessara upplýsinga með styttri útgáfu upplýsinganna eða tákninu, sem gefið er upp í 1. lið VII. viðauka, á íláti eða umbúðum, þegar um er að ræða upplýsingarnar, sem um getur í d-lið 1. mgr., og á umbúðum þegar um er að ræða upplýsingarnar sem um getur í g-lið 1. mgr.

3. Ef um er að ræða sápu, baðkúlur eða aðrar smávörur, og því verður ekki við komið í reynd að sýna upplýsingarnar, sem um getur í g-lið 1. mgr., á merkimiða, límmiða eða korti eða meðfylgjandi fylgiseðli, skulu þessar upplýsingar koma fram í tilkynningu mjög nálægt söluíláti snyrtivörunnar.

4. Aðildarríkin skulu samþykkja nákvæmar reglur vegna upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., fyrir snyrtivörur sem eru ekki forpakkaðar, eru pakkaðar á sölustað að ósk kaupanda eða eru forpakkaðar til beinnar sölu.

5. Upplýsingarnar, sem um getur í b-, c-, d- og f-lið 1. mgr. og í 2., 3. og 4. mgr., skulu settar fram á því tungumáli sem er ákveðið samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem varan er boðin endanlegum notanda.

6. Upplýsingarnar, sem um getur í g-lið 1. mgr., skulu veittar með því að nota almenn heiti innihaldsefna sem eru sett fram í skránni sem kveðið er á um í 33. gr. Þegar almennt heiti innihaldsefnis er ekki fyrir hendi skal nota heiti úr almennt viðurkenndu nafnakerfi.

20. gr.

Fullyrðingar um vöru

1. Þegar snyrtivörur eru merktar, boðnar fram á markaði og auglýstar skal ekki nota texta, heiti, vörumerki, myndir eða myndræn tákn eða annars konar tákn til að gefa í skyn að þessar vörur hafi eiginleika eða hlutverk sem þær hafa ekki.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á aðgerðaáætlun í samvinnu við aðildarríkin, að því er varðar fullyrðingarnar sem eru notaðar, og fastsetja forgang við ákvörðun sameiginlegra viðmiðana um rök fyrir notkun fullyrðinga.

Að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda eða önnur viðeigandi yfirvöld skal framkvæmdastjórnin samþykkja skrá yfir sameiginlegar viðmiðanir um fullyrðingar, sem heimilt er að nota að því er varðar snyrtivörur, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 32. gr. þessarar reglugerðar og að teknu tilliti til ákvæða í tilskipun 2005/29/EB.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. júlí 2016, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um notkun fullyrðinga á grundvelli sameiginlegra viðmiðana sem hafa verið samþykktar samkvæmt annari undirgrein. Sé komist að þeirri niðurstöðu í skýrslunni að fullyrðingar, sem eru notaðar að því er varðar snyrtivörur, séu ekki í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi ráðstafanir í samvinnu við aðildarríkin til að tryggja hlítingu við tilskilin ákvæði.

3. Ábyrgðaraðili má vekja athygli á því á umbúðum vörunnar eða í skjali, tilkynningu, merkimiða, hring eða borða, sem fylgir með snyrtivörunni eða vísar til hennar, að engar prófanir hafi verið gerðar á dýrum, að því tilskildu að framleiðandinn og birgjar hans hafi ekki gert eða látið gera neinar prófanir á dýrum með fullunnu snyrtivörunni eða frumgerð hennar eða neinum af innihaldsefnum hennar né notað nein innihaldsefni sem einhver annar hefur prófað á dýrum í þeim tilgangi að þróa nýjar snyrtivörur.

21. gr.

Aðgangur almennings að upplýsingum

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess, einkum með fyrirvara um vernd viðskiptaleyndar og hugverkaréttinda og með viðeigandi aðferðum, að almenningur fái greiðan aðgang að upplýsingum um eigindlega og megindlega samsetningu snyrtivörunnar og, ef um er að ræða ilmefni og arómatískar samsetningar, heiti og kenninúmer samsetningarinnar og deili á birginum, sem og fyrirliggjandi gögn um óæskileg áhrif og alvarleg, óæskileg áhrif sem stafa af notkun snyrtivörunnar.

Megindlegar upplýsingar varðandi samsetningu snyrtivörunnar, sem krafist er að séu gerðar aðgengilegar almenningi, skulu takmarkast við hættuleg efni í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

VII. KAFLI

MARKAÐSEFTIRLIT

22. gr.

Eftirlit með markaðnum

Aðildarríkin skulu vaka yfir því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar með því að hafa eftirlit með snyrtivörum sem eru boðnar fram á markaðnum. Þau skulu annast viðeigandi eftirlit með snyrtivörum og eftirlit með rekstraraðilunum á fullnægjandi hátt og nota til þess vöruupplýsingaskjalið og, eftir því sem við á, eftirlit með ástandi og prófanir á rannsóknarstofum á grundvelli fullnægjandi sýna.

Aðildarríkin skulu einnig vaka yfir því að farið sé eftir meginreglum um góða framleiðsluhætti.

Aðildarríkin skulu láta markaðseftirlitsyfirvöldum í té þær valdheimildir, hjálpargögn og þekkingu sem þarf til að þessi yfirvöld geti sinnt verkefnum sínum á tilhlýðilegan hátt.

Aðildarríkin skulu endurskoða og meta reglulega framkvæmd starfsemi sinnar á sviði markaðseftirlits. Þessa endurskoðun og mat skal framkvæma á a.m.k. fjögurra ára fresti og senda skal niðurstöðurnar til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og gera þær aðgengilegar almenningi með rafrænum hætti og, eftir því sem við á, með öðrum hætti.

23. gr.

Orðsendingar um alvarleg óæskileg áhrif

1. Þegar alvarleg, óæskileg áhrif koma fram skulu ábyrgðaraðili og dreifingaraðilar án tafar tilkynna lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem alvarlegu, óæskilegu áhrifin komu fram, um eftirfarandi:

a) öll alvarleg, óæskileg áhrif sem viðkomandi er kunnugt um eða sem eðlilegt er að ætla að honum sé kunnugt um,

b) heiti viðkomandi snyrtivöru svo unnt sé að sanngreina hana sérstaklega,

c) ráðstafanir, sem viðkomandi hefur gert til úrbóta, ef um þær er að ræða.

2. Ef ábyrgðaraðilinn tilkynnir um alvarleg, óæskileg áhrif til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem áhrifin komu fram skal lögbæra yfirvaldið tafarlaust senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna upplýsingarnar sem um getur í 1. gr.

3. Ef dreifingaraðilar tilkynna um alvarleg, óæskileg áhrif til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem áhrifin komu fram skal lögbæra yfirvaldið tafarlaust senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og ábyrgðaraðilanum upplýsingarnar sem um getur í 1. gr.

4. Ef endanlegir notendur eða fagfólk í heilbrigðisþjónustu tilkynna um alvarleg, óæskileg áhrif til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem áhrifin komu fram skal lögbæra yfirvaldið tafarlaust senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og ábyrgðaraðilanum upplýsingar um snyrtivöruna sem um er að ræða.

5. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að nota upplýsingarnar, sem um getur í þessari grein, við markaðseftirlit, markaðsgreiningu, mat og upplýsingagjöf til neytenda með tilliti til 25., 26. og 27. gr.

24. gr.

Upplýsingar um efni

Þegar alvarlegar efasemdir eru um öryggi efnis í snyrtivöru getur lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem vara, sem inniheldur slíkt efni, er boðin fram á markaði, krafist þess með rökstuddri beiðni að ábyrgðaraðilinn leggi fram skrá yfir allar snyrtivörur sem hann er ábyrgur fyrir og innihalda þetta efni. Í skránni skal styrkur efnisins í snyrtivörunni tilgreindur.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að nota þessar upplýsingar við markaðseftirlit, markaðsgreiningu, mat og upplýsingagjöf til neytenda með tilliti til 25., 26. og 27. gr.

VIII. KAFLI

ÞEGAR EKKI ER FARIÐ AÐ TILSKILDUM ÁKVÆÐUM, VERNDARÁKVÆÐI

25. gr.

Ef ábyrgðaraðili fer ekki að tilskildum ákvæðum

1. Með fyrirvara um 4. gr. skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að ábyrgðaraðili geri allar viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. aðgerðir til úrbóta til að færa snyrtivöruna til samræmis við kröfur, taka hana af markaði eða innkalla hana, innan skýrt tiltekins frests sem er í réttu hlutfalli við eðli áhættunnar, ef ekki er farið að ákvæðum um eitt af eftirfarandi:

a) góða framleiðsluhætti, sem um getur í 8. gr.,

b) öryggismat, sem um getur í 10. gr.,

c) kröfur varðandi vöruupplýsingaskjalið, sem um getur í 11. gr.,

d) sýnatöku og greiningu, sem um getur í 12. gr.,

e) tilkynningarskyldu, sem um getur í 13. og 16. gr.,

f) takmarkanir vegna efna, sem um getur í 14., 15. og 17. gr.,

g) kröfur varðandi prófanir á dýrum, sem um getur í 18. gr.,

h) kröfur varðandi merkingar, sem um getur í 1., 2., 5. og 6. mgr. 19. gr.,

i) kröfur í tengslum við fullyrðingar um vörur, sem settar eru fram í 20. gr.,

j) almennan aðgang að upplýsingum, sem um getur í 21. gr.,

k) orðsendingar um óæskileg áhrif, sem um getur i 23. gr.,

l) kröfur varðandi upplýsingar um efni sem um getur í 24. gr.

2. Lögbært yfirvald skal eftir atvikum upplýsa lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem ábyrgðaraðilinn hefur staðfestu, um ráðstafanirnar sem það hefur krafist að ábyrgðaraðilinn gerði.

3. Ábyrgðaraðilinn skal sjá til þess að ráðstafanirnar, sem um getur í 1. gr., séu gerðar að því er varðar allar viðkomandi vörur sem eru boðnar fram á markaði í öllu Bandalaginu.

4. Ef um er að ræða alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna og lögbært yfirvald telur að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum víðar en á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem snyrtivaran er boðin fram á markaði skal lögbæra yfirvaldið upplýsa framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna um ráðstafanirnar sem það hefur krafist að ábyrgðaraðilinn gerði.

5. Lögbært yfirvald skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að banna eða takmarka framboð snyrtivörunnar á markaði, eða taka hana af markaði eða innkalla hana, í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar heilbrigði manna er stofnað í alvarlega áhættu og tafarlausra aðgerða er þörf, eða

b) þegar ábyrgðaraðilinn grípur ekki til allra viðeigandi ráðstafana innan þess frests sem um getur í 1. gr.

Ef um er að ræða alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna skal það lögbæra yfirvald upplýsa framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna tafarlaust um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar.

6. Ef ekki er fyrir hendi alvarleg áhætta fyrir heilbrigði manna og ef ábyrgðaraðilinn grípur ekki til allra viðeigandi ráðstafana skal lögbæra yfirvaldið tafarlaust upplýsa lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem ábyrgðaraðilinn hefur staðfestu, um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar.

7. Að því er varðar 4. og 5. mgr. þessarar greinar skal nota upplýsingaskiptakerfið sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([1]).

Einnig gilda 2., 3. og 4. mgr. 12 gr. tilskipunar 2001/95/EB og 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([2]).

26. gr.

Ef dreifingaraðili fer ekki að tilskildum ákvæðum

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að dreifingaraðilar geri allar viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. aðgerðir til úrbóta til að færa snyrtivöruna til samræmis við kröfur, taka hana af markaði eða innkalla hana, innan hæfilegs frests sem er í réttu hlutfalli við eðli áhættunnar, ef skyldur skv. 6. gr. eru ekki uppfylltar.

27. gr.

Verndarákvæði

22	2,4-díklórbensýlalkóhól	Díklórbensýlalkóhól	1777-82-8	217-210-5		0,15%		
23	1-(4-klórfenýl)-3-(3,4-díklórfenýl) úrea(6)	Tríklókarban	101-20-2	202-924-1		0,2%	Hreinleika-skilyrði: 3,3',4,4'-tetra-klórasóbensen <1 milljónar-hluti 3,3',4,4'-tetra-klórasoxýbensen <1 milljónar-hluti	
24	Klórkresól	p-klór-m-kresól	59-50-7	200-431-6	Má ekki nota í vörur til notkunar á slímhúð	0,2%		
25	5-klór-2-(2,4-díklórfenoxý)fenól	Tríklósan	3380-34-5	222-182-2		0,3%		
26	Klórxýlenól	Klórxýlenól	88-04-0	201-793-8		0,5%		
27	N,N''-metýlenbis[N'-[3-(hýdroxýmetýl)-2,5-díoxóimídasólidín-4-ýl]úrea]	Imídasólidínúrea	39236-46-9	254-372-6		0,6%		
28	Pólý(metýlen),.alfa.,.omega.-bis[[[(amínóimínómetýl]amínó] imínómetýl] amínó]-, díhýdróklóríð	Pólýamínópropýlbígúaníð	70170-61-5, 28757-47-3, 133029-32-0			0,3%		
29	2-fenoxýetanól	Fenoxýetanól	122-99-6	204-589-7		1,0%		
30	Metenamín	Metenamín	100-97-0	202-905-8		0,15%		

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar-skilyrða og varnarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
31	Metenamín-3-klórallýlklóríð	Kvaterníum-15	4080-31-3	223-805-0		0,2%		
32	1-(4-klórfenoxý)-1-(imídasól-1-ýl)-3,3-dímetýlbútan-2-ón	Klimbasól	38083-17-9	253-775-4		0,5%		
33	1,3-bis(hýdroxýmetýl)-5,5-dímetýlimídasólidín-2,4-díón	DMDM hýdantóín	6440-58-0	229-222-8		0,6%		
34	Bensýlalkóhól ([7])	Bensýlalkóhól	100-51-6	202-859-9		1,0%		
35	1-hýdroxý-4-metýl-6-(2,4,4-trímetýlpentýl)2-pýridón og mónóetanólamínsölt þess	1-hýdroxý-4-metýl-6-(2,4,4-trímetýlpentýl)2-pýridón, píroktónólamín	50650-76-5, 68890-66-4	272-574-2	Vörur sem á að skola burt eftir notkun Aðrar vörur	1,0% 0,5%		
36	Flutt eða eytt							
37	2,2’-metýlenbis(6-bróm-4-klórfenól)	Brómklórfen	15435-29-7	239-446-8		0,1%		
38	4-ísóprópýl-m-kresól	o-sýmen-5-ól	3228-02-2	221-761-7		0,1%		
39	Blanda af 5-klór-2-metýlísóþíasól-3(2H)-óni og 2-metýlísóþíasól-3(2H)-óni með magnesíumklóríði og magnesíumnítrati	Metýlklórísoþíasólínón og metýlísóþíasólínón	26172-55-4, 2682-20-4, 55965-84-9	247-500-7, 220-239-6		0,0015% (af blöndu í hlut-föllunum 3:1 úr 5-klór-2-metýl-ísóþíasól 3(2H)-ón og 2-metýl-ísóþíasól-3 (2H)-ón		
40	2-bensýl-4-klórfenól	Klórfen	120-32-1	204-385-8		0,2%		
41	2-klórasetamíð	Klórasetamíð	79-07-2	201-174-2		0,3%		Inniheldur klórasetamíð

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar-skilyrða og varnarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
42	N,N´´bis(4-klórfenýl)-3,12-díimínó-2,4,11,13-tetraasatetradekandíamídín og díglúkónat þess, díasetat og díhýdróklórið	Klórhexidín, klórhexidíndíasetat, klórhexidíndíglúkónat, klórhexidíndíhýdróklórið	55-56-1, 56-95-1, 18472-51-0, 3697-42-5	200-238-7, 200-302-4, 242-354-0, 223-026-6		0,3% (sem klórhexidín)		
43	1-fenoxýprópan-2-ól([8])	Fenoxýísóprópanól	770-35-4	212-222-7	Eingöngu í vörum sem á að skola burt eftir notkun	1,0%		
44	Alkýl($C_{12–22}$) trímetýlammóníumbrómið og -klóríð	Behentrímóníumklórið, setrímóníumbrómið, setrímóníumklórið, lártrímóníumbrómíð, lártrímóníumklóríð, steartrímóníumbrómíð, steartrímóníumklórið	17301-53-0, 57-09-0, 112-02-7, 1119-94-4, 112-00-5, 1120-02-1, 112-03-8	241-327-0, 200-311-3, 203-928-6, 214-290-3, 203-927-0, 214-294-5, 203-929-1		0,1%		
45	4,4-dímetýl-1,3-oxasólídín	Dímetýloxasólídín	51200-87-4	257-048-2		0,1%	pH-gildi > 6	
46	N-(hýdroxýmetýl)-N-(díhýdroxýmetýl-1,3-díoxó-2,5-imídasólidínýl-4)-N´-(hýdroxýmetýl)úrea	Díasólídínýlúrea	78491-02-8	278-928-2		0,5%		
47	4,4´-(1,6-hexandíýlbis(oxý)) bisbensenkarboximídamíð og sölt þess (þ.m.t. ísеþíónat og p-hýdroxýbensóat)	Hexamídín, hexamídíndíiseþíónat, hexamídínparaben	3811-75-4, 659-40-5, 93841-83-9	211-533-5, 299-055-3		0,1%		
48	Glútaraldehýð (pentan-1,5-díal)	Glútaral	111-30-8	203-856-5		0,1%	Má ekki nota í úðabrúsa (úða)	Inniheldur glútaral([9])
49	5-etýl-3,7-díoxa-1-asabísýkló[3.3.0] oktan	7-etýlbísyklóoxasólídín	7747-35-5	231-810-4		0,3%	Má ekki nota í vörur í munn og í vörur til notkunar á slímhúð	
50	3-(p-klórfenoxý)-própan-1,2-díól	Klórfenesín	104-29-0	203-192-6		0,3%		
51	Natríumhýdroxýetýlamínóasetat	Natríumhýdroxýmetýlglýsínat	70161-44-3	274-357-8		0,5%		

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar-skilyrða og varnarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
52	Silfurklórið sem útfelling á títandíoxíð	Silfurklóríð	7783-90-6	232-033-3		0,004% (sem AgCl)	20% AgCl á TiO_2, miðað við þyngd. Má ekki nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára, í vörur í munn og í augnvörur og vörur fyrir varir	
53	N,N-dímetýl-N-[2-[2-[4-(1,1,3,3,-tetrametýlbútýl)fenoxý]etoxý]etýl] bensenmetanamíníumklóríð	Bensetóníumklóríð	121-54-0	204-479-9	a) Vörur sem á að skola burt eftir notkun b) Vörur sem ekki á að skola burt eftir notkun, aðrar en vörur í munn	0,1%		
54	Bensalkóníumklóríð, -bróm og -sakkarínat([10])	Bensalkóníumklóríð, bensalkóníumbrómíð, bensalkóníumsakkarínat	8001-54-5, 63449-41-2, 91080-29-4, 68989-01-5, 68424-85-1, 68391-01-5, 61789-71-7, 85409-22-9	264-151-6, 293-522-5, 273-545-7, 270-325-2, 269-919-4, 263-080-8, 287-089-1		0,1% (sem bens-alkóníumklóríð)		Varist snertingu við augu
55	Metanól, (fenýlmetoxý-)	Bensýlhemiformal	14548-60-8	238-588-8	Vörur sem á að skola burt eftir notkun	0,15%		

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar-skilyrða og varnarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
56	3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat	Joðpróþýnýlbútýlkarbamíð	55406-53-6	259-627-5	a) Vörur sem á að skola burt eftir notkun b) Vörur sem ekki á að skola burt eftir notkun c) Lykteyðir/ svitavörn	a) 0,02% b) 0,01%, c) 0,0075%	Má ekki nota í vörur til munn-hirðu eða vörur fyrir varir a) Má ekki nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára, að undan-skildum baðvörum/ sturtusápum og hár-þvottalegi b) Má ekki nota í fljótandi líkamskrem og líkams-krem([11]) b) og c) Má ekki nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára	a) Má ekki nota fyrir börn yngri en þriggja ára([12]) b) og c) Má ekki nota fyrir börn yngri en þriggja ára([13])
57	2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón	Metýlísóþíasólínón	2682-20-4	220-239-6		0,01%		

([1]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 98 í III. viðauka.
([2]) Einungis fyrir vörur sem gætu verið notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára og sem eru í langvarandi snertingu við hörund.
([3]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 13 í III. viðauka.
([4]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 101 í III. viðauka.
([5]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 99 í III. viðauka.
([6]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 100 í III. viðauka.
([7]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 45, 68 í III. viðauka.
([8]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 54 í III. viðauka.
([9]) Eingöngu ef styrkurinn fer yfir 0,05%.
([10]) Til annarrar notkunar en sem rotvarnarefni, sjá nr. 65 í III. viðauka.
([11]) Varðar allar vörur sem ætlast er til að séu bornar á stóran hluta líkamans.
([12]) Einungis fyrir vörur, fyrir utan baðvörur/sturtusápur og hárþvottalög, sem gætu verið notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára.
([13]) Einungis fyrir vörur sem gætu verið notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára

VI. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÚTBLÁMASÍUR SEM ERU LEYFÐAR Í SNYRTIVÖRUM

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnarorða
	Efnaheiti/INN/XAN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarks-styrkur í efna-blöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
1	4-amínóbensósýra	PABA	150-13-0	205-753-0		5%		
2	*N,N,N*-trímetýl-4-(2-oxóborn-3-ýlídenmetýl) anilíníummetýlsúlfat	Kamfórubensalkóníummetósúlfat	52793-97-2	258-190-8		6%		
3	Bensósýra, 2-hýdroxý-, 3,3,5-trímetýlsýklóhexýlester/ hómósalat	Hómósalat	118-56-9	204-260-8		10%		
4	2-hýdroxý-4-metoxýbensófenón/oxýbensón	Bensófenón-3	131-57-7	205-031-5		10%		Inniheldur bensófenón-3([1])
5	Flutt eða eytt							
6	2-fenýlbensimídasól-5-súlfónsýra og kalíum-, natríum- og tríetanólamínsölt hennar/ensúlísól	Fenýlbensimídasólsúlfónsýra	27503-81-7	248-502-0		8% (sem sýra)		
7	3,3´-(1,4-fenýlendímetýlen)bis(7,7-dímetýl-2-oxóbísýkló-[2.2.1.]hept-1-yl-metansúlfónsýra) og sölt þess, ekamsúl	Tereftalýlídendíkamfórusúlfón sýra	92761-26-7, 90457-82-2	410-960-6		10 % (sem sýra)		
8	1-(4-tert-bútýlfenýl)-3-(4-metoxýfenýl)própan-1,3-díón/ avóbensón	Bútýlmetoxýdíbensóýlmetan	70356-09-1	274-581-6		5%		
9	α-(2-oxóborn-3-ýlíden)-tólúen-4-súlfónsýra og sölt hennar	Bensýlídenkamfórusúlfónsýra	56039-58-8			6% (sem sýra)		
10	2-sýanó-3,3-difenýlakrýlsýra, 2-etýlhexýlester/októkrílín	Októkrílín	6197-30-4	228-250-8		10% (sem sýra)		
11	Fjölliða úr N-{}{(2 og 4)-[(2-oxóborn-3-ýlíden)metýl] bensýl}}akrýlamíði	Pólýakrýlamídómetýlbensýlíden kamfóra	113783-61-2			6%		
12	2-etýlhexýl 4-metoxýsinnamat/oktínoxat	Etýlhexýlmetoxýsinnamat	5466-77-3	226-775-7		10%		
13	Etoxýlatetýl-4-amínóbensóat	PEG-25 PABA	116242-27-4			10%		
14	Ísópentýl-4-metoxýsinnamat/amíloxat	Ísóamýl p-metoxýsinnamat	71617-10-2	275-702-5		10%		

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnarorða
	Efnaheiti/INN/XAN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarks-styrkur í efna-blöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
15	2,4,6-tríanilínó-(p-karbó-2´-etýlhexýl-1´-oxý)-1,3,5-tríasín	Etýlhexýltríasón	88122-99-0	402-070-1		5%		
16	Fenól,2-(2H-bensótríasól-2-ýl)4-metýl-6-(2-metýl-3-(1,3,3,3-tetrametýl-1-(trímetýlsilýl)oxý)-dísíloxanýl) própýl)	Drómetrísóltrísíloxan	155633-54-8			15%		
17	Bensósýra, 4,4-((6-((4-((((1,1-dímetýletýl)amínó) karbónýl)fenýl)amínó)-1,3,5-tríasín-2,4-díýl)díimínó)bis-, bis (2-etýlhexýl) ester/iskótrisínól (USAN)	Díetýlhexýlbútamídótríasón	154702-15-5			10%		
18	3-(4-metýlbensýlíden)-d1 kamfóra/ensakamín	4-metýlbensýlídenkamfóra	38102-62-4/ 36861-47-9	- / 253-242-6		4%		
19	3-metýlbensýlídenkamfóra	3-metýlbensýlídenkamfóra	15087-24-8	239-139-9		2%		
20	2-etýlhexýlsalisýlat/oktísalat	Etýlhexýlsalisýlat	118-60-5	204-263-4		5%		
21	2-etýlhexýl 4-(dímetýlamínó)bensóat/padímat O (USAN:BAN)	Etýlhexýldímetýl PABA	21245-02-3	244-289-3		8%		
22	2-hýdroxý-4-metoxýbensófenón-5-súlfónsýra og natríumsölt hennar/súlísóbensón	Bensófenón-4, bensófenón-5	4065-45-6/ 6628-37-1	223-772-2 / -		5% (sem sýra)		
23	2,2´-metýlen-bis(6-(2H-bensótríasól-2-ýl)4-(1,1,3,3-tetrametýlbútýl)fenól)/bísoktrísól	Metýlenbisbensótríasólýltetramet ýlbútýlfenól	103597-45-1	403-800-1		10%		
24	Natríumsalt 2,2´-bis(1,4-fenýlen)-1H-bensimídasól-4,6-dísúlfónsýru)/bisdísúlísóldínatríums (USAN)	Dínatríumfenýldíbensimídasóltet rasúlfónat	180898-37-7	429-750-0		10% (sem sýra)		
25	2,2´-(6-(4-metoxýfenýl)-1,3,5-tríasín-2,4-díýl)bis(5-((2-etýlhexýl)oxý)fenól)/bemótrísínól	Bisetýlhexýloxýfenólmetoxýfen ýltríasín	187393-00-6			10%		
26	Dímetíkódíetýlbensalmalónat	Pólýsílíkon-15	207574-74-1	426-000-4		10%		
27	Títandíoxíð([2])	Títandíoxíð	13463-67-7/ 1317-70-0/ 1317-80-2	236-675-5/ 205-280-1/ 215-282-2		25%		
28	2-[4-(díetýlamínó)-2-hýdroxýbensóýl]-bensósýruhexýlestri	Díetýlamínóhýdroxýbensóýlhex ýlbensóat	302776-68-7	443-860-6		10% í sól-varnarvörum		

([1]) Óþarft ef styrkurinn er 0,5% eða minni eða ef efnið er aðeins notað til að verja vöruna.
([2]) Til annarrar notkunar en sem litgjafi, sjá nr. 143 í IV. viðauka.


VII. VIÐAUKI

TÁKN SEM ERU NOTUÐ Á UMBÚÐUM/PAKKNINGUM

1. **Tilvísun í meðfylgjandi upplýsingar**



2. **Tímabil eftir opnun**



3. **Dagsetning lágmarksgeymsluþols**



VIII. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR FULLGILTAR STAÐGÖNGUAÐFERÐIR FYRIR PRÓFANIR Á DÝRUM

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær staðgönguaðferðir sem Evrópumiðstöð um fullgildingu staðgönguaðferða (ECVAM) hjá Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðinni hefur fullgilt og eru tiltækar til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sem eru ekki skráðar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)). Þar eð staðgönguaðferðir geta ekki alltaf komið að öllu leyti í stað prófana á dýrum skal geta þess í VIII. viðauka hvort staðgönguaðferðin komi að öllu leyti eða að hluta til í stað prófana á dýrum.

Tilvísunarnúmer	Fullgiltar staðgönguaðferðir	Kemur að öllu leyti eða að hluta til í stað prófana á dýrum
A	B	C

IX. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

(sem um getur í 33. gr.)

Tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976	(Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169)
Tilskipun ráðsins 79/661/EBE frá 24. júlí 1979	(Stjtíð. EB L 192, 31.7.1979, bls. 35.)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/147/EBE frá 11. febrúar 1982	(Stjtíð. EB L 63, 6.3.1982, bls. 26)
Tilskipun ráðsins 82/368/EBE frá 17. maí 1982	(Stjtíð. EB L 167, 15.6.1982, bls. 1)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/191/EBE frá 30. mars 1983	(Stjtíð. EB L 109, 26.4.1983, bls. 25)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/341/EBE frá 29. júní 1983	(Stjtíð. EB L 188, 13.7.1983, bls. 15)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/496/EBE frá 22. september 1983	(Stjtíð. EB L 275, 8.10.1983, bls. 20)
Tilskipun ráðsins 83/574/EBE frá 26. október 1983	(Stjtíð. EB L 332, 28.11.1983, bls. 38)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 84/415/EBE frá 18. júlí 1984	(Stjtíð. EB L 228, 25.8.1984, bls. 31)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/391/EBE frá 16. júlí 1985	(Stjtíð. EB L 224, 22.8.1985, bls. 40)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/179/EBE frá 28. febrúar 1986	(Stjtíð. EB L 138, 24.5.1986, bls. 40)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/199/EBE frá 26. mars 1986	(Stjtíð. EB L 149, 3.6.1986, bls. 38)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/137/EBE frá 2. febrúar 1987	(Stjtíð. EB L 56, 26.2.1987, bls. 20)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/233/EBE frá 2. mars 1988	(Stjtíð. EB L 105, 26.4.1988, bls. 11)
Tilskipun ráðsins 88/667/EBE frá 21. desember 1988	(Stjtíð. EB L 382, 31.12.1988, bls. 46)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/174/EBE frá 21. febrúar 1989	(Stjtíð. EB L 64, 8.3.1989, bls. 10)
Tilskipun ráðsins 89/679/EBE frá 21. desember 1989	(Stjtíð. EB L 398, 30.12.1989, bls. 25)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/121/EBE frá 20. febrúar 1990	(Stjtíð. EB L 71, 17.3.1990, bls. 40)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/184/EBE frá 12. mars 1991	(Stjtíð. EB L 91, 12.4.1991, bls. 59)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/8/EBE frá 18. febrúar 1992	(Stjtíð. EB L 70, 17.3.1992, bls. 23)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/86/EBE frá 21. október 1992	(Stjtíð. EB L 325, 11.11.1992, bls. 18)
Tilskipun ráðsins 93/35/EBE frá 14. júní 1993	(Stjtíð. EB L 151, 23.6.1993, bls. 32)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/47/EBE frá 22. júní 1993	(Stjtíð. EB L 203, 13.8.1993, bls. 24)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/32/EB frá 29. júní 1994	(Stjtíð. EB L 181, 15.7.1994, bls. 31)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB frá 19. júní 1995	(Stjtíð. EB L 140, 23.6.1995, bls. 26)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/34/EB frá 10. júlí 1995	(Stjtíð. EB L 167, 18.7.1995, bls. 19)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/41/EB frá 25. júní 1996	(Stjtíð. EB L 198, 8.8.1996, bls. 36)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB frá 10. janúar 1997	(Stjtíð. EB L 16, 18.1.1997, bls. 85)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/18/EB frá 17. apríl 1997	(Stjtíð. EB L 114, 1.5.1997, bls. 43)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/45/EB frá 14. júlí 1997	(Stjtíð. EB L 196, 24.7.1997, bls. 77)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/16/EB frá 5. mars 1998	(Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 44)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/62/EB frá 3. september 1998	(Stjtíð. EB L 253, 15.9.1998, bls. 20)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/6/EB frá 29. febrúar 2000	(Stjtíð. EB L 56, 1.3.2000, bls. 42)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/11/EB frá 10. mars 2000	(Stjtíð. EB L 65, 14.3.2000, bls. 22)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB frá 19. júní 2000	(Stjtíð. EB L 145, 20.6.2000, bls. 25)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/34/EB frá 15. apríl 2002	(Stjtíð. EB L 102, 18.4.2002, bls. 19)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/1/EB frá 6. janúar 2003	(Stjtíð. EB L 5, 10.1.2003, bls. 14)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/16/EB frá 19. febrúar 2003	(Stjtíð. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 24)
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/15/EB frá 27. febrúar 2003	(Stjtíð. ESB L 66, 11.3.2003, bls. 26)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/80/EB frá 5. september 2003	(Stjtíð. ESB L 224, 6.9.2003, bls. 27)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 24. september 2003	(Stjtíð. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 23)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/87/EB frá 7. september 2004	(Stjtíð. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 4)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/88/EB frá 7. september 2004	(Stjtíð. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 5)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/94/EB frá 15. september 2004	(Stjtíð. ESB L 294, 17.9.2004, bls. 28)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/93/EB frá 21. september 2004	(Stjtíð. ESB L 300, 25.9.2004, bls. 13)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/9/EB frá 28. janúar 2005	(Stjtíð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 46)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/42/EB frá 20. júní 2005	(Stjtíð. ESB L 158, 21.6.2005, bls. 17)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/52/EB frá 9. september 2005	(Stjtíð. ESB L 234, 10.9.2005, bls. 9)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/80/EB frá 21. nóvember 2005	(Stjtíð. ESB L 303, 22.11.2005, bls. 32)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/65/EB frá 19. júlí 2006	(Stjtíð. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 11)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/78/EB frá 29. september 2006	(Stjtíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 56)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/1/EB frá 29. janúar 2007	(Stjtíð. ESB L 25, 1.2.2007, bls. 9)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/17/EB frá 22. mars 2007	(Stjtíð. ESB L 82, 23.3.2007, bls. 27)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/22/EB frá 17. apríl 2007	(Stjtíð. ESB L 101, 18.4.2007, bls. 11)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/53/EB frá 29. ágúst 2007	(Stjtíð. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 19)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/54/EB frá 29. ágúst 2007	(Stjtíð. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 21)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/67/EB frá 22. nóvember 2007	(Stjtíð. ESB L 305, 23.11.2007, bls. 22)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/14/EB frá 15. febrúar 2008	Stjtíð. ESB L 42, 16.2.2008, bls. 43
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/42/EB frá 3. apríl 2008	Stjtíð. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 13
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB frá 23. september 2008	Stjtíð. ESB L 256, 24.9.2008, bls. 12
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/123/EB frá 18. desember 2008	Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 71
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/6/EB frá 4. febrúar 2009	Stjtíð. ESB L 36, 5.2.2009, bls. 15
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/36/EB frá 16. apríl 2009	Stjtíð. ESB L 98, 17.4.2009, bls. 31

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 33. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
Tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976	30.1.1978
Tilskipun ráðsins 79/661/EBE frá 24. júlí 1979	30.7.1979
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/147/EBE frá 11. febrúar 1982	31.12.1982
Tilskipun ráðsins 82/368/EBE frá 17. maí 1982	31.12.1983
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/191/EBE frá 30. mars 1983	31.12.1984
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/341/EBE frá 29. júní 1983	31.12.1984
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 83/496/EBE frá 22. september 1983	31.12.1984
Tilskipun ráðsins 83/574/EBE frá 26. október 1983	31.12.1984
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 84/415/EBE frá 18. júlí 1984	31.12.1985
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/391/EBE frá 16. júlí 1985	31.12.1986

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/179/EBE frá 28. febrúar 1986	31.12.1986
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/199/EBE frá 26. mars 1986	31.12.1986
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/137/EBE frá 2. febrúar 1987	31.12.1987
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/233/EBE frá 2. mars 1988	30.9.1988
Tilskipun ráðsins 88/667/EBE frá 21. desember 1988	31.12.1993
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/174/EBE frá 21. febrúar 1989	31.12.1989
Tilskipun ráðsins 89/679/EBE frá 21. desember 1989	3.1.1990
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/121/EBE frá 20. febrúar 1990	31.12.1990
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/184/EBE frá 12. mars 1991	31.12.1991
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/8/EBE frá 18. febrúar 1992	31.12.1992
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/86/EBE frá 21. október 1992	30.6.1993
Tilskipun ráðsins 93/35/EBE frá 14. júní 1993	14.6.1995
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/47/EBE frá 22. júní 1993	30.6.1994
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/32/EB frá 29. júní 1994	30.6.1995
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB frá 19. júní 1995	30.11.1995
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/34/EB frá 10. júlí 1995	30.6.1996
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/41/EB frá 25. júní 1996	30.6.1997
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/1/EB frá 10. janúar 1997	30.6.1997
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/18/EB frá 17. apríl 1997	31.12.1997
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/45/EB frá 14. júlí 1997	30.6.1998
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/16/EB frá 5. mars 1998	1.4.1998
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/62/EB frá 3. september 1998	30.6.1999
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/6/EB frá 29. febrúar 2000	1.7.2000
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/11/EB frá 10. mars 2000	1.6.2000
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB frá 19. júní 2000	29.6.2000
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/34/EB frá 15. apríl 2002	15.4.2003
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/1/EB frá 6. janúar 2003	15.4.2003
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/16/EB frá 19. febrúar 2003	28.2.2003
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/15/EB frá 27. febrúar 2003	10.9.2004
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/80/EB frá 5. september 2003	11.9.2004
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 24. september 2003	23.9.2004
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/87/EB frá 7. september 2004	1.10.2004
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/88/EB frá 7. september 2004	1.10.2004
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/94/EB frá 15. september 2004	21.9.2004
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/93/EB frá 21. september 2004	30.9.2004
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/9/EB frá 28. janúar 2005	16.2.2006
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/42/EB frá 20. júní 2005	31.12.2005
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/52/EB frá 9. september 2005	1.1.2006
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/80/EB frá 21. nóvember 2005	22.5.2006
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/65/EB frá 19. júlí 2006	1.9.2006
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/78/EB frá 29. september 2006	30.3.2007

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/1/EB frá 29. janúar 2007	21.8.2007
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/17/EB frá 22. mars 2007	23.9.2007
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/22/EB frá 17. apríl 2007	18.1.2008
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/53/EB frá 29. ágúst 2007	19.4.2008
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/54/EB frá 29. ágúst 2007	18.3.2008
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/67/EB frá 22. nóvember 2007	31.12.2007
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/14/EB frá 15. febrúar 2008	16.8.2008
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/42/EB frá 3. apríl 2008	4.10.2008
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB frá 23. september 2008	14.2.2009
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/123/EB frá 18. desember 2008	8.7.2009
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/6/EB frá 4. febrúar 2009	5.8.2009
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/36/EB frá 16. apríl 2009	15.11.2009

X. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 76/768/EBE	Þessi reglugerð
1. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.
2. gr.	3. gr.
3. gr.	—
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 14. gr.
2. mgr. 4. gr.	17. gr.
4. gr. a	18. gr.
4. gr. b	1. mgr. 15. gr.
5. gr.	—
5. gr. a	33. gr.
1. og 2. mgr. 6. gr.	1., 2., 3. og 4. mgr. 19. gr.
3. mgr. 6. gr.	20. gr.
1. mgr. 7. gr.	9. gr.
2. mgr. 7. gr.	5. og 6. mgr. 19. gr.
3. mgr. 7. gr.	13. gr.
h-liður 1. mgr. 7. gr. a	21. gr.
1., 2. og 3. mgr. 7. gr. a	10. og 11. gr., I. viðauki
4. mgr. 7. gr. a	13. gr.
5. mgr. 7. gr. a	29. og 34. gr.
1. mgr. 8. gr.	12. gr.
2. mgr. 8. gr.	31. gr.
8 gr. a	—
9. gr.	35. gr.
10. gr.	32. gr.
11. gr.	—
12. gr.	27. gr.
13. gr.	28. gr.
14. gr.	—
15. gr.	—
I. viðauki	Inngangsorð, nr. 7
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
IV. viðauki	IV. viðauki
V. viðauki	—
VI. viðauki	V. viðauki
VII. viðauki	VI. viðauki
VIII. viðauki	VII. viðauki
VIII. viðauki a	VII. viðauki
IX. viðauki	VIII. viðauki
—	IX. viðauki
—	X. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 646/2012 **2013/EES/20/38**

frá 16. júlí 2012

um ítarlegar reglur um sektir og févíti samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 3. mgr. 25. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er stefnt að því að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu. Í þeirri reglugerð er kveðið á um leiðir til að ná því markmiði sem og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 ber Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) ábyrgð á vottun tiltekinna framleiðsluvara, aðila og fyrirtækja. Flugöryggisstofnuninni ber, að því er varðar ábyrgðarsvið hennar, að hafa eftirlit með því að þessar framleiðsluvörur, aðilar og fyrirtæki uppfylli viðeigandi kröfur, þ.m.t. ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

3) Þegar komið hefur í ljós að ekki hefur verið ráðin bót á mögulegum annmörkum í eftirlitsferlinu, er framkvæmdastjórninni heimilt, skv. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar, að leggja sektir eða févíti á handhafa vottorða, sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út, vegna brota, af ásettu ráði eða í gáleysi, á einhverjum þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglum hennar.

4) Með innleiðingu sekta og févíta skal framkvæmdastjórnin búa yfir frekari úrræðum sem gera henni kleift að grípa til margbreytilegra, sveigjanlegra og stigskiptari viðbragða við brotum á reglum samanborið við afturköllun á vottorði sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út.

5) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð, fyrirspurnir, tengdar ráðstafanir og skýrslugjöf Flugöryggisstofnunarinnar sem og reglur um málsmeðferð við ákvarðanatöku, þ.m.t. ákvæði um áætlun og innheimtu sekta og févíta. Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarlegar viðmiðanir til að ákveða fjárhæð sekta eða févíta.

6) Í þessum reglum og verklagsreglum skal taka mið af nauðsyn þess að tryggja hæsta mögulegt öryggisstig og sem mesta umhverfisvernd, taka mið af nauðsyn þess að hvetja til skilvirkni í tengslum við rannsókn og ákvarðanatöku ásamt nauðsyn þess að tryggja sanngjarna og gagnsæja málsmeðferð og álagningu sekta og févíta.

7) Ákvæðum þessarar reglugerðar má einungis framfylgja með skilvirkum hætti innan ramma náinnar samvinnu á milli aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunarinnar. Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að koma á fyrirkomulagi fyrir samráð og samvinnu á milli þeirra til að tryggja skilvirka framkvæmd rannsókna og ákvarðanatökuferlis að því er varðar meint brot.

8) Í tengslum við upphaf og framkvæmd málsmeðferðar, þegar ekki er farið að ákvæðum reglugerðarinnar, og við áætlun sekta og févíta, þykir rétt að framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin taki tillit til annarra málsmeðferða, sem aðildarríki eða þriðju lönd hafa hafið eða komist að niðurstöðu um að því er varðar sama handhafa vottorðs.

9) Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu einnig taka tillit til hvers konar málsmeðferðar, sem beðið er eftir að hefjist eða að ákvörðun sé tekin um af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar, að því er varðar breytingar á viðeigandi vottorði, takmarkanir á því, tímabundna ógildingu eða afturköllun þess í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

10) Án þess að það hafi áhrif á löggjöf Sambandsins, sem kemur í veg fyrir notkun öryggisupplýsinga að því er varðar sök eða bótaábyrgð, einkum 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, 2. mgr. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB ([2]) og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu atvika í almenningsflugi ([3]), má nýta heimild til eftirlits, sem framkvæmdastjórninni eða Flugöryggisstofnuninni er falið samkvæmt löggjöf Sambandsins, að því er varðar vottorð sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008, við málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við rannsókn sem er í gangi eða á tilteknum stigum ákvarðanatöku. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að beita sektum eða févítum skal byggð á rannsókn Flugöryggisstofnunarinnar, athugasemdum handhafa vottorðsins sem sætir málsmeðferð þar sem hann hefur ekki farið að tilskildum ákvæðum og, eftir því sem við á, öðrum upplýsingum sem lagðar eru fyrir Flugöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 187, 17.7.2012, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.

([3]) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

11) Rétt þykir að gefa handhöfum vottorða tækifæri, innan tiltekinna tímamarka, til að fara, af fúsum vilja, að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar en, í því tilviki, skal framkvæmdastjórnin ekki beita sektum eða févítum. Sá möguleiki að sýna fram á að farið sé, af fúsum vilja, að tilteknum ákvæðum skal, engu að síður, háður tímamörkum.

12) Ákvarðanir um að beita sektum eða févítum skal eingöngu byggð á ástæðum þar sem hlutaðeigandi handhafi vottorðs hefur haft tök á að gera athugasemdir.

13) Þær sektir eða févíti sem eru lögð á skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotin og letjandi, að teknu tilliti til málavaxta viðkomandi máls.

14) Rétt þykir að kveða á um sértæka málsmeðferð ef framkvæmdastjórnin hyggst beita févítum í því skyni þegar handhafi vottorðs, sem sætir málsmeðferð fyrir að fara ekki að tilteknum ákvæðum, lætur hjá líða að vinna með framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni að því er varðar rannsóknarráðstafanir eða aðrar beiðnir um upplýsingar.

15) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglunum, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, fylgt, einkum að því er varðar réttindi til varnar og meginregluna um trúnaðarkvöð í samræmi við almennar meginreglur laga og dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins.

16) Til að tryggja réttarvissu við framkvæmd málsmeðferðar þar sem ekki er farið að tilteknum ákvæðum er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarlegar reglur um útreikning á frestum og fyrningarfrestum varðandi álagningu og fullnustu sekta og févíta.

17) Unnt skal vera að framfylgja ákvörðunum um beitingu sekta og févíta í samræmi við 299. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og skulu þær háðar endurskoðun Dómstóls Evrópusambandsins.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 varðandi viðmiðanir til að ákveða fjárhæð sekta eða févíta, málsmeðferð við rannsóknir, tengdar ráðstafanir og skýrslugjöf sem og reglur um málsmeðferð við ákvarðanatöku, þ.m.t. ákvæði um réttindi til varnar, rétt á aðgangi að málsskjölum, rétt á málaflutningsmanni, rétt til þagnarskyldu og tímabundin ákvæði um áætlun og innheimtu sekta og févíta.

2. Þessi reglugerð gildir um álagningu:

a) sekta á aðila og fyrirtæki sem Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) hefur gefið út vottorð til handa („handhafi vottorðs“), þegar ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglna hennar, hafa verið brotin, af ásettu ráði eða í gáleysi, eða þegar um er að ræða hagsmuni Sambandsins,

b) févíta á handhafa vottorðs, sem um getur í a-lið, til að knýja þá til að fara að reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglum hennar.

II. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ ÞAR SEM EKKI ER FARIÐ AÐ TILSKILDUM ÁKVÆÐUM

1. ÞÁTTUR

Rannsókn

2. gr.

Málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum

1. Málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, tekur til allra stjórnsýslustiga rannsóknar á mögulegum brotum á reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglum hennar.

2. Flugöryggisstofnunin getur hafið málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórninni eða aðildarríki.

3. Þegar hafin er málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis, skal Flugöryggisstofnunin tilkynna framkvæmdastjórninni eða aðildarríkinu um meðhöndlun beiðninnar.

3. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Að því er varðar upphaf eða framkvæmd málsmeðferðar þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum er Flugöryggisstofnuninni heimilt að nota allar upplýsingarnar, sem hún aflar við hvers konar eftirlit sem henni er falið samkvæmt lögum Sambandsins, að því er varðar vottorð sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Þessi heimild er með fyrirvara um að lög Sambandsins komi í veg fyrir notkun upplýsinga í þeim tilgangi að ákveða sök eða bótaábyrgð.

2. Flugöryggisstofnunin getur, áður en hún hefur málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, óskað eftir upplýsingum frá handhafa vottorðs varðandi meint brot.

Flugöryggisstofnunin skal greina frá tilgangi beiðninnar og að hún sé lögð fram samkvæmt þessari reglugerð ásamt því að veita frest til að leggja fram upplýsingar.

4. gr.

Tilkynning

1. Flugöryggisstofnunin skal senda skriflega tilkynningu um upphaf málsmeðferðar þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, til handhafa vottorðs, til framkvæmdastjórnarinnar og flugmálayfirvalda aðildarríkisins eða aðildarríkjanna eða þriðja lands eða þriðju landa þar sem handhafi vottorðsins hefur aðalstarfsstöðvar sínar og einnig, eftir því sem við á, þar sem brotið var framið sem og til flugmálayfirvalda þriðju landa og alþjóðastofnana sem teljast lögbærar í málefnum sem falla undir þessa reglugerð.

2. Í tilkynningunni skal:

a) setja fram staðhæfingar gegn handhafa vottorðsins, þar sem tilgreina skal ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglur hennar, sem talið er að hafi verið brotið gegn, og sönnunargögnin sem þessar staðhæfingar eru byggðar á og

b) tilkynna handhafa vottorðsins að heimilt sé að beita sektum eða févítum.

5. gr.

Rannsóknir

1. Þegar rannsókn hefur verið hafin skal Flugöryggisstofnunin skýra málsatvik og staðhæfingar.

2. Flugöryggisstofnunin getur óskað eftir skriflegum eða munnlegum útskýringum eða upplýsingum eða skjölum frá handhafa vottorðsins.

Beiðnir til handhafa vottorðsins skulu vera skriflegar. Flugöryggisstofnunin skal tilgreina lagagrundvöll og tilgang beiðna, gefa frest til að leggja upplýsingarnar fram og upplýsa handhafa vottorðsins um févítin sem kveðið er á um í a og b-lið 1. mgr. 16. gr. og sem leggja má á ef ekki er orðið við beiðninni eða ef veittar eru rangar eða villandi upplýsingar.

3. Flugöryggisstofnunin getur óskað eftir samvinnu landsbundinna flugmálayfirvalda við rannsóknina og einkum að þau veiti upplýsingar sem varða meint brot.

Í beiðninni skal tilgreina lagagrundvöll og tilgang beiðninnar og gefa frest til að senda viðkomandi svar eða upplýsingar um framkvæmd rannsóknarráðstöfunarinnar.

4. Flugöryggisstofnunin getur óskað eftir upplýsingum um meint brot frá öllum einstaklingum, lögaðilum eða flugmálayfirvöldum þriðju landa.

Í beiðninni skal tilgreina lagagrundvöll og tilgang beiðninnar og gefa frest til að láta upplýsingarnar í té.

6. gr.

Þegar farið er að tilskildum ákvæðum af fúsum vilja

1. Þegar tilkynnt er um upphaf málsmeðferðar þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum eða þar á eftir skal Flugöryggisstofnunin gefa frest sem handhafi vottorðsins hefur til að láta í té skriflegar upplýsingar um að hann hafi, af fúsum vilja, farið að tilskildum ákvæðum eða, eftir því sem við á, að hann ætli sér að fara að ákvæðunum sem brotið var gegn. Þegar handhafi vottorðsins fer að tilskildum ákvæðum, af fúsum vilja, innan þess frests sem Flugöryggisstofnunin ákveður, skal stofnunin ákveða að ljúka málsmeðferðinni sem hefur verið hafin og þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

Flugöryggisstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til svara sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

2. Fresturinn, sem veittur er skv. 1. mgr., skal ekki renna út síðar en þann dag sem Flugöryggisstofnunin tilkynnir um andmælin sem kveðið er á um í 7. gr.

7. gr.

Yfirlýsing um andmæli

1. Þegar Flugöryggisstofnunin hefur komist að staðreyndum málsins og að þeirri niðurstöðu að það sé grundvöllur til að halda áfram málsmeðferðinni þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum skal hún tilkynna það hluteigandi handhafa vottorðs með skriflegri yfirlýsingu um andmæli. Í yfirlýsingunni um andmæli skulu vera:

a) staðhæfingar gegn handhafa vottorðsins, þar sem tilgreina skal ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglur hennar, sem talið er að hafi verið brotið gegn, og sönnunargögnin sem þessar staðhæfingar eru byggðar á,

b) upplýsingar um að sekt eða févíti kunni að verða beitt.

2. Þegar tilkynnt er um yfirlýsingu um andmæli skal Flugöryggisstofnunin bjóða handhafa vottorðsins að leggja fram skriflegar athugasemdir. Það skal hún gera skriflega og gefa frest til leggja fram þessar athugasemdir.

8. gr.

Munnleg skýrslugjöf

1. Þegar handhafi vottorðs óskar eftir því skal Flugöryggisstofnunin gefa honum færi á að rökstyðja mál sitt við munnlega skýrslugjöf.

2. Ef nauðsyn krefur getur Flugöryggisstofnunin boðið lögbærum landsyfirvöldum eða öðrum aðilum að taka þátt í munnlegri skýrslugjöf.

3. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið boðaðir og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna handhafa vottorða og annarra aðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

9. gr.

Frestir

Til þess að tryggja réttarvissu við framkvæmd rannsóknarmálsmeðferðar skal Flugöryggisstofnunin mæla fyrir um ítarlegar reglur um fresti.

10. gr.

Skýrsla

1. Flugöryggisstofnunin skal leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og handhafa vottorðs með samantekt á niðurstöðum sínum er varða rannsóknina sem gerð var í samræmi við þennan þátt. Flugöryggisstofnunin skal einnig leggja fyrir framkvæmdastjórnina málsskjölin sem eru til rannsóknar.

2. Þegar Flugöryggisstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að handhafi vottorðs hafi brotið gegn ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglum hennar, skal skýrslan einnig fela í sér:

a) mat á aðstæðum málsins í samræmi við viðmiðanir sem settar eru fram í 15. gr. þessarar reglugerðar,

b) beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að beita sekt eða févíti,

c) rökstudda tillögu að fjárhæð sektar eða févítis.

3. Flugöryggisstofnunin samþykkir skýrslu sína eigi síðar en [12 mánuðum] eftir að tilkynnt er að málsmeðferð sé hafin í samræmi við 4. gr. eða [6 mánuðum] eftir að framkvæmdastjórnin tilkynnir að málsskjölunum hafi verið skilað í samræmi við 12. gr.

2. ÞÁTTUR

Ákvarðanataka

11. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Ef framkvæmdastjórnin ákveður, í kjölfar beiðni frá Flugöryggisstofnuninni, samkvæmt b-lið 2. mgr. 10. gr., að halda áfram með málsmeðferðina þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, getur hún óskað skriflega eftir því að handhafi vottorðs láti í té skriflega eða munnlega útskýringu ásamt upplýsingum eða skjölum. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin tilkynna handhafa vottorðs um févíti, sem kveðið er á um í c- og d-lið 1. mgr. 16. gr., ef ekki er farið að viðkomandi beiðni eða ef gefnar eru rangar eða villandi upplýsingar.

Framkvæmdastjórnin getur einnig óskað eftir upplýsingum um meint brot frá Flugöryggisstofnuninni, landsbundnum flugmálayfirvöldum eða öllum einstaklingum eða lögaðilum.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að handhafi vottorðs geti látið í té skriflega útskýringu ásamt upplýsingum eða skjölum til að rökstyðja mál sitt. Handhafar vottorðs geta óskað eftir munnlegri skýrslugjöf en framkvæmdastjórnin hefur aðeins heimild til að samþykkja slíka beiðni ef hún telur það nauðsynlegt.

12. gr.

Nýtt rannsóknartímabil

Með hliðsjón af skýrslu Flugöryggisstofnunarinnar, athugasemdum handhafa vottorðs á grundvelli þeirrar skýrslu og öðrum viðeigandi upplýsingum, kann framkvæmdastjórnin að telja að þörf sé á viðbótarupplýsingum. Í slíku tilviki er henni heimilt að senda málsskjölin aftur til Flugöryggisstofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal gefa Flugöryggisstofnuninni skýrt til kynna málsatvikin, sem eru nauðsynleg svo stofnunin geti rannsakað málið frekar, og, ef við á, leggja til hugsanlegar ráðstafanir í þessu skyni, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Ákvæði 1. þáttar II. kafla þessarar reglugerðar skulu gilda um nýja rannsóknartímabilið.

3. ÞÁTTUR

Ákvarðanir um sektir og févíti

13. gr.

Sektir og févíti og hámarksfjárhæðir

1. Ef framkvæmdastjórnin telur, að lokinni ákvarðanatökunni, sem kveðið er á um í 2. þætti, að handhafi vottorðs hafi, af ásettu ráði eða í gáleysi, brotið gegn ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglum hennar, getur hún samþykkt ákvörðun um að leggja á sekt sem fer ekki yfir 4% af árstekjum eða ársveltu handhafa vottorðsins á næstliðnu rekstrarári.

2. Hafi handhafi vottorðs ekki látið af broti sínu við samþykkt ákvörðunarinnar, sem um getur í 1. mgr., getur framkvæmdastjórnin, í þeirri ákvörðun, lagt á févíti sem fara ekki yfir 2,5% af meðaldagstekjum eða -veltu handhafa vottorðsins á næstliðnu rekstrarári.

Þessi févíti má leggja á fyrir tímabilið frá því að tilkynnt er um ákvörðunina og þar til látið er af brotinu.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. er næstliðið rekstrarár það rekstrarár sem lauk fyrir dagsetningu ákvörðunarinnar sem um getur í 1. mgr.

4. Sektir og févíti skulu vera stjórnsýslulegs eðlis.

5. Ákvörðunin um að leggja á sektir og févíti skal vera framfylgjanleg.

14. gr.

Efni ákvarðana

1. Ákvörðunin, sem kveðið er á um í 13. gr., skal eingöngu byggjast á forsendum þar sem viðkomandi handhafi vottorðs hefur haft tækifæri til að leggja fram athugasemdir.

2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa handhafa vottorðs um þau réttarúrræði sem standa til boða.

3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin og Flugöryggisstofnunina um samþykkt ákvörðunarinnar.

4. Þegar framkvæmdastjórnin birtir upplýsingar um ákvörðun sína og greinir aðildarríkjunum frá þeim skal hún taka tillit til lögmætra hagsmuna handhafa vottorðs og annarra aðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

15. gr.

Viðmiðanir sem gilda um beitingu og áætlun sekta og févíta

1. Þegar framkvæmdastjórnin ákveður hvort beita skuli sektum og févítum og hversu háar þessar sektir og greiðslur skulu vera, skal hún fylgja meginreglum um skilvirkni, meðalhóf og letjandi áhrif.

2. Í hverju tilviki skal framkvæmdastjórnin, ef við á, taka tillit til eftirfarandi kringumstæðna:

a) alvarleika og áhrifa brotsins og einkum afleiðinga og áhrifa slíks brots fyrir öryggi og umhverfi,

b) kostgæfni og samstarfsvilja handhafa vottorðs þegar upp kemst um brotið og í aðgerðum til úrbóta eða við málsmeðferð vegna brotsins eða hindrana sem handhafi vottorðsins beitir til að koma í veg fyrir að upp komist um brotið og til að tefja málsmeðferð vegna brotsins, eða annarra tilvika þar sem handhafi vottorðs hlítir ekki beiðnum sem Flugöryggisstofnunin, framkvæmdastjórnin eða landsbundin flugmálayfirvöld beina til hans við beitingu þessarar reglugerðar,

c) góðrar trúar handhafa vottorðsins í túlkun hans og efndum á skyldum, sem tengjast handhöfum vottorðs, sem veitt voru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða framkvæmdarreglur hennar, eða sönnunargagna um vísvitandi blekkingar handhafa vottorðs,

d) veltu, ef um er að ræða fjárhagslega getu hlutaðeigandi handhafa vottorðs,

e) þarfarinnar á því að samþykkja ráðstafanir til bráðabirgða eða bráðaráðstafanir,

f) endurtekninga, tíðni eða tímalengdar brota viðkomandi handhafa vottorðs,

g) fyrri viðurlaga, þ.á m. fjárhagslegra viðurlaga, sem viðkomandi handhafi vottorðs hefur verið beittur.

3. Þegar framkvæmdastjórnin ákvarðar fjárhæð sektar og févítis skal hún taka tillit til þeirra fullnusturáðstafana sem þegar hafa verið gerðar, að því er varðar handhafa vottorðsins, á landsvísu eða sem Flugöryggisstofnunin hefur gert, á grundvelli sömu laga og sömu málsatvika.

4. ÞÁTTUR

Skortur á samstarfsvilja

16. gr.

Févíti vegna skorts á samstarfsvilja

1. Framkvæmdastjórnin getur með ákvörðun sinni, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar eða að frumkvæði hennar, lagt févíti á handhafa vottorðs sem eru ekki meira en [0,5%] af meðaldagstekjum eða -veltu handhafa vottorðsins á næstliðnu rekstrarári þegar, af ásettu ráði eða í gáleysi:

a) þeir fara ekki að rannsóknarráðstöfun sem samþykkt var skv. 5. gr.,

b) þeir veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni sem sett er fram innan ramma rannsóknarráðstöfunarinnar skv. 5. gr.,

c) verða ekki við beiðni um upplýsingar skv. 11. gr.,

d) veita rangar eða villandi upplýsingar í svari við beiðni skv. 11. gr.

Févíti má leggja á fyrir tímabilið frá því að tilkynnt er um ákvörðunina og þar til handhafi vottorðs sýnir samstarfsvilja.

2. Að því er varðar 1. mgr. er næstliðið rekstrarár það rekstrarár sem lauk fyrir dagsetningu ákvörðunarinnar sem um getur í 1. mgr.

17. gr.

Málsmeðferð

Þegar framkvæmdastjórnin hyggst samþykkja ákvörðun, eins og um getur í 1. mgr. 16. gr., skal hún fyrst tilkynna handhafa vottorðs skriflega þar um og veita honum frest til að leggja skriflegar athugasemdir sínar fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

18. gr.

Fylling málsmeðferðar

Að því er varðar upphaf og framkvæmd málsmeðferðar þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum skulu framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin taka tillit til:

a) málsmeðferðar þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og sem þegar hefur verið hafin eða sem komist hefur verið að niðurstöðu um af hálfu aðildarríkis eða þriðja lands, gegn sama handhafa vottorðs, á grundvelli sömu laga og sömu málsatvika og

b) málsmeðferðar sem Flugöryggisstofnunin hefur hafið samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 gegn sama handhafa vottorðs, á grundvelli sömu laga og sömu málsatvika, í því skyni að breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi vottorð.

5. ÞÁTTUR

19. gr.

Endurheimt sekta eða févíta

Framkvæmdastjórnin skal endurheimta sektir og févíti með því að setja fram fyrirmæli um endurheimt og gefa út kröfu um endurgreiðslu, sem beint er til hlutaðeigandi handhafa vottorðs í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 ([4]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002 ([5]).

III. KAFLI

AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM, LAGALEGUR MÁLFLUTNINGUR, TRÚNAÐARKVÖÐ OG TÍMABUNDNAR RÁÐSTAFANIR

1. ÞÁTTUR

Réttur til varnar

20. gr.

Aðgangur að málsskjölum

1. Í kjölfar tilkynningar skv. 4. gr. skal handhafi vottorðs hafa rétt til aðgangs, fari hann þess á leit, að skjölum og öðrum gögnum sem framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin hafa safnað saman og eru notuð til að færa sönnur á meint brots.

2. Skjöl sem fengin eru með aðgangi að málsskjölunum skal einungis nota vegna dómsmeðferðar eða málarekstrar á sviði stjórnsýslu sem tengjast beitingu þessarar reglugerðar.

21. gr.

Málflutningsþjónusta

Handhafi vottorðs hefur rétt til málflutningsþjónustu meðan á málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum stendur.

22. gr.

Trúnaðarkvöð, þagnarskylda og rétturinn til að tjá sig ekki (e. *right to remain silent*)

1. Með fyrirvara um þau upplýsingaskipti og notkun upplýsinga, sem veittar eru skv. 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 11. gr., skal við málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum virða meginreglurnar um trúnaðarkvöð og þagnarskyldu.

Framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnuninni og landsbundnum flugmálayfirvöldum, þegar þau eiga hlut að máli skv.

([4]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.

3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 11. gr., embættismönnum þeirra og öðrum aðilum, sem vinna undir stjórn þeirra, er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir öðlast eða skiptast á samkvæmt þessari reglugerð og eru þess eðlis að þær falli undir trúnaðarkvöð og þagnarskyldu.

2. Með fyrirvara um réttinn til aðgangs að málsskjölunum skal handhafi vottorðs ekki hafa aðgang að viðskiptaleyndarmálum, trúnaðarupplýsingum eða innanhússkjölum í vörslu framkvæmdastjórnarinnar eða Flugöryggisstofnunarinnar.

3. Allir aðilar, sem leggja fram athugasemdir eða upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð skulu tilgreina á skýran hátt allt efni, sem talið er vera trúnaðarupplýsingar og rökstyðja það, og leggja fram sérútgáfu, þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin eða Flugöryggisstofnunin setur. Ef slík tilgreining er ekki fyrir hendi getur framkvæmdastjórnin gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í þeim athugasemdum eða upplýsingum sem eru lagðar fram.

4. Handhafi vottorðs hefur rétt til að tjá sig ekki í tilvikum þar sem hann yrði annars knúinn til að veita svör sem gætu falið í sér viðurkenningu á þátttöku hans í broti.

2. ÞÁTTUR

Tímabundin ákvæði

23. gr.

Frestir

1. Frestirnir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, gilda frá deginum eftir að tekið hefur verið við orðsendingu eða boðsending hefur verið afhent.

Ef þess krafist að handhafi vottorðs leggi fram athugasemdir eða upplýsingar innan viðkomandi frests teljast þær sendar nógu snemma ef gögnin hafa verið send af stað í ábyrgðarpósti áður en fresturinn rennur út.

2. Ef frestur rennur út á laugardegi, sunnudegi eða lögboðnum frídegi skal lengja hann til loka næsta virka dags.

3. Þegar framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin, eftir atvikum, setja frestina, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir athugasemdirnar og þess hversu brýnt málið er.

4. Lengja má frest, eftir því sem við á og þegar rökstudd beiðni berst um það, áður en upphaflegi fresturinn rennur út.

24. gr.

Fyrningarfrestir vegna álagningar sekta og févíta

1. Réttur framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja ákvörðun um álagningu sekta og févíta, skv. 13. gr., fellur úr gildi eftir fimm ár.

Ef um er að ræða févíti, sem kveðið er á um í 16. gr., fellur réttur framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja ákvörðun um álagningu slíkra févíta úr gildi eftir þrjú ár.

Fresturinn hefst daginn sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

2. Allar aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar eða Flugöryggisstofnunarinnar, sem varða rannsókn eða málsmeðferð þar sem ekki er farið að tilteknum ákvæðum, rjúfa fyrningafrestina sem kveðið er á um í 1. mgr. Fyrningarfresturinn telst rofinn frá og með þeim degi sem handhafa vottorðs er tilkynnt um aðgerðirnar.

3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfresturinn skal þó ekki vera lengri en sem samsvarar tvöföldum upprunalegum fyrningarfresti, nema þegar fyrningarfresturinn er tímabundið felldur úr gildi skv. 4. mgr. Í slíku tilviki skal framlengja fyrningarfrestinn sem nemur því tímabundna rofi sem gert var á fyrningunni.

4. Rjúfa skal fyrningarfrestinn vegna álagningar sekta eða févíta á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá Dómstóli Evrópusambandsins.

25. gr.

Fyrningarfrestur vegna innheimtu sekta og févíta

1. Rétturinn til að hefja innheimtuferli skal renna út einu ári eftir að ákvörðunin, skv. 13. eða 16. gr., er orðin endanleg.

2. Fyrningarfresturinn fyrir innheimtu sekta og févíta rofnar ef framkvæmdastjórnin eða aðildarríki, sem kemur fram fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, grípur til aðgerða til innheimtu sektanna eða févítanna.

3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

4. Fyrningarfresturinn til að endurheimta sektir og févíti skal felldur niður tímabundið þegar:

a) greiðslufrestur er veittur,

b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun Dómstóls Evrópusambandsins.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Gildissvið

Ef um er að ræða brot sem hófst áður en þessi reglugerð öðlaðist gildi skal reglugerðin gilda um þann hluta brotsins sem á sér stað eftir þann dag.

27. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 475/2012 **2013/EES/20/39**

frá 5. júní 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 1 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 19 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008([2]) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 16. júní 2011 birti Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) breytingar á IAS-staðli 1, framsetning reikningsskila - *framsetning liða í annarri heildarafkomu* (hér á eftir „breytingarnar á IAS-staðli 1“) og á IAS-staðli 19, starfskjör (hér á eftir „breytingarnar á IAS-staðli 19“). Markmiðið með breytingunum á IAS-staðli 1 er að gera framsetningu aukins fjölda liða í annarri heildarafkomu skýrari og auðvelda notendum reikningsskila að greina á milli þeirra liða í annarri heildarafkomu, sem síðar er unnt að endurflokka yfir í rekstrarreikning og þeirra sem aldrei verða endurflokkaðir yfir í rekstrarreikning. Að því er varðar breytingarnar á IAS-staðli 19 skulu þær auðvelda notendum reikningsskila að skilja betur hvernig réttindatengt kerfi hefur áhrif á fjárhagsstöðu, efnahag og sjóðstreymi einingar. Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um færslu og upplýsingar um starfskjör.

3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IAS-staðli 1 og breytingarnar á IAS-staðli 19 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

1) alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 1, *framsetning reikningsskila* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

2) alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 1, IFRS-staðli 5, IFRS-staðli 7, alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 12, IAS-staðli 20, IAS-staðli 21, IAS-staðli 32, IAS-staðli 33 og IAS-staðli 34 er breytt í samræmi við breytingarnar á IAS-staðli 1 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

3) alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 19, *starfskjör* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 146, 6.6.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

4) alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 1, IFRS-staðli 8, IFRS-staðli 13, alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 1, IAS-staðli 24 og túlkun alþjóðlegu fastanefndarinnar um túlkanir (SIC) nr. 14 er breytt í samræmi við breytingarnar á IAS-staðli 19 eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Félög skulu beita breytingunum á stöðlunum, sem vísað er til í 1. og 2. lið 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. júlí 2012 eða síðar.

2. Félög skulu beita breytingunum á stöðlunum, sem vísað er til í 3. og 4. lið 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2013 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IAS-staðall 1	**IAS-staðall 1, framsetning reikningsskila –** ***framsetning liða í annarri heildarafkomu***
IAS-staðall 19	**IAS-staðall 19,** ***starfskjör***

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóða-reikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org“

BREYTINGAR Á IAS-STAÐLI 1

Framsetning reikningsskila

Ákvæðum 7. liðar er breytt.

7 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

…

Skýringar hafa að geyma upplýsingar til viðbótar við þær sem settar eru fram í efnahagsreikningnum, rekstrarreikningi eða rekstrarreikningum og annarri heildarafkomu, …

Ákvæðum 10. liðar er breytt, lið 10A bætt við og 12. liður er felldur brott.

10 Reikningsskil í heild sinni eru:

… rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma fyrir tímabilið,

…

Eining getur notað aðra titla fyrir yfirlitin en þá sem eru notaðir í þessum staðli. Til dæmis getur eining notað titilinn „yfirlit um heildarafkomu“ í stað „rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma“.

10A Eining getur lagt fram einn rekstrarreikning og yfirlit um aðra heildarafkomu, þar sem rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma er sett fram í tveimur þáttum. Þættirnir skulu settir fram saman, þar sem þátturinn rekstrarreikningur kemur fyrstur og þátturinn önnur heildarafkoma strax þar á eftir. Eining getur sett fram þáttinn um rekstrarreikning í sérstöku yfirliti. Ef svo er skal sérstaka yfirlitið um rekstrarreikninginn koma strax á undan yfirlitinu um heildarafkomu, sem skal hefjast á rekstrarreikningi.

Fyrirsögnunum á undan 81. og 82. lið og 82. lið er breytt og 81. liður er felldur brott. Liðum 81A og 81B, fyrirsögn og lið 82A er bætt við og liðir 83 og 84 eru felldir brott.

Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu

81A Yfirlitið um rekstrarreikning og aðra heildarafkomu (yfirlit um heildarafkomu) skal, til viðbótar við þættina hagnaður eða tap og önnur heildarafkoma, sýna:

a) hagnað eða tap,

b) heildarafkomu alls,

c) heildarafkomu fyrir tímabilið, sem er samtala rekstrarniðurstöðu og annarrar heildarafkomu.

Ef eining setur fram sérstakt yfirlit yfir hagnað eða tap skal hún ekki setja þann þátt fram í yfirlitinu um heildarafkomu.

81B Eining skal setja fram eftirfarandi þætti, til viðbótar við hagnað eða tap og aðra heildarafkomu, sem úthlutun hagnaðar eða taps og annarrar heildarafkomu fyrir tímabilið:

a) hagnaður eða tap tímabilsins sem rekja má til:

   i. hluta sem ekki eru ráðandi, og

   ii. eigenda móðurfélags.

b) heildarafkoma eða tap tímabilsins sem rekja má til:

   i. hluta sem ekki eru ráðandi, og

   ii. eigenda móðurfélags.

Ef eining setur fram rekstrarreikning í sérstöku yfirliti skal það sett fram sem a) í því yfirliti.

Upplýsingar sem ber að setja fram í þættinum um hagnað eða tap eða í rekstrarreikningnum

82 Til viðbótar við þá þætti sem krafist er í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skulu í þættinum um hagnað eða tap eða rekstrarreikningnum vera sérlínur þar sem eftirfarandi fjárhæðir fyrir tímabilið eru settar fram:

a) tekjur,

b) fjármagnskostnaður,

c) hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga og fyrirtækja um samrekstur sem færð er með hlutdeildaraðferð,

d) skattkostnaður,

e) [felldur brott]

ea) ein fjárhæð fyrir samtölu aflagðrar starfsemi (sjá IFRS-staðal 5).

f) – i) [felldur brott]

Upplýsingar sem skulu settar fram í þættinum um aðra heildarafkomu

82A í þættinum um aðra heildarafkomu skal setja fram sérlínur fyrir fjárhæðir annarrar heildarafkomu á tímabilinu, flokkaðar eftir eðli þeirra (þ.m.t. hlutdeild í annarri heildarafkomu hlutdeildarfélaga og fyrirtækja um samrekstur sem færð er með hlutdeildaraðferð) og skipaðar saman í þær, sem í samræmi við aðra alþjóðlega reikningsskilastaðla:

a) verða ekki endurflokkaðar síðar og færðar í rekstrarreikning, og

b) verða endurflokkaðar síðar og færðar í rekstrarreikning að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Liðum 85–87, 90, 91, 94, 100 og 115 og fyrirsögn liðar 97 er breytt og lið 139J er bætt við.

85 Fleiri sérlínur, fyrirsagnir og millisamtölur skulu settar fram í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu einingar þegar slík framsetning skiptir máli fyrir skilning á rekstrarárangri einingarinnar.

86 Vegna þess að áhrif af margvíslegri starfsemi einingar, viðskiptum og öðrum atburðum eru mismunandi varðandi tíðni, möguleika á ágóða eða tapi og fyrirsegjanleika koma upplýsingar um einstaka þætti í rekstrarárangri að gagni við skilning á þeim rekstrarárangri sem náðst hefur og þegar gerðar eru spár um framtíðarrekstrarárangur. Eining setur viðbótarsérlínur í yfirlitið eða yfirlitin yfir hagnað eða tap og heildarafkomu og hún breytir þeim lýsingum sem notaðar eru og leiðréttir uppröðun liða þegar nauðsynlegt er að útskýra einstaka þætti rekstrarárangursins. …

87 Eining skal ekki setja fram neina tekju- eða gjaldaliði sem óreglulega liði, hvorki í yfirliti um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu né í skýringunum.

90 Eining skal birta fjárhæð tekjuskatts sem tengist hverjum lið í annarri heildarafkomu, að meðtöldum endurflokkunum leiðréttinga, annaðhvort í yfirliti um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu eða í skýringum.

91 Eining getur birt liði annarrar heildarafkomu, annaðhvort:

a) að frádregnum tengdum skattalegum áhrifum eða

b) á undan tengdum skattalegum áhrifum, með einni fjárhæð fyrir samanlagða fjárhæð tekjuskatts sem tengist þessum liðum.

Ef einingin velur valkost b) skal hún skipta skattinum á þá liði sem gætu verið endurflokkaðir síðar og færðir á rekstrarreikninginn og þá liði sem ekki munu verða endurflokkaðir síðar og færðir á rekstrarreikninginn.

94 Einingu er heimilt að birta endurflokkunarleiðréttingar í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og heildarafkomu eða í skýringum. Eining sem birtir endurflokkunarleiðréttingar í skýringum birtir liði annarrar heildarafkomu á eftir tengdum endurflokkunarleiðréttingum.

Upplýsingar sem annaðhvort skal setja fram í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu eða í skýringunum

100 Einingar eru hvattar til að setja fram greininguna sem um getur í 99. lið í yfirlitinu eða yfirlitunum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

115 Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt eða æskilegt að breyta röð tiltekinna liða í skýringum. Eining má til dæmis sameina upplýsingar um breytingar á gangvirði, sem færðar eru í rekstrarreikning, og upplýsingar um gjalddaga fjármálagerninga, þrátt fyrir að fyrrnefndu upplýsingarnar varði yfirlit um hagnað eða tap og heildarafkomu og þær síðarnefndu tengjast efnahagsreikningi. Eigi að síður heldur eining kerfisbundinni uppbyggingu skýringanna eins og gerlegt er.

139J *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti liðum 7, 10, 82, 85–87, 90, 91, 94, 100 og 115, bætti við liðum 10A, 81A, 81B og 82A, og felldi brott liði 12, 81, 83 og 84. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2012 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

BREYTINGAR Á ÖÐRUM IFRS-STÖÐLUM

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum) sem leiða af útgáfu Ráðsins á breytingum á IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*. Eining skal beita breytingunum þegar hún beitir breytingunum á IAS-staðli 1 í *Framsetning liða í annarri heildarafkomu*.

IFRS-staðall 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Ákvæðum 21. liðar er breytt og lið 39K er bætt við.

21 Til þess að fylgja IAS-staðli 1 skulu í fyrsta ársreikningi einingar samkvæmt IFRS stöðlum a.m.k. vera þrír efnahagsreikningar, tveir rekstrarreikningar og yfirlit yfir aðra heildarafkomu, tvö aðgreind yfirlit um hagnað eða tap (ef þau er lögð fram), tvö yfirlit um sjóðstreymi og tvö yfirlit um breytingar á eigin fé og viðeigandi skýringar, þ.m.t. samanburðarupplýsingar.

39K *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti 21. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IFRS-staðall 5, *Fastafjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi*

Ákvæðum liðar 33A er breytt og lið 44I er bætt við.

33A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), skal birta kafla sem auðkenndur er í tengslum við aflagða starfsemi í því yfirliti.

44I *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 33A. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IFRS-staðall 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

Ákvæðum liðar 27B er breytt og lið 44Q er bætt við.

27B Að því er varðar gangvirðismat, sem fært er í efnahagsreikning, skal eining, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, tilgreina:

…

c) að því er varðar gangvirðismat á 3. stigi stigskiptrar flokkunar gangvirðis, afstemmingu frá upphafsstöðu til lokastöðu, og tilgreina sérstaklega breytingar á þessu tímabili sem rekja má til eftirfarandi:

i) heildarhagnaðar eða -taps á tímabilinu sem fært er í rekstrarreikning og lýsingu á hvar það kemur fram í yfirliti um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu,

…

d) upphæð heildarhagnaðar eða -taps fyrir tímabilið í i-lið c-liðar hér að framan og talinn er með í rekstrarreikningi sem tekur til hagnaðar eða taps sem tengist þeim í lok reikningsskilatímabilsins og lýsingu á því hvar hagnaðurinn eða tapið er sett fram í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

…

44Q *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 27B. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IAS-staðall 12, *tekjuskattar*

Ákvæðum 77. liðar er breytt, liður 77A er felldur brott og lið 98B bætt við.

77 Skattkostnaðinn (skatttekjurnar) vegna hagnaðar eða taps af reglulegri starfsemi skal setja fram sem hluta af rekstrarreikningi í yfirliti um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

98B *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 77 og felldi brott lið 77A Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IAS-staðall 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*

Ákvæðum 29. liðar er breytt, liður 29A er felldur brott og lið 46 bætt við.

29 Tekjutengdir styrkir eru settir fram sem hluti af rekstrarreikningi annaðhvort sérstaklega eða undir almennri fyrirsögn eins og „Aðrar tekjur“ eða þá eru þeir dregnir frá þegar tengd gjöld eru tilgreind.

46 *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti lið 29 og felldi brott lið 29A Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IAS-staðall 21, *áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla*

Ákvæðum 39. liðar er breytt og lið 60H er bætt við.

39 Rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu einingar, sem notar starfrækslugjaldmiðil sem er ekki gjaldmiðill hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir, skal umreikna yfir í annan framsetningargjaldmiðil með eftirfarandi aðferð:

…

b) tekjur og gjöld fyrir sérhvert yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu (þ.e. ásamt samanburðartölum) skal umreikna á gengi á viðskiptadögum, og

c) …

60H *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti 39. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IAS-staðall 32, *fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning*

Ákvæðum 40. liðar er breytt og lið 97K er bætt við.

40 Setja má arðgreiðslur sem flokkaðar eru sem gjöld fram í yfirliti eða yfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu annaðhvort með vöxtum á aðrar skuldir eða sem aðgreindan lið Til viðbótar við kröfurnar í þessum staðli fellur upplýsingagjöf um vexti og arðgreiðslur undir kröfurnar í IAS-staðli 1 og IFRS-staðli 7. Við sumar aðstæður er æskilegt að greina frá vöxtum og arðgreiðslum með aðgreindum hætti í yfirlitinu eða yfirlitunum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu vegna þess mismunar sem er á þessum liðum þegar kemur að málum eins og frádrætti frá sköttum. Upplýsingagjöf um skattaleg áhrif er framkvæmd í samræmi við IAS-staðal 12.

97K *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti 40. lið. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IAS-staðall 33, *hagnaður á hlut*

Liðum 4A, 67A, 68A og 73A er breytt og lið 74D er bætt við.

4A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti, eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* (með áorðnum breytingum 2011), skal hún einungis sýna hagnað á hlut í því aðgreinda yfirliti.

67A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti, eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), sýnir hún grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut, eins og gerð er krafa um í 66. og 67. lið, í því aðgreinda yfirliti.

68A Ef eining birtir liði rekstrarreiknings í aðgreindu yfirliti, eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), sýnir hún grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut fyrir aflagða starfsemi, eins og krafist er í 68. lið, í því aðgreinda yfirliti eða í skýringum.

73A Ákvæði 73. liðar eiga einnig við um einingu sem greinir frá, til viðbótar við grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut, fjárhæðum á hlut og notar annan lið rekstrarreikningsins en þann sem gerð er krafa um í þessum staðli.

74D *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti liðum 4A, 67A, 68A og 73A. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

IAS-staðall 34, *árshlutareikningsskil*

Liðum 8, 8A, 11A og 20 er breytt og lið 51 er bætt við.

8 Í árshlutareikningsskilum skulu a.m.k. vera:

…

b) samandregið eða samandregin yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu,

c) …

8A Ef eining birtir liði hagnaðar eða taps í aðgreindu yfirliti eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), skal hún birta samandregnar árshlutaupplýsingar úr þessu aðgreinda yfirliti.

11A Ef eining birtir liði hagnaðar eða taps í aðgreindu yfirliti eins og lýst er í lið 10A í IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011), skal hún birta upplýsingar um grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut í þessu aðgreinda yfirliti.

20 Árshlutaskýrslur skulu innihalda eftirfarandi árshlutareikningsskil (samandregin eða heildstæð) fyrir eftirfarandi tímabil:

…

b) yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu fyrir yfirstandandi árshluta og uppsafnað yfirlit fyrir það sem af er yfirstandandi fjárhagsárs með tilsvarandi samanburðaryfirlitum um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu fyrir samsvarandi árshluta (yfirstandandi og það sem af er árinu) næstliðins fjárhagsárs til samanburðar. Eins og heimilt er samkvæmt IAS-staðli 1 (með áorðnum breytingum 2011) má setja fram í árshlutareikningsskilum fyrir hvert tímabil yfirlit um hagnað eða tap og aðra heildarafkomu.

51 *Framsetning liða í annarri heildarafkomu* (breytingar á IAS-staðli 1), gefin út í júní 2011, breytti liðum 8, 8A, 11A og 20. Eining skal beita þeim breytingum þegar hún beitir IAS-staðli 1, með áorðnum breytingum í júní 2011.

ALÞJÓÐLEGUR REIKNINGSSKILASTAÐALL, IAS-STAÐALL 19

Starfskjör

MARKMIÐ

1 Markmiðið með þessum staðli er að mæla fyrir um færslu og upplýsingar um starfskjör. Í staðlinum er gerð krafa um að eining færi:

a) skuld þegar starfsmaður hefur innt vinnuframlag af hendi í skiptum fyrir starfskjör, sem greiðast í framtíðinni, og

b) gjöld þegar eining notar efnahagslegan ávinning sem verður til vegna vinnuframlags sem starfsmaður innir af hendi í skiptum fyrir starfskjör.

GILDISSVIÐ

2 Vinnuveitandi skal beita þessum staðli við færslu allra starfskjara, að undanskildum þeim þar sem IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengdar greiðslur* er beitt.

3 Staðallinn fjallar ekki um reikningsskil lífeyrissjóða (sjá IAS-staðal 26, *reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða*).

4 Starfskjörin, sem þessi staðall gildir um, taka til þeirra sem veitt eru:

a) samkvæmt formlegum kerfum eða öðru formlegu fyrirkomulagi milli einingar og einstakra starfsmanna, hópa starfsmanna eða fulltrúa þeirra,

b) samkvæmt lagalegum kröfum eða samkvæmt fyrirkomulagi innan atvinnugreinar, þar sem þess er krafist að einingar greiði í almenn lífeyriskerfi, opinber lífeyriskerfi, atvinnugreinalífeyriskerfi eða önnur sameiginleg lífeyriskerfi margra launagreiðenda, eða

c) vegna óformlegra venja sem skapa ætlaða skuldbindingu. Óformlegar venjur skapa ætlaða skuldbindingu þegar einingin á ekki annan raunhæfan kost en að greiða starfskjör. Dæmi um ætlaða skuldbindingu er þegar breyting á óformlegum venjum einingar myndi valda óásættanlegum skaða á sambandi þess við starfsmenn.

5 Starfskjör eru m.a.:

a) skammtímastarfskjör, s.s. eftirfarandi, ef þess er vænst að þau verði gerð upp að fullu áður en tólf mánuðir eru liðnir frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir inntu af hendi tengt vinnuframlag:

i. laun og framlög til almannatrygginga,

ii. greitt orlof og greitt veikindaleyfi,

iii. hagnaðarhlutdeild og kaupaukar, og

iv. ópeningaleg kjör (s.s. læknisþjónusta, húsnæði, bifreiðar og ókeypis eða niðurgreiddar vörur eða þjónusta) til núverandi starfsmanna,

b) eftirlaunakjör, svo sem eftirfarandi:

i. eftirlaun (t.d. lífeyrir og eingreiðslur við starfslok), og

ii. önnur eftirlaunakjör, s.s. líftryggingar og læknisþjónusta eftir starfslok,

c) önnur langtímastarfskjör, svo sem eftirfarandi:

i. launaðar langtímafjarvistir eins og leyfi vegna hás starfsaldurs eða rannsóknarleyfi,

ii. starfsafmæli eða önnur kjör vegna hás starfsaldurs, og

iii. langtíma örorkubætur, og

d) uppsagnarkjör.

6 Starfskjör eru m.a. kjör sem veitt eru annaðhvort starfsmönnum eða einstaklingum á framfæri þeirra eða aðstoðarþega þeirra og geta verið í formi uppgreiðslna (eða útvegun vöru eða þjónustu) sem fara ýmist beint til starfsmanna, til maka þeirra, barna eða annarra einstaklinga á framfæri þeirra eða til annarra, s.s. tryggingafélaga.

7 Starfsmaður getur starfað fyrir einingu í fullu starfi, hlutastarfi, föstu starfi, íhlaupavinnu eða tímabundnu starfi. Í þessum staðli teljast stjórnarmenn og aðrir stjórnendur til starfsmanna.

SKILGREININGAR

8 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Skilgreiningar á starfskjörum

Starfskjör eru þóknun í hvers konar mynd sem eining lætur í skiptum fyrir vinnuframlag sem starfsmenn inna af hendi eða vegna starfsloka.

Skammtímastarfskjör eru starfskjör (önnur en uppsagnarkjör) sem vænst er að verði gerð upp að fullu innan 12 mánaða frá lokum þess árlega reikningsskilatímabils þegar starfsmenn inna vinnuframlag af hendi.

Eftirlaunakjör eru starfskjör (önnur en uppsagnarkjör og skammtímastarfskjör) sem greiðast eftir að störfum lýkur.

Önnur langtímastarfskjör eru öll önnur starfskjör en skammtímastarfskjör, eftirlaunakjör og uppsagnarkjör.

Uppsagnarkjör eru starfskjör sem innt eru af hendi við starfslok starfsmanns, sem verða annaðhvort vegna:

a) ákvörðunar einingar um að segja upp starfsmanni áður en venjulegum eftirlaunaaldri er náð, eða

b) ákvörðunar starfsmanns um að þiggja tilboð um kjör í skiptum fyrir starfslok.

Skilgreiningar sem varða flokkun kerfa

Eftirlaunakerfi er formlegt eða óformlegt fyrirkomulag sem eining fer eftir við veitingu eftirlaunakjara til eins eða fleiri starfsmanna.

Iðgjaldatengd kerfi eru eftirlaunakerfi sem fela í sér að eining greiðir föst iðgjöld í sérstaka einingu (sjóð) og hefur enga lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða iðgjöld ef sjóðurinn á ekki nægar eignir til að greiða öll starfskjör sem tengjast vinnuframlagi starfsmanna á núverandi og fyrri tímabilum.

Réttindatengd kerfi eru eftirlaunakerfi, önnur en iðgjaldatengd kerfi.

Sameiginleg lífeyriskerfi margra launagreiðenda eru iðgjaldatengd kerfi (önnur en opinber kerfi) eða réttindatengd kerfi (önnur en opinber kerfi) sem:

a) safna saman eignum, sem ýmsar einingar, sem lúta ekki sameiginlegri stjórn, leggja fram, og

b) nota þessar eignir til að veita starfsmönnum fleiri en einnar einingar kjör á þeim grundvelli að iðgjaldastig og kjarastig séu ákvörðuð án tillits til þess hvaða eining hefur ráðið starfsmennina til starfa.

Skilgreiningar sem varða hreina réttindatengda skuld (eign)

Hrein réttindatengd skuld (eign) er hallinn eða afgangurinn, leiðréttur með tilliti til áhrifa af takmörkun á hreinni réttindatengdri eign í samræmi við efri mörk eignar.

Hallinn eða afgangurinn er:

a) núvirði réttindatengdrar skuldbindingar að frádregnu

b) gangvirði eigna til greiðslu lífeyris (ef einhverjar eru).

Efri mörk eignar er núvirði efnahagslegs ávinnings sem fáanlegur er sem endurgreiðsla frá kerfinu eða lækkun á framtíðariðgjöldum til kerfisins.

Núvirði réttindatengdrar skuldbindingar er núvirði væntanlegra framtíðargreiðslna sem þarf til að greiða upp skuldbindinguna, sem er til orðin vegna vinnuframlags starfsmanns á núverandi og fyrri tímabilum, án þess að eignir til greiðslu lífeyris séu dregnar frá.

Undir *eignir til greiðslu lífeyris* falla:

a) eignir lífeyrissjóðs með langtímastarfskjör og

b) viðurkenndir tryggingarsamningar.

Eignir lífeyrissjóðs með langtímastarfskjör eru eignir (aðrar en óyfirfæranlegir fjármálagerningar sem fyrirtækið, sem reikningsskilin taka til, gefur út):

a) sem eru í eigu einingar (sjóðs) sem er lagalega aðskilin frá einingunni, sem reikningsskilin taka til, og gegnir einungis því hlutverki að greiða eða fjármagna starfskjör, og

b) sem aðeins má nota til að greiða eða fjármagna starfskjör, sem lánardrottnar einingarinnar sem reikningsskilin taka til, hafa ekki aðgang að (jafnvel við gjaldþrot) og ekki er hægt að skila aftur til einingarinnar sem reikningsskilin taka til nema annaðhvort:

i. eftirstandandi eignir sjóðsins nægi til að standa við allar tengdar eftirlaunaskuldbindingar kerfisins eða einingarinnar sem reikningsskilin taka til, eða

ii. eignunum sé skilað til einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, til að endurgreiða því þau starfskjör sem þegar eru greidd.

Viðurkenndur tryggingarsamningur er tryggingarskírteini([3]) sem gefið er út af vátryggjanda sem er ekki tengdur aðili einingarinnar sem reikningsskilin taka til (eins og skilgreint er í IAS-staðli 24, *upplýsingagjöf um viðskipti tengdra aðila*) ef andvirði tryggingasamningsins:

a) er aðeins nýtanlegt til að greiða eða fjármagna starfskjör í réttindatengdu kerfi og

b) er ekki aðgengilegt lánardrottnum einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, (jafnvel við gjaldþrot) og ekki er hægt að greiða það einingunni sem reikningsskilin taka til, nema annaðhvort:

i. andvirðið sýni umframeignir, sem ekki eru nauðsynlegar til að með tryggingasamningnum sé staðið við allar tengdar eftirlaunaskuldbindingar, eða

ii. andvirðinu sé skilað til einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, til að endurgreiða því þau starfskjör sem þegar eru greidd.

Gangvirði er sú fjárhæð sem unnt er að selja eign fyrir eða gera upp skuld með í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.

Skilgreiningar sem varða réttindatengdan kostnað

Til *kostnaðar vegna réttindaávinnslu* telst:

a) *kostnaður við réttindaávinnslu tímabils* er hækkun á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar sem er til orðin vegna vinnuframlags starfsmanns á yfirstandandi tímabili,

b) *kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila* er breyting á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar vegna vinnuframlags starfsmanns á fyrra tímabili, sem er til orðin vegna breytingar á kerfi (innleiðing á eða úrsögn úr, eða breytingar á, réttindatengdu kerfi) eða réttindaskerðingar (veruleg fækkun einingar á fjölda starfsmanna sem falla undir kerfið) og

c) allur hagnaður eða tap við uppgjör.

Hreinir vextir af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) er breytingin sem á sér stað á tímabilunum á hreinni réttindatengdri skuld (eign) sem rekja má til framrásar tímans.

Til *endurmats á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign)* telst:

a) tryggingafræðilegur hagnaður og tap,

b) ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris, að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuld (eign), og

c) allar breytingar á áhrifum efri marka eigna, að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdra skuldbindingu (eign).

Tryggingafræðilegur hagnaður og tap er breyting á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar sem kemur til af:

a) reynsluleiðréttingum (áhrifum af mismun á fyrri tryggingafræðilegum forsendum og því sem gerðist í raun) og

b) áhrifum af breytingum á tryggingafræðilegum forsendum.

Ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris eru vextir, arður og aðrar tekjur af eignum til greiðslu lífeyris, ásamt innleystum og óinnleystum hagnaði eða tapi af eignum kerfisins, að frádregnum:

a) öllum kostnaði við að stýra eignum til greiðslu lífeyris og

b) öllum sköttum sem kerfinu sjálfu ber að greiða, að undanskildum sköttum sem teljast til tryggingafræðilegra forsenda sem beitt er til meta núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar.

([3]) Viðurkenndur tryggingarsamningur er ekki endilega vátryggingasamningur eins og þeir eru skilgreindir í IFRS-staðli 4, *vátryggingasamningar.*

Uppgjör eru viðskipti sem eyða öllum frekari lagalegum eða ætluðum skuldbindingum vegna hluta eða allra kjara sem veitt eru samkvæmt réttindatengdu kerfi, öðrum en greiðslu kjara til, eða fyrir hönd, starfsfólks sem sett er fram í skilmálum kerfisins og talið er upp í tryggingafræðilegu forsendunum.

SKAMMTÍMASTARFSKJÖR

9 Í skammtímastarfskjörum felast liðir, svo sem eftirfarandi, ef þess er vænst að þau verði gerð upp að fullu áður en tólf mánuðir eru liðnir frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir inntu af hendi tengt vinnuframlag:

a) laun og framlög til almannatrygginga,

b) greitt orlof og greitt veikindaleyfi,

c) hagnaðarhlutdeild og kaupaukar, og

d) óþeningaleg kjör (s.s. læknisþjónusta, húsnæði, bifreiðar og ókeypis eða niðurgreiddar vörur eða þjónusta) til núverandi starfsmanna.

10 Eining þarf ekki að endurflokka skammtímastarfskjör ef hún væntir þess að tímasetning uppgjörs breytist tímabundið. Ef eiginleikar kjaranna breytast (s.s. breyting úr óuppsafnanlegum kjörum yfir í uppsafnanleg kjör) eða ef breyting á væntanlegri tímasetningu uppgjörs er ekki tímabundin skal einingin þó taka til athugunar hvort kjörin uppfylli ennþá skilgreininguna á skammtímastarfskjörum.

Færsla og mat

Öll skammtímastarfskjör

11 Þegar starfsmaður hefur innt af hendi vinnuframlag fyrir einingu á reikningsskilatímabili skal einingin færa óafvaxtaða fjárhæð skammtímastarfskjara, sem vænst er að verði greidd í skiptum fyrir það vinnuframlag:

a) sem skuld (áfallin gjöld) eftir að frá hefur verið dregin sú fjárhæð sem þegar er greidd. Ef fjárhæðin, sem þegar er greidd, er hærri en óafvöxtuð fjárhæð kjaranna skal eining eignfæra þá umframfjárhæð (fyrirframgreiddur kostnaður) að því marki sem fyrirframgreiðslan leiðir t.d. til lækkunar á framtíðargreiðslum eða til endurgreiðslu í handbæru fé.

b) sem gjöld, nema gerð sé krafa um það í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða það heimilað að kjörin séu meðtalin í kostnaðarverði eignar (sjá t.d. IAS-staðal 2, *birgðir*, og IAS-staðal 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*).

12 Í 13., 16. og 19. lið er útskýrt hvernig eining skal beita 11. lið að því er varðar skammtímastarfskjör sem eru í formi launaðra fjarvista og hagnaðarskipta- og kaupaukakerfa.

Launaðar skammtímafjarvistir

13 Eining skal færa væntanlegan kostnað vegna skammtímastarfskjara sem eru í formi launaðra fjarvista skv. 11. lið sem hér segir:

a) þegar um er að ræða uppsafnanlegar, launaðar fjarvistir þegar starfsmenn inna af hendi vinnuframlag sem eykur rétt þeirra til launaðra fjarvista í framtíðinni,

b) þegar um er að ræða óuppsafnanlegar, launaðar fjarvistir þegar fjarvistirnar eiga sér stað.

14 Eining kann að greiða starfsmönnum laun í fjarvistum af ýmsum ástæðum, þ.m.t. vegna orlofs, veikinda og tímabundinnar örorku, mæðra- og feðraorlofs, setu í kviðdómi og herþjónustu. Réttur til launaðra fjarvista er tvenns konar:

a) uppsafnanlegur, og

b) óuppsafnanlegur.

15 Uppsafnanlegar, launaðar fjarvistir eru þær sem unnt er að yfirfæra og nýta á framtíðartímabilum ef réttur á yfirstandandi tímabili er ekki nýttur að fullu. Uppsafnanlegar, launaðar fjarvistir eru annaðhvort áunnar og óskilyrtar (með öðrum orðum eiga starfsmenn rétt á greiðslu í handbæru fé vegna ónotaðra réttinda þegar þeir

hætta störfum) eða óáunnar (þegar starfsmenn eiga ekki rétt á greiðslu í handbæru fé vegna ónotaðra réttinda þegar þeir hætta). Skuldbinding verður til þegar starfsmenn inna af hendi vinnuframlag sem eykur rétt þeirra á launuðum fjarvistum í framtíðinni. Skuldbindingin er til staðar og er færð jafnvel þótt launaðar fjarvistir séu óáunnar og þótt sá möguleiki, að starfsmenn hætti áður en þeir nota uppsöfnuð, óáunnin réttindi, hafi áhrif á mat á þessari skuldbindinu.

16 Eining skal meta væntanlegan kostnað vegna uppsafnaðra, launaðra fjarvista sem viðbótarfjárhæð sem einingin væntir að greiða vegna ónotaðra réttinda sem hafa safnast upp miðað við lok reikningsskilatímabils.

17 Samkvæmt þeirri aðferð, sem tilgreind er í liðnum hér að framan, er skuldbindingin metin sem sú fjárhæð viðbótargreiðslna sem vænst er að myndist eingöngu vegna þess að vitað er að kjörin safnast upp. Í mörgum tilfellum þarf eining ekki að beita nákvæmum útreikningum til að áætla að ekki sé fyrir hendi veruleg skuldbinding vegna ónotaðra, launaðra fjarvista. Skuldbinding vegna veikindaleyfis myndi t.d. aðeins teljast veruleg ef til er formlegt eða óformlegt samkomulag um að nýta megi ónotað, launað veikindaleyfi sem launað orlof.

Dæmi til skýringar á 16. og 17. lið

Eining hefur 100 starfsmenn og á hver þeirra rétt á launuðu veikindaleyfi fimm vinnudaga á hverju ári. Ónotað veikindaleyfi má færa yfir á næsta almanaksár. Veikindaleyfi er fyrst dregið af réttindum á yfirstandandi ári og síðan af þeim réttindum sem voru yfirfærð frá árinu á undan (samkvæmt LIFO-aðferðinni). Hinn 31. desember 20X1 er meðaltal ónotaðra réttinda tveir dagar á hvern starfsmann. Byggt á fyrri reynslu, sem gert er ráð fyrir að framhald verði á, væntir einingin þess að 92 starfsmenn noti ekki meira en fimm daga í launað veikindaleyfi á árinu 20X2 og að starfsmennirnir átta, sem eftir eru, noti að meðaltali sex og hálfan dag hver.

Einingin væntir þess að greiða tólf daga til viðbótar af launuðu veikindaleyfi vegna ónotaðra réttinda sem safnast hafa upp fram til 31. desember 20X1 (átta starfsmenn sem hver fær einn og hálfan dag). Einingin færir því skuld sem nemur tólf launuðum veikindadögum.

18 Óuppsafnanleg launuð fjarvera fyrnist ef réttindi á yfirstandandi tímabili eru ekki nýtt að fullu og veita starfsmönnum ekki rétt á greiðslu í handbæru fé vegna ónotaðra réttinda þegar þeir hætta störfum hjá einingunni. Þetta á almennt við um launuð veikindaleyfi (að því marki sem ónotuð fyrri réttindi auka ekki framtíðarréttindi), mæðra- og feðraorlof og launaðar fjarvistir vegna setu í kviðdómi eða herþjónustu. Eining færir ekki skuld eða gjöld fyrr en fjarvistin á sér stað vegna þess að sú fjárhæð, sem kjörin veita, hækkar ekki vegna vinnuframlags starfsmanna.

Hagnaðarskipta- og kaupaukakerfi

19 Fyrirtæki skal færa væntanlegan kostnað vegna hagnaðarskipta- og kaupaukagreiðslna skv. 11. lið þá og því aðeins:

a) að einingin hafi núverandi lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að inna af hendi slíkar greiðslur vegna fyrri atburða og

b) að unnt sé að meta skuldbindinguna á áreiðanlegan hátt.

Núverandi skuldbinding er fyrir hendi þegar og aðeins þegar einingin á ekki annan raunhæfan kost en að inna af hendi greiðslur.

20 Samkvæmt sumum hagnaðarskiptakerfum fá starfsmenn einungis hluta af hagnaði ef þeir starfa hjá einingunni í tiltekinn tíma. Slík kerfi skapa ætlaða skuldbindingu þar sem starfsmenn inna af hendi vinnuframlag sem hækkar fjárhæðina sem greiðist ef þeir starfa til loka tiltekins tímabils. Mat á slíkum ætluðum skuldbindingum endurspeglar þann möguleika að sumir starfsmenn hætti án þess að fá hagnaðarskiptagreiðslur.

Dæmi til skýringar á 20. lið

Í hagnaðarskiptakerfi er gerð krafa um að eining greiði starfsmönnum, sem starfa allt árið, tiltekið hlutfall af hagnaði þess á árinu. Ef engir starfsmenn hætta á árinu eru heildarhagnaðarskiptagreiðslur fyrir árið 3% af hagnaði. Einingin áætlar að starfsmannavelta lækki greiðslurnar í 2,5% af hagnaði.

Einingin færir skuld og gjöld sem nema 2,5% af hagnaði.

21 Verið getur að eining beri ekki neina lagalega skuldbindingu til að greiða kaupauka. Engu að síður er í sumum tilvikum venja hjá einingu að greiða kaupauka. Í slíkum tilvikum ber einingin ætlaða skuldbindingu vegna þess að einingin á ekki annan raunhæfan kost en að greiða kaupaukann. Mat á ætluðu skuldbindingunni endurspeglar þann möguleika að sumir starfsmenn hætti án þess að fá kaupauka.

22 Eining getur metið lagalega eða ætlaða skuldbindingu sína á áreiðanlegan hátt samkvæmt hagnaðarskipta- eða kaupaukakerfi þá og því aðeins að:

a) formlegir skilmálar kerfisins innihaldi reiknireglu til að ákvarða fjárhæð kjaranna,

b) einingin ákvarði fjárhæðir til greiðslu áður en reikningsskilin eru heimiluð til birtingar eða

c) fyrri venjur sýni með skýrum hætti fjárhæð ætlaðrar skuldbindingar einingarinnar.

23 Skuldbinding samkvæmt hagnaðarskipta- og kaupaukakerfi verður til vegna vinnuframlags starfsmanna en ekki vegna viðskipta við eigendur einingarinnar. Þar af leiðandi færir eining kostnað vegna hagnaðarskipta- og kaupaukakerfa sem gjöld en ekki sem úthlutun hagnaðar.

24 Ef þess er ekki vænst að hagnaðarskipta- og kaupaukagreiðslur verði gerðar upp að fullu innan 12 mánaða frá lokum árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir veittu hið tengda vinnuframlag teljast þær greiðslur önnur langtímastarfskjör (sjá 153.–158. lið).

Upplýsingagjöf

25 Þó að í þessum staðli sé ekki gerð krafa um sérstakar upplýsingar um skammtímastarfskjör getur verið gerð krafa um upplýsingar í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í IAS-staðli 24 er t.d. krafist upplýsinga um starfskjör lykilstarfsmanna í stjórnunarstöðum. Í IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, er gerð krafa um upplýsingar um kostnað vegna starfskjara.

EFTIRLAUNAKJÖR: AÐGREINING Á IÐGJALDATENGDUM KERFUM OG RÉTTINDATENGDUM KERFUM

26 Eftirlaunakjör eru m.a. eftirfarandi liðir:

a) eftirlaun (t.d. lífeyrir og eingreiðslur við starfslok) og

b) önnur eftirlaunakjör, s.s. líftryggingar og læknisþjónustu eftir starfslok.

Fyrirkomulag, sem felur í sér að eining veitir kjör sem falla til eftir starfslok, er eftirlaunakerfi. Eining beitir þessum staðli gagnvart öllu slíku fyrirkomulagi hvort sem það felur í sér stofnun sérstakrar einingar til að taka á móti iðgjöldum og greiða út kjör eða ekki.

27 Eftirlaunakerfi eru flokkuð annaðhvort sem iðgjaldatengd kerfi eða réttindatengd kerfi eftir því hvert efnahagslegt inntak kerfisins er sem leiðir af meginskilmálum og skilyrðum þess.

28 Samkvæmt iðgjaldatengdum kerfum takmarkast lagaleg eða ætluð skuldbinding einingar við þá fjárhæð sem það samþykkir að leggja til kerfisins. Þannig er fjárhæð kjara sem falla til eftir starfslok, sem starfsmaður fær, ákvörðuð út frá fjárhæð iðgjalda sem eining greiðir (og jafnvel starfsmaðurinn líka) til eftirlaunakerfis eða tryggingafélags ásamt ávöxtun fjárfestinga sem verður vegna iðgjaldanna. Tryggingafræðileg áhætta (að kjör verði lægri en vænst var) og fjárfestingaráhætta (að fjárfestar eignir nægi ekki til greiðslu væntra kjara) lendir þar af leiðandi aðallega á starfsmanninum.

29 Dæmi um tilvik, þar sem skuldbinding einingar takmarkast ekki við þá fjárhæð sem það samþykkir að leggja til kerfisins, eru t.d. þegar einingin ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna:

a) reiknireglu kerfis sem er ekki aðeins tengd fjárhæð iðgjalda og krefst þess að einingin greiði frekari iðgjöld ef eignir eru ekki nægar til að uppfylla kjörin í tengslum við reiknireglu kerfisins,

b) ábyrgðar á tiltekinni ávöxtun iðgjalda, ýmist óbeint í gegnum kerfi eða beint, eða

c) óformlegra venja sem skapa ætlaða skuldbindingu. Sem dæmi verður ætluð skuldbinding til þegar venja einingar er að hækka kjör fyrrum starfsmanna til að halda í við verðbólgu jafnvel þótt ekki sé fyrir hendi lagaleg skuldbinding um að það sé gert.

30 Í réttindatengdum kerfum:

a) er eining skuldbundin til að veita núverandi og fyrrverandi starfsmönnum umsamin kjör og

b) tryggingafræðileg áhætta (að kjör kosti meira en vænst var) og fjárfestingaráhætta lendir í raun á einingunni. Ef tryggingafræðileg eða fjárfestingarleg reynsla er verri en vænst var getur skuldbinding einingarinnar aukist.

31 Í 32.–49. lið er mismunurinn á iðgjaldatengdum kerfum og réttindatengdum kerfum útskýrður í tengslum við sameiginleg kerfi margra launagreiðenda, réttindatengd kerfi sem deila áhættunni milli ýmissa eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum, opinber kerfi og tryggð kjör.

Sameiginleg kerfi margra launagreiðenda

32 Eining skal flokka sameiginlegt kerfi margra launagreiðenda sem iðgjaldatengt kerfi eða réttindatengt kerfi samkvæmt skilmálum kerfisins (þ.m.t. allar ætlaðar skuldbindingar sem gilda umfram formlega skilmála).

33 Ef eining tekur þátt í sameiginlegu, réttindatengdu kerfi margra launagreiðenda, nema ákvæði 34. liðar gilda, skal einingin:

a) færa hlutfallslegan hlut sinn í réttindatengdu skuldbindingunni, eignir til greiðslu lífeyris og kostnað tengdan kerfinu, á sama hátt og hvert annað réttindatengt kerfi er fært og

b) birta upplýsingarnar sem krafist er í 135.–148. lið (að undanskildum d-lið 148. liðar).

34 Þegar ekki eru nægilegar upplýsingar fyrir hendi til að nota reikningsskilaaðferðir réttindatengds kerfis fyrir sameiginlegt, réttindatengt kerfi margra launagreiðenda skal eining:

a) færa kerfið í samræmi við 51. og 52. lið eins og það væri iðgjaldatengt kerfi og

b) gefa þær upplýsingar sem gerð er krafa um í 148. lið.

35 Eitt dæmi um sameiginlegt, réttindatengt kerfi margra launagreiðenda er þegar:

a) kerfi er fjármagnað með gegnumstreymiskerfi: iðgjöld eru miðuð við að þau nægi til að greiða þau kjör sem koma til greiðslu á sama tímabili og framtíðarkjör, sem ávinnast á yfirstandandi tímabili, greiðast af framtíðarframlögum, og

b) kjör starfsmanna ákvarðast af starfsaldri þeirra og hlutaðeigandi einingar eiga ekki raunhæfan kost á að draga sig út úr kerfinu nema með því að greiða iðgjöld fyrir þau kjör sem starfsmenn ávinna sér fram að dagsetningu úrsagnar. Slíkt kerfi hefur í för með sér tryggingafræðilega áhættu fyrir einingunа: ef endanlegur kostnaður við kjör, sem þegar hafa áunnist miðað við lok reikningsskilatímabils, er meiri en vænst var þarf einingin annaðhvort að hækka iðgjöld sín eða sannfæra starfsmenn um að sættast á lækkun kjara. Þess vegna er slíkt kerfi réttindatengt kerfi.

36 Þegar nægilegar upplýsingar eru fyrir hendi um sameiginlegt, réttindatengt kerfi margra launagreiðenda færir eining hlut sinn í réttindatengdu skuldbindingunni, eignir til greiðslu lífeyris og kostnað sem fellur til eftir starfslok, sem tengist kerfinu, á sama hátt og hvert annað réttindatengt kerfi er fært. Hins vegar getur verið að eining geti ekki tilgreint hluta sinn í undirliggjandi fjárhagsstöðu og afkomu kerfisins á nógu áreiðanlegan hátt fyrir reikningshald. Þetta getur gerst ef:

a) kerfið hefur þau áhrif að hlutaðeigandi einingar standi berskjaldaðar fyrir tryggingafræðilegri áhættu, sem tengist núverandi og fyrrverandi starfsmönnum annarra eininga, með þeim afleiðingum að enginn stöðugur og áreiðanlegur grundvöllur er fyrir hendi til að skipta skuldbindingunni, eignum til greiðslu lífeyris og kostnaði niður á einstakar einingar sem þátt taka í kerfinu, eða

b) einingin hefur ekki aðgang að nægum upplýsingum um kerfið sem fullnægja kröfunum í þessum staðli.

Í þessum tilvikum færir eining kerfið eins og það væri réttindatengt kerfi og veitir þær upplýsingar sem gerð er krafa um skv. 148. lið

37 Samningsbundið samkomulag kann að vera til á milli sameiginlegs kerfis margra launagreiðenda og rétthafa í því sem ákvarðar hvernig tekjuafgangi kerfisins verður dreift til rétthafanna (eða hallinn fjármagnaður). Rétthafi í kerfi margra launagreiðenda með slíkt samkomulag sem færir kerfið sem iðgjaldatengt kerfi í samræmi við 34. lið skal færa í rekstrarreikning eignina eða skuldina sem verður til vegna samningsbundna samkomulagsins og tekjurnar eða gjöldin sem af því leiðir.

Dæmi til skýringar á 37. lið([4])

Eining tekur þátt í réttindatengdu kerfi margra launagreiðenda þar sem ekki er gert virðismat á kerfinu á grundvelli IAS-staðals 19. Hún færir því kerfið eins og það væri iðgjaldatengt kerfi. Mat á fjármögnuninni, sem ekki er gert á grundvelli IAS-staðals 19, sýnir að hallinn á kerfinu nemur 100 milljónum GE*. Samningur hefur verið gerður milli kerfisins og hlutaðeigandi vinnuveitenda um greiðsluáætlun fyrir framlög þeirra til kerfisins sem mun eyða hallanum á næstu fimm árum. Heildarframlög einingarinnar samkvæmt samningnum nema 8 milljónum GE.

Einingin færir framlögin sem skuld, leiðrétt með tilliti til tímavirðis peninga, og færir jafnháan kostnað í rekstrarreikning.

38 Sameiginleg lífeyriskerfi margra launagreiðenda eru ólík samrekstri kerfa. Samrekstur kerfa er aðeins samsafn kerfa einstakra launagreiðenda sem gerir hlutaðeigandi launagreiðendum kleift að samnýta eignir sínar til fjárfestinga og lækka kostnað vegna fjárfestingastýringar og rekstrarkostnað, en kröfum mismunandi launagreiðenda er haldið aðgreindum til hagsbóta fyrir þeirra eigin starfsmenn eingöngu. Samrekstur kerfa veldur engum sérstökum erfiðleikum í reikningshaldi vegna þess að upplýsingar eru mjög aðgengilegar til að meðhöndla hann á sama hátt og kerfi einstakra launagreiðenda og vegna þess að slík kerfi hafa ekki þau áhrif að hlutaðeigandi einingar standa ekki berskjaldaðar fyrir tryggingafræðilegri áhættu sem tengist núverandi og fyrrverandi starfsmönnum annarra eininga. Samkvæmt skilgreiningunum í þessum staðli er gerð krafa um að einingar flokki samrekstur kerfa sem iðgjaldatengt kerfi eða réttindatengt kerfi í samræmi við skilmála kerfisins (þ.m.t. allar ætlaðar skuldbindingar sem gilda umfram formlega skilmála).

39 Við ákvörðun á því hvenær skal færa og hvernig skal meta, skuldbindingu í tengslum við slit sameiginlegs, réttindatengds kerfis margra launagreiðenda, eða úrsögn einingarinnar úr sameiginlegu, réttindatengdu kerfi margra launagreiðenda, skal eining beita IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

Réttindatengd kerfi sem deila áhættunni milli eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum

40 Réttindatengd kerfi, sem deila áhættu milli eininga sem lúta sameiginlegum yfirráðum, t.d. móðurfélags og dótturfélaga þess, eru ekki sameiginleg kerfi margra launagreiðenda.

41 Eining sem tekur þátt í slíku kerfi skal afla upplýsinga um kerfið í heild og skal það metið í samræmi við þennan staðal á grundvelli forsendna sem gilda um kerfið í heild. Ef fyrir hendi er samningsbundið samkomulag eða yfirlýst stefna um að gjaldfæra á einstakar einingar innan samstæðunnar hreinan, réttindatengdan kostnað, að því er varðar kerfið í heild, metið í samræmi við þennan staðal, skal einingin færa hreinan, réttindatengdan kostnað, eins og hann er gjaldfærður, í aðgreind eða eigin reikningsskil. Ef slíkur samningur eða stefna er ekki fyrir hendi skal færa hreinan, réttindatengdan kostnað í aðgreind eða eigin reikningsskil þeirrar einingar innan samstæðunnar sem lögum samkvæmt er sá vinnuveitandi sem fjármagnar kerfið. Aðrar einingar innan samstæðunnar færa kostnað, sem er jafnhár framlagi þeirra til greiðslu á tímabilinu, í aðgreind eða eigin reikningsskil.

([4]) Í þessum staðli eru fjárhæðir tilgreindar í „gjaldmiðilseiningum“ (GE).

42 Þátttaka í slíku kerfi er viðskipti tengdra aðila að því er varðar hverja einstaka einingu innan samstæðunnar. Eining skal því birta upplýsingarnar, sem krafist er í 149. lið, í aðgreindum eða eigin reikningsskilum.

Opinber kerfi

43 Eining skal færa opinbert kerfi á sama hátt og sameiginlegt kerfi margra launagreiðenda er fært (sjá 32.–39. lið).

44 Opinber kerfi eru stofnuð með lagasetningu til að ná til allra eininga (eða allra eininga í ákveðnum flokki, t.d. sérstakrar atvinnugreinar) og eru rekin af ríkis- eða sveitastjórnum eða öðrum aðilum (t.d. sjálfstæðri stofnun sem komið er á fót í þessum sérstaka tilgangi) sem eru ekki undir stjórn eða áhrifum einingarinnar sem reikningsskilin taka til. Sum kerfi, sem eining stofnar, veita bæði skyldukjör, sem koma í stað kjara, sem annars myndu falla undir opinber kerfi, og frjáls viðbótarkjör. Slík kerfi eru ekki opinber kerfi.

45 Opinber kerfi eru skilgreind sem réttindatengd eða iðgjaldatengd kerfi með hliðsjón af skuldbindingum einingarinnar samkvæmt kerfinu. Mörg opinber kerfi eru fjármögnuð með gegnumstreymiskerfi: iðgjöld eru miðuð við að þau nægi til að greiða þau kjör sem koma til greiðslu á sama tímabili og framtíðarkjör, sem ávinnast á yfirstandandi tímabili, greiðast af framtíðarframlögum. Í flestum, opinberum kerfum ber einingin samt sem áður enga lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessi framtíðarkjör: eina skuldbinding hennar er að greiða iðgjöldin þegar þau koma til greiðslu og ef einingin hættir að ráða starfsmenn, sem eru rétthafar í opinbera kerfinu, er hún ekki skuldbundin til þess að greiða út kjörin sem starfsmenn hennar unnu sér inn á fyrri árum. Af þessum sökum eru opinber kerfi venjulega iðgjaldatengd kerfi. Þegar opinbert kerfi er réttindatengt kerfi, beitir eining hins vegar ákvæðum 32.–39. liðar.

Tryggð kjör

46 Einingu er heimilt að greiða tryggingariðgjöld til að fjármagna eftirlaunakerfi. Einingin skal fara með slíkt lífeyriskerfi sem iðgjaldatengt kerfi nema einingin beri (ýmist beint eða óbeint í gegnum kerfið) lagalega eða ætlaða skuldbindingu til þess annaðhvort að:

a) greiða starfskjörin beint þegar þau koma til greiðslu eða

b) greiða frekari fjárhæðir ef vátryggjandi greiðir ekki út öll framtíðarstarfskjör sem tengjast vinnuframlagi starfsmanna á yfirstandandi og fyrri tímabilum.

Ef einingin heldur slíkri lögformlegri eða ætlaðri skuldbindingu skal einingin meðhöndla kerfið sem réttindatengt kerfi.

47 Ekki er nauðsynlegt að kjör, sem tryggð eru með vátryggingarsamningi, séu í beinum eða sjálfvirkum tengslum við skuldbindingu einingarinnar vegna starfskjara. Eftirlaunakerfi, sem fela í sér vátryggingarsamninga, falla undir sömu aðgreiningu á reikningshaldi og fjármögnun eins og önnur fjármögnuð kerfi.

48 Þegar eining fjármagnar eftirlaunaskuldbindingu með iðgjaldi til tryggingarskírteinis sem felur í sér að einingin (annaðhvort, beint eða óbeint í gegnum kerfið, með því að fylgja ferlinu, sem ákvarðar framtíðariðgjöld, eða í gegnum tengsl við vátryggjanda) heldur áfram lagalegri eða ætlaðri skuldbindingu, jafngildir greiðsla iðgjaldanna ekki iðgjaldatengdu fyrirkomulagi. Af því leiðir að einingin:

a) færir viðurkenndan tryggingarsamning sem eign til greiðslu lífeyris (sjá 8. lið) og

b) færir aðra vátryggingarsamninga sem endurgreiðsluréttindi (ef skírteinin uppfylla skilyrðin í 116. lið).

49 Þegar vátryggingarsamningur er í nafni sérstaks þátttakanda í kerfi eða hóps þátttakenda í kerfi og einingin hefur enga lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða fyrir tap á vátryggingarsamningnum er einingin ekki skuldbundin til að greiða starfsmönnum kjör og vátryggjandi ber þá einn ábyrgð á greiðslu fyrir kjörin. Greiðsla

fastra iðgjalda samkvæmt slíkum samningum er í eðli sínu uppgreiðsla starfskjaraskuldbindingar fremur en fjárfesting til að uppfylla skuldbindinguna. Af þessu leiðir að einingin á ekki lengur eign eða skuld. Þess vegna fer eining með slíkar greiðslur sem iðgjöld til iðgjaldatengds kerfis.

EFTIRLAUNAKJÖR: IÐGJALDATENGD KERFI

50 Einfalt er að færa iðgjaldatengd kerfi vegna þess að skuldbinding einingarinnar, sem reikningsskilin taka til, fyrir hvert tímabil ákvarðast af fjárhæðunum sem lagðar verða fram fyrir það tímabil. Af þessu leiðir að engar tryggingafræðilegar forsendur þarf til að meta skuldbindinguna eða gjöldin og enginn möguleiki er á tryggingafræðilegum hagnaði eða tapi. Skuldbindingarnar eru þar að auki metnar á óafvöxtuðum grunni nema þegar þær gjaldfalla ekki að öllu leyti innan tólf mánaða eftir lok árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir veittu hið tengda vinnuframlag.

Færsla og mat

51 Þegar starfsmaður hefur innt af hendi vinnuframlag fyrir einingu á tímabili skal einingin færa iðgjöldin, sem greiðast skulu í iðgjaldatengt kerfi í skiptum fyrir það vinnuframlag:

a) sem skuld (áfallin gjöld) eftir að frá hafa verið dregin þau iðgjöld sem þegar eru greidd. Ef iðgjöldin, sem þegar hafa verið greidd, eru hærri en iðgjaldið sem greiða skal vegna vinnuframlags fyrir lok reikningsskilatímabils skal eining eignfæra umframfjárhæðina (fyrirframgreidd gjöld) að því marki sem fyrirframgreiðslan leiðir t.d. til lækkunar á framtíðargreiðslum eða til endurgreiðslu handbærs fjár,

b) sem gjöld nema gerð sé krafa um það í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða það heimilað að iðgjöldin séu meðtalin í kostnaðarverði eignar (sjá t.d. IAS-staðal 2 og IAS-staðal 16).

52 Ef þess er vænst að iðgjöld til iðgjaldatengds kerfis verði ekki gerð upp að fullu innan 12 mánaða eftir lok árlega reikningsskilatímabilsins þegar starfsmennirnir inna af hendi hið tengda vinnuframlag skulu þau núvirt með þeim afvöxtunarstuðli sem tilgreindur er í 83. lið

Upplýsingagjöf

53 Eining skal veita upplýsingar um þá fjárhæð sem gjaldfærð er í iðgjaldatengdum kerfum.

54 Eining gefur upplýsingar um iðgjöld í iðgjaldatengd kerfi vegna lykilstjórnenda þegar gerð er krafa um það samkvæmt IAS-staðli 24.

EFTIRLAUNAKJÖR: RÉTTINDATENGD KERFI

55 Færsla réttindatengdra kerfa er flókin vegna þess að gerð er krafa um tryggingafræðilegar forsendur til að meta skuldbindinguna og gjöldin og möguleiki er á tryggingafræðilegum hagnaði eða tapi. Skuldbindingarnar eru þar að auki metnar á afvöxtuðum grunni vegna þess að verið getur að þær verði greiddar upp mörgum árum eftir að starfsmennirnir inntu af hendi hið tengda vinnuframlag.

Færsla og mat

56 Réttindatengd kerfi geta verið ófjármögnuð eða fjármögnuð að hluta til eða að öllu leyti með iðgjöldum frá einingu og stundum frá starfsmönnum hennar í einingu eða sjóð sem er lagalega aðskilinn frá einingunni sem reikningsskilin taka til og sem starfskjörin eru greidd úr. Greiðsla á fjármögnuðum kjörum, þegar þau koma til greiðslu, veltur ekki aðeins á fjárhagsstöðu og fjárfestingarárangri sjóðsins heldur líka á getu (og vilja) einingarinnar til að bæta fyrir skort í eignum sjóðsins. Einingin er því í raun að veita tryggingu gegn tryggingafræðilegri áhættu og fjárfestingaráhættu sem tengist kerfinu. Af því leiðir að gjöldin, sem eru færð í réttindatengt kerfi, eru ekki endilega fjárhæð framlagsins sem er gjaldkræft fyrir tímabilið.

57 Færsla einingarinnar vegna réttindatengdra kerfa felur í sér eftirfarandi skref:

a) ákvörðun á afgangi eða halla. Í þessu felst:

i. notkun tryggingafræðilegrar aðferðar, aðferðarinnar sem miðast við áunnin réttindi, til að framkvæma áreiðanlegt mat á endanlegum kostnaði einingar vegna kjara sem starfsfólk hefur áunnið sér fyrir vinnuframlag sitt á yfirstandandi og fyrri tímabilum (sjá 67.–69. lið). Í þessu felst að eining þarf að

ákvarða hversu stórum hluta kjara má skipta á yfirstandandi og fyrri tímabil (sjá 70.–74. lið) og vinna mat (tryggingafræðilegar forsendur) á lýðfræðilegum breytum (s.s. starfsmannaveltu og dánartíðni) og fjárhagslegum breytum (s.s. framtíðarhækkunum á launum og lækniskostnaði) sem munu hafa áhrif á kostnað vegna kjaranna (sjá 75.–98. lið),

ii. að kjör skulu afvöxtuð til að ákvarða núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar og kostnað vegna réttindaávinnslu tímabilsins (sjá 67.–69. lið og 83.–86. lið),

iii. frádráttur gangvirðis allra eigna til greiðslu lífeyris (sjá 113.–115. lið) frá núvirði réttindatengdu skuldbindingarinnar,

b) ákvörðun á fjárhæð hreinu réttindatengdu skuldbindingarinnar (eignarinnar) sem fjárhæð hallans eða afgangsins sem ákvarðaður er í a-lið, leiðrétt með tilliti til áhrifa takmörkunar á hreinu réttindatengdu skuldbindingunni vegna efri marka eignar (sjá 64. lið),

c) ákvörðun fjárhæða sem skal færa í rekstrarreikning:

i. kostnaðar við réttindaávinnslu tímabilsins (sjá 70.–74. lið),

ii. alls kostnaðar vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila og hagnaður eða tap við uppgjör (sjá 99.–112. lið),

iii. hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 123.–126. lið),

d) ákvörðun á endurmati á hreinu réttindatengdu skuldbindingunni (eigninni), sem skal færa í aðra heildarafkomu, sem samanstendur af:

i. tryggingafræðilegum hagnaði (sjá 128. og 129. lið),

ii. ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris, að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (sjá 130. lið) og

iii. allar breytingar á áhrifum efri marka eigna (sjá 64. lið), að undanskildum fjárhæðum sem teljast til hreinna vaxta af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign).

Ef eining er með fleiri en eitt réttindatengt kerfi beitir einingin þessum aðferðum sérstaklega á sérhvert lífeyriskerfi sem skiptir máli.

58 Eining skal ákvarða hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) nægilega reglubundið til að fjárhæðirnar, sem færðar eru í reikningsskilin, séu ekki verulega frábrugðnar fjárhæðunum sem yrðu ákvarðaðar við lok reikningsskilatímabilsins.

59 Í staðlinum er hvatt til en ekki gerð krafa um að eining hafi viðurkenndan tryggingafræðing með í ráðum við mat allra verulegra eftirlaunaskuldbindinga. Af hagkvæmnisástæðum kann eining að fara þess á leit við viðurkenndan tryggingafræðing að hann vinni ítarlegt mat á skuldbindingunni fyrir lok reikningsskilatímabilsins. Niðurstöðurnar úr því mati eru engu að síður uppfærðar vegna mikilvægra viðskipta og mikilvægra breytinga á aðstæðum (þ.m.t. breytingar á markaðsvirði og vöxtum) sem kunna að verða fram að lokum reikningsskilatímabilsins.

60 Í sumum tilvikum kann mat, meðaltöl og einfaldaðar reikningsaðferðir að veita áreiðanlega nálgun á þeim ítarlegu útreikningum sem sýndir eru í þessum staðli.

Færsla ætlaðrar skuldbindingar

61 Eining skal ekki einungis færa lagalega skuldbindingu sína samkvæmt formlegum skilmálum réttindatengds kerfis, heldur einnig ætlaðar skuldbindingar sem skapast vegna óformlegra venja einingarinnar. Óformlegar venjur skapa ætlaða skuldbindingu þegar einingin á ekki annan raunhæfan kost en að greiða starfskjör. Dæmi um ætlaða skuldbindingu er þegar breyting á óformlegum venjum einingar myndi valda óásættanlegum skaða á sambandi þess við starfsmenn.

62 Formlegir skilmálar réttindatengds kerfis kunna að heimila einingu að segja upp skuldbindingu sem það ber samkvæmt kerfinu. Samt sem áður er oftast erfitt fyrir einingu að segja upp skuldbindingu sem það ber samkvæmt kerfinu (án greiðslu) ef halda á í starfsmenn. Við færslu eftirlaunakjara er því gert ráð fyrir að eining, sem býður slík kjör, muni halda því áfram það sem eftir er af starfsævi starfsmanna ef ekki eru fyrir hendi gögn sem sýna fram á annað.

Efnahagsreikningur

63 Eining skal færa hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í efnahagsreikninginn.

64 Ef eining á afgang í réttindatengdu kerfi skal það meta hreina réttindatengda eign sem það sem lægra er af:

a) afganginum í réttindatengda kerfinu og

b) efri mörkum eignar, ákvarðað með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í 83. lið.

65 Hrein réttindatengd eign getur myndast þegar réttindatengt kerfi hefur verið offjármagnað eða þegar tryggingafræðilegur hagnaður hefur myndast. Eining færir hreina réttindatengda eign í slíkum tilvikum vegna þess að:

a) einingin hefur yfirráð yfir auðlind sem er getan til að nota afganginn til að af honum verði ávinningur í framtíðinni,

b) þau yfirráð eru afleiðing fyrri atburða (iðgjalda, sem einingin hefur greitt, og vinnuframlags sem starfsmenn hafa innt af hendi) og

c) efnahagslegur ávinningur í framtíðinni er einingunni tiltækur í formi lækkunar á framtíðariðgjöldum eða endurgreiðslu handbærs fjár, annaðhvort beint til einingarinnar eða óbeint til annars lífeyriskerfis með halla. Efri mörk eignar er núvirði þessara framtíðarkjara.

Færsla og mat: Núvirði réttindatengdra skuldbindinga og kostnaður við réttindaávinnslu tímabils

66 Endanlegur kostnaður við réttindatengt kerfi getur verið háður mörgum breytum, s.s. endanlegum launum, starfsmannaveltu og dánartíðni, iðgjöldum vegna starfsmanna og leitni í þróun lækniskostnaðar. Endanlegur kostnaður við kerfið er óviss og líklegt er að þessi óvissa sé langvarandi. Til að meta núvirði eftirlaunaskuldbindinga og tengdan kostnað vegna réttindaávinnslu tímabilsins er nauðsynlegt:

a) að beita tryggingafræðilegri virðismatsaðferð (sjá 67.–69. lið),

b) að tengja kjör við starfstíma (sjá 70.–74. lið) og

c) að búa til tryggingafræðilegar forsendur (sjá 75.–98. lið).

Tryggingafræðileg virðismatsaðferð

67 Eining skal nota aðferðina, sem miðast við áunnin réttindi, til að ákvarða núvirði réttindatengdra skuldbindinga sinna og tengdan kostnað vegna réttindaávinnslu tímabilsins og, þar sem við á, kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila.

68 Samkvæmt aðferðinni, sem miðast við áunnin réttindi (stundum kölluð aðferðin sem miðast við uppsöfnuð kjör sem skiptast hlutfallslega eftir vinnuframlagi eða kjara-/starfsaldursaðferðin) verður til viðbótarkjararéttindaeining fyrir hvern starfstíma (sjá 70.–74. lið) og er sérhver eining metin sérstaklega til þess að mynda lokaskuldbindinguna (sjá 75.–98. lið).

Dæmi til skýringar á 68. lið

Eingreiðsla kjara gjaldfellur við starfslok og jafngildir 1% af endanlegum launum fyrir sérhvert starfsár. Launin eru 10.000 GE fyrsta árið og gert er ráð fyrir því að þau hækki um 7% (samanlagt) á hverju ári. Afvöxtunarstuðullinn sem er notaður er 10% á ári. Taflan hér á eftir sýnir hvernig skuldbindingin myndast vegna starfsmanns sem búist er við að hætti við lok 5. árs, að því gefnu að engar breytingar verði á tryggingafræðilegum forsendum. Til einföldunar er í þessu dæmi ekki gert ráð fyrir þeim viðbótarleiðréttingum sem þyrfti til að endurspegla líkurnar á að starfsmaðurinn hætti hjá einingunni annaðhvort fyrr eða síðar.

Ár	*1*	*2*	*3*	*4*	*5*
	CU	*CU*	*CU*	*CU*	*CU*
Kjör sem skipta má á:					
— fyrri ár	*0*	*131*	*262*	*393*	*524*
— yfirstandandi ár (1% af endanlegum launum)	*131*	*131*	*131*	*131*	*131*
— yfirstandandi og fyrri ár	*131*	*262*	*393*	*524*	*655*
Upphafleg skuldbinding	*—*	*89*	*196*	*324*	*476*
10% vextir	*—*	*9*	*20*	*33*	*48*
Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins	*89*	*98*	*108*	*119*	*131*
Lokaskuldbinding	*89*	*196*	*324*	*476*	*655*

Athugasemd:

1 Upphafleg skuldbinding er núvirði kjara sem skipta má á fyrri ár.

2 Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins er núvirði kjaranna sem skipta má á yfirstandandi ár.

3 Lokaskuldbinding er núvirði kjaranna sem skipta má á yfirstandandi og fyrri ár.

69 Eining núvirðir eftirlaunaskuldbindinguna í heild sinni jafnvel þótt þess sé vænst að hluti skuldbindingarinnar verði gerður upp innan tólf mánaða frá lokum reikningsskilatímabilsins.

Skipting kjara á starfstímabil

70 Eining skal skipta kjörum á starfstíma samkvæmt kjarareikningsreglu kerfisins þegar það ákvarðar núvirði réttindatengdra skuldbindinga sinna og tengdan kostnað vegna réttindaávinnslu tímabilsins og, þegar við á, kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila. Ef vinnuframlag starfsmanns á síðari árum leiðir hins vegar til verulega betri kjara en á fyrri árum skal eining skipta kjörum samkvæmt línulegri aðferð frá:

a) þeim degi þegar vinnuframlag starfsmanns leiðir fyrst til kjara samkvæmt kerfinu (hvort sem þau kjör velta á frekara vinnuframlagi eða ekki) fram að

b) þeim degi þegar frekara vinnuframlag starfsmanns leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara samkvæmt kerfinu, annarra en frekari launahækkana.

71 Samkvæmt aðferðinni, sem miðast við áunnin réttindi, er gerð krafa um að eining skipti kjörum á yfirstandandi tímabil (til að ákvarða kostnað vegna réttindaávinnslu tímabilsins) og yfirstandandi og fyrri tímabil (til að ákvarða núvirði réttindatengdra skuldbindinga). Eining skiptir kjörum á tímabil þegar skuldbindingin um veitingu eftirlaunakjara verður til. Skuldbindingin verður til þegar starfsmenn inna af hendi vinnuframlag í skiptum fyrir kjör sem falla til eftir starfslok sem eining býst við að greiða á reikningsskilatímabilum. Tryggingafræðilegar aðferðir gera einingu kleift að meta skuldbindinguna á nógu áreiðanlegan hátt til að réttlæta skuldfærslu.

Dæmi til skýringar á 71. lið

1 Réttindatengt kerfi felur í sér eingreiðslu lífeyris, að upphæð 100 GE, fyrir hvert starfsár þegar eftirlaunatími hefst.

Kjörum að fjárhæð 100 GE er skipt á hvert ár. Fjárhæð kostnaðar vegna réttindaávinnslu tímabilsins er að núvirði 100 GE. Núvirði réttindatengdrar skuldbindingar er að núvirði 100 GE margfaldað með fjölda starfsára fram að lokum reikningsskilatímabils.

Ef kjörin gjaldfalla um leið og starfsmaðurinn hættir hjá einingunni endurspeglar kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði réttindatengdrar skuldbindingar þann dag sem vænst er að starfsmaðurinn hætti. Vegna áhrifa afvöxtunar eru þau því lægri en þær fjárhæðir sem ákvarðaðar yrðu ef starfslok starfsmannsins væru miðuð við lok reikningsskilatímabils.

2 Lífeyriskerfi veitir mánaðarlegan lífeyri sem nemur 0,2% af endanlegum launum fyrir sérhvert starfsár. Lífeyririnn kemur til greiðslu frá 65 ára aldri.

Kjör, sem jafngilda núvirði mánaðarlegs lífeyris á áætluðum eftirlaunadegi, sem er 0,2% af áætluðum endanlegum launum og greiðast frá væntanlegum eftirlaunadegi til væntanlegs dánardags, eru tengd sérhverju starfsári. Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins er núvirði þeirra kjara. Núvirði réttindatengdrar skuldbindingar er núvirði mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna, sem nema 0,2% af endanlegum launum, margfaldað með fjölda starfsára fram að lokum reikningsskilatímabils. Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði réttindatengdrar skuldbindingar er afvaxtaður vegna þess að lífeyrisgreiðslur hefjast við 65 ára aldur.

72 Vinnuframlag starfsmanna skapar skuldbindingu samkvæmt réttindatengdu kerfi jafnvel þótt kjörin séu háð framtíðarstarfi (með öðrum orðum þau eru skilyrt). Vinnuframlag starfsmanna fyrir þann dag sem kjörin ávinnast og verða óskilyrt skapar ætlaða skuldbindingu vegna þess að við lok sérhvers reikningsskilatímabils sem fylgir á eftir minnkar það vinnuframlag sem starfsmaður þarf að skila áður en hann öðlast rétt til kjaranna. Við mat réttindatengdrar skuldbindingar athugar eining líkurnar á hvort sumir starfsmenn uppfylli engar kröfur um óskilyrt áunnin kjör. Jafnvel þótt sum eftirlaunakjör, t.d. eftirlaunakjör sem tengjast læknisþjónustu, komi aðeins til greiðslu ef tilgreindur atburður á sér stað þegar starfsmaður gegnir ekki lengur starfi, skapast á svipaðan hátt skuldbinding þegar starfsmaður skilar vinnuframlagi sem veitir honum réttindi til kjaranna ef tilgreindur atburður á sér stað. Líkurnar á því að tilgreindur atburður muni eiga sér stað hefur áhrif á mat skuldbindingarinnar en ákvarða ekki hvort skuldbindingin er fyrir hendi.

Dæmi til skýringar á 72. lið

1 Kerfi greiðir kjör að upphæð 100 GE fyrir hvert starfsár. Kjörin ávinnast og verða óskilyrt eftir tíu starfsár.

Kjörum að fjárhæð 100 GE er skipt á hvert ár. Á hverju af tíu fyrstu árunum endurspeglar kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði skuldbindingarinnar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki tíu starfsárum.

2 Kerfi greiðir lífeyri að fjárhæð 100 GE fyrir hvert starfsár að undanskildu vinnuframlagi fyrir 25 ára aldur. Kjörin ávinnast og verða óskilyrt tafarlaust.

Engum kjörum er skipt á vinnuframlag fyrir 25 ára aldur vegna þess að þjónusta fyrir þann tíma leiðir ekki til kjara (skilyrtra eða óskilyrtra). Kjörum að fjárhæð 100 GE er skipt á hvert ár þar á eftir.

73 Skuldbindingin eykst til þess dags er frekara vinnuframlag starfsmanns leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara. Öllum kjörum er því skipt á tímabil sem lýkur þann dag eða fyrr. Kjörum er skipt á einstök reikningsskilatímabil samkvæmt kjarareiknireglu kerfisins. Ef vinnuframlag starfsmanns á síðari árum leiðir hins vegar til verulega betri kjara en á fyrri árum skal eining skipta kjörum samkvæmt línulegri aðferð til þess dags er frekara vinnuframlag starfsmannsins leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara. Þetta er vegna þess að vinnuframlag starfsmannsins á öllu tímabilinu leiðir að lokum til þess að kjör hans verða samkvæmt hærra kjarastigi.

Dæmi til skýringar á 73. lið

1 Kerfi felur í sér eingreiðslu kjara að fjárhæð 1.000 GE sem ávinnast og verða óskilyrt eftir tíu starfsár. Kerfið veitir ekki frekari kjör fyrir vinnuframlag eftir það.

Kjörum að fjárhæð 100 GE (1.000 GE deilt með tíu) er skipt á hvert tíu fyrstu áranna.

Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins á hverju tíu fyrstu áranna endurspeglar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki tíu starfsárum. Engum kjörum er skipt á árin þar á eftir.

2 Kerfi felur í sér eingreiðslu kjara að fjárhæð 2.000 GE til allra starfsmanna sem enn eru við störf við 55 ára aldur og hafa starfað í tuttugu ár eða til þeirra sem við 65 ára aldur eru enn við störf óháð því hversu lengi þeir hafa starfað.

Fyrir starfsmenn sem hefja störf fyrir 35 ára aldur leiðir starfstími fyrst til kjara samkvæmt kerfinu við 35 ára aldur (starfsmaður getur hætt 30 ára og snúið aftur 33 ára án þess að það hefði áhrif á fjárhæð eða tímasetningu kjara). Þau kjör eru háð frekara vinnuframlagi. Auk þess leiðir vinnuframlag eftir 55 ára aldur ekki til verulegra viðbótarkjara. Fyrir þessa starfsmenn skiptir einingin kjörum að fjárhæð 100 GE (2.000 deilt með tuttugu) á hvert ár frá 35 til 55 ára aldurs.

Fyrir starfsmenn sem hefja störf milli 35 og 45 ára aldurs leiðir starfstími umfram tuttugu ár ekki til verulegra viðbótarkjara. Fyrir þessa starfsmenn skiptir einingin kjörum að fjárhæð 100 GE (2.000 deilt með tuttugu) á hvert tuttugu fyrstu áranna.

Fyrir starfsmann sem hefur störf við 55 ára aldur leiðir vinnuframlag umfram tíu ár ekki til verulegra viðbótarkjara. Fyrir þennan starfsmann skiptir einingin kjörum að fjárhæð 200 GE (2.000 deilt með tíu) á hvert tíu fyrstu áranna.

Fyrir alla starfsmenn endurspeglar kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins og núvirði skuldbindingarinnar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki nauðsynlegum starfstíma.

3 Eftirlaunasjúkrakerfi endurgreiðir 40% af lækniskostnaði starfsmanns eftir starfslok ef starfsmaðurinn hættir eftir meira en tíu, en innan við tuttugu starfsár og 50% af þeim kostnaði ef starfsmaðurinn hættir eftir tuttugu starfsár eða meira.

Samkvæmt kjarareiknireglu kerfisins skiptir eining 4% af núvirði væntanlegs lækniskostnaðar (40% deilt með tíu) á hvert af fyrstu tíu árunum og 1% (10% deilt með tíu) á hvert ár af seinni tíu árunum. Kostnaður við réttindaávinnslu tímabilsins á hverju ári endurspeglar líkurnar á að starfsmaðurinn ljúki ekki nauðsynlegum starfstíma til að ávinna sér hluta kjaranna eða þau öll. Engum kjörum er skipt niður fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti innan tíu ára.

4 Eftirlaunasjúkrakerfi endurgreiðir 10% af lækniskostnaði starfsmanns eftir starfslok ef starfsmaðurinn hættir eftir meira en tíu, en innan við tuttugu starfsár og 50% af þeim kostnaði ef starfsmaðurinn hættir eftir tuttugu starfsár eða meira.

Vinnuframlag á síðari árum leiðir til verulega betri kjara en á fyrri árum. Fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti eftir tuttugu ár eða meira skiptir einingin því kjörum samkvæmt línulegri aðferð skv. 71. lið. Vinnuframlag umfram tuttugu ár leiðir ekki til verulegra viðbótarkjara. Kjörin, sem er skipt á hvert ár af fyrstu tuttugu árunum, eru því 2,5% af núvirði væntanlegs lækniskostnaðar (50% deilt með tuttugu).

Fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti eftir tíu til tuttugu ár eru kjörin sem er skipt á sérhvert af fyrstu tíu árunum, 1% af núvirði væntanlegs lækniskostnaðar.

Fyrir þessa starfsmenn er engum kjörum skipt á vinnuframlag frá lokum tíunda ársins og til dagsins sem áætlað er að þeir hætti.

Engum kjörum er skipt niður fyrir starfsmenn sem gert er ráð fyrir að hætti innan tíu ára.

74 Þegar fjárhæð kjaranna er fast hlutfall af endanlegum launum fyrir sérhvert starfsár munu framtíðarlaunahækkanir hafa áhrif á þá fjárhæð sem þarf til að gera upp skuldbindinguna sem til staðar er fyrir vinnuframlag fyrir lok reikningsskilatímabils, en skapa ekki frekari skuldbindingu. Þess vegna:

a) leiða launahækkanir ekki til frekari kjara í b-lið 70. liðar, jafnvel þótt fjárhæð kjaranna ráðist af launum við starfslok, og

b) er fjárhæð kjaranna sem skipt er á sérhvert tímabil fast hlutfall af laununum sem kjörin tengjast.

Dæmi til skýringar á 74. lið

Starfsmenn eiga rétt á að kjör séu 3% af starfslokalaunum fyrir hvert starfsár fyrir 55 ára aldur.

Kjörum, sem nema 3% af áætluðum endanlegum launum, er skipt á sérhvert ár fram að 55 ára aldri. Eftir það mun frekara vinnuframlag starfsmanns ekki skapa veruleg viðbótarkjör samkvæmt kerfinu. Engum kjörum er skipt á vinnuframlag eftir þann aldur.

Tryggingafræðilegar forsendur

75 Tryggingafræðilegar forsendur skulu vera óhlutdrægar og innbyrðis samræmanlegar.

76 Tryggingafræðilegar forsendur eru besta mat einingar á þeim breytum sem ákvarða endanlegan kostnað við að veita eftirlaunakjör. Tryggingafræðilegar forsendur samanstanda af:

a) lýðfræðilegum forsendum um framtíðarstöðu núverandi og fyrrverandi starfsmanna (og einstaklinga á framfæri þeirra) sem rétt eiga á kjörum. Lýðfræðilegar forsendur fjalla um atriði eins og:

i. dánartíðni (sjá 81. og 82. lið),

ii. starfsmannaveltu, örorku og snemmtekin eftirlaun,

iii. hlutfall rétthafa í kerfinu, sem eru með einstaklinga á framfæri, sem munu eiga rétt á kjörum,

iv. hlutfall rétthafa í kerfinu sem munu velja hvern greiðslumöguleika sem aðgengilegur er samkvæmt skilmálum kerfisins, og

v. hlutfall krafna í sjúkrakerfum.

b) fjárhagslegum forsendum sem fjalla um liði eins og:

i. afvöxtunarstuðulinn (sjá 83. til 86. lið),

ii. kjarastig, að undanskildum öllum kostnaði sem starfsmenn bera vegna kjaranna, og framtíðarlaun (sjá 87. til 95. lið),

iii. framtíðarlækniskostnað, þegar um er að ræða kjör tengd læknisþjónustu, þ.m.t. kostnaður við meðhöndlun krafna (þ.e. kostnaður sem fellur til við vinnslu og úrvinnslu krafna, þ.m.t. lögfræði- og matskostnaður) (sjá 96. til 98. lið), og

iv. skattar sem kerfinu ber að greiða af iðgjöldum í tengslum við vinnuframlag fyrir reikningsskiladag eða af kjörum sem leiða af því vinnuframlagi.

77 Tryggingafræðilegar forsendur eru óhlutdrægar ef þær eru hvorki óhyggilegar né óþarflega varfærnar.

78 Tryggingafræðilegar forsendur eru innbyrðis samrýmanlegar ef þær endurspegla efnahagslegt samband milli þátta eins og verðbólgu, hlutfalls launahækkana og afvöxtunarstuðla. Allar forsendur sem t.d. velta á ákveðnu verðbólgustigi (eins og forsendur vaxta og launa- og kjarahækkana) á ákveðnu framtíðartímabili gera ráð fyrir sama verðbólgustigi á því tímabili.

79 Eining ákvarðar afvöxtunarstuðul og aðrar fjárhagslegar forsendur á nafnvirði (skráðum skilmálum) nema verðmat, sem er miðað við raunvirði (leiðrétt miðað við verðbólgu), sé áreiðanlegra, til dæmis í hagkerfi þar sem óðaverðbólga ríkir (sjá IAS-staðal 29, *reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir*), eða þar sem kjörin eru vísitölutengd og virkur markaður er fyrir vísitölutengd skuldabréf í sama gjaldmiðli og með sama gildistíma.

80 Fjárhagslegar forsendur skulu byggðar á markaðsvæntingum við lok reikningsskilatímabils fyrir það tímabil sem skuldbindingar skulu gerðar upp á.

Tryggingafræðilegar forsendur: dánartíðni

81 Eining skal ákvarða forsendur sínar um dánartíðni með tilvísun í besta mat sitt á dánartíðni rétthafa í kerfinu, bæði á starfstímabili og eftir starfslok.

82 Til að leggja mat á endanlegan kostnað vegna kjaranna skal eining taka tillit til væntra breytinga á dánartíðni, t.d. með því að breyta hefðbundnum dánartíðnitöflum með mati á batnandi dánartíðni.

Tryggingafræðilegar forsendur: afvöxtunarstuðull

83 Hlutfallið sem er notað til að afvaxta eftirlaunaskuldbindingar (bæði fjármagnaðar og ófjármagnaðar) skal ákvarðað með hliðsjón af markaðsávöxtun á tryggum skuldabréfum fyrirtækja við lok reikningsskilatímabils. Í löndum þar sem ekki er virkur markaður með slík skuldabréf skal nota markaðsávöxtun á ríkisskuldabréfum (við lok reikningsskilatímabils). Gjaldmiðill og gildistími fyrirtækjaskuldabréfanna eða ríkisskuldabréfanna skal vera í samræmi við gjaldmiðil og áætlaðan gildistíma eftirlaunaskuldbindinganna.

84 Ein tryggingafræðileg forsenda sem hefur veruleg áhrif er afvöxtunarstuðullinn. Afvöxtunarstuðullinn endurspeglar tímavirði peninga en ekki tryggingafræðilega áhættu eða fjárfestingaráhættu. Ennfremur endurspeglar afvöxtunarstuðullinn ekki þá sértæku lánsáhættu einingarinnar sem hvílir á lánardrottnum hennar og hann endurspeglar ekki heldur þá áhættu sem felst í því að reynsla í framtíðinni verði önnur en tryggingafræðilegar forsendur.

85 Afvöxtunarstuðullinn endurspeglar áætlaða tímasetningu kjaragreiðslna. Eining nær þessu oft í reynd með því að beita einum vegnum meðaltalsafvöxtunarstuðli sem endurspeglar áætlaða tímasetningu og fjárhæð kjaragreiðslna og þann gjaldmiðil sem kjörin verða greidd út í.

86 Í sumum tilvikum getur verið að ekki sé neinn virkur markaður með skuldabréf með nógu langan líftíma til að samræmast áætluðum gjalddögum allra kjaragreiðslnanna. Í slíkum tilvikum notar eining núgildandi markaðsvexti viðeigandi tímabils til að afvaxta skammtímagreiðslur og metur afvöxtunarstuðulinn fyrir lengri líftíma með því að framreikna núgildandi markaðsvexti miðað við ávöxtunarkúrfuna. Ólíklegt er að heildarnúvirði réttindatengdrar skuldbindingar sé sérstaklega viðkvæmt fyrir afvöxtunarstuðlinum sem beitt er á þann hluta kjaranna sem gjaldfellur eftir lokagjalddaga fáanlegra fyrirtækja- og ríkisskuldabréfa.

Tryggingafræðilegar forsendur: laun, kjör og lækniskostnaður

87 Eining skal leggja mat á réttindatengdar skuldbindingar sínar á grunni sem endurspeglar:

a) kjörin sem sett eru fram í skilmálum kerfisins (eða sem skapast vegna allra ætlaðra skuldbindinga sem gilda umfram þá skilmála) við lok reikningsskilatímabils,

b) allar áætlaðar framtíðarlaunahækkanir sem hafa áhrif á kjörin sem ber að greiða,

c) áhrif hvers konar takmörkunar á hluta vinnuveitanda á kostnaði við framtíðarkjör,

d) iðgjöld frá starfsmönnum eða þriðju aðilum sem lækka endanlegan kostnað einingarinnar vegna þeirra kjara, og

e) áætlaðar framtíðarbreytingar á opinberu kjarastigi sem hafa áhrif á kjör sem greiðast samkvæmt réttindatengdu kerfi, því og þá aðeins að:

i. þessar breytingar hafi öðlast gildi fyrir lok reikningsskilatímabils, eða

ii. söguleg gögn eða önnur áreiðanleg gögn gefi til kynna að opinberu kjörin muni breytast á fyrirsjáanlegan hátt, t.d. í samræmi við framtíðarbreytingar á almennu verðlagi eða launastigi.

88 Tryggingafræðilegar forsendur endurspegla framtíðarbreytingar á kjörum sem sett eru fram í skilmálum kerfisins (eða ætlaðri skuldbindingu sem gildir umfram þá skilmála) við lok reikningsskilatímabils. Þetta á t.d. við þegar:

a) eining er vön að hækka kjör, t.d. til að draga úr verðbólguáhrifum, og ekkert bendir til að þessi venja muni breytast í framtíðinni eða

b) eining er skuldbundin annaðhvort samkvæmt formlegum skilmálum kerfis (eða ætlaðrar skuldbindingar sem gildir umfram þá skilmála) eða samkvæmt lögum, að nota afgang úr kerfinu rétthöfum í kerfinu í hag (sjá c-lið 108. liðar), eða

c) kjörin eru mismunandi eftir frammistöðumarkmiði eða öðrum viðmiðunum. Sem dæmi geta skilmálar kerfis sagt til um að kerfið muni lækka greidd kjör eða að þörf sé á viðbótariðgjöldum frá starfsmönnum ef eignir kerfisins eru ekki nægar. Matið á skuldbindingunni endurspeglar besta mat á áhrifum frammistöðumarkmiðsins eða annarra viðmiðana.

89 Tryggingafræðilegar forsendur endurspegla ekki framtíðarkjarabreytingar sem ekki eru settar fram í formlegum skilmálum kerfisins (eða ætlaðri skuldbindingu) við lok reikningsskilatímabils. Slíkar breytingar leiða til:

a) kostnaðar vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila, að því marki sem þær breyta kjörum fyrra vinnuframlags og

b) kostnaðar vegna réttindaávinnslu á tímabilum eftir breytinguna, að því marki sem þær breyta kjörum fyrra vinnuframlags.

90 Mat á framtíðarlaunahækkunum tekur tillit til verðbólgu, hærri starfsaldurs, stöðuhækkana og annarra mikilvægra þátta, s.s. framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði.

91 Sum réttindatengd kerfi takmarka iðgjöldin sem krafist er að einingin greiði. Endanlegur kostnaður vegna kjaranna er að teknu tilliti til takmörkunar iðgjalda. Áhrif takmörkunar iðgjalda eru ákvörðuð sem hið skemmra af:

a) áætluðum líftíma einingarinnar, og

b) áætluðum líftíma kerfisins.

92 Sum réttindatengd kerfi krefjast þess að starfsmenn eða þriðju aðilar taki þátt í kostnaði vegna kerfisins. Iðgjöld starfsmanna lækka kostnað einingarinnar vegna kjaranna. Eining skal taka til athugunar hvort iðgjöld þriðju aðila lækki kostnað einingarinnar vegna kjaranna, eða hvort þau séu endurgreiðsluréttindi eins og lýst er í 116. lið. Iðgjöld starfsmanna eða þriðju aðila eru annaðhvort sett fram í formlegum skilmálum kerfisins (eða leiða af ætlaðri skuldbindingu sem gildir umfram þá skilmála), eða eru að eigin ákvörðun. Iðgjöld starfsmanna eða þriðju aðila að eigin ákvörðun lækka kostnað vegna þjónustu við greiðslu þessara iðgjalda til kerfisins.

93 Iðgjöld frá starfsmönnum eða þriðju aðilum sem sett eru fram í formlegum skilmálum kerfisins lækka annaðhvort kostnað vegna réttindaávinnslu (ef þau eru í tengslum við réttindaávinnslu), eða lækka endurmat á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (t.d. ef iðgjaldanna er krafist til að draga úr halla vegna taps á eignum til greiðslu lífeyris eða tryggingafræðilegs taps). Iðgjöldum starfsmanna eða þriðju aðila að því er varðar réttindaávinnslu er skipt á starfstíma sem neikvæð kjör í samræmi við 70. lið (þ.e. hreinum kjörum er skipt í samræmi við þann lið).

94 Breytingar á iðgjöldum starfsmanna eða þriðju aðila að því er varðar réttindaávinnslu leiða til:

a) kostnaðar vegna réttindaávinnslu yfirstandandi tímabils og fyrri tímabila (ef breytingar á iðgjöldum starfsmanna eru ekki settar fram í formlegum skilmálum kerfis og eru ekki afleiðing af ætlaðri skuldbindingu), eða

b) tryggingafræðilegs hagnaðar og taps (ef breytingar á iðgjöldum starfsmanna eru ekki settar fram í formlegum skilmálum kerfis, eða eru afleiðing af ætlaðri skuldbindingu).

95 Sum kjör sem falla til eftir starfslok tengjast breytum eins og stigi opinberra eftirlaunakjara eða læknisþjónustu ríkisins. Mat slíkra kjara endurspeglar besta mat á slíkum breytum, byggt á sögulegum gögnum og öðrum áreiðanlegum gögnum.

96 Í forsendum varðandi lækniskostnað skal taka tillit til áætlaðra framtíðarbreytinga á kostnaði vegna læknisþjónustu sem stafa bæði af verðbólgu og sérstökum breytingum á lækniskostnaði.

97 Mat kjara, sem falla til eftir starfslok, tengdum læknisþjónustu krefst forsendna um stig og tíðni framtíðarkrafna og kostnaðarins við að uppfylla þær kröfur. Eining metur framtíðarlækniskostnað á grundvelli sögulegra gagna um eigin reynslu einingarinnar að viðbættum sögulegum gögnum frá öðrum einingum, tryggingafélögum, aðilum sem veita læknisþjónustu eða öðrum aðilum, ef það er nauðsynlegt. Í mati á framtíðarlækniskostnaði er tekið tillit til áhrifa tækniþróunar, breytinga á nýtingu heilsugæsluþjónustu eða veitingu hennar og breytinga á heilsufari rétthafa í kerfinu.

98 Stig og tíðni krafna er einkum háð aldri, heilbrigðisástandi og kyni starfsmanna (og einstaklinga á framfæri þeirra) og getur einnig verið háð öðrum þáttum eins og landfræðilegri staðsetningu. Söguleg gögn eru því lagfærð að því marki sem lýðfræðileg samsetning þýðisins er ólík samsetningu þess þýðis sem er notað sem grunnur gagnanna. Þau eru einnig leiðrétt þegar áreiðanleg gögn eru til um að ekki verði áframhald á þessari sögulegu þróun.

Kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila og hagnaður og tap við uppgjör

99 Áður en kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila, eða hagnaður eða tap við uppgjör, er ákvarðaður skal eining endurmeta hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) með gangvirði eigna til greiðslu lífeyris og gildandi tryggingafræðilegum forsendum (þ.m.t. gildandi markaðsvextir og önnur markaðsverð) og endurspegla kjörin sem standa til boða samkvæmt kerfinu fyrir kerfisbreytinguna, réttindaskerðinguna eða uppgjörið.

100 Eining þarf ekki að skilja á milli kostnaður við réttindaávinnslu fyrra tímabils sem er til orðinn vegna kerfisbreytingar, kostnaðar vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila sem er til orðinn vegna réttindaskerðingar og hagnaðar eða taps við uppgjör ef þau viðskipti eiga sér stað í sameiningu. Í sumum tilvikum á kerfisbreyting sér stað fyrir uppgjör, s.s. ef eining breytir kjörunum samkvæmt kerfinu og gerir breyttu kjörin upp síðar. Í slíkum tilvikum færir eining kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila áður en hún færir hagnað eða tap við uppgjör.

101 Uppgjör á sér stað ásamt breytingu á kerfinu og réttindaskerðingu ef kerfi er aflagt þannig að skuldbindingin er gerð upp og kerfið hættir að vera til. Aflögn kerfis er ekki uppgjör ef í stað kerfisins kemur nýtt kerfi sem veitir kjör sem eru í eðli sínu þau sömu.

Kostnaður við réttindaávinnslu fyrri tímabila

102 Kostnaður við réttindaávinnslu fyrra tímabils er hækkun á núvirði réttindatengdrar skuldbindingar sem er til orðin vegna kerfisbreytingar eða réttindaskerðingar.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála([4]).

5) Flugöryggisnefndinni hafa borist uppfærslur frá framkvæmdastjórninni um yfirstandandi sameiginlegt samráð, sem hófst innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 473/2006([5]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Alsír, Arúba, Bangladess, Búrkína Fasó, Kamerún, Mið-Afríkulýðveldið, Kína, Kómoreyjar, Kúbu, Curaçao, Egyptaland, Eþíópíu, Georgíu, Gínea-Bissá, Lesótó, Malaví, Malí, Nepal, Pakistan, Rússneska sambandsríkið, Sankti Martin, Úkraínu, Jemen, Erítreu, Líbíu, Afganistan, Angóla, Benín, Vestur-Kongó, Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, Djíbútí, Norður-Kóreu, Miðbaugs-Gíneu, Gabon, Gana, Hondúras, Indónesíu, Íran, Jórdaníu, Kasakstan, Kirgistan, Líberíu, Madagaskar, Máritaníu, Mósambík, Filippseyja, Rúanda, Saó Tóme og Prinsípe, Síerra Leóne, Súdan, Súrínam, Svasíland, Venesúela og Sambíu.

6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á úttektarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Aðildarríkin voru hvött til að setja í forgang skoðanir á hlaði hjá þeim flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í ríkjum þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin eða Flugöryggisstofnun Evrópu hefur greint alvarlegan öryggisvanda og komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á sviði eftirlits með flugöryggi. Þrátt fyrir samráð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, mun þetta gera kleift að afla frekari upplýsinga um öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi í þessum ríkjum.

7) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem framkvæmdar voru innan ramma evrópsku áætlunarinnar um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar), í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 þar sem mælt er fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008([6]).

8) Flugöryggisnefndin hefur einnig hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um tækniaðstoðarverkefni sem unnin eru í ríkjum sem verða fyrir áhrifum ráðstafana af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún var upplýst um beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, með það í huga að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum stöðlum. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við þessum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samræmi við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bið birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

([3]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

([4]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

([5]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8.

([6]) Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1.

9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

11) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðanir á hlaði) sem fóru fram á loftförum tiltekinna flugrekenda í Evrópusambandinu, eða eftirlits Flugöryggisstofnunar Evrópu með stöðlun, sem og sérstökum skoðunum og úttektum sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa sum aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: Grikkland upplýsti að flugrekandaskírteini flugrekandans Sky Wings hefði verið fellt tímabundið úr gildi í kjölfar þess að samþykki hans sem fyrirtæki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi var fellt tímabundið úr gildi hinn 7. október 2012. Lúxemborg upplýsti að flugrekandaskírteini flugrekandans Strategic Airlines hefði verið afturkallað hinn 8. október 2012 og að flugrekandinn hefði hætt starfsemi sinni. Spánn upplýsti að flugrekandinn IMD Airways hefði lokið, með viðunandi hætti, aðgerðum til úrbóta og yrði áfram undir auknu eftirliti og Slóvenía upplýsti að flugrekandaskírteini flugrekandans Linxair Business Airlines hefði verið afturkallað 2. október 2012.

Flugrekandinn Air Algérie

12) Að teknu tilliti til niðurstaðna úr skoðunum á hlaði, sem fóru fram 2008 og 2009 á loftförum sem flugrekandinn Air Algérie starfrækir innan ramma SAFA-áætlunarinnar, hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Alsír (DACM) í desember 2009, eins og greint er frá í reglugerð (EB) nr. 590/2010([7]) og (EB) nr. 1071/2010([8]). Þetta formlega samráð leiddi til framkvæmdar fullnægjandi lausna til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum, sem komið höfðu í ljós, til skamms tíma auk þróunar lögbærra yfirvalda í Alsír og flugrekandans Air Algérie á traustri áætlun um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir til að gera varanlegar úrbætur. Haldið var áfram að sannprófa öryggisframmistöðu flugrekandans Air Algérie fyrir tilstuðlan niðurstaðna úr SAFA-áætluninni ásamt mánaðarlegum skýrslum lögbærra yfirvalda í Alsír til framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður úr eftirliti þeirra með flugrekandanum og um framfarir við framkvæmd fyrrnefndrar áætlunar um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir.

13) Með tilliti til þess að niðurstöður úr SAFA-skoðunum frá nóvember 2010 sýna jákvæða þróun, alvarlegir annmarkar í öryggismálum eru ekki fyrir hendi og aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir eru framkvæmdar í samræmi við áætlanagerð ákvað framkvæmdastjórnin í júlí 2012 að ljúka formlegu samráði við lögbær yfirvöld í Alsír samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekandinn Comlux Aruba N.V.

14) Í febrúar 2012 skuldbundu lögbær yfirvöld í Arúba sig til að innleiða breytingar á réttarkerfi sínu og grípa til rekstrarlegra aðgerða gagnvart flugrekandanum Comlux Aruba til að tryggja að flugrekstrarstjórn þessa flugrekanda yrði í Arúba eigi síðar en 1. ágúst 2012.

15) Hinn 15. október 2012 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og tilteknir aðilar sem sitja í flugöryggisnefndinni samráðsfund í Brussel með lögbæru yfirvaldi í Arúba til að fá uppfærðar upplýsingar um þetta mál. Þessi yfirvöld upplýstu og færðu sönnur á að löggjöf um flugrekstur hafi verið breytt til að herða kröfur að því er varðar stofnsetningu höfuðstöðva í Arúba. Þessi yfirvöld staðfestu einnig að flugrekstrarstjórn flugrekandans Comlux Aruba N.V. hefði verið komið á í Arúba með fullnægjandi hætti. Í samræmi við þetta hafa breytingar verið gerðar á skipulagi og ábyrgð þessa flugrekanda. Enn fremur var flugrekandaskírteini hans takmarkað við eitt loftfar af tegundinni B767 og verður aðeins endurnýjað til eins árs í senn, með fyrirvara um að niðurstöður úr stöðugu eftirliti reynist fullnægjandi til að tryggja skilvirkni skipulagsbreytinga.

16) Framkvæmdastjórnin tekur tillit til árangurs lögbærra yfirvalda í Arúba og hvetur þau til að halda áfram þeirri viðleitni sinni að styrkja eftirlitskerfi sitt í almenningsflugi í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Kongó

17) Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Kongó hafa verið skráðir í viðauka A frá því í nóvember 2009. Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu héldu samráðsfund 12. október 2012 með lögbærum yfirvöldum í Lýðveldinu Kongó (Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó (ANAC)), þar sem Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó kynnti þann árangur sem náðst hefur fram til þessa við að ráða bót á þeim öryggisvanda sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) benti á við úttekt sína árið 2008 innan ramma úttektaráætlunar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP).

18) Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó lagði sönnunargögn fyrir framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekandans Société Nouvelle Air Congo væri fallið úr gildi og staðfesti að flugrekandinn hefði hætt starfsemi sinni. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna skal flugrekandinn því felldur brott úr viðauka A.

19) Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó lét framkvæmdastjórninni í té upplýsingar þar sem fram kemur að eftirtöldum flugrekendum hefði verið veitt flugrekandaskírteini: Canadian Airways' Congo, Eméraude, Equajet og Mistral Aviation. Þar sem Flugmálastjórnin færði ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggisstöðlum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.

([7]) Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 9.
([8]) Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 44.

20) Framkvæmdastjórnin vakti athygli á þeim árangri sem lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Kongó hafa náð og hvetur þau til að halda áfram þeirri viðleitni sinni að stofna eftirlitskerfi í almenningsflugi í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla.

Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

21) Flugrekendur sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó hafa verið skráðir í viðauka A frá því í mars 2006([9]).Lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó hafa átt frumkvæði að því að koma aftur á virku samráði við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu og hafa gefið til kynna að þau séu staðráðin í að framkvæma gagngera endurskoðun og heildargrannskoðun á flugiðnaðinum sem og landsbundnu eftirlitsyfirvaldi.

22) Lögbær yfirvöld Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó upplýstu að eftirtöldum flugrekendum hefði verið veitt flugrekandaskírteini: Air Fast Congo, Fly Congo, Katanga Express, Katanga Wings, Mango Airlines og Will Airlift. Þar sem Flugmálastjórnin færði ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggisstöðlum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.

23) Lögbær yfirvöld Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó hafa ekki fært sönnur á að hinir flugrekendurnir, sem um getur í viðauka A, hafi hætt rekstri. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli vera áfram skráðir í viðauka A.

24) Framkvæmdastjórnin vakti athygli á þeim árangri sem lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Kongó hafa náð og hvetur þau til að halda áfram þeirri viðleitni sinni að stofna eftirlitskerfi í almenningsflugi í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla og halda jafnframt áfram að þróa enn frekar uppbyggileg skoðanaskipti sem komið var aftur á fyrir skömmu.

Flugrekendur frá Curaçao og Sankti Martin

25) Árið 2008 framkvæmdi Alþjóðaflugmálastofnunin endurskoðun á Hollensku Antillum([10]) og greindi fjölda annmarka í tengslum við hvers konar mikilvæga þætti í öryggiseftirlitskerfi þeirra. Einkum höfðu lögbær yfirvöld á Hollensku Antillum ekki yfir að ráða nægu tæknimenntuðu starfsfólki á sviði leyfisveitinga til starfsfólks, starfrækslu loftfara, flugleiðsöguþjónustu og flugvalla til að annast öryggiseftirlit sitt.

26) Í kjölfar mats Flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) í september 2011, samkvæmt áætlun hennar um alþjóðlegt flugöryggismat (IASA), voru Curaçao og Sankti Martin færð niður úr flokki 1 í flokk 2 þar sem Flugmálastjórn Bandaríkjanna telur að Curaçao og Sankti Martin hafi ekki uppfyllt alþjóðlega öryggisstaðla með fullnægjandi hætti.

27) Loks sýndu skoðanir á hlaði, sem framkvæmdar voru samkvæmt SAFA-áætluninni([11]) á tímabilinu maí 2011 til maí 2012, að meðaltali fleiri en einn stórvægilegan ágalla við hverja skoðun.

28) Því hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Curaçao og Sankti Martin og skrifaði þeim í júlí 2012 þar sem hún óskaði eftir upplýsingum um þær ráðstafanir sem gripið hefði verið til eða væru áformaðar. Samráðið stendur enn yfir.

29) Lögbær yfirvöld í Curaçao og Sankti Martin svöruðu framkvæmdastjórninni, gerðu grein fyrir væntanlegum aðgerðum til úrbóta og ráðgerðu að fjalla um niðurstöður úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Flugmálastjórnar Bandaríkjanna.

30) Holland upplýsti flugöryggisnefndina um að það væri ötult við að veita bæði Curaçao og Sankti Martin tækniaðstoð til að aðstoða þau í viðleitni sinni við að koma á fót öryggiseftirlitskerfi í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

31) Framkvæmdastjórnin tekur mið af aðgerðum lögbærra yfirvalda í Curaçao og Sankti Martin og hvetur þau til að halda ótrauð áfram þeirri viðleitni sinni að ráða bót á annmörkum á sviði eftirlits með flugöryggi, en sé það ekki gert er framkvæmdastjórninni nauðugur einn kostur að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Aðildarríkin munu halda áfram að fylgjast náið með því að aðgerðir til úrbóta beri árangur með forgangsskoðunum á hlaði innan ramma SAFA-áætlunarinnar.

([9]) Forsendur 60 til 64 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006, Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 18.

([10]) Í október 2010 voru Hollensku Antillur (sem hluti af Konungsríkinu Hollandi) leystar upp og tvö ný lönd urðu til: Curaçao og Sankti Martin. Konungsríkið Holland samanstendur nú af fjórum löndum: Hollandi (í Evrópu), Arúba, Curaçao og Sankti Martin. Curaçao og Sankti Martin eru löglegir arftakar Hollensku Antilla og hafa því sameiginlega loftfaraskrá (PJ). Frá október 2010 þurfa bæði löndin að skipuleggja öryggiseftirlitskerfi sín sjálf og hefur hvort land um sig komið á fót eigin lögbærum yfirvöldum. Vegna innri tengsla milli landanna eru málin endurskoðuð samhliða.

([11]) CAA-NL-2012-30, CAA-NL-2012-154, CAA-NL-2012-155, CAA-NL-2012-156, CAA-NL-2012-161, CAA-NL-2012-162, DGAC/F-2011-1628, DGAC/F-2011-1640, DGAC/F-2011-2007, DGAC/F-2011-2329, DGAC/F-2012-230, DGAC/F-2012-231, DGAC/F-2012-603, DGAC/F-2012-693.

Flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu

32) Allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu, sæta flugrekstrarbanni innan Evrópusambandsins og eru þeir skráðir í viðauka A frá mars 2006. Lögbær yfirvöld í Miðbaugs-Gíneu (Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu (DGAC)) létu framkvæmdastjórninni í té upplýsingar sem gefa til kynna að flugrekandanum Tango Airways hafi verið veitt flugrekandaskírteini. Þar sem ekkert bendir til þess að breytingar hafi orðið á getu Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu til að tryggja eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í því ríki í samræmi við gildandi öryggisstaðla, er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessum flugrekanda skuli einnig bætt í viðauka A.

Flugrekendur frá Erítreu

33) Í kjölfar ágalla sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á Erítreu í nóvember 2010 tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin öllum ríkjum, sem eru aðilar að Chicago-samningnum, áhyggjur sínar af þrenns konar alvarlegum öryggisvanda á sviði flugreksturs, lofthæfi og flugleiðsöguþjónustu. Þar að auki tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin í lokaúttektarskýrslu sinni að 79,9% alþjóðlegra öryggisstaðla hefðu ekki verið innleiddir með skilvirkum hætti.

34) Með hliðsjón af þessum niðurstöðum hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Erítreu (Flugmálastjórn Erítreu (ER-CAA)) og óskaði eftir upplýsingum um þær aðgerðir sem Flugmálastjórnin hefði gripið til í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem komið höfðu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar

35) Flugmálastjórn Erítreu upplýsti framkvæmdastjórnina bréflega um að jafnvel þótt ráðið hafi verið bót á tvenns konar alvarlegum öryggisvanda í tengslum við lofthæfi og flugleiðsöguþjónustu þá ætti enn eftir að leysa þriðja alvarlega öryggisvandann í tengslum við vottunarferlið vegna útgáfu flugrekandaskírteinis og til að leysa það þyrfti Alþjóðaflugmálastofnunin að gera fullgildingarúttekt. Greinargerðir Flugmálastjórnar Erítreu innihéldu þó hvorki upplýsingar varðandi aðgerðir til úrbóta, sem gripið hefur verið til í því skyni að ráða bót á þeim alvarlega öryggisvanda sem eftir stendur né upplýsingar um eftirlit með starfsemi flugrekenda frá Erítreu en Erítrea hefur heimilað báðum að starfrækja flug til Evrópusambandsins

36) Framkvæmdastjórnin hefur ítrekað boðið Flugmálastjórn Erítreu á samráðsfundi til að fá nánari upplýsingar um eftirlit með handhöfum flugrekandaskírteina í Erítreu. Flugmálastjórn Erítreu afþakkaði þó boð á þessa fundi.

37) Flugmálastjórn Erítreu var hvött til að koma fyrir flugöryggisnefndina og kom hún athugasemdum sínum á framfæri 21. nóvember 2012. Flugmálastjórn Erítreu upplýsti að áætlun þeirra um aðgerðir til úrbóta hefði verið samþykkt af Alþjóðaflugmálastofnuninni og að hún liti svo á með því að breyta frumlöggjöf sinni á sviði flugmála og koma ýmsum reglugerðum um almenningsflug á framfæri hafi verið ráðin bót á alvarlega öryggisvandanum. Ekki var ljóst hvort Erítrea hefði farið fram á fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þótt hún fengi stuðning frá öryggisteymi svæðisskrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Að mati flugöryggisnefndarinnar gat Flugmálastjórn Erítreu ekki sýnt fram á að hún hefði gripið til viðtækra aðgerða til að ráða bót á öllum þáttum alvarlega öryggisvandans. Hún gat ekki heldur gert skýra grein fyrir fyrirkomulagi eftirlits í tengslum við loftför sem eru tilgreind í flugrekandaskírteinum, sem gefin eru út í Erítreu, og sem ná yfir loftför í þjónustuleigu frá erlendum flugrekendum, sem hefur í för með sér að þessi loftför eru skráð í mörgum flugrekandaskírteinum, sem er ekki í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla.

38) Allir flugrekendur með leyfi í Erítreu voru hvattir til að koma fyrir flugöryggisnefndina en einn þeirra, Eritrean Airlines, kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 21. nóvember 2012. Flugrekandinn staðfesti að hann starfrækti tvö loftför af tegundinni A320 til Rómar í þjónustuleigu en gat ekki gert skýra grein fyrir eftirliti með starfseminni og stjórnun flugrekstursins, þannig að flugöryggisnefndinni þyki fullnægjandi.

39) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenna viðleitnina við að ráða bót á annmörkunum í öryggismálum í almenningsflugkerfinu í Erítreu. Það er þó metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna og meðan beðið er eftir skilvirkri framkvæmd á fullnægjandi aðgerðum til úrbóta til að ráða bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, og þá sérstaklega hinum alvarlega öryggisvanda sem eftir stendur, að lögbær yfirvöld í Erítreu séu, á þessu stigi, ekki fær um að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum hjá flugrekendum sem eru undir lögbundnu eftirliti þeirra. Þar af leiðandi skulu allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Erítreu, sæta flugrekstrarbanni og skráðir í viðauka A.

40) Þegar alvarlegi öryggisvandinn sem eftir stendur hefur verið leiddur til lykta með fullnægjandi hætti, að mati Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og brugðist hefur verið með fullnægjandi hætti við stórvægilegum ágöllum sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er framkvæmdastjórnin reiðubúin til að fara í matsheimsókn, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, til að sannprófa þann árangur sem náðst hefur og undirbúa endurskoðun málsins hjá flugöryggisnefndinni.

Flugrekandinn Rollins Air frá Hondúras

41) Flugmálastjórn Hondúras fór í júní 2012 fram á að flugrekandinn Rollins Air yrði felldur brott úr öryggisskránni á grunni þess að flugrekandaskírteini hans hefur verið fellt tímabundið úr gildi. Hinn 21. nóvember 2012 færðu yfirvöldin sönnur á að flugrekandaskírteini flugrekandans Rollins Air, sem hafði verið fellt tímabundið úr gildi í sex mánuði, hefði fallið úr gildi og hafi loks verið afturkallað 24. september 2012. Þar af leiðandi skal, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, fella flugrekandann Rollins Air brott úr viðauka A.

Flugrekendur frá Indónesíu

42) Samráð við lögbær yfirvöld í Indónesíu (Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA)) heldur áfram í því skyni að fylgjast með árangri Flugmálastjórnar Indónesíu við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, sé í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla.

43) Hinn 18. október 2012 var haldinn myndfundur meðal framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og Flugmálastjórnar Indónesíu þar sem Flugmálastjórnin veitti uppfærðar upplýsingar varðandi tiltekna flugrekendur undir eftirliti hennar. Hún upplýsti að fimm nýir flugrekendur hefðu fengið vottun, þ.e. Jayawijaya Dirantara 16. apríl 2012, Pacific Royale Airways 29. maí 2012, Citilink Indonesia 22. júní 2012, Angkasa Super Services 7. júní 2012 og Air Born Indonesia 6. mars 2012. Þar sem Flugmálastjórn Indónesíu færði ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggisstöðlum er það þó metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.

44) Auk þess upplýsti Flugmálastjórn Indónesíu að flugrekandinn PT Sampoerna Air Nasantara hefði breytt nafni sínu í PT Pegasus Air Services, og flugrekandinn PT Nyaman Air hefði breytt nafni sínu í PT Heavy Lift, og því skyldi nöfnum þeirra breytt í viðauka A.

45) Flugmálastjórn Indónesíu upplýsti einnig og staðfesti að flugrekandaskírteini flugrekandans Dirgantara Air Service hefði verið afturkallað 25. maí 2012. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessi flugrekandi skuli felldur brott úr viðauka A.

46) Flugmálastjórn Indónesíu gaf einnig yfirlit yfir niðurstöður úr matsheimsókn Flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) til Indónesíu í september 2012. Flugmálastjórn Bandaríkjanna vakti athygli á umbótum á sviði eftirlits með flugöryggi á undanförnum árum, og lagði fram fjölda athugasemda og tilmæli varðandi þjálfun skoðunarmanna, eftirlit með starfsemi erlendrar flugstarfsemi, stefnu er varðar framkvæmd meginreglna og verklagsreglur, einkum að því er varðar beitingu sekta, ásamt þörf á endurbótum á staðbundinni aðstöðu á þessu svæði. Flugmálastjórn Indónesíu samþykkti að leggja fram eintak af formlegri skýrslu um matsheimsóknina jafnskjótt og hún lægi fyrir.

47) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu athygli góðum árangri sem lögbær yfirvöld í Indónesíu hafa náð og halda áfram að hvetja þau í þeirri viðleitni sinni að setja á stofn flugkerfi sem er í fullu samræmi við alþjóðlega staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Flugrekendur frá Kasakstan

48) Virkt samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan hefur haldið áfram. Lögbær yfirvöld í Kasakstan lögðu fram margar greinargerðir og á grundvelli þeirra hélt framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, samráðsfund 17. október 2012. Lögbær yfirvöld í Kasakstan fengu einnig áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 21. nóvember 2012 og komu athugasemdum sínum á framfæri við það tækifæri.

49) Lögbær yfirvöld í Kasakstan greindu frá því að þeim miðaði vel áfram með metnaðarfullar umbætur á fluggeiranum sem hófust árið 2009 í því skyni að bæta flugöryggi. Eftir að nýjar reglur um almenningsflug voru samþykktar í júlí 2010 og yfir 100 sértækar flugreglugerðir samþykktar, miðar lögbærum yfirvöldum nú vel áfram við framkvæmd þeirra. Þeim miðar einnig vel áfram við að byggja upp færni með því að stofna matsmiðstöð fyrir flugöryggi og ráða fleiri viðurkennda skoðunarmenn, og mun þeirri uppbyggingu haldið áfram á næstu mánuðum. Þeim miðar enn fremur vel áfram við endurvottun loftfara og flugrekenda.

50) Lögbær yfirvöld í Kasakstan upplýstu að þau héldu áfram að grípa til framfylgdaraðgerða. Með úrskurði samgöngu- og fjarskiptaráðherra, 3. júlí 2011, um innleiðingu reglna um flugrekstur í tengslum við almenningsflug í lýðveldinu Kasakstan er loftförum, sem eru smíðuð í Sovétríkjunum og samrýmast ekki öryggisstöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ekki lengur heimilt að fljúga innan loftrýmis Kasakstan frá og með 1. nóvember 2012 og af þessum sökum bönnuðu lögbær yfirvöld í Kasakstan starfrækslu sjö loftfara af gerðinni Yak-40, tveggja loftfara af gerðinni Antonov 12, fimm loftfara af gerðinni Antonov 24 og eins loftfars af gerðinni Tu-134([12]).

51) Lögbær yfirvöld í Kasakstan upplýstu framkvæmdastjórnina einnig um að fimm eftirfarandi flugrekendur hefðu hætt starfsemi og færðu sönnur á að flugrekandaskírteini þeirra væru fallin úr gildi og hefðu ekki verið endurnýjuð: Asia Wings, Minas, Skybus, Skyjet og Sayakhat Airlines. Þar af leiðandi skal, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, fella þessa flugrekendur brott úr viðauka A.

52) Lögbær yfirvöld í Kasakstan upplýstu framkvæmdastjórnina enn fremur um að fjórir eftirtaldir flugrekendur, sem hefðu áður stundað flutningaflug hefðu hætt þeirri starfsemi, minnkað flota sinn og fengið endurvottun fyrir verkflug: Aero Aircompany, AK Suncare Aircompany, Kazair West, Ust-Kamenogorsk Air division of EKA. Þar af leiðandi skal, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, fella þessa flugrekendur brott úr viðauka A.

53) Lögbær yfirvöld Kasakstan upplýstu að samkvæmt fyrirmælum forsætisráðherra væri ekki hægt að veita ný flugrekandaskírteini fyrr en lögbær yfirvöld eru í aðstöðu til að sinna skyldum sínum fyllilega gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni.

([12]) Yfirvöld í Kasakstan hafa einnig bannað starfrækslu sjö loftfara af tegundinni Yak-40, tveggja loftfara af tegundinni Antonov 12, fimm loftfara af tegundinni Antonov 24 og eins loftfars af tegundinni Tu-134.

54) Flugrekandinn Air Astana fékk áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 21. nóvember 2012 í þeim tilgangi að leggja fram uppfærðar upplýsingar um flota sinn, sem verið er að endurnýja, og lagði fram greinargerð þar að lútandi. Flugrekandinn upplýsti að nokkur loftför hefðu verið tekin úr notkun í áföngum og að smám saman væri verið að taka í notkun ný loftför innan núverandi flota B767, B757, A320 og Fokker 50, sem eru þegar tilgreind í viðauka B. Flugrekandinn Air Astana lýsti því yfir og lagði fram gögn um að árangur flota síns í öryggismálum hefði batnað. Lögbær yfirvöld í Kasakstan lýstu því yfir að starfræksla loftfaranna, sem nú eru skráð á flugrekandaskírteininu, sæti tilteknu samfelldu eftirliti. Lögbær yfirvöld í Arúba lögðu einnig fram gögn um að lofthæfi loftfara, sem eru skráð í Arúba og skráð í flugrekandaskírteini flugrekandans Air Astana, sæti samfelldu eftirliti í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla og að þau væru sátt við þá lofthæfistaðla sem sýnt var fram á. Auk þess staðfestu aðildarríkin og Flugöryggisstofnun Evrópu að enginn sérstakur vandi hefði komið fram við skoðanir á hlaði sem framkvæmdar voru á evrópskum flugvöllum innan ramma SAFA-áætlunarinnar. Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar skal viðauka B því breytt þannig að innan núverandi starfrækslustigs flugs verði mögulegt að starfrækja loftför af tegundinni B767, B757, A320-röðin og Fokker 50, sem eru eða munu verða skráð í flugrekandaskírteini flugrekandans Air Astana, svo framarlega sem þessi loftför eru skráð í Arúba og flugrekandaskírteinið, og allar breytingar á því, er lagt fram tímanlega fyrir framkvæmdastjórnina og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol).

55) Aðildarríkin munu sannprófa hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans Air Astana séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Ef niðurstöður slíkra skoðana, eða einhverjar aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggisstöðlum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

56) Framkvæmdastjórnin styður áfram metnaðarfullar endurbætur á almenningsflugkerfinu, sem yfirvöld í Kasakstan hafa gert og hvetur þau til að halda áfram af staðfestu þeirri viðleitni sinni að stofna eftirlitskerfi í almenningsflugi í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla. Framkvæmdastjórnin hvetur því þessi yfirvöld til að halda áfram framkvæmd á áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti, einkum með áherslu á tvenns konar alvarlegan öryggisvanda sem er enn óleystur og endurvottun allra flugrekenda á þeirra ábyrgð. Þegar þessi alvarlegi öryggisvandi hefur verið leiddur til lykta með fullnægjandi hætti, að mati Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, er framkvæmdastjórnin reiðubúin til að fara í matsheimsókn, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, til að sannprófa þann árangur sem náðst hefur og undirbúa endurskoðun málsins hjá flugöryggisnefndinni.

Flugrekendur frá Kirgistan

57) Flugrekendum með höfuðstöðvar í Kirgistan hefur verið bannað að stunda flugrekstur frá 2006. Framkvæmdastjórnin hélt, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, samráðsfund 5. október 2012 með lögbærum yfirvöldum í Kirgistan, þar sem þessi yfirvöld tilkynntu að Kirgistan hefði samþykkt nýjan lagaramma og að það væri forgangsatriði hjá ríkisstjórninni að flugrekendur þeirra yrðu felldir brott úr öryggisskránni.

58) Lögbær yfirvöld í Kirgistan lögðu fram upplýsingar þess efnis að eftirfarandi flugrekendur hefðu breytt nafni sínu: Eastok Avia var breytt í Air Bishkek og Dames var breytt í State Aviation Enterprise under the Ministry of Emergency Situations (SAEMES). Viðauka A skal því breytt til samræmis við það.

59) Lögbær yfirvöld í Kirgistan upplýstu að eftirfarandi flugrekendum hefði verið veitt flugrekandaskírteini: Manas Airways, Supreme Aviation og Sky KG Airlines. Yfirvöldin færðu þó ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggisstöðlum. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.

60) Lögbær yfirvöld í Kirgistan létu framkvæmdastjórninni í té sönnun þess efnis að þau hefðu afturkallað eftirfarandi flugrekandaskírteini: Trast Aero, Asian Air og Kyrgyzstan Airlines. Þar að auki upplýstu þau að flugrekandaskírteini flugrekendanna Aorostan og Itek Air væru fallin úr gildi og hefðu ekki verið endurnýjuð. Þar af leiðandi skal, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, fella þessa flugrekendur brott úr viðauka A.

61) Þegar samkomulag hefur náðst við lögbær yfirvöld í Kirgistan, mun framkvæmdastjórnin einsetja sér að skipuleggja, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, mat á öryggi í Kirgistan til að sannreyna á staðnum framkvæmd nýju reglnanna og að fullnægjandi eftirlit sé haft með tilteknum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Kirgistan.

Flugrekendur frá Líbíu

62) Samráð við lögbær yfirvöld í Líbíu (Flugmálastjórn Líbíu (LCAA)) heldur áfram með það að markmiði að staðfesta að Líbíu fari fram við það verk sitt að endurbæta eftirlitskerfi sitt í almenningsflugi, og einkum að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Líbíu, sé í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla.

63) Flugmálastjórnin, og fulltrúar flugrekendanna Afriqiyah, Libyan Airlines and Buraq Air, héldu fund 15. október 2012 með framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu og tilteknum aðilum sem eiga sæti í flugöryggisnefndinni til að gefa upplýsingar um árangur. Flugmálastjórnin upplýsti að hún hefði gripið til eftirlitsaðgerða með því

að afturkalla flugrekandaskírteini([13]) hjá 16 af þeim 26 flugrekendum sem eru í Líbíu. Flugmálastjórnin réði ráðgjafa til skamms tíma og Alþjóðaflugmálastofnunin veitti aðstoð til lengri tíma til að veita þeim tæknilegan stuðning og er hún að vinna í því að ráða fleiri flugstjóra og verkfræðinga til að gegna hlutverki skoðunarmanna.

64) Flugmálastjórnin upplýsti enn fremur að hún væri að hefja fimm áfanga endurvottunarferli fyrir alla líbíska flugrekendur þar sem byrjað yrði á flugrekendunum Libyan Airlines og Afriqiyah og að hún myndi skýra frá framvindunni og leggja fram úttektarskýrslur þegar þær lægju fyrir. Á sama tíma myndi hún þróa og framkvæma kerfi fyrir árlegt eftirlit til að tryggja að flugrekendur þeirra fullnægi áfram stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

65) Flugöryggisnefndin hlýddi á athugasemdir Flugmálastjórnarinnar og flugrekendanna Libyan Airlines og Afriqiyah 21. nóvember 2012. Flugmálastjórnin tók skýrt fram að óörugg starfræksla yrði ekki umborin í Líbíu. Hún staðfesti upplýsingar, sem komu fram á fundinum hinn 16. október, einkum um að rannsóknarskýrslan um slys flugrekandans Afriqiyah þar sem loftfar af tegundinni A330 átti hlut að máli yrði birt eigi síðar en í febrúar 2013, að áætlað væri að endurvottunarferlinu fyrir flugrekendurna Libyan Airlines og Afriqiyah yrði lokið eigi síðar en í desember 2012 og eigi síðar en í desember 2013 fyrir þá flugrekendur sem eftir eru. Hún upplýsti einnig að hún myndi grípa áfram til fullnustuaðgerða, ef nauðsyn krefði, til að afmarka öryggisáhættu, eins og hún gerði er hún setti loftfar af tegundinni A320 í tímabundið flugbann.

66) Flugrekandinn Libyan Airlines upplýsti að úrbætur hefðu verið gerðar á öryggisstjórnunarferlum sínum sem og þjálfun áhafnar.

67) Flugrekandinn Afriqiyah upplýsti flugöryggisnefndina um gæðatryggingarkerfi sitt og notkun utanaðkomandi þjálfunarfyrirtækja. Flugrekandinn lýsti því einnig yfir að sem afleiðing af slysinu, þar sem loftfar af tegundinni A330 átti hlut að máli, hefðu flugáætlunum verið breytt til að draga úr hættunni á þreytu flugmanna, þjálfunaráætlun verið komið í framkvæmd fyrir flugmenn um verklagsreglur þegar hætt er við lendingu og utanaðkomandi sérfræðingar fengnir til að aðstoða við þróun öryggisáætlana. Flugrekandinn lét einnig í ljós ósk sína til að starfrækja flug til Spánar, Frakklands, Bretlands, Ítalíu, Þýskalands og Austurríkis þegar Flugmálastjórn Líbíu hefur aflétt núgildandi takmörkunum.

68) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin voru hrifin af traustri áætlun Flugmálastjórnar Líbíu til að bæta úr annmörkum á öryggismálum í flugkerfi sínu, raunsærri tímaáætlun fyrir aðgerðir og þeim árangri sem náðst hefur til þessa. Þau veittu því athygli að Flugmálastjórn Líbíu mun halda núverandi takmörkunum á starfrækslu flugs allra líbískra flugrekanda til Evrópusambandsins, Noregs, Sviss og Íslands þangað til öllum fimm áföngum endurvottunarferlisins er lokið og ráðin hefur verið bót á öllum alvarlegum atriðum, en í kjölfar þessa, og í samráði við framkvæmdastjórnina, gætu einstakir flugrekendur fengið leyfi til að hefja flutningaflug að nýju til Evrópusambandsins, Noregs, Sviss og Íslands.

69) Flugmálastjórn Líbíu skuldbatt sig enn fremur til að veita framkvæmdastjórninni ítarlegar upplýsingar um endurvottunarferlið fyrir hvern flugrekanda, sem hefur verið endurvottaður, og hitta framkvæmdastjórnina og fulltrúa aðildarríkja til að fjalla í smáatriðum um viðkomandi úttektir, annmarka, aðgerðir til úrbóta, og varanlegar aðgerðir, ásamt upplýsingum um áætlanir um samfellt eftirlit áður en nokkrar tilslakanir á takmörkunum eru samþykktar. Ef þessar upplýsingar sannfæra framkvæmdastjórnina og aðildarríkin ekki um að endurvottunarferlinu sé í raun lokið og varanlegu, samfelldu eftirliti komið á í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir að flugrekendur starfræki flug inn í loftrými Evrópusambandsins, Noregs, Sviss og Íslands. Ef þörf er á frekari skýringu getur framkvæmdastjórnin ákveðið að fara í vettvangsheimsókn áður en slakað verður á takmörkunum.

70) Að því er varðar flugrekendur sem hafa í framhaldi af því fengið leyfi til að starfrækja flug til Evrópusambandsins, munu aðildarríkin sannreyna hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Ef niðurstöður slíkra skoðana, eða einhverjar aðrar viðkomandi öryggisupplýsingar, sýna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggisstöðlum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða skv. reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Máritaníu

71) Flugrekendur sem hafa fengið vottun í Máritaníu hafa verið skráðir í viðauka A frá því í nóvember 2010([14]). Lögbær yfirvöld í Máritaníu (Flugmálastjórn Máritaníu (ANAC)) hafa síðan þá tekið þátt í virku samráði við framkvæmdastjórnina í því skyni að greina jafnóðum frá árangri sem náðst hefur við endurbætur á reglum um almenningsflug og lagt fram margar athugasemdir þar að lútandi. Tveir fundir voru haldnir með Flugmálastjórn Máritaníu og flugrekandanum Mauritania Airlines, 24. september og 10. október 2012. Flugmálastjórn Máritaníu og flugrekandinn Mauritania Airlines International fengu einnig áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 21. nóvember 2012.

72) Flugmálastjórn Máritaníu upplýsti að gripið hefði verið til afgerandi aðgerða í því skyni að bæta öryggiseftirlitskerfi landsins og að það hefði þegar borið einhvern árangur: einkum setning nýrrar reglu um almenningsflug, breyting

([13]) International Company, Tobruk Air Transport, Awsaj Aviation Service, Kalat Aleker Air Company, Alajniha Air Transport, Nayzak Air Transport, Qurina Air Services, Libyan Air Cargo, Air One Nine, Gulf Pearal Airlines, Horizon Airline, North African Air Transport, Madina Air, Assanad Aviation, Benina Air, Awas Aviation.

([14]) Forsendur 43 til 51 í reglugerð (ESB) nr. 1071/2010 frá 22. nóvember 2010, Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 49.

á löggjöf um almenningsflug til að samræma hana viðaukum við Chicago-samninginn, breytingar á stjórnun Flugmálastjórnar, skipulagi hennar og starfsmannahaldi og setning heildarverklagsreglna um vottun og stöðugt eftirlit með flugrekendum.

73) Flugmálastjórn Máritaníu upplýsti að hún hefði gripið til skilvirkra framfylgdaraðgerða. Flugmálastjórnin staðfesti að flugrekandaskírteini flugrekandans Mauritania Airways hefði fallið úr gildi 15. desember 2010 og hefði ekki verið endurnýjað þar sem flugrekandinn hefði hætt starfsemi sinni. Flugmálastjórnin upplýsti einnig að skírteini og undanþágur flugrekandans Class Aviation hefðu verið afturkölluð í janúar 2011.

74) Alþjóðaflugmálastofnunin gerði einnig tvær samræmdar fullgildingarúttektir (ICVM) í Máritaníu í apríl og september 2012 til að staðfesta þær framfarir sem orðið hafa í ríkinu. Lokaskýrslur úr þessum úttektum staðfesta að verulegur árangur hefur náðst og að almenn fylgni við alþjóðlega öryggisstaðla hafi aukist um 47%. Hinn 1. október 2012 staðfesti Alþjóðaflugmálastofnunin við framkvæmdastjórnina hinn einstaka árangur sem Flugmálastjórn Máritaníu hefur náð. Úttektin leiddi einnig í ljós að nauðsynlegt væri að halda áfram skilvirkri framkvæmd á öllum aðgerðum til úrbóta, einkum með tilliti til eftirlitsskyldu og úrlausn tilgreinds öryggisvanda, þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin greinir frá því að alþjóðlegir öryggisstaðlar hefðu ekki verið innleiddir með skilvirkum hætti í annars vegar 51% tilvika og hins vegar í 58% tilvika. Flugmálastjórnin gaf til kynna að hún hygðist halda ótrauð áfram aðgerðum sínum til að auka frekar samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

75) Í viðræðum sínum við Flugmálastjórnina mat framkvæmdastjórnin sérstaklega hve áreiðanlegt öryggiseftirlitið er með flugrekandanum Mauritania Airlines International. Við upphaflega vottun flugrekandans Mauritania Airlines International höfðu annmarkar komið í ljós þar sem flugrekandaskírteini hans var gefið út 8. maí 2011 án þess að færðar hefðu verið sönnur á að ráðin hefði verið bót, með skilvirkum hætti, á þeim annmörkum sem komu í ljós við upphaflega vottun flugrekandans, einkum heimildir fyrir minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM), skorti á eftirlit með fluggögnum og skorti á starfsfólki á jörðu niðri áður en flugrekandaskírteinið var gefið út. Flugmálastjórnin og flugrekandinn Mauritania Airlines International lýstu því yfir og færðu sönnur á að ráðin hefði verið bót á öllum annmörkum 25. október 2012. Flugmálastjórnin staðfesti einnig og færði sönnur á að flugrekandinn væri nú látinn sæta stöðugu eftirliti í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla.

76) Flugöryggisnefndin fagnar þeim mikla árangri sem lögbær yfirvöld í Máritaníu hafa greint frá við að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og við að leiða til lykta þá annmarka sem komu í ljós við upphaflega vottun flugrekandans Mauritania Airlines International. Með tillit til skilvirkra framkvæmdaraðgerða sem ákveðnar voru og framkvæmdar af Flugmálastjórn Máritaníu með tilliti til hinna flugrekendanna, sem hafa hætt starfsemi, er það því metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að allir flugrekendur sem hafa fengið vottun í Máritaníu skulu felldir brott úr viðauka A.

77) Flugmálastjórnin skýrði frá því og staðfesti skriflega að flugrekandinn Mauritania Airlines International hefði ekki í hyggju að fljúga til Evrópusambandsins á næstunni, nema til Las Palmas de Gran Canaria (á Spáni) og ekki fyrr en í febrúar 2013.

78) Lögbær yfirvöld á Spáni greindu frá því að þau hefðu veitt Flugmálastjórn Máritaníu tækniaðstoð og staðfestu að þau væru ánægð með að flug hæfist á ný til Las Palmas de Gran Canaria.

79) Aðildarríkin munu sannprófa hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Máritaníu séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

80) Framkvæmdastjórnin hyggst fara, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og með stuðningi aðildarríkja, í vettvangsheimsókn vegna öryggismats til að staðfesta fullnægjandi framkvæmd þeirra ráðstafana sem Flugmálastjórn Máritaníu hefur gripið til.

81) Ef niðurstöður skoðana, eða einhverjar aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggisstöðlum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Filippseyjum

82) Flugrekendur sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Filippseyjum hafa verið skráðir í viðauka A frá því 31. mars 2010([15]). Samráð við lögbær yfirvöld á Filippseyjum (Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) hefur haldið áfram frá þeim tíma í því skyni að fá uppfærðar upplýsingar um þann árangur sem náðst hefur í tengslum við endurbætur á reglum um almenningsflug. Fjöldi greinargerða var lagður fram og framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, og Flugmálastjórn Filippseyja héldu myndfund 18. nóvember 2012.

83) Flugmálastjórn Filippseyja upplýsti að Alþjóðaflugmálastofnunin hefði framkvæmt samræmda fullgildingarúttekt (ICVM) í október 2012 og birti bráðabirgðaniðurstöður hennar, sem sýndu að almenn fylgni við staðla Alþjóðaflugmálastofnunar hefði aukist um 7%. Alvarlegi öryggisvandinn, sem Alþjóðaflugmálastofnunin tilkynnti öllum samningsaðilum að Chicago-samningnum um, í tengslum við öryggiseftirlit með flugrekendum, er þó enn óleystur og Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á frekari öryggisvanda í tengslum við loftfaraskrána.

84) Flugmálastjórn Filippseyja staðfesti að flugrekandinn Avia Tour Fly'In hefði átt hlut að máli í öðru mannskæðu slysi 18. ágúst 2012, til viðbótar við mannskæða

([15]) Forsendur 74 til 87 í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010, Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 32.

slysið sem átti sér stað í mars 2012([16]). Flugmálastjórn Filippseyja brást ekki á viðunandi hátt við beiðnum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar, einkum hvað varðar upplýsingar um gildistíma flugrekandaskírteinis flugrekandans sem átti, samkvæmt fyrri upplýsingum, að falla úr gildi 14. ágúst 2012 og niðurstöður úr rannsóknum á báðum slysunum.

85) Á sama tíma og framkvæmdastjórnin hafði móttekið upplýsingar um að flugrekendurnir South West Air Corporation, Airgurus og Skyjet hefðu hafið flutningaflug brást Flugmálastjórn Filippseyja ekki á viðunandi hátt við beiðnum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar, m.a. með því að láta ekki í té flugrekandaskírteini þessara flugrekanda ásamt heildarrekstrarforskriftum. Flugmálastjórn Filippseyja gat ekki heldur sýnt fram á það að vottun og stöðugt eftirlit með þessum flugrekendum væri í fullu samræmi við gildandi alþjóðlega öryggisstaðla. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli einnig skráðir í viðauka A.

